Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Garðabæ fyrir árið 1993.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Garðabæjar sem virtar eru fasteignamati skal greiða sorphirðugjald árið 1993.

2. gr.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphirðugjalds á fasteignir þegar eigandi annast sjálfur alla hreinsun sorps.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 6 000 árið 1993.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytið, 6. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga.

1. gr.

Fyrning mannvirkja, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:

- a) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 1,5% en að hámarki 2%.
 1. Íbúðarhúsnæði.
 2. Skrifstofubyggingar.
 3. Verslunarbyggingar.
- b) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 3% en að hámarki 4%.
 1. Verksmiðjubyggingar.
 2. Verkstæðisbyggingar.
 3. Vörugeymslubyggingar.
 4. Gisti- og veitingahús.
 5. Útihús á bújörðum.
 6. Hvers konar önnur mannvirki og hús, notuð til atvinnurekstrar, sem ekki eru talin annars staðar í reglugerð þessari.
- c) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 4,5% en að hámarki 6%.
 1. Dráttarbrautir.
 2. Loðdýrabú og tilheyrandi girðingar.
 3. Lýsis-, olíu- og vatnsgeymar.
 4. Ræktun á bújörðum.

- d) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 6% en að hámarki 8%.
1. Bryggjur og plön þeim tengd.
 2. Gróðurhús.
- e) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 7,5% en að hámarki 10%.
1. Borholur.
 2. Raflínur.
 3. Vinnubúðir, óvaranlegar.

Ekki skiptir máli í sambandi við ákvörðum fyrningarhlutfalls úr hvaða byggingarefni mannvirki er gert.

2. gr.

Þegar notkun einstakra eigna er þannig háttáð að þær falla ekki undir sama fyrningarhlutfall skal fyrningargrunni þeirra skipt eftir notkun, þó þannig að sé eign notuð að 3/4 hlutum eða meira til sömu starfsemi skal eignin í heild háð sama fyrningarglutfalli. Sé hluti eignar ekki fyrnanlegur skal ætíð lækka stofnverð eignarinnar um hinn ófyrnanlega hluta eftir stærðarhlutföllum. Við skiptingu á fyrningargrunni bygginga skal í þessu sambandi miðað við fasteignamat einstakra byggingarhluta eða við rúmmál liggja fasteignamat þeirra ekki fyrir.

3. gr.

Reglugerð þessi, sett samkvæmt heimild í 5. tölulið 38. gr. laga nr. 75/1981, sbr. lög nr. 8/1984 og 85/1991, öðlast þegar gildi og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992 og eigna í lok þess árs.

Fjármálaráðuneytið, 11. janúar 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bragi Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 1993 vera kr. 427 000,00 kr. hið minnsta. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. janúar 1993.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Fagleg samskipti heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðinga.

1. gr.

Í samræmi við markmið um að tryggja fagleg samskipti milli heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðinga er gert ráð fyrir því sem meginreglu í reglugerð þessari að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heilsugæslu- eða heimilislækni.

Sjúklingur, sem kemur til sérfræðings fyrir milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal hafa meðferðis beiðni frá læknum. Sérfræðingurinn skal ávallt senda læknaþréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklings, sbr. þó 4. mgr.

Komi sjúklingur til sérfræðings án milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal sérfræðingur þó ávallt senda heilsugæslu- eða heimilislækni viðkomandi læknaþréf. Komi sjúklingur til sérfræðings fyrir milligöngu annars sérfræðings skal síðari sérfræðingurinn ávallt senda læknaþréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklingsins og þess sérfræðings sem hafði milligöngu um samskiptin, sbr. þó 4. mgr.

Sjúklingi er heimilt að óska þess við lækni að hann sendi ekki upplýsingar honum viðkomandi til annarra lækna. Þess skal þá getið í sjúkraskrá. Lækni er og skylt að útskýra fyrir sjúklingi ábyrgð þá sem þessu fylgir fyrir sjúklinginn sjálfan.

Greiðsla sjúkratryggðra vegna þjónustu á vegum almennrar heilsugæslu.

2. gr.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma skal greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 600.
2. Lífeyrisþegar, börn sem njóta umönnunarbóta og önnur börn undir 16 ára aldri, kr. 200.

Gjald þetta rennur til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur vegna mæðra- og ungbarnaverndar, heilsugæsla í skólum og komur lífeyrisþega og barna með afsláttarskírteini, sbr. 8. gr.

3. gr.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma, þ.e.a.s. milli kl. 17:00 og 08:00 og á laugardögum og helgidögum, skal greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1 000.
2. Lífeyrisþegar, börn sem njóta umönnunarbóta og börn undir 16 ára aldri, kr. 400.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna læknisstarfi utan dagvinnutíma skal greitt samkvæmt

2. gr.

Gjald þetta rennur einnig til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

Vitjanir.

4. gr.

1. Fyrir vitjun á dagvinnutíma skal greiða sem hér segir:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1 000.
 - b. Lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, kr. 400.
2. Fyrir vitjun utan dagvinnutíma skal greiða sem hér segir:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1 500.

b. Lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, kr. 600.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna vitjun utan dagvinnutíma skal greiða vitjanagjald dagvinnutíma.

Í vitjanagjaldi eru innifaldar kr. 100 vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar læknis.

Heimilt er að ákveða að lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta greiði sama vitjanagjald og aðrir, en fái mismuninn endurgreiddan gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar læknis.

Vitjanagjald dregst frá samningsbundinni þóknun læknis fyrir vitjanir.

10% sjóður heilsugæslustöðva.

5. gr.

Af gjaldi sem rennur til heilsugæslustöðvar skv. 2. og 3. gr. og renna skal til reksturs stöðvarinnar skal leggja 10% í sérstakan sjóð, sem stjórn stöðvarinnar annast. Úr sjóðnum má stjórnin ráðstafa fé til tækjakaupa, endurbóta á aðstöðu, til viðhaldsmenntunar starfsmanna o.þ.h. Sjóðstjórn setur reglur um ráðstöfun fjáris, sem ráðherra staðfestir.

Greiðsla sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu.

6. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir hverja komu til sérfræðings, á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, sbr. þó 9. gr., skal greiða sem hér segir, sbr. þó 8. gr.:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, fyrstu 1.200 kr. og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er.
 - b. Lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, þriðjung af gjaldi samkvæmt a-lið.
2. Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsókna á sýni sem sent er til rannsóknar í rannsóknastofu, sbr. þó 9. gr. skal greiða sem hér segir, sbr. þó 8. gr.:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, fyrstu kr. 900.
 - b. Lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, þriðjung þ.e. 300 kr.
3. Fyrir hverja komu til röntgengreiningar skal greiða sem hér segir, sbr. þó 8. gr.:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 900.
 - b. Lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, þriðjung þ.e. 300 kr.

Þegar reikningur er gerður til sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði vegna þessara þátta. Innifalinn í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhalda, umbúða og þess háttar. Því er óheimilt að krefja sjúkratryggða um sérstaka greiðslu vegna þessa kostnaðar.

Afsláttarskírteini.

7. gr.

Þegar sjúkratryggður einstaklingur á aldrinum 16-67 ára hefur greitt kr. 12 000 á sama almanaksári vegna heimsókna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, sérfræðilæknishjálpar, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, rannsókna og röntgengreininga skal hann eiga rétt á afsláttarskírteini.

Börn undir 16 ára aldri með sama fjölskyldunúmer skv. skilgreiningu Hagstofu Íslands skulu teljast einn einstaklingur. Þegar greiddar hafa verið á sama almanaksári kr. 6 000 vegna heimsókna barna undir 16 ára aldri í sömu fjölskyldu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, sérfræðilæknishjálpar, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og

Endurprentað blað.

bráðamóttöku, rannsókna og röntgengreininga, eiga forsjármenn barnanna rétt á afsláttarskírteini vegna þeirra.

Þegar lífeyrisþegi hefur greitt kr. 3 000 á sama almanaksári vegna heimsókna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, sérfræðilæknishjálpar, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, rannsókna og röntgengreininga, skal hann eiga rétt á afsláttarskírteini.

Greiðslur fyrir meðferð á glasafrrjóvgunardeild Landspítalans, sbr. 9. gr. veita ekki rétt til afsláttarskírteinis samkvæmt þessari grein.

Greiðslur sjúkratryggðra með afsláttarskírteini.

8. gr.

Gegn framvísun kvittana fyrir greiðslur skv. 2.–4. og 6. gr. skal Tryggingastofnun ríkisins afhenda sjúkratryggðum afsláttarskírteini skv. 7. gr., sem lækkar greiðslu vegna læknishjálpar o.fl. út almanaksárið. Kvittanir skulu auk nafns útgefanda bera með sér tegund þjónustu, fjárhæð, greiðsludag og nafn og kennitölu hins sjúkratryggða.

Hafi sjúkratryggður fengið afsláttarskírteini skv. þessari grein skal hann greiða sem hér segir fyrir lækniþjónustu það sem eftir er almanaksársins:

1. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 200.
 - b. Lífeyrisþegar, börn með umönnunarbætur og börn yngri en 16 ára, ekkert.
2. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 600.
 - b. Lífeyrisþegar, börn með umönnunarbætur og börn yngri en 16 ára, kr. 200.
3. Fyrir vitjun á dagvinnutíma:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, þar á meðal börn yngri en 16 ára, kr. 600.
 - b. Lífeyrisþegar og börn með umönnunarbætur, kr. 200.
4. Fyrir vitjun utan dagvinnutíma:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, þar á meðal börn yngri en 16 ára, kr. 900.
 - b. Lífeyrisþegar og börn með umönnunarbætur kr. 300.
5. Fyrir komu til sérfræðings, á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa:
 - a. Sjúkratryggðir, þriðjung af gjaldi samkvæmt a-lið 1. tl. 6. gr.
 - b. Lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, 1/9 af gjaldi samkvæmt a-lið 1. tl.
6. gr.
 - a. Fyrir rannsóknir:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 300.
 - b. Lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, kr. 100.
 7. Fyrir röntgengreiningu:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 300.
 - b. Lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, kr. 100.

Heimilt er að ákveða að afsláttarskírteinishafar greiði sama vitjanagjald og aðrir en fá síðan mismuninn endurgreiddar gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar læknis.

Greiðslur samkvæmt 1. og 2. tölul. 2. málsg. renna til heilsugæslustöðva, sbr. og 2. og 3. gr. Vitjanagjald dregst frá samningsbundinni þóknun læknis fyrir vitjanir, sbr. og 4. gr.

Greiðsla sjúkratryggðra vegna meðferðar á glasafrrjóvgunardeild Landspítalans.

9. gr.

Fyrir fyrstu meðferð á glasafrrjóvgunardeild Landspítalans skal hlutdeild hjóna eða sambýlisfólks í kostnaði vera samtals kr. 105 000. Inni í þessari greiðslu felst kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, lyfja og heimsókna til sérfræðinga á glasafrrjóvgunardeildinni.

Fyrir aðra, þriðju og fjórðu meðferð skal greiða kr. 60 000 fyrir hverja meðferð.

Fyrir meðferðir umfram fjórar skal greiða fullan kostnað, kr. 200 000.

Greiðslurnar kulu skiptast þannig að í upphafi hverrar meðferðar sé greitt 20% af heildargjaldi. Eftirstöðvar gjalds skal greiða þegar ákveðið hefur verið að framkvæma eggeimtu.

Fyrir aðrar rannsóknir á glasafrjövgunardeild sem ekki tengjast glasafrjövgunarmedferð skal greiða eins og um göngudeildarheimsókn og rannsóknir væri að ræða, sbr. 6. gr.

Greiðsla sjúkratryggðra á kostnaði við sjúkraflutninga.

10. gr.

Hámarksfjárhæð sem sjúklingur skal greiða fyrir sjúkraflutninga á sjúkrahús og frá sjúkrahúsi skv. i-lið 1. málsg. 43. gr., laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 87/1989 er kr. 2 400.

Greiðsla vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum.

11. gr.

Vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum (legstrok og mynd af brjóstum) skal greiða kr. 1 500 fyrir hverja komu. Lífeyrisþegar greiða þó kr. 500. Gjald þetta rennur til Krabbameinsfélags Íslands vegna úrlesturs frumusýna, röntgenmynda og leitarstarfsins. Félagið greiðir læknum í samræmi við gjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur um hópskoðanir vegna krabbameinsleitar.

12. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar rækilega.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum öðlast gildi 25. janúar 1993. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 194/1992 um hlutdeild sjúkratryggðra í heilbrigðisþjónustu. 8. gr. reglugerðarinnar öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. mars 1993. Fram að þeim tíma skulu handhafar afsláttarskírteina skv. 7. gr. fá heilbrigðisþjónustu án endurgjalds.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. janúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um Unglingaheimili ríkisins.

1. gr.

Unglingaheimili ríkisins er stofnun þar sem yfirvöldum ber að aðstoða unglunga á aldrinum 12–15 ára (að báðum aldursflokkum meðtöldum) um lengri eða skemmri tíma, gerist þess þörf vegna hegðunarvandamála unglinganna, vegna alvarlegs skorts á eðlilegum

aðbúnaði, umönnun og uppeldi unglínganna af hálfu forsjáradíla þeirra, eða vegna alvarlegrar röskunar á högum unglínganna.

Aðstoðin er fólgin í:

- a) Skammtímavistun meðan fram fara nauðsynlegar aðgerðir á grundvelli barnaverndarlaga eða þegar mjög er áfátt eðlilegum aðbúnaði og aðhaldi.
- b) Vistun meðan rannsókn á unglíngum fer fram, greining á vandamálum þeirra og ráðstafanir gerðar til úrbóta.
- c) Vistun til langtímameðferðar og enduruppeldis.
- d) Ráðgjöf, meðferð og önnur fagleg aðstoð án vistunar.

Heimilt er að víkja frá þeim aldursmörkum, sem hér er miðað við ef ástæða þykir til.

2. gr.

Unglíngaheimili ríkisins hefur aðsetur á höfuðborgarsvæðinu, en þjónar landinu öllu. Stjórnarnefnd Unglíngaheimilis ríkisins getur ákveðið að ákveðnar deildir þess skuli starfræktar utan höfuðborgarsvæðisins.

Unglíngaheimilið skal veita unglíngum viðeigandi aðbúnað. Rannsaka skal og greina vanda þeirra, veita meðferð, fræðslu, félagslega aðstoð og læknishjálp eftir því sem við á.

3. gr.

Félagsmálaráðherra skipar 3 menn í stjórnarnefnd Unglíngaheimilis ríkisins til 4 ára í senn og þrjá til vara. Skal einn þeirra tilnefndur af félagsmálaráði Reykjavíkur en félagsmálaráðherra skipar tvo án tilnefningar og skal annar vera formaður. Stjórnarnefnd skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Stjórnarnefnd unglíngaheimilisins fer með faglega og skipulagslega stjórn Unglíngaheimilis ríkisins svo og yfirstjórn annarra unglíngaheimila sem ríkið rekur eða styrkir, nema ráðherra ákveði annað.

Stjórnarnefnd skal að jafnaði koma saman tvisvar í mánuði. Forstjóri Unglíngaheimilis ríkisins situr fundi stjórnarnefndar með málfrelsi og tillögurétt. Á sama hátt hefur rétt til setu einn fulltrúi starfsmanna. Gerðir stjórnar nefndarfunda skulu færðar til bókar.

Stjórnarnefnd sendir ráðuneytinu árlega skýrslu um störf Unglíngaheimilis ríkisins.

4. gr.

Félagsmálaráðherra skipar forstjóra Unglíngaheimilis ríkisins að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í einhverri þeirra greina sem tengjast starfinu sem ætlast er til að fari fram á unglíngaheimilinu. Hann skal að jafnaði hafa reynslu og/eða menntun í stjórnunarstörfum. Forstjóri fer með faglega og fjárhagslega stjórn unglíngaheimilisins í umboði stjórnarnefndar. Ráðherra setur forstjóra erindisbréf.

5. gr.

Félagsmálaráðherra ræður deildarstjóra Unglíngaheimilis ríkisins að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Þeir skulu hafa sérmenntun í uppeldisfræði, sálarfræði, félagsráðgjöf eða aðra sambærilega menntun. Deildarstjórar hafa yfirumsjón með faglegu starfi innan sinnar deildar, jafnframt því að starfa að uppeldisverkefnum innan deildarinnar. Stjórnarnefnd setur þeim erindisbréf.

Félagsmálaráðherra ræður ráðgefandi geðlækna, sálfræðinga, félagsráðgjafa og aðra sérfræðinga að fengnum tillögum stjórnarnefndar, og annað starfsfólk að fengnum tillögum forstjóra eftir því sem fjárveitingar leyfa.

6. gr.

Stefnt skal að því að innan Unglingaheimilis ríkisins starfi eftirfarandi deildir:

1. Meðferðar- og ráðgjafadeild – Unglingaráðgjöf:

Hlutverk hennar er:

- a) Skipulagning faglegs starfs einstakra deilda ungingaheimilisins í samráði við viðkomandi deildarstjóra.
- b) Leiðbeiningar og fagleg ráðgjöf til starfsmanna ungingaheimilisins.
- c) Sálfræðileg og félagsleg rannsókn við upphaf vistunar.
- d) Meðferð og ráðgjöf til unginga, forsjáraðila og annarra aðstandenda.
- e) Almenn ráðgjöf til sveitarstjórna um málefni unginga.

2. Móttökudeild:

- a) *Skammtímadeild* er opin til móttöku allan sólarhringinn. Skammtímadeild tekur til vistunar unginga sem eru í þannig ástandi og aðstæðum að slíkrar vistunar er þörf, að mati barnaverndaryfirvalda, löggæslu eða starfsmanna ungingaheimilisins.

Hlutaðeigandi barnaverndarnefnd svo og forsjáraðilum skal svo fljótt sem auðið er gert viðvart um komu unglings á deildina, ástand hans og aðstæður, hafi þau ekki átt hlut að máli frá upphafi. Fullt samráð skal hafa við barnaverndarnefnd og starfsmenn hennar um frekari aðgerðir.

Unglinga má því aðeins vista á deildinni lengur en 24 klst., að fyrir liggja ákvörðun barnaverndaryfirvalda. Hámarksvistunartími er 2 vikur.

- b) *Rannsóknardeild*: Deildin vistar unginga til rannsóknar og til greiningar. Svo fljótt sem auðið er skulu liggja fyrir tillögur um áframhaldandi úrræði og faglega aðstoð.

3. Uppeldis- og meðferðardeildir:

Deildirnar taka við unglungum í langvarandi uppeldi og meðferð.

Unglingar skulu ekki teknir inn á uppeldis- og meðferðardeildir nema að lokinni gagngerri sálfræðilegri, uppeldislegri, læknisfræðilegri og félagslegri rannsókn og greiningu. Áætlun skal gerð um uppeldi, meðferð, aðstoð og aðrar ráðstafanir. Þá áætlun skal endurmeta með reglulegu millibili.

4. Deild fyrir vímuefnaneytendur:

Deildin er langtíma uppeldis- og meðferðardeild fyrir unga vímuefnaneytendur. Hún starfar í samvinnu við þær stofnanir heilbrigðiskerfisins sem sinna neyðarþjónustu fyrir vímuefnaneytendur.

Þeir ungingar sem vistaðir eru á Unglingaheimili ríkisins skulu eiga aðgang að skóla sem fyrst og fremst er ætlað að annast kennslu skjólstaðinga Unglingaheimilis ríkisins. Félagsmálaráðuneytið setur vinnureglur um tengsl Unglingaheimilis ríkisins og þess skóla sem þjónar heimilinu. Vinnureglur þessar skulu settar að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og Unglingaheimili ríkisins og skulu endurskoðaðar árlega.

Stjórnarnefnd ákveður hámarksfjölda unginga á deildum stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra.

Unglingaheimilinu er heimilt að vista unginga á einkaheimilum um takmarkaðan tíma og skal vistun vera á ábyrgð og undir umsjón ungingaheimilisins.

7. gr.

Forsjáraðilar unginga og þeir, sem af hálfu hins opinbera fjalla um mál unginga, geta óskað vistunar fyrir þá, enda liggja fyrir samþykki hlutaðeigandi barnaverndarnefndar og skrifleg beiðni um vistun. Forstjóri getur ákveðið að úrskurður barnaverndarnefndar sé skilyrði vistunar, telji hann þess þörf.

8. gr.

Vistun unglings lýkur þegar forstjóri og/eða barnaverndarnefnd ákveður að vistunar er ekki lengur þörf. Skal gerð skýrsla um dvöl unglingsins, svo og leiðbeiningar um framhalds- aðstoð, ef æskileg er talin. Skal hún send hlutaðeigandi barnaverndarnefnd.

9. gr.

Rekstrarkostnaður Unglingaheimilis ríkisins greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Forstjóri Unglingaheimilis ríkisins skipuleggur, í samráði við deildarstjóra, fræðslu og samskiptanámskeið fyrir starfsfólk eigi sjaldnar en einu sinni á ári hverju.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 467/1989 um Unglingaheimili ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnun Dvalarheimilis aldraðra heyrnarlausra.

1. gr.

Félag heyrnarlausra og Kirkja heyrnarlausra stofna hér með sjálfseignarstofnun sem ber nafnið Dvalarheimili aldraðra heyrnarlausra. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé er kr. 420 000, –fjögur hundruð og tuttugu þúsund– og skiptist það þannig að Félag heyrnarlausra leggur fram kr. 270 000 og Kirkja heyrnarlausra kr. 150 000. Stofnfé má ekki skerða.

3. gr.

Eignir stofnunarinnar eru, ásamt stofnfé, þau framlög í reiðufé og öðrum verðmætum, sem berast og safnað verður til umönnunar aldraðra á Dvalarheimili aldraðra heyrnarlausra. Skuldir eru engar. Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar.

4. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að veita öldruðum heyrnarlausum heimilisvist og aðhlynningu á dvalarheimili, svo sem mögulegt er.

Í þessu skyni veitir stofnunin viðtöku gjöfum og hvers konar styrktarfé.

5. gr.

Peningar þeir sem stofnunin eignast skulu jafnóðum ávaxtaðir í bönkum, sparisjóðum eða ríkistrygðum skuldabréfum. Tekjum stofnunarinnar skal einungis ráðstafað til starfsemi sem samrýmist markmiðum hennar skv. 4. gr.

6. gr.

Stofnunin rekur dvalarheimili fyrir aldraða heyrnarlausra að Vesturhlíð í Reykjavík. Þeir einir eiga rétt til vistunar á dvalarheimilinu, sem eru heyrnarlausir og hafa náð 67 ára aldri.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa þrír menn og jafnmargir til vara. Tveir stjórnarmenn og tveir til vara skulu skipaðir af Félagi heyrnarlausra og einn stjórnarmaður og einn til vara af Kirkju heyrnarlausra. Stjórnarmenn skulu skipaðir til tveggja ára í senn. Ávallt skal boða varamenn til stjórnarfunda og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórn stofnunarinnar skal tilkynna sjóðaskrá hverjir skipi stjórn hverju sinni, sbr. 2. mgr. 3. gr. l. nr. 19/1988.

8. gr.

Aðalfund stofnunarinnar skal halda fyrir 30. júní ár hvert. Stjórn stofnunarinnar hefur ein atkvæðisrétt á aðalfundi. Á aðalfundi hafa auk stjórnar stofnunarinnar rétt til setu þrír fulltrúar frá Félagi heyrnarlausra, tilnefndir af stjórn Félags heyrnarlausra og einn fulltrúi frá Kirkju heyrnarlausra, tilnefndur af Kirkju heyrnarlausra. Formaður stjórnar boðar til aðalfundar með 14 daga fyrirvara hið minnsta. Ákvarðanir aðalfundar eru aðeins lögmæt, að meirihluti stjórnar sé á fundi eða varamenn þeirra.

9. gr.

Allir stjórnarmenn geta boðað til stjórnarfunda, enda tilgreini þeir fundarefni. Stjórnarfundi skal boða með minnst 3ja daga fyrirvara og er fundurinn lögmætur ef meiri hluti stjórnar mætir. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á fundum og skulu allir stjórnarmenn sem á fundi eru undirrita fundargerðina. Þeim stjórnarmönnum sem ekki eru á fundi skal senda afrit fundargerða.

Allar ákvarðanir stjórnar verða að samþykkingu af meirihluta hennar. Þó þarf samþykki allra stjórnarmanna til allra meiri háttar fjármálalegra ákvarðana.

10. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningar hennar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og síðan lagðir fyrir stjórnina til samþykktar á aðalfundi. Eigi síðar en 30. júní ár hvert skal stjórnin senda Ríkisendurskoðun ársreikning stofnunarinnar fyrir næst liðið ár ásamt skýrslu um hvernig fjármunum hennar var ráðstafað á því ári.

11. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður forstöðumann fyrir dvalarheimili stofnunarinnar, sem annast allan daglegan rekstur þess í samráði við stjórnina. Forstöðumaður skal vera gjaldkeri stofnunarinnar og er hann vörsluadili sjóða hennar og sinnir skrifstofuhaldi sem rekstri fylgir. Forstöðumaður hefur prókúru fyrir stofnunina. Stjórnin ræður annað starfsfólk eftir þörfum og segir því upp. Ber henni að gera sér allt far um að efla hag og heill stofnunarinnar í öllum greinum, og auka hana og stækka, ef þörf krefur og kringumstæður leyfa.

Stjórn stofnunarinnar setur reglur fyrir dvalarheimilið.

12. gr.

Eigi má selja eða veðsetja fasteignir er stofnunin á eða kann að eignast nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra. Sömuleiðis er óheimilt að selja eða láta af hendi aðrar eignir stofnunarinnar, hverju nafni sem nefnast, nema þeim verði varið til að halda áfram sams konar rekstri.

13. gr.

Komi að því að stjórnin sjái sér ekki fært að reka stofnunina áfram, skal, í samráði við dómsmálaráðuneytið sbr. 6. gr. 1. nr. 19/1988, jafnan óska þess að einhverjum stofnaðila verði gefinn kostur á að taka við henni og rekstri hennar, enda verði hlutverk stofnunarinnar óbreytt.

14. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt né stofnunin lögð niður nema a.m.k. tveir stjórnarmenn samþykki ásamt samþykki dómsmálaráðuneytisins sbr. 3. mgr. 6. gr. 1. nr. 19/1988.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og breytingum sem á henni kunna að verða gerðar.

Svo samþykkt á stofnfundi Dvalarheimilis aldraðra heyrnarlausra þann 11. september 1992.

F.h. Félags heyrnarlausra
Anna Jóna Lárusdóttir.
Vilhjálmur G. Vilhjálmsson.
Gunnar Arnarsson.

F.h. Kirkju heyrnarlausra
Hervör Guðjónsdóttir.
Miyako Þórðarson.
Anna Jóna Lárusdóttir.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. janúar 1993.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Fellahreppi árið 1993.

1. gr.

Hreppsnefnd Fellahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

a) Íbúðir.

Sorphirðugjald er kr. 5 000 á hverja íbúð í Fellabæ.

Sorpeyðingargjald er kr. 1 250 á hverja íbúð í dreifbýli.

b) Fyrirtæki.

Sorpeyðingargjald er eftirfarandi:

Flokkur 1) kr. 5 000

Flokkur 2) kr. 15 000

Flokkur 3) kr. 30 000

Flokkur 4) kr. 60 000

Flokkur 5) kr. 120 000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Fellahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytið, 11. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 – 1993

14. janúar 1993

25

Nr. 18

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu, kvörðun og eftirlit
með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggilding og eftirlit.

1.	Vogarlóð:	
1.1	Nákvæmnisflokkur M ₃	Kr.
1.1.1	100 g - 2 kg	1 260,00
1.1.2	5, 10 og 20 kg	1 470,00
1.1.3	50 kg	2.100,00
1.2	Nákvæmnisflokkur M ₂	
1.2.1	1 g - 2 kg	1 580,00
1.2.2	5, 10 og 20 kg	2 000,00
1.2.3	50 kg	2.630,00
1.3	Nákvæmnisflokkur M ₁	
1.3.1	1 mg - 2 kg	2 000,00
1.3.2	5, 10 og 20 kg	2 630,00
1.3.3	50 kg -	5 250,00
1.4	Nákvæmnisflokkur F ₂	
1.4.1	1 mg - 2 kg	4 200,00
1.4.2	5, 10 og 20 kg	5 250,00
1.4.3	50 kg	10 500,00
	Vogarlóð undir 5g verða <i>ekki</i> endurlöggilt.	
2.	Lyfjaverslanir og rannsóknarstofur: Vogir í nákvæmnisflokkum I og II	
2.1.	Burðarþol ≤ 30 kg	9 980,00
3.	Brautarvogir fyrir sláturhús:	
3.1.	Burðarþol ≤ 200 kg	23 630,00
3.2.	Burðarþol > 200 kg	27 830,00
4.	Öxulþungavogir:	
4.1.	Prófun öxulþungavoga	9 450,00

5.	Bílavogir:	
5.1.	Burðarþol <= 60 t	90 000,00
5.2.	Burðarþol >60 t - 100 t	125 000,00
5.3.	Burðarþol >100 t	175 000,00
5.4.	Við B löggildingu bílavoga er gjaldið 50% af löggildingargjaldi ef löggildingin gildir 7 mánuði eða skemur, annars fullt löggildingargjald.	
6.	Vogarbúnaður í nákvæmnisflokkum II, III, IIII ætlaður til verslunar-, viðskipta- og/eða iðnaðarnota:	
6.0.1.	Lágmarksgjald fyrir eina vog.	8 400,00
6.1.1.	Burðarþol <= 30 kg	6 300,00
6.2.1.	Burðarþol >30 - 200 kg	8 400,00
6.3.1.	Burðarþol >200 - 500 kg	10 500,00
6.4.1.	Burðarþol >500 - 2.000 kg	17 850,00
6.5.1.	Burðarþol >2.000 - 5.000 kg	24 150,00
6.6.1.	Burðarþol >5.000 - 15.000 kg	28 350,00
6.7.1.	Burðarþol >15.000 - 30.000 kg	34 650,00
7.	Sjálfvirkar löndunarovogir:	
7.1.	Burðarþol >500 kg	26 250,00
8.	Reislur:	
8.1.	Reislur, burðarþol <= 20 kg	1 700,00
9.	Vínmælar:	
9.1.	Veltivínmál; rúmtak 3 cl og 6 cl	1 580,00
9.2.	Vínskammtarar	6 300,0
9.3.	Bartölvukerfi	23 520,00
10.	Mælibúnaður fyrir, eldsneyti, olíur og mjólk:	
10.3.1.	Mælibúnaður m. hámarksrennsli <= 100 l/mín	8 400,00
10.3.2.	Mælibúnaður m. hámarksrennsli >100 l/mín-800 l/mín	9 980,00
10.3.3.	Mælibúnaður m. hámarksrennsli > 800 l/mín-2.000 l/mín	15 230,00
10.3.4.	Mælibúnaður m. hámarksrennsli >2.000 l/mín	20.480,00
11.	Lengdarmál:	
11.1.	Málbönd <= 20 m	7 880,00
11.2.	Málbönd >20m - 50 m	10 710,00
11.3.	Málbönd >50 m - 100 m	23 630,00
11.4.	Kvarðar fyrir álnavöru 0,5 m og 1,0 m	580,00
11.5.	Lengdarmælivélar	2 940,00
11.6.	Möskvamælar	2 940,00
12.	Prófun, lokun:	
12.1.	Prófun => lokun	50% af löggildingargjaldi
13.	Sérferðir:	
13.1.	Sérferðir greiðast samkvæmt reikningi, og reiknast brot úr klst. sem ein klukkustund. Einnig reiknast: akstur, ferðakostnaður og iðgjald af váttryggingu á tækjum og ferðatrygging. Þessi kostnaður leggst ofaná gjaldskrá viðkomandi tækis.	
14.	Annað:	
14.1.	Annað, svo sem lóð af öðrum stærðum.	Skv. reikningi eða sértílbóði.

- 15 Afsláttur:
- 15.1. Veittur er 15% afsláttur af gjaldskrá þessari sé komið með tæki á Löggildingarstofu, sem falla undir gjaldalið 2 og 6. í 1. gr. gjaldskrárinnar.
- 15.2. Heimilt er við löggildingu voga að veita magnafslátt stigvaxandi allt að 30% séu vogir 20 eða fleiri í eigu sama aðila teknar til skoðunar í sama skipti. Skilyrði slíks afsláttar er að viðkomandi standi í skilum með greiðslur.

Afsláttur getur í engu tilfelli orðið meiri en 30%.

Innifalið í gjaldskrá:

Innifalið í föstum gjaldaliðum greinar þessarar eru: Laun, ferðir og upphald starfsmanna Löggildingarstofunnar, notkun tækja stofunnar og búnaðar til prófunar.

Aukakostnaður við löggildingu, svo sem handlang og flutningur lóða og mælitækja á staðnum, kostnaður við að opna hús og veita starfsmönnum Löggildingarstofunnar aðgang að mælitækjum, útvegum aukabyngda og annað slíkt greiðist af mælitækiseiganda.

2. gr.

Tegundaprófanir, viðurkenningar og samanburðarprófanir.

- 30.1. Grunntegundarprófun og samanburðarprófun voga. Skv. reikningi eða tilboði
- 30.2. Önnur tilfelli. Skv. reikningi eða tilboði

3. gr.

Kvarðanir.

K1	Kvörðun lóða:	
K1.1	grunnverð	4 500
K1.2	merking lóðs	550
K1.3	flokkun lóðs án stillingar	250
K1.11	lóð í verðflokki A	1 600
K1.12	lóð í verðflokki B	2 150
K1.13	lóð í verðflokki C	2 700
K1.14	lóð í verðflokki D	3 200
K1.15	lóð í verðflokki E	4 300
K1.16	lóð í verðflokki F	5 350
K1.17	lóð í verðflokki G	8 500

Sjá fskj. 1 um verðflokka lóða.

Ef lóð er jafnframt stillt inn í nákvæmnisflokk er auk þessa tekið gjald skv. lið 1 í gjaldskrá, en þá er ekki innheimt sérstaklega fyrir liði K2.2 og K2.3.

K2	Kvörðun voga:	
K2.1	grunnverð v/ vottorðs	12 000
K2.2.1	kvörðunarvinna sama og 2.1	3 300
K2.3.1	o.s.frv. þannig að grunnverðið K5.1 bætist	
K2.4.1	við venjulegt löggildingargjald	
	- „ -	

K3	Kvörðun rúmtaks f. mæliker og tanka:	
K3.1	grunnverð v/ vottorðs	12 000
K3.2.1	heildarrúmtak <= 11	3 000
K3.2.2	hvert aukagildi	1 000
K3.3.1	heildarrúmtak <= 101	5 000
K3.3.2	hvert aukagildi	1 500
K3.4.1	heildarrúmtak <= 1001	20 000
K3.4.2	hvert aukagildi	2 000
K3.5.1	heildarrúmtak <= 10001	40 000
K3.5.2	hvert aukagildi	3 000
K3.6.1	heildarrúmtak <= 10 0001	60 000
K3.6.2	hvert aukagildi	4 500
K3.7.1	heildarrúmtak <= 100 0001	120 000
K3.7.2	hvert aukagildi	6 000
K4	Kvörðun rennslismæla:	
K4.1	grunnverð v/ vottorðs	12 000
K4.3.1	kvörðunarvinna sama og 10.3.1	8 400
K4.3.2	o.s.frv. þannig að grunnverðið K7.1 bætist	
K4.3.3	við venjulegt löggildingargjald	
	– “ –	
K5	Kvörðun hitamæla (–50 til +250°C):	
K5.1	grunnverð	12 000
K5.2	hvert hitastig undir 0°C	3 300
K5.3	hvert hitastig frá 0°C til 90°C	2 200
K5.4	hvert hitastig yfir 90°C	3 300
K5.5	lágmarksgjald	18 600
K6	Aðrar kvarðanir:	
K6.1		Skv. reikningi eða tilboði.

Ef kvarðanir, sem eru á föstu gjaldi, eru unnar utan Löggildingarstofunnar getur viðbótarkostnaður komið til vegna vinnu og tækjanotkunar.

Venjulega er gert eitt kvörðunartvottorð fyrir hvert tæki. Þó má gera eitt vottorð sameiginlega fyrir lóðasett, sem á að fylgjast að í notkun og líta má á sem eina heild. Slík lóð eru venjulega saman í sérsníðuðum kassa. Þessi lóð bera þá aðeins eitt grunngjald.

4. gr.

Virðisaukaskattur greiðist ekki af föstum gjaldaliðum 1. gr. gjaldskrár þessarar.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100, 16. desember 1992, til þess að öðlast gildi við birtingu, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 606, 18. desember 1991.

Viðskiptaráðuneytið, 14. janúar 1993.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarmann.

Fskj. 1.

Verðflokkar fyrir kvörðunarvottorð lóða.Mælióvissa í \pm mg:

(allt að því gildi, sem fram kemur í töflunni)

MASSI	Óvissuflokkur:	
	K4 (F2)	K5 (M1)
	G	F
1000 kg	15000	50000
	F	D
500 kg	7500	25000
200 kg	3000	10000
	E	C
100 kg	1500	5000
	D	B
50 kg	750	2500
20 kg	300	1000
	B	A
10 kg	150	500
5 kg	75	250
2 kg	30	100
1 kg	15	50
500 g	7,5	25
200 g	3,0	10
100 g	1,5	5
50 g	1,0	3,0
20 g	0,8	2,5
10 g	0,6	2,0
5 g	0,5	1,5
2 g	0,4	1,2
1 g	0,3	1,0

14. janúar 1993

Nr. 19

GJALDSKRÁ**Löggildingarstofunnar fyrir faggildingu á prófunarstofum,
vottunarstofum og skoðunarstofum.**

1. gr.

Umsóknargjald.

Í umsóknargjaldi er innifalið upplýsingar fyrir umsókn, móttaka, skráning og yfirferð umsóknar og fylgiskjala og stutt álitserð um niðurstöður fyrstu yfirferðar.

Þegar um útibú prófunarstofu, vottunarstofu eða skoðunarstofu er að ræða, þar sem fram fer samskonar starfsemi og í aðalstöðvum sem áður hafa hlotið faggildingu skal greiða 75% af umsóknargjaldi fyrir sérhvert útibú.

		Kr.
F.1.1	Prófunarstofa I (1-5 aðferðir)	120 000
F.1.2	Prófunarstofa II (6-10 aðferðir)	135 000
F.1.3	Prófunarstofa III (11-15 aðferðir)	160 000
F.1.4	Prófunarstofa IV (16-21 aðferðir)	190 000
F.1.5	Prófunarstofa V (21- aðferðir)	235 000
F.1.6	Vottunarstofa I (1-10 svið)	160 000
F.1.7	Vottunarstofa II (11-20 svið)	215 000
F.1.8	Vottunarstofa III (21-30 svið)	275 000
F.1.9	Vottunarstofa IV (31- svið)	330 000
F.1.10	Skoðunarstofa I (1-5 aðferðir)	120 000
F.1.11	Skoðunarstofa II (6-10 aðferðir)	135 000
F.1.12	Skoðunarstofa III (11-15 aðferðir)	160 000
F.1.13	Skoðunarstofa IV (16-20 aðferðir)	190 000
F.1.14	Skoðunarstofa V (21- aðferðir)	235 000

2. gr.

Faggildingargjald.

F.2 Í faggildingargjaldi er innifalið val á matsmönnum, gerð verk- og tímaáætlunar, mat á gæðakerfi, skýrslugerð, faggildingarskjal og stjórn faggildingarinnar.

Fyrir ofangreinda verkþætti við framkvæmd faggildingar skal greiða tímagjald í samræmi við fjölda tíma, sé ekki um annað samið.

Tímagjald er kr. 3 200 án virðisaukaskatts.

Allur ferðakostnaður greiðist skv. framlögðum reikningi.

Þegar yfirferð umsóknar er lokið getur Löggildingarstofan gert fast tilboð í framkvæmd faggildingar.

Kostnaður vegna vinnu sérfræðings (sérfræðinga) við tæknilegt mat greiðist skv. framlögðum reikningi.

3. gr.

Eftirlitsgjald.

Í eftirlitsgjaldi er innifalin umsýsla með faggiltum aðila, val á matsmönnum, gerð verk- og tímaáætlunar, skýrslugerð, stjórn eftirlitsins og stutt álitserð um niðurstöður. Þegar um útibú prófunarstofu, vottunarstofu eða skoðunarstofu er að ræða, þar sem fram fer samskonar starfsemi og í aðalstöðvum sem áður hafa hlotið faggildingingu skal greiða 75% af eftirlitsgjaldi fyrir sérhvert útibú.

		Kr.
F.3.1	Prófunarstofa I (1-5 aðferðir)	90 000
F.3.2	Prófunarstofa II (6-10 aðferðir)	101 250
F.3.3	Prófunarstofa III (11-15 aðferðir)	120 000
F.3.4	Prófunarstofa IV (16-21 aðferðir)	142 500
F.3.5	Prófunarstofa V (21- aðferðir)	176 250
F.3.6	Vottunarstofa I (1-10 svið)	120 000
F.3.7	Vottunarstofa II (11-20 svið)	161 250
F.3.8	Vottunarstofa III (21-30 svið)	206 250
F.3.9	Vottunarstofa IV (31- svið)	247 500
F.3.10	Skoðunarstofa I (1-5 aðferðir)	90 000
F.3.11	Skoðunarstofa II (6-10 aðferðir)	101 250
F.3.12	Skoðunarstofa III (11-15 aðferðir)	120 000
F.3.13	Skoðunarstofa IV (16-20 aðferðir)	142 500
F.3.14	Skoðunarstofa V (21- aðferðir)	176 250

Allur ferðakostnaður greiðist skv. framlögðum reikningi.
Löggildingarstofan getur gert fast tilboð í framkvæmd eftirlits með faggildingu.
Kostnaður vegna vinnu sérfræðings (sérfræðinga) við tæknilegt mat greiðist skv. framlögðum reikningi.

4. gr.

F.4 Þegar um er að ræða mat eða úttektir þar sem ekki er um faggildingu að ræða skal samið sérstaklega um þóknun.

5. gr.

Virðisaukaskattur greiðist ekki af föstum gjaldaliðum 1. og 3. gr. gjaldskrár þessarar.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100, 16. desember 1992, til þess að öðlast gildi við birtingu, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Viðskiptaráðuneytið, 14. janúar 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um greiðslur sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1993 og greiðslur rikissjóðs til sveitarfélaga vegna niðurfellingar aðstöðugjalds á árinu 1993.

I. KAFLI.

Um greiðslur sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

1. gr.

Á árinu 1993 skulu sveitarfélög greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs eins og nánar er kveðið á um í þessum kafla.

2. gr.

Greiðslur sveitarfélaga samkvæmt 1. gr. skulu ákveðnar á eftirfarandi hátt:

- a) Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 1 950 kr. fyrir hvern íbúa.
- b) Sveitarfélög með 299 íbúa eða færri greiði 1 170 kr. fyrir hvern íbúa.

Við útreikning á greiðslu sveitarfélags til Atvinnuleysistryggingasjóðs skal miða við íbúafjölda í viðkomandi sveitarfélagi eins og hann var samkvæmt þjóðskrá 1. desember 1992.

3. gr.

Greiðslur sveitarfélaga samkvæmt þessum kafla skulu greiddar með tíu jöfnum greiðslum á gjalddögum 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. ágúst, 1. september, 1. október, 1. nóvember og 1. desember 1993.

Sé greiðsla samkvæmt reglugerð þessari ekki greidd á gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem er gjaldfallið. Dráttarvextir skulu ákveðnir samkvæmt ákvæðum vaxtalaga nr. 25/1987, með síðari breytingum.

II. KAFLI.

Um greiðslur til sveitarfélaga vegna niðurfellingar aðstöðugjalds.

4. gr.

Ríkissjóður skal af innheimtum tekjuskatti greiða til sveitarfélaganna fjárhæð sem svarar 80% af álögðu aðstöðugjaldi á árinu 1993.

5. gr.

Þar til að álagning aðstöðugjalds skv. 4. gr. liggur fyrir skal ríkissjóður greiða til sveitarfélaganna fjárhæð sem svarar 40% af álögðu aðstöðugjaldi ársins 1992 sem fyrirframgreiðslu upp í greiðslu skv. 4. gr. Greiðslur ríkissjóðs til sveitarfélaganna miðast við álagningu í viðkomandi sveitarfélagi og skulu greiddar með fimm jöfnum greiðslum á gjalddögum 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní 1993.

6. gr.

Greiðslur ríkissjóðs til sveitarfélaganna skv. 4. gr. miðast við 80% af álögðu aðstöðugjaldi í viðkomandi sveitarfélagi. Sú fjárhæð að fráðreginni fyrirframgreiðslu skv. 5. gr. skal greidd með fimm jöfnum greiðslum á gjalddögum 1. ágúst, 1. september, 1. október, 1. nóvember og 1. desember 1993.

7. gr.

Prátt fyrir ákvæði 4. gr. skulu 120 milljónir króna af framlagi ríkissjóðs samkvæmt þessum kafla renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Fjárhæð þessa skal draga frá framlagi ríkissjóðs til sveitarfélaganna í ágústmánuði 1993 og greiða til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

8. gr.

Leiði breytingar skattstjóra við yfirferð framtala og við úrskurð á kærnum á aðstöðugjaldstofni til þess að framlag ríkissjóðs, sbr. 4. gr., hafi verið of hátt eða of lágt í einstöku sveitarfélagi skal ákvarða að nýju umrætt framlag. Þessi endurútreikningur skal fara fram 1. febrúar 1994 og vera endanlegur.

III. KAFLI.

Um útreikning greiðslna og greiðslutilhögun.

9. gr.

Ríkisbókhald sér um útreikning á greiðslum samkvæmt þessari reglugerð. Reikna skal út sérstaklega hvað hvert sveitarfélag á að greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs á hverjum mánuði samkvæmt I. kafla reglugerðarinnar og hvert framlag ríkissjóðs til sveitarfélagsins á að vera á hverjum mánuði samkvæmt II. kafla reglugerðarinnar.

Ríkisbókhald skal reikna út mismun á greiðslum samkvæmt I. kafla og II. kafla reglugerðarinnar. Mismunurinn skal greiddur til sveitarfélaganna eða innheimtur hjá þeim eftir atvikum í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Áður en greiðslur eða innheimta hefst samkvæmt þessari reglugerð skal ríkisbókhald senda Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hverju sveitarfélagi fyrir sig upplýsingar um útreikning á greiðslum.

Ríkisbókhald skal, ef innheimta þarf hjá sveitarfélagi, senda fyrir hvern gjalddaga greiðsluáskorun þar sem fram komi fjárhæð greiðslu og upplýsingar um greiðslustað.

10. gr.

Reglugerð þessi, sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 107/1992, um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 96/1990, með síðari breytingum, og heimild í ákvæði til bráðabirgða VII í I. kafla laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 11. janúar 1993.

F. h. r.

Bragi Gunnarsson.

Ástráður Karl Guðmundsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss, Laugarási, Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur notendum sínum í té það vatnsmagn, sem samið hefur verið um við Laugaráslæknishérað eða Biskupstungnahrepp og hitaveituna.

3. gr.

Hitaveitan stillir hámarksrennsli til hvers notanda. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu heita vatnsins við hámarksstillingu. Vatn til heimilisnota (kranavatn) má ekki nota til upphitunar af neinu tagi. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki skemur en 2 mánuði samfelld og ekki lengri tíma en 6 mánuði.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta inntaksstillingu þeirri, sem um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir inntaksstillingu eftir óskum notenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið en síðan að jafnaði einungis einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveitustjóra fyrir 1. janúar ár hvert. Skyld er notanda að tilkynna hitaveitustjóra breytingar á hitakerfum, sem raskað geta mælingu.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu á heita vatninu eru sem hér segir:

Garðyrkjústöðvar	kr. 124
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	
Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar	kr. 686
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	
Iðnaðarhús	kr. 320
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	

Hjá þeim notendum, sem greitt hafa rúmmetragjald af íbúðar- og iðnaðarhúsum sínum, skal reikna minnst 1 mínútulítra fyrir hverja 100 rúmmetra og byrjaða 100 rúmmetra. Ekki má tvíreikna gjald á sama vatnið.

Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir, ákveður stjórn hitaveitunnar hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkvæmt 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar – febrúar	25. febrúar, eindagi 5. mars.
Fyrir mars – apríl	25. apríl, eindagi 5. maí.
Fyrir maí – júní	25. júní, eindagi 5. júlí.
Fyrir júlí – ágúst	25. ágúst, eindagi 5. september.
Fyrir september – október	25. október, eindagi 5. nóvember.
Fyrir nóvember – desember	25. desember, eindagi 5. janúar.

Gjöld skal greiða til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hann vísar til. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu fyrir eindaga.

Heimilt er að taka hæstu leyfilega dráttarvexti af gjöldum, sem eru í vanskilum.

7. gr.

Tengigjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa, annarra en gróðurhúsa, og vera sem hér segir:

	Kr.
Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar, allt að 400 rúmmetrum	106 700
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	79
Iðnaðarhús allt að 400 rúmmetrum	106 700
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	24
allt að 2000 rúmmetrum. Sé um stærri hús að ræða koma til sérsamningar við stjórn hitaveitunnar, enda sé þá tekið tillit til vatnsnotkunar.	
Stofngjöld til garðyrkju skal miða við vatnsmagn og vera sem hér segir:	
Fyrir hvern mínútulítra	2 622

Greiddu stofngjaldi af allt að 400 rúmmetra húsi fylgir réttur á allt að 4 mínútulítrum og einum mínútulítra fyrir hverja byrjaða 100 rúmmetra. Óski notandi eftir meira vatni til íveruhúss (t.d. til gróðurskála eða setlaugar) skal greiða fyrir samkvæmt gjaldskrá um stofngjöld og notkunargjöld gróðurhúsa.

8. gr.

Hitaveitan leggur dreifikerfi að lóðarmörkum og setur þar stillingu fyrir hámarksrennsli, samkvæmt 3. gr. Hitaveitunni er heimilt að setja hemla á inntök íbúðarhúsa. Allar heimæðar skulu lagðar á kostnað notenda. Í skipulögðum íbúðarhúsaahverfum leggur hitaveitan heimæðar inn fyrir vegg íbúðarhúsa og greiðir notandi fyrir samkvæmt reikningi, en aðrar heimæðar er notanda heimilt að leggja, en undir eftirliti hitaveitustjóra. Telji hitaveitustjóri frágang eða efni heimæðar ófullnægjandi getur hitaveitan neitað viðkomandi um vatn þar til úr hefur verið bætt.

9. gr.

Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta hitaveitugjöldum, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins að býli eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 2 300 í hvert sinn.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitustjóra eða starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum lokum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er notendum hitaveitunnar skylt að hlýta tafarlaust fyrir mælum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

12. gr.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 171, 25. mars 1991, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 12. janúar 1993.

F. h. r.

Árni Þ. Arnason.

Steinunn Bjarmann.

SAMÞYKKT**um sorphirðu í Vestmannaeyjum.**

1. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Sorpeyðingarstöð Vestmannaeyja er sjálfstætt fyrirtæki sem Vestmannaeyjabær á og starfrækir. Sorpeyðingarstöð Vestmannaeyja annast alla sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Vestmannaeyjum í samræmi við samþykkt þessa og undir eftirliti heilbrigðisfulltrúa.

2. gr.

Öll meðferð og flutningur á sorpi og öðrum úrgangi skal vera þannig að fyllsta hreinlætis sé gætt.

Einingis er heimilt að losa úrgang á auglýstum afgreiðslu- og móttökutíma. Skylt er að hafa samband við stafsmenn stöðvarinnar þegar úrgangur er losaður og fara eftir fyrir mælum þeirra um meðferð og losun hans.

3. gr.

Skylt er hverjum þeim er hyggst losa sig við sorp, drasl eða annan úrgang á eigin vegum að flytja hann til Sorpeyðingarstöðvar Vestmannaeyja og flokka á gámasvæði samkvæmt skipulagi stöðvarinnar.

4. gr.

Sorpeyðingarstöðin tekur á móti húsa-, iðnaðar- og verslanaúrgangi, brotamálmum, úrgangsolíum og úrgangsvökvum, veiðarfærum, umbúðum hvers konar, úrgangi frá byggingaríðnaði, húsgögnum, heimilistækjum og öllu öðru sem eðlilegt getur talist að sorpeyðingarstöð taki á móti.

5. gr.

Á móttökusvæði sorpeyðingarstöðvarinnar skal flokka úrgang samkvæmt fyrirmælum starfsmanna og heilbrigðisfulltrúa.

Óheimilt er að blanda tegundum spilliefna saman og skal koma þeim í ílátum til móttökustöðvar.

Ennfremur er óheimilt að blanda brotamálmum, t. d. ónýtum bílum, heimilistækjum og þess háttar við brennanlegan úrgang. Stóra málmhluti skal búta í hæfilegar einingar, þó ekki lengri en 5 m.

Losun á mold, grjóti, torfi, salti, fiskúrgangi eða afbeitu skal gerð í samráði við starfsmenn stöðvarinnar.

Um flokkun á gleri er vísað til 7. gr.

2. KAFLI

Hreinsun sorps frá íbúðarhúsnæði.

6. gr.

Sérhver eigandi eða umráðamaður íbúðarhúsnæðis í Vestmannaeyjum er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við sorpgeymslu og sorphreinsun sem Sorpeyðingarstöð Vestmannaeyja ákveður í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpgeymslur skulu uppfylla ákvæði byggingar- og heilbrigðisreglugerða. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á veturna og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluíláta sinna, uppsetningu þeirra og viðhald.

7. gr.

Sorpeyðingarstöð Vestmannaeyja hreinsar allt brennanlegt sorp sem er í pokum, sbr. 8. gr. Enn fremur hreinsar Sorpeyðingarstöð Vestmannaeyja tilfallandi eðlilegan úrgang, svo sem umbúðir af heimilistækjum og hluti sem rúmast illa í pokum enda séu þeir auðveldir í meðförum fyrir einn mann.

Í sorpílát má einungis setja brennanlegan neysluúrgang (heimilissorp), t. d. matarleifar, umbúðir, ónýtan fatnað, blöð og pappír. Óheimilt er að setja í sorpílát mold, möl, grjót, byggingarúrgang, gras o. þ. h. Einnig er óheimilt að setja spilliefni (umhverfismengandi úrgang) í sorpílát. Loks er óheimilt að setja gler eða glerbrot í sorppoka eða sorpílát. Söfnun á gleri fer fram eftir nánari ákvörðun stjórnar Sorpeyðingarstöðvar Vestmannaeyja.

Sorppokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Bundið skal fyrir pokana og þannig frá þeim gengið að hvorki sé hætta á foki úr þeim né að fuglar eða skepnur komist í innihald þeirra.

8. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku. Sorpeyðingarstöð Vestmannaeyja leggur til poka í stað þeirra sem fjarlægðir eru.

9. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðisfulltrúa eða forstöðumanns sorpeyðingarstöðvar.

10. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það heilbrigðisfulltrúa eða forstöðumanni sorpeyðingarstöðvar sem hlutast til um að úr verði bætt.

Sorphirðumönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

11. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald skal lagt á hverja íbúð sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við fjölda sorppoka. Innifalið í sorphirðugjaldinu eru sorppokar samkvæmt 8. gr.

Sorphirðugjald skal innheimt með fasteignagjöldum ár hvert. Vestmannaeyjabæ er heimilt að takmarka fjölda sorpíláta við hverja fasteign.

3. KAFLI

Önnur hreinsun á sorpi.

12. gr.

Hreinsun, þ.m.t. flutningur úrgangs á vegum einstaklinga og fyrirtækja á þar til ætlað móttökusvæði skal framkvæma eftir fyrirmælum heilbrigðisfulltrúa og Sorpeyðingarstöðvar Vestmannaeyja og skal ítrasta þrifnaðar gætt.

Bæjarstjórn er heimilt að leggja á sérstakt sorpeyðingargjald vegna förgunar á úrgangi frá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum samkvæmt gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir.

Sorpeyðingargjald samkvæmt þessari grein skal lagt á fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök í samræmi við skiptingu í flokka samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Innifalið í sorpeyðingargjaldi eru 1 til 3 sorppokar á viku.

Gjöld þessi eru tryggð með lögveði, sbr. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

13. gr.

Sorpeymslur skulu uppfylla ákvæði byggingar- og heilbrigðisreglugerða. Sorpeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpeymslum á veturna og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Gámar sem notaðir eru skulu vera viðurkenndir af Sorpeyðingarstöð Vestmannaeyja. Heimilt er að nota sorppoka ef um lítið magn úrgangs er að ræða.

14. gr.

Hreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku.

15. gr.

Í gáma má einungis setja brennanlegan úrgang. Óheimilt er að losa í gáma, gler, spilliefni, efni sem sprengihætta getur stafað af, þunga málmhluti eða tærandi efni, svo og önnur þau efni sem sorpeyðingarstöðin tekur ekki við.

16. gr.

Fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök skulu annast flutning sorps til móttökusvæðis eða semja um flutning (hreinsun) við aðila sem uppfylla kröfur mengunarvarnareglugerðar nr. 396/1992, heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 og þessarar samþykktar, ásamt kröfum heilbrigðis-, umhverfis- og náttúruverndarnefndar Vestmannaeyja.

4. KAFLI
Gildistaka o.fl.

17. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum 32. og 33. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

18. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Umhverfissráðuneytið, 15. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ
fyrir sorphirðu í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðir er árlega sem hér greinir:

Sorphreinsunar- og sorppokagjald	kr. 2 000 á hverja íbúð.
Sorpeyðingargjald	kr. 5 000 á hverja íbúð.
Sorphirðugjald samtals:	kr. 7 000 á hverja íbúð.

Sorphirðugjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Sorpeyðingargjald fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök miðast við magn úrgangs og er árlega sem hér greinir:

Flokkur 1	einn poki á viku	kr. 7 000
Flokkur 2	2 til 3 pokar á viku	kr. 14 000
Flokkur 3	4 til 10 pokar á viku	kr. 28 000
Flokkur 4	11 til 30 pokar á viku	kr. 56 000
Flokkur 5	31 poki á viku eða fleiri	kr. 112 000

Heimilt er fyrirtækjum þar sem mikið magn úrgangs fellur til að gera sérsamninga við Sorpeyðingarstöðina.

Gjalddagar eru tveir, 5. apríl og 5. október. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af bæjarstjórn Vestmannaeyja 17. desember 1992, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytið, 15. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. stöðubann á Kirkjuteig við Laugarnesskóla frá kl. 08:00 til 16:00,
2. stöðubann á Logafold,
3. stöðvunarskylda á Framnesveg við Vesturgötu.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. janúar 1993.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 7. janúar 1993.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um lista yfir þá forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 og lög nr. 45/1991 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stofnun:

Forsætisráðuneyti.

Þjóðhagsstofnun

Menntamálaráðuneyti.

Háskóli Íslands

Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Kennaraháskóli Íslands

Rannsóknaráð ríkisins

Mennta-, fjölbrauta-, verkmennta-
og aðrir framhaldsskólar

Staða:

Forstjóri

Aðstoðarforstjóri

Háskólaritari

Forstöðumaður

Aðstoðarrekter

Framkvæmdastjóri

Rektorar, skólameistarar, skólastjórar

(til starfa annarra en kennslu)

Aðstoðarskólameistarar, yfirkennarar

(til starfa annarra en kennslu)

Námsgagnastofnun
Íþróttakennaraskóli Íslands
Grunnskólar

Fjármálastjóri
Skólameistari
Skólastjórar
(til starfa annarra en kennslu)
Yfirkennarar
(til starfa annarra en kennslu)

Fræðsluskrifstofur
Sérskólar

Fræðslustjórar
Skólastjórar
(til starfa annarra en kennslu)
Yfirkennarar
(til starfa annarra en kennslu)

Blindrabókasafn Íslands
Ríkisútvarp

Forstöðumaður
Fjármálastjóri

Utánríkisráðuneyti.

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli
Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli

Aðalfulltrúi
Skrifstofustjóri
Skrifstofustjóri

Landbúnaðarráðuneyti.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins
Sauðfjárveikivarnir
Landbúnaðarskólar

Aðstoðarforstjóri
Framkvæmdastjóri
Skólastjórar
(til starfa annarra en kennslu)
Yfirkennarar
(til starfa annarra en kennslu)
Skólameistari
(til starfa annarra en kennslu)
Yfirkennari
(til starfa annarra en kennslu)

Garðyrkjuskóli ríkisins

Forstjórar
Framkvæmdastjóri
Bústjóri

Áburðarverksmiðja ríkisins
Einangrunarstöð í Hrísey

Sjávarútvegsráðuneyti.

Hafrannsóknastofnun
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins
Fiskistofa
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveg-
anna
Síldarverksmiðjur ríkisins

Aðstoðarforstjóri, staðg. forstjóra
Yfirverkfræðingur, staðg. forstjóra
Varafiskistofustjóri
Forstöðumaður
Skrifstofustjóri
Framkvæmdastjóri
Skrifstofustjóri
Verksmiðjustjórar

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Rannsóknarlögregla ríkisins
Almannavarnir ríkisins
Sýslumenn
Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu
Fangelsið Litla-Hrauni
Fangelsið Kvíabryggju

Vararannsóknarlögreglustjóri
Framkvæmdastjóri
Aðalfulltrúar
Forstöðumaður
Forstöðumaður
Forstöðumaður

Félagsmálaráðuneyti.

Barnaverndarráð Íslands
 Unglingaheimili ríkisins
 Málefni fatlaðra, svæðisskrifstofur
 Málefni fatlaðra, sambýli, vistheimili,
 þjónustumiðstöðvar og meðferðarheimili
 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra
 Styrktarfélag vangefinna
 sambýli og vistheimili
 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ
 Skálatúnshemilið, Mosfellsbæ
 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Byggingarsjóður ríkisins

Framkvæmdastjóri
 Forstjóri
 Framkvæmdastjórar svæðisskrifstofa
 Forstöðumenn
 Aðstoðarforstöðumenn
 Forstöðumenn
 Forstöðumenn
 Aðstoðarforstöðumenn
 Forstöðumaður
 Forstöðumaður
 Forstöðumaður
 Framkvæmdastjóri
 Framkvæmdastjóri
 Aðstoðarframkvæmdastjóri

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Tryggingastofnun ríkisins
 Landlæknisembættið
 Embætti héraðslækna

Heyrnar- og talmeynastöð Íslands
 Sjónstöð Íslands
 Geislavarnir ríkisins
 Sjúkrahúsið Akranes

Sjúkrahúsið Patreksfirði
 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði

Sjúkrahús A-Húnavetninga, Blönduósi
 Sjúkrahúsið Sauðárkróki
 Sjúkrahúsið Siglufirði
 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Sjúkrahúsið Húsavík

Sjúkrahúsið Seyðisfirði
 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað
 Sjúkrahúsið Egilsstöðum
 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi
 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum
 Sjúkrahúsið Keflavík
 Sólvangur, Hafnarfirði

Ríkisspítalar

Gæsluvistarhælið Gunnarsholti

Skrifstofustjóri
 Aðstoðarlandlæknir
 Héraðslæknar
 Aðstoðarhéraðslæknir í Reykjavík
 Forstöðumaður
 Forstöðumaður
 Forstöðumaður
 Framkvæmdastjóri
 Skrifstofustjóri
 Framkvæmdastjóri
 Framkvæmdastjóri
 Fulltrúi framkvæmdastjóra
 Framkvæmdastjóri
 Framkvæmdastjóri
 Framkvæmdastjóri
 Framkvæmdastjóri
 Skrifstofustjóri
 Framkvæmdastjóri
 Fulltrúi framkvæmdastjóra
 Framkvæmdastjóri
 Framkvæmdastjóri
 Framkvæmdastjóri
 Framkvæmdastjóri
 Framkvæmdastjóri
 Framkvæmdastjóri
 Forstjóri
 Skrifstofustjóri
 Framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs
 Framkvæmdastjóri tæknisviðs
 Forstöðumaður
 Aðstoðarforstöðumaður

St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Sjúkrahús Hvammstanga
Sjúkrahús Bolungarvíkur
Sjúkraskýlið Hólmavík
Sjúkraskýlið Þingeyri
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri
Sundabúð II, Vopnafirði
Vistheimilið Sogni
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík
Heilsugæslustöðvar
Skólar heilbrigðisstétta

Framkvæmdastjóri
Skrifstofustjóri
Framkvæmdastjóri
Framkvæmdastjóri
Framkvæmdastjóri
Framkvæmdastjóri
Framkvæmdastjóri
Framkvæmdastjóri
Forstöðumaður
Forstjóri
Framkvæmdastjórar
Skólastjórar
(til starfa annarra en kennslu)
Yfirkennarar
(til starfa annarra en kennslu)

Fjármálaráðuneyti.

Ríkisskattstjóri
Skattstofan í Reykjavík
Skattstofa Vesturlands
Skattstofa Norðurlands-eystra
Skattstofa Suðurlands
Skattstofa Reykjanes
Tollstjórinn í Reykjavík
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
Innkaupastofnun ríkisins

Vararíkisskattstjóri
Skrifstofustjóri, staðgengill skattstjóra
Deildarstjóri, staðgengill skattstjóra
Skrifstofustjóri
Deildarstjóri, staðgengill skattstjóra
Skrifstofu- og varaskattstjóri
Skrifstofustjóri
Aðstoðarforstjóri
Skrifstofustjóri

Samgönguráðuneyti.

Vegagerð ríkisins
Vita- og hafnamálaskrifstofan
Vitastofnun Íslands
Siglingamálastofnun ríkisins
Rannsóknanefnd sjóslysa
Flugmálastjórn
Póst- og símamálastofnunin

Aðstoðarvegamálastjóri
Forstöðumaður tæknideildar
Forstöðumaður
Forstöðumaður skrifstofusviðs
Framkvæmdastjóri
Varaflugmálastjóri
Aðst. póst- og símamálastjóri
Framkvæmdastjórar
Umdæmisstjórar

Iðnaðarráðuneyti.

Einkaleyfastofan
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins
Rafmagnseftirlit ríkisins
Sementsverksmiðja ríkisins
Rafmagnsveitur ríkisins

Forstöðumaður
Aðstoðarforstjóri
Rafmagnseftirlitsstjóri
Forstjórar
Forstöðumaður fjármálasviðs
Forstöðumaður tæknisviðs

Viðskiptaráðuneyti.

Löggildingarstofan

Forstöðumaður

18. janúar 1993

43

Nr. 25

Umhverfisráðuneyti.

Náttúruverndarráð

Veiðistjóri

Náttúrufræðistofnun Íslands

Framkvæmdastjóri

Veiðistjóri

Forstöðumaður

Auglýsing þessi tekur gildi 1. febrúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 18. janúar 1993.

Friðrik Sophusson.

Birgir Guðjónsson.

18. janúar 1993

Nr. 26

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra nr. 170/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Fjárhæðir í 1. málsg. 5. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Í 1. tölulið 235 000 kr.

2. Í 2. tölulið 700 000 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 20. gr., sbr. a-lið 39. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 623/1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. janúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

18. janúar 1993

Nr. 27

AUGLÝSING

um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald, sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 68/1985, hefur verið ákveðið kr. 1 754 frá og með 1. febrúar 1993 og þar til öðruvísi verður ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 18. janúar 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 313 2. júlí 1991 um aðlögun fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjárafurða að innanlandsmarkaði, með síðari breytingu.

1. gr.

5. mgr. 27. gr., sbr. 2. gr. rg. nr. 183/1992, orðast svo:

Greiðslur vegna niðurfærslu fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjárafurða skulu greiddar handhafa réttar beinna greiðslna á lögbýlinu vegna framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1993-1994 samkvæmt skráum Framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. janúar 1993. Þetta gildir þó ekki ef gert er samkomulag á milli ábúanda og eiganda lögbýlis, þegar ekki er um sömu aðila að ræða, um annan hátt á greiðslum, enda berist skrifleg tilkynning þess efnis til landbúnaðarráðuneytisins fyrir 31. janúar 1993. Taki leiguliði við greiðslunum getur eigandi lögbýlis óskað eftir því við ábúðarlok að tekið verði tillit til þeirra við mat skv. 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, að því marki sem þær teljast bætur fyrir skerðingu á búrekstraraðstöðu eftir lok ábúðartímans.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. janúar 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um fullnustu refsídóma.

1. gr.

Fangelsismálastofnun tekur við refsíðómum til fullnustu frá ríkissaksóknara og Hæstarétti og öðrum dómum þar sem refsing er ákveðin. Sektardóma sendir stofnunin viðkomandi lögreglustjórum til fullnustu.

Stofnunin annast fullnustu varðhalds- og fangelsisdóma.

Fangelsismálastofnun felur viðkomandi lögreglustjórum innheimtu sakarkostnaðar og skal innheimtan falin þeim með úrskurði þar um.

2. gr.

Stofnunin tilkynnir dómþola um dóm hans og hvenær hann skuli mæta til afplánunar. Mæti dómþoli ekki til afplánunar á þeim tíma sem ákveðinn er í tilkynningu felur stofnunin viðkomandi lögreglustjóra að hafa upp á honum og færa hann í fangelsi.

3. gr.

Leiti dómþoli eftir fresti á að hefja afplánun er stofnuninni heimilt að veita hann, ef sérstakar aðstæður dómþola mæla með, í allt að sex mánuði frá þeim tíma er dómþoli átti upphaflega að hefja afplánun.

Við ákvörðunina skal tekið mið af alvarleika afbrots dómpöla, sakarferli, hversu langt er um liðið frá því afbrot var framið og öðru sem máli skiptir. Ekki skal veita frest á afplánun ef hætta er talin á að dómpöli misnoti hann og almennt skal frestur ekki vera lengri en einn mánuður í senn. Rétt er að binda slíkan frest þeim skilyrðum að dómpöli fremji ekki afbrot á fresttímanum, sé reglusamur og hafi samband við fangelsismálastofnun eins og fyrir hann er lagt. Einnig er heimilt að binda frestun skilyrðum sem getið er í 57. gr. almennra hegningarlaga. Í undantekningartilvikum má taka mið af fangafjölda þegar ákvörðun um frest er tekin.

Rjúfi dómpöli skilyrði fyrir frestun afplánunar er stofnuninni rétt að láta afplánun hefjast án frekari fyrirvara.

Mæti dómpöli ekki á þeim tíma sem ákveðinn hefur verið með frestveitingu felur stofnunin viðkomandi lögreglustjóra að hafa upp á honum og færa hann í fangelsi.

4. gr.

Fangelsismálastofnun veitir reynslulausnir skv. 40. gr. almennra hegningarlaga. Ákvarðanir stofnunarinnar skulu vera skriflegar og rökstuddar.

Stofnunin tekur á móti beiðnum um náðun af refsingu, tekur saman upplýsingar um þau mál og sendir náðunarnefnd sbr. 6. gr.

Stofnunin tilkynnir dómpöla um afgreiðslu dómsmálaráðherra á náðunarbeiðni.

Beiðni um náðun frestar framkvæmd refsingar þar til hún hefur verið afgreidd, enda sé hún fram komin eigi síðar en hálfum mánuði áður en afplánun skal hefjast. Sé náðunarbeiðni endurnýjuð frestar hún þó ekki framkvæmd refsingar, nema um sé að ræða nýjar upplýsingar um hagi dómpöla, sem ekki var unnt að leggja fram með fyrri beiðni.

5. gr.

Að jafnaði verður fanga ekki veitt reynslulausn ef ólokið er í refsivörslukerfinu máli á hendur honum þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi.

Fanga verður ekki veitt reynslulausn af blönduðum skilorðsdómi. Þó er unnt að víkja frá því ef sá dómur er síðastur í fullnusturöð fleiri dóma og öll refsing dómsins rúmast innan tímaskilyrða 1. og 2. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga. Heimilt er að veita fanga reynslulausn þó blandaður skilorðsdómur sé meðal þeirra dóma sem hann afplánar, enda sé þeim dómi haldið utan útreiknings á tímaskilyrðum 1. og 2. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga.

Að jafnaði verður fanga ekki veitt reynslulausn þegar liðinn er helmingur refsitímans, ef hann afplánar refsingu fyrir manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, meiriháttar fíkniefnabrot, brennu eða annað almennt hættubrot, rán, eða annað afbrot sem er sérlega gróft nema sérstakar ástæður mæli með, þ.m.t. lengd refsingar, persónulegar aðstæður og framúrskarandi hegðun í refsivistinni.

Að jafnaði verður fanga ekki veitt reynslulausn þegar liðinn er helmingur refsitímans, ef hann hefur áður afplánað óskilorðsbundnar refsingar tvívegis eða oftár, nema sérstakar ástæður mæli með, þ.m.t. lengd dómsins, persónulegar aðstæður og framúrskarandi hegðun í refsivistinni, eða að mörg ár eru liðin frá síðustu afplánun.

Að jafnaði verður fanga ekki veitt reynslulausn ef hann telst vera sibtrotamaður eða honum hefur ítrekað áður verið veittar reynslulausnir og rofið skilyrði þeirra, nema alveg sérstaklega standi á.

Reynslulausn verður ekki veitt ef slíkt þykir að öðru leyti óráðlegt vegna haga fangans.

Nú hefur dómþoli ekki hafið afplánun og er þá allt að einu heimilt að veita honum reynslulausn af refsingunni, ef hann hefur áður afplánað a.m.k. jafnlanga refsingu, og refsingin er einvörðungu vegna afbrota sem framin eru fyrir þá afplánun og hann hefur ekki verið dæmdur fyrir afbrot framin eftir að þeirri afplánun lauk og öðrum skilyrðum um veitingu reynslulausnar er fullnægt.

6. gr.

Heimilt er dómþolum að skjóta til dómsmálaráðherra ákvörðunum fangelsismálastofnunar um reynslulausnir.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, náðunarnefnd, til tveggja ára í senn, sem lætur honum í té rökstuddar tillögur um afgreiðslu erinda sem til hans er skotið skv. 1. mgr. þessarar greinar og um afgreiðslu náðunarbeiðna.

7. gr.

Nú hefur dómþola verið veitt skilorðsbundin náðun eða reynslulausn, eða hann dæmdur skilorðsbundið og umsjón gerð að skilyrði og skal þá fangelsismálastofnun fylgjast með því eftir föngum að hann haldi skilorðið. Rétt er stofnuninni í þessu skyni að leggja fyrir dómþola að tilkynna sig með reglubundnum hætti til stofnunarinnar símleiðis eða með því að koma á skrifstofu hennar, eða með öðrum hætti.

8. gr.

Fangelsismálastofnun tekur allar ákvarðanir skv. 41. gr. almennra hegningarlaga um lengd reynslutíma, skilyrði reynslulausnar og um að fella niður skilyrði reynslulausnar að nokkru eða öllu leyti.

9. gr.

Fangelsismálastofnun fjallar um skilorðsrof skv. 2. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga. Stofnunin fjallar með sama hætti um skilorðsrof þeirra sem hefur verið veitt náðun skilorðsbundið.

Stofnunin ákveður hvort breytt skuli skilyrðum og reynslu- og/eða tilsjónartími lengdur allt að lögmæltu hámarki hans eða að dómþoli taki út refsingu þá sem eftir stendur.

Ákvörðun fangelsismálastofnunar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal vera skrifleg og rökstudd. Fangelsismálastofnun birtir eða lætur birta dómþola ákvörðunina með sannanlegum hætti og er óheimilt að láta hann taka út eftirstöðvar refsingar fyrr en eftir birtingu.

10. gr.

Nú hefur fangelsismálastofnun tekið ákvörðun um að dómþoli skuli afplána eftirstöðvar refsingar, sem honum hefur verið veitt skilorðsbundin reynslulausn á eða náðun af, vegna skilorðsrofs, og dómþoli er frjáls ferða sinna, og er þá stofnuninni rétt að fela viðkomandi lögreglustjóra að hafa upp á dómþola til að birta honum ákvörðunina og eftir atvikum að færa hann í fangelsi.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48 frá 19. maí 1988 og 40.–42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur brott reglugerð um upphaf og lok fangavistar nr. 569 frá 30. desember 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. janúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 449, 15. nóvember 1990,
um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðar-
húsnæði með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr.:

- a. Í stað orðanna „60% virðisaukaskatts“ í 1. stafl. komi: virðisaukaskatt.
- b. Í stað orðanna „60% virðisaukaskatts“ í 2. stafl. komi: virðisaukaskatt.

2. gr.

Eftirtalдар breytingar verða á 10. gr.:

- a. Hundraðshluti í fyrsta staflið verði: 7,75%
- b. Hundraðshluti í öðrum staflið verði: 8,75%
- c. Hundraðshluti í þriðja staflið verði: 6,25%

3. gr.

Reglugerð þessi, sett með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, gildir frá 1. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 15. janúar 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

REGLUR

um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði árið 1993.

1. gr.

Á árinu 1993 er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að ráðstafa allt að 500 m.kr. sem sveitarfélög greiða Atvinnuleysistryggingasjóði á árinu, til að styrkja sérstök verkefni á ábyrgð sveitarfélaga til að fjölga atvinnutækifærum í samræmi við reglur þessar.

Reglur þessar ná ekki til styrkja samkvæmt 37. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

2. gr.

Fjárhæð styrks skal vera jafnhá þeim atvinnuleysisbótum, að viðbættu barnaálagi og lífeyrissjóðsgreiðslu, sem ella hefðu verið greiddar þeim einstaklingum sem falla af atvinnuleysisskrá vegna þátttöku í verkefninu.

Annar kostnaður við verkefnið, sem umfram er, s.s. launakostnaður umfram atvinnuleysisbætur, þ.m.t. launatengd gjöld, efniskostnaður, stjórnunarkostnaður, kostnaður við eftirlit og umsýslu, skipulagningu og undirbúning, skal borinn af viðkomandi sveitarfélagi eða vera á ábyrgð þess.

3. gr.

Til að verkefni teljist styrkhæft þarf það að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Vera til að fjölga atvinnutækifærum í sveitarfélaginu.
2. Vera unnið á ábyrgð sveitarfélags. Framkvæmd verkefnis getur hvort sem er verið á vegum sveitarfélagsins sjálfs eða þriðja aðila.
3. Vera skýrt afmarkað og tímabundið. Verkefnið skal að jafnaði ekki ná yfir lengri tíma en sex mánuði.
4. Vera nýtt viðfangsefni eða verkefni umfram venjuleg umsvif. Hefðbundin viðfangsefni sveitarfélaga, s.s. gatna- og lóðahreinsun, gatna- og holræsalagnir eru ekki styrkhæf nema um sérstakt tíma- og staðbundið átaksverkefni sé að ræða. Heimilt er að styrkja verkefni þar sem samþætt er fræðsla og vinna.
5. Nota vinnuafli á atvinnuleysisskrá í viðkomandi sveitarfélagi. Þeir sem lengst hafa verið á atvinnuleysisskrá skulu hafa forgang að starfi við verkefnið. Verkefni við atvinnusköpun fyrir fólk, sem ekki á bótarétt úr Atvinnuleysistryggingasjóði eru ekki styrkhæf.

4. gr.

Við mat á umsóknum skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs veita forgang umsóknum frá sveitarfélögum þar sem atvinnuleysi er alvarlegast.

5. gr.

Sveitarfélög sem hyggjast sækja um styrk samkvæmt reglum þessum skulu senda stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs umsókn þar að lútandi. Með umsókn skulu fylgja nákvæmar upplýsingar um verkefnið s.s. kostnaði við það, framkvæmdaaðila, áhrifum þess á atvinnuástand í sveitarfélaginu ásamt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 1992 og 1993. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um atvinnuleysi í sveitarfélaginu samkvæmt atvinnuleysiskráningu.

6. gr.

Þegar stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tekur styrkumsóknir til umfjöllunar og afgreiðslu skulu tveir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga taka þar sæti. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa atkvæðisrétt eins og aðrir stjórnarmenn þegar styrkumsóknir eru teknar til afgreiðslu.

Kostnaður vegna fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs greiðist af Atvinnuleysistryggingasjóði.

7. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal hraða umfjöllun og afgreiðslu styrkumsókna svo sem kostur er. Telji stjórnin frekari upplýsinga þörf skal viðkomandi sveitarstjórn gert viðvart án tafar og tímafrestur gefinn til að skila viðbótarupplýsingum.

Afgreiðslu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs skal að jafnaði lokið fjórum vikum eftir að fullnægjandi umsókn hefur borist stjórninni.

8. gr.

Þegar stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs ásamt fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga hefur fjallað um og afgreitt umsóknir af sinni hálfu skal hún leggja tillögu sína um afgreiðslu umsóknar fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Þess skal freistað að ná samstöðu innan stjórnarinnar um afgreiðslu umsóknar.

Nú verður ágreiningur í stjórninni um afgreiðslu umsóknar og skal þá gerð grein fyrir ágreiningnum í tillögunni til ráðherra um afgreiðslu umsóknar og hvernig atkvæði féllu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal að jafnaði innan viku frá því að tillaga um afgreiðslu barst frá stjórninni staðfesta tillöguna eða hafna henni.

9. gr.

Eftir að verkefni hefst, sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur samþykkt og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra staðfest skal Atvinnuleysistryggingasjóður greiða styrkfjárhæð með föstum mánaðarlegum greiðslum eftir á þann tíma sem verkefnið stendur yfir.

10. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal fylgjast með því að verkefni, sem styrkt er samkvæmt reglum þessum sé framkvæmt með þeim hætti sem ráðgert var.

Komi í ljós að framkvæmd verkefnis sé á einhvern hátt ekki í samræmi við upplýsingar er stjórn sjóðsins heimilt að stöðva greiðslu styrksins.

11. gr.

Kostnaður við verkefni skal færður sérstaklega og haldið aðskilið frá öðrum kostnaði hjá viðkomandi sveitarfélagi eða þeim aðila sem annast framkvæmd verksins á ábyrgð sveitarfélagsins.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að óska eftir því að Ríkisendurskoðun endurskoði bókhald þeirra verkefna sem unnin eru með styrk samkvæmt reglum þessum.

12. gr.

Innan fjögurra vikna frá því að verkefni lýkur skal sveitarfélag senda stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skilagrein um verkefnið.

13. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stöð í 1. gr. laga nr. 107/1992 um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. janúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í febrúarmánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í febrúarmánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

- | | |
|---|---------------|
| 1. Skreið | Útborgun 1,4% |
| 2. Hörpudiskafurðir | Útborgun 4,5% |
| 3. Afurðir lýsis- og mjölverksmiðja, þó ekki unnið lýsi | Útborgun 6,9% |

Ofangreindar útborganir eru af reikningum deilda fyrir viðkomandi afurðir úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða einhvers reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurða í febrúarmánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. janúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 53 27. febrúar 1976 um mannflutninga í loftförum, sbr. rg. nr. 293/1979, 443/1979 og 251/1984 um breytingar á henni.

1. gr.

Við grein 4.1 bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Frá og með 1. apríl 1993 eru ekki heimilar reykingar í flugi með farþega milli Íslands og annarra Evrópulanda.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1993 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. janúar 1993.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um starfsemi Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði.

1. gr.

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði er endurhæfingardeild og heilsuhæli í eigu Náttúrulækningafélags Íslands, sem annast sjúklinga sem búið er að sjúkdómsgreina og þarfnast meðferðar.

Meðferð á endurhæfingardeild er fölgín í endurhæfingu sbr. 5. málsg. 24. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum. Starfsemi heilsuhælis er meðal annars fölgín í heilsurækt og heilsuverndarstarfi í anda náttúrulækningastefnunnar í samræmi við íslenska heilbrigðislöggjöf og íslenska heilbrigðisáætlun.

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði er sjálfstæð stofnun, rekin sem sér rekstrareining með sjálfstæðan fjárhag og sérstaka stjórn.

2. gr.

Stjórn Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði skal skipuð í samræmi við 4. málsg. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990, með síðari breytingum. Stjórnin skal þannig skipuð að eigendur stofnunarinnar kjósa þrjá fulltrúa, starfsmannaráð stofnunarinnar kýs einn fulltrúa og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilnefni einn fulltrúa. Við ríkisstjórnaskipti er ráðherra heimilt að skipta um fulltrúa sinn.

Fulltrúar ráðherra og eigenda mega ekki vera starfsmenn stofnunarinnar. Fulltrúi starfsmanna skal vera í a.m.k. hálfu starfi við stofnunina.

Kjörtímabil stjórnar er 2 ár.

Varamenn í stjórn skulu valdir á sama hátt og aðalmenn.

3. gr.

Stjórn Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þörf krefur eða þegar tveir stjórnarmenn óska þess.

Til fundar skal boða með tryggilegum hætti.

Fjöldi atkvæða ræður úrslitum allra mála, sem stjórninni er falið að ráða.

Fundur stjórnar telst lögmætur ef meirihluti stjórnar situr fund og til hans hefur verið boðað með löglegum hætti.

4. gr.

Stjórn Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði ræður framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra og yfirlækni í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum.

Með verkaskiptingu milli framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra og yfirlæknis fer skv. 29. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum.

5. gr.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk en um getur í 4. gr. í samráði við yfirlækni og hjúkrunarforstjóra eftir því sem við á. Framkvæmdastjóri ræður og annað starfsfólk stofnunarinnar.

Um kjör starfsfólks fer eftir gildandi kjarasamningum eins og þeir eru á hverjum tíma.

6. gr.

Framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra og yfirlækni skal heimilt að sitja fundi stjórnar stofnunarinnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir stofnunina. Slík áætlun skal gerð a.m.k. tvö ár fram í tímann en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánu samstarfi við yfirlækni, framkvæmdastjóra og hjúkrunarforstjóra.

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal sjá um að rekstrarútgjöld hennar séu innan þeirra marka er tekjur og fjárveitingar leyfa.

9. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

Um Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Ísland í Hveragerði gilda að öðru leyti og eftir því sem við á lög og reglugerðir um heilbrigðisstofnanir, svo sem ákvæði um eftirlit, skýrslugerðir og geymslu sjúkragagna.

11. gr.

Verði Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði lögð niður renna eignir stofnunarinnar til Náttúrulækningafélags Íslands, ef það félag er starfandi en að öðrum kosti til ríkisins.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. málgr. 24. gr. laga nr. 97/1990, með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Reglugerðin tekur ekki til stofnunar eða slita eldri fjárhagsskuldbindinga, sem stjórn N.L.F.Í. hefur löglega gert samkvæmt samþykktum félagsins. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 535/1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. janúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

S A M Þ Y K K T

um búfjárhald í Hvolhreppi.

1. gr.

Í Hvolhreppi er búfjárhald óheimilt utan lögbýla. Hreppsnefnd getur þó veitt leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari. Umsókn um leyfi til búfjárhalds skal senda til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda.

2. gr.

Lausaganga búfjár, hverju nafni sem nefnist, er bönnuð í Hvolhreppi.

3. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Tað og annan úrgang frá búfénu skal fjarlægja.

4. gr.

Hreppsnefnd veitir leyfi til búfjárhalds. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

5. gr.

Búfjäreftirlitsmaður (forðagæslumaður) hreppsins annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna, eftir atvikum, þá búfjäreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur. Lausagöngufénað skal handsama og skrá. Skylt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

7. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. janúar 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 183/1990 og 197/1990,
um skil á staðgreiðslu.**

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftirtaldir aðilar eru innheimtumenn staðgreiðslu og taka við staðgreiðslufé og skilagreinum ef þær eru ekki inntar af hendi í bönkum, sparisjóðum eða pósthúsum með greiðslu inn á gíróreikning:

A. Gjaldheimtur:

Gjaldheimtan í Reykjavík.
Gjaldheimtan í Mosfellsbæ.
Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi.
Gjaldheimtan, Garðabæ.
Gjaldheimta Suðurnesja, Njarðvík.

B. Sýslumenn:

Sýslumaðurinn á Akranesi.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi.
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi.
Sýslumaðurinn í Búðardal.
Sýslumaðurinn á Patreksfirði.
Sýslumaðurinn í Bolungarvík.
Sýslumaðurinn á Ísafirði.
Sýslumaðurinn á Hólmavík.
Sýslumaðurinn á Blönduósi.
Sýslumaðurinn í Vík.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.
Sýslumaðurinn á Selfossi.
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.
Sýslumaðurinn í Kópavogi.
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki.
Sýslumaðurinn á Siglufirði.
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði.
Sýslumaðurinn á Akureyri.
Sýslumaðurinn á Húsavík.
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.
Sýslumaðurinn á Neskaupstað.
Sýslumaðurinn á Eskifirði.
Sýslumaðurinn á Höfn.

2. gr.

Launagreiðandi sem gerir skil á staðgreiðslu skal skila skilagreinum í því umdæmi sem hann á lögheimili hvort sem er á skrifstofu innheimtumanns eða til banka.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 20. og 21. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. janúar 1993.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 37/1989, um greiðslu skv. 38. gr. laga
um staðgreiðslu opinberra gjalda.

1. gr.

3. mgr. orðist svo:

Maður skal skila greiðslu skv. reglugerð þessari ásamt skilagrein í því umdæmi þar sem hann á lögheimili. Skil skal gera til gjaldheimtna þar sem þær eru starfandi en annars staðar til sýslumanns.

Eftirtaldir aðilar eru innheimtumenn staðgreiðslu og taka við staðgreiðslufé og skilagreinum:

A. Gjaldheimtur:

Gjaldheimtan í Reykjavík.
Gjaldheimtan í Mosfellsbæ.
Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi.
Gjaldheimtan, Garðabæ.
Gjaldheimta Suðurnesja, Njarðvík.

B. Sýslumenn:

Sýslumaðurinn á Akranesi.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi.
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi.
Sýslumaðurinn í Búðardal.
Sýslumaðurinn á Patreksfirði.
Sýslumaðurinn í Bolungarvík.
Sýslumaðurinn á Ísafirði.
Sýslumaðurinn á Hólmavík.
Sýslumaðurinn á Blönduósi.
Sýslumaðurinn í Vík.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.
Sýslumaðurinn á Selfossi.
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.
Sýslumaðurinn í Kópavogi.
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki.
Sýslumaðurinn á Siglufirði.
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði.
Sýslumaðurinn á Akureyri.
Sýslumaðurinn á Húsavík.
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.
Sýslumaðurinn á Neskaupstað.
Sýslumaðurinn á Eskifirði.
Sýslumaðurinn á Höfn.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 41. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. janúar 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 – 1993

28. janúar 1993

57

Nr. 38

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

A-hluti.

Rafveita Akraness selur rafmagn á því verði sem greint er frá í B-hluta gjaldskrár rafveitunnar. Um sölu rafmagns á orkuveitusvæði Rafveitu Akraness gilda auk þess eftirfarandi ákvæði og skýringar:

Ákvæði og skýringar.

- A1.** Til lýsingar véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum, sjúkrahúsum, vistheimilum og öðrum stofnunum.
- B1.** Til notkunar á heimilum.
- B2.** Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu. Einnig til véla og annara nota við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 30% ástimplaðri flutningsgetu tengla sem eru 3x63 A og 3x125 A, 380 V.
- C1.** Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW. ársafl. Gjaldstofn aflgjalds er úttekt í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafli í 15 mín. Heimilt er að selja einnig rafmagn til lýsingar samkvæmt þessum taxa, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, en greiða skal þá þrefalt fastagjald.

Hitanotkun.

Raforka til hitunar er seld til upphitunar húsnæðis og til iðnaðarhitunar.

- D.** Öll sala til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m.a. með tilliti til:
 - a.** Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
 - b.** Að vélaaflspennar og rafstrengir þoli álagið.
 - c.** Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu.
 - d.** Að straumur sé rofinn á álagstímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
 - e.** Að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fastengdir, hafi rofa og hitastilla.
 - f.** Að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni, er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á D1.

B 5

Steindórsprent Gutenberg hf.

- g. Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, og notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi. Sama gildir ef leyfi er ekki notað í tvö ár.
- D5. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. október, ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.
- D6. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofin í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a.m.k. jafn mikið afl órofið.

Annað.

1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
2. Gjald samkv. taxta E2 miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnefndunni rafveitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu álitni rafveitunefndar. Á hafnarsvæðinu er heimilt að selja rafmagn til skipa samkvæmt blönduðum taxta á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknast á hitataxta D1., en a.m.k. 15% notkunar reiknast á taxta B2. Slík sala er háð samþykki rafveitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxta innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samræmi við þá skiptingu.
3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir endurofnun samkvæmt þessum lið E3.
4. Purfi að senda út lokunartilkyningu vegna vanskila á greiðslu skal viðskiptamaður greiða aukalega innheimtugjald samkv. lið E4.
5. Purfi að ósk viðskiptamanns að lesa aukalega á mæli skal hann greiða álestrargjald, nema að um flutning sé að ræða.
6. Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Mæla- og rofaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,9. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundaverð umrædds mánaðar hækka um 7% fyrir hvert tímabil mánaðarins, sem fer niður fyrir slíkt lágmark. Ársleiga fyrir önnur mælitæki en um getur í B-hluta gjaldskrárinnar skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi búnaðar.

Heimtaugar.

- a. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- b. Í tengigjaldi heimtaugar er innifalinn 15 m. löng heimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengd bráðabirgðarheimtauga reiknast samkv. kostnaði.
- c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breyting er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.

- d. Tengigjald vegna spennistöðvar skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.
- e. Viðskiptamaður getur fengið skammtímatengingu við dreifikerfi rafveitunnar (7 dagar er hámark). Leggi rafveitan einnig til sérsníðaða töflu skal greiða tvöfalt gjald. Auk þessa greiðist orkugjald samkv. B2. Ef tenging fer fram utan daglegs vinnutíma skal viðskiptamaður greiða áfallinn viðbótarkostnað.
- f. Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Ýmis ákvæði.

Á mæla skal að jafnaði lesið einu sinni eða tvisvar á ári. Rafveitunni er heimilt að áætla notkun og gefa út reikninga mánaðarlega þess á milli. Heimilt er að fela pósthjónustu útburð reikninga.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækkanna, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. janúar 1993. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 476, 9. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

B-hluti

	Fastagjald kr/ár	Orkuverð kr/kWh
A1. Almenn notkun	2 180	6,79
B1. Heimilisnotkun	2 180	5,52
B2. Mannv. gerð og hafnarsv.	3 250	9,22
C1. Stórnotkun (Afltaxi)	24 826	2,39
Aflgjald kr/kW/ár	6 915	

D1.	Hitun án rofs	3 675	5,28
D2.	Hitun, rof 1,5 klst.	3 675	2,85
D3.	Hitun, rof 2,5 klst.	3 675	2,58
D4.	Næturhitun	3 675	1,85
D5.	Sumarhitun	3 675	1,99
D6.	Rof breytilegt	3.675	2,35
E1.	Sérsamningar		
E2.	Gatna- og hafnarlýsing	24 050 kr/kVA/ár	
E3.	Lokun og endurofnun veitu	1 040 kr	
E4.	Innheimtugjald	500 kr	
E5.	Álestrargjald	500 kr	

Leigugjöld

10	Einfasa mælir	388 kr/ár
11	Einfasa mælir með liða	1.999 kr/ár
20	Prífasa mælir	1 511 kr/ár
21	Prífasa mælir með liða	2 963 kr/ár
24	Prífasa mælir með str.sp.	3 780 kr/ár
30	Prífasa aflmælir	2 372 kr/ár
31	Prífasa aflm.m/str.sp.	4 600 kr/ár

Heimtaugar

Málstærð	Stofngjald	Gjald yfirlengdar
63 A 1 fasi	30 965 kr	1 333 kr/m
63 A 3ja fasa	52 800 kr	1 628 kr/m
100 A 3ja fasa	75 900 kr	1 959 kr/m
200 A 3ja fasa	134 200 kr	2 738 kr/m
300 A 3ja fasa	220 000 kr	3 906 kr/m
350 A 3ja fasa	220 000 kr	3 906 kr/m

Spennistöðvar

Stærð spennis	Stofngjald	Stærð spennis	Stofngjald
300 kVA	255 000 kr	600 kVA	594 000 kr
500 kVA	517 000 kr	800 kVA	792 000 kr

Bráðabirgðheimtaugar

Málstærð	Stofngjald	Málstærð	Stofngjald
35 A einfasa	8 000 kr	60 A 3 fasa	14 100 kr
35 A 3ja fasa	11 500 kr		
Tengigjald v/skammtímanotkunar		2 500 kr	
Tenging við Akraneshöfn		1 986 kr	

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 476, 9. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1993.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 – 1993

1. febrúar 1993

61

Nr. 40

AUGLÝSING

um tollafgreiðslugengi í febrúar 1993.

Nýtt tollafgreiðslugengi fyrir írskt pund verður skráð 2. febrúar 1993.

Írskt pund IEP 96,716

Tollverð vöru samkvæmt auglýsingu þessari skal ná til allra vara sem ótollafgreiddar eru frá og með 2. febrúar. Um tollvarning sem fengið hefur bráðabirgða tollafgreiðslu eða heimilaður hefur verið tímabundinn innflutningur á skulu gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 605/1987. Tollverð annarra vara en þeirra sem keyptar eru fyrir írskt pund skal fara samkvæmt tollgengisskráningu 28. janúar 1993 sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar.

Auglýsing þessi er birt til að öðlast gildi þegar í stað, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 605/1987, um tollafgreiðslugengi vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum.

Fjármálaráðuneytið, 1. febrúar 1993.

F. h. r.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Jón H. Steingrímsson.

28. janúar 1993

Nr. 41

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Hvammstanga árið 1993.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir Sorphirðugjald Kr. 4 450

B) Fyrirtæki	flokkur 1	Sorphirðugjald	Kr.	4 450
	flokkur 2	Sorphirðugjald	Kr.	13 350
	flokkur 3	Sorphirðugjald	Kr.	22 250
	flokkur 4	Sorphirðugjald	Kr.	53 400
	flokkur 5	Sorphirðugjald	Kr.	111 250
	flokkur 6	Sorphirðugjald	Kr.	222 500
	flokkur 7	Sorphirðugjald	Kr.	249 200

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka, m. a. eftir magni úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 28. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 346 7. september 1992, um þorskfisknet.

1. gr.

Í stað orðanna: „31. janúar“ í 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar komi: 15. febrúar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. janúar 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 – 1993

4. febrúar 1993

63

Nr. 43

REGLUGERÐ

um bann við veiðum fyrir Norðurlandi og Vesturlandi.

1. gr.

Frá og með 7. febrúar 1993 til og með 31. mars 1993 eru allar veiðar með línu bannaðar á eftirgreindum svæðum fyrir Norðurlandi og Vesturlandi:

1. Á svæði SV af Grímsey, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. $66^{\circ}30'N - 18^{\circ}23'V$
2. $66^{\circ}30'N - 18^{\circ}07'V$
3. $66^{\circ}19'N - 18^{\circ}07'V$
4. $66^{\circ}19'N - 18^{\circ}23'V$

2. Á Fljótagrunni á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. $66^{\circ}04,5'N - 19^{\circ}21'V$
2. $66^{\circ}13,0'N - 19^{\circ}21'V$
3. $66^{\circ}13,0'N - 19^{\circ}05'V$
4. $66^{\circ}04,5'N - 19^{\circ}08'V$

3. Í Húnaflóa á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. $66^{\circ}16'N - 21^{\circ}58'V$
2. $66^{\circ}16'N - 21^{\circ}14'V$
3. $66^{\circ}00'N - 21^{\circ}06'V$
4. $66^{\circ}00'N - 21^{\circ}00'V$
5. $65^{\circ}50'N - 21^{\circ}00'V$
6. $65^{\circ}50'N - 21^{\circ}17'V$

4. Norður af Garðskaga á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. $64^{\circ}10'N - 22^{\circ}59'V$
2. $64^{\circ}16'N - 22^{\circ}50'V$
3. $64^{\circ}14'N - 22^{\circ}38'V$
4. $64^{\circ}08'N - 22^{\circ}47'V$

5. Í norðanverðum Faxaflóa á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. Göltur við Hellnanes
2. $64^{\circ}41,5'N - 22^{\circ}54'V$
3. $64^{\circ}28,5'N - 23^{\circ}09'V$
4. $64^{\circ}26,0'N - 22^{\circ}59'V$
5. $64^{\circ}38,0'N - 22^{\circ}46'V$
6. Þormóðssker

2. gr.

Á Skagagrunni eru veiðar með línu, fiskibotn- og flotvörpu bannaðar frá og með 7. febrúar 1993 til og með 31. mars 1993 á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. $66^{\circ}31'N - 20^{\circ}15'V$
2. $66^{\circ}31'N - 19^{\circ}55'V$
3. $66^{\circ}25'N - 20^{\circ}00'V$
4. $66^{\circ}11'N - 19^{\circ}57'V$
5. $66^{\circ}11'N - 20^{\circ}33'V$

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjálfseignarstofnunina Sólheima í Grímsnesi.

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og heitir Sólheimar. Heimili og varnarþing er Grímsnes-hreppur í Árnessýslu.

2. gr.

Eignir stofnunarinnar eru Sólheimar í Grímsnesi, sem barnaheimilisnefnd Þjóðkirkjunnar og Sesselja Sigmundsdóttir stofnsettu, þ.e. jörðin Hverkakot ásamt húsum öllum og mannvirkjum, búpeningi, tækjum, innanstokksmunum og öðru því sem þessari stofnun tilheyrir auk þess sem hún síðar kann að eignast fyrir gjöf eða á annan hátt. Á eignunum hvíla þær skuldir sem stofnað hefur verið til vegna heimilisins.

Um framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til uppbyggingar heimilisins skal gerður eignaskiptasamningur í samræmi við reglugerð nr. 328 frá 1986 um stofnkostnað skv. lögum um málefni fatlaðra nr. 41/1983.

3. gr.

Tilgangur Sólheima er að starfrækja heimili, þjónustumiðstöð og verndaða vinnustaði fyrir fatlaða þar sem þeim er veitt þjálfun og leiðsögn með það að markmiði að gera þeim kleift að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í samfélaginu þar sem þeim vegnar best.

Ennfremur að reka heilsuhæli, endurhæfingarstöð, gróðrarstöð, garðyrkjustöð, verslun og aðra slíka starfsemi, ýmist með beinum hætti eða aðild að sjálfstæðum rekstrarfélögum.

Sólheimum er heimilt að koma upp og reka félagslegar íbúðir.

Styrktarsjóður Sólheima hefur sjálfstæðan fjárhag og starfar samkvæmt sérstakri skipulagsskrá.

4. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal sjá um að heimilið sé rekið í samræmi við gildandi lög um málefni fatlaðra og að þær hefðir sem skapast hafa í rekstri heimilisins séu í heiðri hafðar.

5. gr.

Sjálfseignarstofnuninni stjórnar fulltrúaráð, skipað 21 fulltrúa, sem prestastefna tilnefna. Falli einhver fulltrúanna frá, eða hverfi úr ráðinu af öðrum ástæðum, skal prestastefna skipa fulltrúa í hans stað að fengnum tillögum fulltrúaráðsins.

6. gr.

Úr hópi fulltrúaráðsmanna skal kjósa framkvæmdastjórn skipaða 5 mönnum til eins árs í senn. Stjórnarformann skal kjósa sérstakri kosningu. Endurkjósa má stjórnarmann.

7. gr.

Fulltrúaráðið skal koma saman til fundar eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Framkvæmdastjórn boðar fulltrúaráð til fundar. Fyrir ráðið skal leggja til staðfestingar fjárhagsáætlun sjálfseignarstofnunarinnar svo og ársreikninga hverju sinni.

Fyrir fulltrúaráðið skal ennfremur leggja allar þær meiriháttar ákvarðanir um rekstur stofnunarinnar, sem framkvæmdastjórn telur nauðsynlegt að bera undir ráðið, eða a.m.k. 7 fulltrúaráðsmenn óska skriflega eftir að tekið sé fyrir á ráðsfundi.

Fulltrúaráðið ræður lögiltan endurskoðanda til þess að endurskoða reikninga heimilisins.

Fulltrúaráðið kýs 2 menn úr sínum hópi sem endurskoðendur.

Fulltrúaráðið sendir prestastefnu ársskýrslu.

8. gr.

Framkvæmdastjórn ræður forstöðumann til að annast daglegan rekstur heimilisins og stjórnun þess og setur honum erindisbréf.

Eigi má veðsetja jörð og hús fyrir nýjum lánnum nema með fullu samþykki framkvæmdastjórnar og dómsmálaráðuneytisins, sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988.

Eigi má binda eignir stofnunarinnar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að hætta rekstri heimilisins skulu samþykktar af 2/3 hluta allra fulltrúaráðsmanna og staðfest af prestastefnu.

Verði heimilið lagt niður skal prestastefnu falið að verja eignum þess í þágu fatlaðra eða annarrar starfsemi í þágu þjóðkirkjunnar.

Styrkir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra eru endurkræfir í samræmi við gildandi lög verði heimilið lagt niður eða starfsemi þess breytt.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir sjálfseignarstofnunina Sólheima í Grímsnesi frá 30. mars 1987, sem jafnframt fellur úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. janúar 1993.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Sólheima í Grímsnesi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Sólheimar. Stofnandi hans er fulltrúaráð Sólheima. Lögheimili sjóðsins er Grímsneshreppur í Árnessýslu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 450 000, – fjögur hundruð og fimmtíu þúsund krónur –. Stofnfé sjóðsins má ekki skerða.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Gjafir, áheit og önnur frjáls framlög til styrktar og uppbyggingar starfs og aðstöðu á Sólheimum í Grímsnesi.
2. Tekjur umfram gjöld af rekstri vinnustaða á Sólheimum.
3. Vaxtatekjur af eignum sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að veita styrki eða lán til verklegra framkvæmda á Sólheimum.
2. Að veita styrki eða lán til kaupa á áhöldum eða verkfærum fyrir Sólheima.
3. Að veita starfsfólki eða öðrum styrki eða lán til náms eða námsdvalar á sviði er tengist starfi Sólheima.
4. Að styrkja ferðalög, sumardvalir og annað frítímastarf vistfólks á Sólheimum.
5. Að greiða kostnað vegna fjáraflana sjóðsins og heimilisins.

Sjóðnum er heimilt að kaupa eða byggja og reka félagslegar íbúðir, orlofsíbúðir og annars konar húsnæði.

Sjóðnum er ennfremur heimilt að eiga aðild að atvinnurekstri og standa fyrir sjálfstæðum fjáröflunum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Formaður stjórnar Sólheima skal vera formaður sjóðstjórnar. Fulltrúaráð Sólheima kýs aðra stjórnarmenn til eins árs í senn. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðun innan sjóðstjórnar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ásamt forstöðumanni annast daglegan rekstur sjóðsins og umsjón hans. Gerðir sjóðsins og fjárhagur eru að öllu leyti aðskilin rekstri Sólheima.

Sjóðstjórn semur ársreikninga sjóðsins og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum Sólheima. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Stjórn sjóðsins, með samþykki $\frac{2}{3}$ hluta fulltrúaráðsmanna, getur breytt skipulagsskrá þessari ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna eða lagt sjóðinn niður.

8. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skal eignum hans varið í þágu Sólheima í Grímsnesi eða annarrar starfsemi þjóðkirkjunnar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. janúar 1993.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Seyðisfirði árið 1993.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í kaupstaðnum. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar og eindagar sorphirðugjaldsins þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir	Sorphreinsigjald	Kr.	2 550
	Sorpeyðingargjald	Kr.	1 450
B) Fyrirtæki	Sorphreinsigjald	Kr.	5 100
	Flokkur 1 Sorpeyðingargjald	Kr.	10 000
	Flokkur 2 Sorpeyðingargjald	Kr.	20 000
	Flokkur 3 Sorpeyðingargjald	Kr.	40 000
	Flokkur 4 Sorpeyðingargjald	Kr.	60 000
	Flokkur 5 Sorpeyðingargjald	Kr.	80 000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 29. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 641 30. desember 1991 um flutningaflug, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Grein 4.3.4.4 orðist svo:

Varaflugvellir ákvörðunarstaðar á Íslandi og Grænlandi.

Þegar fljúga á í samræmi við blindflugsreglur innanlands eða til Íslands, skal í leiðarflug-
ætlun og í flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu (ATS) tilgreina að minnsta kosti einn
varaflugvöll í samræmi við grein 4.3.6.2.1 a) þegar um skrífuflugvélar er að ræða og grein
4.3.6.3.1 a) þegar um þotur er að ræða. Sama gildir um flug til Grænlands.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og
tekur til íslenskra flugvéla, svo og annarra flugvéla, sem íslenskur flugrekandi notar eða ræður
yfir, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 19. janúar 1993.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

1. febrúar 1993

Nr. 48

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf.,
nr. 215 10. maí 1991.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Gjald fyrir skráningamerki ökutækja.

kr.

Skráningamerki, hvert merki

1 875

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast
þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. febrúar 1993.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi árið 1993.

1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúdir á Grenivík	Sorphirðugjald	Kr.	6 600
Sveitabýli eða sveitaheimili	Sorpeyðingargjald	Kr.	3 300

Heimilt er hreppsnefnd Grýtubakkahrepps að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru á heimili.

Fyrirtæki	flokkur 1	Sorpeyðingargjald	Kr.	3 300
	flokkur 2	Sorpeyðingargjald	Kr.	6 600
	flokkur 3	Sorpeyðingargjald	Kr.	20 000
	flokkur 4	Sorpeyðingargjald	Kr.	40 000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 29. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila.

I. KAFLI

Inngangssákvæði.

1. gr.

Allir, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, skulu halda bókhald yfir kaup sín og sölu á virðisaukaskattskyldum vörum og þjónustu eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari. Gildir þetta einnig um þá sem ekki eru taldir bókhaldsskyldir samkvæmt lögum nr. 51/1968, um bókhald.

Skattaðilar, sem skyldir eru til að halda tvíhliða bókhald, sbr. 3. gr. laga nr. 51/1968, skulu haga bókhaldi sínu eftir ákvæðum IV. kafla reglugerðar þessarar, sbr. III. kafla.

Skattaðilar, sem ekki eru bókhaldsskyldir eða eru undanþegnir skyldu til að halda tvíhliða bókhald, skulu halda bókhald vegna virðisaukaskatts samkvæmt ákvæðum V. kafla reglugerðar þessarar, sbr. III. kafla.

2. gr.

Peir, sem skyldir eru til að halda tvíhliða bókhald, sbr. 3. gr. laga nr. 51/1968, skulu fyrirfram skipuleggja tekjuskráningu og færslu bókhalds vegna virðisaukaskatts. Í bókhaldsgögnum skal liggja fyrir skrifleg lýsing á því hvernig tekjuskráningu er hagað, sbr. II. kafla, og hvaða aðferð er notuð við færslu á skattreikninga, sbr. 24.-26. gr.

II. KAFLI

Útgáfa sölureikninga, skráning í sjóðvélar o.fl.*Sölureikningar.*

3. gr.

Við sérhverja afhendingu á skattskyldri vöru eða þjónustu, þ.m.t. afhending til starfsmanna, skal seljandi gefa út sölureikning, sbr. þó 8.-11. gr. Reikning skal gefa út samtímis og afhending á sér stað, hvort sem um er að ræða staðgreiðslusölu eða sölu gegn greiðslufresti. Fari afhending ekki fram í einu lagi skal gefa út reikning fyrir sérhverri einstakri afhendingu, enda geti einstakir hlutar vöru almennt haft sjálfstætt notagildi eða greitt hafi verið inn á viðskiptin.

Pegar seldum verðmætum er skilað til seljanda skal gefa út kreditreikning fyrir hinum móttæknu verðmætum með tilvísun til fyrri reiknings. Sama gildir um afslátt sem veittur er eftir að sölureikningur hefur verið gefinn út, svo og leiðréttingar á fyrri reikningum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þjónustusölum, öðrum en þeim sem falla undir 8. gr., heimilt að gefa út sölureikning í lok hvers mánaðar vegna þeirrar þjónustu sem innt var af hendi frá upphafi til loka þess mánaðar. Sama gildir, með hliðsjón af viðskiptavenjum, við sölu á vöru til þeirra sem nota hið keypta í atvinnurekstri sínum, enda fái kaupandi með vörunni í stað reiknings afgreiðsluseðil með upplýsingum um tegund sölu og magn. Óheimilt er að tilgreina virðisaukaskatt á afgreiðsluseðli. Seljandi skal varðveita afrit afgreiðsluseðils með viðkomandi sölureikningi.

4. gr.

Reikningseyðublöð, sbr. 3. gr., skulu vera fyrirfram tölusett í samfelldri töluröð og bera nafn, kennitölu og skráningarnúmer seljanda. Upplýsingar þessar skulu vera áprentaðar á allt upplag reikningseyðublaða áður en þau eru tekin í notkun.

Við útgáfu sölureiknings skal færa á hann upplýsingar um eftirtalin atriði:

1. Útgáfudag.
2. Nafn og kennitölu kaupanda. Smásöluverslunum og þjónustusölum, sem falla undir ákvæði 8. gr. og nota sölureikninga til tekjuskráningar, er heimilt að víkja frá þessari reglu við staðgreiðslusölu til endanlegs neytanda, þ.e. þess sem ekki notar hið keypta í atvinnurekstri sínum.
3. Tegund sölu, þ.e. lýsingu á hinu selda. Við sölu til skattskylds aðila skal lýsingin vera nægilega glögg til að ljóst sé hvort viðskiptin varði skattskylda starfsemi hans.
4. Magn, einingarverð og heildarverð eftir því sem við verður komið.
5. Hvort virðisaukaskattur er innifalinn í heildarfjárhæð eða ekki. Enn fremur skal sérstaklega koma fram hver fjárhæð virðisaukaskatts er. Við sölu til endanlegs neytanda er þó nægilegt að fram komi að virðisaukaskattur sé 19,68% af heildarverði eða 12,28% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14 gr. laga nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Sölureikningar skulu vera a.m.k. í þríriti. Ætíð skal láta viðskiptamanni í té frumrit reiknings. Eitt eintak (samrit) skal varðveita í réttri töluröð. Þriðja eintakið skal liggja til grundvallar færslu á sölu í bókhaldi. Heimilt er að fella niður þriðja eintakið ef þess í stað er gert söluuppgjörslað yfir útgefna reikninga, þar sem fram kemur númer, dagsetning og fjárhæð hvers einstaks reiknings, og það lagt til grundvallar færslu á sölu í bókhaldi.

5. gr.

Við sölu, sem er að hluta til skattskyld og að hluta til undanþeginn skatti sbr. 3 mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, eða undanþeginn skattskyldri veltu, sbr. 12. gr. laganna, skal halda viðskiptum sem eru skattskyld greinilega aðgreindum á reikningi frá öðrum viðskiptum. Jafnframt skal á reikningi aðgreina skattskylda sölu eftir skatthlutföllum, þannig að heildarverð vöru og þjónustu ásamt virðisaukaskatti komi sérstaklega fram vegna hvors skatt- hlutfalls.

Afreikningar.

6. gr.

Peir sem taka framleiðslu annarra til vinnslu eða endursölu skulu gefa út afreikninga (innleggsnótur) sem geta komið í stað reikninga skv. 1. mgr. 3. gr. Á þetta m.a. við um kaup eða móttöku samlaga, samvinnufélaga og annarra á framleiðsluvörum bænda, sjávarafra og hvers konar iðnaðarvörum, fullunnum og hálfunnum. Ákvæði 4. og 5. gr. gilda um afreikninga eftir því sem við á. Auk skráningarnúmers kaupanda (útgefanda) skal skráningar- númer seljanda koma fram á afreikningi við útgáfu hans.

Kvittun fyrir innborgun.

7. gr.

Sé vara eða þjónusta greidd að fullu eða að hluta áður en afhending fer fram, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 50/1988, skal móttakandi greiðslu gefa út kvittun til greiðanda. Þó er heimilt að gefa út sölureikning vegna slíkra innborgana.

Ákvæði 4. og 5. gr., að undanskildum 4. tölul. 2. mgr. 4. gr., gilda um kvittanir eftir því sem við á. Tölusetning kvittana skal vera aðgreind frá tölusetningu sölureikninga.

Þegar sölureikningur er gefinn út skal tilgreina á honum móttæknar skattskyldar innborganir vegna viðkomandi sölu. Koma skal fram fjárhæð, dagsetning og númer kvittunar eða sölureiknings skv. 1. mgr.

Tekjuskráning smásöluverslana o.fl.

8. gr.

Smásöluverslanir og þjónustusalar sem nær eingöngu selja til endanlegra neytenda skulu annaðhvort gefa út sölureikning skv. 3.-5. gr. við sérhverja afhendingu sína eða skrá sérhverja afhendingu á vöru eða þjónustu í sjóðvél jafnskjótt og hún fer fram. Í fylgiskjali við reglugerð þessa eru taldar upp verslanir þær og þjónustusalar sem falla undir ákvæði þessarar greinar.

Við skráningu í sjóðvél skal aðgreina skattskylda sölu eftir skatthlutföllum.

Sérhver aðili skal nota sömu aðferð, sbr. 1. mgr., við skráningu allrar sölu sinnar. Ef aðstæður krefjast má þó víkja frá þessari reglu og skrá staðgreiðslusölu í sjóðvél en færa sölu gegn greiðslufresti, pöntunarsölu eða annan afmarkaðan þátt sölu á sölureikninga. Jafnan er skilyrði að skýrt sé afmarkað í lýsingu skv. 2. gr. hvernig tekjuskráningu er hagað.

Lánssala skal skráð í viðskiptamannabók, sbr. 8. gr. bókhaldslaga nr. 51/1968, hvort sem skattaðili skráir sölu sína í sjóðvél eða færir hana á sölureikninga.

Smásöluverslunum og þjónustusölum, sem um ræðir í 1. mgr., er jafnframt skráningu í sjóðvél skylt að gefa út reikning vegna sölu til annars skattskylds aðila sem þess óskar. Reikningur sem gefinn er út ásamt skráningu í sjóðvél skal að formi og efni fullnægja kröfum 4. og 5. gr. Þó er ekki skylt að tölusetja reikningseyðublöð fyrirfram og nægilegt er að þau séu í tvíriti. Seljandi skal varðveita samrit í rétttri útgáfuröð og hefta kassakvittun, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. við eintak kaupanda. Víkja má frá reglunni í 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. um að tilgreina nafn og kennitölu kaupanda ef reikningur er að fjárhæð 3000 kr. eða minna.

9. gr.

Sjóðvélar, sbr. 8. gr., skulu að lágmarki vera með eftirfarandi búnaði:

1. Ytri strimli, þ.e. kassakvittun viðskiptamanns. Strimillinn skal sýna sundurgreiningu viðskiptanna og dagsetningu þeirra.
2. Innri strimli sem á lesanlegan hátt sýni hverja innstimplun.
3. Sérstökum dagsöluteljara sem sýni sölu hvers dags aðgreinda eftir skatthlutföllum ásamt dagsetningu og hve oft hann hefur verið endurstilltur. 4. Sérstökum uppsöfnunarteljara sem sýni þá heildarfjárhæð sem skráð hefur verið í vélina (grand total).

Sjóðvél skal koma þannig fyrir að viðskiptamaður geti óhindrað fylgst með skráningu í hana og gengið úr skugga um að viðskiptin séu rétt skráð. Viðskiptamaður skal fá í hendur kassakvittun við hverja afgreiðslu.

Óheimilt er að endurstilla uppsöfnunarteljara, sbr. 4. tölul. 1. mgr., nema skráningar-rými hans hafi verið nýtt að fullu eða vegna viðgerðar og viðhalds á vélinni. Við endurstillingu skal skrá stöðu teljarans ásamt dagsetningu. Upplýsingar þessar skulu staðfestar af verslunarstjóra eða öðrum ábyrgðarmanni og geymast eins og önnur bókhaldsgögn.

Séu sjóðvélar samtengdar eða tengdar tölvum sem liður í víðtækara skráningar- eða bókhaldskerfi skal liggja fyrir nákvæm lýsing á skipulagi kerfisins. Slíkt skráningarkerfi verður að veita þær upplýsingar um sölu hvers dags og heildarsölu er um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Notkun sjóðvéla, sem hægt er að nota sjálfstætt sem reiknivélar, án þess að skráning eigi sér stað um leið, er óheimil.

Annað söluskráningarkerfi.

10. gr.

Ef sérstakar ástæður gera aðila ómögulegt að skrá sölu sína í sjóðvél eða á fyrirfram tölusetta sölureikninga getur ríkisskattstjóri heimilað honum að nota annað söluskráningarkerfi en kveðið er á um í 3.-9. gr. Meðal annars getur ríkisskattstjóri heimilað aðila að færa staðgreiðslusölu sína á staðgreiðslusölulista eða staðgreiðslusöluyfirlit, sbr. nánar 2. og 3. mgr. Þá getur ríkisskattstjóri heimilað aðila að víkja frá einstökum ákvæðum 3.-9. gr. ef aðstæður krefjast þess, enda sýni aðili fram á öruggt skráningar- og eftirlitskerfi með sölureikningum eða gefi út reglur, sem ríkisskattstjóri telur fullnægjandi, um skráningu sölureikninga. Heimild ríkisskattstjóra getur verið tímabundin og háð öðrum skilyrðum sem hann setur.

Staðgreiðslusölulistar skulu vera fyrir fram tölusettr í samfelldri töluröð. Á þá skal skrá sérhverja innborgun vegna staðgreiðslusölu jafnóðum og hún fer fram og samtölu innborgana hvers dags. Jafnframt skal færa sölu gegn greiðslukortum á listana. Listi yfir sölu hvers dags skal áritaður af verslunarstjóra eða öðrum ábyrgum starfsmanni og geymdur eins og önnur bókhaldsgögn.

Staðgreiðslusöluyfirlit skal færa daglega í fyrirfram innbundna, tölusetta bók í því formi sem ríkisskattstjóri samþykkir.

Úttekt eiganda og sala til starfsmanna.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3.-9. gr. skal færa úttekt eigenda, framkvæmdarstjóra og annarra starfsmanna í stjórnunarstöðum á vöru og þjónustu sem skattaðili framleiðir eða selur, í sérstaka undirbók, hvort sem afhent er án endurgjalds, gegn staðgreiðslu eða gegn greiðslufresti.

Undirbók samkvæmt þessari grein skal vera innbundin og blaðsíður tölusettar fyrirfram. Við sérhverja afhendingu skv. 1. mgr. skal skrá í bókina dagsetningu afhendingar, lýsingu á hinu afhenta, magn, einingarverð og heildarverð eftir því sem við verður komið.

Uppgjör sölu.

12. gr.

Sala sem skráð er í sjóðvél skal daglega gerð upp samkvæmt útsláttarstrimli vélarinnar, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr., og færð á sérstakt söluuppgjörslað. Sama gildir um sölu þeirra sem fengið hafa heimild til að nota annað söluskráningarkerfi, sbr. 10. gr. Á söluuppgjörslaði skal a.m.k. koma fram (1) staðgreiðslusala, (2) sala gegn greiðslukorti og (3) lánsala.

Fylgiskjöl fyrir sölu hvers dags skulu árituð af verslunarstjóra eða öðrum ábyrgum starfsmanni og geymd eins og önnur bókhaldsgögn.

III. KAFLI

Sameiginlegar reglur um bókhald virðisaukaskattskyldra aðila.

13. gr.

Færa skal bókhald samkvæmt reglugerð þessari á skýran og aðgengilegan hátt og haga því þannig að þar komi fram þær fjárhæðir sem skattaðili skal gefa upp á virðisaukaskattskýrslu í lok hvers uppgjörstímabils. Ávallt skal vera hægt að rekja einstakar fjárhæðir í uppgjörsgögnum til þeirra færslna og fylgiskjala sem á er byggt í bókhaldi. Þannig skulu skattyfirvöld jafnan geta gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattskýrslna og þeirra fylgiskjala og uppgjörsgagna sem að baki liggja.

Skattaðilar skulu færa bókhald samkvæmt reglugerð þessari fyrir hvert uppgjörstímabil áður en virðisaukaskattskýrsla tímabilsins er send.

Kaup.

14. gr.

Í bókhaldi skal skrá vegna hvers uppgjörstímabils þau kaup vöru og skattskyldrar þjónustu sem innlendir seljendur hafa gert skattaðila reikning fyrir á tímabilinu, svo og þann innflutning hans sem hefur verið tollafgreiddur á tímabilinu. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort greiðsla vegna kaupanna hefur verið innt af hendi.

15. gr.

Skjöl, sem færsla innskatts í bókhald er byggð á, skulu uppfylla skilyrði II. kafla reglugerðar þessarar um form og efni. Önnur skjöl en frumrit sölureikninga, frumrit móttækinnna kreditreikninga og afreikningar, sbr. 3.-6. gr. og 4. mgr. 8. gr., teljast ekki fullnægjandi til sönnunar innskatti. Frumrit kvittunar eða sölureiknings skal liggja til grundvallar færslu á innskatti vegna innborgunar á viðskipti, sbr. 7. gr. Greiðsluskjal frá tollyfirvöldum þar sem virðisaukaskattur kemur sérstaklega fram skal liggja til grundvallar innskatti vegna eigin innflutnings skattaðila.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má færsla á innskatti vegna sameiginlegra innkaupa tveggja eða fleiri rekstraraðila, sem einn sölureikningur er gefinn út fyrir, byggjast á sameiginlegri greinargerð þar sem fram komi nafn og kennitala allra kaupenda, svo og skipting verðs og virðisaukaskatts. Árita skal á frumrit sölureiknings hver varðveitir það. Ljósrit áritaðs sölureiknings skal liggja fyrir í bókhaldi allra aðila ásamt greinargerð ef hún er gerð á sérstöku skjali.

16. gr.

Færa skal til lækkunar á innskatti uppgjörstímabilsins þann virðisaukaskatt sem fram kemur á kreditreikningi seljenda vegna endursendrar vöru eða afsláttar frá verði áður keyptrar skattskyldrar vöru eða þjónustu, þar á meðal vegna skilyrts afsláttar sem verður virkur eftir afhendingu.

17. gr.

Bókhaldi skal hagað þannig að skattfyrvöld geti haft eftirlit með því að aðili leiðrétti innskatt sinn ef breyting verður á forsendum frádráttar innskatts af keyptum varanlegum rekstrarfjármunum, sbr. IV. kafla reglugerðar um innskatt.

Skattaðili skal færa upplýsingar um breytingar á forsendum frádráttar innskatts í bókhald sitt eða varðveita þær með bókhaldsgögnum.

Ef starfsemi aðila er að hluta skattskyld en að hluta undanþegin skattskyldu (blönduð starfsemi) skal hann halda sérstakt yfirlit um kaup varanlegra rekstrarfjármuna. Sama gildir ef aðili notar varanlega rekstrarfjármuni þannig að innskattsfrádráttur vegna öflunar þeirra er aðeins heimill að hluta. Á yfirliti þessu skal sundurliða kaupverð án virðisaukaskatts, virðisaukaskatt sem greiddur var af kaupunum, virðisaukaskatt sem aðili getur talið til innskatts, svo og þær leiðréttingar á innskatti sem gerðar eru vegna viðkomandi rekstrarfjármunar. Hafi aðili yfirtekið leiðréttingarskyldu, sbr. 15. gr. reglugerðar um innskatt, skulu upplýsingar um fjárhæð þess innskatts, sem leiðréttingarskyldan tekur til, færðar á yfirlitið.

Sala.

18. gr.

Til skattskyldrar veltu hvers uppgjörstímabils skal í bókhaldi telja hvers kyns afhendingu skattskyldrar vöru og þjónustu á tímabilinu, úttekt eiganda til eigin nota, svo og aðra afhendingu á tímabilinu sem telst til skattskyldrar veltu skv. 11. gr. laga nr. 50/1988, sbr. 12. gr. sömu laga. Innborganir, sbr. 3. mgr. 13. gr. laganna, skal telja til skattskyldrar veltu þess tímabils þegar þær eru móttæknar.

19. gr.

Tekjufærsla skal byggð á samritum af útgefnum sölureikningum, sbr. 3.-5. gr., og/eða söluuppgjörslaði skv. 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 12. gr., svo og færslum í undirbók skv. 11. gr.

Peir sem afhenda framleiðslu sína til vinnslu eða endursölu geta lagt afreikninga, sem samlög, samvinnufélög og aðrir slíkir aðilar gefa út, sbr. 6. gr., til grundvallar tekjufærslu sinni.

20. gr.

Til sönnunar því að sala sé undanþegin skattskyldri veltu skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 skal seljandi varðveita útflutningsskýrslu eða önnur sambærileg gögn með viðkomandi sölureikningum. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um hvaða gögn hér um ræðir.

Útlagður kostnaður.

21. gr.

Kostnaður, sem seljandi hefur lagt út fyrir kaupanda, þarf ekki að teljast hluti skattverðs seljanda, enda endurkrefji hann kaupanda um kostnaðinn án nokkurs álags eða þóknunar, sölureikningur vegna kostnaðarins sé skráður á nafn kaupanda sem fái í hendur frumrit reikningsins ásamt uppgjöri. Virðisaukaskattur vegna þessara innkaupa er ekki hluti innskatts seljanda.

Í uppgjöri aðila skal tilgreina fjárhæðir allra reikninga vegna útlagðs kostnaðar, ásamt tegundum kostnaðar og nöfnum seljenda. Áritað eintak uppgjörins (samrit) skal vera bókhaldsskjal seljanda.

IV. KAFLI

Um bókhald þeirra sem halda skulu tvíhliða bókhald.

Almennt.

22. gr.

Skattaðili sem fellur undir ákvæði þessa kafla skal hafa í fjárhagsbókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir er færa skal á virðisaukaskattskýrslu, sbr. nánar 23.-27. gr.

Skattaðila er heimilt að færa fjárhæðir skv. 1. mgr. í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á reikningaskipan fjárhagsbókhalds, enda séu niðurstöðutölur vegna hvers uppgjörstímabils færðar á viðeigandi bókhaldsreikninga fyrir lok skilafrests virðisaukaskattskýrslu tímabilsins. Ávallt skal vera hægt að rekja færslur í fjárhagsbókhaldi til færslna í undirbækur sem kunna að vera haldnar samkvæmt þessari málsgrein.

Aðgreining í bókhaldi.

23. gr.

Ef starfsemi aðila er að hluta skattskyld en að hluta undanþegin skattskyldu, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, skal hann í bókhaldi sínu aðgreina hin skattskyldu viðskipti frá undanþegnum viðskiptum, bæði hvað varðar tekjur og gjöld.

Aðgreina skal í bókhaldi tekjur og gjöld eftir skatthlutföllum.

Færa skal á sérstaka teknareikninga í bókhaldi sölu vöru og þjónustu sem ekki telst til skattskyldrar veltu, sbr. 12. gr. laga nr. 50/1988. Jafnframt skal færa á sérstaka gjaldareikninga þau kaup á vöru og þjónustu sem ekki bera frádráttarbæran virðisaukaskatt, sbr. 16. gr. laganna, eða bera ekki virðisaukaskatt.

Í bókhaldi skal aðgreina innlend og erlend vörukaup með því að færa þau á sérstaka gjaldareikninga.

Skattreikningar og færslur á þá.

24. gr.

Skattaðili skal hafa meðal efnahagsliða í fjárhagsbókhaldi sínu sérstaka bókhaldsreikninga (skattreikninga) sem eru eftirfarandi:

1. Innskattsreikningur (virðisaukaskattur af innkaupum).
2. Útskattsreikningur (virðisaukaskattur af sölu).
3. Uppgjörsreikningur virðisaukaskatts.
4. Biðreikningur vegna útskatts af innborgunum.

25. gr.

Á innskattsreikning skal færa þann virðisaukaskatt sem heimilt er skv. 16. gr. laga nr. 50/1988 að telja til frádráttar við uppgjör á virðisaukaskatti, sbr. einnig 14.-17. gr. reglugerðar þessarar.

Á útskattsreikning skal færa þann virðisaukaskatt sem fellur á skattskylda veltu skattaðila, þ.m.t. vegna úttektar eiganda á skattskyldri vöru og þjónustu.

Uppgjörsreikningur er notaður við uppgjör og skil á virðisaukaskatti.

Reikna skal sérstaklega útskatt vegna innborgana á viðskipti, sem teljast hluti skattskyldrar veltu á uppgjörstímabili, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 50/1988, og tilgreina hann sérstaklega í uppgjörgögnum tímabilsins. Útskattur vegna slíkra innborgana skal bókaður á kredit-hlið útskattsreiknings og debet á biðreikning skv. 4. tölul. 24. gr. reglugerðar þessarar. Þegar sölureikningur vegna viðskiptanna er gefinn út við afhendingu og hann bókaður skal útskattur vegna innborgunarinnar færður kredit á biðreikninginn og á debet-hlið útskattsreiknings.

26. gr.

Að jafnaði skal færa skattfjárhæðir á innskatts- eða útskattsreikning samtímis færslum á viðkomandi gjalda- eða teknareikning í fjárhagsbókhaldi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má færa á skattreikningana í lok hvers uppgjörstímabils eða með öðrum reglulegum hætti, enda sé hægt að reikna skattfjárhæðirnar beint út frá reikningum bókhaldsins yfir kaup og sölu skattskyldrar vöru og þjónustu. Í þessu tilviki skal færa kaupverð eða söluandvirði að meðtöldum virðisaukaskatti á viðkomandi gjalda- eða teknareikninga. Fjárhæð skattsins er síðan reiknuð í lok tímabils sem 19,68% af samtölu innkaupa eða sölu á tímabilinu að meðtöldum skatti eða 12,28% þegar um er að ræða innkaup eða sölu vöru eða þjónustu skv. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988. Því næst skal færa skattfjárhæðina á innskatts- eða útskattsreikning af viðkomandi gjalda- eða teknareikningum.

Ávallt skal nota þá aðferð sem um ræðir í 1. mgr. við færslu þess virðisaukaskatts sem tollyfirvöld innheimta við innflutning vöru.

Gjöldum og skattfjárhæð skal skipta strax við bókfærsluna ef aðeins er heimilt að reikna skatt af hluta innkaupa til innskatts skattaðila.

Afstemming og jöfnun skattreikninga.

27. gr.

Skattreikninga í bókhaldi og aðra reikninga, bækur eða yfirlit, sem færslur á virðisauka-skattskýrslu byggjast á, skal stemma af og loka að liðnu hverju uppgjörstímabili. Innskattsreikningur er jafnaður með færslu niðurstöðu hans yfir debet-hlið uppgjörreiknings virðisaukaskatts, en niðurstaða útskattsreiknings færist yfir kredit-hlið uppgjörreiknings. Staða hans sýnir þannig skilaskylda fjárhæð eða þá fjárhæð sem ríkissjóður skal endurgreiða skattaðila. Við skil á skattinum eða móttöku endurgreiðslu er fjárhæðin færð á uppgjörreikninginn sem þar með jafnast.

V. KAFLI

Um bókhald þeirra sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald.

28. gr.

Skattaðilar, sem ekki eru bókhaldsskyldir skv. lögum nr. 51/1968, skulu færa innkaup sín og sölu á skattskyldri vöru og þjónustu í sérstök bókhaldshefti í því formi sem ríkisskattstjóri samþykkir. Sama gildir um þá sem undanþegnir eru skyldu til færslu tvíhliða bókhalds. Þeir sem færa tvíhliða bókhald, án þess að þeim sé það skylt, skulu haga færslu bókhalds síns eftir ákvæðum IV. kafla reglugerðar þessarar.

29. gr.

Skattaðilar, sem undanþegnir eru skyldu til færslu tvíhliða bókhalds, skulu í lok hvers uppgjörstímabils stemma færslur í sjóðbók á tímabilinu af við færslur í bókhaldshefti skv. 28. gr. með því að taka tillit til útstandandi sölu og ógreiddra innkaupa við upphaf og lok uppgjörstímabilsins. Í þessu sambandi skal taka tillit til skattskyldra innborgana í viðskiptum skv. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 50/1988.

30. gr.

Í bókhaldshefti, sbr. 28. gr., skal færa sérstaklega sérhverja sölu eða afhendingu skattskyldrar vöru eða þjónustu, svo og sérhver kaup á skattskyldum vörum eða þjónustu til nota í rekstrinum, sbr. nánar III. kafla reglugerðar þessarar. Þó er heimilt að færa í einu lagi niðurstöðutölur sjóðbóka og undirbóka í sjálf bókhaldsheftin.

Ríkisskattstjóri getur sett nánari reglur um hvernig færslum í bókhaldshefti skuli hagað.

VI. KAFLI Ýmis ákvæði.

31. gr.

Í lok hvers reikningsárs skal telja vörubirgðir og reikna út verðmæti þeirra. Á vörutalningarlista skal koma fram magn, einingarverð og útreiknað verðmæti hversrar einstakrar vörutegundar, ásamt samtölu. Ef tilgreint einingarverð á vörutalningarlista er söluverð vöru skal skilmerkilega skýrt og rökstutt hvernig kostnaðarverð vörubirgða alls er reiknað út.

32. gr.

Skattaðilar skulu geyma bókhald sitt, bókhalds fylgiskjöl og önnur bókhaldsgögn, þar með talið pöntunarbækur, sjóðvélastrimla, bókhaldshefti, sbr. V. kafla reglugerðar þessarar, og vörutalningalista, í 6 ár eftir lok þess reikningsárs er þau varða.

Ákvæði um geymslu gagna á örfilmum í reglugerð um bókhald gilda um bókhald virðisaukaskattskyldra aðila eftir því sem við getur átt.

33. gr.

Fjárhæð sú sem um ræðir í 4. mgr. 8. gr. tekur árlega sömu hlutfallslegu breytingu og byggingarvísitala sú er öðlast gildi 1. janúar ár hvert, sbr. lög nr. 42/1987. Grunnfjárhæð þessi miðast við vísitölu 1. október 1987, þ.e. 102,4 stig.

34. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

35. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 23. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 5. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 21. gr. laganna, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 501/1989, með áorðnum breytingum, og reglugerð nr. 531/1989, um sjóðvélar.

Fjármálaráðuneytið, 5. febrúar 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

Fylgiskjal.

Eftirtalðar verslanir og þjónustuaðilar falla undir ákvæði 8. gr. reglugerðar þessarar:

- a. Bakarí
Bensínstöðvar
Blómaverslanir
Bóka- og ritfangaverslanir
Búsáhaldaverslanir
Byggingavöruverslanir
Fiskverslanir
Frímerkjaverslanir
Gjafavöruverslanir
Hannyrðaverslanir
Heimilistækjaverslanir
Hljóðfæraverslanir
Hljómplötuverslanir
Húsgagnaverslanir
Leikfangaverslanir
Ljósmyndavöruverslanir
Lyfjaverslanir
Matvöruverslanir
Mjólkurvöruverslanir
Raftækjaverslanir
Skóverslanir
Torgverslanir, sem slíka starfsemi stunda að staðaldri
Tóbaks- og sælgætisverslanir
Úra- og skartgripaverslanir
Vefnaðarvöruverslanir
Véla- og varahlutaverslanir
- b. Efnalaugar
Fjölritunar- og ljósritunarstofur
Gistihús
Hárgreiðslu- og rakarastofur
Kaffihús
Ljósmyndastofur
Pylsuvagnar
Skyndibitastaðir
Smurbrauðstofur
Snyrtistofur
Sundstaðir, heilsuræktar-, gufubaðs- og nuddstofur
Veitingahús
- c. Aðilar sem stunda eftirfarandi starfsemi:
Dún- og fiðurhreinsun
Glerslípun, ásamt gler- og speglasölu
Hjólbarðaviðgerðir og hjólbarðasala
Leirsmíði og postulínssala
Skóviðgerðir
Viðgerðir á úrum, klukkum og skartgripum
- d. Aðrir aðilar sem stunda hliðstæða eða sambærilega starfsemi og getið er um í a- til c-lið hér að framan.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum fyrir Austurlandi.

1. gr.

Frá og með 10. febrúar 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á eftirgreindum svæðum fyrir Austurlandi:

1. Á Breiðdalsgrunni á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°05'70 N – 13°15'02 V
2. 64°16'51 N – 13°14'86 V
3. 64°27'19 N – 13°14'31 V
4. 64°32'61 N – 13°21'75 V
5. 64°31'23 N – 12°49'36 V
6. 64°08'07 N – 13°02'68 V

2. Á Fætinum á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°32'92 N – 12°15'51 V
2. 64°40'89 N – 12°17'51 V
3. 64°42'69 N – 12°04'45 V
4. 64°33'11 N – 12°10'98 V

3. Á Glettinganesgrunni á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°33'64 N – 12°51'07 V
2. 65°23'99 N – 12°49'52 V
3. 65°32'33 N – 12°26'34 V
4. 65°26'46 N – 12°11'41 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 – 1993

9. febrúar 1993

81

Nr. 52

GJALDSKRÁ

Rafveitu Borgarness.

1. gr.

RAFORKUGJÖLD.

A. Almennur taxti:

Orkugjald	6,48	(8,07) kr/kWh
Fastagjald	2 550,00	(3 175,00) kr/ár

B. Aftaxti:

Rafmagn til meiri háttar vélanotkunar.

Orkugjald	2,41	(3,00) kr/kWh
Aflgjald	8 257,00	(10 280,00) kr/kWh/ár
Fastagjald	46 949,00	(58.452,00) kr/ár
Mæling miðuð við 15 mínútna meðalgildi afls. Lágmarksafl 15 KW.		

C. Húshitunartaxtar:

C.1 Orkugjald án rofs	6,46	(6,80) kr/kWh
C.2 Orkugjald rof allt að 4 h/d.	2,64	(2,78) kr/kWh
C.3 Orkugjald rof allt að 15 h/d.	1,99	(2,10) kr/kWh
C.4 Orkugjald til iðnaðarhitunar – órofin –	6,17	(7,68) kr/kWh
C.5 Orkugjald til iðnaðarhitunar – rof 15/d	1,99	(2,48) kr/kWh
Fastagjöld: Taxti C1	10 632,00	(11 196,00) kr/ár
Taxti C2	7 076,00	(7 451,00) kr/ár
Taxti C3	7 076,00	(7 451,00) kr/ár
Taxti C4	10 632,00	(13 237,00) kr/ár
Taxti C5	7 076,00	(8 810,00) kr/ár

E. Sérsamningar:

F. Vinnuljós og mannvirkjagerð:

Orkugjald	7,30	(9,09) kr/kWh
Fastagjald	4 866,00	(6 058,00) kr/ár

G. Götu- og hafnalýsing:

Aflgjald, miðuð við uppsett afl	44 149,00	(54 966,00)
---	-----------	-------------

B 7

Steindórsprent Gutenberg hf.

2. gr.

TENGIGJÖLD.

Gjaldskrár- liður	Málstraumur stofnvara		Tengigjald kr.	
T 1	63A	1-fasa	50 800,00	(63 246)
T 2	63A	3-fasa	56 200,00	(69 969)
T 3	100A	"	89 800,00	(111 801)
T 4	200A	"	77 000,00	(220 365)
T 5	315A	"	279 000,00	(347 355)
T 6	400A	"	362 000,00	(450 690)
T 7	630A	"	562 000,00	(699 690)
T 8	710A	"	634 000,00	(789 330)
T 9	1200A	"	1 070 000,00	(1 332 150)

Önnur ákvæði:**a) Um heimtaugar:**

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug. Fyrir hvern umfram metra greiðist sem svarar $\frac{1}{40}$ hluta tengigjalds. Tengigjald fyrir loftlínuheimtaug reiknast eftir kostnaði.

b) Um spennistöðvar:

Þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda, skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja öllum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en gjaldinu nemur.

c) Um bráðabirgðaheimtaugar:

Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða eftir kostnaðarreikningi.

d) Almennt um heimtaugar:

Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjald-daga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð.

3. gr.

ÝMIS ÁKVÆÐI.**1. Sér samningar:**

1.1 Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar í Borgarnesi.

2. Önnur ákvæði gjaldskrár, ótalin annars staðar:

2.1 Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. C lið:

að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar, að vélaafl, spennar og línur þoli álagið, að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu hans, að tæki, lagnir og hitabúnaður sé samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar og settum reglum, m.a. ofnar fastengdir og hafi rofa og hitastilla.

2.2 Um fasvikstuðul hjá notanda:

Ef stuðullinn er lægri en 0,9, getur rafveitan krafist þess að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti herra verð fyrir raforkuna.

2.3 Opnunargjald:

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir opnun kr. 1 040,00 (1.295)
fyrir sendingu lokunartilkynningar kr. 500,00 (623)

2.4 Um dráttarvexti:

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru reiknaðir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

2.5 Virðisaukaskattur:

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd innan sviga.

2.6 Breytingar á gjaldskrá:

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, enda miðast gjaldskráin við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 15. febrúar 1993, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 511, 24. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 9. febrúar 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjaldi af hrossa- og nautgripakjöti.

1. gr.

Greiða skal 2% verðskerðingargjald af öllu hrossakjöti og 5% af öllu nautgripakjöti. Skal gjaldið dregið af verði til framleiðenda eins og það er ákveðið af Verðlagsnefnd búvöru (sexmannanefnd).

2. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar verðskerðingargjaldið samkvæmt sláturskýrslum afurðastöðva og annast innheimtu gjaldsins og vörslu þess. Afurðastöðvum er skylt að standa Framleiðsluráði skil á skýrslum um alla slátrun nautgripa og hrossa og alla ráðstöfun kjötsins.

Framleiðendum hrossa- og nautgripakjöts sem selja kjötið án milliliða til neytenda eða smásöluaðila ber á sama hátt að skila Framleiðsluráði landbúnaðarins skýrslu um alla ráðstöfun kjötsins.

3. gr.

Verðskerðingargjaldið greiðist af afurðastöðvum eða framleiðendum ef um beina sölu er að ræða. Gjaldldagi skal vera 25. hvers mánaðar vegna næstliðins framleiðslumánaðar, fyrst 25. mars 1993. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjaldldaga skal innheimta dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknast hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

4. gr.

Ef gögn um viðskipti með gjaldskyldar afurðir þykja að mati Framleiðsluráðs ófullnægjandi eða gjaldskyldur aðili skilar ekki skýrslum skv. 2. gr. skal Framleiðsluráð skora á viðkomandi aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og gögn. Fáir Framleiðsluráð fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma skal gjaldið ákvarðað og innheimt í samræmi við þau.

Berist svar við áskorun skv. 1. mgr. ekki innan tiltekins tíma eða ef skýringar eða gögn eru ófullnægjandi, er Framleiðsluráði heimilt að áætla gjaldið og innheimta það skv. þeirri áætlun. Senda skal skriflega tilkynningu til greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningar um áætlun gjaldsins krafist þess skriflega að Framleiðsluráð taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskram eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Framleiðsluráð skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu Framleiðsluráðs til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu lokaafgreiðslu.

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga né leysir undan neinum viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu þeirra. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu Framleiðsluráðs eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

5. gr.

Skylt er Framleiðsluráði að halda innheimtu verðskerðingargjaldi sérgreindu eftir afurðategundum og skal gjaldinu varið til markaðsaðgerða fyrir hrossa- og nautgripakjöt, bæði hér á landi og erlendis. Framleiðsluráð skal fyrir 1. mars 1993 gera áætlun um tekjur af innheimtu verðskerðingargjalds á gildistíma reglugerðarinnar og ráðstöfun þess. Jafnframt skal Framleiðsluráð endurskoða álagningarþörf verðskerðingargjalds og skal því lokið fyrir 1. ágúst 1993.

Hvers konar ráðstöfun á tekjum af verðskerðingargjaldi skal vera háð samþykki landbúnaðarráðherra.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 112/1992, sbr. lög nr. 5/1993 um breytingu á lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal öðlast þegar gildi og gilda til 1. september 1993.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 1993

15. febrúar 1993

85

Nr. 54

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Halamiðum.

1. gr.

Frá og með 17. febrúar 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði fyrir Vestfjörðum, sem markast af línu, sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 66°51'N – 24°34'V
2. 66°50'N – 24°05'V
3. 66°44'N – 24°12'V
4. 66°44'N – 24°41'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 290, 28. júlí 1992 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.

1. gr.

4. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

4. Innfjarðarrækjasamtals	7 050 lestir
þ.a. Eldey	800 lestir
þ.a. Arnarfjörður	750 lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp	2 500 lestir
þ.a. Húnaflói	1 500 lestir
þ.a. Skagafjörður	350 lestir
þ.a. Skjálfaflói	450 lestir
þ.a. Öxarfjörður	700 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi breytingar nr. 355, 30. september 1992 og nr. 381, 22. október 1992 á reglugerð nr. 290, 28. júlí 1992, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 – 1993

9. febrúar 1993

87

Nr. 56

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 1993.

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 1993, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. mars 1993, með eindaga 1. maí 1993, verða sem hér segir:

1. <i>Röntgenskoðunartæki.</i>	kr.
a) Föst tæki – myndataka	12 000
b) Föst tæki – skygging	16 500
c) Aukalampar	3 600
d) Færanleg tæki – myndataka	9 800
e) Færanleg tæki – skygging	12 500
f) Tannröntgentæki	7 700
g) Tannröntgentæki – aukatæki	3 850
h) Iðnaðarröntgentæki	11 500
i) Dýralækningaröntgentæki	11 500
2. <i>Geislalækningatæki</i>	22 660
3. <i>Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem opnar lindir eru notaðar</i>	12 500
4. <i>Geislavirk efni, litlar lokaðar lindir, lindir í skólum, fyrir hvern stað</i>	8 755
5. <i>Önnur geislataeki.</i>	
a) Nifteindatæki	31 350
b) Önnur tæki, sem ekki falla undir lið 1-4:	
1) Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað	8 755
2) Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað	4 375
6. <i>Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.</i>	
a) Filmumælingar, fyrir hverja filmu	410
b) TLD-mælingar, fyrir hverja flögu	1 000

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, má flokka annað tækið sem „aukatæki“, enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 8 500. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2 000.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 21 000. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er að fengnum tillögum stjórnar Geislavarna ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. febrúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 57

8. febrúar 1993

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

	Grunnverð:	M/VSK
1.1. Fast gjald F3		
Orkugjald	6,44 kr. á kWh	(8,01)
1.2. Fast gjald F3		
Orkugjald	6,44 kr. á kWh	(8,01)

2. Notkun til heimilisþarfa.

2.1. Fast gjald F3		
Orkugjald	6,44 kr. á kWh	(8,01)

3. Vélanotkun.

3.1. Fast gjald F3		
Orkugjald	6,44 kr. á kWh	(8,01)
3.2. Aflgjald lágmark 3 kW	32 280,00 kr. á ári	(40 188)
Aflgjald frá 3-5 kW	10 383,00 kr. kWh á ári	(12 927)
Fast gjald F3		
Orkugjald	2,15 kr. á kWh	(2,67)
3.3. Aflgjald umfram 5 kW	9 683,00 kr. á ári	(12 055)
Fast gjald F3		
Orkugjald	2,20 kr. á kWh	(2,73)
3.4. Til súgþurrkunar:		
Fast gjald F3		
Orkugjald	2,89 kr. á kWh	(3,59)

4. Húshitun.

4.1. Fast gjald	12 983,00 kr. á ári	(14.800)
Orkugjald	5,40 kr. á kWh	(6,15)
Roftími allt að 1 klst. á dag.		

	Taxti I. Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.	Taxti II. Til hitunar á íbúðarhúsnæði.
4.2. Fast gjald	1 680 kr/kW/ári (1 915)	12 984 kr/ári (14 802)
Roftími allt að 3 klst. á dag.		
Orkugjald	3,25 kr/kWh (4,04)	3,30 kr/kWh (3,76)
Roftími allt að 3 klst. á dag + niðurgr.		1,38 kr/kWh (1,38)
		1,92 kr/kWh (2,38)
4.3. Orkugjald		2,05 kr/kWh (2,33)
Roftími allt að 15 klst. á dag.		

5. Utanhússlýsing.

5.1. Fast gjald F1		
Orkugjald	6,44 kr. á kWh	(8,01)

Skilgreiningar og ýmis ákvæði:

Föst gjöld.		
F1	144,00 kr. á mán.	(179,00)
F3	3 447,00 kr. á ári	(4 199,00)

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
- b) Að vélarafli, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8% skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir herra verð fyrir raforku með fasviksstuðul undir 0,8%.

II. OPNUNARGJÖLD

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 1 763,00 (2 195,00)

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 1 763,00 (2 195,00)
á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugagjald sem hér segir:

Málstraumur:		
63 A einfasa	kr. 55 962,00	(69 673)
63 A þrífasa	kr. 66 818,00	(83 188)
100 A þrífasa	kr. 102 187,00	(127 223)
200 A þrífasa	kr. 245 897,00	(306 142)
315 A þrífasa	kr. 389 049,00	(484 366)
400 A þrífasa	kr. 534 662,00	(665 654)
710 A þrífasa	kr. 956 057,00	(1 190 290)
1200 A þrífasa	kr. 1 603 875,00	(1 996 824)

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3x70 Q, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 484, 10. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1993.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku.

I. RAFORKA.

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Almenn notkun.

A1. Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

	<i>Grunngjald</i>	<i>(m/vsk)</i>
Orkugjald	5,90 kr/kWh	(7,35)
Fastagjald	2 112,00 kr/a	(2 629,00)

C. Afl og orkumæling.

C2 Um kW/kWh - mæli, enda sé málraun tækja yfir 40 kW.

	<i>Grunngjald</i>	<i>(m/vsk)</i>
Aflgjald	10 113,00 kr/kWh	(12 591,00)
Orkugjald	2,28 kr/kWh	(2,84)
Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá.		

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mín. meðaláglag ársins. Á tímabilinu 16. maí - 15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.

Sé húshitun innan þessa liðar sérmæld þá greiðist ekki vsk af þeirri orku.

Ofangreindur taxti fylgir kaupverði Bæjarveitna Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning bæjarveitna sé samkvæmt ákvörðun hverju sinni.

Orkugjald miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

D. Hitun.

D1. Til hitunar á íbúðarhúsnæði (án vsk).

	<i>Grunngjald</i>	<i>(m/vsk. netto)</i>
Orkugjald	2,92 kr/kWh	3,08 kr/kWh
Fastagjald	3 050,00 kr/a	3 212,00 kr/a

Ríkissjóður Íslands greiðir 0,55 kr/kWh og Landsvirkjun 0,26 kr/kWh af orkuverðinu, alls 0,81 kr/kWh, fyrir allt að 30000 kWh ársnotkun á hverja íbúð og kemur sú greiðsla fram á reikningi.

14% virðisaukaskattur leggst á taxta D1 og D4, jafnframt endurgreiðir ríkissjóður 62% af virðisaukaskatti. Virðisaukaskattur af hitun til notanda er því 5,32%.

D4. Til hitunar (án vsk).

	<i>Grunngjald</i>	<i>(m/vsk. netto)</i>
Orkugjald	3,14 kr/kWh	3,31 kr/kWh
Fastagjald	3 050,00 kr/a	3 212,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru: Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi veitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum veitustjóra, en kostaður af notanda. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafll og ársorkuþörf þess húsrýmis sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

F2. Vinnuljós.

	<i>Grunngjald</i>	<i>(m/vsk.)</i>
Orkugjald	8,55 kr/kWh	(10,64)
Fastagjald	2 112,00 kr/a	(2 629,00)

Til vinnuljósá, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

F5. Gatnalýsing.

	<i>Grunngjald</i>	<i>(m/vsk.)</i>
Aflgjald	18 294,00 kr/kWh	(22 776,00)

Af uppsettu aflu til götu- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðaðst við taxta C2 og 3600 h. nýtingartíma á ári. Leggi bæjarveitur til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiði notandi aðrar kr. 22 776,00 kWh/a (m/vsk) fyrir þá þjónustu.

II. MÆLALEIGA.

Bæjarveitur leigja mælitæki við því verði sem hér segir:

	<i>Grunngjald</i>	<i>(m/vsk.)</i>
1. Einfasa kWh-mælir	417,00 kr/a	(519,00)
2. Þrífasa kWh-mælir	1 581,00 kr/a	(1 968,00)
3. Þrífasa kWh-mælir með straumspennumæli	2 672,00 kr/a	(3 327,00)
4. Þrífasa kW/kWh-mælir	2 672,00 kr/a	(3 327,00)
5. Þrífasa kW/kWh-mælir með straumspennumæli	4 253,00 kr/a	(5 295,00)

Af öðrum mælitækjum, en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Bæjarveitna Vestmannaeyja. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur: Málraun	Stofngjald:		Lengdargjald (1):	
	kr.	(m/vsk.)	kr/m	(m/vsk.)
	<i>Grunngjald</i>		<i>Grunngjald</i>	
63 A einfasa	47 400,00	(59 013)	1 458,00	(1 815)
63 A þrífasa	52 000,00	(64 740)	1 458,00	(1 815)
100 A þrífasa	82 500,00	(102 713)	1 783,00	(2 220)
200 A þrífasa	170 600,00	(212 397)	2 143,00	(2 668)
315 A þrífasa	257 500,00	(320 588)		Skv. kostnaði
400 A þrífasa	325 200,00	(404 874)		Skv. kostnaði
710 A þrífasa	590 500,00	(735 173)		Skv. kostnaði
1200 A þrífasa	1 001 500,00	(1 246 868)		Skv. kostnaði

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur:	Stofngjald:		Lengdargjald (1) (2)	
			Jarðstrengur (kr/m)	
	<i>Grunngjald</i>	(m/vsk.)	<i>Grunngjald</i>	(m/vsk.)
63 A einfasa	9 283,00	(11 557)	1 458,00	(1 815)
63 A þrífasa	12 919,00	(16 084)	1 458,00	(1 815)
100 A þrífasa	13 715,00	(17 075)	1 783,00	(2 220)

A merkir málstraum stofnvara í amper. kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sérstaka spennistöð er að ræða.

- (1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem bæjarveitur hafa samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.
- (2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnaði eða lóð undir stöðina bæjarveitunum að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum bæjarveitna um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnaði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnaðis fyrir spennistöðina greiðist af bæjarveitunum (í leiguformi t.d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi. Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádrögnum hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðar-ákvæðum um lokun, skal greiða fyrir endurofnun kr. 1 154,00 (1 437,00).
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 1 154,00 (1 437,00) á skrifstofu bæjarveitna.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitékjum, breytingar á mælingu, svo og aðra þjónustu, sem bæjarveitur veita, að ósk notanda, skal greiða gjald kr. 1 154,00 (1 437,00).
4. Fyrir þá þjónustu bæjarveitna sem veitt er utan venjubundins vinnutíma skal notandi aldrei greiða lægra gjald en sem samsvarar þreföldu gjaldi skv. 3. lið þessa kafla. Vari þjónustan lengur en 3 klst. skal greiða aukalega fyrir hverja klst. er samsvarar yfirvinnukaupi viðkomandi starfsmanna með launatengdum gjöldum.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágan ársnýtingartíma, geta Bæjarveitur Vestmannaeyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. 24,5% virðisaukaskattur er innifalinn í gjaldskrá þessari nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 474, 3. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 1. febrúar 1993.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ**Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn.****I. KAFLI****1. gr.**

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Bæjarveitur Vestmannaeyja láta hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi þeirra, í té vatnsmagn sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Bæjarveitur Vestmannaeyja, og hitaflatir séu nægilega stórir að dómi bæjarveitna.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða samkvæmt vatnsmæli:

Grunngjald: (m/vsk. netto):

93,67 kr. 99,57 kr.

fyrir hvern rúmmetra vatns.

Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

4. gr.

Bæjarveitum er heimilt að selja afnot af vatninu á grundvelli orku- og rennislismælingar.

Greiðist þá:

Grunngjald: (m/vsk. netto):

1,56 kr. 1,66 kr.

fyrir hverja kílowattstund samkvæmt orkumæli og

Grunngjald: (m/vsk. netto):

23,43 kr. 24,91 kr.

fyrir hvern rúmmetra vatns samkvæmt rennislismæli.

5. gr.

Pegar afnot af hitaveitunni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Bæjarveitur leigja vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

	<i>Grunngjald:</i>	<i>(m/vsk. netto):</i>
a) Fyrir mæla allt að ¼"	605,00 kr.	643,00 kr.
b) Fyrir mæla allt að 2"	1 205,00 kr.	1 281,00 kr.
c) Fyrir mæla allt að 3"	2 414,00 kr.	2 566,00 kr.
d) Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.		

7. gr.

Gjöld skv. 3. - 6. gr. innheimta Bæjarveitur Vestmannaeyja og er heimilt að krefja þau mánaðarlega.

Gjalddagi á greiðslum fyrir vatnsnotkun og mælaleigu er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.

Greiðslustöðu skal getið á reikningnum eða tilkynningu. Það eru vanskil ef gjöld eru ekki að fullu greidd á eindaga.

III. KAFLI

8. gr.

Fyrir öll hús sem tengd eru hitaveitunni skal greiða heimæðargjald. Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (m ³) (utanmál)	Grunngjald:	(m/vsk. netto):
Allt að 400	103 972,00 kr.	110 522,00 kr.
400 að 2000	103 972,00 kr.	110 522,00 kr.
2000 að 6000	236 840,00 kr.	251 761,06 kr.
6000 að 10000	516 953,00 kr.	549 521,00 kr.
Meira en 10000	767 119,00 kr.	815 447,00 kr.

Grunngjald:	(m/vsk. netto):
Fyrir 400 m ³ + 83,01 kr/m ³	88,24 kr/m ³ þar yfir
Fyrir 2000 m ³ + 70,07 kr/m ³	74,48 kr/m ³ þar yfir
Fyrir 6000 m ³ + 62,49 kr/m ³	66,43 kr/m ³ þar yfir
Fyrir 10000 m ³ + 54,25 kr/m ³	57,67 kr/m ³ þar yfir

Heimæðargjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr.

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta:

	Grunngjald:	(m/vsk. netto):
a) Fyrir mæli allt að 3/4"	15 569,00 kr.	16 550,00 kr.
b) Fyrir mæli allt að 2"	31 139,00 kr.	33 101,00 kr.
c) Fyrir mæli allt að 3"	62 408,00 kr.	66 340,00 kr.

10. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Bæjarveitunum er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskránni til samræmis við nefnda vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd.

11. gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins. Greiðslustaður heimæðargjalda er á skrifstofu Bæjarveitna Vestmannaeyja.

IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Bæjarveitur hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi sem vangreidd eru af gjöld.

Lokun skal tilkynna með a.m.k. 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið:

Grunngjald:	(m/vsk. netto):
1 207,00 kr.	1 283,00 kr.

fyrir hvert skipti.

14. gr.

Einungis starfsmönnum hitaveitunnar er heimilt að breyta innsigliðum tengihlutum veitunnar.

15. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlunum um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

16. gr.

14% virðisaukaskattur leggst á alla gjaldskrárliði, jafnframt endurgreiðir ríkissjóður 55% af virðisaukaskatti.

Virðisaukaskattur sem leggst á gjaldskrárliði er því 6,3% (netto).

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 339, 11. september 1992.

Iðnaðarráðuneytið, 1. febrúar 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um veitingu leyfis til áætlunarflugs á flugleiðinni Reykjavík – Egilsstaðir – Reykjavík.

Samgönguráðuneytið hefur, með heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og reglugerð nr. nr. 461 30. desember 1991 um flutningaflug með síðari breytingum, sbr. auglýsingu nr. 523 3. nóvember 1989 um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands, veitt Íslandsflugi hf. leyfi til almenns áætlunarflugs á leiðinni:

Reykjavík – Egilsstaðir – Reykjavík

Leyfi Íslandsflugs hf. til áætlunarferða milli Egilsstaða og Reykjavíkur gildir frá og með 1. mars 1993 til og með 31. desember 1997. Leyfið er bundið þeim takmörkunum annars vegar, að sætaframboð félagsins sé ekki meira en sem nemur 10% af heildarsætaframboði á umræddri flugleið í vetraráætlun og sumaráætlun samkvæmt mati ráðuneytisins og hins vegar að heildarfarþegaflutningar í áætlunarflugi séu ekki meira en 10% af heildarflutningum í áætlunarflugi á flugleiðinni á ársgrundvelli eða þeim hluta ársins, sem flugið er stundað. Heimilt er að farþegar í leiguflugi séu allt að 2% af heildarflutningum á flugleiðinni á sama tímabili.

Samgönguráðuneytið, 1. febrúar 1993.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ

um (12.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi bætist við 16. gr. reglugerðarinnar:

Efni	Hámarks magn sem ávísa má með lyfseðli.	Dæmi og undantekningar (merktar *)
Zolpidemum INN	400 mg	Stilnoct, töflur 10 mg: 40 stk.

2. gr.

Í viðauka 4 við reglugerðina skal tekið fram eftirfarandi undir kaflanum „Hámarks magn og/eða takmarkanir“ fyrir efnin Diphenhydraminum og Melcozini chloridum:

Óheimilt er að afgreiða lyfið í afmældum skömmtum án lyfseðils til barna yngri en 18 ára.

3. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Terfenadinum	Lyf í afmældum skömmtum. Mest 20 stk. handa einstaklingi, efnestakur skammtur er 60 mg.	TELDANEX töflur 60 mg	Gegn ofnæmi. Skammtar: Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: Ein tafla kvölds og morguns eða tvær töflur að morgni. Börn 6-12 ára: Hálf tafla kvölds og morguns. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. Varúð: Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni. Varasamt getur verið að nota þetta lyf samtímis sýklalyfinu eryþrómycíni og sveppalyfinu ketóónazóli (til inntöku). Þeir, sem eru með alvarlegan hjartasjúkdóm, sérstaklega þeir, sem hafa fengið hjartsláttartruflun, eiga ekki að nota þetta lyf.
Terfenadinum	Mest 10 stk. handa einstaklingi, efnestakur skammtur er 120 mg.	TELDANEX töflur 120 mg	Gegn ofnæmi. Skammtar: Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: Ein tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Varúð: Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni. Varasamt getur verið að nota þetta lyf samtímis sýklalyfinu eryþrómycíni og sveppalyfinu ketóónazóli (til inntöku). Þeir, sem eru með alvarlegan hjartasjúkdóm, sérstaklega þeir, sem hafa fengið hjartsláttartruflun, eiga ekki að nota þetta lyf.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. febrúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Einar Magnússon.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands nr. 25/1992.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Fyrir hverja rafhlöðuúthlutun (3 rafhlöður) greiða elli- og örorkulífeyrisþegar kr. 125. Aðrir greiða að fullu nema börn og unglingar, sem eru undanþegin gjaldi sbr. 1. gr.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 6. gr. laga nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. febrúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

um greiðslu almannatrygginga fyrir tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega.

1. gr.

Sjúkratryggingar almannatrygginga skulu greiða sem hér segir fyrir tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega sem ekki dveljast á stofnunum:

1. 75% af kostnaði þeirra, sem njóta fullrar tekjutryggingar almannatrygginga.
2. 50% af kostnaði þeirra, sem njóta skertrar tekjutryggingar almannatrygginga.

2. gr.

Sjúkratryggingar almannatrygginga skulu greiða sem hér segir fyrir tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrastofnunum eða í þjónustuhúsnæði aldrafra:

1. Að fullu kostnað þeirra sem njóta skertra eða óskertra vasapeninga skv. 20. eða 51. gr. laga um almannatryggingar.

2. 75% af kostnaði þeirra sem fá enga vasapeninga.

Sækja þarf fyrirfram um endurgreiðslu vegna gervigóma fyrir þá sem falla undir ákvæði 1. tölul. 1. málsg. Ef ekki er sótt fyrirfram um endurgreiðslu fer um endurgreiðslu samkvæmt 2. tölul. 1. málsg.

3. gr.

Sjúkratryggingar almannatrygginga greiða aldrei fyrir gullfyllingar, krónur og brýr fyrir lífeyrisþega.

4. gr.

Reglur þessar sem settar eru að fengnum tillögum tryggingaráðs með stoð í 4. tölulið 2. málsg. 44. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, sbr. 8. gr. laga nr. 104/1992 um breytingu á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. febrúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 290, 28. júlí 1992, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.

1. gr.

Í stað tveggja síðustu málslíða 2. málsgreinar 6. gr. reglugerðarinnar komi tveir nýir málslíðir er orðist svo: Aðeins er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. málslíðar þessarar málsgreinar vegna báta, sem fengið hafa leyfi til línu- og handfæraveiða, í þeim tilvikum að bátur hafi verið dæmdur óbætandi vegna sjóttjóns og tekinn af skipaskrá eða bátur sé settur á minjasafn, enda liggi fyrir umsógn Þjóðminjasafns Íslands um að báturinn hafi verulegt minjagildi og rík ástæða sé til varðveislu hans. Einungis er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. málslíðar þessarar málsgreinar að veiðileyfið til línu- og handfæraveiða sé flutt á jafnstóran eða minni bát, sem áður hafði leyfi með aflahlutdeild.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Akraness eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

1. Biðskylda verði á Faxabraut á gatnamótum Faxabrautar og Akursbrautar gagnvart umferð um Akursbraut.
2. Einstefna verði á Iðjustíg, þannig að einungis verði leyfð umferð frá Vesturgötu niður Iðjustíg.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akranesi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akranesi, 9. febrúar 1993.

Sigurður Gizurarson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 1993

17. febrúar 1993

101

Nr. 66

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 265, 8. júlí 1992,
um loðnuveiðar 1992/1993.

1. gr.

Í stað: „639 600 lestir“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 398, 9. nóvember 1992, komi: 820 000 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

18. febrúar 1993

Nr. 67

REGLUGERÐ

um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi.

1. gr.

Allar veiðar með togvörpu og dragnót eru bannaðar innan þriggja mílna frá fjörumarki meginlandsins á svæði fyrir Suðurlandi, sem að austan markast af línu, sem dregin er réttvísandi í austur frá Stokksnesvita og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í suður frá Reykjanesvita.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru dragnótaveiðar heimilaðar á eftirgreindum svæðum og tímum:

- A. Frá og með 1. mars til og með 31. maí milli lína, sem dregnar eru réttvísandi í suður frá Selvogsvita og Reykjanesvita.
- B. Frá og með 1. júní til og með 31. júlí milli 20°06'V og 19°48'V.
- C. Frá og með 1. mars til og með 30. júní milli 18°18'6 V og 17°V.
- D. Frá og með 1. apríl til og með 31. maí, að línu í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins milli 16°34'V og 15°45'V.

Steindórsprent Gutenberg hf.

B 9

Ennfremur eru togveiðar heimilar frá og með 1. mars til og með 31. maí milli 22°32'V og 21°57'V sbr. ákvæði 3. gr. og ákvæði til bráðabirgða laga nr. 81/1976.

3. gr.

Allar veiðar með togvörpu og dragnót eru bannaðar umhverfis Vestmannaeyjar innan línu, sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki eftirgreindra eyja og skerja: Elliðaey, Bjarnarey, Heimaey, Suðurey, Hellisey, Súlnaskeri, Geirfugla-skeri, Geldungi, Álsey, Grasleysu, Þrídröngum og Einidrang.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru veiðar með dragnót og fótrepisvörpu heimilaðar á eftirgreindum svæðum og tíma:

- A. Frá og með 21. febrúar til og með 15. maí á svæði vestan línu, sem dregin er í norður frá Heimaey, þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman og norðan og vestan línu, sem dregin er frá Heimaey um Grasleysu í Þrídranga og þaðan í Einidrang og þaðan í réttvísandi suður.
- B. Frá og með 16. maí til og með 31. júlí á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- 1. 63°22'N- 20°24'V
- 2. 63°22'N- 20°30'V
- 3. 63°26'N- 20°28'V
- 4. 63°26'N- 20°22'V

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. rýmka ekki heimildir til veiða skv. lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 52 7. febrúar 1992, um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi og reglugerð nr. 367, 12. október 1992, um bann við dragnóta-veiðum í Meðallandsbúgt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 – 1993

19. febrúar 1993

103

Nr. 68

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á Húnaflóa.

1. gr.

Frá og með 23. febrúar 1993 eru allar veiðar með línu bannaðar á svæði á Húnaflóa, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 66°16'N – 21°14'V
2. 66°16'N – 21°00'V
3. 66°00'N – 21°00'V
4. 66°00'N – 21°06'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Breiðdalsgrunni.

1. gr.

Frá og með 23. febrúar 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði á Breiðdalsgrunni, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. $64^{\circ}25'N - 12^{\circ}53'V$
2. $64^{\circ}25'N - 12^{\circ}22,5'V$
3. $64^{\circ}16,5'N - 12^{\circ}40,5'V$
4. $64^{\circ}16,5'N - 12^{\circ}57,7'V$

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 1993

23. febrúar 1993

105

Nr. 70

REGLUGERÐ

um útflutningsleyfi o.fl.

1. gr.

Vöruútflutningur er frjáls nema annað sé ákveðið í lögum, sbr. fylgiskjal 1.

2. gr.

Útflutningur á vörum sem taldar eru upp í fylgiskjali 2 er háður leyfi utanríkisráðuneytisins.

Ekki þarf leyfi samkvæmt þessari grein til að flytja úr landi sýnishorn sem eru ætluð til kynningar á viðkomandi vöru. Sama gildir um gjafir og póstsendingar að sama verðmæti og gildir um tollfrjálsan innflutning ferðamanna.

3. gr.

Útflutningur sem telst mikilvægur til hernaðarþarfa eða við framleiðslu, þróun eða notkun á vörum til hernaðarþarfa er háður leyfi utanríkisráðuneytisins. Sama gildir um hernaðarlega mikilvægan hátækniþúnað og vörur til framleiðslu hans, svo og efna- og lífefnavopn og þúnað sem unnt er að nota til framleiðslu þeirra. Útflutningur þessi er talinn upp í listum I - VI í fylgiskjali 3.

Ef til ágreinings kemur um það til hvaða vara þessi grein tekur sker utanríkisráðuneytið úr honum.

4. gr.

Ráðuneytið getur bundið útflutningsleyfi skilyrðum sem nauðsynleg þykja, þ. á m. um sölukjör, lánskjör, meðferð skjala o. fl.

Ráðuneytið getur krafist þess að útflytjendur veiti upplýsingar um allt er varðar sölu og útflutning vara sem seljast eiga til útlanda, svo sem um verð, umboðslaun o.s.frv. Ennfremur að lagðir séu fram endanlegir sölureikningar eða önnur gögn yfir vöru sem flutt var út í umboðssölu.

5. gr.

Starfsmönnum ráðuneytisins sem veita viðtöku upplýsingum frá útflytjendum skv. 4. gr. er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þar kemur fram og leynt á að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi, sbr. 32. gr. laga nr. 38/1954.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. gr. laga nr. 4/1988 um útflutningsleyfi o.fl. og öðlast gildi 1. mars 1993. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 407/1992 um útflutningsleyfi o.fl.

Utánríkisráðuneytið, 23. febrúar 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Porsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

Útflutningur sem er háður takmörkunum samkvæmt öðrum lögum.

A

Ávana- og fíkniefni

1. Útflutningur ávana- og fíkniefna er bannaður skv. 2. og 3. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni.

Búfé

2. Óheimilt er að flytja úr landi tímgunarhæft búfé, sæði eða fósturvísa án leyfis landbúnaðarráðuneytis, sbr. 14. gr. laga nr. 84/1989 um búfjárrækt.
3. Útflutningur hrossa er háður leyfisveitingum frá landbúnaðarráðuneyti skv. lögum nr. 64/1958 um útflutning hrossa.

Búvörur

4. Áður en ákvarðanir eru teknar um útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sbr. 41. gr. laga nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Forngripir

5. Eigi má flytja úr landi neina muni eða gripi sem eru eldri en 100 ára nema þjóðminjaráð leyfi, sbr. 28. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Fuglar

6. Fugla, egg, eggskurn og hreiður er óheimilt að flytja úr landi nema með undanþágu frá umhverfisráðuneyti, sbr. nánar 32. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun. Bannið tekur hvorki til rjúpna né alifugla.

Laxa- og silungahrogn

7. Óheimilt er að flytja úr landi laxa- og silungahrogn nema með leyfi landbúnaðarráðherra skv. 22. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Náttúrugripir

8. Náttúrugripi má ekki flytja úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur hverju sinni, sbr. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Neysluvörur skaðlegar heilbrigði

9. Óheimilt er að hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt af hendi, hvort sem er innanlands eða til útflutnings úr landinu, matvæli eða aðrar neyslu- eða nauðsynjavörur, sem ætla má að skorti eðlilega hollustu eða séu skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlega hátt, sbr. 3. tölul. 4. gr. laga nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Plöntur

10. Þegar plöntur eru fluttar frá Íslandi til annarra landa, skal fylgja þeim heilbrigðisvottorð í samræmi við kröfur innflutningslandsins, sbr. nánar 10. gr. reglugerðar nr. 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

Síld

11. Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld, sem íslensk skip veiða, eða verkuð er hér á landi eða lögd á land verkuð, nema löggilding síldarútvegsnefndar komi til, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1962 um síldarútvegsnefnd og útflutning saltáðrar síldar.

Skotvopn

12. Enginn má flytja úr landi skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins, sbr. 8. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Verðbréf

13. Öðrum aðilum en viðskiptabönkum og sparisjóðum og þeim sem hafa heimild til verðbréfamíðlunar hér á landi er óheimilt að flytja innlend og erlend verðbréf til og frá landinu nema með heimild frá Seðlabankanum, sbr. 6. tölul. 15. gr. reglugerðar nr. 471/1992 um gjaldeyrismál.

B**Viðskiptabann**

14. Óheimilt er að flytja frá Íslandi vörur til Suður-Afríku eða gera samning um útflutning vara frá Íslandi þegar ljóst má vera við gerð samningsins að endanlegur áfangastaður varanna er Suður-Afríka, sbr. 1. gr. laga nr. 67/1988 um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku.
15. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að selja eða útvega aðilum í Írak vörur, eða selja eða útvega vörur í þágu fyrirtækis sem rekið er í Írak eða stjórnað er þaðan, sbr. 3. gr. auglýsingar nr. 160/1992 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) vegna innrásar Íraka í Kúvæt.
16. Íslenskum ríkisborgurum hvarvetna og öðrum í íslenskri lögsögu er óheimilt að selja eða flytja flugvélar og flugvélahluta til Líbýu, sbr. auglýsing nr. 130/1992 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 748 (1992) vegna stuðnings líbýskra stjórnvalda við hryðjuverkastarfsemi.
17. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að selja eða útvega aðilum í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi) vörur í þágu fyrirtækis sem rekið er í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi) eða stjórnað er þaðan, sbr. 3. tölul. 1. mgr. auglýsingar nr. 197/1992 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 757 (1992) um refsiaðgerðir gegn Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi).

C

18. Tilvísanir í lagaákvæði í fylgiskjali þessu skulu hvorki hafa áhrif á túlkun þeirra né annarra lagaákvæða um útflutningstakmarkanir sem þar er ekki getið og kunna að vera í gildi eða verða sett.
19. Þegar vísað er í lög í fylgiskjali þessu er átt við lög in eins og þeim kann að hafa verið breytt, þótt breytingarlaganna sé ekki getið.

Fylgiskjal 2.**Útflutningur á fiski sem er háður leyfi utanríkisráðuneytisins.**

Tollskrárnúmer	Vörutegund
0301	Lifandi fiskur
0302.2101-0302.2900	Flatfiskur
0302.5000	Þorskur
0302.6200	Ýsa
0302.6300	Ufsi
0302.6500	Háfur og aðrir háfiskar
0302.6901	Loðna
0302.6902	Langa
0302.6903	Karfi
0302.6904	Keila
0302.6905	Steinbítur
0302.6906	Skata
0302.6909	Annar fiskur
0305.2001	Grásleppuhrogn, söltuð

Fylgiskjal 3.**Útflutningur til hernaðarþarfa sem er háður leyfi utanríkisráðuneytisins.****I. Vopn, skotfæri og annað til hernaðar.**

Tollskrárnúmer	Vörutegund
9302, 9303, 9307	1. Handvopn o.fl. til hernaðar eða annarra nota: Marghleypur, skammbyssur, margskota skammbyssur, byssur (að undanskyldu: sportbyssur og antik handvopnum frá því fyrir 1890), vélbyssur, skutulfallbyssur og skutulvopn, línubyssur o.þ.h., önnur skotvopn eða áþekk tól sem hleypa af skoti með sprengihleðslu, byssustingir.
9301	2. Stórskotaliðsvopn o.fl.: a. Stórskotaliðstæki, m.a. fallbyssur og sprengjувörpur, vopn á brynvagna þ.m.t. byssur, sprengjubyssur og brynvagnskot.
9301	b. Eldvörpur.

Tollskrárnúmer

Vörutegund

9306

3. Eldflaugakerfi, sprengjur, flugskeyti, tundurskeyti, tundurdufl, jarð- og handsprengjur.

4. Kveikibúnaður, leitunarbúnaður og útbúnaður til vopnameðhöndlunar o.fl.:

Ýmis númer

a. Búnaður sérstaklega hannaður eða lagaður fyrir: kveikiþráð, meðhöndlun, eftirlit, stillingu, ræsibúnað, stjórnun, greiningu, staðsetningu, til fjarlægingar, til slæðingar, og til að gera óvirkan búnað sem nefndur er í 2. og 3. tölul.

8543, 9014

b. Hljóðsjár og hljóðsjártæki, þar með talið hljóðsjárbaujur, sérstaklega hannaðar eða lagaðar til hernaðarnota.

5. „ABC*-vopn“ m.a.:

Ýmis númer

a. Geislavirk, líffræðileg og efnafræðileg vopn.

Ýmis númer

b. Útbúnaður sérstaklega hannaður eða lagaður til staðsetningar, ræsingar, dreifingar, greiningar og eyðingar á vopnum sem nefnd eru í a-lið 5. tölul.

6. Skotfæri, sprengiefni o.fl.:

9306

a. Skotfæri til varnings sem nefndur er í 1. og 2. tölul.

9306

b. Skothylki og hleðslubúnaður.

3601, 3602, 3603

c. Sprengiefni, púður og kveikibúnaður, sérstaklega hannað eða lagað fyrir varning í 3., 5. og a-lið 6. tölul.

3602, 3603

d. Sprengihleðslur, sérstaklega hannaðar eða lagaðar í hernaðartilgangi ásamt skotbúnaði, þ.m.t. hvellhettur til slíks búnaðar.

9306

e. Skothleðslur fyrir flaugar, flugskeyti og tundurskeyti.

3604

f. Flugeldavörur og reykibúnaður, sérstaklega hannaður eða lagaður til hernaðarnota.

7. Rafeindabúnaður o.fl. ekki tilgreindur í 4. tölul.:

85. kafli

a. Tengibúnaður, sérstaklega hannaður eða lagaður til hernaðarnota.

85. kafli

b. Rafeindabúnaður til hernaðarnota, þ.m.t. ratsjárvarnarbúnaður og ratsjárviðvörunarbúnaður.

8526, 9015

c. Siglingafræðilegur búnaður, fjarlægðarmælur, stefnugjafar, sérstaklega hannað eða lagað til hernaðarnota.

Ýmis númer

d. Annar rafeindabúnaður, sérstaklega hannaður eða lagaður til hernaðarnota.

Tollskrárnúmer	Vörutegund
	8. Farartæki m.a.:
89. kafli 5608,7314,7326	a. Farartæki, bátar og aðrir farkostir, sérstaklega hannaðir eða lagaðir til hernaðarnota. b. Kafbáta- og tundurduflanet.
88. kafli	9. Loftför og geimför, sérstaklega hönnuð eða löguð til hernaðarnota.
87. kafli	10. Beltabílar, láðs- og lagarbílar og önnur ökutæki, sérstaklega hönnuð eða löguð til hernaðarnota, stríðsvagnar, brynvagnar.
Ýmis númer	11. Verndar- og björgunarbúnaður m.a.: Jafnþrýstibúningar, einangrunarfatnaður, hlífðarfatnaður, hjálmar, sýruvarnarföt, öndunarbúnaður, fallhlífar, búnaður til að slöngva flugvélum af flugmóðurskipum og annar slöngvibúnaður sérstaklega hannaður eða lagaður til hernaðarnota.
	12. Ljósmyndabúnaður:
9006	a. Myndavélar, sérstaklega hannaðar eða lagaðar til hernaðarnota.
9010	b. Skýringarbúnaður fyrir loftmyndir, sérstaklega útbúinn eða lagaður til hernaðarnota.
Ýmis númer	13. Efni sérstaklega hannað eða aðhæft til þjálfunar hermanna.
Ýmis númer	14. Birgðavörslubúnaður, sérstaklega útbúinn eða lagaður til hernaðarnota.
Ýmis númer	15. Einingar, hlutar og kerfishlutar, sérstaklega hannaðir eða lagaðir til framleiðslu í 1. - 14. tölul. hér að framan.
	16. Hugbúnaður:
8524	a. Hugbúnaður, sérstaklega útbúinn eða lagaður fyrir framleiðslu í 1.-15. tölul. hér að framan.
8524	b. Hugbúnaður, sérstaklega útbúinn eða lagaður til hönnunar, framleiðslu, viðhalds eða notkunar á framleiðslu í 1. - 15. tölul. hér að framan.

II. Eldflaugar og skyldar framleiðsluvörur og tæknibúnaður.

Lýsing á hlutum og tæknibúnaði sem tengist hönnun og framleiðslu eldflauga til ákveðinna hernaðarnota:

1. Fullbúin eldflugakerfi (þar með talin skotflugakerfi, geimskotakerfi og könnunareldflaugar); ómönnuð loftför (þar með taldar stýriflaugar, markflaugar og njósnaflaugar),

- sem geta borið að minnsta kosti 500 kg nytjafarm að minnsta kosti 300 km vegalengd; framleiðslumannvirki sérhönnuð fyrir slík kerfi.
2. Fullbúnir kerfishlutar í kerfi sem nefnd eru í 1. tölul. og sem fylgja með; sérhæfð framleiðslumannvirki og framleiðslubúnaður fyrir þannig kerfishluta:
 - a) Stök eldflaugaprep;
 - b) Skotpallar smíðaðir til þess að koma eldflaugum aftur inn í gufuhvolfið;
 - c) Eldflaugavélar fyrir fljótandi eða fast eldsneyti;
 - d) Stýrikerfi og flugstjórnunarkerfi;
 - e) Eftirlitskerfi sem byggja á „Thrust Vector“ lögmálinu;
 - f) Útbúnaður til þess að tryggja, brynverja og dreifa sprengihleðslum.
 3. Útbúnaður til þess að knýja áfram kerfi sem lýst er í 1. tölul., hlutar í þannig knúin kerfi; framleiðslubúnaður og mannvirki sérstaklega gerð fyrir þannig kerfi og hluti.
 4. Eldsneyti í vélar fyrir eldflaugar skv. 1. tölul.; hálfunnin hráefni sérstaklega framleidd fyrir þess konar eldsneyti; tæknibúnaður og framleiðslubúnaður sérstaklega gerð fyrir þannig eldsneyti og hálfunnin hráefni.
 5. Tækjabúnaður og tækni til þess að framleiða samsett efni til byggingar á kerfum skv. 1. tölul.; hlutar og sérhæfður hugbúnaður fyrir þess konar útbúnað.
 6. Byggingarefni fyrir kerfi skv. 1. tölul., sem hér segir:
 - a) Samsett efni, samlímd efni og þættir í þau;
 - b) Karbónefni sérstaklega gerð fyrir eldflaugakerfi;
 - c) Fínkorna gervigrafít í vélarúðara og annað tengt eldflaugum;
 - d) Keramísk samsett efni sérstaklega ætluð í eldflaugaodda;
 - e) Wolfram, molybden og málmblöndur með þessum efnunum, sem í eru kúlulaga agnir eða agnir af 500 míkrometra stærð eða minni og innihalda að minnsta kosti 97% af efninu;
 - f) Sérhert (maraging) stál af styrkleika $1,5 \times 10^9$ Pa eða meira.
 7. Áttavitar, snúðáttavitar, hröðunarmælar og tregðustýrieiningar fyrir eldflaugar skv. 1. tölul.; hlutar og hugbúnaður fyrir þessi tæki.
 8. Flóttastýrikerfi fyrir kerfi skv. 1. tölul. og útbúnaður til þess að prófa, stilla og koma upp þannig flóttastýrikerfi.
 9. Rafeindabúnaður sérhannaður eða aðlagður kerfum skv. 1. tölul. og hlutar og hugbúnaður sérhannaður fyrir slíkan rafeindabúnað.
 10. Skotbúnaður og jarðbúnaður, þar með talinn hugbúnaður, fyrir kerfi skv. 1. tölul.
 11. Hliðstæðureiknar, stafrænar tölvur og stafrænir diffurkvótagreinar sérhannaðir eða aðlagðir loftförum eða eldflaugum sem hægt er að nota við kerfi skv. 1. tölul.
 12. Hliðstætt-í-stafrænt breytar fyrir kerfi skv. 1. tölul.
 13. Tilraunabúnaður og mannvirki, þar með talinn hugbúnaður, fyrir kerfi skv. 1. tölul.
 - a) Útbúnaður til sveiflumælinga með afli upp á 50 kN eða meira;
 - b) Vindgöng fyrir Mach 0,9 eða meira;
 - c) Tilraunabekkir fyrir eldflaugavélar með þrýstikrafti sem er meiri en 90 kN;
 - d) Loftslagsrými og hljóðdeyfirými til þess að líkja eftir aðstæðum á flugi (hvað varðar hitastig, titring og hljóðdeyfingu);
 - e) Geislunarútbúnaður, nema hvað varðar útbúnað til læknisfræðilegra nota.
 14. Hugbúnaður og tölvur sérstaklega ætlaðar til þess að gera líkön af, herma eftir eða samhæfa kerfi fyrir kerfi skv. 1. og 2. tölul.
 15. Tækni, efni og útbúnaður til þess að draga úr því að hægt sé að koma auga á kerfi skv. 1. tölul., til dæmis könnunarbúnaður á borð við ratsjár eða sjónrænt eftirlit.
 16. Tækni og útbúnaður til þess að vernda kerfi skv. 1. tölul. gegn kjarneðlisfræðilegum áhrifum.

III. Vörur til framleiðslu efnavopna.

A. Kemísk efni.

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Cas nr.
2811.1100	Vatnsefnisflúoríð (flúorsýra)	(7664-39-3)
úr 2812.1000	Fosfórylklóríð (fosfóryltríklóríð)	(10025-87-3)
“	Fosfórtríklóríð	(7719-12-2)
“	Tíónyklóríð (súlfínyldíklóríð)	(7719-09-7)
“	Fosfórpentaklóríð	(10026-13-8)
úr 2826.1100	Ammóníumvetnisflúoríð (ammóníumbíflúoríð)	(1341-49-7)
úr 2826.1900	Kalíumvetnisflúoríð (kalíumbíflúoríð)	(87789-29-9)
“	Natríumflúoríð	(7681-49-4)
“	Natríumbíflúoríð (natríumvetnisflúoríð)	(1333-83-1)
“	Kalíumflúoríð	(7789-23-3)
úr 2827.3900	Arsentríklóríð	(7784-34-1)
úr 2830.1000	Natríumsúlfíð	(1313-82-2)
úr 2830.9000	Fosfórpentasúlfíð	(1314-33-9)
úr 2837.1900	Kalíumcyaníð	(151-50-8)
“	Natríumcyaníð	(143-33-9)
úr 2905.1900	Pínakólylalkóhól	(464-07-3)
úr 2905.5000	2-Klóretanól	(107-07-3)
úr 2914.1900	Pínakólon (3,3-dímetyl-2-bútanon)	(75-97-8)
úr 2918.1900	Metýlbenzilát	(76-89-1)
“	Benzilsýra (2,2-dífenyl-2-hydroxyediksýra) (2,2-dífenylglykólsýra)	(76-93-7)
úr 2921.1100	Dímetylámín	(124-40-3)
“	Dímetylámínvetnisklóríð	(506-59-2)
úr 2921.1900	N, N-Díísóprópyl-β-amínóetylklóríð	(96-79-7)
úr 2921.2900	Díísóprópylamín	(108-18-9)
2922.1300	Tríetanólamín	(102-71-6)
úr 2922.1900	N, N-Díísóprópyl-β-amínóetanól	(96-80-0)
“	Díetylámínóetanól	(100-37-8)
úr 2930.9000	Tíódíglykól	(111-48-8)
“	N, N-Díísóprópyl-β-amínóetantíól	(5842-07-9)
úr 2931.0000	Dímetylmetylfosfónat	(756-79-6)
“	Metylfosfónýldíflúoríð	(676-99-3)
“	Metylfosfónýldíklóríð	(676-97-1)
“	Dímetylfosfít	(868-85-9)
“	Trímetylfosfít	(121-45-9)
“	Díetylletyfosfónat	(78-38-6)
“	Díetyl-N, N-dímetylfosfóramídat	(2404-03-7)
“	Díetylfosfít	(762-04-9)
“	Etylfosfínýldíklóríð	(1498-40-4)
“	Etylfosfónýldíklóríð	(1066-50-8)
“	Etylfosfónýldíflúoríð	(753-98-0)
“	Metylfosfínýldíklóríð	(676-83-5)
“	QL(O-etyl-2-díísóprópylamínóetyl-metylfosfónít)	(57856-11-8)
“	Tríetylfosfít	(122-52-1)

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Cas nr.
“	Díetylmetylfosfónít	(15715-41-0)
“	Dímetyletylfosfónat	(6163-75-3)
“	Etylfosfínýldíflúoríð (etylfosfórdíflúoríð)	(430-78-4)
“	Metylfosfínýldíflúoríð (metylfosfórdíflúoríð)	(753-59-3)
úr 2933.3900	3-Hýdroxy-1-metylpíperídín	(3554-74-3)
“	3-Quínúklídínól	(1619-34-7)
“	3-Quínúklídón	(3731-38-2)

B. Framleiðslubúnaður

- Efnakjarnakljúfar stærri en 0,1 m³ og minni en 15 m³ að rúmmáli og efnakjarnakljúfar til stöðugar framleiðslu yfir 1 kg á klukkustund.
- Geymar og tankar stærri en 0,1 m³ að rúmmáli.
- Hitaskiptar.
- Eimingarsúlur (þar með taldar einangraðar súlur) stærri en 0,1 m í þvermál.
- Eimsvalar.
- Útblástursbúnaður sem gerður er úr eða fódraður með einhverju eftirtalinna efna:
 - nikkli eða málmblöndum með meira en 40% nikkli að þyngd;
 - málmblöndum með meira en 25% nikkli og 20% króm að þyngd;
 - grafíti (á aðeins við um hitaskipta).
- Flæðiáhöld, þar sem þeir hlutar, sem komast í snertingu við vökva, eru gerðir úr eða húðaðir með eftirtöldum efnum:
 - nikkli eða málmblöndum með meira en 40% nikkli að þyngd; eða
 - málmblöndum með meira en 25% nikkli og 20% króm að þyngd.
- Lokar (þar með taldir belglokar, himnulokar og tvíeinangraðir lokar gerðir fyrir lekavara) og margföld rör þar sem þeir hlutar, sem komast í snertingu við vökva, eru gerðir úr eða húðaðir með eftirtöldum efnum:
 - nikkli eða málmblöndum með meira en 40% nikkli að þyngd;
 - málmblöndum með meira en 25% nikkli og 20% króm að þyngd; eða
 - flúorfjöllidum (þar með talin PTFE, PVDF, PFA).
- Dælur þar sem þeir hlutar, sem komast í snertingu við vökva, eru gerðir úr eða húðaðir með eftirtöldum efnum:
 - nikkli eða málmblöndum með meira en 40% nikkli að þyngd;
 - málmblöndum með meira en 25% nikkli og 20% króm að þyngd;
 - flúorfjöllidum (þar með talin PTFE, PVDF, PFA); eða
 - tantál.
- Brennsluofnar með vægum brennsluhita hærri en 1000 °C, með aðflutningskerfum, sem gerð eru úr eða húðuð með eftirtöldum efnum:
 - nikkli eða málmblöndum með meira en 40% nikkli að þyngd;
 - málmblöndum með meira en 25% nikkli og 20% króm að þyngd; eða
 - keramik.

C. Eftirlitsbúnaður.

Eftirlitskerfi sem hafa gát á eitruðum gufum:

- Efnavopn, uppgefin hráefni í efnavopn samkvæmt ofangreindum lista, auk fosfórs, brennisteins, flúors, klórblönduð efni að styrkleika minni en 0,3 mg/m³ í andrúmslofti og sem gerð eru til stöðugar framleiðslu;
- Útbúnaður sem byggir á því að trufla taugahormón.

IV. Örverur og erfðaeefni.**A. Veirur.**

- V1 Chikungunyaveira
- V2 Kongó-Kínablæðingásóttarveira
- V3 Dengue hitasóttarveira
- V4 Austurlensk hrossaheilabólguveira
- V5 Ebolaveira
- V6 Hantaveira
- V7 Juninveira
- V8 Lassahitarsóttarveira
- V9 Eitla- og æðabelgsheilahimnubólguveira
- V10 Machupoveira
- V11 Marburgveira
- V12 Apabólueira
- V13 Rift Valley-veikiveira
- V14 Mauraútbreidd heilabólguveira (Russian Spring-Summer encephalitisveira)
- V15 Bólusóttarveira
- V16 Venesúela hrossaheilabólguveira
- V17 Vesturlensk hrossaheilabólguveira
- V18 Hvítbólueira
- V19 Hitabeltisluguveira
- V20 Japönsk heilabólguveira

B. Rickettsiae.

- R1 Coxiella burnetii
- R2 Rickettsia quintana
- R3 Rickettsia prowasecki
- R4 Rickettsia rickettsii

C. Bakteriur.

- B1 Bacillus anthracis
- B2 Brucella abortus
- B3 Brucella melitensis
- B4 Brucella suis
- B5 Chlamydia psittaci
- B6 Clostridium botulinum
- B7 Francisella tularensis
- B8 Pseudomonas mallei
- B9 Pseudomonas pseudomallei
- B10 Salmonella typhi
- B11 Shigella dysenteriae
- B12 Vibrio cholerae
- B13 Yersinia pestis

D. Erfðabreyttar överur.

- G1 Erfðabreyttar örverur eða erfðaeiningar, sem innihalda kjarnsýruraðir sem tengjast sýklum og eru úr lífverum á meginlistanum.
- G2 Erfðabreyttar örverur eða erfðaeiningar, sem innihalda kjarnsýruraðir sem þýða fyrir einhver eitur (toxín) á meginlistanum.

E. Líffræðileg eitur (toxín).

- T1 Botulinum toxín
- T2 Colstridium perfringens toxín
- T3 Conotoxín
- T4 Ricín
- T5 Saxitoxín
- T6 Shiga toxín
- T7 Staphylococcus aureus toxín
- T8 Tetrodotoxín
- T9 Veritoxín
- T10 Microcystín (cyangínosín)

V. Dýrasýklar.**A. Veirur.**

- AV1 Afrísk svínapestarveira
- AV2 Fuglainflúensuveira
- AV3 Blátunguveira
- AV4 Gin- og klaufaveikiveira
- AV5 Geitabólusóttarveira
- AV6 Herpesveira (Aujeszky-veikiveira)
- AV7 Svínapestarveira
- AV8 Lyssaveira
- AV9 Newcastle-veikiveira
- AV10 Smájörturdýraveikiveira (Peste des petits ruminants)
- AV11 Svínalömunarveikiveira af gerð 9
- AV12 Nautapestarveira
- AV13 Fjárbólusóttarveira
- AV14 Svínalömunarveikiveira
- AV15 Munnblöðrubólguveira

B. Bakteríur.

- AB3 Mycoplasma mycoides

C. Erfðabreyttar örverur.

- AG1 Erfðabreyttar örverur eða erfðaeiningar, sem innihald kjarnsýruraðir sem tengjast sýklum og eru úr lífverum á listanum.

VI. Líftæknibúnaður sem nota má í tvenns konar tilgangi.**1. Fullkomin einangrunaraðstaða sem telst vera á einangrunarstigi P3 eða P4.**

Fullkomin einangrunaraðstaða sem uppfyllir kröfur fyrir einangrunarstig P3 eða P4 (BL3, BL4, L3, L4) eins og þær eru skilgreindar í „WHO Laboratory Biosafety Manual“ (Genf 1983).

2. Ræktunartankar.**

Ræktunartankar þar sem rækta má sjúkdómsvaldandi örverur eða veirur, eða þar sem framleiða má líffræðileg eitur (toxín), án útblásturs á finúða (aerosol) og hafa eftirfarandi einkenni:

** Undirflokkar ræktunartanka eru m.a. ensím- og örveruhvarfakútar, síræktartankar og síflæðikerfi.

- a) ræktunarrúmmál er 300 lítrar eða meira;
- b) tvöfaldar eða margfaldar legur, sem liggja innan einangrunarrúmisins og sem hægt er að dauðhreinsa með gufu;
- c) sem hægt er að dauðhreinsa lokaða og á staðnum.

3. Skilvindur.***

Skilvindur þar sem útskilja má með síflæði, sjúkdómsvaldandi örverur, án myndunar á fínúða (aerosol) og hafa eftirfarandi einkenni:

- a) með flæðishraða yfir 100 lítra á klukkustund;
- b) eru úr slípuðu ryðfríu stáli eða títánium;
- c) tvöfaldar eða margfaldar legur, sem liggja innan einangrunarýmisins og sem hægt er að dauðhreinsa með gufu;
- d) hægt að dauðhreinsa lokað og á staðnum.

4. Örsiutæki.

Örsiutæki þar sem útskilja má með síflæði, sjúkdómsvaldandi örverur, veirur, líffræðileg eitur (toxín) og frumuræktir, án myndunar á fínúða (aerosol) og hafa eftirfarandi einkenni:

- a) heildaryfirborð síu er yfir 5 fermetrar;
- b) hægt að dauðhreinsa á staðnum.

5. Frostþurrkarar.

Frostþurrkarar sem dauðhreinsa má með gufu og með þéttigetu á milli 50 og 1000 kíló af ís á sólarhring.

6. Tækjabúnaður, sem inniheldur eða er hluti af P3 eða P4 (BL3, BL4, L3, L4) einangrunarhúsnæði:

- a) Hálfir eða heilir og sjálfstætt loftræstir öryggisbúningar;
- b) Öryggisskápar í 3. flokki eða einangrunarskápar með svipaða eiginleika.

7. Klefar fyrir tilraunir með innöndun á fínúða (aerosol).

Klefar sem hannaðir eru fyrir tilraunir með innöndun á sjúkdómsvaldandi örverum, veirum eða líffræðilegum eitrum (toxínum) í fínúða (aerosol) og eru 1 rúmmetri eða stærri.

8. Aðrar vörur:

- a) Tæki til að húða eða afloka lifandi örverur eða líffræðileg eitur (toxín) í agnir sem eru 1-10 míkrómetrar að stærð, og þá sérstaklega:
 - (i) Millifasa-fjölþéttitæki;
 - (ii) Fasaskiljur;
- b) Ræktunartankar með ræktunarrúmmál minna en 300 lítra ef þeir eru pantaðir margir í einu eða ef þeir eru hannaðir til notkunar í samtengdum kerfum;
- c) Aflokuð hreinloftsherbergi, sem eru loftræst með venjulegum búnaði, iðuflæðisbúnaði eða með aflokuðum HEPA-síum, þannig að þau megi nota sem P3 eða P4 (BL3, BL4, L3, L4) einangrunarhúsnæði.

*** Fleytibúnaður telst einnig til skilvinda.

REGLUGERÐ

um undanþágu frá virðisaukaskatti vegna innflutnings á prentuðu máli.

1. gr.

Skýrslur, upplýsingarit, bækur og önnur prentuð gögn, sem berast frá útlöndum án endurgjalds, til vísindastofnana, bókasafna eða annarra opinberra stofnana, skulu undanþegin virðisaukaskatti.

2. gr.

Skýrslur, upplýsingarit, bækur og önnur prentuð gögn, sem berast frá útlöndum án endurgjalds, til annarra aðila en um getur í 1. gr., skulu undanþegin virðisaukaskatti, enda fari FOB-verð sendingar í íslenskum krónum ekki yfir jafnvirði 33 SDR.

3. gr.

Heimilt er að krefja innflytjendur eða viðtakendur prentaðs máls um þær upplýsingar sem nauðsynlegar þykja til að staðfesta að skilyrði 1. og 2. gr. séu uppfyllt.

4. gr.

Ágreiningi sem upp kann að rísa um framkvæmd og túlkun ákvæða reglugerðar þessarar má vísa til fjármálaráðuneytis til úrskurðar.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 36. gr. laga nr. 50/1988, með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 22. febrúar 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á byggingarreglugerð nr. 177/1992.

1. gr.

Ný 2. mgr. kemur í stað 2. og 3. mgr. greinar 2.4.7. og orðist svo:

Byggingarnefnd veitir iðnmeisturum sem eru starfandi í iðn sinni og hafa lokið meistaraskóla eða hlotið hliðstæða menntun, viðurkenningu samkvæmt IV. kafla, og einnig öðrum iðnmeisturum sem hafa að staðaldri haft umsjón með og borið ábyrgð á byggingarframkvæmdum í a.m.k. þrjú ár eftir viðurkenningu byggingarnefndar þar sem ekki var meistaraskóli í byggingarnefndarumdæmi eða næsta nágrenni. Þá getur byggingarnefnd veitt þeim iðnmeisturum sem við gildistöku reglugerðar nr. 177/1992 höfðu viðgerðarvinnu að aðalstarfi sérstaka viðurkenningu til þeirra starfa, sbr. gr. 3.1.11. og 3.1.12.

2. gr.

Grein 3.5.1. orðist svo:

Rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum og árita þá hafa arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar, hver á sínu sviði, svo og búfræðikandidatar úr tæknideildum búnaðarháskóla að því er landbúnaðarbyggingar varðar, enda hafi framangreindir aðilar öðlast tveggja ára viðurkennda starfsreynslu á sínu sviði. Þeir sem hlotið höfðu þennan rétt áður en byggingarlög nr. 54/1978 gengu í gildi, halda honum.

3. gr.

Grein 4.1. orðist svo:

Þeir meistarar einir mega hafa umsjón með og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum, hver á sínu sviði, sem til þess hafa hlotið viðurkenningu byggingarnefndar sem í hlut á, sbr. gr. 2.4.7., og fullnægja að öðru leyti skilyrðum sem sett eru í lögum og reglugerðum einstakra veitustofnana.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 og öðlast gildi nú þegar.

Umhverfissráðuneytið, 23. febrúar 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins og tvíhliða samnings Íslands og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins um landbúnaðarafurðir.

Inngangur.

Að því er Ísland varðar öðlaðist fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins (TSSL) og tvíhliða samningur Íslands og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins um landbúnaðarafurðir gildi hinn 1. janúar 1993. Með erindaskiptum milli Íslands og Tékkneska lýðveldisins og Slóvakíska lýðveldisins hafa nefnd lýðveldi yfirtekið réttindi og skyldur samkvæmt nefndum samningum við Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldið.

Með fríverslunarsamningnum hafa EFTA-ríkin og TSSL ákveðið að koma, stig af stigi, á fríverslunarsvæði m.a. vegna vöruviðskipta milli aðildarríkjana eins og nánar er kveðið á um í samningnum.

Fríverslunarsamningurinn gildir eingöngu um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja, annars vegar og TSSL, hins vegar, en ekki um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í samningnum. Um síðar nefndu viðskiptin gilda ákvæði samningsins um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu, með síðari breytingum, svo og auglýsing nr. 407/1987 svo og önnur fyrirmæli varðandi tollfrákvæmdina.

Auglýsing þessi kveður nánar á um sérstaka tollmeðferð á vörum samkvæmt ákvæðum nefndra samninga að því marki sem vörur eru ekki tollfrjálsar samkvæmt beinum fyrirmælum tollskrárinnar í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, dálki A, eða leiðir af einstökum ákvæðum tollalaga.

Innflutningur.

1. gr.

Samkvæmt nefndum fríverslunarsamningi skal ekki greiða toll við innflutning á eftirfarandi vörum, sem upprunnar eru í Tékkneska lýðveldinu eða Slóvakíska lýðveldinu, svo og vörum upprunnum í EFTA-ríkjunum að uppfylltum skilyrðum í 33. gr. 1. tl. bókunar B við samninginn, að uppfylltum öðrum skilyrðum auglýsingar þessarar:

1. Vörur sem falla undir tollskrárnúmer í köflum 25-97 í tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, enda beri tollskrárnúmerið 0% toll samkvæmt dálki merktum E í tollskrá.
2. Vörur sem unnar eru úr landbúnaðarhræfnum, enda falli þær undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í fylgiskjali I við auglýsingu þessa.
3. Fiskur og aðrar sjávarafurðir, enda falli þær undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í fylgiskjali II við auglýsingu þessa.

2. gr.

Tollfríðindi skv. 1. gr. eru bundin því skilyrði að vörurnar séu upprunnar í aðildarríkjum EFTA eða Tékkneska lýðveldinu eða Slóvakíska lýðveldinu í skilningi ákvæða bókonar B við fríverslunarsamninginn og gætt sé ákvæða um sönnun uppruna með framlagningu EUR. 1 flutningsskírteinis eða vörureiknings með upprunayfirlýsingu svo og annarra ákvæða sem gilda um fríðindameðferð samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins. Bókun B, sem gildir um fríðindameðferð samkvæmt auglýsingu þessari, er birt sem fylgiskjal IV við auglýsingu þessa. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12. gr. bókonarinnar er fullnægjandi að EUR. 1 flutningsskírteini sé afhent tollyfirvaldi, þar sem vöru er framvísað, innan tólf mánaða frá þeim degi er tollyfirvald í útflutningslandi gaf skírteinið út, sbr. 1. mgr. 12. gr. auglýsingar nr. 407/1987.

Ríkistollstjóra er falin framkvæmd 13., 17. og 2. mgr. 18. gr. bókonar B við fríverslunarsamninginn.

3. gr.

Samkvæmt nefndum tvíhliða samningi Íslands og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins skal ekki greiða toll af innfluttum landbúnaðarvörum, sem falla undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í fylgiskjali III, að uppfylltum öðrum skilyrðum auglýsingar þessarar.

Tollfríðindi samkvæmt 1. mgr. eru bundin því skilyrði að vörurnar séu upprunnar í Tékkneska lýðveldinu eða Slóvakíska lýðveldinu samkvæmt upprunareglum og viðauka við þær sem birt er í fylgiskjali V við auglýsingu þessa.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar hafa ekki áhrif á innheimtu annarra aðflutningsgjalda sem kunna að vera lögð á umræddar vörur við innflutning.

Útflutningur.

5. gr.

Auk tollyfirvalda veita viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráð upplýsingar um sérstaka tollmeðferð á vörum upprunnum á Íslandi sem ákvæði samnings EFTA-ríkjanna og Tékkneska lýðveldisins og Slóvakíska lýðveldisins taka til.

Gildistökuákvæði o.fl.

6. gr.

Að því leyti sem ekki er í auglýsingu þessari kveðið á um tollframkvæmd nefnds fríverslunarsamnings og tvíhliða samnings og bókana og viðauka sem birt er í C-deild Stjórnartíðinda gilda ákvæði þeirra um sérstaka tollmeðferð, m.a. um álagningu verðjöfnunargjalda á vörur úr landbúnaðarhráefnum, og ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og reglugerðir og önnur fyrirmæli sett samkvæmt þeim.

7. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. tölulið 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að láta koma til framkvæmda tollfríðindaákvæði nefnds fríverslunarsamnings og tvíhliða samnings og viðauka og bókana við þá, öðlast þegar gildi. Vörur, sem samræmast ákvæðum nefndra samninga og 1. janúar 1993 hafa verið fluttar eða hafðar í geymslu um stundarsakir í aðildarríki eða á tollfrjálsum svæðum, er heimilt að líta á sem upprunavörur gegn því að tollyfirvöldum viðkomandi aðildarríkis sé send, innan fjögurra mánaða frá gildistöku degi samningsins gagnvart viðkomandi aðildarríki, sönnun um uppruna, gefin út eftir á, og önnur skjöl sem staðfesta að flutningsskilyrði séu uppfyllt. Að því er

Íslensk töllyfirvöld varðar verður slík sönnun að berast fyrir 1. maí 1993 og innflytjandi að framvísa vörunum við töllyfirvöld sé þess óskað.

Fjármálaráðuneytið, 29. janúar 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Fylgiskjal I

Vörur úr landbúnaðarhráefnum sem njóta fríðindameðferðar
samkvæmt 2. fl. 1. gr. auglýsingarinnar.

Vörur sem flokkast í eflirfarandi tollskránum, sbr. tollská í viðauka I við tollalög, og njóta tollfríðinda samkvæmt ákvæðum fróverslunarsamningsins, sbr. þó heimild til álagningar verðjöfnunargjalda:

0403.1001	1806.9006	1905.3011	2101.3009	2106.9031	2208.2001
0403.1003	1806.9007	1905.3019	2102.1001	2106.9039	2208.2009
0403.9001	1806.9009	1905.3021	2102.1009	2106.9041	2208.3000
0403.9003	úr 1901.1000*	1905.3029	2102.2001	2106.9042	2208.4000
1702.5000	úr 1901.2001*	1905.3030	2102.3001	2202.1001	2208.5001
1702.9004	úr 1901.2009*	1905.4000	2102.3009	2202.1002	2208.5002
1704.1000	úr 1901.9000*	2001.9001	2103.9001	2202.1009	2208.9001
1704.9005	1902.1100	úr 2005.4000*	2104.1001	2202.9001	2208.9002
1704.9009	1902.1900	úr 2005.5900*	2104.1004	2202.9002	2208.9003
1806.2009	1902.2009	2005.8000	2104.1009	2202.9009	2208.9004
1806.3101	1902.3000	úr 2005.9000*	2106.1000	2203.0001	2208.9005
1806.3109	1902.4000	2008.9100	2106.9011	2203.0009	2208.9006
1806.3201	1903.0001	2008.9909	2106.9019	2204.2101	2208.9009
1806.3202	1903.0009	úr 2101.1001*	2106.9021	2204.2901	
1806.3203	1904.1000	úr 2101.1009*	2106.9022	2205.1000	
1806.3209	1904.9000	úr 2101.2001*	2106.9023	2205.9000	
1806.9004	1905.1000	úr 2101.2009*	2106.9024	2208.1001	
1806.9005	1905.2000	2101.3001	2106.9029	2208.1009	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskránum:

úr 1901.1000	Barnamat, í smásöluumbúðum, að undanskildum maltkjarna og framleiðslu úr vörum í nr. 0401 til 0404 sem inniheldur innan við 10% kakaó.
úr 1901.2001	Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 1905, að undanskildum maltkjarna og framleiðslu úr vörum í nr. 0401 til 0404 sem inniheldur innan við 10% kakaó.
úr 1901.2009	Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 1905, að undanskildum maltkjarna og framleiðslu úr vörum í nr. 0401 til 0404 sem inniheldur innan við 10% kakaó.
úr 1901.9000	Annað, að undanskildum maltkjarna og framleiðslu úr vörum í nr. 0401 til 0404 sem inniheldur innan við 10% kakaó.
úr 2005.4000	Framleiðsla eingöngu úr eutum.
úr 2005.5900	Framleiðsla að stofni til eingöngu úr baunamjöli.
úr 2005.9000	Matjurtablöndur að meginstofni til úr kartöflulögum eða matjurtamjöli.
úr 2101.1001	Kaffiþykkni sem inniheldur blöndur úr móludu brenndu kaffi, ásamt matjurtafeiti og stundum öðrum efnum.
úr 2101.1009	Kaffiþykkni sem inniheldur blöndur úr móludu brenndu kaffi, ásamt matjurtafeiti og stundum öðrum efnum.
úr 2101.2001	Blöndur úr tilreiddu tei með mjólkurdufti og sykri.
úr 2101.2009	Blöndur úr tilreiddu tei með mjólkurdufti og sykri.

Fylgiskjal II

**Fiskur og aðrar sjávarafurðir sem njóta fríðindameðferðar
samkvæmt 3. tl. 1. gr. auglýsingarinnar.**

Vörur sem flokkast í eftirfarandi tollskránumer og vöruliði, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög, og njóta tollfríðinda samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins:

0208.9001	0305	1603.0001	2301.2011	2301.2017	2301.2029
0208.9002	0306	1603.0002	2301.2012	2301.2018	2309.9001
0301	0307	1603.0003	2301.2013	2301.2019	
0302	1504	1604	2301.2014	2301.2021	
0303	1516.1001	1605	2301.2015	2301.2022	
0304	úr 1516.1009	2301.1001	2301.2016	2301.2023	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskránumeri:
úr 1516.1009 Feiti og olíur unnar eingöngu úr fiski og sjávarspendýrum og efnisþættir þeirra.

Fylgiskjal III

**Landbúnaðarafurðir sem njóta tollfríðinda við innflutning til Íslands
samkvæmt tvíhliða samningi Tékkneska og slóvakíska
sambandslýðveldisins, sbr. 3. gr. auglýsingarinnar.**

Vörur sem flokkast í eftirtalin tollskránumer, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög, njóta tollfríðinda við innflutning samkvæmt ákvæðum nefnds tvíhliða samnings, enda teljist þær að öllu leyti fengnar í Tékkneska lýðveldinu eða Slóvakíska lýðveldinu í samræmi við upprunareglur í fylgiskjali V við þessa auglýsingu:

0409.0000	0710.8002	0809.3000	0813.2000	2008.5009	2009.3009
0703.1001	0710.8003	0809.4000	0813.3000	2008.6001	2009.5001
0703.1009	0712.2000	0810.1000	0813.4000	2008.6009	2009.5009
0703.2000	0713.1000	0810.3000	0813.5000	2008.7001	2009.6001
0708.1000	0713.3100	úr 0810.9000*	2001.1000	2008.7009	2009.6009
0708.2000	0713.5000	0811.1001	úr 2004.9009*	2008.8001	2009.7001
0708.9000	0802.2200	0811.1009	2005.3000	2008.8009	2009.7009
0709.7000	0802.3200	úr 0811.2001*	2005.4000	2008.9201	2009.8001
0709.9002	0808.1000	úr 0811.2009*	2005.5100	2008.9209	2009.8009
0710.2100	0808.2000	úr 0811.9001*	2007.9900	2008.9901	2009.9001
0710.2200	0809.1000	úr 0811.9009*	2008.1900	2008.9909	2009.9009
0710.8001	0809.2000	0813.1000	2008.5001	2009.3001	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskránumeri:

úr 0810.9000	Granatepli.
úr 0811.2001	Sólber, hvítar og rauðar kúrennur (ribsber).
úr 0811.2009	Sólber, hvítar og rauðar kúrennur (ribsber).
úr 0811.9001	Kirsuber, plómur, apríkósur, ferskjur og vínber.
úr 2004.9009	Ertur.

Fylgiskjal IV

Bókun B, sbr. 2. gr. auglýsingarinnar.

BÓKUN B

SKILGREINING HUGTAKSINS „UPPRUNAVÖRUR“ OG FYRIRKOMULAG Á SAMVINNU
STJÓRNVALDA

I. BÁLKUR

Skilgreining hugtaksins „upprunavörur“

1. gr.

1. Við framkvæmd samnings þessa og þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu neðangreindar framleiðsluvörur taldar upprunnar í samningsríki:

- a) framleiðsluvörur að öllu leyti fengnar í því samningsríki í skilningi 4. gr. þessarar bókunar;
- b) framleiðsluvörur fengnar í því samningsríki sem í eru notuð efni sem ekki eru að öllu leyti fengin þar, að því tilskildu:
 - i) að slík efni hafi hlotið nægilega aðvinnslu í því samningsríki í skilningi 5. gr. þessarar bókunar, eða
 - ii) að slík efni séu upprunnin í einhverju öðru samningsríki í skilningi þessarar bókunar.
 - iii) að slík efni séu upprunnin í Ungverjalandi eða Póllandi samkvæmt upprunareglum í samningunum um frírverslunarsvæði milli EFTA-ríkja annars vegar og Ungverjaland og Póllands hins vegar, svo fremi sem þessar reglur séu samhljóða reglunum í þessari bókun.

2. Að því er varðar framleiðsluvörur sem fengnar eru í TSSL má einungis beita ákvæðum liðar iii b-liðar 1. mgr. þegar ráðstafanir hafa verið gerðar um nauðsynlega samvinnu stjórnvalda í TSSL, Ungverjalandi og Póllandi í samræmi við ákvæði bókunar þessarar sem tryggja að þeim ákvæðum verði framfylgt.

2. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði liðar ii og iii b-liðar 1. mgr. 1. gr. halda framleiðsluvörur, sem upprunnar eru í einhverju samningsríki eða í Ungverjalandi eða Póllandi samkvæmt skilgreiningu upprunareglanna er um getur í lið iii b-liðar 1. mgr. 1. gr., uppruna sínum þegar þær eru fluttar frá einu samningsríki til annars í óbreyttu ástandi eða hafa ekki hlotið aðvinnslu í útflutningsríkinu umfram þá sem um ræðir í 5. mgr. 5. gr.

2. Við beitingu 1. mgr. um framleiðsluvörur upprunnar í tveimur eða fleiri samningsríkjum eða í einu samningsríki og Ungverjalandi og/eða Póllandi sem hafa ekki fengið aðvinnslu í útflutningsríkinu umfram þá sem um ræðir í 5. mgr. 5. gr., skal uppruni ákveðinn með tilliti til þeirrar framleiðsluvöru sem hæst ber tollverð eða, ef það er ekki þekkt eða ekki er unnt að komast að því, með tilliti til hæsta fyrsta verðs sem sýnt er fram á að greitt hefur verið fyrir framleiðsluvörurnar í því samningsríki.

3. gr.

Í bókun þessari er engin 3. gr.

4. gr.

Eftirfarandi skal talið að öllu leyti fengið í samningsríki í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr.:

- a) jarðefni unnin úr jörðu eða af hafsbotni þess;
- b) vörur úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar;
- c) lifandi dýr sem þar eru borin og alin;
- d) afurðir lifandi dýra sem þar eru alin;

- e) veiðibráð og fiskafurðir sem aflað er þar með veiðum;
- f) sjávarafurðir og aðrar afurðir fengnar úr sjó af skipum þess;
- g) vörur framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þess, eingöngu úr afurðum sem um getur í f-lið;
- h) notaðar framleiðsluvörur sem þar er safnað og eingöngu er unnt að nota til að vinna hráefni úr, sbr. þó skýringu nr. 5a um notaða hjólbarða í I. viðauka við þessa bókun;
- i) úrgangur og rusl sem til fellur vegna framleiðslustarfsemi þar;
- j) vörur sem framleiddar eru þar eingöngu úr framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í a- til i-lið.

5. gr.

1. Með orðunum „kaflí“ og „vöruliður“ sem notuð eru í þessari bókun er átt við kafla og vörulið (fjögurra tölustafa tákni) í nafnaskránni sem myndar „Samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrána“, hér eftir nefnd samræmda tollskráin (ST). Með orðinu „flokkast“ er átt við að framleiðsluvara eða efni telst heyra undir tiltekinn vörulið.
2. Að því er 1. gr. varðar skulu efni sem ekki eru upprunefni teljast hafa hlotið nægilega aðvinnslu þegar framleiðsluvara flokkast undir annan vörulið en önnur efni sem notuð voru í framleiðsluna, sbr. þó 3., 4. og 5. mgr.
3. Fyrir framleiðsluvörur sem getið er í 1. og 2. dálki í skrá í II. viðauka við þessa bókun verður að fullnægja skilyrðum í 3. dálki fyrir viðkomandi framleiðsluvöru í stað reglunnar í 2. mgr.
4. Útflytjanda er frjálst, að því er varðar framleiðsluvörur í 84. til 91. kafla að báðum meðtöldum, að fara eftir skilyrðum í 4. dálki í stað þess að fullnægja skilyrðum í 3. dálki.
5. Við beitingu liðar í b-liðar 1. mgr. 1. gr. skal eftirfarandi þó talið ófullnægjandi aðvinnsla sem ekki veitir upprunaréttindi, hvort sem skipti verða á vöruliðum eða ekki:
 - a) aðgerðir sem miða að því að tryggja að framleiðsluvörur haldist óskemmdar á meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, pækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða aðrar vatnsupplausnir, fjarlæging skemmdra hluta og sambærilegar aðgerðir);
 - b) einfaldar aðgerðir sem fela í sér að rykhreinsa, sigta eða sálða, sundurgreina, flokka, velja saman (þ.á m. að útbúa hluti í samstæður), þvo, mála eða hluta í sundur;
 - c)
 - i) umbúðaskipti, svo og uppskipting og sameining vörusendinga;
 - ii) einföld setning á flöskur, glös, í poka, kassa, öskjur, á spjöld eða töflur o.s.frv. og allar aðrar einfaldar þökkunaraðgerðir;
 - d) áfesting merkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á framleiðsluvörur eða umbúðir þeirra;
 - e) einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um ólíkar framleiðsluvörur er að ræða eða ekki, þar sem einn eða fleiri íhlutar blöndunar fullnægja ekki skilyrðum þeim um upprunavörur sem sett eru í bókun þessari;
 - f) einföld samsetning vöruhluta þannig að úr verði fullgerð framleiðsluvara;
 - g) sameining tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í a- til f-lið;
 - h) slátrun dýra.

6. gr.

1. Með orðinu „verðmæti“ í lista í II. viðauka er átt við tollverð við innflutning á efni sem notað hafa verið og eru ekki upprunaefni eða, ef það er ekki þekkt og ekki verður sýnt fram á hvert það er, fyrsta verð sem sýnt er fram á að greitt hafi verið fyrir efnin á viðkomandi svæði.

Þegar ákvarða þarf verðmæti upprunaefnis sem notað er skal beita ákvæðum þessarar málsgreinar að breyttu breytanda.

2. Með orðunum „verksmiðjuverð“ í lista í II. viðauka er átt við verksmiðjuverð framleiddu vörunnar að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða má endurgreiða þegar varan sem er fengin er flutt út.

7. gr.

Upprunavörur í skilningi bókarar þessarar, sem eru í einni vörusendingu, má flytja um yfirráðasvæði ríkis sem er ekki aðili að samningnum eða Ungverjalands eða Póllands með umfermingu eða bráðabirgðageymslu á því yfirráðasvæði, ef því er að skipta, ef flutningur um yfirráðasvæði réttlætist af landfræðilegum ástæðum, vörurnar hafa verið undir eftirliti tollýfirvalda í umflutnings- eða vöruheymislandinu, þær hafa hvorki verið þar til sölu né afhentar til neyslu og ekki hlotið aðra meðferð en affermingu og endurfermingu eða meðferð sem miðar að því halda þeim í góðu ástandi.

II. BÁLKUR**Fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda****8. gr.**

1. Við innflutning til samningsríkis skulu upprunavörur í skilningi þessarar bókarar njóta hags af samningnum gegn framvísun:

- a) EUR.1-flutningsskírteinis, hér á eftir kallað „EUR.1-flutningsskírteini“, eða EUR.1-flutningsskírteinis sem gildir til lengri tíma, og reikninga sem vísa til slíks skírteinis og gefið er út í samræmi við 13. gr. Fyrirmynd af EUR.1-flutningsskírteininu er í III. viðauka við bókun þessa;
- b) vörureiknings með yfirlýsingu útflytjanda samkvæmt IV. viðauka við bókun þessa sem gefin er í samræmi við 13. gr., eða
- c) vörureiknings með yfirlýsingu útflytjanda samkvæmt IV. viðauka við bókun þessa sem gefin er af útflytjanda vegna vörusendingar, sem í er eitt eða fleiri stykki með upprunavörum að heildarverðmæti sem ekki fer fram úr 5 110 reiknieiningum.

2. Eftirfarandi upprunavörur í skilningi þessarar bókarar skulu við innflutning til samningsríkis njóta tollmeðferðar samkvæmt samningnum án þess að nauðsynlegt sé að framvísa öðru einhverju þeirra skjala sem tilgreind eru í 1. mgr.:

- a) framleiðsluvörur sem sendar eru sem smábögglar frá einstaklingi til einstaklings, að því tilskildu að verðmæti framleiðsluvaranna sé ekki yfir 365 reiknieingar;
- b) framleiðsluvörur sem eru í einkafarangi ferðamanna, að því tilskildu að verðmæti framleiðsluvaranna sé ekki yfir 1,025 reiknieingar.

Ákvæðum þessum verður aðeins beitt þegar innflutningur þessara vara er á engan hátt viðskiptalegs eðlis og lýst hefur verið yfir að þær fullnægi settum skilyrðum til að ákvæðum samningsins verði beitt og enginn vafi leiki á um sannleiksgildi slíkrar yfirlýsingar.

Innflutningur, sem bundinn er við einstakt tilvik og er eingöngu framleiðsluvörur til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra, skal ekki talinn innflutningur á viðskiptagrundvelli ef ljóst er af eðli og magni framleiðsluvaranna að enginn viðskiptatilgangur býr að baki.

3. Fjárhæðir í gjaldmiðli samningsríkis sem flytur út, jafnvirði fjárhæða sem tilgreindar eru í reiknieiningum, skulu ákveðnar af útflutningsríki og tilkynntar öðrum samningsríkjum. Þegar fjárhæðir eru hærri en samsvarandi fjárhæðir sem ákveðnar hafa verið af innflutningsríki, skal innflutningsríkið samþykkja þær ef framleiðsluvörurnar eru færðar á vörureikning í gjaldmiðli útflutningsríkisins.

Séu framleiðsluvörurnar færðar á vörureikning í gjaldmiðli annars samningsríkis, Ungverjalands eða Póllands skal innflutningsríkið viðurkenna þá fjárhæð sem viðkomandi landi hefur tilkynnt.

4. Jafnvirði reiknieiningar í gjaldmiðli samningsríkja, Ungverjalands og Póllands skulu vera fjárhæðir þær sem tilgreindar eru í VI. viðauka við bókun þessa.

5. Heimilt er að endurskoða allar fjárhæðir sem tilgreindar eru í reiknieiningum þegar þörf krefur en eigi sjaldnar en annað hvert ár.

6. Fylgihluti, varahluti og verkfæri, sem send eru með búnaði, vél, tæki eða ökutæki og teljast eðlilegur búnaður og eru innifalin í verðinu eða eru ekki á sérstökum vörureikningi, skal skoða sem hluta af viðkomandi búnaði, vél, tæki eða ökutæki.

7. Vörusamstæður í skilningi 3. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar skulu skoðast sem upprunavörur þegar allir hlutar eru upprunavörur. Þó skal vörusamstæða, sem í eru bæði upprunavörur og aðrar vörur, teljast í heild upprunavörur, að því tilskildu að verðmæti þeirra framleiðsluvara, sem eru ekki upprunavörur, sé ekki yfir 15% af verksmiðjuverði vörusamstæðunnar.

9. gr.

1. Tollyfirvöld í útflutningsríki skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteini við útflutning þeirra framleiðsluvara sem skírteinið tekur til. Útflýgjandi getur fengið það til ráðstöfunar eftir að útflutningur hefur í raun átt sér stað eða hann verið tryggður.

2. Tollyfirvöld í samningsríki skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteinið ef framleiðsluvörur þær sem flytja á út geta talist upprunnar í samningsríkinu í skilningi 1. gr.

3. Tollyfirvöld í samningsríkjum geta gefið út EUR.1-flutningsskírteini með þeim skilmálum sem kveðið er á um í þessari bókun ef framleiðsluvörur þær sem flytja á út geta talist upprunnar í einu af samningsríkjunum eða í Ungverjalandi eða Póllandi í skilningi 2. gr. þessarar bókunar, enda séu framleiðsluvörur þær sem EUR.1-flutningsskírteinin taka til á yfirráðasvæði þeirra.

Í slíkum tilvikum skulu EUR.1-flutningsskírteini gefin út gegn því að sönnun um uppruna sem áður hefur verið gefin út eða samin sé framvísað.

4. EUR.1-flutningsskírteini má aðeins gefa út þegar unnt er að nota það sem skriflegt sönnunargagn til að fá friðinda-meðferð samkvæmt samningi þessum eða samningum sem um getur í lið iii b-liðar 1. mgr. 1. gr.

Útgáfudagur EUR.1-flutningsskírteinis skal koma fram í þeim reit EUR.1-flutningsskírteinis sem ætlaður er til nota fyrir tollyfirvöld.

5. Í undantekningartilvikum verður EUR.1-flutningsskírteini enn fremur gefið út eftir útflutning framleiðsluvaranna sem það tekur til þegar ekki hefur orðið af útgáfu þess við útflutning vegna mistaka, yfirsjóna eða sérstakra aðstæðna.

Tollyfirvöldum er einungis heimilt að gefa EUR.1-flutningsskírteini út eftir á þegar gengið hefur verið úr skugga um að upplýsingar þær sem fram koma í umsókn útflýgjandans séu samhljóða þeim sem viðkomandi gögn hafa að geyma.

EUR.1-flutningsskírteini, sem gefin eru út eftir á, verða að vera árituð með einni af eftirfarandi setningum: „ISSUED RETROSPECTIVELY“; „ANNETTU JÄLKIKÄTEEN“; „DÉLIVÉRÉ À POSTERIORI“; „NACHTRÄGLICH AUSGESTELLT“; „ÚTGEFIÐ EFTIR Á“; „RILASCIATO A POSTERIORI“; „UTSTEDT SENERE“; „UTFÅRDAT I EFTERHAND“; „VYSTAVENO DODATEČNĚ“; „VYSTAVENÉ DODATOČNE“; „KIADVA VISSZAMENŐLEGES HATÁLLYAL“; „WYDANE RETROSPEKTYWNIĘ“.

6. Hafi EUR.1-flutningsskírteini verið stolið, það glatast eða eyðilagst getur útflýgjandinn sótt um það til tollyfirvalda þeirra er gáfu það út að fá eftirrit gert á grundvelli útflutningsskjala sem eru í þeirra vörslu.

Eftirrit, sem gefið er út á þennan hátt, skal áritað með einhverju eftirfarandi orða: „DUPLICATE“, „KAK-SOISKAPPALE“, „DUPLICATA“, „DUPLIKAT“, „EFTIRRIT“, „DUPLICATO“, „MASOLAT“, „DUPLIKÁT“.

Eftirritið skal vera með sömu útgáfudagsetningu og upphaflega EUR.1-flutningsskírteinið og gilda frá og með sama degi.

7. Áritanir þær sem tilgreindar eru í 5. og 6. mgr. skulu færðar í reitnum „Athugasemdir“ á EUR.1-flutningsskírteininu.
8. Ávallt má láta eitt eða fleiri EUR.1-flutningsskírteini koma í stað eins eða fleiri EUR.1-flutningsskírteina, að því tilskildu að það sé gert á þeirri tollstöð þar sem vörurnar eru til staðar.
9. Til að ganga úr skugga um að skilyrði 2. og 3. mgr. hafi verið uppfyllt, hafa tollyfirvöld rétt til að krefjast hvers kyns skriflegra sannana eða viðhafa annars konar eftirlit sem þau telja viðeigandi.
10. Ákvæði 2. til 9. mgr. skulu, að breyttu breytanda, gilda um sannanir um uppruna sem gefnar eru út af viðurkenndum útflytjendum samkvæmt skilmálum í 13. gr. þessarar bókunar.

10. gr.

1. EUR.1-flutningsskírteini skal einungis gefið út eftir að útflytjandinn, eða umboðsmaður útflytjanda á hans ábyrgð, hefur sótt skriflega um það á eyðublaði sem fyrirmynd er að í III. viðauka við bókun þessa og skal fylla það út í samræmi við ákvæði þessarar bókunar.
2. Tollyfirvöldum í útflutningsríkinu ber að sjá til þess að eyðublað það sem um getur í 1. mgr. sé rétt útfyllt. Sérstaklega skulu þau gæta þess að reitur sá sem gerður er fyrir vörulýsingu hafi verið fylltur út þannig að engin hættu sé á viðbótum í sviksamlegum tilgangi. Í því skyni skal vörulýsing rituð þannig að engar auðar línur verði eftir. Sé reiturinn ekki notaður að fullu skal draga lárétta línu neðan við lýsinguna og strika yfir ónýtt svæðið.
3. Þar eð EUR.1-flutningsskírteinið er skrifleg sönnun fyrir beitingu tollfríðinda- og kvótareglna samningsins skulu tollyfirvöld í útflutningsríkinu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sannreyna uppruna framleiðsluvaranna og kanna aðrar yfirlýsingar í skírteininu.
4. Þegar EUR.1-flutningsskírteini er gefið út skv. 5. mgr. 9. gr., eftir að framleiðsluvörurnar sem það tekur til hafa þegar verið fluttar út, verður útflytjandinn í umsókn þeirri sem tilgreind er í 1. mgr:

— að tilgreina stað og dagsetningu þegar framleiðsluvörurnar sem EUR.1-flutningsskírteinið tekur til voru fluttar út;

— að staðfesta að ekkert EUR.1-flutningsskírteini hafi verið gefið út þegar framleiðsluvörurnar sem um er að ræða voru fluttar út og tilgreina ástæður fyrir því.

5. Umsóknir um EUR.1-flutningsskírteini og sönnun um uppruna, sem um getur í annari undirgrein 3. mgr. 9. gr. þessarar bókunar og framvísað er við útgáfu nýrra EUR.1-flutningsskírteina, ber tollyfirvöldum í útflutningsríkinu að varðveita í a.m.k. tvö ár.

11. gr.

1. EUR.1-flutningsskírteini skal gert á eyðublaði sem fyrirmynd er að í III. viðauka við bókun þessa. Eyðublað þetta skal prentað á einu eða fleiri opinberra tungumála samningsríkja eða á ensku. EUR.1-flutningsskírteini skulu rituð á einu þessara tungumála og í samræmi við landslög í útflutningsríkinu; ef þau eru handskrifuð skulu þau útfyllt með bleki og rituð með upphafsstöfum.
2. EUR.1-flutningsskírteinið skal vera 210 × 297 mm að stærð. Leyfileg frávik eru frá mínus 5 mm og upp í plús 8 mm á lengdina. Pappír sá sem notaður er skal vera hvítur skrifpappír, límvatnsborinn sem inniheldur ekki vélunninn trémassa og vegur minnst 25 g/m². Hann skal vera búinn grænu prentuðu bakgrunnsmynstri sem gerir allar falsanir með vélrænum eða kemískum hætti augljósar.

3. Samningsríkin geta áskilið sér rétt til að annast prentun EUR.1-flutningsskírteinnanna eða falið hana prentsmiðjum sem þau viðurkenna. Í því tilvikum skal vera skráð á hvert EUR.1-flutningsskírteini nafn og heimilisfang prentsmiðjunnar eða tákni sem gefur til kynna hver hún er. Skírteinið skal enn fremur bera raðnúmer, prentað eða ritað á annan hátt, sem auðkennir það.

12. gr.

1. EUR.1-flutningsskírteini ber að afhenda tollyfirvöldum í innflutningsríkinu á þeim stað þar sem framleiðsluvörurnar eru fluttar inn og samkvæmt gildandi reglum þar innan fjögurra mánaða frá þeim degi er tollyfirvöld í útflutningsríkinu gáfu skírteinið út. Tollyfirvöldunum er heimilt að krefjast þýðingar á skírteini. Þau geta auk þess krafist að aðflutningsskýrslunni fylgi greinargerð frá innflytjanda þess efnis að framleiðsluvörurnar uppfylli skilyrði þau sem nauðsynleg teljast vegna framkvæmdar samningsins.

2. Þegar sundurtekin eða ósamsett framleiðsluvara, sem heyrir undir 84. eða 85. kafla samræmdu tollskrárinnar, er flutt inn í áföngum samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbær yfirvöld hafa sett skal, að beiðni þess aðila sem framvísar framleiðsluvörunum við tollyfirvöld, lita á hana sem eina framleiðsluvöru sem framvísa má EUR.1-flutningsskírteini fyrir í heild þegar fyrsti hlutinn er fluttur inn, samanber þó 5. mgr. 5. gr. þessarar bókonar.

3. Heimilt er að taka við EUR.1-flutningsskírteini og yfirlýsingu með vörureikningi sem lögð er fram hjá tollyfirvöldum í innflutningslandinu, eftir að frestur sá sem tilgreindur er í 1. mgr. er útrunninn og beita fríðindameðferð hafi umrædd skjöl ekki verið lögð fram fyrir lok frestsins vegna óviðráðanlegra eða sérstakra aðstæðna.

Í öðrum tilvikum, þegar skjöl er lögð fram of seint, geta tollyfirvöld innflutningslandsins tekið við EUR.1-flutningsskírteini ef framleiðsluvörunum hefur verið framvísað hjá þeim fyrir lok frestsins.

4. Komi í ljós óverulegt ósamræmi milli staðhæfinga á EUR.1-flutningsskírteininu og í þeim skjölum sem framvísað er við tollstöð til að fullnægja formsatriðum við innflutning framleiðsluvaranna, skal það ekki verða sjálfkrafa til þess að skírteinið teljist ógilt, ef fram koma óyggjandi sannanir fyrir því að þetta skjal svari til þeirra framleiðsluvara sem um ræðir.

5. Tollyfirvöld í innflutningsríkinu skulu varðveita EUR.1-flutningsskírteini samkvæmt gildandi reglum í því ríki.

6. Eftirtalin gögn sem framvísað er við tollyfirvöld í innflutningsríkinu skulu teljast sönnun þess að skilyrði 7. gr. hafi verið uppfyllt:

a) eitt flutningsskjal sem gefið er út í útflutningsríkinu og notað hefur verið vegna flutninga í gegnum umflutningsland, eða

b) skírteini sem gefið er út af tollyfirvöldum í umflutningslandi og hefur að geyma:

- nákvæma lýsingu á framleiðsluvörinni;
- dagsetningar affermingar og endurfermingar og, þar sem við á, nöfn skipanna;
- staðfesta sönnun þess við hvaða aðstæður framleiðsluvörurnar hafa verið geymdar í umflutningslandinu;

c) að öðrum kosti hvers konar skjöl sem færa sönnur á þetta.

13. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. til 7. mgr. 9. gr. og 1., 4. og 5. mgr. 10. gr. þessarar bókonar, er hægt að viðhafa einfaldaða afgreiðslu skjala til sönnunar um uppruna samkvæmt neðangreindum ákvæðum:

2. Tollyfirvöld í útflutningsríki geta heimilað að sérhver útflytjandi, hér eftir nefndur „viðurkenndur útflytjandi“, sem sendir oft framleiðsluvörur af því tagi sem EUR.1-flutningsskírteini taka til og veitir að mati tollyfirvalda fullnægjandi tryggingar fyrir því að vörurnar séu upprunavörur, þurfi hvorki að framvísa vörunum né heldur umsókn um EUR.1-flutningsskírteini fyrir þessar vörur hjá tollstöð í útflutningsríkinu þegar útflutningur á sér stað til að fá EUR.1-flutningsskírteini samkvæmt skilyrðum 1. til 4. mgr. 9. gr. þessarar bókunar.

3. Auk þessa geta tollyfirvöld heimilað viðurkenndum útflytjanda að útbúa EUR.1-flutningsskírteini með gildistíma að hámarki eitt ár, talið frá útgáfudegi, hér eftir nefnt LT-skírteini. Leyfi skal því aðeins veita að búast megi við að upprunaréttindi varanna sem á að flytja út haldist óbreytt á gildistíma LT-skírteinis. Sérhverja vöru sem LT-skírteini tekur ekki lengur til skal viðurkenndur útflytjandi tilkynna um tafarlaust til þess tollyfirvalds, sem leyfið veitti.

Tollyfirvöld í útflutningsríki geta krafist þess að EUR.1-flutningsskírteinið sé sérstaklega auðkennt til aðgreiningar þegar einfölduð afgreiðsla er viðhöfð.

4. Í leyfi sem um getur í 2. og 3. mgr. skal tiltekið, samkvæmt ákvörðun tollyfirvalda, að reitur nr. 11 í EUR.1-flutningsskírteininu, „Áritun tollyfirvalda“, skuli annaðhvort:

- a) vera merktur fyrirfram með stimpli viðkomandi tollstöðvar í útflutningsríkinu og áritaður með eiginhandarundirskrift starfsmanns þess embættis, handskrifaðri eða ekki, eða
- b) vera merktur af hinum viðurkennda útflytjanda með sérstökum stimpli sem tollyfirvöld í útflutningsríkinu hafa viðurkennt og samsvarar fyrirmynd þeirri sem sýnd er í V. viðauka við bókun þessa; stimpillinn má vera forprentaður á eyðublöðin.

Reit nr. 11 „Áritun tollyfirvalda“ á EUR.1-flutningsskírteininu skal viðurkenndur útflytjandi útfylla ef þörf krefur.

5. Í tilvikum sem um getur í a-lið 4. mgr. skal í reit nr. 7 „Athugasemdir“ á EUR.1-flutningsskírteininu rita eina af eftirfarandi setningum: „Simplified procedure“, „Yksinkertaistettu menettely“, „Procédure simplifiée“, „Vereinfachtes Verfahren“, „Einfölduð afgreiðsla“, „Procedura simplificata“, „Forenklet prosedyre“, „Förenklad procedur“, „Zjednodušené konanie“, „Egyszerűsített eljárás“, „Uproszczona procedura“. Viðurkenndur útflytjandi skal, ef nauðsyn krefur, tilgreina í reit nr. 13, „Beiðni um sannpröfun“, nafn og aðsetur þess tollyfirvalds sem bært er til að sannpröfa EUR.1-flutningsskírteinið.

6. Í tilviki sem greinir í 3. mgr., skal viðurkenndur útflytjandi enn fremur rita einhverja eftirtalinna setninga í reit nr. 7 á EUR.1-flutningsskírteininu:

„LT-certificate valid until ...“,
 „LT-todistus voimassa ... saakka“,
 „certificat LT valable jusqu'au ...“,
 „LT-Certificat gültig bis ...“,
 „LT-skírteini gildir til ...“,
 „certificato LT valido fino a ...“,
 „LT-sertifikat gyldig til ...“,
 „LT-certifikat giltigt till ...“,
 „LT osvědčeni platné do ...“,
 „LT osvedčenie platné do ...“,
 „LT bizonyítvány érvényes ... -ig“,
 „Świadectwo LT ważne do ...“,

(dagsetningu skal rita með tölustöfum),

svo og tilvísun til leyfis sem LT-skírteinið er gefið út samkvæmt.

Viðurkenndum útflytjanda er ekki skylt að vísa í reitum nr. 8 og 9 til merkja og númera og tölu og tegundar stykkja eða brúttóþyngdar (kg) eða annars máls (lítrar, m³ o.s.frv.). Í reit nr. 8 verður hins vegar að vera lýsing á framleiðsluvörunni eða hún tilgreind með nágilegri nákvæmni til þess að kennsl verði borin á hana.

7. Þrátt fyrir ákvæði 1. til 3. mgr. 12. gr. verður að framvísa LT-skírteini á innflutningstollstöð um leið og eða áður en framleiðsluvörurnar sem um ræðir eru fyrst fluttar inn. Þegar innflytjandi fær tollafgreiðslu við margar tollstöðvar í innflutningsríki, geta tollyfirvöld krafist þess að hann leggi fram afrit af LT-skírteininu á hverri tollstöð.

8. Hafi LT-skírteini verið framvísað hjá tollyfirvaldi skulu upprunaréttindi innfluttra framleiðsluvara, á meðan á gildistíma LT-skírteinisins stendur, vottuð með vörureikningum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a) Þegar á vörureikningi eru bæði framleiðsluvörur upprunnar í samningsríki, Ungverjalandi eða Póllandi og framleiðsluvörur sem ekki eru upprunavörur skal útflytjandi greina skilmerkilega á milli þessara tveggja vöruflokka.
- b) Á hverjum vörureikningi skal útflytjandi geta númers LT-skírteinisins sem nær til framleiðsluvaranna og þess hvenær skírteinið gengur úr gildi, svo og heiti landsins eða landanna þar sem framleiðsluvörurnar eru upprunnar.

Þegar útflytjandi hefur getið á vörureikningi um númer á LT-skírteini með upplýsingum um upprunaland, er það yfirlýsing um að framleiðsluvörurnar uppfylli skilyrði sett í bókun þessari til að hljóta friðindameðferð í viðskiptum milli samningsríkja.

Tollyfirvöld í útflutningsríkinu geta krafist þess að færslur, sem koma skulu fram á vörureikningi samkvæmt framangreindum ákvæðum, séu undirritaðar með eigin hendi og á eftir fari skýrum stöfum nafn þess sem skrifar undir.

- c) Lýsing á vörunum og hvernig þeirra er getið á vörureikningi skal vera nægilega nákvæm svo að augljóst sé að sömu vörurnar séu einnig skráðar á LT-skírteinið sem vörureikningurinn vísar til.
- d) Vörureikninga má einungis skrifa fyrir framleiðsluvörur sem fluttar eru út meðan á gildistíma viðkomandi LT-skírteinis stendur. Þeim má þó framvísa á innflutningstollstöð innan fjögurra mánaða frá því að útflytjandi gaf þá út.

9. Á grundvelli hinnar einfölduðu afgreiðslu er heimilt að skrifa vörureikninga, sem uppfylla skilyrði þessarar greinar og/eða senda með fjarskiptum eða um tölvunet. Tollyfirvöld innflutningsríkis skulu samþykkja slíka vörureikninga sem sönnun á upprunaréttindum hinna innfluttra framleiðsluvara samkvæmt starfsreglum sem tollyfirvöld þar hafa sett.

10. Ef tollyfirvöld í útflutningsríki sjá að skírteini og/eða vörureikningur sem gefið er út samkvæmt ákvæðum þessarar greinar tekur ekki til framleiðsluvaranna sem látnar eru í té skulu þau tafarlaust gera tollyfirvöldum í innflutningsríkinu grein fyrir staðreyndum málsins.

11. Tollyfirvöld geta heimilað viðurkenndum útflytjanda að skrifa vörureikninga með yfirlýsingunni sem um ræðir í IV. viðauka við bókun þessa í stað EUR.1-flutningsskírteinis.

Yfirlýsing sem viðurkenndur útflytjandi gefur á vörureikningi skal vera á einu af opinberum tungumálum samningsríkja eða á ensku. Hún skal vera undirrituð eigin hendi og verður annaðhvort að:

- a) vísa til leyfisnúmers hins viðurkennda útflytjanda, eða
- b) vera stimpluð af viðurkenndum útflytjanda með stimplinum sem um getur í b-lið 4. gr., sem viðurkenndur hefur verið af tollyfirvöldum í útflutningsríkinu. Stimpill þessi má vera forprentaður á reikninginn.

12. Tollyfirvöld í útflutningsríki geta fallið frá því skilyrði að viðurkenndur útflytjandi undirriti yfirlýsinguna í b-lið 8. gr. eða yfirlýsinguna sem um getur í 11. gr. þegar vörureikningarnir eru útbúnir eða sendir með fjarskiptum eða um tölvunet.

Nefnd tollyfirvöld skulu setja reglur um framkvæmd þessarar greinar, m.a., ef þau telja ástæðu til, um skriflega skuldbindingu hins viðurkennda útflytjanda þess efnis, að hann taki fulla ábyrgð á yfirlýsingunni eins og hann hafi í raun undirritað hana með eigin hendi.

13. Í leyfum sem um getur í 2., 3. og 11. gr. skulu tollyfirvöld tilgreina sérstaklega:

- a) hvaða skilyrði verði að uppfylla vegna umsókna um EUR.1-flutningsskírteini eða LT-skírteini eða yfirlýsingar á vörureikningi varðandi uppruna framleiðsluvara;

- b) við hvaða skilyrði þessar umsóknir skuli geymdar í a.m.k. tvö ár, svo og afrit af vörureikningum sem vísa til LT-skírteinis og vörureikningum með yfirlýsingu útflytjanda. Að því er varðar LT-skírteini eða vörureikninga sem vísa til LT-skírteinis skal upphaf þessa geymslutíma talið frá þeim degi sem LT-skírteinið fellur úr gildi. Ákvæði þessi skulu einnig gilda um EUR.1-flutningsskírteini, LT-skírteini og vörureikninga sem vísa til LT-skírteinis, svo og vörureikninga með yfirlýsingu útflytjanda sem lagt hefur verið til grundvallar við útgáfa annarra sannana um uppruna og notað samkvæmt skilyrðum annarrar undirgreinar 3. mgr. 9. gr. þessarar bókunar.

14. Tollyfirvöld í útflutningsríki geta ákveðið að vissar vörutegundir njóti ekki sérstakrar meðferðar sem kveðið er á um í 2., 3. og 11. mgr.

15. Tollyfirvöld skulu synja þeim útflytjendum um leyfi sem um getur í 2., 3. og 11. mgr. ef þeir geta ekki lagt fram allar þær tryggingar sem þau telja nauðsynlegar.

Tollyfirvöld geta hvenær sem er afturkallað leyfið. Þeim er skylt að gera það ef skilyrði fyrir samþykki eru ekki lengur uppfyllt eða viðurkenndur útflytjandi leggur ekki lengur fram þessar tryggingar.

16. Þess má krefjast af viðurkenndum útflytjanda að hann veiti tollyfirvöldum upplýsingar um framleiðsluvörur sem hann afgreiðir, samkvæmt reglum sem þau setja, þannig að til þess bær tollstöð geti gert þær athuganir sem nauðsynlegar teljast áður en framleiðsluvörurnar eru afgreiddar.

17. Ákvæði þessarar greinar eru því ekki til fyrirstöðu að beitt verði reglum sammingsríkjanna um formkröfur við tollmeðferð og notkun tollskjala.

14. gr.

Yfirlýsingu, sem getið er í c-lið 1. mgr. 8. gr., skal útflytjandi gefa í þeirri mynd sem sýnd er í IV. viðauka við bókun þessa á einu af opinberum tungumálum sammingsríkja eða á ensku. Hún skal vélrituð eða stimpluð og undirrituð með eigin hendi. Útflytjandi skal varðveita afrit af vörureikningnum með tédri yfirlýsingu í að minnst kosti tvö ár.

15. gr.

1. Með umsókn um EUR.1-flutningsskírteini skal útflytjandi eða fulltrúi hans leggja fram hvers konar fylgiskjöl til sönnunar því að framleiðsluvörur sem flytja á út uppfylli tilskildar kröfur fyrir útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis.

Að beiðni hlutaðeigandi yfirvalda skal hann skuldbinda sig til að leggja fram hvers konar viðbótarsönnunargögn sem þau kunna að krefjast til þess að sýna fram á að rétt sé farið með upprunaréttindi þeirra framleiðsluvara sem eiga að njóta friðindameðferðar, og skal hann samþykkja hvers konar skoðun á bókheldi og eftirlit yfirvalda með hvaða hætti fyrrnefndrar framleiðsluvöru er afllað.

2. Útflytjendur skulu geyma fylgiskjöl sem um getur í 1. mgr. í að minnsta kosti tvö ár.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda að breyttu breytanda þegar farið er eftir reglunum í 2. og 3. mgr. 13. gr. og yfirlýsingu sem getið er í b- og c-lið 1. mgr. 8. greinar.

16. gr.

1. Vörur sendar frá EFTA-ríki eða TSSL á vörusýningu í öðru landi en sammingsríki, Ungverjalandi eða Póllandi og seldar eftir sýninguna til innflutnings til EFTA-ríkis eða TSSL, skulu við innflutning njóta hags af ákvæðum sammingsins uppfylli vörurnar þær kröfur sem gerðar eru í þessari bókun til þess að þær teljist upprunnar í EFTA-ríki eða TSSL og að því tilskildu að sýnt sé fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda að:

- a) útflytjandi hafi sent þessar vörur frá EFTA-ríki eða TSSL til landsins, þar sem sýning er haldin og sýnt þær þar;
- b) útflytjandinn hafi selt vörurnar eða ráðstafað þeim með öðrum hætti til viðtakanda í EFTA-ríki eða TSSL;
- c) vörurnar hafi verið sendar á meðan á sýningunni stóð eða strax eftir hana til EFTA-ríkis eða TSSL í því ástandi sem þær voru í þegar þær voru sendar til sýningar;
- d) vörurnar hafi ekki frá því að þær voru sendar til sýningar verið notaðar í öðru skyni en til sýningar á vörusýningunni.

2. Framvísa ber EUR.1-flutningsskírteini hjá tollyfirvöldum með venjulegum hætti. Þar ber að geta heitis sýningarinnar og hvar hún er haldin. Ef nauðsyn ber til má krefjast sérstakra skjalfestra viðbótarsönnunargagna um eðli varanna og aðstæður við sýningu þeirra.
3. Ákvæði 1. mgr. skulu taka til allra vöru-, iðnaðar-, landbúnaðar- eða handverkssýninga, kaupstefna eða áþekkra sýninga sem opnar eru almenningi og ekki skipulagðar í eiginhagsmunaskyni í sölubúðum eða verslunarhúsnæði með það fyrir augum að selja erlendar vörur, enda séu vörurnar undir toll eftirliti á meðan á sýningu stendur.

17. gr.

1. Til að tryggja að ákvæðum þessa hluta verði réttilega beitt, skulu samningsríki aðstoða hvert annað með tilstuðlan tollyfirvalda sinna við að sannreyna að EUR.1-flutningsskírteini séu áreiðanleg og efnislega rétt, þar með talin þau skírteini sem gefin eru út samkvæmt 3. mgr. 9. gr. þessarar bókunar, svo og yfirlýsingar útflytjenda sem gefnar eru á vörureikningi.
2. Sameiginlegu nefndinni skal heimilað að taka nauðsynlegar ákvarðanir um fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda sem beita á í samningsríkjum.
3. Tollyfirvöld samningsríkjanna skulu fyrir milligöngu stjórnarskrifstofu EFTA láta hvert öðru í té sýnishorn af þrykki stimpla sem notaðir eru í tollstöðvum þeirra við útgáfu EUR.1-flutningsskírteina.
4. Hver sá sem semur eða lætur semja skjal með röngum upplýsingum í því skyni að afla sér friðindameðferðar fyrir framleiðsluvörur skal sæta viðurlögum.
5. Samningsríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ekki sé skipt á framleiðsluvörum sem verslað er með samkvæmt EUR.1-flutningsskírteini og öðrum framleiðsluvörum á meðan þær eru í flutningi á tollfrjálsu svæði á yfirráðasvæði þeirra, og þær fái ekki aðra meðferð en þá sem eðlileg er til að hindra að þær verði fyrir skaða.
6. Þegar framleiðsluvörur upprunnar í samningsríki sem fluttar hafa verið inn á tollfrjálst svæði með EUR.1-flutningsskírteini hljóta meðhöndlun eða aðvinnslu er viðkomandi tollyfirvöldum skylt, að beiðni útflytjanda, að gefa út nýtt EUR.1-flutningsskírteini ef aðvinnslan eða meðhöndlun er í samræmi við ákvæði þessarar bókunar.

18. gr.

1. Sannprófun EUR.1-flutningsskírteina og yfirlýsinga útflytjenda á vörureikningum skal framkvæmd óreglubundið eða hvenær sem tollyfirvöld í innflutningsríkinu hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa að skjalið sé áreiðanlegt eða upplýsingar um sannan uppruna þeirra framleiðsluvara sem um er að ræða séu réttar.
2. Vegna framkvæmdar ákvæða 1. mgr. skulu tollyfirvöld í innflutningsríki endursenda EUR.1-flutningsskírteini og vörureikning, hafi honum verið framvísað, eða vörureikning sem vísar til LT-skírteinis eða vörureikning með yfirlýsingu útflytjanda eða afrit þessara skjala, til tollyfirvalda í útflutningsríkinu og tilgreina, þar sem það á við, efnislegar eða fornlegar ástæður fyrir því að fyrirspurnin er gerð.

Til stuðnings beiðni um sannprófun eftir á skulu tollyfirvöld senda hvers konar skjöl og upplýsingar sem aflað hefur verið og benda til að upplýsingar gefnar í EUR.1-flutningsskírteini eða á vörureikningi séu rangar.

Ákveði tollyfirvöld í innflutningsríki að fresta því að beita ákvæðum samningsins meðan beiði er niðurstöðu sannprófunar skulu þau heimila innflytjanda að leysa framleiðsluvörurnar út gegn því að nauðsynlegra varúðarráðstafana sé gætt.

3. Tollyfirvöldum í innflutningsríkinu skulu tilkynntar niðurstöður sannprófunar svo fljótt sem auðið er. Niðurstöður þessar verða að vera þannig að unnt sé að úrskurða hvort eyðublöðin sem endursend voru skv. 2. mgr. eigi við þær framleiðsluvörur sem voru raunverulega fluttar út og hvort þessar framleiðsluvörur geti í raun notið friðindameðferðar.

Þegar ekki er unnt að greiða úr slíkum ágreiningsatriðum hjá tollyfirvöldum í innflutningsríkinu og útflutningsríkinu, eða þau leiða til þess að vafi leiki á um hvernig túlka beri þessa bókun, skal þeim vísað til undirnefndar um tolla og uppruna sem um getur í 26. gr. Sameiginlega nefndin tekur ákvarðanir í málinu.

Vegna sannprófunar á EUR.1-flutningsskírteinum eftir á ber tollyfirvöldum í útflutningsríkinu að geyma útflutnings-skjölín eða afrit EUR.1-flutningsskírteina sem í stað þeirra koma í að minnsta kosti tvö ár.

III. BÁLKUR

Lokaákvæði

19. gr.

Samningsríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja ákvæðum þessarar bókunar.

20. gr.

Viðaukar við þessa bókun eru óaðskiljanlegur hluti hennar.

21. gr.

Vörur sem samræmast ákvæðum I. hluta og sem á þeim degi sem samningurinn gengur í gildi eru fluttar eða hafðar í geymslu um stundarsakir í samningsríki eða á tollfrjálsum svæðum er heimilt að líta á sem upprunavörur gegn því að tollyfirvöldum innflutningsríkis verði send, innan fjögurra mánaða frá sömu dagsetningu, sönnun um uppruna, gefin út eftir á, og önnur skjöl sem staðfesta að flutningsskilyrði séu uppfyllt.

22. gr.

Samningsríki skuldbinda sig til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að EUR.1-flutningsskírteini, sem tollyfirvöldum þeirra er heimilað að gefa út á grundvelli samningsins séu gefin út samkvæmt skilmálum sem kveðið er á um í samningnum. Þau skuldbinda sig einnig til að koma á samvinnu stjórnvalda sem nauðsynleg er í þessu tilliti, einkum til að hafa eftirlit með sendingarleið framleiðsluvara sem verslað er með samkvæmt samningnum og hvar þær hafa verið geymdar.

23. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæði bókunar A er, fyrir framleiðsluvörur af þeirri gerð sem samningurinn tekur til og notaðar eru til framleiðslu á vörum sem EUR.1-flutningsskírteini, LT-skírteini eða vörureikningur í tengslum við LT-skírteini eða vörureikningur með yfirlýsingu útflytjanda hefur verið gefinn út eða skrifaður fyrir, einungis unnt að fá endurgreiðslu á tolli eða undanþágu frá greiðslu á tolli hvers konar þegar um er að ræða vörur upprunnar í samningsríki, Ungverjalandi eða Póllandi.
2. Í þessari grein er með orðinu „tollur“ einnig átt við gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

24. gr.

1. Þegar afgreiða á innflutning til EFTA-ríkis í krafti samningsins með öðrum hætti en almennt gildir um innflutning samkvæmt EFTA-samningnum, skal beita þeirri meðferð sem kveðið er á um í samningi þessum gagnvart öllum vörum ef sönnun um uppruna sem um getur í 1. mgr. 8. gr., gefin út eða samín í TSSL, fylgir eða annars konar sönnun á uppruna, útgefin í EFTA-ríki, sem ber áritunina „Viðskipti milli EFTA og TSSL“ („EFTA-SFR Trade“).

2. Útflýgjandi í EFTA-ríki eða fulltrúi hans skal færa áritunina „Viðskipti milli EFTA og TSSL“ inn á sönnun um uppruna fyrir viðskipti milli EFTA-ríkja í tilvikum þar sem upprunaréttindi framleiðsluvara eru tilkomin vegna samningsins og notuð eru efni sem upprunnin eru í TSSL, Ungverjalandi eða Póllandi.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr skulu framleiðsluvörur upprunnar í EFTA-ríki og endurútfuttar frá TSSL njóta við innflutning til EFTA-ríkis sömu meðferðar og þær hefðu notið ef þær hefðu verið sendar beint frá einu EFTA-ríki til annars. Framleiðsluvörur skulu vera í sama ástandi eða hafa ekki hlotið í TSSL neina meðferð eða aðvinnslu umfram þá sem um getur í 5. mgr. 5. gr. Þessi meðferð verður aðeins veitt sé tollyfirvöldum í EFTA-ríki sem flutt er inn til afhent EUR.1-flutningsskríteini sem gefið er út af hlutaðeigandi tollstöð í TSSL með áritunina „Beiting 3. mgr. 24. gr.“ („Application Article 24.3“) og staðfest með stimpli umræddrar tollstöðvar.

25. gr.

1. Upprunavörur í skilningi þessarar bókunar skulu einnig njóta góðs af samningnum við innflutning í TSSL þegar framvísað er EUR.1-skríteini sem gefið er út af tollstöð í Ungverjalandi eða Póllandi þar sem bætt er við áritun „Beiting 25. gr.“ („Application Article 25“) ásamt stimpli umræddrar tollstöðvar.

2. Þegar framleiðsluvörur, sem áður voru fluttar til TSSL með sönnun um uppruna er um getur í 1. mgr. 8. gr. og úttekin var eða samin í EFTA-ríki, eru endurútfuttar til Ungverjalands eða Póllands skulu TSSL leitast við að gefa út EUR.1-skríteini sem bera áritunina „Beiting 25. gr.“ („Application Article 25“), enda séu vörurnar endurútfuttar frá sama ríkinu eða hafi ekki hlotið neina meðferð eða aðvinnslu í TSSL umfram þá sem um getur í 5. mgr. 5. gr.

26. gr.

Setja skal á stofn undirnefnd um tolla og uppruna í tengslum við sameiginlegu nefndina og í samræmi við ákvæði 5. mgr. 28. gr. samningsins sem ber ábyrgð á að koma á samvinnu stjórnvalda til að tryggja rétta, hagnýta og jafna framkvæmd bókunar þessarar og stöðug upplýsingaskipti og samráð milli sérfræðinga.

Í henni skulu sitja sérfræðingar samningsríkjanna sem fást við málefni er lúta að tollum og upprunareglum.

27. gr.

Við framkvæmd liðar ii eða iii í b-lið 1. mgr. 1. gr. skal farið með sérhverja framleiðsluvöru sem upprunnin er á yfirráðasvæði samningsríkis og flutt til annars samningsríkis eins og um sé að ræða framleiðsluvöru sem ekki er upprunavara á því tímabili eða tímabilum sem síðast nefnt samningsríki beitar tollum sem gilda um þriðju lönd, eða öðrum hljóðstæðum verndaraðgerðum í samræmi við samning þennan.

I. VIÐAUKI

SKÝRINGAR

Skýring nr. 1 – 1. gr.

Orðið „samningsríki“ tekur einnig til landhelgi þess samningsríkis.

Skip á úthöfum, þar með talin verksmiðjuskip sem verka eða vinna afla sinn um borð, skulu talin hluti af yfirráðasvæði þess samningsríkis sem þau tilheyra enda fullnægi þau skilyrðum í skýringum nr. 4.

Skýring nr. 2 – 1., 2. og 4. gr.

Skilyrði 1. gr. varðandi öflun upprunaréttinda verður að uppfylla órofið í samningsríki, sbr. þó ákvæði 2. gr.

Ef upprunavörur sem fluttar eru út frá samningsríki eru endursendar til sama ríkis, sbr. þó ákvæði 2. gr., skulu þær ekki taldar upprunavörur nema sýnt verði fram á fullnægjandi hátt að mati tollyfirvalda:

- að framleiðsluvörur sem sendar voru aftur séu sömu framleiðsluvörur og útluttar voru, og
- að þær hafi enga meðferð fengið aðra en nauðsynlegt var til að halda þeim í góðu ástandi meðan þær voru í því landi.

Skýring nr. 3 – 1. og 2. gr.

Þegar ákvarða skal hvort framleiðsluvörur séu upprunavörur er ekki nauðsynlegt að komast að því hvort orka og eldsneyti, búnaður, tæki, vélar og verkfæri sem notuð hafa verið við framleiðslu á slíkum framleiðsluvörum séu upprunnin í þriðja ríki eða ekki.

Skýring nr. 4 – f-liður 4. gr.

Orðin „skip þeirra“ taka aðeins til skipa:

- a) sem eru á skipaskrá eða skráð með öðrum hætti í samningsríki;
- b) sem sigla undir fána samningsríkis;
- c) sem eru a.m.k. 50% í eigu ríkisborgara samningsríkis eða félags sem hefur aðalstöðvar sínar í einhverju þeirra, enda sé framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar þess, stjórnarformaður eða formaður umsjónarnefndar og meirihluti stjórnarnefndarmanna eða umsjónarnefndarmanna ríkisborgarar samningsríkis, auk þess sem a.m.k. helmingur höfuðstóls sé í eigu slíks ríkis eða opinberra stofnana eða ríkisborgara þess;
- d) þegar skipstjóri og yfirmenn eru allir ríkisborgarar samningsríkis;
- e) þegar a.m.k. 75% áhafnarinnar eru ríkisborgarar samningsríkis.

Skýring nr. 5 – 4. og 5. gr.

1. Skilgreiningareining vegna beitingar ákvæða þessarar bókunar er sú framleiðsluvara sem telst grunneining við flokkun samkvæmt nafnaskrá samræmdu tollskrárinnar. Þegar um er að ræða vörusamstæður sem flokkaðar eru samkvæmt 3. almennu reglunni, skal skilgreiningareining ákveðin fyrir hverja einingu í samstæðunni; gildir þetta einnig um samstæður í nr. 6308, 8206 og 9605.

Af þessu leiðir að:

- þegar framleiðsluvara er sett saman úr mörgum hlutum sem eru flokkaðir í samræmdu tollskránni undir einn og sama vörulið telst heildin vera ein skilgreiningareining;
- þegar í vörusendingu eru margar framleiðsluvörur af sama tagi, sem flokkaðar eru í sama vörulið í samræmdu tollskránni skal hver einstök framleiðsluvara tekin fyrir þegar upprunareglunum er beitt.

2. Þegar umbúðir eru samkvæmt 5. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar taldar hluti framleiðsluvöru við flokkun skal telja þær með við ákvörðun uppruna.

Skýring nr. 5a – h-liður 4. gr.

Að því er varðar notaða hjólbarða, skal orðasambandið „notaðar framleiðsluvörur sem þar er safnað og eingöngu er unnt að nota til að endurvinna hráefni úr“, ekki aðeins taka til notaðra hjólbarða sem eingöngu er unnt að nota til að vinna hráefni úr heldur einnig til notaðra hjólbarða sem eingöngu er hægt að sóla eða nota sem úrgang.

Skýring nr. 6 – 2. mgr. 5. gr.

Skýringar við II. viðauka skulu einnig gilda eftir því sem við á um allar framleiðsluvörur sem framleiddar eru úr efnum sem ekki eru upprunaefni, jafnvel þótt þau falli ekki undir sérstök skilyrði sem fram koma á listanum í II. viðauka en í staðinn heyra undir regluna um flokkun undir annan vörulið sem greint er frá í 2. mgr. 5. gr.

Skýring nr. 7 – 6. gr.

Með „verksmiðjuverði“ er átt við það verð sem greitt er framleiðanda í fyrirtækinu þar sem lokavinnsla fer fram, að því tilskildu að verðið feli í sér verðmæti allra framleiðsluvara sem notaðar eru til framleiðslu.

Með „tollverði“ er átt við tollverð sem ákveðið er í samræmi við samninginn um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti sem gerður var í Genf 12. apríl 1979.

Skýring nr. 8 – 1. mgr. 8. gr.

Leyfi samkvæmt þessari bókun til að nota vörureikning sem sönnun um uppruna framleiðsluvöru skal einnig ná til afhendingarseðla eða hvers konar annarra verslunarskjala þar sem framleiðsluvöru er lýst nægilega vel til þess að kennsl verði borin á hana.

Þegar um er að ræða framleiðsluvöru sem send er í pósti og í skilningi 2. mgr. 8. gr. telst ekki innflutningur í viðskiptaskyni, má gefa yfirlýsingu um uppruna á C2/CP3 tollseðli eða á blaði sem fest er við það skjal.

Skýring nr. 9 – 1. mgr. 17. gr. og 22. gr.

Þegar EUR.1-flutningsskírteini hefur verið gefið út með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 9. gr. og það varðar framleiðsluvörur sem endurútflyttar eru óbreyttar eiga tollyfirvöld í viðtökulandinu að geta með samvinnu stjórnvalda fengið ósvikið afrit af sönnunum um uppruna sem áður hafa verið gefnar út fyrir framleiðsluvörurnar.

Skýring nr. 10 – 23. gr.

Með „endurgreiðslu á tolli eða undanþágu frá greiðslu á tolli hvers konar“ er átt við allar ráðstafanir sem miða, að hluta eða að fullu, að endurgreiðslu eða eftirgjöf tolla sem lagðir eru á framleiðsluvörur notaðar til framleiðslu, að því tilskildu að umrætt ákvæði eigi í orðum eða í raun við þessa endurgreiðslu eða undanþágu frá greiðslu eða álagningu sem á sér stað þegar framleiðsluvörur úr nefndum efnum, eru fluttar út en ekki þegar þær eru ætlaðar til neyslu innanlands.

Með „framleiðsluvörum notuðum til framleiðslu“ er átt við hvers konar framleiðsluvörur sem óskað er eftir „endurgreiðslu á tolli eða undanþágu frá greiðslu á tolli hvers konar“ fyrir vegna útflutnings á upprunavörum sem EUR.1-flutningsskírteini, LT-skírteini eða vörureikningur í tengslum við LT-skírteini eða vörureikningur með yfirlýsingu útflytjanda eru gefin út eða skrifaðir fyrir.

II. VIÐAUKI

Skrá yfir aðvinnslu sem efni er ekki teljast upprunaefni verða að hljóta til þess að vara framleidd úr þeim geti öðlast upprunaréttindi

SKÝRINGAR**Almennar skýringar****Skýring nr. 1**

- 1.1 Í fyrstu tveim dálkum skrárinnar er framleiðsluvörnunni lýst. Í fyrsta dálki er númer vöruliðar eða númer kafla sem notað er í samræmdu tollskránni og í öðrum dálki er vörulýsing sem notuð er í tollskránni fyrir þann vörulið eða kafla. Fyrir hvert atriði í fyrstu tveim dálkunum er tilgreind regla í 3. og 4. dálki. Þegar orðið „úr“ fer á undan atriði í fyrsta dálki merkir það að reglan í 3. og 4. dálki gildir aðeins um hluta þess vöruliðar eða kafla eins og lýst er í 2. dálki.

- 1.2 Ef nokkrum vörulíðum er safnað saman í 1. dálki eða númer kafla er tilgreint og vörulýsingin í 2. dálki er því almennt orðuð gilda viðkomandi reglur í 3. eða 4. dálki um allar framleiðsluvörur, sem samkvæmt samræmdu tollskránni eru flokkaðar undir vörulíði kaflans eða einhverja þá vörulíði sem safnað er saman í 1. dálki.
- 1.3 Þegar mismunandi reglur í skránni gilda um mismunandi framleiðslu innan vörulíðar felur hvor undirliður í sér lýsingu á þeim hluta vörulíðarins sem viðeigandi reglur í 3. og 4. dálki taka til.
- 1.4 Ef engin regla er tilgreind í 4. dálki varðandi framleiðslu í 84. til 91. kafla, á að beita reglunni í 3. dálki.

Skýring nr. 2

- 2.1 Orðið „framleiðsla“ tekur til hvers konar aðvinnslu þ.m.t. „samsetning“ eða sérstök starfsemi. Sjá þó skýringu nr. 3.5 hér á eftir.
- 2.2 Orðið „efni“ tekur til hvers konar „innihaldsefnis“, „hráefnis“, „hluta“ eða „hluta“ o.s.frv. sem notaðir eru við framleiðslu vörunnar.
- 2.3 Orðið „framleiðsluvara“ á við vöruna sem framleidd er, jafnvel þegar hún er síðar ætluð til nota við aðra framleiðslu.

Skýring nr. 3

- 3.1 Ef vörulíður eða hluti vörulíðar er ekki í skránni gildir reglan um „flokkun undir annan vörulíð“ sem greint er frá í 2. mgr. 5. gr. Ef skilyrðið fyrir „flokkun undir annan vörulíð“ á við um atriði í skránni felst það í reglunni í 3. dálki.
- 3.2 Sú aðvinnsla sem regla í 3. eða 4. dálki kveður á um á einungis við um efni sem notuð eru og eru ekki upprunaefni. Einnig gilda takmarkanir sem felast í reglu í 3. eða 4. dálki einungis um efni sem notuð eru og eru ekki upprunaefni.
- 3.3 Þegar regla kveður á um að nota megi „efni í hvaða vörulíð sem er“, má einnig nota efni úr sama vörulíð og framleiðslan fellur undir, þó með þeim sérstöku takmörkunum sem kunna að felast í reglunni. Samt sem áður er með orðasambandinu „framleiðsla úr efnum í hvaða vörulíð sem er þ. á m. öðrum efnum í nr. ...“ átt við að eingöngu megi nota efni sem flokkast undir sama vörulíð og framleiðsluvara með annarri vörulýsingu en framleiðsluvaran sem tilgreind er í 2. dálki í skránni.
- 3.4 Ef framleiðsluvara, framleidd úr efnum sem ekki eru upprunaefni en öðlast hafa upprunaréttindi við framleiðslu samkvæmt reglunni um flokkun undir annan vörulíð eða eigin reglu í skránni, er notuð sem efni við framleiðslu á annarri vöru gildir reglan, sem beitt verður um vöruna sem efni er notað í, ekki um það.

— Til dæmis:

Vél í nr. 8407, þar sem sú regla gildir að verðmæti þeirra efna sem teljast ekki upprunaefni og nota má við framleiðsluna megi ekki fara fram úr 40% af verksmiðjuverði, telst vera gerð úr „öðru stálblendi gróflega formað með smíði“ í nr. 7224.

Hafi þetta smíðaefni verið unnið í viðkomandi landi úr málmhleifi (ingot), sem ekki telst upprunavara, hefur smíðin þegar öðlast upprunaréttindi samkvæmt reglunni um vörulíð úr 7224 í skránni. Hún telst þá til upprunavöru við verðmætaútreikning vélarinnar án tillits til þess hvort það var framleitt í sömu verksmiðju eða annarri. Verðmæti málmhleifsins sem ekki telst upprunavara er ekki reiknað með, þegar tekið er saman verðmæti þeirra efna sem notuð voru og ekki teljast upprunaefni.

- 3.5 Enda þótt reglunni um flokkun undir annan vörulíð eða reglunni í skránni sé fullnægt, telst framleiðsluvara ekki upprunavara ef aðvinnslan sem farið hefur fram er í heild ófullnægjandi í skilningi 5. mgr. 5. gr.

Skýring nr. 4

- 4.1 Reglan í skránni felur í sér lágmarks aðvinnslu sem krafist er og frekari aðvinnsla veitir einnig upprunaréttindi; á hinn bóginn getur minni aðvinnsla ekki veitt upprunaréttindi. Ef regla kveður þannig á um að efni sem ekki telst upprunaefni megi nota á vissu framleiðslustigi er heimilt að nota slík efni á fyrra framleiðslustigi en notkun þeirra á síðari stigum er óheimil.
- 4.2 Þegar regla í skránni kveður á um að framleiða megi vöru úr fleiri en einu efni er átt við að nota megi eitt eða fleiri þessara efna. Ekki þarf að nota þau öll.

— Til dæmis:

Reglan um dúk mælir fyrir um að nota megi náttúrulegar trefjar auk kemískra efna og annarra efna. Með þessu er ekki átt við að nota verði hvort tveggja; nota má annað hvort eða hvort tveggja.

Ef takmörkun gildir hins vegar um eitt efni og aðrar takmarkanir gilda um önnur efni samkvæmt sömu reglunni, gilda takmarkanir aðeins um þau efni sem í raun eru notuð.

— Til dæmis:

Reglan um saumavélar kveður á um að vélbúnaðurinn til þráðstrekkingar sem notaður er verði að vera upprunavara og síkksakk-vélbúnaðurinn verði einnig að vera upprunavara. Þessar tvær takmarkanir gilda eingöngu ef viðkomandi vélbúnaður er í raun settur í saumavélina.

- 4.3 Þegar regla í skránni kveður á um að framleiðsluvara verði að vera framleidd úr sérstöku efni er skilyrðið því augljóslega ekki til hindrunar að notuð séu önnur efni sem ekki geta eðli síns vegna uppfyllt skilyrði reglunnar.

— Til dæmis:

Reglan um nr. 1904, sem útilokar sérstaklega að notað sé korn eða afleiður þess, hindrar ekki að notað sé salt, kemísk efni eða önnur viðbótarefni sem ekki eru framleidd úr korni.

— Til dæmis:

Þegar framleiða á vöru úr vefleysu og eingöngu er heimiluð notkun garns sem ekki telst upprunavara — jafnvel þó að ekki sé hægt að framleiða vefleysu úr garni — er ekki hægt að hefja framleiðslu með efni úr vefleysu sem ekki telst upprunaefni. Í slíkum tilvikum myndi upphafsefnið venjulega vera á vinnslustiginu undan garni — þ.e. á trefjastigi.

Sjá einnig skýringar nr. 7.3 um textílefni.

- 4.4 Ef regla í skránni tilgreinir tvær eða fleiri hundraðshlutareglur varðandi hámarksverðmæti efna sem teljast ekki upprunaefni og heimilt er að nota, má ekki leggja þessa hundraðshluta saman. Hámarksverðmæti allra þeirra efna sem ekki teljast upprunaefni má aldrei fara fram úr hæsta hundraðshluta sem er tilgreindur. Enn fremur má ekki fara yfir tiltekinn hundraðshluta sem gildir fyrir einstök efni.

Textílefni**Skýring nr. 5**

- 5.1 Orðin „náttúrulegar trefjar“ eru notuð í skránni til að vísa til trefja annarra en gervi- eða syntetískra þráða. Þau eiga einungis við á þeim stigum framleiðslunnar áður en spunnið er og ná einnig til úrgangs og, nema annað sé tekið fram, orðin „náttúrulegar trefjar“ taka til trefja sem hafa verið kembdar eða greiddar eða öðru vísi unnar en ekki spunnar.
- 5.2 Orðin „náttúrulegar trefjar“ eiga einnig við um hrosshár í nr. 0503, silki í nr. 5002 og 5003 og auk þess ullartrefjar, fín- eða grófgert dýrahár í nr. 5101–5105, baðmullartrefjar í nr. 5201–5203 og jurtatrefjar í nr. 5301–5305.
- 5.3 Orðin „textílmassi“, „kemísk efni“ og „efni til pappírsgerðar“ eru notuð í skránni til þess að lýsa efnunum sem flokkast ekki í 50. – 63. kafla og nota má til framleiðslu á gervi-, syntetískum eða pappírstrefjum eða gervi-, syntetísku eða pappírsgarni.
- 5.4 Orðin „tilbúnað stuttrefjar“ eru notuð í skránni til að vísa til syntetískra eða gervivöndulþátta, stuttrefja eða úrgangs í nr. 5501–5507.

Skýring nr. 6

- 6.1 Varðandi framleiðsluvörur sem flokkast undir þá vöruliði í skránni þar sem vísað er til þessarar almennu skýringar skulu skilyrði þau sem tilgreind eru í 3. dálki skrárinnar ekki gilda um grunntextílefni sem notuð eru til framleiðslu þeirra og eru í heild 10% eða minna af heildarþyngd þeirra grunntextílefna sem notuð eru, (sjá einnig skýringar nr. 6.3 og 6.4 hér á eftir).
- 6.2 Þetta frávik á hins vegar eingöngu við um blandaðar framleiðsluvörur gerðar úr tveim eða fleiri grunntextílefnum án tillits til hlutdeildar þeirra í framleiðsluvörinni.

Eftirfarandi teljast grunntextílefni:

- silki,
 - ull,
 - gróft dýrahár,
 - fínt dýrahár,
 - hrosshár,
 - baðmull,
 - efni til pappírsgerðar og pappír,
 - hör,
 - hreinn hampur,
 - júta og aðrar basttextíltrefjar,
 - sísal- og aðrar textíltrefjar af agavaætt,
 - kókostrefjar, abaca, ramí og aðrar textíltrefjar úr jurtaríkinu,
 - syntetískir þræðir,
 - gervipræðir,
 - syntetískar stuttrefjar og
 - gervistuttrefjar.
 - **Til dæmis:**
Garn í nr. 5205, gert úr baðmullartrefjum og syntetískum stuttrefjum, er blandað garn. Af því leiðir að nota má efni sem ekki fullnægja upprunareglum og veða allt að 10% af þyngd gamsins.
 - **Til dæmis:**
Ullardúkur í nr. 5112, gerður úr ullargarni og syntetísku stuttrefjagarni, er blandaður dúkur. Af því leiðir að nota má annaðhvort syntetískt garn eða ullargarn sem ekki telst upprunavara eða samsetningu þeirra sem fullnægir ekki upprunareglunum og vegur allt að 10% af þyngd dúksins.
 - **Til dæmis:**
Límbundinn textíldúkur í nr. 5802, gerður úr baðmullargarni og baðmullardúk, er aðeins blönduð framleiðsluvara ef sjálfur baðmullardúkurinn sem notaður er, er blandaður dúkur gerður úr tveim eða fleiri mismunandi grunntextílefnum eða sjálft baðmullargarnið, sem notað er, er blandað.
 - **Til dæmis:**
Ef límbundni textíldúkurinn hefði verið gerður úr baðmullargarni og syntetískum dúk hefðu augljóslega verið notuð tvö aðskilin grunntextílefni.
 - **Til dæmis:**
Gólfteppi, gert úr gervigarni og úr baðmullargarni með undirlagi úr jútu, er blönduð framleiðsluvara þar sem þrjú grunntextílefni eru notuð. Þannig má nota hvers konar efni sem eru ekki upprunæfni og eru notuð er á síðara framleiðslustigi en reglan gerir ráð fyrir, að því tilskildu að heildarþyngd þeirra samanlagt fari ekki yfir 10% af þyngd textílefna í teppinu. Þannig mætti flytja jútuundirlagið, gervigarnið og/ eða baðmullargarnið inn á því framleiðslustigi, að því tilskildu að skilyrðunum um þyngd sé fullnægt.
- 6.3 Ef framleiðsluvara inniheldur „garn úr pólýúretani liðað með hreyfanlegum pólýeterliðum, einnig yfirspunnið“ er leyfilegt frávik 20% varðandi þetta garn.
- 6.4 Ef í framleiðsluvöru er ræma með kjarna úr álpynnum eða kjarna úr plastfilmu, einnig húðaðar með áldufti, ekki yfir 5 mm að breidd, lögð með lími milli tveggja plastfilma, er leyfilegt frávik 30% að því er varðar þessa ræmu.

Skýring nr. 7

- 7.1 Varðandi textílvörur, sem auðkenndar eru í skránni með neðanmálsgrein sem vísar til þessarar skýringar, má nota textílefni, þó ekki fóður og millifóður, sem uppfylla ekki skilyrði reglunnar í 3. dálki skrárinnar fyrir hina tilbúnu vöru, að því tilskildu að þau séu flokkuð í annan vörulið en framleiðsluvaran og að verðmæti þeirra fari ekki fram úr 8% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar.
- 7.2 Hvers konar leggingar eða fylgihlutir úr öðru en textílefni eða önnur efni, sem notuð eru og í eru textílefni, þurfa ekki að uppfylla skilyrðin í 3. dálki jafnvel þótt þær falli utan gildissviðs skýringar nr. 4.3.
- 7.3 Í samræmi við skýringar nr. 4.3 má engu að síður nota hvers konar leggingar og fylgihluti eða aðrar framleiðsluvörur úr öðru en textílefni sem teljast ekki upprunaefni ef ekki er hægt að framleiða þær úr efnum sem tilgreind eru í 3. dálki.

— Til dæmis:

- Ef regla í skránni kveður á um að í tiltekna textílvöru, til dæmis blússu, verði að nota garn kemur það ekki í veg fyrir að notaðar séu vörur úr málmí, til dæmis tölur, þar sem þær verða ekki gerðar úr textílefnum.
- 7.4 Þegar hundraðshlutaregla gildir skal telja með verðmæti legginga og fylgihluta þegar reiknað eru út verðmæti þeirra efna sem ekki eru upprunaefni og notuð eru til framleiðslunnar.

<i>ST-númer</i>	<i>Vörulýsing</i>	<i>Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi</i>
(1)	(2)	(3)
03.02 til 03.05	Fiskur, þó ekki lifandi fiskur	Framleiðsla úr efnunum í 3. kafla sem öll verða að vera upprunaefni
úr 04.03	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, bragðbætt eða með viðbættum ávöxtum, hnetum eða kakói	Framleiðsla: – úr efnunum í 4. kafla sem öll verða að vera að öllu leyti fengin – úr hvers konar ávaxtasafa (þó ekki ananas-, sítrus- eða greipaldinsafa) í nr. 20.09 sem verður þegar að vera upprunavara, og – úr efnunum í 17. kafla sem að verðmæti í heild eru ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 13.02	Jurtaslím og hleypiefni, einnig umbreytt, unnið úr vörum úr jurtaríkinu	Framleiðsla úr óumbreyttu jurtaslími og hleypiefnum
16.04	Fiskur, lagaður eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra	Framleiðsla úr efnunum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
16.05	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar, lögð eða varin skemmdum	Framleiðsla úr efnunum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 17.02	Kemískt hreinn frúktósi og maltósi	Framleiðsla úr efnunum úr öllum vöruliðum að meðtöldum öðrum efnunum í nr. 17.02
17.04	Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakaóinnihalds	Framleiðsla úr efnunum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran, enda sé verðmæti annarra efna í 17. kafla sem notuð eru í heild ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
18.06	Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakaó	Framleiðsla úr efnunum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran, enda sé verðmæti annarra efnanna í 17. kafla sem notuð eru í heild ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
19.01	Maltkjarni: framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna sem ekki inniheldur kakaóduft eða inniheldur kakaóduft sem að magni til er innan við 50% miðað við þunga, sem ekki er skilgreind eða talin með annars staðar; matvæli úr vörum í nr. 04.01–04.04 sem ekki innihalda kakaóduft eða innihalda kakaóduft sem að magni til er innan við 10% miðað við þunga, sem ekki eru skilgreind eða talin með annars staðar: – Maltkjarni – Annað	Framleiðsla úr kornvörum í 10. kafla Framleiðsla úr efnunum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran, enda sé verðmæti annarra efnanna í 17. kafla sem notuð eru í heild ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

<i>ST-númer</i>	<i>Vörulýsing</i>	<i>Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi</i>
(1)	(2)	(3)
úr 19.02	Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt svo sem spaghetti, makkarónur, núðlur, lasagna, gnocchi, raviólí, kannellóni – þó ekki það sem inniheldur meira en 20%, miðað við þunga, af krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatna- og sjávarhryggleysingjum, pylsum og þess háttar eða kjöti og hvers konar hlutum af dýrum, þar með talin feiti af hvaða tegund eða uppruna sem er; kúskús, einnig unnið	Framleiðsla úr korni og afbrigðum þess (þó ekki úr harðhveiti og afbrigðum hennar) sem verður að vera að öllu leyti fengið
19.03	Tapíókamjöl og tapíókalíki úr sterkju, sem flögur, grjón, perlur, sáldur eða í áþekkri mynd	Framleiðsla úr efnum í öllum vöruliðum, þó ekki kartöflusterkju í nr. 11.08
19.04	Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur), korn, annað en maís, sem grjón, forsoðið eða unnið á annan hátt: <ul style="list-style-type: none"> – Án kakaóinnihalds: – – Korn annað en maís, sem grjón, forsoðið eða unnið á annan hátt – – Annað <p>Með kakaóinnihaldi</p>	Framleiðsla úr efni í hvaða vörulið sem er. Þó má hvorki nota korn né stöngla af sætum maís, tilreitt eða varið skemmdum, í nr. 20.01, 20.04 og 20.05, né ósoðinn, soðinn eða gufusoðinn sætan maís í nr. 07.10
19.05	Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur	Framleiðsla þar sem: <ul style="list-style-type: none"> – allar kornvörur og afleiður þeirra (að undanskildum maís af tegundinni „Zea indurata“, harðhveiti og afleiður þeirra) verða að vera að öllu leyti fengnar og – heildarverðmæti efna í 17. kafla sem notuð eru er ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar <p>Framleiðsla úr efnum, sem flokkast ekki í nr. 18.06, enda sé heildarverðmæti efna í 17. kafla sem notuð eru ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar</p>
úr 21.03	Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni	Framleiðsla úr efnum í öllum vöruliðum, þó ekki í 11. kafla ⁽¹⁾
úr 21.04	Súpur og seyði og framleiðsla í það	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir annan vörulið en framleiðsluvaran. Þó má nota sinnepsmjöl, fin- eða grófmalað, eða unnið sinnep
		Framleiðsla úr efnum í öllum vöruliðum, þó ekki grænmeti sem er unnið eða varið skemmdum í nr. 20.02 til 20.05

⁽¹⁾ Þó má nota maísmjöl (masamjöl) sem fengið hefur verið með „nixtamalization“ (alkalínhitun og bleytun) fram til 30. nóvember 1993.

<i>ST-númer</i>	<i>Vörulýsing</i>	<i>Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunæfni er veitir upprunaréttindi</i>
(1)	(2)	(3)
úr 22.02	Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 20.09, sem inniheldur sykur, mjólk eða mjólkurfitu	Framleiðsla þar sem: – öll efni sem notuð eru flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran – heildarverðmæti efna í 17. kafla sem notuð eru er ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar og – allur ávaxtasafi sem notaður er (þó ekki ananas-, sítrus- eða greipaldinsafi) verður að vera upprunavara
22.05	Vermút og annað vín úr nýjum þrúgum bragðbætt með plöntum eða ilmeffnum	Framleiðsla þar sem þrúgurnar eða efni fengið úr þeim verður að vera að öllu leyti fengið
úr 22.08	Líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur sem bætt er í súkrósa, einsykri, eggjum eða eggjarauðum	Framleiðsla þar sem: – öll efni sem notuð eru flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran – allar þrúgur eða öll efni unnin úr þrúgum verða að vera að öllu leyti fengin EDA – ef öll efnin teljast þegar upprunavörur má nota „arrak“ í allt að 5% af rúmmáli
úr 25.04	Náttúrlegt kristallað grafit með auknu kolefnisinnihaldi, hreinsað og malað	Aukning kolefnisinnihalds, hreinsun og mólun óhreinsaðs kristallaðs grafits
úr 25.15	Marmari, einungis sagaður eða hlutaður sundur með öðrum hætti í réttymingslaga (þar með talið ferningslaga) blokkir eða hellur, 25 cm eða minna að þykkt	Sögun eða sundurhlutun með öðrum hætti á marmara (sem hefur jafnvel þegar verið sagaður), meira en 25 cm að þykkt
úr 25.16	Granít, porfyr, basalt, sandsteinn og annar steinn til höggmyndagerðar eða bygginga, einungis sagað eða hlutað sundur með öðrum hætti í réttymingslaga (þar með talið ferningslaga) blokkir eða hellur, 25 cm eða minna að þykkt	Sögun eða sundurhlutun á steini (sem hefur jafnvel þegar verið sagaður), meira en 25 cm að þykkt
úr 25.18	Brennt dólómít	Brennsla á óbrenndu dólómíti
úr 25.19	Mulið náttúrlegt magníumkarbónat (magnesít), í loftþéttum umbúðum, og magníumoxíð, einnig hreint, þó ekki brædd magnesía eða glædd magnesía	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota náttúrlegt magníumkarbónat (magnesít)
úr 25.20	Gipsefni sérstaklega framleitt til tannsmíða og tannlækninga	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 25.24	Náttúrlegar asbestrefjar	Framleiðsla úr asbestkirmi
úr 25.25	Gljásteinsduft	Mölun gljásteins eða gljásteinsúrgangs
úr 25.30	Jarðlitir, brenndir eða muldir í duft	Brennsla eða mólun jarðlita
úr 27.07	Olíur sem í eru arómatískir efnisþættir sem að þyngd eru meiri en óarómatísku efnisþættirnir, og eru áþekkar jarðolíum sem framleiddar eru með eimingu úr háhitadri koltjörü, sem af eimast meira en 65% miðað við þyngd við allt að 250°C (þar með talið blöndur úr bensóli og bensíni), til nota sem orku- eða hitagjafi	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er

<i>ST-númer</i>	<i>Vörulýsing</i>	<i>Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi</i>
(1)	(2)	(3)
27.10	Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þyngd 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, sem ekki eru skilgreindar eða taldar með annars staðar, enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er
úr 27.12	Hreinsað vaselín	Framleiðsla úr óhreinsuðu vaselíni
úr 27.12	Parafín	Framleiðsla úr kolavaxi eða skelvaxi
úr 27.12	Örkristallað jarðolíuvax, skelvax, hreinsað ósókerít, brúnkolavax, móvax, annað jarðefnavax og áþekkar vörur framleiddar með efna-smíð eða öðrum aðferðum, einnig litað	Framleiðsla úr hráu ósókeríti
úr 28. kafla	Ólífræn efni; lífræn eða ólífræn sambönd góðmálma, sjaldgæfra jarðmálma, geislavirkra frumefna eða samsætna, þó ekki úr 28.11, úr 28.33 og úr 28.40 sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verk-smiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 28.11	Brennisteinstríoxíð	Framleiðsla úr brennisteinsdíoxíði
úr 28.33	Álsúlfat	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verk-smiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 28.40	Natríum perbórat	Framleiðsla úr dínatríumtetrabóratpentahýdrati
úr 29. kafla	Lífræn efni, þó ekki úr 29.05, í 29.15, úr 29.32, í 29.33 og 29.34 sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verk-smiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 29.05	Málmalkóhólöt úr alkóhóli í þessum vörulið og etanóli eða glýseróli	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 29.05. Þó má nota málmalkóhólöt sem flokkast undir þennan vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verk-smiðjuverði framleiðsluvörunnar
29.15	Mettaðar raðtengdar mónókarboxýlsýrur og anhýdríð, halíð, peroxíð og peroxíðsýrur þeirra; halógen-, sulfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er. Þó má verðmæti allra notaðra efna í nr. 29.15 og 29.16 ekki vera meira en 20% af verk-smiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 29.32	Innri sambönd etera og halógen-, sulfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er. Þó má verðmæti allra notaðra efna í nr. 29.09 ekki vera meira en 20% af verk-smiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 29.32	Hringasetöl og innri sambönd hemiasetóls og halógen-, sulfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 29.32
29.33	Heteróhringliða sambönd einungis með köfnunarefnisheterófrumeindum; kjarnasýrur og sölt þeirra:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er. Þó má verðmæti allra efna í nr. 29.32 og 29.33 sem notuð eru ekki vera meira en 20% af verk-smiðjuverði framleiðsluvörunnar

<i>ST-númer</i>	<i>Vörulýsing</i>	<i>Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaeftir er veitir upprunaréttindi</i>
(1)	(2)	(3)
29.34	Önnur heteróhringliða sambönd:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er. Þó má verðmæti allra efna í nr. 29.32, 29.33 og 29.34 sem notuð eru ekki vera meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 30. kafla	Vörur til lækninga, þó ekki vörur í nr. 30.02, 30.03 og 30.04, sem eftirfarandi reglur gilda um:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
30.02	Mannsblóð; dýrablóð framleitt til lækninga, varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómsgreiningar; mótsermi og aðrir blóðþættir; bóluæfni, toxín, ræktaðar örverur (þó ekki ger) og áþekkar vörur:	
	– Vörur gerðar úr tveimur eða fleiri efnisþáttum sem blandað hefur verið saman til lækninga eða varnar gegn sjúkdómum eða óblandaðar vörur sem notaðar eru í þessum tilgangi, í mældum skömmtum, formaðar eða í umbúðum til smásölu	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 30.02. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– Annað:	
	– – Mannsblóð	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 30.02. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– – Dýrablóð framleitt til lækninga eða varnar gegn sjúkdómum	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 30.02. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– – Blóðþættir, aðrir en bóluæfni, blóðrauði og blóðvatnsglóbulín	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 30.02. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– – Blóðrauði, blóðglóbúlín og blóðvatnsglóbulín	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 30.02. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– – Annað	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 30.02. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar má einnig nota enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaeftir veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
30.03 og 30.04	Lyf (þó ekki vörur í nr. 30.02, 30.05 eða 30.06)	Framleiðsla: – úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni í nr. 30.03 og 30.04 enda sé heildarverðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar, og – þar sem verðmæti efnanna í heild eru ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 31. kafla	Áburður, þó ekki úr 31.05 sem um gildir eftirfarandi regla:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 31.05	Áburður, úr steinaríkinu eða kemískur, sem inniheldur tvö eða þrjú af áburðarefnum kófnunarefni, fosfór og kalíum; annar áburður; vörur sem teljast til þessa kafla í töflum eða áþekku formi eða í 10 kg umbúðum eða minni brúttó, þó ekki: – natríumnítrat – kalsíumsýanamíð – kalíumsúlfat – magníumkalíumsúlfat	Framleiðsla: – úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni í nr. 30.03 og 30.04 enda sé heildarverðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar, og – þar sem verðmæti allra efna sem notuð eru er ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 32. kafla	Sútunar- eða litakjarnar; tannín og afleiður þeirra; leysilítir (dyes), dreifulítir (pigment) og önnur litunarefni; málning og lökk; kítí og önnur þéttiefni; blek, þó ekki úr 32.01 og 32.05 sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 32.01	Tannín og sölt þeirra, eterar, esterar og aðrar afleiður.	Framleiðsla úr tannínkjörnum úr jurtaríkinu
32.05	Litlögur; framleiðsla sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla að meginstofni úr litlegi ⁽¹⁾	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki nr. 32.03 og 32.04 enda sé verðmæti sérhvers efnis, sem flokkast undir nr. 32.05, ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 33. kafla	Rokgjarnar olíur og resinóíð; ilmvoðn, snyrtivörur eða hreinlætisvörur; þó ekki vörur í nr. 33.01 sem um gildir eftirfarandi regla:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
33.01	Rokgjarnar olíur (einnig terpensnauðar), einnig fastar eða fljótandi; resinóíð; kjarnar úr rokgjörnum olíum í feiti, órokgjörnum olíum eða vaxi eða þess háttar, fengnir með „enfleura-ge“ eða „maceration“; terpenríkar aukaafurðir frá terpensneyðingu rokgjarnra olía; vatnskennt eimi og vatnsupplausnir úr rokgjörnum olíum	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin úr öðrum „flokkum“ ⁽²⁾ í þessum vörulið. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

⁽¹⁾ Í 3. athugasemd í 32. kafla segir að þessi framleiðsla sé til nota við litunarsvæði hvers konar efnis eða sem efnisþættir við framleiðslu litunarefna, enda sé hún ekki flokkuð í annan vörulið í 32. kafla.

⁽²⁾ „Flokkur“ teist vera hvaða hluti vöruliðar sem er aðgreindur með semikömmu.

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
úr 34. kafla	Sápa, lífræn yfirborðsvirk efni, þvottaefni, smurefni, gervivax, unnið vax, fægi- eða ræstiefni, kerti og áþekkar vörur, mótunarefni, tannvax og tannlækningavörur að meginstofni úr gipsefnum; þó ekki nr. 34.04 sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 34.04	Gervivax og unnið vax: – Að meginstofni úr parafíni, jarðolíuvaxi, vaxi fengnu úr jarðbiksefnum, kolavaxi eða skelvaxi – Annað	Framleiðsla úr efnum sem flokkast ekki í nr. 34.04 eða 29. kafla Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki: – Hertar olfur sem hafa einkenni vax í nr. 15.16. – Fitusýrur án kemískrar skilgreiningar eða iðnaðarfitualkóhól með einkenni vax í nr. 15.19. – Efni í nr. 34.04. Þó má nota þessi efni enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 35. kafla	Albúmínkennd efni; umbreytt sterkja; lím; ensím; þó ekki nr. 35.05 og úr 35.07 sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
35.05	Dextrín og önnur umbreytt sterkja (t.d. forgelatineruð eða esteruð sterkja); lím að meginstofni úr sterkju eða dextríni eða annarri umbreyttri sterkju: – Eteruð og esteruð sterkja – Annað	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 35.05 Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í nr. 11.08
úr 35.07	Unnin ensím, sem ekki eru skilgreind eða talin með annars staðar	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
36. kafli	Sprengiefni; flugeldavörur; eldspýtur; kveiki-blendi; tiltekna eldfimar blöndur	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 37. kafla	Ljósmynda- eða kvikmyndavörur; þó ekki í nr. 37.01, 37.02 og 37.04 sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
37.01	Ljósæmar plötur og filmur, flatar, ólýstar, úr hvers konar efni öðru en pappír, pappa eða textílefni; filmur til skyndiframköllunar, flatar, ljósæmar, ólýstar, einnig samlokur (pakkar):	

<i>ST-númer</i>	<i>Vörulýsing</i>	<i>Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veittir upprunaréttindi</i>
(1)	(2)	(3)
37.01 (frh.)	– Litfilmur til skyndiframköllunar í samlokum	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en nr. 37.01 eða 37.02. Þó má nota efni sem flokkast undir nr. 37.02, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– Annað	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en nr. 37.01 eða 37.02. Þó má nota efni í nr. 37.01 eða 37.02 enda sé heildarverðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
37.02	Ljósnaemar filmur í rúllum, ólýstar, úr hvers konar efni öðru en pappír, pappa eða textílefni; filmur til skyndiframköllunar, í rúllum, ljósnaemar, ólýstar	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en nr. 37.01 og 37.02
37.04	Ljósmyndaplötur, -filmur, -pappír, -pappi og textílefni, lýst en ekki framkallað	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki nr. 37.01 – 37.04
úr 38. kafla	Ýmsar kemískar vörur; þó ekki úr 38.01, úr 38.03, úr 38.05, úr 38.06, úr 38.07, í nr. 38.08 – 38.14, nr. 38.18 – 38.20, nr. 38.22 og nr. 38.23 sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 38.01	Hlaupkennt grafít í olíusviflausn og hálfhlaupkennt grafít; kolefniskennt deig í rafskaut	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 38.01	Grafít blandað steinefnaolíum í formi deigs sem inniheldur meira en 30% af grafíti miðað við þyngd	Framleiðsla úr efnum í nr. 34.03 sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 38.03	Hreinsuð tallolía	Hreinsun óunninnar tallolíu
úr 38.05	Hreinsuð súlfatterpentína	Aðvinnsla sem felur í sér eimingu eða hreinsun hrárrar súlfatterpentínu
úr 38.06	Estergúmervoða	Framleiðsla úr resinsýrum
úr 38.07	Viðarbik (viðartjörubik)	Eiming viðartjöru
38.08 til 38.14, 38.18	Ýmsar kemískar vörur:	
til 38.20, 38.22 og 38.23	– Tilbúin íblöndunarefni fyrir smurolíur, sem innihalda jarðolíur eða olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, í nr. 38.11	Framleiðsla úr efnum í nr. 38.11 sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaeftir er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
38.08 til 38.14, 38.18 til 38.20 38.22 og 38.23 (frh.)	<ul style="list-style-type: none"> - Eftirfarandi í nr. 38.23: -- Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna að meginstofni úr náttúrulegum kvoðukenndum vörum -- Naftansýrur, sölt þeirra óuppleysanleg í vatni og esterar þeirra -- Sorbitól, annað en í nr. 29.05 -- Jarðólíusúlfónöt, þó ekki jarðólíusúlfónöt úr alkalmálmum, ammóníum eða et-anólamiði; þíófenaðar súlfónsýrur úr olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum og sölt þeirra -- Jónaskiptar -- Flýtar fyrir lofttæmipípur -- Alkalísk jámoxíð til gashreinsunar -- Ammóníum gasvatn og notað oxíð fengið við gaskolahreinsun -- Súlfónaftansýrur, sölt og esterar þeirra óuppleysanleg í vatni -- Fúsílóía og Díppelolía -- Blönduð sölt með mismunandi anjónum -- Fjölritunarhlaup að meginstofni til úr gelatíni, einnig á pappír- eða textílundirlagi 	<p>Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar</p>
úr 39.01 til 39.15	<p>Plast í frumgerðum, úrgangur, afklippur og rusl, úr plasti; þó ekki úr 39.07 sem um gildir eftirfarandi regla:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Framleiðsluvörur úr einfjölliðuauka - Annað 	<p>Framleiðsla:</p> <ul style="list-style-type: none"> - úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar, og - þar sem efni í 39. kafla er að verðmæti ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar⁽¹⁾ <p>Framleiðsla úr efnum í 39. kafla sem eru að verðmæti ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar⁽¹⁾</p>
úr 39.07	<p>Samfjölliður, gerður úr pólykarbónati og akrýlónítrílbútadínstýrenfjölliðum (ABS)</p>	<p>Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar</p>
úr 39.16 til 39.21	<p>Hálfunnar og fullunnar vörur úr plasti, þó ekki úr 39.16, úr 39.17 og úr 39.20, sem um gilda eftirfarandi reglur:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Flatvörur, unnar frekar en aðeins á yfirborði eða skornar í aðra lögun en rétthyrminga 	<p>Framleiðsla úr efnum í 39. kafla sem eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar</p>

⁽¹⁾ Að því er varðar framleiðsluvörur úr efnum sem flokkast bæði í nr. 39.01–39.06 og 39.07–39.11 gildir takmörkun þessi aðeins um þann flokk efna sem meira er af miðað við þyngd.

<i>ST-númer</i>	<i>Vörulýsing</i>	<i>Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi</i>
(1)	(2)	(3)
- 3.10 Öll vinnsla í tölvukerfi Íslenskrar getspár hvað varðar „Lottó 5/38“ skal falla niður frá því 15 mínútum áður en útdráttur á að fara fram þar til útdrætti er að fullu lokið. Að því er varðar „Víkingalottó“ skal vinnsla í tölvukerfinu falla niður 1 klukkustund áður en útdráttur á að fara fram.

4. Kerfisleikspjöld.

- 4.1 Heimilt er að gera sérstök leikspjöld fyrir þá, sem óska þess að nota kerfi við talnagetraunir. Í „Lottó 5/38“ skulu leikspjöld þessi vera fyrir 6, 7, 8, 9 eða 10 talnamöguleika og samsvara tölur þessar 6, 21, 56, 126 eða 252 mismunandi fimm stafa talnaröðum (leikjum) þeirra talna sem valdar eru. Kerfisleikspjald skal þátttakandi fylla út á þann veg að hann strikar lóðrétt í reiti þeirra talna, er hann velur úr tölunum 1-38 og staðfestir fjölda þeirra (6, 7, 8, 9 eða 10) með því að merkja aftan við viðkomandi tölur á spjaldinu.
- 4.2 Í „Víkingalottói“ skulu leikspjöld þessi vera fyrir 7, 8, 9 eða 10 talnamöguleika og samsvara tölur þessar 7, 28, 84, 210 mismunandi 6 stafa talnaröðum þeirra talna sem valdar eru. Kerfisleikspjald skal þátttakandi fylla út á þann veg að hann strikar lóðrétt í reiti þeirra talna, er hann velur úr tölunum 1-48 og staðfestir fjölda þeirra (7, 8, 9 eða 10) með því að merkja aftan við viðkomandi tölur á spjaldinu.
- 4.3 Í framangreindum kerfum ákvarðast verð af fjölda raða og verði fyrir hvern leik (röð) sbr. lið 3.9.

5. Útdráttur vinninga.

- 5.1 Útdráttur vinninga í „Lottó 5/38“ fer fram opinberlega á laugardegi, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar getspár að viðstöddum fulltrúa hennar og undir eftirliti fulltrúa dómsmálaráðuneytisins. Útdráttur vinninga fer þannig fram að í þar til gerðum stokki eru valdar fimm vinningstölur, aðaltölur, af tölunum 1-38. Því næst er valin aukatala, „bónustala“, af þeim tölum sem þá eru eftir. Niðurstöður útdráttar og aðrar upplýsingar um framkvæmd hans skal færa í sérstaka gerðabók og undirrita af fulltrúum stjórnarinnar og dómsmálaráðuneytisins.
- 5.2 Útdráttur í „Víkingalottó“ fer fram á hverjum miðvikudegi í heimalandi einhvers samstarfsaðila, undir eftirliti þarlendra yfirvalda, samkvæmt reglum sem samþykktar eru af opinberum eftirlitsaðilum samstarfsaðilanna, hér á landi af dómsmálaráðuneytinu. Þegar dráttur fer fram hér á landi fer um eftirlitið í samræmi við lið 5.1. Útdrátturinn fer fram með þeim hætti að valdar eru sex aðaltölur af tölunum 1-48 og því næst eru valdar 3 aukatölur „bónustölur“ af þeim tölum sem þá eru eftir.
- 5.3 Beri útdráttardag upp á hátíðisdag er heimilt að framkvæma útdrátt næsta virkan dag á undan, eða á öðrum degi sem dómsmálaráðuneytið samþykkir. Vinningstölur fyrir „Lottó 5/38“ og „Víkingalottó“ skulu birtar í fjölmiðlum.
- 5.4 Þeir sem hafa þátttökukvittun með tölum þeim, sem valdar hafa verið, annaðhvort allar eða hluta þeirra í sama leik (röð), án tillits til röðunar þeirra, fá vinning í samræmi við ákvæði liða 5.5-5.8.
- 5.5 Til vinninga skal verja 40% af heildarsöluverði hvernar leikviku og skiptist vinningsfjárhæðin þannig:
- 5.5.1 „Lottó 5/38“:
- 46% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa allar 5 aðaltölur réttar.
 - 8% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess rétta aukatölu, „bónustölu“.
 - 13,8% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
 - 32,2% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar.
- 5.5.2 „Víkingalottó“:
- Fyrsti vinningur er sameiginlegur hjá þátttökuaðilum sbr. 2. grein. Greiðir hvert talnagetraunafyrirtæki 0,03 ECU (European Currency Unit) af andvirði hvers selds leiks til þessa vinnings. Verðmæti hans í íslenskum krónum ákvarðast af kaupengi ECU á útdráttardegi og skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa allar 6 tölurnar réttar.
 - Til annarra vinninga renna 40% af heildarsölu hvernar leikviku hér á landi að frádreginni greiðslu hluta ÍG til fyrsta vinnings Íslenskrar getspár í fyrsta vinningi sbr. a) lið og skiptast í vinningsflokka í eftirgreindum hlutföllum:
 - 28% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af þrem aukatölum „bónustölum“.
 - 22% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar.
 - 35% skiptast jafnt milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
 - 15% skiptst jafnt milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af þrem aukatölum „bónustölum“.
- 5.6 Þátttakendur hljóta eingöngu vinning í samræmi við hæsta fjölda talna í hverri röð, þ.e. sá sem hlýtur vinning samkvæmt a) lið hlýtur ekki vinning samkvæmt öðrum liðum, o.s.frv. Vinningar skulu færðir niður í næstu heila krónu. Mismunur sem myndast með því skal yfirfærður til vinnings í viðkomandi talangetraun í næstu leikviku.

Stjórn Íslenskrar getspar er heimilt að leggja viðbótarfé frá fyrirtækinu til 1. vinnings í báðum leikjunum við sérstök tækifæri samkvæmt reglum sem dómsmálaráðuneytið samþykkir.

- 5.7 Komi í ljós við útdrátt í „Lottó 5/38“ að:
- enginn þátttakandi hafi allar 5 aðaltölur réttar, skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirferast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá allar fimm aðaltölur réttar í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með allar aðaltölur réttar í þeirri leikviku flyst vinningsfjárhæðin áfram til þarnæstu viku o.s.frv.
 - enginn þátttakandi hafi 4 aðaltölur réttar auk aukatólu skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirferast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá 4 aðaltölur réttar auk aukatólu í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með 4 aðaltölur réttar auk aukatólu í þeirri leikviku flyst vinningsupphæðin áfram til þarnæstu viku o.s.frv.
 - enginn þátttakandi hafi fengið 4 aðaltölur réttar yfirferist vinningur þess flokks til þeirra er fá vinning fyrir þrjár aðaltölur réttar.
- 5.8 Komi í ljós við útdrátt í „Víkingalottói“ að:
- enginn þátttakandi hafi allar 6 aðaltölur réttar, skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirferast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá allar sex aðaltölur réttar í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með allar aðaltölur réttar í þeirri leikviku flyst vinningsfjárhæðin áfram til þarnæstu viku o.s.frv.
 - enginn þátttakandi hafi 5 aðaltölur réttar auk aukatólu skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirferast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá allar 5 aðaltölur réttar auk aukatólu í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með 5 aðaltölur réttar auk aukatólu í þeirri leikviku flyst vinningsupphæðin áfram til þarnæstu viku o.s.frv.
 - enginn þátttakandi hafi 5 aðaltölur réttar skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirferast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá 5 aðaltölur réttar í þeirri leikviku. Verði enginn þátttakandi með 5 aðaltölur réttar í þeirri leikviku flyst vinningsfjárhæðin áfram til þarnæstu viku o.s.frv.
 - enginn þátttakandi hafi 4 aðaltölur réttar yfirferist vinningur þess flokks til þeirra er fá vinning fyrir 3 aðaltölur réttar auk aukatólu, „bónustölu“.

6. Vinningstölur.

6.1 Tölfræðilegar vinningslíkur í talnagetraununum eru sem hér segir:

„Lottó 5/38“:

Fimm aðaltölur:	1:501942
Fjórar aðaltölur og aukatala:	1:100388
Fjórar aðaltölur:	1:3042
Þrjár aðaltölur:	1:95

„Víkingalottó“:

6 réttar aðaltölur:	1:12 271 512
5 réttar aðaltölur og aukatala:	1:681 751
5 réttar aðaltölur:	1:52 442
4 réttar aðaltölur:	1:950
3 réttar aðaltölur og aukatala:	1:262

7. Greiðsla vinninga.

- 7.1 Þátttökukvittunum með þremur eða fleiri vinningstölum ber að framvísa til söluaðila. Þar til nafnritun á sér stað aftan á þátttökukvittun er titið á handhafa hennar sem eiganda. Þegar nafnritun hefur átt sér stað skal titið á þann er ritað hefur nafn sitt sem réttan eiganda og rétthafa til vinnings. Hafi fleiri en einn skráð nafn sitt sem eigandi á bakhlíð þátttökukvittunar, þurfa þeir að kvitta fyrir vinningi eða gefa umboð til móttöku hans.
- 7.2 Vinningar, sem ekki nema kr. 15 000, skulu greiddir hjá söluaðila frá fyrsta virkum degi eftir útdrátt. Vinningar, sem nema kr. 15 000 eða meira, skulu greiddir frá aðalskrifstofu Íslenskrar getspár innan tveggja vikna frá því þátttökukvittun er framvísað til söluaðila eða aðalskrifstofu. Heimilt er að draga greiðslu vinninga, sem nema kr. 50 000 eða meira, til þess tíma að kærufrestur samkvæmt lið 9.1 er liðinn eða kærur hafa verið úrskurðaðar, hafi kæra borist. Þegar um vinning að fjárhæð kr. 15 000 eða meira er að ræða, skal vinningshafi framvísa þátttökukvittun sinni ásamt útfylltu útborgunareyðublaði, sem söluaðili lætur honum í té, til einhvers söluaðila eða aðalskrifstofu. Skal hann fá í hendur kvittað eintak útborgunareyðublaðsins til staðfestingar á afhendingu greiðslu vinningsins um leið og gengið hefur verið úr skugga um að leikreglum hafi verið fylgt. Vextir reiknast ekki á vinninga.
- 7.3 Vinninga skal vitja innan eins árs frá útdráttardegi ella fellur niður réttur vinningshafa til hans.

8. Form þátttökukvittunar.

- 8.1 Þátttökukvittun er því aðeins gild, að notað sé þar til gert eyðublað, sem gefið er út af Íslenskrari getspá, og að hún hafi verið gefin út af söluaðila viðurkenndum af stjórn félagsins með áritun úr sölukassa tengdum tölvukerfi þess. Þátttökukvittun má ekki vera árituð á framhlíð, brotin eða skemmd með einhverjum hætti, þannig að hætta sé á að hún verði ekki læsileg fyrir tölvukerfi félagsins, eða fullnægi ekki kröfum þess á annan hátt. Þegar þannig er ástatt getur félagið hafnað þátttökukvittuninni.

9. Kærur.

- 9.1 Rísi ágreiningur varðandi framkvæmd þessara talnagetrauna, skal viðkomandi þátttakandi senda skriflega kæru, sem skal hafa borist aðalskrifstofu Íslenskrar getspár fyrir kl. 17 á tuttugasta og fyrsta degi frá og með útdráttardegi að telja. Úrskurðaraðili skipaður af dómsmálaráðuneytinu samkvæmt lið 10.2 úrskurðar um kærana innan 15 daga frá því að kærufrestur rann út. Kærur vegna 1. vinnings í „Víkingalottó“ sem nema 200 000 ECU eða meiru skulu þó úrskurðaðar af aðalstjórn „Víkingalottós“ samkvæmt lið 3.4 í samstarfsreglum fyrir „Víkingalottó“.

10. Eftirlit.

- 10.1 Dómsmálaráðuneytið hefur eftirlit með allri framkvæmd talnagetrauna Íslenskrar getspár.
- 10.2 Til að úrskurða kærur samkvæmt lið 9.1 skipar ráðuneytið til þriggja ára í senn mann sem fullnægir skilyrðum til að vera dómari og einnig varamann sem fullnægir sömu skilyrðum.

- 10.3 Eftirlit með tölvukerfi Íslenskrar getspár skal vera í höndum endurskoðunarskrifstofu sem ráðuneytið samþykkir.
- 10.4 Kostnað við almennt eftirlit með getraunastarfseminni, eftirlit með útdrætti vinninga og meðferð kæra greiðist af Íslenskri getspá samkvæmt úrskurði dómsmálaráðuneytisins.

11. Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir, nr. 26, 2. maí 1986, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð nr. 410, 16. ágúst 1988 ásamt síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

1. mars 1993

Nr. 87

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, er taki gildi 1. mars 1993:

Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 483, 10. október 1991:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 3,6%.

Iðnaðarráðuneytið, 1. mars 1993.

F. h. r.

Baldur Pétursson.

Steinunn Bjarmán.

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 – 1993

Nr. 88

228

8. mars 1993

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Sporðagrunni.

1. gr.

Frá og með 9. mars 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði á Sporðagrunni, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 66°50'N – 19°23'0V
2. 66°40'N – 19°23'0V
3. 66°36'N – 20°10'0V
4. 66°43'N – 20°08'0V
5. 66°50'N – 19°50'0V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 297, 12. september 1992, um bann við togveiðum á Sporðagrunni.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 89

8. mars 1993

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum vestan Hvalbakshalla.

1. gr.

Frá og með 9. mars 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði vestan Hvalbakshalla, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°16'5 N – 12°57'7 V
2. 64°16'5 N – 12°40'5 V
3. 64°08'07 N – 13°02'68 V

Steindórsprent Gutenberg hf.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ**um bann við línuveiðum á Grímseyjarsundi.**

1. gr.

Frá og með 9. mars 1993 til og með 31. mars 1993 eru allar veiðar með línu bannaðar á svæði á Grímseyjarsundi, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 66°31'5 N – 18°07'0 V
2. 66°31'5 N – 17°50'0 V
3. 66°18'0 N – 17°40'0 V
4. 66°06'5 N – 17°48'5 V
5. 66°10'0 N – 18°07'0 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 1993

Nr. 91

230

1. mars 1993

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarþorsks um páskahelgi 1993.

1. gr.

Frá kl. 20.00 þriðjudaginn 6. apríl 1993 til kl. 10.00 árdegis miðvikudaginn 21. apríl 1993, eru eftirgreindar veiðar óheimilar í fiskveiðilandhelgi Íslands:

1. Allar veiðar með þorskfisknetum.
2. Allar veiðar fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi í austur frá Stokksnesi og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum. Frá Stokksnesi markast svæðið að utan af línu, sem dregin er í tólf sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt í 12 sjómílna fjarlægð suður frá Lundadrang. Þaðan er línan dregin í punkt í 63°08'N og 19°57'V og þaðan í 4ra sjómílna fjarlægð frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð suður frá Geirfugladrang. Þaðan er línan dregin í 5 sjómílna fjarlægð utan við Geirfugladrang í punkt 64°43'7N og 24°12'V og þaðan í 64°43'7N og 24°26'V og síðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum.
3. Allar veiðar á svæði fyrir Suðvesturlandi, sem að austan markast af 21°V, að sunnan af 63°05'N og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í suðvestur frá Reykjanesi (aukavita).

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. gr. eru hrognkelsaveiðar heimilar þeim, sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felldur úr gildi 1. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 394, 17. ágúst 1989, sbr. reglugerð nr. 419, 7. september 1989.

Sjávarútvegsráðuneytið 1. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

GJALDSKRÁ**fyrir sorphirðu í Breiðuvíkurbreypti árið 1993.**

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðuvíkurbreypts er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1993, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

		Kr.
Lögbýli, íbúðir og sumarhús á sérmetnum lóðum	sorphirðugjald	7 000
Fyrirtæki og stofnanir eða eftir samkomulagi.	sorphirðugjald	14 000

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Breiðuvíkurbreypts, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 18. febrúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.
AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að biðskylda verði fyrir umferð um Grófarsel gagnvart umferð um Seljaskóga.
2. að eftirfarandi götur verði framvegis aðalbrautir sbr. eftirfarandi:
 - 1) Gagnvegur, sem þó vikur fyrir Fjallkonuvegi og Víkurvegi
 - 2) Strandvegur
 - 3) Hallsvegur, sem vikur fyrir Strandvegi og Víkurvegi
 - 4) Borgarvegur, sem vikur fyrir Strandvegi og Víkurvegi.
3. að bann við akstri vinnuvéla á Vesturlandsvegi milli „sv-rampa frá Miklubraut“ og „rampa frá Vesturlandsvegi að Rafstöðvarvegi“ gildi árdegis frá kl. 07:30 til 09:00 og síðdegis frá 16:30 til 18:30, í stað þess að vera bannað allan sólarhringinn eins og hefur verið.

Ákvörðun þessi tekur gildi 5. mars 1993.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. febrúar 1993.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

um (13.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsg. sem verður 3. málsg. svohljóðandi: Ákvæði þessarar greinar ná ekki til lækna, sem sviptir hafa verið lækningaleyfi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. febrúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 95

18. febrúar 1993

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Höfn árið 1993.

1. gr.

Bæjarfélaginu Höfn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) fyrir árið 1993.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert sorpílát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í bæjarfélaginu og skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Heimilt er að fella niður sorphreinsigjald hjá þeim aðilum sem sjálfir annast alla hreinsun sorpsins. Sorpeyðingargjald skal innheimt miðað við áætlaðan fjölda sorpíláta að mati bæjarráðs Hafnar.

4. gr.

Gjald fyrir árið 1993 er sem hér greinir:

	Kr.
Sorphreinsigjald	4 500
Sorpeyðingargjald	1 500
Samtals sorphirðugjald	6 000

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hafnar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 18. febrúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um niðurlagningu sjóða.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. og bráðabirgðaákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá hefur dómsmálaráðherra lagt niður eftirtalda sjóði að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar:

Nr. í sjóða- skrá	Heiti	Númer í B-deild Stjórnartíðinda
1	Drápuhlíðarlegat	4/9 1655
17	Sjóður ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafirði	4/12 1801
19	Gjafasjóður Einars Jónss. og Þórdísar Guðmundsd.	13/6 1818
21	Fastasjóður Landsbókasafns Íslands	15/11 1826
27	Gjöf Jóns Sveinssonar, Urðum	9/12 1837
46	Prentsmiðjusjóður norður- og austuramtsins	29/7 1886
52	Búnaðarsjóður Eyjafjarðarsýslu	18/9 1893
53	Fræðslusjóður Súðavíkurhrepps	15/4 1911
55	Framfarasjóður Jón prófests Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur	21/9 1894
60	Porvaldarminning	16/9 1897
61	Púsund ára afmælistjóður Eyjafjarðar	16/9 1897
62	Styrktarsjóður V. Gigas, handa duglegum íslenskum fiskimönnum	10/6 1898
65	Styrktarsjóður Aðalbjargar Ásbjarnardóttur	20/6 1900
66	Styrktarsjóður handa ekkjum í Skagafjarðarsýslu	14/11 1901
67	Liebes Legat	10/2 1901
69	Styrktarsjóður handa ekkjum og börnum í Hvammshreppi	22/5 1903
75	Styrktarsjóður Frederiks konungs VIII, til eflingar skógræktar á Íslandi	4/3 1908
76	Míningarsjóður Jakobs Hálfánarsonar	7/4 1908
86	Gjöf Magnúsar Jónssonar	21/9 1910
94	Grimseyjarsjóður W. Fiskes	30/12 1910
100	Míningarsjóður Jón Pálmasonar og Ingibjargar Þorleifsd.	30/3 1912
101	Skógræktarsjóður bindindisfél. Seyðisfjarðar	2/4 1912
104	Míningarsjóður Sigurðar Pálssonar læknis	13/9 1912
109	Gjafasjóður til fátækra barna	2/9 1913
125	Landspítalassjóður Geirs og Helgu Zoëga	20/9 1915
136	Sjúkrasjóðurinn vinamíning	6/10 1916
138	Ekkna- og munaðarleysingjasj. Tálknafj.	6/10 1916
144	Styrktarsjóður Kristjáns Jónssonar læknis	18/4 1917
148	Braglistarsjóður Matthíasar Jochumss.	12/11 1917
152	Méningarsjóður Gnúpverja	7/1 1918
153	Fræðslusjóður Gnúpverja	7/1 1918
156	Ekknasjóður Vestur-Skaftafellsprófastsdæmis	8/4 1918
157	Míningarsjóður Skarphéðins Símonarsonar	29/4 1918
158	Verðlauna- og styrktarsjóður Stefáns P. Björnss. frá Veðramóti	29/4 1918
159	Styrktarsjóður Magnúsar Sigurðss. á Grund og konu hans Guðrúnar Þ. Jónsd.	24/6 1918
168	Míningarsjóður Önnu Guðmundsd. og Guðmundar Péturss.	4/1 1918
170	Fræðslusjóður Ögurhrepps	26/5 1919
171	Gjafasjóður Sigurðar Sigurðssonar	6/6 1919
176	Verðlaunasjóður Jóhönnu Einarsd. og Björns Jónss.	8/7 1919
178	Barnasjóður Svarfdæla	11/7 1919
179	Jarðræktarsjóður Sæbjarnar Egilss. og Hallfríðar Einarsd.	11/7 1919
180	Styrktarsjóður handa fátækum ekkjum í Arnarneshreppi	11/7 1919
181	Styrktarsjóður Snorra Jónssonar	11/7 1919
188	Tryggvasjóður	12/6 1920
189	Heimilisiðnaðarsjóður Skagafjarðarsýslu	6/12 1920
197	Míningarsjóður Sigríðar Baldvinsdóttur	31/3 1921
201	Verðlaunasjóður Péturs Péturssonar	18/8 1921
210	Míningarsjóður Ólafs Ólafssonar	20/3 1922

212	Minningarsjóður Gunnars Jakobsen	29/3 1922
220	Minningarsjóður Guðlaugs Tómassonar	8/8 1923
228	Minningarsjóður Andrésar Fjeldsted	28/3 1924
236	Minningarsjóður Ólafs Þórðars. og Guðlaugar Þórðard.	30/4 1925
238	Lótussjóður Guðspekifélags Íslands	16/6 1925
241	Styrktarsjóður P. W. Jacobsen og sön	9/10 1925
243	Framfarasjóður Ögurhrepps	29/1 1926
252	Fræðslustyrktarsjóður Skriðdalshrepps	10/5 1926
254	Minningarsjóður Sjúkraskýlis í Vík	17/5 1926
255	Hárekssjóður	30/6 1926
267	Minningarsjóður Björns Oddss. og Rannveigar I. Sigurðard.	19/7 1926
268	Líknarsjóður sýslum. hjónanna frá Sauðafelli	26/9 1927
272	Minningarsjóður Eggerts Ólafssonar	16/12 1927
273	Dánargjöf Dr. Helga Jónssonar	16/12 1927
274	Gullbrúðkaupssjóður Einars Hjaltas. og Ingibjargar Sigurðard.	10/4 1928
280	Minningarsjóður Brynjólfs Magnússonar	29/6 1928
283	Heilsuhællissjóður Maríu K. Stephensen	21/12 1928
289	Sjúkrasjóður Maríu K. Stephensen	21/12 1928
290	Jólagjafasjóður Maríu K. Stephensen	21/12 1928
295	Minningarsjóður Stefáns Sigurðssonar	23/5 1929
303	Elliheimilið „Höfn“, Seyðisfirði	27/4 1929
307	Minningargjafasjóðu Vinamíning	30/6 1930
317	Minningarsjóður J.J. Pálss. og Ingibjargar Friðriksd.	17/2 1931
321	Snorrasjóður	19/6 1931
322	Ekknasjóður Ólafsfjarðar	30/4 1931
323	Minningarsjóður Kristjáns Finnssonar	31/8 1931
324	Minningarsjóður Vestur-Ísafjarðarsýslu	31/8 1931
325	Minningarsjóður Jóns Magnúss. og Þorgerðar Hannesd.	16/9 1931
327	Minningarsjóður Sigríðar og Jóns Blöndal héraðslæknis	3/9 1932
329	Minningarsjóður Oktavíu Þórðardóttur	30/3 1932
330	Minningarsjóður Björns sýslumanns Bjarnas. og frú Guðnýjar Bjarnad.	30/3 1932
333	Málfundasjóður Lónsmanna	30/4 1932
335	Minningar- og líknarsjóður Ingibjargar Brynjólfsd. og Magnúsar prófests Bjarnas.	11/5 1932
342	Sönglistarsjóður Stokkseyrarkirkju	27/9 1932
343	Líknar- og menningarsjóður Þingvallahrepps	7/11 1932
348	Sjúkrasjóðurinn Svavarsmíning	16/3 1933
351	Líknarsjóður Íslands	22/3 1933
358	Minningarsjóður Bjarna Daðasonar	19/5 1933
362	Minningarsjóður Þorsteins Þorsteins. og Ingibjargar Runólfsd.	7/10 1933
367	Minningarsjóður Eiríks í Vallholti	8/11 1933
371	Samkomuhússjóður Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga	25/4 1934
372	Sjúkrahússjóður Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga	25/4 1934
373	Minningarsjóður Kristínar Tryggvadóttur	2/5 1934
374	Minningarsjóður Jóhanns Jónssonar	2/5 1934
375	Styrktarsjóður Þórunnar Hjörleifsdóttur	2/5 1934
382	Minningarsjóður Málfríðar G. Ingibergsdóttur	24/11 1934
388	Styrktarsjóður Svíþjóðarferða	4/5 1935
391	Minningarsjóður séra Björns Björnss. prests í Laufási	5/10 1935
395	Sjúkrasjóður Kvenfélags Seyðisfjarðar	2/1 1935
396	Hvammstangasjóður	6/3 1936
397	Bókasafnssjóður Högna Þorsteinssonar	6/5 1936
404	Skólabyggingasjóður Bolungarvíkur	12/3 1937
408	Minningarsjóður Jónasar læknis Kristjáns. og Hansínu Benediktsdóttur	27/8 1937
409	Minningarsjóður Jóns Ólafssonar bankastjóra	30/9 1937
415	Sængurkonusjóður Þórunnar Á. Björnsdóttur	25/4 1938
419	Minningarsjóður Þórarins S. Eiríkssonar á Torfastöðum	13/5 1938
439	Minningarsjóður Thor Jensenhjóna	2/3 1939
449	Sjúkrasjóðurinn Míning	15/7 1938
451	Fræðslusjóður Aðaldæla	27/11 1939
459	Minningarsjóður Bjarna Ólafssonar	23/5 1940

461	Skógræktarsjóður búnaðarfélag Sveinastadahl.	6/6 1940
466	Minningarsjóður Guðrúnar Einarsd. og Sigurðar Hafsteinss.	13/9 1940
471	Minningarsjóður Þuríðar Ólafsdóttur, Ögri	16/11 1940
475	Drykkjumannahelissjóður Jóns Pálss. og Önnu Adolfsd.	25/2 1941
479	Minningarsjóður um Jón Mýrdal	12/5 1941
480	Minningarsjóður Guðmundar Sigurðss. frá Ökrum	12/5 1941
498	Minningarsjóður Þórdísar Gunnlaugsd. og Kristmundar Guðmundss.	30/12 1941
500	Sjóðurinn Stígur	26/1 1942
503	Minningarsjóður Sigríðar Hálfánardóttur	27/2 1942
508	Rannveigarsjóður	16/4 1942
517	Minningarsjóður Gunnars Levi Árnasonar	25/8 1942
523	Sjúkrasjóður Fellsstrandarhrepps	19/11 1942
525	Verðl.sjóður Jóhannesar Friðlaugss. kennara	23/12 1942
529	Barnaheimilissjóður	5/4 1943
530	Bindindissjóðurinn Framtíðin	7/4 1943
534	Trjá- og skógræktarsjóður Frikirkju Reyðarfjarðar	18/5 1943
537	Verðandi, Framkvæmda- og menningarsjóður Þingeyrarhrepps	11/6 1943
541	Minningarsjóður Jóhönnu Einarsdóttur	27/9 1943
543	Skógræktarsjóður Landbrots	5/10 1943
555	Ekknasjóður Gnúpverja	3/4 1944
556	Minningarsjóður Þorsteins H. Árnas. og Matthildar Guðmundsd.	14/4 1944
560	Ellihlutasjóður sjómanna á Flateyri	19/5 1944
562	Skagfirðingasjóður	23/5 1944
569	Bjargarsjóður	18/6 1944
571	Minningarsjóður Halldóru Snorradóttur	18/9 1944
572	Minningarsjóður Guðmundar Jónss. og Sigríðar Gíslad. frá Þurkey	18/9 1944
573	Ekknasjóður Staðarsveitar	23/9 1944
574	Minningarsjóður Lárúsar Helgas. og Elínar Sigurðard.	26/9 1944
580	Líknarsjóður Bjargar Hjörleifsd. og Sigríðar B. Ásmundsd.	3/2 1945
584	Minningarsjóður Þorgeirs Ljósvefningagöða	18/5 1945
593	Minningarsjóður hjónanna Hliffar Jónsd. og Daníels Andrés.	3/9 1945
594	Minningarsjóður Kristínar Egilsdóttur	3/9 1945
595	Gjafasjóður Jóns Halldórssonar	6/9 1945
597	Minningarsjóður Einars G. Guðmundss. á Vatnsleysu	13/9 1945
605	Framfara- og menningarsjóður Svinavatnshr.	14/12 1945
608	Minningarsjóður Þóru Bergsd. og Bjarna G. Jónss.	8/1 1946
610	Minningarsjóður Ragnheiðar Einarsdóttur	5/2 1946
612	Styrktarsjóður Gunnars Th. Oddssonar	27/4 1929
615	Minningarsjóður Kálfatjarnarkirkju	26/2 1946
616	Ljósasjóður Soffiu Gestsd. frá Staðarfelli	27/2 1946
617	Jarðræktarsjóður Dalasýslu	25/3 1946
620	Minningarsjóður Þorleifar K. Sigurðardóttur	17/4 1946
623	Minningarsjóður Guðrúnar Bergsveinsdóttur	17/5 1946
627	Minningarsjóður Elínborgar E. Jóhannesd. og Jóhannesar Sveinss.	18/6 1946
630	Minningarsjóður H. P. Þorsteinsd. og F. Þorsteinss.	11/7 1946
633	Verðlaunasjóður Gunnars Hafberg	15/8 1946
640	Schramsjóður	13/1 1947
642	Minningarsjóður Guðrúnar Oddsd. og Kristjönu Einarsd.	5/3 1947
655	Minningarsjóður Kvenfélags Lunddæla	16/10 1947
662	Minningarsjóður Hólmsfríðar Sigurðard. og Kristjáns Jónass.	9/2 1948
663	Raforkusjóður Saurbæjarhrepps	9/2 1948
664	Minningarsjóður Ásgerðar Valdimarsd.	9/2 1948
666	Minningarsjóður hjónanna Margrétar Björnsd. og Ólafs Guðmundss. frá Hvanndalskoti	20/2 1948
673	Minningarsjóður Þorbjargar Björnsdóttur	6/4 1948
686	Hjúkrunarsjóður Unnar Guðmundsdóttur	9/12 1948
704	Styrktarsjóður fátækra á Siglufirði	31/10 1949
708	Minningarsjóður félags fyrriverandi sóknarpresta	12/12 1949
710	Minningarsjóður Ingibjargar Björnsd. og Vigfúsar Filipussonar	13/12 1949
711	Minningarsjóður Harðar Þorbergssonar	14/1 1950
722	Verðlaunasjóður Maríu Nielsen	24/3 1950

726	Minningarsjóður Egils Hallgrímssonar	24/5 1950
727	Minningarsjóður Halldóru Jónsdóttur frá Hnjúki	15/5 1950
732	Gjafasjóður A. Schiöt	21/7 1950
737	Minningarsjóður Sigurfljóðar Einarsd. og Helga Helgas.	27/10 1950
741	Minningarsjóður Puriðar Pétursdóttur	11/12 1950
746	Björgunarverðlaunasjóður Kristjönu Salómonsd. og Kristjáns Sölvasonar	26/1 1951
748	Minningarsjóður Guðfinnu Einarsdóttur	1/2 1951
751	Minningarsjóður Guðrúnar G. Þorlákssdóttur Schram	11/6 1951
757	Minningarsjóður Guðrúnar Jafetsdóttur	10/10 1951
759	Minningarsjóður Guðrúnar Jónsd. frá Ósbrekku	7/11 1951
764	Minningarsjóður Ólafs Finnss. og Þórunnar Ólafsd.	27/2 1952
767	Minningarsjóður Elínar Guðmundsdóttur og Baldvins Jónssonar	11/3 1952
774	Verðlaunasjóður Reykjaskóla	4/7 1952
776	Raforkusjóður Dalasýslu	22/8 1952
783	Minningarsjóður Fanneyjar Sigurgeirsdóttur	11/11 1953
788	Gjafasjóður Aðalsteins Kristjánssonar	28/1 1953
812	Afmælissjóður Jóns Jónass. bónda á Ytra-Lóni	17/3 1954
820	Minningarsjóður Ragnhildar Stefánsdóttur	26/7 1954
831	Gjafasjóður Árna Sveinssonar	6/4 1955
832	Þjóðhildarsjóður	22/6 1955
836	Minningarsjóður Einars og Þórunnar í Brandshúsum	7/3 1956
845	Minningarsjóður Sigurlaugar Björnsd. frá Kornsó	24/4 1957
846	Minningarsjóður um Guðmund og Björn Guðbrandssyni og Aðalbjörn Þórðarson	29/4 1957
848	Minningarsjóður Vandamanna	29/4 1957
860	Minningarsjóður Einars Einarssonar	12/11 1957
870	Minningarsjóður Jósefs J. Björnssonar, skólastjóra	25/8 1958
872	Minningarsjóður séra Péturs T. Oddssonar í Hvammi	1/9 1958
876	Skógræktarsjóður Suðurnesja	8/12 1958
879	Minningarsjóður Tómasar Jóhannssonar	17/4 1959
882	Styrktarsjóður Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis	23/7 1959
886	Skógræktarsjóður Gunnlaugs Kristmundss., Ingibjargar Kristmundsd. og Guðmundar Kristmundssonar	8/10 1959
887	Minningarsjóður Davíðs Sigurðssonar	8/10 1959
893	Minningarsjóður Sigurbjargar Einarsdóttur	31/3 1959
898	Fegrúnarsjóður Melstaðarkirkjugarðs	23/2 1960
901	Minningarsjóður Friðriks Hjartar, skólastjóra	11/4 1960
906	Minningarsjóður Jónatans Guðmundssonar	10/6 1960
916	Minningarsjóður hjónanna Guðmundar Jónss. og Sigurrósar Hjálmtýsd.	1/2 1961
922	Minningarsjóður húsfreyjanna í Ytri-Hjarðardal	19/4 1961
935	Minningarsjóður Þorbjargar Þorkeldsdóttur	4/12 1961
945	Minningarsjóður látinna barna Björns Jenss. og Guðrúnar Jónsd.	18/7 1962
947	Minningarsjóður Jóhönnu Pétursdóttur	5/9 1962
961	Afmælissjóður Kristjáns Þorsteinssonar	26/6 1963
966	Minningarsjóður Önnu Sigurjónsdóttur	8/11 1963
984	Minningarsjóður Jóns Halldórss. Fjalldal og Jónu Kristjánsdóttur Fjalldal	6/6 1964
985	Verðlaunasjóður Elínar Briem	9/6 1964
988	Verðlaunasjóður Áskells Jóhannessonar	29/6 1964
993	Minningarsjóður Þorgerðar Jónsd. og Guðmundar Jónss.	12/10 1964
1007	Minningarsjóður Ólafs Thorlacius	12/1 1966
1013	Minningarsjóður Ástu G. Pálsdóttur	28/2 1966
1022	Minningarsjóður Steinunnar Briem, prestskonu	26/9 1967
1030	Trjálundasjóður Mosvallahrepps	7/3 1968
1034	Minningarsjóður Guðbjargar Hafstað	3/5 1968
1036	Kennslutækjasjóður Iðnskólans á Akureyri	8/7 1968
1037	Minningarsjóður Poul La Cour prófessors	8/7 1968
1046	Jólagjafasjóður Ríkeyjar Sigurðard. og Önnu Steinþórsd.	10/7 1968
1059	Minningarsjóður Gunnhildar I, Grímsdóttur	27/3 1969
1085	Fóðurverðlaunasjóður Miðdalahrepps	15/10 1970
1094	Minningargjafasjóður Kvenfélags Hreyfils	28/7 1971
1102	Námssjóður Kumbaravogs	27/12 1971

1108	Bókasjóður Hjúkrunarfélags Íslands	20/1 1972
1119	Minningarsjóður Finns Jónssonar	30/11 1972
1142	Minningarsjóður Lizzíar og Páls á Halldórsstöðum	17/9 1974
1166	Framtakssjóður vélskólanema	8/6 1976
1191	Minningarsjóður hjónanna Lárusar Björnss. og Petrínu B. Jóhannsd.	19/6 1978
1218	Minningarsjóður Tryggva Guðmundssonar	4/9 1979
1221	Styrktarsjóður Hofdalakirkju	20/11 1978
1237	Minningarsjóður Hálfánar Jónass., Guðrúnar Jónatansd. og Magnúsar Jónatanss.	18/7 1980
1256	Dvalarheimili aldraðra í Austur-Barðastrandarsýslu	24/3 1982
1265	Minningarsjóður Pálinu Pálsdóttur og Jóns Andréssonar	18/2 1983

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. febrúar 1993.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurlandssvæði fyrir árið 1993.

1. gr.

Eftirlitsgjald skv. gjaldskrá nr. 470/1985, með síðari breytingum verður sem hér segir:

Eftirlitsgjöld:

1. flokkur	kr. 10 500	3. flokkur	kr. 36 750
2. flokkur	kr. 21 000	4. flokkur	kr. 66 150

2. gr.

Leyfisgjöld skv. sömu gjaldskrá verða:

Leyfisgjöld:

1. flokkur	kr. 2 000	3. flokkur	kr. 4 000
2. flokkur	kr. 3 000	4. flokkur	kr. 6 000

3. gr.

Gjöld fyrir vottorð eru kr. 2 000.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarfélaga á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Suðurlands staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að gilda á árinu 1993. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 550/1990, með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. febrúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um sorphirðu hjá Dalvíkurbæ.

1. gr.

Dalvíkurbær annast eða býður út sorphirðu á Dalvík í samræmi við samþykkt þessa. Sorphirða fer fram undir yfirstjórn bæjartæknifræðings og undir eftirliti heilbrigðisfulltrúa.

2. gr.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni íbúðarhúsnæðis á Dalvík er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem bæjarstjórn ákveður í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

3. gr.

Sorpílát skulu vera af þeirri gerð sem bæjartæknifræðingur samþykkir og ekki þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þau. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílát meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

Í sorpílát má aðeins setja neysluúrgang þ. e. allt venjulegt heimilissorp. Óheimilt er að setja í ílátin mold, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o. þ. h., glóð eða heita ösku. Spilliefni (umhverfismengandi úrgangur) mega ekki blandast því sorpi sem fer beint til förgunar. Spilliefnum skal skilað á sérstakan móttökustað.

4. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku. Um stórhátíðar skal hreinsa sorp eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á.

5. gr.

Fyrirtækjum og öðrum þeim sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en tilgreint er í 4. gr., ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Við flutning einstaklinga og fyrirtækja á sorpi til móttökusvæða skal gæta ítrasta þrifnaðar.

Gjald fyrir þá sorphreinsun sem Dalvíkurbær framkvæmir samkvæmt grein þessari skal birt í sérstakri gjaldskrá sem umhverfissráðherra staðfestir.

6. gr.

Sorphirða samkvæmt 4. gr. greiðist af bæjarsjóði. Þó er bæjarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald, sem umhverfissráðherra staðfestir. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign, sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og fjölda íláta. Dalvíkurbæ er heimilt að takmarka fjölda sorpíláta við hverja fasteign.

7. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðisfulltrúa eða bæjartæknifræðings.

8. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og/eða geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það bæjartæknifræðingi eða heilbrigðisfulltrúa, sem gera þá viðunandi ráðstafanir til að bætt verði úr. Sorphirðumönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

9. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 32. og 33. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

10. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Dalvíkurbæjar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Reykjavík, 23. febrúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Dalvík árið 1993.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbæjar. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

		Kr.
A) Íbúðir	sorphirðugjald	4 000
B) Fyrirtæki	sorphreinsigjald	5 000
Flokkur 1	sorpeyðingargjald	200 000
Flokkur 2	sorpeyðingargjald	100 000
Flokkur 3	sorpeyðingargjald	50 000
Flokkur 4	sorpeyðingargjald	5 000
C) Íbúðir í dreifbýli og sumarhús	sorphirðugjald	4 000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m. a. eftir magni úrgangs.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphreinsigjalds á fyrirtæki þar sem eigendur annast alla hirðingu og flutning sorps á förgunarstað.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 23. febrúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húsavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfestri 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Vatnsrennsli að húsi verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

A. Fastagjald á mánuði fyrir hvern mæli	kr. 219,00
B. Vatnsgjald pr. m ³	kr. 28,90

4. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. gr. verða krafín mánaðarlega, þó er heimilt að láta líða lengri tíma og fækka gjalddögum.

5. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er útgáfudagur reiknings. Gjaldanda ber að greiða reikninginn þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir afnot skv. 3. gr. eru ekki greidd í síðasta lagi á eindaga. Útgáfudagur, greiðslustaður og eindagi eru tilgreindir á reikningi.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Húsavíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

a) Rúmmál húss (utanmál):

Hús allt að 300 m ³ að utanmáli	kr. 68 900,00
Hús 300 - 2000 m ³ að utanmáli	kr. 68 900,00
fyrir 300 m ³ og á hvern rúmmetra þar yfir	kr. 61,31
Hús stærri en 2000 m ³ að utanmáli	kr. 172 000,00
fyrir 2000 m ³ og á hvern rúmmetra þar yfir	kr. 52,80

b) Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmur og því um líkt, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal, þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 m³ húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjalddaga af þeirri aukningu.

7. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari bera 14% virðisaukaskatt nema annars sé getið.

9. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Virðisaukaskattur, 24,5 %, innheimtist samkvæmt lögum þar að lútandi.

10. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 1 120,00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjálfs aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. janúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 482, 10. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 23. febrúar 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

5. janúar 1993

Nr. 101

GJALDSKRÁ

STEFs vegna flutnings tónverka utan útværps.

I. Veitinga- og gistihús.

Undir þennan kafla falla veitinga- og gistihús sem hafa fastan rekstur allan ársins hring eða hluta úr ári.

A. Matsölustaðir án vínveitingaleyfis, þar sem megináhersla er lögð á matsölu og þar sem tónlist er flutt í bakgrunni, skulu greiða sem hér segir:

Staðir með allt að 20 sætum, ársfjórðungslega	kr. 2 500
Staðir með 21–50 sætum, ársfjórðungslega	kr. 4 000
Staðir með 51–100 sætum, ársfjórðungslega	kr. 7 600
Staðir með 101–150 sætum, ársfjórðungslega	kr. 10 100
Staðir með 151–200 sætum, ársfjórðungslega	kr. 12 600
Fyrir hver 100 sæti í viðbót, ársfjórðungslega	kr. 5 000

- B. Matsölustaðir með vínveitingaleyfi, þar sem megináhersla er lögð á matsölu og þar sem tónlist er flutt í bakgrunni, skulu greiða tvöfalt gjald, miðað við flokk A.
- C. Bjórkrár og sambærilegir veitingastaðir, opnir 1–3 daga í viku, þar sem megináhersla er lögð á sölu bjórs og/eða áfengis og þar sem tónlist er flutt, skulu greiða tvöfalt gjald, miðað við flokk A.
- D. Bjórkrár og sambærilegir veitingastaðir, opnir 4–7 daga í viku, þar sem megináhersla er lögð á sölu bjórs og/eða áfengis og þar sem tónlist er flutt, skulu greiða þrefalt gjald, miðað við flokk A.
- E. Dansstaðir, opnir 1–3 daga í viku, þar sem tónlist er flutt, skulu greiða tvöfalt gjald, miðað við flokk A.
- F. Dansstaðir, opnir 4–7 daga í viku, þar sem tónlist er flutt, skulu greiða fjórfalt gjald, miðað við flokk A.

Hótel og aðrir gististaðir, þar sem tónlist er flutt, hvort sem er á gistiherbergjum, í setustofum eða annars staðar, skulu greiða kr. 90 ársfjórðunglega fyrir hvert gistiherbergi. Sé um að ræða veitingar á hóteli eða gististað eða aðra starfsemi, sem fellur undir A–F liði hér að framan, skal að auki greiða fyrir þá starfsemi í samræmi við það sem þar segir.

Séu fluttir söngleikir, revíur eða önnur slík sviðsverk í veitingahúsum skal greitt sérstaklega fyrir það samkvæmt samkomulagi við STEF, fyrir hönd hlutaðeigandi rétthafa.

II. Kvikmynda- og leiksýningar.

Undir þennan kafla falla kvikmyndasýningar, leiksýningar og aðrar sambærilegar sýningar þar sem tónlist er flutt.

Af aðgangseyri að kvikmyndasýningum (að meðtöldum öllum sköttum og opinberum gjöldum) skal greiða 1%. Lágmarksgjald, sem kvikmyndahús skulu greiða, hvort sem um er að ræða fastan rekstur eða ekki, skal vera kr. 50 á hvert sæti eða kr. 5 000 á ári.

Af aðgangseyri að leiksýningum (að meðtöldum öllum sköttum og opinberum gjöldum) skal greiða 0,25–1%, eftir því hversu mikil tónlist er flutt í hlutaðeigandi leikverki. Lágmarksgjald, sem leikhús skulu greiða, hvort sem um er að ræða fastan rekstur eða ekki, skal vera kr. 50 hvert sæti eða kr. 5 000 ári.

Séu fluttar óperur, óperettur, söngleikir, revíur eða ballettar skal greitt fyrir það samkvæmt samkomulagi við STEF, fyrir hönd hlutaðeigandi rétthafa.

III. Tónleika- og skemmtanahald.

Undir þennan kafla fellur allt tónleika- og skemmtanahald, annað en það sem upp er talið í I. og II. kafla.

- A. Af aðgangseyri (að meðtöldum sköttum og opinberum gjöldum) að fjölleikasýningum og öðrum sambærilegum sýningum, þar sem tónlist er flutt, skal greiða, 1%, þó aldrei lægra gjald en kr. 1 000 fyrir hverja sýningu eða sýningardag.
- B. Af aðgangseyri (að meðtöldum sköttum og opinberum gjöldum) að öðrum viðburðum en falla undir flokk A, svo sem íþróttaviðburðum, listsýningum, vörusýningum og hlutaveltum, þar sem tónlist er flutt í bakgrunni eða einvörðungu í leikhléi, skal greiða, 0,25%, þó aldrei lægra gjald en kr. 250 fyrir hvern viðburð eða sýningardag, eftir því sem við á.
- C. Af aðgangseyri (að meðtöldum sköttum og opinberum gjöldum) að útihátíðum eða útisamkomum, þar sem tónlist er flutt ásamt öðru efni, skal greiða, 3%, þó aldrei lægri fjárhæð en þrjá fjórðu hluta af lágmarksfjárhæð samkvæmt flokki D.
- D. Af aðgangseyri (að meðtöldum sköttum og opinberum gjöldum) að einstökum dansleikjum, tónleikum, samkvæmum og öðrum samkomum, þar sem tónlist er flutt, skal greiða, 4%, þó aldrei lægri fjárhæð en sem hér segir:

Ef samkomugestir eru 100 eða færri	kr. 2 000
Ef samkomugestir eru 101–200	kr. 6 000
Ef samkomugestir eru 201–300	kr. 9 000
Ef samkomugestir eru 301 eða fleiri skal greiða fyrir hvert byrjað hundrad umfram 300.	kr. 2 750

E. Ef ennt er til dansleiks, tónleika, samkvæmis eða annarrar samkomu, þar sem tónlist er flutt, án þess að það sé gert í fjáröflunarskyni, skal aðeins greiða lágmarksfjárhæð samkvæmt flokki D.

Leigi veitinga- eða samkomuhús, hvort sem það er með fastan rekstur eða ekki, félögum eða einstaklingum salarkynni sín til samkomuhalds skal sá aðili, sem samkomuna heldur, greiða STEFi sérstaklega samkvæmt þessum kafla, en veitinga- eða samkomuhúsið ber þó ábyrgð á að gjöldin séu greidd.

IV. Önnur starfsemi.

Undir þennan kafla fellur önnur starfsemi en sú, sem talin er upp í I.–III. kafla.

A. Sé tónlist flutt í verslunum skal greiða fyrir það sem hér segir:

Verslanir, 50 fm. að stærð eða minni, árlega	kr. 4 000
Verslanir, 51–100 fm., árlega	kr. 8 000
Verslanir, 101–200 fm., árlega	kr. 10 500
Verslanir, 201–300 fm., árlega	kr. 13 000
Verslanir, 101–200 fm., árlega	kr. 10 500
Verslanir, 201–300 fm., árlega	kr. 13 500
Verslanir, 301–400 fm., árlega	kr. 15 500
Verslanir, 401–600 fm., árlega	kr. 18 000
Verslanir, 601–800 fm., árlega	kr. 20 500
Verslanir, 801–1000 fm., árlega	kr. 23 000
Síðan hækkar gjaldið um kr. 3 000 fyrir hverja 500 fm þar yfir.	

B. Sé tónlist flutt í heilsuræktarstöðvum, ljósbaðstofum, hárgreiðslustofum, rakarastofum, biðstofum og öðrum sambærilegum stöðum skal greiða fyrir það sama gjald og samkvæmt flokki A.

C. Sé tónlist flutt á vinnustöðum, þar sem starfa tíu starfsmenn eða fleiri, skal greiða fyrir það sem hér segir:

Fyrirtæki með 10–50 starfsmenn, árlega	kr. 5 000
Fyrirtæki með 51–100 starfsmenn, árlega	kr. 10 000
Fyrirtæki með 101–200 starfsmenn, árlega	kr. 15 000
Fyrirtæki með 200 starfsmenn eða fleiri, árlega	kr. 20 000

D. Sé tónlist flutt í langferðabifreiðum eða öðrum sambærilegum bifreiðum, sem taka 10 farþega eða fleiri, skal greiða árlega kr. 6 000 fyrir hverja bifreið.

E. Sé tónlist flutt um borð í farþegaskipum eða ferjum skal greiða árlega kr. 6 000–18 000 fyrir hvert skip, miðað við stærð og edli tónflutnings, auk gjalds fyrir veitingastaði samkvæmt I. kafla ef þeir eru starfræktir um borð.

F. Sé tónlist flutt um borð í flugvélum skal greiða árlega kr. 12 000–36 000 fyrir hverja flugvél, miðað við stærð og edli tónflutnings.

Sé tónlist flutt í almennu rými, t.d. í verslunarmiðstöðvum, skal greiða fyrir það sama gjald og samkvæmt flokki A, en að auki skal greitt gjald fyrir hverja verslun, sem þar er starfrækt, samkvæmt þeim flokki. Séu veitingastaðir starfræktir í verslunarmiðstöðvum eða á sambærilegum stöðum, þar sem tónlist er flutt, skulu þeir greiða sérstakt gjald samkvæmt I. kafla, óháð því almenna gjaldi sem innt er af hendi fyrir flutning á tónlist í hinu almenna rými.

V. Almenn ákvæði.

STEFi er heimilt að semja við einstaka aðila um gjaldtöku í sérstökum tilvikum, m.a. í þeim tilvikum sem ekki eru tilgreind í gjaldskrá þessari.

Einstökum tónskáldum eða öðrum rétthöfum er heimilt að leggja bann við flutningi á verkum sínum enda tilkynni STEF það hverju sinni þeim sem ábyrgð ber á flutningi tónlistar.

Gjöld, sem greiðast skulu árlega, falla í gjalddaga 15. apríl ár hvert. Gjöld, sem greiðast skulu ársfjórðungslega, falla í gjalddaga 15. fyrsta mánaðar eftir lok ársfjórðungs, þ.e. 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október. Annars falla gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari í gjalddaga 10. hvers mánaðar, eftir á, ef staðgreiðslu verður ekki við komið. STEFi er heimilt að semja við einstaka aðila um aðra tilhögun á greiðslu gjaldanna.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við verðlag í janúarmánuði 1993 og skulu breytast miðar við breytingar á lánskjaravísitölu, þó því aðeins að breytingar frá lánskjaravísitölu fyrir janúarmánuð 1993 verði 1% eða umfram það.

Með vísan til 4. mgr. 23. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 6. gr. laga nr. 57/1992 staðfestist ofangreind gjaldskrá hér með.

Menntamálaráðuneytið, 5. janúar 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Knútur Hallsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavík á árinu 1993.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. staflíð c. í 2. gr. samþykktar nr. 305/1989, um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, skal vera kr. 8 800 á árinu 1993.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið þó eigi síðar en á eindaga, sem er 1. mars 1993.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktar nr. 305/1989 skal vera kr. 6 500.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. febrúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir mengunareftirlit í Reykjavík.

1. gr.

Borgarstjórn er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari hjá fyrirtækjum í Reykjavík sem háð eru starfsleyfi og/eða eftirliti heilbrigðisnefndar, samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

2. gr.

Í samræmi við viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 396/1992 er fyrirtækjum skipt í 5 flokka með tilliti til mengunarhættu og fyrirkomulags eftirlits. Heilbrigðisnefnd er heimilt að flytja einstök fyrirtæki milli flokka, ef umfang eftirlitsins breytist.

3. gr.

Fyrirtæki sem upp eru talin í viðauka 7 í mengunarvarnareglugerð nr. 396/1992 skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins eins og hún er hverju sinni.

4. gr.

Fyrirtæki sem upp eru talin í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 396/1992, sbr. flokkun í viðauka 9, skulu greiða starfsleyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs og síðan árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrirtæki	Starfsleyfisgjald	Eftirlitsgjald
1. flokkur	Kr. 40 000	Kr. 80 000
2. flokkur	“ 25 000	“ 50 000
3. flokkur	“ 15 000	“ 30 000
4. flokkur	“ 10 000	“ 20 000
5. flokkur	“ 5 000	“ 10 000

Ekkert starfsleyfisgjald skal greiða við endurnýjun starfsleyfis eða við eigandaskipti, nema breytingar hafi orðið á rekstri eða húsnæði. Ef breytingar eru smávægilegar að mati heilbrigðiseftirlitsins er heimilt að lækka eða fella gjaldið niður. Fyrir fyrirtæki með mjög takmarkaða starfsemi eða starfsemi sem rekin er skemur en 6 mánuði á ári skal greiða hálf eftirlitsgjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

5. gr.

Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskyld fyrirtæki í samræmi við fylgiskjal gjaldskrárinnar og sendir innheimtudeildinni. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda, samkvæmt 4. gr., er 25. dagur næsta mánaðar eftir að eftirlit hefur farið fram og eindagi mánuði síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Fari árlegt eftirlit ekki fram fellur eftirlitsgjaldið niður uns eftirlit hefst að nýju.

8. gr.

Fyrirtæki sem eru starfsleyfis- og eftirlitsskyld, bæði samkvæmt ákvæði heilbrigðis- og mengunarvarnareglugerðar greiða aðeins eitt eftirlitsgjald.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 1. mars 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar, Búðahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 26. febrúar 1993 staðfest breytt aðalskipulag Fáskrúðsfjarðar 1980–2000.

Breytingar eru eftirfarandi:

— Iðnaðarsvæði norðan Búðavegar hefur verið minnkað til vesturs og er gert ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði og smábátahöfn sunnan vegarins. Suður af þessu svæði er gert ráð fyrir síðari stækkun með viðlegukanti til vöruflutninga.

— Tjörninn norðan Búðavegar hefur verið stækkuð sem nemur minnkun iðnaðarsvæðisins.

— Stofnanalód fyrir íþróttahús verður við vesturenda íþróttavallar, en áður var gert ráð fyrir íþróttahúsi á skólalóð.

Breyting þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Búðahrepps og skipulagstjórnar ríkisins.

Umhverfisaráðuneytið, 26. febrúar 1993.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um Verkfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Heiti stofnunarinnar og tengsl hennar við Háskóla Íslands.

Stofnunin heitir Verkfræðistofnun Háskóla Íslands og heyrir undir verkfræðideild Háskóla Íslands. Fjallar deildarráð um málefni stofnunarinnar, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari, en sé um almenn háskólamál að ræða, fjallar háskólaráð um þau.

Háskóli Íslands veitir stofnuninni starfsaðstöðu eftir því sem kostur er hverju sinni.

2. gr.

Markmið og starfssvið.

Starfsmarkmið stofnunarinnar eru:

- Að stunda rannsóknir og þróunarstarfsemi á sviði tækni og verkvísinda og byggja upp þekkingu og færni til að beita nýjum aðferðum við að leysa viðfangsefni íslenskra atvinnuvega.
- Að byggja upp aðstöðu fyrir rannsóknir og verklegar æfingar til þess að styrkja kennslu í verkfræði.
- Að vera til ráðuneytis og vinna að lausn ýmissa vandamála, sem krefjast sérþekkingar og rannsóknaraðstöðu, sem eru til innan stofnunarinnar.
- Að gangast fyrir fyrirlestrum, námskeiðum og ráðstefnum, sem geta stuðlað að aukinni tækniþekkingu í landinu og þjálfun vísindalegra starfskrafta og rannsóknamanna.

Stofnunin er rannsóknarvettvangur þeirra fastráðnu kennara í verkfræðideild, sem kjósa að starfa innan hennar.

Sérfræðingar eru ráðnir til rannsóknarstarfa. Kennsla þeirra við háskólann skal háð samkomulagi milli deildarráðs og stjórnar stofnunarinnar, og skal þá m.a. ákveðið, hvort kennslan skuli teljast hluti af starfsskyldu viðkomandi sérfræðings.

3. gr.

Rekstrareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt með samþykki deildarráðs að stofna rannsóknarstofur innan hennar eftir því sem nauðsyn krefur. Skal þá liggja fyrir skilgreining á rannsóknarsviði og rannsóknarmarkmiðum slíkrar stofu, sem samræmist ákvæðum 2. gr., svo og rannsóknar-áætlun og fjárhagsáætlun. Jafnframt skal starfslíð og starfsaðstaða vera fyrir hendi. Ekki skal setja á fót rannsóknarstofu nema sýnt þyki, að rannsóknarumsvif haldist. Stjórn stofnunarinnar getur með samþykki deildarráðs lagt rannsóknarstofu niður, ef hún telur ekki lengur vera grundvöll fyrir rekstri hennar.

Að tillögu forstöðumanns rannsóknarstofu er stjórn stofnunarinnar heimilt með samþykki deildarráðs að skipta stofnuninni í deildir. Skal þá liggja fyrir skilgreining á rannsóknarsviði og rannsóknarmarkmiðum hvernar deildar ásamt rannsóknar- og fjárhagsáætlun. Ekki skal setja á fót nýja deild nema sýnt þyki, að rannsóknarumsvif haldist.

Fastráðnir kennarar verkfræðideildar svo og fastráðnir sérfræðingar við stofnunina, sem eru með doktorspróf eða hliðstæða menntun og náð hafa góðum árangri í rannsóknum, geta óskað eftir að starfa sjálfstætt innan stofnunarinnar en utan rannsóknarstofa. Stjórn stofnunarinnar er heimilt með samþykki deildarráðs að ákveða, að slíkur starfsmaður starfi sjálfstætt. Afturkalli stjórnin þá ákvörðun skal það tilkynnt starfsmanninum með hæfilegum fyrirvara.

Hver rannsóknarstofa svo og hver sjálfstætt starfandi starfsmaður ber fjárhagslega og faglega ábyrgð á starfsemi sinni.

Stofnunin rekur sameiginlega skrifstofu fyrir rannsóknarstofurnar og þá starfsmenn, sem starfa sjálfstætt.

4. gr.

Starfslið.

- A Forstöðumenn skulu vera úr hópi prófessora, dósentna, deildarstjóra eða fastráðinna sérfræðinga, sem náð hafa góðum árgangri í rannsóknum og sýnt forustu- og skipulags-hæfileika. Forstöðumaður stofu skal þó að jafnaði vera valinn úr hópi prófessora.
- B Deildarstjórar skulu að jafnaði hafa lokið doktorsprófi eða tilsvandi háskólanámi og starfað minnst þrjú ár við rannsóknir og sýnt hæfileika til sjálfstæðra, vísindalegra rannsókna og náð þar góðum árangri og sýnt góða skipulagshæfileika.
- C Skipaðir eða settir kennarar í verkfræðideild, sem starfa við stofnunina.
- D Fastráðnir sérfræðingar skulu hafa lokið meistaraþrófi eða tilsvandi háskólanámi og starfað minnst þrjú ár við rannsóknir og sýnt hæfileika til sjálfstæðra, vísindalegra rannsókna.
- E Sérfræðingar ráðnir til sjálfstæðra rannsókna til takmarkaðs tíma, allt að þremur árum skulu hafa lokið meistaraþrófi eða tilsvandi háskólanámi og starfað minnst eitt ár við rannsóknir.
- F Háskólamenntaðir starfsmenn ráðnir til rannsókna og sérfræðiþjónustu undir handleiðslu deildarstjóra eða forstöðumanns. Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi, er svári a.m.k. til B.S.-prófs.
- G Gistiprófessorar, styrkþegar og aðrir einstaklingar, sem stofnunin veitir starfsaðstöðu um takmarkaðan tíma.
- H Annað starfslið, þ. á m. tæknimenntaðir starfsmenn, aðstoðarmenn við rannsóknarstöf og starfslið á skrifstofu.

5. gr.

Forstöðumenn.

Fyrir hverri rannsóknarstofu skal vera forstöðumaður og skal fræðasvið hans vera á rannsóknarsviði stofunnar. Deildarráð skipar forstöðumanninn til þriggja ára í senn að fenginni tillögu stjórnar.

Forstöðumaður tilnefni með samþykki stjórnar stofnunarinnar staðgengil sinn úr hópi starfsmanna stofunnar.

Forstöðumaður hefur á hendi stjórn vísindalegra rannsókna og annast daglegan rekstur stofunnar, þ. á m. eftirlit með starfsmönnum og fjármálum. Ef ágreiningur rís milli forstöðumanns og starfsmanns rannsóknarstofu, skal leita úrskurðar stjórnar. Forstöðumaður efnir til reglulegra funda með starfsmönnum stofunnar.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð forstöðumönnum rannsóknarstofa að viðbættum tveimur mönnum úr hópi starfsmanna stofnunarinnar, flokki B til D. Annar þeirra er kjörinn af deildarráði verkfræðideildar og hinn er kjörinn af sjálfstætt starfandi starfsmönnum, báðir til þriggja ára í senn. Starfstími stjórnar hefst 1. janúar.

Deildarráð setur formann stjórnar og varaformann til þriggja ára í senn að fenginni tillögu frá nýkjörinni stjórn á fyrsta fundi hennar.

Stjórnin fjallar um öll sameiginleg málefni, samþykkir rekstraráætlanir stofanna og sjálfstætt starfandi starfsmanna, gerir tillögur um fjárveitingar og skiptingu þeirra milli aðila og staðfestir reikningsyfirlit liðins árs. Stjórnin markar stofnuninni stefnu í rannsóknum. Hún

skipuleggur samstarf stofanna og sjálfstætt starfandi starfsmanna eftir ástæðum og tekur ákvörðun um sameiginleg rannsóknarverkefni. Stjórnin sker úr vafaatriðum um skiptingu verkefna milli rannsóknarstofa og sjálfstætt starfandi starfsmanna.

Stjórnin efnir til sameiginlegra funda með starfsmönnum til kynningar og umræðna um nýjungar. Einu sinni á ári kallar hún saman fund með öllu starfslíði stofnunarinnar til að ræða starfsemina. Skal það að jafnaði vera í október.

Stjórnin fjallar um ráðningu starfslíðs að stofnuninni. Sé rannsóknarstofu skipt í deildir skal stjórnin tilnefna deildarstjóra, að fenginni tillögu forstöðumanns.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að fengnu samþykki deildarráðs, að gera samning við fyrirtæki, stofnanir og verkfræðistofur um formleg tengsl. Setja skal sérstakar reglur um þessi tengsl.

Nú verða atkvæði jöfn á stjórnarfundi og ræður þá atkvæði formanns.

Fundargerðir stjórnar skulu liggja frammi á skrifstofu stofnunarinnar og fundarsamþykktir kynntar starfsmönnum stofnunarinnar og deildarráði verkfræðideildar.

Formaður stjórnar kemur fram fyrir stofnunina í heild og er málsvari stjórnarinnar og fulltrúi hennar innan og utan stofnunarinnar. Hann hefur eftirlit með framkvæmd á ákvörðunum stjórnarinnar og boðar stjórnarfundi með dagskrá. Skylt er að hafa stjórnarfundi um tiltekin mál ef minnst tveir stjórnarmanna óska þess.

7. gr.

Framkvæmdastjóri.

Framkvæmdastjóri annast almennan rekstur stofnunarinnar. Hann skal hafa háskólapróf í verkfræði eða skyldum greinum. Framkvæmdastjóri sér um framkvæmd þeirra mála, sem stjórnin felur honum.

Stjórnin setur framkvæmdastjóra erindisbréf, sem deildarráð staðfestir, þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans.

Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn og stjórnarformanni í starfi sínu.

8. gr.

Fjármál.

Stofnunin hefur sjálfstætt fjárhald og ber sjálfstæða fjárábyrgð. Fjárlagatillögur stofnunarinnar skulu kynntar forseta verkfræðideildar og háskólarektor, bæði á undirbúningsstigi og í lokagerð. Framkvæmdastjóri gerir fjárhagsáætlun í janúarmánuði ár hvert og leggur hana fyrir stjórnina til samþykktar.

Rekstur stofnunarinnar er kostaður af ríkisfé, samkvæmt því sem veitt er í fjárlögum hverju sinni, og eigin tekjum hennar.

Ársreikningar stofnunarinnar skulu sendir ríkisendurskoðun til endurskoðunar ásamt fylgiskjölum. Samrit reikninganna sendist háskólarektor og menntamálaráðuneytinu. Endurskoðaðir reikningar skulu birtir í ársskýrslu stofnunarinnar.

9. gr.

Ráðningar.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra og starfslíð í flokkum D og E að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Ráðherra getur þó falið stjórninni ráðstöfun þessara starfa til eins árs eða skemmri tíma, enda sé fjárveiting fyrir hendi.

Stjórn stofnunarinnar og framkvæmdastjóri ráða annað starfslíð að stofnuninni.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, sbr. 66. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 78/1979.

Reglugerðin öðlast þegar gildi, þó þannig, að ákvæði 8. gr. um sjálfstætt fjárhald tekur gildi frá 1. janúar 1994 að telja. Jafnfram fellur úr gildi reglugerð nr. 404/1977, um Verkfræðistofnun Háskóla Íslands.

Menntamálaráðuneytið, 26. febrúar 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

Nr. 106

26. febrúar 1993

AUGLÝSING**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010.**

Samkvæmt ósk borgarráðs Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. janúar 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að útivistarsvæði norðan Vatnsholts–Hjálmhólts verður að hluta stofnanasvæði, ætlað dagvistarstofnun.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 26. febrúar 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 107

26. febrúar 1993

AUGLÝSING**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010.**

Samkvæmt ósk borgarráðs Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. janúar 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að almennt íbúðar-, útivistar- og garðsvæði auk leikvallar, við Háaleitisbraut verður að hluta stofnanasvæði ætlað fyrir kirkjubyggingu.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 26. febrúar 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðabæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Egilsstaðabajar hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð á Egilsstöðum:

- I.
 1. Aðalbrautir eru:
 - 1.1. *Fagradalsbraut*.
 - 1.2. *Tjarnarbraut*, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
 - 1.3. *Skógarlönd*, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Tjarnarbraut.
 - 1.4. *Árskógar*.
 - 1.5. *Selás*, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut og Tjarnarbraut.
 - 1.6. *Lagarás*, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut og Selás.
 2. Umferð um Fénaðarklöpp víki fyrir umferð um Vallaveg, Kaupvang og Tjarnarás.
 3. Umferð um Hamrahlíð, Hjarðarhlíð og Bjarkarhlíð víki fyrir umferð um Fénaðarklöpp.
 4. Umferð um Furuvelli víki fyrir umferð um Sólbrekku.
 5. Umferð um Flugvallarveg víki fyrir umferð um Austurlandsveg.
 6. Umferð um Árhvamm víki fyrir umferð um Borgarfjarðarveg og Árskóga.
 7. Umferð um Miðás víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
 8. Umferð um Kaupvang víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
 9. Umferð um Tjarnarás víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
- II.
 1. Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Seláss á milli Fagradalsbrautar og Skjólbrekku, og Laufáss og Tjarnarbrautar.
 2. Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Laufáss.
 3. Bannað er að leggja ökutækjum á suðurbrún Skógarlanda.
 4. Bannað er að leggja ökutækjum á vinstri brún Bláskóga miðað við akstursátt.
- III.
 1. Vinstri beygja af Fagradalsbraut inn að söluskála Skeljungs hf. er bönnuð.
 2. Einstefna er til norðurs á tengibraut frá Fagradalsbraut að söluskála Skeljungs hf.
 3. Ökutækjum, lengri en 6 metrar, er bönnuð umferð um bifreiðastæði við hús nr. 9 og 11 við Fagradalsbraut (Fagratorg).
 4. Einstefna er um Bláskóga frá norðri til suðurs.

Reglur þessar taka þegar gildi og falla um leið niður allar eldri auglýsingar um umferð í Egilsstaðabæ.

Lögreglustjórinn í Norður-Múlasýslu, 16. febrúar 1993.

Helgi Jensson, ftr.

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðabæ.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Egilsstaðabæjar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um bifreiðastöður í Egilsstaðabæ:

Í íbúðarhverfum er bannað að leggja stórum vinnuvélum, vörubifreiðum, sendiferðabifreiðum og fólksflutningabifreiðum, sem eru 3,5 tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðmönnum þessara ökutækja ber að nota sérstaklega merkt stæði, sem ætluð eru þessum stóru ökutækjum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra. Óheimilt er að geyma fylgihluti ökutækjanna á þessum sérstaklega afmörkuðu stæðum.

Ákvæði þessarar auglýsingar taka gildi 20. mars 1993.

Lögreglustjórinn í Norður-Múlasýslu, 16. febrúar 1993.

Helgi Jensson, ftr.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykhólts í Biskupstungum.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Biskupstungnahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 13. janúar 1993 staðfest breytingu á gildandi aðalskipulagi Reykhólts í Biskupstungum 1989–2009 frá 27. júní 1990, sbr. 3. og 4. mgr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á spildu, norðan Þjóðvegarins á mótis við Dalbrún, breytist úr landbúnaðarsvæði í hesthúsasvæði og skógrækt.

Biskupstungnahreppur tekur að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 26. febrúar 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 – 1993

15. mars 1993

253

Nr. 111

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum í Reykjafjarðarál og á Kolkugrunni.

1. gr.

Frá kl. 21 15. mars 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 66°43'N – 20°56'V
2. 66°30'N – 21°08'V
3. 66°35,5'N – 20°49'V
4. 66°19,8'N – 20°40'V
5. 66°19,5'N – 21°18,8'V
6. 66°30'N – 21°30'V
7. 66°46'N – 21°30'V
8. 66°41,5'N – 21°20'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum á Stöðvarfirði og Bakkaflóa.

1. gr.

Frá kl. 20.00 þriðjudaginn 6. apríl 1993 til kl. 10.00 árdegis miðvikudaginn 21. apríl 1993, eru allar veiðar, nema grásleppuveiðar, bannaðar á eftirgreindum svæðum:

- A. Á Stöðvarfirði innan línu, sem dregin er úr Rastarhæl á Kambanesi í Landatanga.
- B. Á Finnafirði og Gunnólfsvík innan línu, sem dregin er úr Saurbæjartanga í Fossárós við Gunnólfsvíkurfjall.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um afnám línubanns á Breiðafirði.

1. gr.

Frá og með 12. mars 1993 er felld úr gildi reglugerð nr. 3, 11. janúar 1993, um bann við línuveiðum á Breiðafirði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á Samþykkt Veiðifélags Skagafjarðar nr. 254 22. maí 1975.

1. gr.

1. tl. 2. gr. samþykktarinnar breytist og verður töluliður 1a og 1b, svohljóðandi:

1. a. Sæmundarárdeild um Sæmundará og vatnasvæði hennar án Miklavatns:

Stóra- Vatnsskarð, Brekka, Fjall, Íbishóll, Grófargil, Brautarholt, Skarðsá, Stóra-Seyla, Syðra-Skörðugil, Dæli, Elivogur, Auðnir, Sólheimar, Fosshóll, Bessastaðir, Hjallaland, Hóll, Varmaland, Dúkur, Pröm, Geirmundarstaðir, Litla-Gröf, Stóra-Gröf syðri, Stóra-Gröf ytri, Holtsmúli, Reynisstaður, Hafsteinsstaðir, Gýgjarhóll, Ögmundarstaðir, Vík, Útvík, Glæsibær.

1. b. Miklavatnsdeild:

Ögmundarstaðir, Vík, Útvík, Glæsibær, Birkihlíð, Gil, Bergsstaðir, Lyngholt, Kimbastaðir, Messuholt, Sjárvarborg I, Sjárvarborg II, Sjárvarborg III, Grænhóll, Borgargerði.

2. gr.

Auglýsing þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. febrúar 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990–2010.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 24. febrúar 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990–2010 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að í stað götu með ströndinni, sunnan við olúfubirgðastöðvar á Óseyri kemur ný gata norðan þeirra og jafnframt stækkar iðnaðarsvæði til suðurs þannig að lóðir olúfubirgðastöðvanna nái til sjávar.

Hreppsnefnd Reyðarfjarðar tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 10. mars 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur 1991–2001.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Njarðvíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 24. febrúar 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur 1991–2001, sem staðfest var 26. ágúst 1992, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að reitur fyrir opinberar stofnanir (bæjarskrifstofur og áhaldahús) á Fitjum minnkar til norðurs en stækkar til vesturs og verður þar aukið við lóð undir starfsemi trúarsafnaðar.

Bæjarstjórn Njarðvíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 10. mars 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 – 1993

24. mars 1993

257

Nr. 117

AUGLÝSING

um jöfnunartoll á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á miðað við kr/kg. Þó skal samanlagður tollur og jöfnunartollur aldrei vera hærri en sem nemur 46% af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1806 og aldrei hærri en sem nemur 37% af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1905.

Tollskrárnúmer:	Jöfnunartollur kr/kg:	Tollskrárnúmer:	Jöfnunartollur kr/kg:
1806.2009	51	1905.3011	29
1806.3101	53	1905.3019	17
1806.3109	53	1905.3021	49
1806.3202	51	1905.3029	39
1806.3203	20	1905.3030	11
1806.3209	20	1905.4000	27
1806.9002	18	1905.9011	68
1806.9003	51	1905.9019	9
1806.9005	57	1905.9020	4
1806.9006	51	1905.9040	79
1806.9007	51	1905.9051	99
1806.9009	51	1905.9059	51
1905.2000	59	1905.9090	86

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningu og innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum í ríkissjóð eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi frá og með 1. apríl 1993 og skal hún gilda til og með 30. júní 1993. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 1, 4. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 24. mars 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Rúna S. Geirsdóttir.

AUGLÝSING

um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds verðlagsárið 1992–1993.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 41 15. maí 1990 um Búnaðarmálasjóð, hafa verið ákveðin frávik við innheimtu búnaðarmálasjóðsgjalds til neðantalinna búgreinafélaga verðlagsárið 1992–1993:

a) Félag hrossabænda	1,000%
b) Landssamband kartöflubænda	0,500%
c) Samband garðyrkjubænda	0,500%
d) Svínaræktarfélag Íslands	0,275%
e) Félag kjúklingabænda	0,275%

Gjald til forfallþjónustu í sveitum skal felld niður hjá framleiðendum í eftirtöldum búgreinum sem hafna skriflega aðild að forfallþjónustunni:

Eggjaframleiðslu, garðyrkju, hrossarækt, svínarækt, holdafuglarækt og æðarrækt.

Tilkynning þar um skal hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. maí 1993.

Samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 41/1990 skal innheimta gjalds til Þjargráðasjóðs af afurðum hrossa og afurðum garðyrkju og gróðurhúsa, nema kartafna og gulrófna, falla niður.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. mars 1993.

F. h. r.

Guðmundur Sigbórsson.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 – 1993

17. mars 1993

259

Nr. 119

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 290, 28. júlí 1992 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.

1. gr.

4. tl. 3. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 55 15. febrúar 1993, orðist svo:

4. Innfjarðarrækja samtals	7.300 lestir
þ.a. Eldey	800 lestir
þ.a. Arnarfjörður	750 lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp	2.500 lestir
þ.a. Húnaflói	1.500 lestir
þ.a. Skagafjörður	450 lestir
þ.a. Skjálfaflói	600 lestir
þ.a. Öxarfjörður	700 lestir

2. gr.

Í stað : „1. mars 1993“ í 1. ml. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 290/1992 komi: 6. apríl 1993.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi breyting nr. 55, 15. febrúar 1993 á reglugerð nr. 290, 28. júlí 1992, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 346, 7. september 1992, um þorskfisknet.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 346, 7. september 1992, um þorskfisknet er heimilt á árinu 1993 að leggja þorskfisknet með 6 þumlunga möskvastærð 27. mars 1993.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. mars 1993.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skráningu mála hjá héraðsdómstólum,
þingbækur, skjalavörslu o.fl., nr. 225 19. júní 1992.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. bætist nýr tölul., 6. tölul., svohljóðandi:

6. Mál skv. 4. gr. laga um sammingsbundna gerðardóma.

2. gr.

Við 17. gr. bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Þegar opinberu máli er áfrýjað skal afhenda ríkissaksóknara dómsgerðir sem í eru frumrit af framlögðum skjölum í stað ljósrita, sbr. 3. tölul. 1. mgr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 140. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 – 1993

19. mars 1993

261

Nr. 122

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Mýrdalshreppi fyrir árið 1993.

1. gr.

Hreppsnefnd Mýrdalshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1993.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Mýrdalshrepps. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

		Kr.
A) Íbúðir	sorphirðugjald	6 897
B) Sumarhús	sorphirðugjald	3 348
C) Fyrirtæki		
Flokkur 1	sorphirðugjald	6 897
Flokkur 2	sorphirðugjald	13 794
Flokkur 3	sorphirðugjald	20 691
Flokkur 4	sorphirðugjald	27 588

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka, m. a. eftir magni og umfangi úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Mýrdalshrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 19. mars 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfestri 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín.lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín.lítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir: Vatnsgjald kr. 840,00 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjaldldaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera, sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
400 - 2000 m ³ =	92 252,60 kr. f. 400 m ³ 71,00 kr/m ³ þar yfir
2000 - 6000 m ³ =	209 003,70 kr. f. 2000 m ³ 64,75 kr/m ³ þar yfir
6000 - 10000 m ³ =	463 871,80 kr. f. 6000 m ³ 61,80 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10000 m ³ =	698 409,00 kr. f. 10000 m ³ 44,20 kr/m ³ þar yfir

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera kr. 38,30.

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla 3/4"	kr. 349,00 pr. mán.
Fyrir mæla 1" - 2 1/2"	kr. 781,15 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	kr. 1 587,75 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mín.lítra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 361, 26. júlí 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 15. mars 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUR

um tóbaksreykingar um borð í skipum.

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið reglna þessara er að tryggja að skipverjar, sem ekki reykja, verði ekki fyrir skaða og óþægindum af völdum tóbaksreyks á vinnustað sínum.

Reglurnar gilda um þann hluta skips sem sérstaklega er ætlaður skipverjum og ekki fellur undir takmarkanir á reykingum vegna aðgangs almennings, s.s. í farþegaskipum og ferjum.

Takmörkun á tóbaksreykingum um borð í skipum.

2. gr.

Vinni skipverji einn á vinnustað í skipinu getur hann ákveðið hvort reykt sé þar, en tekið skal tillit til þeirra sem þangað eiga erindi.

Í vinnurými þar sem tveir eða fleiri skipverjar vinna eru tóbaksreykingar óheimilar nema skv. samkomulagi skipverja og skal þannig frá málum gengið að reykingar valdi ekki óþægindum fyrir þá sem ekki reykja.

Reykingar má leyfa á salernum enda sé fullnægjandi loftræsting þar með útsogi.

3. gr.

Í matsölum og setustofum má heimila reykingar á sérstökum svæðum skv. samkomulagi skipverja. Þar sem því verður við komið skal matsölum og setustofum skipt þannig að annars vegar séu reykingar leyfðar en hins vegar ekki. Á reyksvæðum skal skylt að koma fyrir útbúnaði til að soga út reyk eða á annan hátt þannig frá málum gengið að reykur berist ekki yfir á reyklausa svæðið.

Hvorki má reykja við matargerð né í nánd við óvarin matvæli, sbr. 5. málsg. 10. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari breytingum.

4. gr.

Þar sem tveir eða fleiri búa saman í svefnklefa eru reykingar óheimilar nema með samkomulagi allra er þar búa. Reykingar í hvílum eru þó ávallt bannaðar.

5. gr.

Að öðru leyti en um getur í 2.–4. gr. fer um reykingar um borð í skipum skv. samkomulagi skipverja.

Merkingar.

6. gr.

Þar sem tóbaksreykingar eru óheimilar skal það gefið til kynna með merkingum eða á annan greinilegan hátt.

Loftræsting.

7. gr.

Þar sem tóbaksreykingar eru leyfðar skal vera fullnægjandi loftræsting með útsogi.

Eftirlit og viðurlög.

8. gr.

Ágreining sem upp kann að koma um framkvæmd þessara reglna skal leitast við að leysa um borð í skipinu með viðræðum skipstjóra og þeirra skipverja sem í hlut eiga.

Telji skipverji að reglur þessar séu brotnar og að ekki hafi nást að leysa ágreining í samræmi við ákvæði 1. málsg. getur viðkomandi kært það til trúnaðarmanns á viðkomandi skipi.

Sætti skipverji sig ekki við úrlausn samkvæmt 2. málsg. getur hann skotið málinu til Siglingamálastofnunar ríkisins.

9. gr.

Um brot gegn reglum þessum fer skv. lögum nr. 74/1984, sbr. þó 8. gr.

10. gr.

Reglur þessar sem settar eru í samráði við Siglingamálastofnun, með stoð í 3. málsg. 13. gr. laga nr. 74/1984, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. mars 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Dögg Pálsdóttir.

SAMPYKKT

um búfjárhald á Höfn.

1. gr.

Tilgangur samþykktar þessarar er að tryggja sem best skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi á Höfn, koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir bæjarbúa og gæta þess að hús fyrir búpening og önnur aðstaða sé þrífaleg og í samræmi við vilja bæjarstjórnar.

2. gr.

Allt búfjárhald (alifugla, geita, hrossa, kanína, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína) er óheimilt innan bæjarmarka Hafnar nema með leyfi bæjarstjórnar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a. að búfjáreigendur hafi jafnan fullnægjandi aðstöðu til þess að halda búfé, bæði hvað varðar húsakost og fóður. Þeir skulu gæta þess að fjöldi búfjár sé innan þeirra marka sem bæjarstjórn hefur tiltekið í leyfi sínu. Búfjáreftirlitsmenn skulu fylgjast með því að reglur þessar séu haldnar.
- b. að aðbúnaður búfjár og meðferð þess sé jafnan í fyllsta samræmi við ákvæði laga um búfjárhald og dýravernd. Þá er búfjáreigendum skylt að hlíta hvers konar fyrirmælum um hreinlæti og heilbrigðishætti. Heilbrigðisfulltrúi fylgist með því að reglur þessar séu haldnar.
- c. að búfé sé ávallt í öruggri vörslu búfjáreigenda. Þeir bera fulla bótaábyrgð á öllu tjóni, sem búfé þeirra kann að valda.
- d. að verði breyting á eignarhaldi búfjár, ber að gera bæjarstjórn grein fyrir því, sem þá ákveður framhald leyfisveitingar.
- e. að bæjarstjórn sé heimilt að innheimta leyfisgjald af búfé utan lögbyla til að standa undir kostnaði við forðagæslu og búfjáreftirlit. Skiptist það í grunn gjald og gjald fyrir fjölda búfjár hvers eiganda.

3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjárhalds samkvæmt 2. gr. skal senda umsókn þess efnis til bæjarstjórnar. Í skriflegri umsókn komi fram fjöldi búfjár, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig skilyrði 2. gr. verði uppfyllt og annað það sem bæjarstjórn kann að óska eftir eða umsækjandi vill koma á framfæri og telur máli skipta.

4. gr.

Telji bæjarstjórn skilyrðum fullnægt fyrir leyfisveitingu, skal hún veita leyfi til búfjárhalds og er heimilt að takmarka það við ákveðinn tíma, fjölda búfjár og/eða ákveðið svæði. Leyfi til búfjárhalds skuldbindur þó ekki bæjarfélagið til að sjá leyfishöfum fyrir beitilandi eða annarri aðstöðu. Leyfi til búfjárhalds er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Sé leyfi veitt til lengri tíma en eins árs skal það uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara. Sé leyfi sagt upp skal allt búfé viðkomandi farið úr landi bæjarins eigi síðar en þremur mánuðum eftir að uppsögn tekur gildi. Brjótí leyfishafi reglur um meðferð búfjár eða gætir þess ekki á fullnægjandi hátt má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

5. gr.

Öll lausaganga búfjár er bönnuð á Höfn. Búfénað sem gengur laus, skal lögreglustjóri láta handsama og taka í sína vörslu. Ennfremur geta þeir sem verða fyrir ágangi látið handsama ágangsféð, en þeir skulu skýra lögreglustjóra frá því tafarlaust. Eigendum ágangsfénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun og geymslu fénaðarins, svo og allt það tjón sem hann kann að hafa valdið. Við ítrekað brot skal ágangsfénaði slátrað og frálagsverð látið mæta áföllnum kostnaði.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um búfé í eigu annarra en íbúa Hafnar.

6. gr.

Þeir sem við gildistöku þessarar samþykktar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir ákvæði hennar skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku tilkynna búfjárhald sitt og sækja um leyfi fyrir því. Búfénaður sem ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir að þeim tíma liðnum skal handsamaður á kostnað eiganda og slátrað að undangenginni aðvörun sem eigi hefur verið sinnt.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

8. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. mars 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í aprílmánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í aprílmánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

- | | |
|--------------------------|----------------|
| 1. Skreið | Útborgun 4,0% |
| 2. Hörpudiskur | Útborgun 12,8% |

Ofangreindar útborganir eru af reikningum deilda fyrir viðkomandi afurðir úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða ofangreindra reikninga ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurða í aprílmánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Kristján Skarphéðinsson.

SKIPULAGSSKRÁ

Visindasjóðs Gigtarfélags Íslands

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður Gigtarfélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjöf frá Tryggingu hf., kr. 250 000, það fé sem safnast hefur með sérstöku átaki tengdu Norrænu gigtarári 1992 kr. 2 007 249 og það sem fyrir var í sjóði.

Gjafir og önnur framlög í sjóðinn skulu leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og þróun vísinda innan gigtsjúkdómafræðinnar.

4. gr.

Vísindaráð Gigtarfélags Íslands fer með stjórn sjóðsins. Ráðið fer með málefni sjóðsins og tekur ákvörðun um úthlutun. Umsóknir skulu studdar greinargerð um markmið og framkvæmd verkefnis og tekur ráðið ákvörðun um afgreiðslu þeirra. Ráðið skal halda sérstaka gerðabók um alla starfsemi sjóðsins.

5. gr.

Árlega úthlutar stjórn sjóðsins styrkjum, í fyrsta sinn 1993. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að fella niður úthlutun að hluta eða öllu leyti, enda sé sú ákvörðun rökstudd í gerðabók sjóðsins.

6. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er stofnframlag og aðrar tekjur skv. 2. gr. eins og þær eru bókfærðar í árslok hverju sinni. Stjórninni er skylt að ávaxta fjármuni sjóðsins á sem hagkvæmasta hátt. Ekki má skerða höfuðstólinn við úthlutun styrkja. Falli úthlutun úr sjóðnum niður, sbr. 5. gr., er stjórn sjóðsins heimilt að ráðstafa þeirri upphæð við næstu úthlutun eða leggja hana að öðrum kosti við höfuðstólinn.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Löggiltur endurskoðandi Gigtarfélags Íslands endurskoðar reikninga sjóðsins og áritar þá. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir aðalfund Gigtarfélags Íslands ár hvert.

8. gr.

Samþykkt meirihluta stjórnar sjóðsins þarf til þess að breyta megi skipulagsskrá þessari. Bera skal breytinguna undir stjórnarfund Gigtarfélags Íslands og nægir einfaldur meirihluti fundarmanna.

Verði sjóðurinn lagður niður rennur fé hans til Gigtarfélags Íslands.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 26. janúar 1993.

Í stjórn Gigtarfélags Íslands:

Sveinn Indriðason.

Árni Jónsson.

Laufey Karlsdóttir.

Jón Þorsteinsson.

Frosti Jóhannsson.

Sigríður Gunnarsdóttir.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. mars 1993.

F. h. r.

Jón Thors.

Margrét Hauksdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 429, 8. desember 1992, um fyrirkomulag eftirlits með sjávarafurðum.

1. gr.

Í stað orðanna „1. apríl 1993“ í II. ákvæði til bráðabirgða í reglugerðinni komi orðin „1. maí 1993“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ**Fjarskiptaeftirlitsins**

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn.)
Gildir frá 1. apríl 1993.

1. gr.

Leyfisbréf fyrir radiótæki.

Þegar fjarskiptastöð er tekin í notkun og við hverja breytingu
(farstöð getur verið handstöð eða til notkunar í bifreiðum).

1.1 Skipa- og flugtíðnir, >100 W	kr 4 320
1.2 Skipa- og flugtíðnir, <=100 W	kr 2.160
1.3 Fastastöðvar, land (sértíðnir) >100 W	kr 9.600
1.4 Fastastöðvar, land (sértíðnir) <=100 W	kr 4.800
1.5 Farstöðvar með landtíðnum (sértíðnir)	kr 2.160

Af eftirtöldum radiótækjum, sem starfrækja má án leyfisbréfa, skal innflytjandi greiða gjald við innflutning:

Almenningstalstöðvar (CB):

Tveir flokkar, undir og yfir 10 mW útgeislað afl (e.r.p. skv. ETS 300 135)

1.6 CB- Stöðvarleyfi -A (fyrir hverja stöð)	kr 480
1.7 CB- Stöðvarleyfi -B (fyrir hverja stöð)	kr 960
1.8 Fjarstýringar (módel o.fl.) (fyrir hvern sendi)	kr 960

2. gr.

Eftirlits og starfrækslugöld fyrir radiótæki

(skylduskoðun og/eða sértíðnir).

Árleg gjöld

fyrir hverja starfsstöð eða tæki (skip, flugvélar, fastastöðvar, farstöðvar).

2.1 Skip og flug, >100 W	kr 8.640
2.2 Skip og flug, <=100 W	kr 6.480
2.3 Skip og flug, aukask., >100 W	kr 4.800
2.4 Skip og flug, aukask., <=100 W	kr 4.800
2.5 Fastastöðvar, land (sértíðnir)	kr 4.320
2.6 Talstöðvar í landi, skipa og flugvélatíðnir	kr 2.400
2.7 Farstöðvar með landtíðnum (sértíðnir):	
2.7.1 2ja tíðna rás(ir)	kr 3.240
2.7.2 1 tíðna rás(ir)	kr 2.160
2.7.3 1 tíðna rás, sítónn	kr 1.080

Heimilt er að veita allt að 50% afslátt af gjöldum skv. 2.7 til aðila með neyðar- og hjálpartíðnir.

2.8 Talstöðvar, skammtímaleyfi (hámark 6 mánuðir) kr 2.400

3. gr.

Leyfisbréf og skírteini fyrir notendur.

3.1 Radióáhugamenn - leyfisbréf kr 2.400
 3.2 Radióáhugamenn - nýliðar (gildir í 2 ár) kr 1.600
 3.3 Radióáhugamenn - bráðabirgðaleyfi útlendinga kr 1.600
 3.4 Radióáhugamenn - aukaskoðun kr 2.400
 3.5 Skírteini loftskeytamanna (gildir í 5 ár) kr 2.400
 3.6 Skírteini talstöðvarvarðar (gildir í 5 ár) kr 2.400
 3.7 Rannsóknarleyfi kr 26.400

4. gr.

Fastasambönd.

Árleg gjöld.

Gjöldin eru fyrir hvert samband.

Póst og símamálastofnun:

4.1 1-9 talrásir kr 15.000
 4.2 10-29 talrásir kr 22.000
 4.3 30-119 talrásir kr 30.000
 4.4 120-299 talrásir kr 36.000
 4.5 300-599 talrásir kr 50.000
 4.6 600-999 talrásir kr 58.000
 4.7 >= 1000 talrásir kr 68.000

4.8 1 sjónvarpsrás kr 36.000

Einkaaðilar:

4.9 1-9 talrásir kr 51.000
 4.10 10-29 talrásir kr 76.500
 4.11 30-119 talrásir kr 102.000

4.12 1 sjónvarpsrás kr 127.500

Hver 2 Mb/s í stafrænum samböndum reiknast sem 30 talrásir.

5. gr.

Almenn fjarskiptakerfi.

Árleg gjöld.

5.1 Farsímakerfið (NMT 450):

a) Fyrir talrás í hverjum sendi kr 3.300
 b) Fyrir hvern notanda kr 300

5.2 Almenna boðkerfið:

a) Fyrir hvern sendi kr 3.300

6. gr.

Útvarpssendar.*Árleg gjöld.*

Sendar, sem ná til 25 þúsund íbúa eða fleiri:

6.1 Sjónvarp, > 900 W	kr 242.000
6.2 Sjónvarp, 90-900 W	kr 162.000
6.3 Sjónvarp, < 90 W	kr 106.000
6.4 Hljóðvarp, > 900 W	kr 62.000
6.5 Hljóðvarp, 90-900 W	kr 41.000
6.6 Hljóðvarp, < 90 W	kr 27.000

Sendar, sem ná til færri en 25 þúsund íbúa:

6.7 Sjónvarp, > 900 W	kr 51.000
6.8 Sjónvarp, 90-900 W	kr 34.000
6.9 Sjónvarp, < 90 W	kr 20.000
6.10 Hljóðvarp, > 900 W	kr 10.200
6.11 Hljóðvarp, 90-900 W	kr 7.700
6.12 Hljóðvarp, < 90 W	kr 6.000
6.13 Hljóðvarp, skammtímaleyfi (hámark 4 vikur)	kr 5.800

Gjaldaliðir skv. töluliðum 6.1 - 6.12 taka gildi sem hér segir:

Fyrir árið 1993 skal greiða 25 %, fyrir árið 1994 skal greiða 50 %, en frá og með árinu 1995 skal greiða ofangreind gjöld að fullu.

7. gr.

Gerðarsamþykki, radiótæki.

Búnaði er skipt í 4 flokka, A-B-C-D. Sjá VIÐAUKA 1.

7.1 Gerðarsamþykki - A (án mælinga)	kr 14.400
7.2 Gerðarsamþykki - B (án mælinga)	kr 19.200
7.3 Gerðarsamþykki - C (án mælinga)	kr 24.000
7.4 Gerðarsamþykki - D (án mælinga)	kr 36.000
7.5 Gerðarprófun og samþykki - A	kr 26.400
7.6 Gerðarprófun og samþykki - B	kr 43.200
7.7 Gerðarprófun og samþykki - C	kr 52.800
7.8 Gerðarprófun og samþykki - D	kr 57.600
7.9 Tækjasamþykki fyrir einstaklinga - A	kr 1.200
7.10 Tækjasamþykki fyrir einstaklinga - B	kr 4.800
7.11 Tækjasamþykki fyrir einstaklinga - C	kr 7.200
7.12 Tækjasamþykki fyrir einstaklinga - D	kr 9.600

8. gr.

Gerðarsamþykki, línutengd tæki.

Búnaði er skipt í 4 flokka, A-B-C-D. Sjá VIÐAUKA 1

8.1 Gerðarsamþykki - A (án mælinga)	kr 12.000
8.2 Gerðarsamþykki - B (án mælinga)	kr 16.800

8.3 Gerðarsamþykki - C (án mælinga)	kr 21.600
8.4 Gerðarsamþykki - D (án mælinga)	kr 31.200
8.5 Gerðarprófun og samþykki - A	kr 21.600
8.6 Gerðarprófun og samþykki - B	kr 31.200
8.7 Gerðarprófun og samþykki - C	kr 38.400
8.8 Gerðarprófun og samþykki - D	kr 55.200
8.9 Tækjasamþykki fyrir einstaklinga - A	kr 1.200
8.10 Tækjasamþykki fyrir einstaklinga - B	kr 4.800
8.11 Afsal gerðarsamþykkis til nýs handhafa	kr 5.000

Sama gjald skal að jafnaði gilda, hvort sem niðurstaða prófunar er jákvæð eða neikvæð, þ.e. hvort gerðarsamþykki er veitt eða ekki.

Þó er heimilt að veita allt að 50% afslátt frá ofangreindum gjöldum í 7. og 8. gr., ef niðurstaða er neikvæð og raunveruleg útlögð vinna réttlætir slíkan afslátt.

Ef sótt er um gerðarsamþykki fyrir tæki, sem þegar hefur verið samþykkt af FjarSKIPTAeftirlitinu, skulu síðari umsækjendur ávallt greiða gjald eins og um gerðarsamþykki án mælinga sé að ræða.

Ef slíkri umsókn fylgir yfirlýsing frá handhafa gerðarsamþykkis, um að hann afsali gerðarsamþykkinu til nýs aðila og óski eftir að vera tekinn af skrá yfir handhafa gerðarsamþykkis, skal greiða fast gjald skv. 8.11.

9. gr.

Ýmislegt.

9.1 Mælitækjaleiga	kr/klst 3.300
9.2 Tímavinna (t.d. mælingar í verktoðu)	kr 2.400
9.3 Innsiglisgjald	kr 4.800

10. gr.

Almenn ákvæði.

1. Innflutningur og sala fjarskiptatækja er háð samþykki Fjarskiptaftirlitsins. Innflytjendur og innlendir framleiðendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum.

2. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Fjarskiptaftirlitinu skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o.fl. Fyrir hvert leyfi komi ákveðið gjald samkvæmt gjaldskrá þessari. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

3. Fjarskiptaftirlitið hefur eftirlit með notkun radiótækja. Talstöðvar í flugvélum, skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimil að koma með þær til skoðunar.

Óheimilt er að brenna sinu nema á jörðum sem eru í ábúð eða nýttar af ábúendum lögbýla og þá samkvæmt leyfi sýslumanns.

2. gr.

Aldrei má brenna sinu þar sem almannahætta stafar af eða af getur hlotist tjón á náttúruminum, fuglalífi, mosa, lyng- eða trjágróðri og mannvirkjum.

Tímamörk til sinubrennu.

3. gr.

Eftir 1. maí ár hvert er hvarvetna óheimilt að brenna sinu og leyfi til sinubrennu gilda aðeins til þess tíma.

Telji sýslumaður að veðráttu eða snjóalög hafi hamlað sinubrennu fyrir 1. maí getur hann að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið þó veitt leyfishöfum, sbr. 4. gr., heimild til að brenna sinu til 15. maí. Sækja þarf um slíka heimild til sýslumanns hverju sinni og skal hann halda skrá yfir veitt leyfi.

Leyfi til sinubrennu.

4. gr.

Sýslumaður getur veitt ábúendum lögbýla leyfi til að brenna sinu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Takmörk þess svæðis sem fyrirhugað er að brenna sinu á skulu vera vel skilgreind.
2. Innan 200 m fjarlægðar frá mörkum svæðisins skulu ekki vera mannvirki, náttúruminjar, mosi, lyng, trjágróður eða ræktun sem eldur getur spillt eða grandað.
3. Varp fugla skal ekki vera hafið á svæðinu eða umhverfis það í minna en 200 m fjarlægð.
4. Jarðvegur og gróðursvörður skal ekki vera svo þurr að hætta sé á að eldur valdi tjóni.

Umsókn um leyfi til sinubrennu.

5. gr.

Umsókn um leyfi til sinubrennu skal fylgja vottun viðkomandi héraðsráðunautar, náttúruverndarnefndar eða gróðurverndarnefndar um að skilyrðum 1. og 2. tölulíðar 4. gr. sé fullnægt.

Ef þess er óskað getur sýslumaður veitt leyfi til sinubrennu til allt að þriggja ára í senn enda sé skilyrðum 4. gr. fullnægt í hvert skipti sem brennt er.

Sýslumaður getur afturkallað leyfi til sinubrennu um stundarsakir, t.d. ef viðkomandi slökkviliðsstjóri telur hana viðsjárverða vegna veðurs eða annarra mikilvægra ástæðna. Jafnframt getur sýslumaður afturkallað leyfi til sinubrennu ef viðkomandi leyfishafi hefur ekki fylgt skilyrðum sem sett eru með reglugerð þessari og lögum nr. 61/1992.

6. gr.

Framkvæmd sinubrennu.

Leyfishafi skal tilkynna viðkomandi slökkviliðsstjóra með a.m.k. sex tíma fyrirvara í hvert skipti sem hann hyggst brenna sinu á því svæði sem hann hefur leyfi til. Á sama hátt skal hann tilkynna nágrönnum og eigendum eða umsjónarmönnum mannvirkja og lands, sem

liggja í innan við 1000 m fjarlægð frá mörkum þess svæðis sem brenna skal, um fyrirhugaða brennu með sama fyrirvara.

Leyfishafi ber ábyrgð á framkvæmd sinubrennu. Hann skal hafa stöðuga gát á sinueldinum og útbreiðslu hans og hafa yfir að ráða mannafla og tækjum til að halda eldinum innan þeirra marka sem honum voru í upphafi sett og leyfið tekur til.

Um elda á víðavangi.

7. gr.

Óheimilt er að kveikja eld á víðavangi þar sem almannahætta getur stafað af eða hætt er gróðri, dýralífi eða mannvirkjum.

Skylt er hverjum þeim sem ferðast um að gæta ýtrustu varkárni í meðferð elds.

Þar sem eldur er gerður á víðavangi til annars en að brenna sinu skal um hann búið í sérstöku eldstæði eða hann kveiktur á þess konar undirlagi að tryggt sé að hann breiðist ekki út eða sviði gróður eða jarðveg. Eld skal slökkva tryggilega eða gæta þess að hann sé að fullu kulnaður áður en eldstæðið er yfirgefið.

Sá sem verður þess var að eldur er laus á víðavangi skal svo fljótt sem auðið er gera umráðamanni lands eða hlutadeigandi yfirvaldi aðvart.

Um viðurlög og gildistöku.

8. gr.

Sá sem veldur tjóni með sinubrennu eða meðferð elds á víðavangi þannig að saknæmt sé ber fébótaábyrgð á því tjóni sem af hlýst.

9. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum.

11. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 61/1992 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisstjórnuneytið, 6. apríl 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1370 frá 7. apríl 1993 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík, og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 6. apríl 1993.

F. h. r.

Atli Freyr Guðmundsson.

Steinunn Bjarmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 – 1993

26. mars 1993

305

Nr. 159

REGLUGERÐ um holræsagjöld í Garðabæ.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem holræsalignir liggja, skal greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs Garðabæjar.

2. gr.

Af öllum fasteignum, er falla undir 1. gr. gjaldskrár þessarar, skal greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0,07% af heildarfasteignamati fasteignarinnar, þ.e.a.s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar. Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald, eigi virt fasteignamatsvirðingu og ákveður þá bæjarráð fjárhæð gjaldsins. Við ákvörðun holræsagjalds samkvæmt þessari málsgrein, skal hafa hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða af eigninni fullfrágenginni.

3. gr.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

4. gr.

Holræsagjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og skal innheimta með sama hætti og fasteignagjald.

5. gr.

Húseigandi og lóðarhafi, lóðareigandi, ef um eignarlóð er að ræða, bera ábyrgð á greiðslu holræsagjalds, og er gjaldið tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum.

6. gr.

Reglugerð þessi skal taka gildi við álagningu holræsagjalds árið 1994.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20 júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. mars 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUR

um sumardvalarheimili barna og sumarbúðir.

1. gr.

Skilgreining. Stofnun - rekstur.

Sumardvalarheimili telst hvert það heimili, sem tekur 6 börn eða fleiri til sumardvalar, gegn gjaldi. Börn starfsfólks heimilisins 12 ára og yngri, sem þar búa, teljast með sumardvalar börnum.

Félagsmálaráðuneytið veitir leyfi til að stofna eða reka sumardvalarheimili að uppfylltum þeim skilyrðum er í þessum reglum greinir. Óheimilt er að hefja starfrækslu þessa fyrr en ráðuneytið hefur gefið út leyfisbréf, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Sama gildir um stofnun og rekstur sumarbúða, að því leyti sem við á, en aðalmunur á þeim og sumardvalarheimilum er sá, að sumarbúðir eru að öðru jöfnu ætlaðar fyrir fleiri börn, er dvelja í skamman tíma, t.d. 1 - 2 vikur í senn, og þar er börnum oftlega skipt í flokka.

2. gr.

Umsóknir.

Umsóknir um leyfi til að stofna eða reka sumardvalarheimili/sumarbúðir skulu sendar félagsmálaráðuneytinu á þar til gerðu eyðublaði fyrir 1. maí ár hvert.

Í umsókn skal greina:

1. Nafn ábyrgðarmanns, kennitölu, menntun, núverandi starf, heimilisfang, heima- og vinnusíma.
2. Nafn forstöðumanns ef hann er annar en ábyrgðarmaður. Sömu upplýsingar skulu koma fram um forstöðumann og taldar eru í 1. tölu.
3. Um hvað er sótt, stofnun/rekstur sumardvalarheimilis/sumarbúða, heiti þess/þeirra og staðsetningu.
4. Fjölda starfsfólks, verkaskiptingu þeirra ef um það er að ræða, s.s umönnun barna, hreingerningar, matseld o.s.frv.
5. Tímabil sem sumardvalarheimili/sumarbúðir munu starfa.
6. Aldur dvalarbarna, fjöldi þeirra og dvalartíma í senn.
7. Lýsingu á markmiðum, uppeldisstarfi og viðfangsefnum, sem börnum eru ætluð, meðan á dvöl þeirra stendur.

3. gr.

Umsagnir og vottorð.

Umsókn skal fylgja:

1. Almennar upplýsingar um starfsferil ábyrgðarmanns/forstöðumanns, menntun hans og reynslu af starfi með börnum.
2. Sakavottorð ábyrgðarmanns/forstöðumanns.
3. Umsögn héraðslæknis/heilbrigðisfulltrúa, þar sem fram komi:
 - a) Lýsing á húsnæði og mat lagt á ástand þess, s.s. upphitun, snyrtiaðstöðu, almennt hreinlæti, húsrými, m.a. til innileikja, þegar veður hamlar útivist, og annað í því sambandi, sem að dómi þeirra skiptir máli,
 - b) mat á hver sé hæfilegur fjöldi barna í húsnæðinu miðað við gildandi reglur,
 - c) hvort nokkur sérstök slyshætta sé í nærliggjandi umhverfi,
 - d) hvort önnur starfsemi fari fram á staðnum.
4. Vottorð slökkviliðsstjóra í viðkomandi sveitarfélagi um að brunavarnir í húsnæði séu í lagi.

4. gr.

Leyfisveiting.

Pegar ráðuneytinu hefur borist umsókn, sbr. 1. mgr. 2. gr., skal það senda hana til umsagnar barnaverndarnefndar þar sem sumardvalarheimilið/sumarbúðirnar verða starfræktar, ef hún á ekki hlut að rekstrinum.

Að fenginni umsögn barnaverndarnefndar gefur ráðuneytið út tímabundið leyfisbréf uppfylli umsókn skilyrði reglna þessara að mati ráðuneytisins.

Að jafnaði skulu leyfisbréf gefin út til eins árs. Hafi ráðuneytið veitt rekstrarleyfi til lengri tíma en eins árs, skulu umsækjendur, áður en starfsemi hefst að nýju, gera ráðuneytinu grein fyrir öllum breytingum á starfseminni á milli ára, svo sem varðandi fjölda barna eða starfsmanna, starfsmannahaldi, húsnæði o.s.frv. Þá getur ráðuneytið óskað eftir endurnýjun vottorða eða umsagna, ef ástæða þykir til.

5. gr.

Húsnæði.

Húsnæði skal fullnægja eftirfarandi lágmarksskilyrðum:

- a) Að jafnaði skulu ekki vera fleiri en sex börn í svefnherbergi, nema þar sem sérstakir svefnsalir eru í sumarbúðum,
- b) hvert barn skal sofa í sér rúmi. Börn skulu ekki sofa í svefnpokum ef dvalartími er lengri en hálfur mánuður,
- c) sumardvalarbörn skulu ekki sofa í svefnherbergjum heimilisfólks,
- d) í svefnherbergjum mega ekki vera hlaðrúm nema hæð herbergisins sé 2,50 m eða meira. Aldrei má vera nema eitt háarúm yfir hverju rúmi.
- e) ekki má sofa í borðstofu eða öðrum herbergjum, sem börn eða starfsfólk (heimilisfólk) nota sameiginlega,
- f) eitt vatnssalerni skal að jafnaði vera fyrir hver tíu börn og hæfilegur fjöldi baða miðað við fjölda barna og lengd dvalartíma.

6. gr.

Aldur sumardvalarbarna.

Eigi er heimilt að taka yngri börn en 6 ára til dvalar á sumardvalarheimili eða í sumarbúðir. Þó skal heimilt að taka yngri börn, ef sérstakar aðstæður barns mæla með því, að fengnu samþykki barnaverndarnefndar, enda séu þá gerðar auknar kröfur um fjölda starfsfólks og sérþekkingu þess í meðferð ungra barna.

7. gr.

Heilbrigðisvottorð sumardvalarbarna.

Þeim sumardvalarbörnum sem eiga við einhvers konar veikindi að stríða, skal fylgja læknisvottorð, þar sem fram komi hvers eðlis veikindi barnsins eru og fyrirmæli gefin um meðferð, lyfjagjöf o.s.frv. Skulu þeir sem reka heimilin óska eftir því við forráðamenn barna að slík vottorð séu látin í té þegar við á.

8. gr.

Ábyrgð gagnvart sumardvalarbörnum.

Starfsmenn skulu haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við þarfir dvalarbarna og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og uppeldi hvers og eins. Barnaverndarnefnd í því umdæmi, þar sem heimili er rekið, ber að veita starfsmönnum upplýsingar og leiðbeiningar um þessi efni, ef nauðsyn krefur.

Aldreí má beita dvalarbörn líkamlegum eða andlegum refsingum.

Sumardvalarbörn skulu vera undir eftirliti starfsmanna úti og inni. Forstöðumaður ber ábyrgð á dvalarbörnum frá því heimilið tekur við þeim af foreldrum og þar til þau eru komin í umsjá foreldra sinna að nýju.

Þeim sem annast flutning barna að heimilinu eða frá, skal gert skylt af ábyrgðarmanni heimilisins að sjá svo um að gætt sé fyllsta öryggis við flutninginn og að aðbúnaður barnanna við flutninginn sé sem bestur.

9. gr.

Starfsmannahald.

Í umsjá hvers starfsmanns skulu ekki vera fleiri en sex börn séu þau á aldrinum 6-12 ára. Átta börn mega vera á hvern starfsmann séu þau eldri en 12 ára. Starfsmönnum á aldrinum 15-17 ára skulu ekki ætluð fleiri en fjögur börn í sinni umsjá og þá undir nánu eftirliti fullorðins starfsmanns. Ungmenni yngra en 15 ára telst ekki til starfsmanna.

Í skipulögðum sumarbúðum teljast þeir til starfsmanna, sem starfa að sérverkefnum, s.s. þvotti, hreingerningum og matseld og eru eldri en 15 ára.

Séu börn á sumardvalarheimili eða í sumarbúðum tuttugu eða fleiri, skulu starfsmenn með uppeldismenntun og/eða reynslu af slíku starfi, einn eða fleiri, eftir ákvörðun félagsmálaráðuneytisins, starfa á heimilinu.

10. gr.

Eftirlit.

Barnaverndarnefnd skal gæta þess að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur sumardvalarheimili eða sumarbúðir en þau sem hafa hlotið leyfi ráðuneytisins.

Barnaverndarnefnd ber að fylgjast vandlega með högum og aðbúnaði barna, sem dvelja á sumardvalarheimili eða í sumarbúðum í umdæmi hennar, og heimsækja það/þær eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en tvisvar á sumri hverju.

Forstöðumanni er skylt að afhenda eftirlitsmanni barnaverndarnefndar allar upplýsingar um starfsemi sumardvalarheimilis/sumarbúða, sem óskað er eftir, s.s. skrá yfir starfsmenn. Að heimsókn lokinni skal eftirlitsmaður gefa barnaverndarnefnd umsögn um starfsemina.

Teljji barnaverndarnefnd að meðferð barns/barna á sumardvalarheimili eða í sumarbúðum sé óhæfileg eða rekstri sumardvalarheimilis/sumarbúða á annan hátt ábótavant skal hún leitast við með leiðbeiningum og áminningum að bæta úr því sem áfátt er. Komi það ekki að haldi skal barnaverndarnefnd leggja málið fyrir félagsmálaráðuneytið. Fáí ráðuneytið ekki úr bætt getur það svipt heimilið rétti til áframhaldandi rekstrar.

Ráðuneytið getur krafðið barnaverndarnefnd um skýrslu um eftirlit með sumarbúðum og sumardvalarheimilum í umdæmi hennar.

11. gr.

Brot á reglum.

Brot á framanskráðum reglum geta valdið leyfissviptingu.

Ef uppvíst verður um starfrækslu sumardvalarheimilis/sumarbúða án tilskilins leyfisbréfs er barnaverndarnefnd rétt að snúa sér til lögregluþyrvalda og krefjast lokunar. Þá getur félagsmálaráðuneytið óskað slíkrar lokunar þegar sérstaklega stendur á.

12. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með skírskotun til laga nr. 58/1992 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 145/1986.

Félagsmálaráðuneytið, 6. apríl 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Línadal.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 1993

15. apríl 1993

309

Nr. 161

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af nokkrum landbúnaðarvörum vegna sérstaks samkomulags milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu.

1. gr.

Samkvæmt sérstöku samkomulagi milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um niðurfellingu tolla af tilteknum landbúnaðarvörum, sem undirritað var 2. maí 1992, fellur niður tollur af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum frá og með 15. apríl: 0603.1001, 0702.0001, 0703.1001, 0703.2000, 0705.1101, 0707.0001, 0709.2000, 0709.3000, 0709.6002, 0709.9009, 0710.2900, 0710.8001, 0712.9009, 2401.1000, 2401.2000, 2401.3000.

Ofangreind niðurfelling tolla tekur til allra vara sem teljast upprunnar innan Efnahagsbandalags Evrópu samkvæmt ákvæðum samkomulagsins um upprunareglur.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 1. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og tekur til allra vara sem voru ótollafgreiddar 15. apríl 1993.

Fjármálaráðuneytið, 15. apríl 1993.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 137 14. apríl 1992 um Stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tekjur sjóðsins skulu vera ákveðin upphæð, allt að 20% af kaupverði tímgunarhæfra hrossa, fósturvísa og sæðis, sem flutt er úr landi. Landbúnaðarráðherra skal auglýsa upphæðina árlega að fengnum tillögum Félags hrossabænda og Búnaðarfélags Íslands, sem byggð skal á kynbótamati samkvæmt dómum um byggingu og hæfileika, svo og ætterni viðkomandi hrossa, þar með talið sæðisgjafa eða kynforeldra fósturvísa. Útflytjendur hrossa, sæðis og fósturvísa skulu standa skil á þessum gjöldum til Búnaðarfélags Íslands eigi síðar en þremur mánuðum eftir útflutning og skulu þeir setja tryggingu sem stjórn Búnaðarfélags Íslands metur gilda.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 15. gr. búfjárræktarlaga nr. 84/1989 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. apríl 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Þorlákshafnar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Þorlákshafnar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það magn, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns, skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september - 31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

- a) Samkvæmt magnhemli kr. 1.675,00
fyrir hvern mínútulíttra á mánuði.
- b) Samkvæmt vatnsmæli kr. 84,20
fyrir hvern rúmmetra vatns.

Í sérstökum tilfellum, þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/ eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og selt heitt vatn samkvæmt lið c:

- c) Til annars en húshitunar kr. 30,50
samkvæmt vatnsmæli pr. m³.

5. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna), þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota, en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur 1/30 af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu, samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrri notkun.

Hitaveitan stillir hemil, þegar fullur hiti er kominn á vatnið.

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafín sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafín sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslur fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr., er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins sem eftir eru.

7. gr.

Heimæðargjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðargjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbylum nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálf gjald. Heimæðargjöld eru miðuð við þátttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukefis hitaveitunnar.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

Af öllu húsnæði sem tengist hitaveitunni skal reiknað heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 41.922 + 45.70 \times V$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

Þegar lögn heimæðar er lokið er heimæðargjalðið gjaldkræft. Af viðbyggingum og nýbyggingum á lóð þar sem ekki þarf nýja heimæð er gjaldið gjaldkræft þegar byggingarleyfi er veitt.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný samsvara orkugjaldi fyrir einn mínútulíttra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitunnar er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-hæð og skulu greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöld eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

10. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrá þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 397, 23. ágúst 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 1. apríl 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.Steinunn Bjarman.**GJALDSKRÁ****Rafmagnsveitna ríkisins.****I. SMÁSALA.***Gjaldskrárlíðir.*

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	6,32 kr/kWh
Fastagjald F1	3 530,00 kr/ári

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð.

Orkugjald	6,32 kr/kWh
Fastagjald 3xF1	10 590,00 kr/ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald	6,92 kr/kWh
Fastagjald F1	3 530,00 kr/ári

A.4 Blönduð notkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

Orkugjald	4,28 kr/kWh
Fastagjald 4xF1	14 120,00 kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til búreksturs samkv. öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafli 4 kW, hámarksafli 50 kW.

Orkugjald af allri notkun (húshitun)	2,54 kr/kWh
Aflgjald (lágmark 4 kW)	6 090,00 kr/kWh/ári
Fastagjald 3xF1	10 590,00 kr/ári
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	6,32 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

B.1 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun. Lágmarksafli 15 kW.

Orkugjald sumar (1. maí til 30. sept.)	1,89 kr/kWh
Orkugjald vetur (1. okt. til 30. apríl)	2,97 kr/kWh
Aflgjald sumar (1. apríl til 31. október)	570,00 kr/kWh/mán
Aflgjald vetur (1. nóv. til 31. mars)	1 140,00 kr/kWh/mán
Fastgjald	32 000,00 kr/ári

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Orkugjald	1,71 kr/kWh
Aflgjald	2 870,00 kr/kWh/ári

C.1/D.1 Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2x1,5 klukkustund á dag.

Orkugjald	3,44 kr/kWh
Fastagjald F3	13 310,00 kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

C.2/D.2 Næturhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 7.00 til 23.00.

Orkugjald	2,33 kr/kWh
---------------------	-------------

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

D.3 Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadælur o.fl. Hámark uppsetts afls er 200 kW.

Orkugjald 1. maí til og með 30. sept.	3,44 kr/kWh
Orkugjald 1. okt. til og með 30. apríl	4,80 kr/kWh
Fastagjald F3	13 310,00 kr/ári

H1/H2 Hitaveita R/O.

Orkugjald	2,44 kr/kWh
Sérstakur afsláttur til íbúðarhúsa	0,12 kr/kWh
Vatnsgjald	32,10 kr/tonn
Fast gjald	11 600,00 kr/ári

Sjá kafla um niðurgreiðslur.

H.3/H.31/H.4 Hitaveita Siglufirði.**H.3 Hitun um rennismæli**

Vatnsgjald	117,00 kr/m ³
Fast gjald	1 872,00 kr/ári
H.31 Hitun um hemil	
Fast gjald skv. stillingu hemils	30 700,00 kr/mín/ári
H.4 Hitun húsnæðis um rennismæli:	
Vatnsgjald	78,00 kr/m ³
Fast gjald	11 600,00 kr/ári

Sala um hemil (H.31) var lögð niður í febrúar 1992 og við tók taxti H.4. Viðskipti um H.31 eru aðeins í undantekningartilfellum þar til breytingu á sölukerfi er að fullu lokið.

S.1 Sumartaxti.

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lágmarksafli 75 kW á mánuði.

Orkugjald	1,89 kr/kWh
Aflgjald	355,68 kr/kW/mán

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

Mælaleiga.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

Einfasa mæla	674,00 kr/ári
Prífasa mæla	2 652,00 kr/ári

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindum verðum, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun RARIK hverju sinni.

Innheimta og lokun.

Innheimtugjald: Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu	870,00 kr
Opnunargjald: Gjald fyrir aðgerðir vegna lokunar og/eða opnunar veitu vegna vanskila er	3 480,00 kr

Gjald vegna varatengingar.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.

- 1.1 Í hverju tilviki fyrir sig, skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst, greiðir notandinn að fullu.
- 1.2 Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað, greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ.e. af línulögn, spennu, strengjum o.s.frv.
- 1.3 Notandi greiðir fyrir varatenginguna, óháð orkunotkun, fast gjald á ári, sem samsvarar afgangi á marktaxta fyrir 4 kW að viðbættu föstu gjaldi marktaxtans. Fyrir hverja kWh sem notuð er, skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

Niðurgreiðslur og afsláttur.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Rafmagnsveitur ríkisins veita ennfremur fyrst um sinn, sérstakan afslátt til þeirra sem nota raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30.000 kWh á ári samkvæmt lið C.1 og H.1 og 42.000 kWh á ári samkvæmt lið A.5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið.

Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C.1 Rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 83 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,12 kr/kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,26 kr/kWh.

Liður A.5 Markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 115 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,80 kr/kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,185 kr/kWh.

Liður H.1 Hitaveita

Niðurgreidd er orka sem er allt að 83 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,04 kr/kWh. Sérstakur afsláttur rafmagnsveitnanna er 0,12 kr/kWh.

Liður C.2 Næturhitun

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C.2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,64 kr/kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,26 kr/kWh.

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Utanhússlýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað. Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla með rafhitun samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir sérmældir gjaldskrárlíðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskýlt afl hvers almanaksmánaðar er hæsta gildi afls viðkomandi reikningstímabils milli reglulegra álestra. Álestur er mánaðarlega, að jafnaði sem næst mánaðamótum. Vetrargjald afls er á tímabilinu 1. nóvember til 31. mars. Á öðrum tíma gildir sumarverð afls. Vetrarverð orku gildir á tímabilinu 1. október til 30. apríl. Á öðrum tíma gildir sumarverð orku.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október, og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárlíðum utan þess tímabils. Aflgjald er samkvæmt mælingu við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fer fram að jafnaði sem næst mánaðamótum. (Taxti þessi fellur niður á árinu 1993).

5. Véla- og tækjanotkun.

Ef úttekið launafll hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafist notanda um sérstakt gjald fyrir launafll sé framangreint hlutfall yfir 50% (fasviksstuðull undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafll umfram framangreint hlutfall nemur hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfínanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárlíða o.fl.

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárlíði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennafll er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárlíðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

Heimilt er að takmarka veitingu gjaldskrárlíða við aflmælingu, ef orkunotkun fer yfir 200.000 kWh/ári á töxtum A.1 til A.4.

II. HEILDSALA TIL ALMENNINGSVEITNA.

1. Skilgreining.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til eftirtalinna aðila:

Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Hveragerðis, Selfossveitna, Hitaveitu Eyra og Bæjarveitna Vestmannaeyja.

2. Rafmagnsgjald.

Aflgjald	9 412,70 kr/kW/ári
Vetrargjald orku	2,074 kr/kWh
Sumargjald orku	1,037 kr/kWh
Tengingjald	317 840,00 kr/ári

3. Söluskilmálar.

3.1 Afslala.

Við útreikning á sölutoppi til uppgjors á ári hverju skal fyrst fundinn hæsti álagstoppur hvers almanaksmánaðar, mældur sem 60 mínútna sammælt meðalág á afhendingarstað (stöðum). Fjórir hæstu fyrrgreindra tólf álagstoppa koma til uppgjors. Sölutoppur ársins telst útreiknað meðaltal þessara fjögurra toppa. Þessi grein gjaldskrár gildir ekki ef heimild til sérsamnings, sbr. 4. grein, er nýtt.

3.2 Tímabil orkugjald.

Vetrargjald gildir tímabilin:

1. janúar – 30. apríl
1. október – 31. desember
1. maí – 30. september

Sumargjald gildir tímabilið:

4. Sérsamningar um aflsölu.

Rafmagnsveitunum og hverri einstakri veitu fyrir sig er heimilt að gera með sér sérstakan samrekstrarsamning. Í samningi þessum komi fram á hvern hátt sölutoppur skuli ákveðinn ásamt öðrum þeim atriðum sem aðilar koma sér saman um og varða samrekstur. Ákvæði samnings þessa mega þó í engu breyta þeim ákvæðum sem fram koma í gjaldskrá þessari að undanskildri grein 3.1.

5. Mánaðargreiðslur.

5.1 Afslala og tengigjald.

Í upphafi árs áætla Rafmagnsveiturnar, í samráði við kaupanda, sölutopp komandi árs. Áætluð árgreiðsla fyrir afl- og tengigjald skal síðan reiknuð út frá gildandi gjaldskrá. Mánaðargreiðsla telst $\frac{1}{2}$ hluti árgreiðslunnar nema desembergreiðslan sem er útreiknuð lokagreiðsla ársins. Mánaðargreiðslurnar teljast innborganir.

Við gjaldskrárbreytingar skulu þær mánaðargreiðslur sem ekki eru fallnar í gjalddaga taka sömu hlutfallslegu breytingum og gjaldskráin. Við lokauppgjör í árslok skal reikna með einingarverðum í réttu hlutfalli við dagafjölda verðtímabila. Frá þannig reiknaðri árgreiðslu dragast gjaldfallnar innborganir og mismunurinn telst mánaðargreiðsla desember.

5.2 Orkusala.

Mánaðargreiðsla fyrir orku miðast við melda orkunotkun í mánuðinum og gildandi einingarverð. Séu fleiri en eitt einingarverð í gildi innan mánaðarins skal reikna í réttu hlutfalli við dagafjölda.

6. Greiðsluskilmálar.

Mánaðargreiðslur fyrir janúar falla í gjalddaga síðasta dag febrúar og þannig koll af kalli fyrir aðra mánuði. Ef ekki er greitt á gjalddaga, reiknast fullir vanskilavextir frá honum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni.

GJALDSKRÁ FYRIR ÓTRYGGÐA ORKU.

1. Almenn.

Um viðskipti þessi gilda almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins um sölu ótryggðrar orku frá 1. janúar 1991.

2. Rafmagnsgjald.

Fast gjald	120 390,00 kr/ári
1. verðþrep	1,024 kr/kWh
2. verðþrep	1,325 kr/kWh
3. verðþrep	1,904 kr/kWh

3. Samningur.

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Rafmagnsveitna ríkisins og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða.

ALMENNIR SKILMÁLAR RAFMAGNSVEITNA RÍKISINS UM SÖLU VÍKJANDI ORKU.

1. Almenn skilyrði.

Víkjandi orka er rjúfanleg forgangsraka. Hana má selja í stað annarra orkugjafa eða þegar um er að ræða framleiðslu eða starfsemi sem lagst getur niður tímabundið meðan rofið er. Víkjandi orka er ætluð:

a) Þeim sem kost eiga á ótryggðri orku en treysta sér ekki til að undirgangast þau skilyrði um langtímarof sem henni fylgja.

b) Þeim sem kost eiga á kaupum samkvæmt smásölugjaldskrá, sbr. þær takmarkanir sem þar koma fram, til nota hvar rof á hæstu álagstímum getur talist eðlilegur viðskiptamáti; hér er einkum átt við ýmis konar hitun og lýsingu í gróðurhúsum.

Sala á víkjandi orku er háð samþykki Rafmagnsveitna ríkisins í hverju tilviki.

Uppsett afl þess búnaðar, sem nýtir víkjandi orku, skal að lágmarki vera 100 kW eða áætluð ársnotkun að lágmarki 500 MWh.

2. Afhending víkjandi orku.

Stýritími er sá tími þegar stýring aflkaupatopps frá Landsvirkjun er virk. Framkvæmd er í höndum stjórnstöðvar Rafmagnsveitna ríkisins sem kemur boðum um stýritímamann til viðskiptavina.

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að skerða afhendingu:

a) Á stýritíma Rafmagnsveitna ríkisins.

b) Vegna afltakmarkana, truflana eða bilana í veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins til að koma í veg fyrir yfirálag.

Enginn fyrirvari er á rofi vegna tilviks a) en eigi skemmri en ein klukkustund vegna b) ef mögulegt er.

Heimilt er Rafmagnsveitum ríkisins að leyfa afhendingu orku á stýritíma gegn gjaldi sem nemi 110% af refsigjaldi (umframafgjaldi) Landsvirkjunar eða 110% af áætluðum framleiðslukostnaði með dísilvélum vegna álagsstýringar á hverjum tíma.

3. Mæling og rofabúnaður.

3.1 Mælabúnaður

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp mælabúnað sem við á og þær samþykkja til mælingar á orku.

Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal mæld á einum stað og á einum mæli.

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að ákveða að búnaður, hjá öllum notendum, skuli þannig gerður, að hægt sé á sjálfvirkan hátt um símakerfið eða á annan sambærilegan hátt að lesa mælingar á 60 mínútna meðalálagi.

3.2 Rofabúnaður

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, rofabúnað sem þær samþykkja til rofs á afhendingu orkunnar

Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal vera rjúfanleg á einum rofa.

3.3. Fjarstýring rofabúnaðar

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, búnað sem tengist fjarstýrikerfi þeirra og getur:

- a) Rofið afhendingu.
- b) Gefið til kynna hvort rof heppnast eða ekki.
- c) Gefið til kynna stöðu rofa á hverjum tíma.

Fjarstýring Rafmagnsveitna ríkisins skal virka á einn rofa, sbr. grein 3.2, en kaupandi skal setja upp búnað til innsetningar í áföngum ef þurfa þykir.

Sé heimildin til afhendingar orku á stýritíma nýtt, sbr. 2. grein, skuldbindur kaupandi sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, þann viðbótarbúnað sem til þarf.

4. Gildistími.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. janúar 1993 og gilda þar til annað verður ákveðið.

GJALDSKRÁ FYRIR VÍKJANDI ORKU.**1. Almenn.**

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins um sölu víkjandi orku frá 1. janúar 1993.

2. Rafmagnsgjald.

Fast gjald	120 390	kr/ári
Vetrargjald orku	2,683	kr/kWh
Sumargjald orku	1,737	kr/kWh

Um gjald fyrir orku sem afhent er á stýritíma vísast í framangreinda skilmála.

3. Tímabil orkugjalda.

Vetrargjald gildir tímabilin:	1. janúar – 30. apríl
	1. október – 31. desember
Sumargjald gildir tímabilið:	1. maí – 30. september

III. TENGIGJÖLD.**1. Þéttbýli.**

Tengigjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengdum veitusvæðum rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1.1 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.2 Aðalheimtaugar. Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur/gerð		
63 A einfasa:	kr	71 800,00
63 A þrífasa:	kr	79 000,00
100 A þrífasa:	kr	124 800,00
200 A þrífasa:	kr	249 600,00

315 A þrífasa:	kr	393 100,00
400 A þrífasa:	kr	499 200,00
630 A þrífasa:	kr	786 200,00
710 A þrífasa:	kr	886 100,00
1200 A þrífasa:	kr	1 498 000,00

- 1.3 *Staðsetning.* Leitað skal samþykkis rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.
- 1.4 *Aukakostnaður.* Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.
- 1.5 *Spennistöð.* Þurfi að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið – uppstept – er lagt til Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.
- 1.6 *Breyting á heimtaug.* Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð eða færð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram. Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati Rafmagnsveitnanna.
- 1.7 *Bráðabirgðaheimtaugar.* Grunn gjald er eftirfarandi:

Málstraumur/gerð

63 A einfasa:	kr	11 200,00
63 A þrífasa:	kr	15 700,00
100 A þrífasa:	kr	17 200,00

Auk grunngjalds skal greiða kostnað við framkvæmd verks og leigu efnis samkvæmt kostnaðaráætlun, sem miðast við aðstæður hverju sinni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu. Fyrir orkunotkun skal greiða samkvæmt taxa A2 eða A4, eftir því hvort um rafhitun er að ræða eða ekki.

- 1.8 *Frávik.* Kafli þessi gildir um skipulögð hverfi í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða tengigjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugarbreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðarreikningi eða eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

2. Dreifbýli.

- 2.1 Íbúðarhús, kirkjur, skólar, atvinnuhúsnæði og þ.h.
Tengigjaldið skal vera:

Fyrir hverja heimtaug:	kr	130 000,00
------------------------	----	------------

Tengigjaldið er miðað við, að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar.

- 2.2 Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem heimtaugar-

lengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 2.1, skulu tengigjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

3. Sumarbústaðahverfi.

3.1 *Tengigjald í skipulögðu sumarhúsahverfi skal vera sem hér segir:*

Fyrir hverja heimtaug:	kr	162 000,00
------------------------	----	------------

Tengigjaldið miðast við 5 kVA afl í spennistöð fyrir hvert hús. Sé um meira afl að ræða bætist við gjald samkvæmt kostnaði. Þetta tengigjald gildir innan hverfisins, sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

- 3.2 Um sé að ræða *skipulögð hverfi*. Með skipulögðu hverfi er átt við afmarkað svæði, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:2000, staðfestur af skipulagi ríkisins. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.
- 3.3 *Eftirlit*. Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeygenda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis, uppsetningar nauðsynlegs búnaðar og allan eðlilegan umgengnisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.
- 3.4 *Fjöldi*. Í upphafi þurfa a.m.k. 5 bústaðir að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp. Meðallengd heimtauga frá stofndreifikerfi fari ekki yfir 120 m. Umframlengd greiðist samkvæmt kostnaði.
- 3.5 *Lega heimtaugar* frá lágspennudreifikerfi að bústað skal ákveðin í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðamarka og annast frágang í samræmi við teikningu frá Rafmagnsveitum ríkisins nr. 4.3207.46.
- 3.6 *Lengd háspennulínu* sem leggja þarf að sumarhúsaðhverfi, má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð.
- 3.7 *Uppbygging*. Sé fyrirsjáanlegt, að mati Rafmagnsveitna ríkisins, að hverfi sem skipulagt hefur verið, komi til með að byggjast seint upp, þá geta Rafmagnsveiturnar krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda hverfisins verði greitt tengigjald, áður en ráðist er í framkvæmdir.

4. Hitaveitur.

Eftirfarandi gildir um R/O hitaveitur Rafmagnsveitna ríkisins og hitaveitu á Siglufirði:

4.1 *Tengigjöld* fyrir hverja heimæð skulu vera háð rúmmáli þess húsnæðis sem hita skal (utanmáli) og eru sem hér segir:

Fyrir hús allt að 400 rúmmetrum:	kr	71 800,00
Fyrir hverja 10 rúmmetra umfram 400:	kr	1 040,00
Hver mælagrind umfram eina:	kr	15 600,00

- 4.2 *Rúmmál*. Við ákvörðun á rúmmálsstærð skal miða við fasteignaskrá. Fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati skal miðað við byggingarteikningar húsa.
- 4.3 *Takmörkun*. Rafmagnsveitunum er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til. Tengigjöld hitaveitu miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.
- 4.4 *Mælagrind*. Hverri heimtaug fylgir ein mælagrind. Greiða skal aukagjald fyrir hverja mælagrind umfram þá fyrstu.
- 4.5 Að öðru leyti en að ofan er greint, gilda sömu skilmálar um orkuviðskipti og í gildi eru fyrir raforkumásölu Rafmagnsveitna ríkisins.

5. Annað.

- 5.1 Tengigjöld fyrir annað, en að framan greinir, svo sem fyrir heimtaugar í einstök sumarhús, veiðihús, o.fl., eru ávallt samkvæmt kostnaði, þó að lágmarki kr. 162.000,00 (201.690,00 m/vsk). Um bráðabirgðaheimtaugar í strjálbýli gilda sömu reglur og í þéttbýli (kafla 1.7).
- 5.2 *Endurtenging*. Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimtaugar. Falli notkun um heimtaug niður í a.m.k. 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald, hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald F.1, auk kostnaðar við endurtengingu.
- 5.3 *Aukaheimtaug*. Að jafnaði er aðeins gert ráð fyrir einni heimtaug fyrir hvern notanda. Sé hins vegar þörf á aukaheimtaug, skal greiða fyrir hana samkvæmt kostnaði hverju sinni, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.
- 5.4 Aðrar breytingar á heimtaugum en þær sem tilgreindar eru í kafla um tengigjöld skulu vera samkvæmt kostnaði hverju sinni.

Öll gjöld sem tilgreind eru í kafla III miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1993, sem er 189,6 stig og breytast í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar gjöldum almanaksársins. Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis nr. 465, 23. desember 1992.

Iðnaðarráðuneytið, 31. mars 1993.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sölu og veitingar áfengis, nr. 425
8. september 1989.

1. gr.

1.-3. mgr. 9. gr. orðist svo:

Á veitingastað þar sem leyfðar eru áfengisveitingar mega þær fara fram frá kl. 12.00 til kl. 23.30 alla daga vikunnar. Áfengisveitingar mega þó fara fram til kl. 02.00 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags, ef heimilt er samkvæmt reglum í hlutaðeigandi sveitarfélagi að hafa veitingastaði þar opna lengur en til kl. 23.30.

Á skemmtistað má veita áfengi eftir þann tíma sem um ræðir í 1. mgr. á dansleikjum og öðrum skemmtunum sem lögreglustjóri leyfir. Með leyfi lögreglustjóra má ennfremur veita áfengi á öðrum tíma í lokuðum samkvæmum og að öðru leyti er sérstaklega stendur á.

Heimilt er að veita áfengi í litlum umbúðum með sjálfsafgreiðslu úr sérstökum skáp (minibar) á gistisherbergi til dvalargesta á gististað, enda eigi ákvæði 16. gr. áfengislaganna ekki við um leigutaka og neysla áfengisins fari ekki fram utan herbergisins.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 551 21. nóvember 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. apríl 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 31 – 1993

21. apríl 1993

325

Nr. 166

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 68, 19. febrúar 1993, um bann við línuveiðum á Húnaflóa.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 68, 19. febrúar 1993, um bann við línuveiðum á Húnaflóa.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. apríl 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

16. apríl 1993

Nr. 167

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 156/1992, um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.

1. gr.

Stafliður a í 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi öikumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977, um öikumæla, með síðari breytingum.

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Pungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Pungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 1000	2.877	9400-9599	8.719
1000-1999	3.577	9600-9799	8.824
2000-2199	3.889	9800-9999	8.929
2200-2399	4.098	10000-10199	9.036
2400-2599	4.310	10200-10399	9.100
2600-2799	4.518	10400-10599	9.167
2800-2999	4.730	10600-10799	9.229
3000-3199	4.940	10800-10999	9.293
3200-3399	5.149	11000-11199	9.360
3400-3599	5.360	11200-11399	9.599
3600-3799	5.571	11400-11599	9.838
3800-3999	5.779	11600-11799	10.075
4000-4199	5.997	11800-11999	10.315
4200-4399	6.173	12000-12199	10.553
4400-4599	6.352	12200-12399	10.754
4600-4799	6.531	12400-12599	10.953
4800-4999	6.710	12600-12799	11.149
5000-5199	6.888	12800-12999	11.348
5200-5399	6.996	13000-13199	11.549
5400-5599	7.106	13200-13399	11.791
5600-5799	7.215	13400-13599	12.034
5800-5999	7.324	13600-13799	12.277
6000-6199	7.433	13800-13999	12.500
6200-6399	7.504	14000-14199	12.764
6400-6599	7.573	14200-14399	12.956
6600-6799	7.683	14400-14599	13.151
6800-6999	7.752	14600-14799	13.346
7000-7199	7.780	14800-14999	13.540
7200-7399	7.840	15000-15199	13.728
7400-7599	7.902	15200-15399	13.954
7600-7799	7.962	15400-15599	14.172
7800-7999	8.023	15600-15799	14.392
8000-8199	8.145	15800-15999	14.612
8200-8399	8.205	16000-16199	14.830
8400-8599	8.266	16200-16399	15.048
8600-8799	8.327	16400-16599	15.267
8800-8999	8.388	16600-16799	15.486
9000-9199	8.509	16800-16999	15.705
9200-9399	8.615		

Sé eigin þyngd bifreiðar 17000 kg eða meira skal vikugjaldið hækka um 219 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd er meiri en 17000 kg. Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir ekki útbúnir viðhlítandi öikumælisbúnaði, sbr. b-lið þessarar greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 16. apríl 1993.

F.h.r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 32 – 1993

327

Nr. 168

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1992.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1992

Tekjur:

	1992	1991
	kr	þús. kr.
Ríkisframlag	1 497 000 000	1 365 800
Landsútsvar	620 748 478	581 554
Tekjur alls	2 117 748 478	1 947 353

Gjöld:

Bundin framlög	644 598 372	542 528
Sérstök framlög	572 592 128	596 544
Jöfnunarframlög	905 875 929	776 309
Laun og launatengd gjöld	3 832 797	3 058
Önnur rekstrargjöld	4 606 373	2 023
Afskriftir	0	2 555
Gjöld alls	2 131 505 599	1 923 016

Tekjur umfram gjöld af reglulegri starfsemi án fjármunatekna	(13 757 121)	24 337
--	--------------	--------

Fjármunatekjur:

Vaxtatekjur	42 512 237	64 964
Vaxtagjöld	(442 856)	(1)
Fjármunatekjur alls	42 069 381	64 963

Tekjur umfram gjöld án óreglulegra tekna	28 312 260	89 301
--	------------	--------

B 23

Steindórsprent Gutenberg hf.

Óreglulegar tekjur:		
Bakfærð framlög	29 000 000	0
Óreglulegar tekjur alls	29 000 000	0
Tekjur umfram gjöld	57 312 260	89 301

Efnahagsreikningur 31. desember 1992

Eignir:

	1992 kr.	1991 þús. kr.
Veltufjármunir:		
Bankareikningur	218 281 030	287 109
Viðskiptakröfur	1 142 402	60
Fyrirfram greiddir skattar	29 043	116
Veltufjármunir alls	219 452 475	287 285
Langtímakröfur:		
Innheimtustofnun sveitarfélaga	0	1 472 905
Langtímakröfur alls	0	1 472 905
Eignir alls	219 452 475	1 760 190

Skuldir og eigið fé:

	1992 kr.	1991 þús. kr.
Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir	23 108 536	148 260
Ógreiddir skattar	6 587	0
Veltufjármunir alls	23 115 123	148 260
Langtímaskuldir:		
Framlagsfé til sveitarfél.	0	1 268 692
Langtímaskuldir alls	0	1 268 692
Eiginfjárreikningur:		
Eigið fé 1. janúar	343 238 810	253 938
Endurmat	(204 213 718)	0
Rekstrarafkoma ársins	57 312 260	89 301
Eiginfjárreikningur alls	196 337 352	343 239
Skuldir og eigið fé alls:	219 452 475	1 760 190

Sjóðstreymi fyrir árið 1992

Framlag rekstrar:

	1992 kr.	1991 þús. kr.
Rekstrarafkoma ársins. skv. rekstrarreikningi	57 312 260	89 301
Afskriftir	0	2 555
	<hr/> 57 312 260	<hr/> 91 855
Breyting liða innan hreins veltufjár:		
(Aukning) minnkun viðskiptakrafna	(1 082 402)	18 608
(Aukning) minnkun fyrirfr. gr. skatta	86 941	(25)
Aukning (minnkun) viðskiptaskulda	(125 151 206)	73 654
Aukning (minnkun) ógr. skatta	6 587	(93)
	<hr/> (126 140 080)	<hr/> 92 144
Lækkun á handbæru fé	(68 827 820)	183 999
Handbært fé í ársbyrjun	287 108 850	103 110
	<hr/> 218 281 030	<hr/> 287 109

Staðfesting ársreiknings

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 1992.

Reykjavík, 29. mars 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

Áritun endurskoðanda:

Ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1992 höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymi og skýringum nr. 1.–12. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenjur og gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1992, efnahag í lok þess árs, og breytingu á handbæru fé á árinu 1992.

Ríkisendurskoðun, 29. mars 1993.

Sigurður Þórðarson.

Sveinn Arason.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í maímánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í aprílmánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

- | | |
|--------------------------|----------------|
| 1. Skreið | Útborgun 4,6% |
| 2. Hörpudiskur | Útborgun 11,0% |

Ofangreindar útborganir eru af reikningum deilda fyrir viðkomandi afurðir úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða einhvers reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurða í maímánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. apríl 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ

um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga.

1. gr.

Aðili sem í atvinnuskyni hefur með höndum fólksflutninga getur sótt um frjálsa skráningu til skattstjóra. Heimild til skráningar samkvæmt reglugerð þessari nær til þeirra sem hafa með höndum fólksflutninga innanlands og flugfélaga og skipafélaga sem eru í reglulegum ferðum á milli landa. Heimildin nær ekki til þeirra sem hafa með höndum leiguakstur fólksbifreiða, sbr. lög nr. 77/1989, um leigubifreiðar.

2. gr.

Aðili sem fengið hefur heimild til frjálsrar skráningar skal innheimta útskatt af fargjöldum vegna fólksflutninga innanlands, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988. Sala á farseðlum vegna ferða á milli landa telst hins vegar ekki til skattskyldrar veltu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

3. gr.

Aðili sem skráður er frjálsri skráningu skv. 1. gr. getur samkvæmt almennum ákvæðum laga nr. 50/1988 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem eftir skráninguna fellur á kaup hans á vörum og þjónustu er varða umrædda starfsemi.

4. gr.

Umsóknir um frjálsa skráningu skal senda skattstjóra í því skattumdæmi þar sem aðili er heimilisfastur.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40 gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 1993. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 493/1992, um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga á milli landa.

Fjármálaráðuneytið, 26. apríl 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

REGLUGERÐ

um útgáfu á 1. flokki húsbrefa 1993 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbrefadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga nr. 76/1989, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbrefadeild, gefi út 1. flokk húsbrefa 1993. Samanlögð fjárhæð húsbrefa í 1. flokki 1993, skal vera að hámarki 4 000 milljónir. Húsbrefin skulu gefin út í fjórum undirflokkum A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbref vera að fjárhæð kr. 5 000 000,00, í undirflokki B kr. 1 000 000,00, í undirflokki C kr. 100 000,00 og í undirflokki D kr. 10 000,00. Vextir í 1. flokki 1993 eru 6% á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbref eru greiðsla húsbrefadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbrefum.

3. gr.

Húsbref skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbrefs. Við eigendaskipti að húsbrefi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbrefs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbref eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtinga-bladi nr. 11 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala aprilmánaðar 1993.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbrefa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. apríl 1993 til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. apríl 1993.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbref þetta að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. júlí 1994. Húsbrefaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. apríl 1994. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbref fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Númer útdreginna húsbrefa skulu birt í Lögbirtingablaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Þau húsbref þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, þann 15. apríl 2018. Húsbref verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbrefa-deildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbrefa fyrnast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbrefa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbrefa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbref eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 76/1989 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988 með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. apríl 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

GJALDSKRÁ**fyrir hundahald í Bolungarvík 1993.**

1. gr.

Gjaldskrá fyrir að halda hund í Bolungarvík, sbr. staflíð c í 2. gr. samþykktar nr. 425/1986 um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað skal vera kr. 10 500 á ári frá 1. mars 1993 til 30. apríl 1994. Í gjaldinu er innifalin hóptrygging og hreinsun.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktar nr. 435/1986 um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað skal vera kr. 4 400 í fyrsta skipti, kr. 8 800 í annað skipti og kr. 13 200 í þriðja skipti frá 1. mars 1993 til 30. apríl 1994.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stöð í staflíð c í 2. gr., sbr. og 6. gr. samþykktar nr. 435/1985, er samin og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur og staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. apríl 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Dögg Pálsdóttir.

GJALDSKRÁ**fyrir hundahald á Suðurnesjum.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. staflíð b í 1. málsg. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987 skal vera kr. 7 500,00 fyrir hvern hund. Eindagi gjaldsins er 1. júní ár hvert.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutadeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausu hunda að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórnnum Keflavíkur, Njarðvíkur, Grindavíkur, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnahrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga um hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. apríl 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Dögg Pálsdóttir.

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjöld á Húsavík.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu eftir þeim reglum sem hér fara á eftir.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með holræsaloðnum, og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

A-gjald vegna nýbygginga skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í vísitöluhúsi, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	3,20%
Parhús	2,60%
Raðhús, keðjuhús	2,00%
Fjölbýli – fjórar íbúðir	1,60%
Fjölbýli – fimm íbúðir eða fleiri	1,20%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	3,60%
Opinberar byggingar	3,60%
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	1,20%
Gripahús	0,80%

Af gömlum húsum sem flutt eru á nýjar lóðir skal greiða 75% af A-gjaldi vegna nýbygginga.

Af kjöllurum og jarðhæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar, svo og bifreiðageymslum, skal greiða hálf gjald. Gjald skal miða við stærð húsa samkvæmt samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miða við eftirfarandi lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

Einbýlishús	500 m ³
Parhús, raðhús, keðjuhús	400 m ³
Fjölbýlishús	300 m ³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,5 m, nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,1-0,5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi. Framangreindar reglur gilda þegar hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. grein skulu breytast til samræmis við breytingar á byggingarvísitölu gefinni út af Hagstofu Íslands. Grunnvísitala reglugerðar þessarar er 187,1 stig.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds skv. 3. grein skulu vera sem hér segir: Innan eins mánaðar frá lóðarveitingu skal greiða 70% af áætluðu gatnagerðargjaldi. Eftirstöðvar álagðs gatnagerðargjalds skulu verðtryggðar samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar frá dagsetningu lóðarveitingar til greiðsludags og skulu greiðast þegar byggingarleyfi er veitt. Heimilt er að veita gjaldfrest á eftirstöðvum í allt að þrjá mánuði.

6. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi á lóð sem þegar hefur verið byggt á er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin við útgáfu byggingarleyfis eftir reglum í samþykkt þessari.

7. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færist í hærra gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Þó skal gjaldið aldrei vera lægra en sem nemur 25% af byggingarkostnaði á einum rúmmetra í vísitöluhúsi sbr. 3. gr. og er það lágmarksgjald fyrir veitt byggingarleyfi eða breytingu á byggingarleyfi.

8. gr.

Byggingarfrestur er samkvæmt byggingarreglugerð gr. 3.4.6., þ.e.a.s. að lóð fellur aftur til bæjarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma er þar greinir. Óski lóðarhafi eftir að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu gatnagerðargjalds.

9. gr.

Bæjarráði er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjöld af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggja til þess fullgild rök hverju sinni. Ennfremur getur bæjarráð ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

10. gr.

B-gjald, sem er gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. grein, þ.e. til að gera slitlag og gangstétt, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í vísitöluhúsi, sbr. 3. gr., eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	2,25%
Parhús	2,00%
Raðhús, keðjuhús	1,75%
Fjölbýlishús – fjórar íbúðir	1,50%
Fjölbýlishús – 5 íbúðir eða fleiri	1,00%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	2,50%
Opinberar byggingar	2,50%
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	1,00%
Gripahús	0,60%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða kr. 17,50 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss og lóðar samkvæmt fasteignaskráningu.

11. gr.

Gjöld samkvæmt 10. grein skulu breytast til samræmis við breytingar á byggingarvísitölu gefinni út af Hagstofu Íslands. Grunnvísitala reglugerðar þessarar er 187,1 stig.

12. gr.

Bæjarráð ákveður gjalddaga gatnagerðargjalds samkvæmt 10. grein, við hverja álagningu. Ganga skal frá greiðslu á eftirfarandi hátt:

1. Með greiðslu að fullu í reiðufé á gjalddaga.
2. Með greiðslu 20% gjaldsins í reiðufé á gjalddaga og 80% með skuldabréfi til allt að 4 ára.

Bæjarráð ákveður lánskjör við hverja álagningu. Skuldabréfin halda lögveði álagðs gjalds í viðkomandi fasteign, ásamt vöxtum og áföllum kostnaði. Heimilt er bæjarsjóði að selja skuldabréfin þriðja aðila.

Heimilt er að veita afslátt af álögðu gjaldi ef það er greitt samkvæmt 1. lið og skal bæjarráð ákveða fyrir hverja álagningu hve hár hann verður.

13. gr.

Lagningu gangstéttar við götu sem B-gjald hefur verið innheimt af skal vera lokið innan 5 ára frá lagningu bundins slitlags.

14. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingar eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal til viðbótar A-gatnagerðargjaldi heimilt að innheimta B-gatnagerðargjald af viðkomandi byggingu, enda sé eigi lengri tími liðinn en fimm ár frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð.

15. gr.

Bæjarráði er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi skv. 13. grein í eftirfarandi tilfellum.

- a. Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur, sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða að fullu.
- b. Þegar greiða skal á sama tíma A- og B-gjald, sbr. 14. gr.
- c. Þegar í hlut eiga efnalitlir og/eða örorkulífeyrisþegar.

16. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveði í fasteign þeirri sem það er lagt á. Aðför er heimil til fullnustu gjalda þessara samkvæmt 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Bæjarráð sker úr ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt samþykkt þessari.

Samþykkt þessi er sett af bæjarstjórn Húsavíkur og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 606 frá 3. ágúst 1983 um gatnagerðargjöld í Húsavíkurkaupstað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. apríl 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

SAMÞYKKT

um byggðarmerki Akureyrar.



1. gr.

Byggðarmerki Akureyrar skal vera blár skjöldur (Pantone process blue) með hvítum fugli. Á bringu fuglsins er skjöldur markaður með kornknippi. Blái liturinn er litur himinsins og fjarlæggra fjalla, kornknippið tákn nafnsins Akureyri en fuglinn er tengdur frásögn Heimskringlu um landvættir. Haraldur Gormsson konungur bauð fjölkunnugum manni að fara hamförum til Íslands. Sá fór í hvalslíki. Er hann fór inn eftir Eyjafirði kom á móti honum fugl svo mikill, að vængirnir tóku út fjöllin tveggja vegna, og fjöldi annarra fugla, bæði stórir og smáir.

2. gr.

Í hátíðarútgáfu merkisins eru tunga, klær og skjöldur á bringu fuglsins í rauðum lit (Pantone warm red), en goggur, fætur og kornknippi í gulum lit (Pantone 123). Hátíðarútgáfu byggðarmerkisins má aðeins nota þar sem merkið stendur eitt og sér t.d. á fánum, skjöldum og barmmerkjum.

3. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar, bæjarstjóri og stofnanir bæjarins nota skjaldarmerkið með embættis- og skrifstofuheitum eða nafni stofnunar á bréfum og í prentuðu máli þar sem það á við, svo og í stimplum. Við gerð stimpla má fella niður útlínur skjaldarins.

4. gr.

Notkun á byggðarmerki Akureyrar er óheimil án leyfis bæjarstjórnar Akureyrar, sbr. 29. gr. laga nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út af samþykkttri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu nema í sérstakri hátíðarútgáfu og í svart-hvítri útgáfu. Óheimilt er að hafa merkið í firmamerkjum og vörumerkjum og nota það til stjórnmálaáróðurs.

5. gr.

Svart-hvíta útgáfu byggðarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðaprent og er hún heimil án sérstaks leyfis. Í svart-hvítri útgáfu er blár flötur táknadur með láréttum línunum, en rauður litur með lóðréttum línunum. (Línurnar falla þó burt í minnstri gerð, sbr. sýnishorn.) Við útgáfu minjagripa og myntsláttu er heimilt að falla frá litatáknum merkisins og útlínunum skjaldarins.

6. gr.

Umsókn um leyfi til þess að nota byggðarmerki bæjarins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn og uppdrættir af merkinu eins og það á að nota. Bæjarskrifstofan á Akureyri leiðbeinir um gerð merkisins og varðveitir sýnishorn af því.

Félagsmálaráðuneytið, 16. apríl 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Lindal.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi er tengt er við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er nægir til fullrar hitunar, að dómi hitaveitunnar, enda sé hitakerfi hússins nægilega stórt.

Vatnsrennsli að húsi verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingum hans.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða:

A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 115,90.

Par til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hlíðsjón af hitaþörf hússins.

B. Fyrir hverja húsveitu ákveður Hitaveita Akureyrar mælisstærð.

Greiða skal mánaðargjald, sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fyrir hvern mæli:

a. fyrir mæla 15 mm	kr. 684
b. fyrir mæla 20 mm	kr. 1 665
c. fyrir mæla 25 mm	kr. 3 330
d. fyrir mæla 32 mm	kr. 6 660
e. fyrir mæla 40 mm	kr. 13 319
f. fyrir mæla 50 mm og stærri	kr. 26 639

4. gr.

C. Heimæðargjald skal reiknast 15 hundraðshlutar af gatnagerðargjaldi sem álagningarstofn samkvæmt reglugerð um gatnagerðargjöld á Akureyri.

Í heimæðargjaldi er innifalinn ein heimæð allt að 30 m að lengd frá götuæð í stofnkrana húss.

Húseigandi skal greiða kostnað við heimæð umfram 30 m samkvæmt ákvörðun hitaveitunnar. Þurfi að bora eða brjóta fyrir inntaksvinkli skal húeigandi greiða þann kostnað er af því hlýst.

Kostnaður vegna tengigrindar er ekki innifalinn í heimæðargjaldi.

Tengigrind kr. 20 556

5. gr.

D. Önnur gjöld:

D.1. Lokunargjald	kr. 1 299
D.2. Mælaálestrargjald (aukaálestur)	kr. 756

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og taka breytingum í samræmi við hana.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, staðfestist hér með til að taka gildi 1. maí 1993, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 189, 22. maí 1992 ásamt síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1993.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar um mat og flokkun á kartöflum og gulrófum.

1. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð nr. 457 7. nóvember 1986 um mat og flokkun á kartöflum og gulrófum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. apríl 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Selfoss og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 550/1987 með síðari breytingum.

1. gr.

Við A. lið 62. gr. samþykktarinnar komi nýr töluliður, sem verði 4. töluliður, og hljóði svo:

Til eins árs. Á fundi í apríl ár hvert, nema það ár er sveitarstjórnarkosningar fara fram, þá skal kosið í júní. *Selfossveitur b.s.* Þrír aðalmenn og þrír til vara, skv. 10. gr. samnings um Selfossveitur, dags. 3. september 1992. Úr hópi aðalmanna kys bæjarstjórn formann stjórnar Selfossveitna.

2. gr.

13. töluliður í B. lið 62. gr. samþykktarinnar breytist og hljóði svo:
Húsnæðisnefnd. Þrír aðalmenn og þrír til vara, skv. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990 og reglugerð nr. 46/1991.

3. gr.

14. töluliður í B. lið 62. gr. samþykktarinnar falli brott og aðrir töluliðir breytist í samræmi við það.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Selfoss, staðfestist hér með á grundvelli 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1993.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Þórhildur Líndal.

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 – 1993

4. maí 1993

341

Nr. 179

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 194/1990 um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr töluliður er verði 9. tl. er orðist svo:
Þjónusta sem veitt er vegna löndunar eða sölu á afla fiskiskipa hér á landi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 12. gr. og 35. gr. laga nr. 50/1988, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 4. maí 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

4. maí 1993

Nr. 180

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 577/1989 um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign.

1. gr.

Í stað orðanna „3. mgr.“ í 3. tölul. 2. mgr. 1. gr. komi: 2. mgr.

2. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. falli brott orðin „til skattskylds aðila samkvæmt lögum nr. 50/1988“.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. gr. laga nr. 50/1988 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 4. maí 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

REGLUGERÐ

um meðferð, búnað og hreinlæti við vinnslu sjávarafurða.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til hreinlætis, búnaðar og meðferðar sjávarafurða um borð í veiðiskipi, við löndun, flutning, uppboð, geymslu, vinnslu og útflutning. Reglugerðin tekur einnig til vinnslu og þökkunar vatna-, hafbeitar- og eldisfiska og annarra eldisdýra. Reglugerðin tekur ekki til smásölu innanlands.

2. gr.

Vinnsluleyfishafi þarf að tryggja að afurðir séu ekki skemmdar, mengaðar eða óheilnæmar, tilgreind þyngd sé rétt, samræmi sé milli innihalds og merkinga og að afurðir uppfylli aðrar kröfur stjórnvalda.

3. gr.

Vatn sem notað er við vinnslu sjávarafurða skal uppfylla kröfur íslenskra yfirvalda um gæði neysluvatns. Sjó er hvorki heimilt að nota við vinnslu í landi né til þrifa á fiski- og vinnsluskipum nema hann uppfylli kröfur íslenskra yfirvalda um heilnæmi.

Ís skal framleiða úr neysluvatni eða hreinum sjó. Ís sem notaður er til kælingar á fiski skal geymdur og fluttur við heilnæmar aðstæður þannig að hann sé vel varinn fyrir driti, ryki og öðrum óhreinindum.

Pegar ís er notaður til þess að kæla fisk verður vatn sem bráðnar úr ísnum að geta runnið óhindrað undan honum.

4. gr.

Salt sem notað er við meðferð fiskafurða skal vera hreint og ómengað.

5. gr.

Vinnusvæði, búnað og áhöld sem notuð eru við vinnslu sjávarafurða má ekki nota til annarrar framleiðslu.

6. gr.

Aukefni, notkun þeirra og magn er háð samþykki Hollustuverndar ríkisins eða reglum þar að lútandi í markaðslandi. Aukefna sem notuð eru við framleiðslu skal getið á nýntendaumbúðum eða í fylgiskjölum sé þess krafist í markaðslandi.

7. gr.

Fiskúrgang sem ekki er geymdur í þar til ætluðum geymslum skal geyma í vatnsheldum, lokuðum ílátum sem auðvelt er að þrifa. Fiskúrgangur má ekki safnast fyrir á vinnusvæði. Hann skal fjarlægja eigi sjaldnar en í lok hvers vinnudags.

Sérstakar geymslur sem notaðar eru fyrir úrgang skal þrifa vandlega eftir notkun og nota sérstök hreinsiefni gerist þess þörf. Varast ber að úrgangur valdi óþrifum.

8. gr.

Smurefni á vélar og tæki og önnur iðnaðarefni sem ætla má að geti borist í afurðir skulu vera viðurkennd af yfirvöldum til notkunar við matvælavinnslu.

9. gr.

Hreinsiefni og skyld efni skulu vera viðurkennd af yfirvöldum og notkun þeirra hagað í samræmi við leiðbeiningar. Efnin skulu geymd í loftræstum og lokuðum skápum, klefum eða geymslum.

Nagdýraeitur, skordýraeitur, sóttgreinsiefni og önnur efni sem hugsanlega innihalda eitur skal geyma í læstum hirslum. Efnin skal nota í samræmi við leiðbeiningar og mega ekki valda neinni hættu á mengun.

Vinnsluleyfishafi skal hafa yfir að ráða videigandi búnaði til varnar og eyðingar skordýra og annarra meindýra. Búnaði skal þannig fyrir komið að eigi stafi mengunarhætta af. Skordýrum og öðrum meindýrum skal eyða með skipulegum hætti á athafnasvæðum. Vinnsluleyfishafi skal hafa skriflega áætlun um meindýravarnir eða samning við meindýraeyði.

10. gr.

Lyftarar og önnur flutningstæki sem notuð eru í húsum inni skulu knúin orkugjöfum sem ekki menga.

11. gr.

Við meðferð og vinnslu sjávarafurða skal lýsing vera fullnægjandi.

II. KAFLI

Aðstaða og búnaður.

12. gr.

Allur búnaður, ílát og áhöld sem sjávarafurðir koma í snertingu við skulu vera úr haldgóðum og ógegndræpum samþykktum efnum sem auðvelt er að þrifa og valda ekki skemmdum á afurðunum.

13. gr.

Í lest og á millipilfari veiðiskips skal ekkert vera sem valdið getur skemmdum á fiski eða komið í veg fyrir þrif.

Á þilfarsbátum skal hafa þétta og hitaeinangrandi innsúð í lest eða annan búnað þannig að fiskur liggja aldrei að óklæddum byrðingi. Píl milli fiskilestar og vélarrúms, íbúða skipshafnar eða annars rýmis sem ekki er notað fyrir fisk skulu vera þétt og hitaeinangrandi. Leiðslur og rör sem liggja um lestina skulu vera einangruð.

Á svæðum sem notuð eru fyrir vinnslu og verkun eða frystingu á sjávarafurðum skulu vökvalagnir vera þannig frágengnar eða varðar að olíuleki geti ekki mengað. Rennur og annar búnaður skal vera þannig að fiskur merjist ekki.

14. gr.

Löndunarbúnaður, s.s. dælur og færíbönd til flutnings sjávarafra, skal gerður úr efnum sem auðvelt er að þrifa og vera þannig frá genginn að hann skemmi ekki fiskinn. Við löndunarstað skal vera nægilegt vatn til þrifa.

15. gr.

Við flutning sjávarafurða skal þannig frá þeim gengið að hitastig það sem mælt er fyrir um haldist meðan á flutningi stendur. Flutningatæki skulu vandlega þrifu áður en þau eru notuð fyrir flutning á sjávarafurðum.

Sjávarafurðir sem ætlaðar eru til manneldis skal flytja í lokuðum ílátum og í flutningstækjum við hæfi. Óheimilt er að flytja sjávarafra um lengri vegalengd, s.s. milli byggðarlaga nema í lokuðu flutningsrými.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um flutning á sjávarafra eða afurðum sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

16. gr.

Aðstaða við vinnslu sjávarafurða skal vera þannig skipulögð að hún geti farið fram við fullnægjandi heilbrigðisáðstæður og taki mið af eðli afurðanna. Vinnslustöðvar, uppboðsmarkaðir og þurrkhjallar skulu ekki vera í grennd við sorphauga, skolþræsaop, mengandi iðnrekstur eða aðra mengunarvalda.

Bein tenging húsa við aðra starfsemi um dyr, glugga, stiga, lyftur, ganga o.s.frv. er því aðeins heimil að engin hætta sé á mengun.

17. gr.

Lóð og næsta umhverfi vinnslustöðva á landi skal vera rykbundið, hreint og snyrtilegt og þannig frágengið að sjávarafurðum sem þar eru geymdar og unnar stafi ekki mengunarhætta af. Steypt stétt eða sambærilegt efni skal vera fyrir framan allar dyr og lúgur og þannig lagt að vatn renni greiðlega að niðurföllum.

18. gr.

Húsnæði og næsta umhverfi uppboðsmarkaða skal uppfylla sambærilegar kröfur og gerðar eru til vinnslustöðva á landi.

19. gr.

Í þeim hlutum vinnslustöðva þar sem afurðir eru meðhöndlaðar, verkaðar, unnar, tilreiddar eða geymdar skulu vera stöm gólf úr vatnspéttu efni sem auðvelt er að þrifa og hreinsa fullkomlega og þannig lögð að vatn renni greiðlega að niðurföllum. Niðurföll skulu vera nægilega víð og mörg og lokuð með vatnslásum. Holræsi skulu vera með réttum og nægilegum halla.

Veggir skulu vera með sléttu og slitþolnu yfirborði sem sé vatnspétt og auðvelt að þrifa.

Loft og klæðning skulu vera auðveld til þrifa. Hvort tveggja skal gert úr ljósu efni sem auðvelt er að halda hreinu. Þök skulu vera vatnsheld og einangruð.

20. gr.

Hurðir skulu vera úr slitþolnu efni sem auðvelt er að þrifa. Dyr, lúgur, opnanlegir gluggar og önnur op skulu vera þannig frágengin að verjast megi skordýrum og öðrum meindýrum.

Gluggar skulu vera þannig frágengnir að hægt sé að skyggja þá eftir þörfum.

21. gr.

Þar sem þess er þörf skal loftræsting vera nægileg og góður búnaður til að fjarlægja gufu.

Hita- og loftræstibúnaður skal vera þannig gerður að hann valdi ekki mengun eða spilli hráefni eða afurðum, að sem minnst safnist í hann af óhreinindum og að nauðsynleg þrif séu auðveld.

Ljósabúnaður skal vera þannig að þrif séu auðveld og að engin hætta sé á að frá honum berist aðskotahlutir eða óhreinindi í hráefni eða afurðir.

Einnig skal vera fyrir hendi nægilegt og nægilega heitt vatn til þrifa.

22. gr.

Vinnslustöðvar skulu hafa nægilegt neysluvatn til þvotta á hráefni og afurðum, til þrifa og til ísframleiðslu sé um hana að ræða.

Fyrir hendi skal vera búnaður til gerilsneyðingar á vatni sé þess þörf. Hafa skal hæfilegan fjölda handlauga á aðgengilegum stöðum með sjálfvirkri blöndun heits og kalds vatns og búnaði til að stjórna krönum án handsnertingar. Á sama hátt skal vera búnaður fyrir sótthreinsandi efni til að bera á hendur og hanska. Við handlaugar skulu vera einnota handþurrkur.

Fyrir hendi skal vera búnaður eða aðgangur að búnaði til þess að þrifa áhöld og tæki, þar með talin flutningatæki.

23. gr.

Þar sem hætta er á að þéttvatn geti lekið af vatnslögnum niður á afurðir eða ílát skulu þær vera einangraðar og með yfirborði sem auðvelt er að þrifa.

Leiðslur fyrir heitt og kalt vatn skulu auðkenndar hvorar á sinn hátt. Einstreymislokar skulu vera á vatnsúttökum þar sem hætta er á bakflæði ef þrýstingur fellur.

Ef raflagnir eru í rennum skulu þær vera lokaðar. Lagnir og rennur skulu vera í þeirri fjarlægð frá lofti og veggjum að þrif séu auðveld.

24. gr.

Ílát og umbúðir sem notuð eru við flutning eða pökkun sjávarafurða skulu vera nægilega sterk til að veita þeim fullnægjandi vernd. Framleiðandi sjávarafurða skal ganga úr skugga um að efni íláta og umbúða mengi ekki vöruna, gæði hennar rýrni ekki og að varan verði ekki hættuleg eða varasöm fyrir neytendur. Heimilt er að endurnota hrein ílát og umbúðir.

25. gr.

Í vinnslustöð skal umbúðageymsla vera aðskilin frá framleiðslu- og verkunarsvæði og þannig frá gengið að óhreinindi eða raki berist ekki í umbúðirnar.

III. KAFLI

Hreinlætis- og hollustuhættir.

26. gr.

Við framleiðslu sjávarafurða skal gera greinarmun á vinnslusvæðum eftir þeim hreinlætiskröfum sem gerðar eru á hverju svæði. Svæðin skulu aðskilin í samræmi við þessa aðgreiningu.

27. gr.

Vinnsluleyfishafar skulu hafa skriflega hreinlætisáætlun. Reglur heilbrigðisyfirvalda gilda um eftirlit með heilbrigði starfsfólks.

Gólfí, veggjum, lofti, skilveggjum, tækjum, áhöldum og ílátum sem notuð eru við geymslu, flutning og vinnslu sjávarafurða verður að halda hreinum og í góðu lagi.

Að loknum vinnudegi eða oftast skal sápuþvo og sýkladrepa alla fleti, ílát og áhöld sem sjávarafurðir snerta í samræmi við hreinlætisáætlun.

Salernisklefa og snyrtiherbergi skal þrifa vandlega, a.m.k. í lok hvers vinnudags. Þvotta- og salernisbúnaði skal halda hreinum og í fullkomnu lagi. Þess skal gætt að ekki sé beinn samgangur milli salerna og vinnslusvæða.

28. gr.

Hreinlætis- og hollustuhættir skulu vera slíkir að þeir hæfi framleiðslu matvæla. Starfsfólk og aðrir sem á vinnusvæði koma skulu gæta fyllsta persónulegs hreinlætis.

Eftir handþvott skal einungis nota einnota handþurrkur. Gúmmihanska skal þrifa sem berar hendir.

Á vinnslusvæði og í geymslum fyrir fiskafurðir er hvers konar matar-, drykkjar- og/eda tóbaksneysla bönnuð.

Starfsfólk og aðrir sem á vinnusvæði koma skulu klæðast hentugum og hreinum vinnu- eða hlífðarfatnaði.

IV. KAFLI Meðferð sjávarafurða.

29. gr.

Vanda skal alla meðferð á sjávarafla þannig að hann óhreinkist hvorki né rýrni óeðlilega að gæðum. Fisk skal blóðga, slægja og þvo eins fljótt og auðið er. Undanþegin ákvæðum um blóðgun og slægingu eru karfi, síld, loðna svo og annar sjávarafli sem samkvæmt venju eða eðli sínu er eða verður ekki blóðgaður eða slægður.

Á tímabilinu 1. október til 11. maí mega fiskiskip sem landa afla sínum daglega koma með óslægðan afla að landi.

Á því tímabili sem heimilt er að landa óslægðum fiski skal skilyrðislaust blóðga hann og ísa. Slægja skal fisk innan 24 klukkustunda frá því að löndun hófst enda hafi hann verið geymdur ísaður í landi.

30. gr.

Öllum sjávarafla skal halda aðgreindum eftir tegundum í veiðiskipi. Einnig skal halda lifandi blóðguðum fiski aðgreindum frá dauðblóðguðum.

Afla sem ætlaður er til manneldis skal dagmerkja og kæla niður að bræðslumarki íss.

Afla sem ætlaður er til manneldis má hvorki geyma í svo þykkum lögum að hann kremjist né flytja í yfirfullum ílátum.

Sjávarafla sem senda á lifandi á markað skal geyma og flytja við bestu skilyrði.

Sjávarafurðir sem ætlaðar eru til sölu ferskar skal geyma vel kældar í hreinum ílátum þar til þær eru sendar á markað.

31. gr.

Við löndun og flutning skal þess gætt að sjávarafurðir óhreinkist ekki eða spillist. Sérstaklega skal tryggja að löndunarbúnaður sé hreinn og honum vel við haldið, losun og löndun fari fram án óhjákvæmilegra tafa og að afurðum sé án tafar komið á öruggan stað, þær ísaðar, geymdar og fluttar við hitastig við hæfi og að afurðirnar séu vel varðar fyrir driti, ryki, skemmdum og öðrum óhreinindum.

Ef geyma þarf afla á uppboðsmörkuðum skal hann kældur m.t.t. þess.

Sjávarafurðir má ekki geyma eða flytja með öðrum afurðum nema þær séu í umbúðum sem veita þeim fullnægjandi vörn.

V. KAFLI

Merkingar.

32. gr.

Á umbúðum eða í fylgiskjölum skal koma fram leyfisnúmer vinnslustöðvar eða nafn og heimilisfang framleiðanda eða ábyrgðaraðila þannig að unnt sé að rekja uppruna vörunnar til þeirra. Merkingar skulu að öðru leyti vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru í viðkomandi markaðslandi.

Séu sjávarafurðir sem senda á beint á markað unnar úr þíddu hráefni skal setja upplýsingar þar að lútandi á umbúðirnar sé þess krafist í markaðslandi eða af kaupanda afurðanna.

Afurðir með takmarkað geymsluþol, skal merkja greinilega með upplýsingum um geymsluþol og geymsluskilyrði.

33. gr.

Ef galli kemur fram í afurðum verður að vera hægt að rekja feril þeirra afurða sem bera sama lotunúmer, þannig að hægt sé að afturkalla fyrri sendingar.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.
34. gr.

Fiskistofu er heimilt að banna hagnýtingu sjávaraflla af hafsvæðum sem talið er að hafi orðið fyrir mengun eða geti mengast.

Ákvæði 7. gr., 13. gr., 19. gr., 20. gr., 21. gr., 22. gr., 23. gr. og 28. gr. reglugerðar þessarar eiga ekki við um fiskimjöls- og fóðurframleiðslu.

35. gr.

Fiskistofu er heimilt að veita smáframleiðendum saltaðra og hertra afurða sem ekki nota aðkeypt vinnuafll undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar varðandi aðstöðu og búnað.

36. gr.

Fullnægi vinnsluleyfshafi ekki kröfum reglugerðar þessarar getur Fiskistofa svipt viðkomandi vinnsluleyfi skv. IV. kafla l. nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

37. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Með mál út af brotum á reglum samkvæmt reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Fiskistofa gefur út viðmiðunarreglur er hafi að geyma nánari ákvæði varðandi meðferð, búnað og hreinlæti fyrir einstakar vinnslugreinar.

39. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 55/1970 um eftirlit og mat á ferskum fiski o.fl., sbr. rg. nr. 35/1971, 220/1979, 597/1981 og rg. nr. 35/1956 um fiskmat, rg. nr. 1/1961 um ferskfiskeftirlit, rg. nr. 56/1953 um mat á frystum fiski til útflutnings, sbr. rg. nr. 117/1953, 218/1966 og 262/1970, rg. nr. 71/1973 um mat á saltfiski til útflutnings og rg. nr. 137/1985, um fyrirkomulag mats og eftirlits með sjávarafurðum til útflutnings. Ennfremur er úr gildi felld reglugerð nr. 177/1985 um búnað og hreinlæti í fiskvinnslustöðvum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. apríl 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Ólafsfjarðarbæ.

1. gr.

Ólafsfjarðarbær annast sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í þéttbýli samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirðan fram undir yfirstjórn bæjartæknifræðings og eftirliti heilbrigðisfulltrúa kaupstaðarins.

Ólafsfjarðarbær getur falið verktökum að annast hirðuna og samþykkt starfsemi verktaka sem bjóða fram þjónustu á þessu sviði.

2. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Ólafsfjarðarbæ þar sem sorphirða er framkvæmd skal nota þær aðferðir og þau ílát við sorpgeymslu og sorphreinsun sem bæjarstjórn Ólafsfjarðarbæjar ákveður í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á veturna og halda greiðfærri leið að þeim.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum skal sett í poka af viðurkenndri gerð. Ólafsfjarðarbær leggur til 52 poka á ári.

Sorppokum skal komið fyrir í þar til gerðri grind. Við hvert hús skal vera a.m.k. ein grind fyrir hvert heimili ásamt aukagrindum eftir því sem nauðsynlegt er. Bæjartæknifræðingur og heilbrigðisfulltrúi skera úr um hugsanleg vafaatriði hvað fjölda grinda (sorppoka) varðar.

Húseigendur greiða fyrir sorpgeymsluílát sín, uppsetningu þeirra og viðhald.

3. gr.

Í sorpílatin má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp. Óheimilt er að setja mold, mól, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o.þ.h. í sorpílát. Ávallt er bannað að setja glóð eða heita ösku í sorpílatin.

Óheimilt er að setja spilliefni (umhverfismengandi úrgang) í sorpílát. Sérstök móttaka fyrir spilliefni er í áhaldahúsi Ólafsfjarðarbæjar.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skemmi sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá á annan tryggilegan hátt. Blautt sorp má aðeins setja innpakkað í plast eða pappír í sorpílát.

Sorpílát skulu vera þeirrar gerðar sem bæjartæknifræðingur samþykkir og ekki þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þau.

4. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum og að jafnaði einu sinni í viku. Á stórhátíðum skal hreinsa sorp eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á.

5. gr.

Á gámasvæði bæjarins skal koma með allt sorp sem ekki fellur undir 3. gr.

Brotamál, t.d. bílhrae skal flytja á afmarkað svæði, í samræmi við fyrirmæli bæjartæknifræðings og heilbrigðisfulltrúa.

6. gr.

Verslunar- og iðnfyrirtækjum, og öðrum þeim aðilum sem hafa með höndum starfsemi er krefst tíðari og víðameiri sorphreinsunar en getið er í 4. gr., er heimilt að nýta sér gáma sem eru staðsettir á gámasvæði bæjarins en sorphreinsun á sér ekki stað að öðru leyti frá þessum

aðilum. Greiðsla vegna notkunar á gámum sem losaðir eru á kostnað bæjarins er innheimti með fasteignagjöldum samkvæmt sérstakri gjaldskrá þar að lútandi.

Allan flutning úrgangs á vegum einstaklinga og fyrirtækja á þar til ætlað móttökusvæði (gámasvæði bæjarins, sorpeyðingarstöð, móttökusvæði fyrir brotamálma) skal framkvæma eftir fyrirmælum heilbrigðisfulltrúa og bæjartæknifræðings og skal ítrasta þrifnaðar gætt.

7. gr.

Almenn sorphirða samkvæmt 4. gr. greiðist úr bæjarsjóði. Þó er bæjarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

Sorphirðugjaldið skal lagt á hverja fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og fjölda sorphiláta. Samkvæmt samþykkt þessari er Ólafsfjarðarbæ heimilt að takmarka fjölda sorphiláta við hverja fasteign. Íbúar dreifbýlis og eigendur sumarhúsa sem njóta sorphirðu Ólafsfjarðarbæjar greiða fyrir þá þjónustu þar að lútandi.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun til bæjartæknifræðings eða heilbrigðisfulltrúa.

9. gr.

Brjóti húsráðandi, fyrirtæki eða annar aðili ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps eða annars úrgangs, þ.m.t. spilliefni, skulu sorphirðumenn eða starfsmenn áhaldahúss tilkynna það bæjartæknifræðingi eða heilbrigðisfulltrúa.

Sorphirðumönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt 32. og 33. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Ólafsfjarðarbæjar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytið, 6. maí 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Ólafsfirði fyrir árið 1993.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðarbæjar sem virtar eru fasteignamati skal greiða sorphirðugjald árið 1993.

2. gr.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphirðugjalds á fasteignir þegar eigandi annast sjálfur alla hreinsun sorps.

3. gr.

Grunnsorþhirðugjald skal vera kr. 7 000 árið 1993. Bæjarstjórn skal skipa fyrirtækjum í flokka m.a. eftir sorpmagni og verður sorþhirðugjald ársins margfeldi af grunngjaldi.

4. gr.

Sorþhirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Ólafsfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samín og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfísráðuneytið, 6. maí 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna sorþhirðu í Austur-Landeyjahreppi fyrir árið 1993.

1. gr.

Hreppsnefnd Austur-Landeyjarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorþhirðugjald árið 1993.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð, hvern skráðan íbúa, hvert sumarhús og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Austur-Landeyjarhrepps. Gjaldið skal innheimt sérstaklega með gjalddaga 1. september. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A	Íbúðir, sumarhús og fyrirtæki	sorþhirðugjald	kr. 2 500
B	Sérhver skráður íbúi	sorþhirðugjald	kr. 500

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samín og samþykkt af hreppsnefnd Austur-Landeyjarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytið, 3. maí 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Eskifjarðarkaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19, 21. maí 1964 hefur bæjarstjórn Eskifjarðar þann 17. mars 1993 samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum lóðum og öðrum fasteignum:

Lóðir - mannvirki:

Bleiksárhlið 60

Hlíðarendavegur 5B (bílskúr)
Smiðjustígur 4 (bílskúr)
Steinholtsgvegur 12

Strandgata 1A
Strandgata 9
Strandgata 12
Strandgata 14 B
Strandgata 28 A
Strandgata 30
Strandgata 30 B
Strandgata 32
Strandgata 33

Strandgata 34
Strandgata 34 A

Strandgata 35

Strandgata 36
Strandgata 37 A
Strandgata 37 B
Strandgata 44
Strandgata 46
Strandgata 46 A

Strandgata 46 B
Strandgata 53
Strandgata 58

Strandgata 60 B

Skráðir eigendur:

Björn Grétar Sveinsson,
Guðni Magnús Sveinsson,
Skúli Unnar Sveinsson.
Þórdís Pálína Einarasdóttir.
Kristján Guðmundsson.
Halldór Friðriksson,
Kristinn A. Þorsteinsson.
Bóas Sigurðsson.
Guðjón H. Hjaltason.
Eskfirðingur hf.
Austfirðingur hf. og Eljan hf.
Gunnar Auðbergsson.
Hilmar Bjarnason.
Askja hf.
Vélaverkstæði Eskifjarðar.
Jensína Karlsdóttir,
Eskifjarðarkaupstaður.
Helgi Garðarsson.
Helgi Garðarsson,
Askja hf.
Gísli Auðbergsson,
Jón K. Auðbergsson.
Skeljungur hf.
Þór hf.
Einar Sigurjónsson.
Hákon Sófússon.
Pöntunarfélag Eskfirðinga hf.
Ungmennafélagið Austri.
Pöntunarfélag Eskfirðinga hf.
Olíuverlsun Íslands hf.
Ríkissjóður/Eskifjarðarbær.
Ingvar Guðmundsson,
Guðmundur Björgvin Stefánsson,
Viktor Stefánsson,
Stefán Ingvar Stefánsson.
Guðjón Gíslason,
Gunnar Hallgrímsson,
Stefán Ingvar Guðjónsson.

Lóðir - mannvirki:

Strandgata 70
 Strandgata 72

Strandgata 76
 Strandgata 78
 Strandgata 79 A
 Strandgata 80

Strandgata 82
 Strandgata 84

Strandgata 86 A
 Strandgata 86 B
 Strandgata 88

Strandgata 90
 Strandgata 92
 Strandgata 94 A
 Strandgata 94 B
 Strandgata 95
 Strandgata 96

Strandgata 98 A
 Strandgata 98 B
 Strandgata 120
 Strandgata 9 A
 Túngata 9 A
 Túngata 11 A
 Túngata 12

Túngata 16

Tungustígur 1
 Tungustígur 3 B

Skráðir eigendur:

Þorvaldur Friðriksson.
 Öryrkjabandalag Íslands,
 Eskifjarðarkaupstaður.
 Jón Kjartansson hf.
 Guðjón Hjaltason.
 Db. Elísabetar Tómasdóttur.
 Ragnar Björnsson,
 Arnar Kristjánsson.
 Jón Guðmundsson.
 Árni Víðir Alfredsson,
 Svana Bjarnadóttir.
 Sæberg hf.
 Sæberg hf.
 Ingvar Gunnarsson,
 Eiríkur Þorkelsson,
 Sigurður Þorkelsson.
 Eiríkur Þorkelsson.
 Reynir Hólm.
 Sporður hf.
 Sporður hf.
 Thor Klausen.
 Sjóminjasafn Austurlands,
 Thor Klausen.
 Egill Karlsson.
 Sporður hf.
 Guðný Stefánsdóttir.
 Gylfi Þór Eiddsson.
 Gylfi Þór Eiddsson.
 Bragi Þórhallsson.
 Þorsteinn Ragnarsson,
 Ólafur Ragnarsson.
 Guðný Gísladóttir,
 Bjarney Valgeirsdóttir.
 Jón Kristinn Auðbergsson.
 Ólöf María Þorvaldsdóttir,
 Sævar Guðnason.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.
 Samþykktin birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Umhverfissráðuneytið, 7. maí 1993.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 470/1991 um endurgreiðslu til sendimanna erlendra ríkja.

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Endurgreiða skal virðisaukaskatt vegna vinnu manna sem unnin er á byggingarstað við nýbyggingu embættisbústaðar sendiherra eða skrifstofuhúsnæðis sendiráðs, þ.m.t. vinnu við framkvæmdir á lóð hússins, jarðvegslagnir umhverfis hús, girðingar, bílskúra og garðhús. Endurgreiðsla virðisaukaskatts tekur á sama hátt til allrar vinnu manna við endurbætur og viðhald framangreinds húsnæðis.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 2. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið 4. maí 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

12. maí 1993

Nr. 187

REGLUGERÐ

um sektargerðir lögreglumanna.

1. gr.

Lögreglumenn hafa heimild til að sekta vegfarendur, sem gerst hafa sekir um brot á umferðarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, enda megi telja, að refsing fyrir brotið muni ekki fara fram úr kr. 15.000. Sama gildir um brot á ákvæðum lögreglusamþykktá.

2. gr.

Ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau, sem sektarheimild samkvæmt 1. gr. nær til. Í skránni skal tilgreind sektarfjárhæð fyrir hverja tegund brots. Sökunautur skal eiga þess kost að kynna sér skrána, áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Prenta má skrána eða hluta af henni á tilkynningareyðublað, sbr. 3. gr.

3. gr.

Þegar lögreglumaður verður þess áskynja, að vegfarandi hafi framið brot samkvæmt 1. gr. og hann ákveður að nota heimild sína til sektargerðar, skal hann afhenda sakborningi eða festa á ökutæki hans tilkynningu um brot. Í stað tilkynningar er heimilt að afhenda sakborningi giróseðil. Á tilkynningareyðublaðinu eða giróseðlinum skal koma fram í stuttu máli lýsing á broti, hvenær það var framið, hvaða refsíákvæði brot varðar við og sakborningi greint frá því að hann eigi þess kost að ljúka málinu með greiðslu tiltekinnar sektar innan viku frá dagsetningu sektarboðs. Þegar giróseðill er ekki notaður og greiðsla er ekki innt af hendi þegar í stað skal tilgreina greiðslustað á sektargerð.

Greiði sakborningur ekki sekt innan viku er heimilt að ítreka sektarboð og framlengja frestinn um tvær vikur. Fallist sökunautur á þessi málalok og greiði sektina fellur málsókn niður. Að öðrum kosti fellur ákvörðun lögreglumanns úr gildi og tekur þá lögreglustjóri ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum laga um meðferð opinberra mála.

4. gr.

Fallist sakborningur á sektargerð lögreglumanns, undirritar hann tilkynningareyðublaðið með nafni sínu og afhendir það lögreglumanni eða á skrifstofu lögreglustjóra ásamt sektargreiðslu. Þegar gíróseðill er notaður skal hann jafnframt undirritaður um samþykki.

5. gr.

Dómsmálaráðuneyti lætur lögreglustjórum í té tilkynningareyðublað samkvæmt 3. gr. Skulu þau vera tölusett í framhaldandi númeraröð. Þegar gíróseðlar eru notaðir skulu þeir útbúnir í samræmi við fyrirmynd sem ráðuneytið lætur í té.

6. gr.

Lögreglustjórar halda skrá yfir eyðublað og gíróseðla sem lögreglumönnum eru afhentir. Sektargerðir lögreglumanna skulu færðar í kæruskrá. Þar skal koma fram nafn, kennitala og heimilisfang kærða eða númer ökutækis ef kærði er ekki þekktur, dagsetning og númer ákvörðunar, síðasti greiðsludagur samkvæmt ákvörðun eða ítrekun og niðurstaða máls.

7. gr.

Nú telur ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sekt eða að málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti og getur hann þá, innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um þau, fellt gerðina úr gildi, enda sé þá ekki liðið ár frá málalokum.

8. gr.

Sektargerðir samkvæmt reglugerð þessari skulu ekki færðar í sakaskrá ríkisins.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. og 5. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sektargerðir lögreglumanna nr. 248 29. júní 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um humarveiðar 1993.

1. gr.

Úthlutun aflamarks í humri á vertíðinni 1993 skal miðast við að heildaraflri verði 2400 lestir miðað við heilan humar sbr. þó 3. gr.

2. gr.

Bátum, sem aflamark hafa í humri skv. lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða er heimilt á árinu 1993 að stunda humarveiðar við Suður- og Suðvesturland frá og með 21. maí til og með 15. ágúst. Veiðisvæði markast að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í suðaustur frá Papey og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í vestur frá Malarrifsvita.

Óheimilt er að stunda veiðar á grynna vatni en 55 föðmum.

3. gr.

Við útreikning á humaraflamarki, þegar humar er slitinn um borð í fiskiskipi, verður ekki tekinn með þriðji stærðarflokkur, þ.e. humarhalar sem eru 6 g til 10 g að þyngd, enda fari hlutfall þess stærðarflokks ekki yfir 5% af humaraflamarki bátsins á vertíðinni.

Löggiltur vigtarmaður staðfesti á vigtarnótu hversu mikið magn af humri undir ofangreindum stærðarmörkum sé í hverri veiðiferð. Til að staðfesting vigtarmanns verði tekin til greina þarf staðfesting vigtarmanns jafnframt að berast Fiskistofu með aflaskýrslum.

4. gr.

Lágmarksstærð möskva í humarvörpu skal vera 80 mm. Óheimilt er að klæða pokann hlífðarneti að ofan og ennfremur er óheimilt að nota tvöfaldan poka. Skylt skal að nota leggglugga, sem er a.m.k. 3×4 metrar að stærð úr 135 mm riðli, fremst á efra byrði vörpunnar.

Um frekari reglur um möskvastærðir og mælingar möskva vísast til reglugerðar nr. 38/1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

5. gr.

Þegar humarveiðar eru stundaðar er óheimilt að hafa önnur veiðarfæri en humarvörpu um borð í veiðiskipinu.

6. gr.

Ílát undir humar um borð í veiðiskipi skulu greinilega merkt skipinu og skal veiðidagur tilgreindur á því.

Um meðferð afla um borð í veiðiskipi vísast til ákvæða reglugerðar frá 30. apríl 1993, um meðferð, búnað og hreinlæti við vinnslu sjávarafurða.

7. gr.

Humarafla skal landað til vinnslu hjá viðurkenndri vinnslustöð hér á landi, sem hefur heimild til vigtunar humars sbr. reglugerð nr. 489/1990, um vigtun sjávarafla og reglugerð nr. 261/1992, um vigtun á humri.

Óheimilt er að frysta humar um borð í veiðiskipi.

8. gr.

Óheimilt er að stunda botnfiskveiðar með humarvörpu. Verði um óeðlilega fiskveiði að ræða þannig að aflaverðmæti botnfisksins sé svipað eða meira en verðmæti humarafla í tveimur samfelldum veiðiferðum er ráðuneytinu heimilt að svipta viðkomandi skip heimild til veiða.

9. gr.

Skylt er að hirða allan humar og fiskafla, sem fiskiskip fær í humarvörpu og reiknast fiskafli til botnfiskaflamarks skipsins. Verði aðili uppvís að því að henda humri eða fiski frá fiskiskipi varðar það tafarlausri sviptingu veiðileyfis. Skal botnfiski haldið aðgreindum eftir tegundum og veginn á löndunarstað skv. ákvæðum reglugerðar nr. 489/1990, um vigtun sjávaraflla.

10. gr.

Heimilt er hverju skipi að flytja allt að 10% af aflamarki sínu í humri frá yfirstandandi fiskveiðiári til þess næsta.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild/aflamark í humri frá skipum, er hafa hærra aflamark en 20 lestir af slitnum humri, til skips er ekki hefur hlutdeild í humri fyrir, enda sé skipið, sem flutt er til, 165 brl. að stærð eða minna eða búið 700 hestafla aðalvél eða minni. Slíkur flutningur er háður því skilyrði, að skipið sem flutt er til, fái a.m.k. 10 lesta aflamark af slitnum humri. Að öðru leyti gilda ákvæði 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða um flutning aflamarks.

11. gr.

Útgerðum skipa er skylt að skrá afla í kvótaskýrslu til Fiskistofu. Þá er skipstjórum skylt að halda sérstakar afladagbækur, sem Fiskistofa leggur til, og skal upplýsingum skilað mánaðarlega til Fiskistofu. Vanskil á skýrslum samkvæmt þessari málsgrein varða sviptingu heimildar til veiða án frekari viðvörunar.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 19. og 20. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Getur ráðuneytið m.a. svipt skip heimild til veiða í tiltekinn tíma vegna brota á ákvæðum þessarar reglugerðar.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um umferð á Ísafirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ísafjarðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Ísafirði, sbr. og auglýsingu um hámarkshraða á þjóðvegum nr. 250/1987:

I. KAFLI

Aðalbrautarréttur.

A. Aðalbrautir:

Eftirtaldir vegir og götur skulu vera aðalbrautir:

- | | |
|--|----------------------|
| 1. Suðurgata. | 9. Holtabraut. |
| 2. Aðalstræti frá Siflutorgi. | 10. Sundstræti. |
| 3. Hafnarstræti. | 11. Fjarðarstræti. |
| 4. Túngata. | 12. Hnífsdalsvegur. |
| 5. Eyrargata. | 13. Ísafjarðarvegur. |
| 6. Seljalandsvegur. | 14. Hreggnasi. |
| 7. Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpvegur). | 15. Strandgata. |
| 8. 61 Djúpvegur. | 16. Garðavegur. |
| | 17. Pollgata. |

B. Stöðvunarskylda:

1. Mjallargötu við Fjarðarstræti.
2. Mánagötu við Hafnarstræti.
3. Hrannargötu við Fjarðarstræti.
4. Sólgötu við Hafnarstræti.
5. Skutulsfjarðarbraut við vinstri beygju inn á Hafnarstræti.
6. Túngötu við Hafnarstræti.
7. Eyrargötu beggja vegna Túngötu.
8. Hlíðarvegi, Seljalandsvegi og Urðarvegi á mótum þessara gatna.
9. Bakkavegi við Ísafjarðarveg (61 Djúpveg).
10. Bakkavegi beggja vegna við Garðaveg.
11. Skólavegi við Ísafjarðarveg (61 Djúpveg).
12. Stekkjargötu við Hreggnasa (61 Djúpveg).
13. Hólavallagötu við Strandgötu (61 Djúpveg).
14. Heimabæjarstíg við Strandgötu (61 Djúpveg).
15. Við útakstur frá hestúsum á Búdartúni inn á Strandgötu (61 Djúpveg).

C. Biðskylda:

Á eftirtöldum götum skal vera biðskylda:

1. Ásgeirsgötu við Suðurgötu.
2. Árnagötu við Suðurgötu.
3. Njarðarsundi við Suðurgötu.
4. Mjósundi við Aðalstræti.
5. Skipagötu beggja vegna Aðalstrætis.
6. Pólgötu við Fjarðarstræti.
7. Tangagötu við Austurveg.
8. Sundabakka við Sundstræti.
9. Eyrargötu við Fjarðarstræti.
10. Þumlungsgötu við Eyrargötu og við Fjarðarstræti.
11. Túngötubrekku við Túngötu.
12. Torfnesvegi við Hafnarstræti.
13. Engjavegi við Seljalandsveg.
14. Miðtún við Seljalandsveg.
15. Urðarvegi við Seljalandsveg að innanverðu.
16. Skíðavegi við Seljalandsveg.
17. Við útakstur frá Menntaskólanum á Ísafirði inn á Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpveg).
18. Við útakstur frá Íþróttavelli á Torfnesi inn á Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpvegur).
19. Vallartúni við Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpveg).
20. Stakkanesi við Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpvegi).
21. Seljalandsvegi við Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpvegi).
22. Við útakstur frá Grænagarði inn á Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpveg).
23. Skógarbraut við Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpveg).
24. Við útakstur frá Sigurðarbúð á Skeiði inn á Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpveg).
25. Við útakstur frá húsinu Brautarholti inn á Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpveg).
26. Vestfjarðarvegi við Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpveg).
27. Holtabraut við Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpvegi).
28. Öllum vegum, er liggja að 61 Djúpvegi frá Hafrafellshálsi að og með Arnardal.
29. Silfurgötu við Sundstræti.
30. Austurvegi við Sundstræti.
31. Tangagötu við Fjarðarstræti.
32. Norðurvegi við Fjarðarstræti.
33. Hafraholti við Holtabraut.
34. Túngötu á mótum Fjarðarstrætis og Hnífsdalsveg.
35. Við útakstur frá Hraðfrystihúsinu í Hnífsdal við 61 Djúpveg.
36. Dalbraut við Ísafjarðarveg (61 Djúpveg).
37. Heiðarbraut við Ísafjarðarveg (61 Djúpveg).
38. Heiðarbraut beggja vegna við Garðaveg.
39. Árholti við Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpveg).
40. Við útakstur frá verslunar- og iðnaðarhverfi á Skeiði inn á Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpveg).
41. Austurvegi beggja vegna Hafnarstrætis.
42. Pólgötu við Hafnarstræti.
43. Austurvegi við Pollgötu.
44. Skipagötu við Pollgötu.
45. Hafnarstræti við mót Pollgötu og Mánagötu.
46. Þvergötu við Sundstræti.

II. KAFLI. Stöðvun og lagning ökutækja.

A. Bannað að stöðva ökutæki:

Á eftirtöldum götum er bannað að stöðva ökutæki:

1. Aðalstræti að vestanverðu frá húsi nr. 13 að Skipagötu.
2. Hafnarstræti beggja vegna frá Austurvegi að Mjallargötu.
3. Fjarðarstræti að sunnanverðu frá Sólgötu að Norðurvegi.
4. Ísafjarðarvegi að norðanverðu frá Leiti að Stekkjargötu, nema SVÍ.

Afgreiðsla bifreiða er þó heimil á ofangreindum stöðum á meðan skilað er farþegum eða vörum á tímabilinu frá kl. 18.00 - 08.00, enda fari afgreiðsla fram á sem skemmstum tíma og valdi ekki óþarfa óþægindum fyrir aðra vegfarendur.

B. Bannað að leggja ökutækjum:

Á eftirtöldum götum er bannað að leggja ökutækjum:

1. Norðanvert í Bæjarbrekku og við Urðarveg frá Seljalandsvegi að húsi nr. 15 við Urðarveg.
2. Seljalandsvegi við hús nr. 29. Að austanverðu frá Miðtúni að húsi nr. 67.
3. Austurvegi að norðanverðu frá Hafnarstræti að Sundstræti að sunnanverðu frá Hafnarstræti að Aðalstræti. Frá Aðalstræti að Grundargötu alla virka daga nema laugardaga frá kl. 08.00 - 16.00, á tímabilinu frá 1. september til 1. júní ár hvert.
4. Beggja vegna Tangargötu frá Austurvegi að Fjarðarstræti.
5. Silfurgötu að norðanverðu frá Silfurtorgi að Sundstræti.
6. Fjarðarstræti að norðanverðu við hús nr. 32 og 38 og frá Norðurvegi að Tangargötu. Að sunnanverðu frá Sólgötu að Norðurvegi.
7. Pólgötu að vestanverðu.
8. Mjallargötu að vestanverðu.
9. Mánagötu að austanverðu.
10. Hrannargötu að vestanverðu.
11. Sólgötu að austanverðu.
12. Túngötu að vestanverðu.
13. Hlíðarvegi að austanverðu.
14. Engjavegi að austanverðu.
15. Torfnæsvegi framan við Hlíf, íbúðir aldraðra, á svæði sem afmarkast af 5 metrum á hvorn veg frá miðlínu aðalinngangs, alls 10 metrar.
16. Beggja vegna Skutulsfjarðarbrautar og 61 Djúpvegi frá Hafnarstræti að Hafrafellshálsi.
17. Beggja vegna Hafraholts frá Árholti að Holtabraut.
18. Beggja vegna á Holtabraut og Stórholti frá Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpvegi) að Sunnuholti.
19. Ísafjarðarvegi að austanverðu frá Leiti að Stekkjargötu.
20. Dalbraut að norðanverðu frá Garðavegi að Dalbraut 10.
21. Silfurtorgi að sunnanverðu frá húsi nr. 27 við Aðalstræti að Stjórnsluhúsi.

C. Heimild til að leggja ökutækjum beggja vegna á einstefnuakstursgötum:

Á eftirtöldum einstefnuakstursgötum er heimilt að leggja beggja vegna:

1. Hafnarstræti frá Mánagötu að Mjallargötu og frá Austurvegi að Silfurgötu.
2. Aðalstræti frá húsi nr. 27 að Skipagötu og frá húsi nr. 13 við Aðalstræti að mótum Suðurgötu og Pollgötu.

III. KAFLI**Einstefnuakstur.**

Á eftirtöldum götum skal vera einstefnuakstur:

1. Kristjánsgötu sunnan Hafnarhúss frá Suðurgötu að hafnarsvæði.
2. Skipagötu frá Smiðjugötu að Brunngötu.
3. Smiðjugötu frá Silfurgötu að Skipagötu.
4. Tangagötu frá Austurvegi að Skipagötu.
5. Þvergötu frá Brunngötu að Sundstræti.
6. Silfurgötu frá Aðalstræti að Sundstræti.
7. Aðalstræti frá Austurvegi að Silfurgötu.
8. Mjallargötu frá Hafnarstræti að Fjarðarstræti.
9. Mánagötu frá Fjarðarstræti að Hafnarstræti.
10. Hrannargötu frá Hafnarstræti að Fjarðarstræti.
11. Sólgötu frá Fjarðarstræti að Hafnarstræti.
12. Engjavegi frá Urðarvegi að Seljalandsvegi.
13. Aðalstræti og Hafnarstræti frá mótum Suðurgötu og Pollgötu að Mánagötu.

IV. KAFLI**Gangbrautir.**

Á eftirtöldum stöðum skulu vera gangbrautir:

1. Aðalstræti við hús nr. 9.
2. Aðalstræti norðan Skipagötu.
3. Silfurgötu við Hafnarstræti.
4. Hafnarstræti norðan Silfurgötu.
5. Hafnarstræti sunnan Austurvegar.
6. Austurvegi við Hafnarstræti.
7. Austurvegi við Norðurveg að austanverðu.
8. Aðalstræti við Austurveg.
9. Austurvegi frá aðalinngangi í Grunnskóla Ísafjarðar.
10. Pólgötu við Hafnarstræti.
11. Hafnarstræti við Landsbanka Íslands.
12. Mjallargötu við Hafnarstræti.
13. Mánagötu við Hafnarstræti.
14. Hrannargötu við Hafnarstræti og við Fjarðarstræti.
15. Sólgötu við Hafnarstræti og við Fjarðarstræti.
16. Hafnarstræti austan Túngötu.
17. Túngötu við Hafnarstræti.
18. Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpvæg) austan Árhólts.

19. Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpvegur) vestan Holtabrautar.
20. Hafnarstræti vestan Austurvegar.
21. Aðalstræti við hús nr. 27.
22. Hlíðarvegi á móts við hús nr. 2.
23. Urðarvegi á móts við hús nr. 2.

V. KAFLI

Bann við tiltekinni umferð.

1. Á Ásgeirsgötu við Hafskipakant er vinstri beygja bönnuð nema fyrir hafnarstarfsmenn, vöru- og flutningatæki.
2. Á Árnagötu við Hafskipakant er hægri beygja bönnuð og innakstur bannaður nema fyrir hafnarstarfsmenn, vöru- og flutningatæki.
3. Af Kristjánsgötu sunnan Hafnarhúss á Hafskipakanti er hægri beygja bönnuð.
4. Af Suðurgötu inn á Einarsgötu norðan Hafnarhúss er innakstur bannaður nema fyrir hafnarstarfsmenn, vöru- og flutningatæki.
5. Við suðausturhorn Hótels Ísafjarðar er vinstri beygja bönnuð.

VI. KAFLI

Ökuhraði.

Hámarkshraði innan marka Ísafjarðarkaupstaðar er eftirfarandi:

1. Frá bæjarmörkum við Brúðarhamar á Súðavíkurlíð að Flugvallarvegi	90 km/klst
2. Frá vegamótum við Flugvallarveg að þeim meðtöldum að Hafrafellshálsi	70 km/klst
3. Frá Hafrafellshálsi að Framhaldsskóla Vestfjarða	60 km/klst
4. Frá Framhaldsskóla Vestfjarða að Hafnarstræti	50 km/klst
5. Frá Túngötu um Krók norður fyrir húsið nr. 10 við Hnífsdalsveg	35 km/klst
6. Frá Hnífsdalsvegi 10 norður fyrir húsið nr. 35 við Hnífsdalsveg	50 km/klst
7. Frá Hnífsdalsvegi 35 að Leiti í Hnífsdal	70 km/klst
8. Frá Leiti í Hnífsdal að Búðarvör	35 km/klst
9. Frá Búðarvör að bæjarmörkum á Ófæru utan við Seljadal í Óshlíð.	70 km/klst
10. Á öllum öðrum götum og vegum en að framan greinir	35 km/klst

VII. KAFLI

Umferðarmerki.

Við götur og vegi og á þeim skulu vera umferðarmerki og umferðarmerkingar til þess að gefa glögglega til kynna þær sérreglur um umferð, sem auglýsing þessi tekur til. Ökumönnum og öðrum vegfarendum ber að fara nákvæmlega eftir þessum merkjum og öðrum þeim leiðbeiningarmerkjum, sem ástæða þykir til að hafa.

VIII. KAFLI

Gildistaka og fleira.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. auglýsingu nr. 250/1987 um hámarkshraða á þjóðvegum, öðlast gildi þann 1. júní 1993.

Úr gildi falla auglýsingar um umferð á Ísafirði nr. 249/1989 og 341/1990, svo og allar aðrar reglur um umferð í kaupstaðnum, er kunna að hafa verið settar og brjóta í bága við reglur þessarar auglýsingar, þ.á m. ákvæði 2. mgr. 19. gr. lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 474/1984 um 45 km hámarkshraða á tilteknum vegum.

Lögreglustjórinn á Ísafirði, 24. maí 1993.

Ólafur Helgi Kjartansson.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Vatnsdalsár. Heimili þess og varnarþing er á Sveinsstöðum í Sveinsstaðahreppi.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Vatnsdalsá, Álftaskálará, Tunguá með Hólkotskvísl, Kornsó og Giljá og framrennslu þeirra, en jarðirnar eru: Hjaltabakki, Skinnastaðir I og II, Akur, Stóra-Giljá, Litla-Giljá, Beinakelda I og II, Hnausar I og II, Bjarnastaðir, Mástaðir, Hjallaland með Grundarkoti, Hvammur I og II, Eyjófsstaðir, Bakki, Hof, Kótlustaðir, Gilá, Marðanúpur, Guðrúnarstaðir, Kárdalstunda, Þórormstunga, Sunnuhlíð, Forsæludalur, Kvisthagi, Hjarðartunga, Grímstunga, Haukagil, Saurbær, Ásbrekka, Ás, Brúsastaðir, Snæringstaðir, Undirfell, Nautabú, Kornsó, Kornsó II, Gilsstaðir, Flaga, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólsstaður I og II, Miðhús, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II, Þingeyrar og Geirastaðir.

3. gr.

Verkefni félagsins er:

- A: Að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og leigja til stangveiði, eða nytja veiðina á annan hátt samkvæmt landslögum. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
- B: Að byggja og halda við veiðihúsum og bæta aðbúnað veiðimanna.
- C: Að gera nýja veiðistaði í ána.
- D: Að gera vegi með ánni og auðvelda veiðimönnum umferð.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, ásamt varamönnum. Enginn félagismaður getur skorast undan kosningu, nema hann hafi setið þrjú undanfarin ár í stjórn. Aldrei má nema einn stjórnarmaður vera búsettur í sama hreppi.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar (samanber þó 3. gr.). Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt. Þó má leyfið eigi vera nema til eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt leyfi verði til umræðu.

6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir apríllok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið ár og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur, ásamt varamönnum til þriggja ára.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að varðveita á viðunandi hátt reikninga félagsins, samþykktir, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Aðalfundur getur ákveðið að leggja allt að 2% -tvo af hundraði- af ársarði félagsins í sérstakan sjóð, er ætlaður sé til umbóta á fiskvegi, eða á annan hátt til aukningar á fiskgengd í ánni.

9. gr.

Rétt er félagsmanni að krefjast endurskoðunar á arðskrá félagsins á átta ára fresti.

10. gr.

Eftir því, sem ekki er fram tekið í samþykkt þessari um starfsemi félagsins, fer eftir VIII. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

11. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin samþykkt nr. 3 19. janúar 1965 fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. apríl 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um tilgreiningu einingartölu vara í aðflutnings- og útflutningsskýrslu.

Innflutningur.

1. gr.

Í tollskýrslu skal tilgreina einingartölu (stykkjätölu, rúmmeträtölu, lítratölu eða paratölu eftir því sem við á) eftirfarandi vörutegunda, ásamt tollskrárnúmerum þeirra:

Tollskrárnúmer	Vörutegund
0106.0001	Minkar
0106.0002	Refir
0106.0003	Kanínur
2201.1000 –	Drykkjarvörur
2203.0009	
2204.1000 –	Vín og áfengi
2208.9009	
4014.1000	Smokkar
4403.1000 –	Trjáviður
4404.2000	
4407.1001 –	Trjáviður
4408.9000	
4412.1109	Trjáviður
4412.1209	–,–
4412.1909	–,–
4412.2109	–,–
4412.2909	–,–
4412.9109	–,–
4412.9909	–,–
4820.1001	Dagbækur með almanaki
4910.0000	Almanök
6401.1000 –	Skófatnaður
6405.9009	
8407.2100 –	Hreyflar
8408.9000	
8418.1001	Kælitæki til heimilisnota
8418.2100	–,–
8418.2200	–,–
8418.2900	–,–
8418.3001	Frystikistur til heimilisnota
8418.4001	Frystiskápar til heimilisnota
8421.1201	Taupurrkarar
8421.3901	Lofthreinsunartæki
8422.1100	Uppþvottavélar
8426.1100	Brautarkranar í loft á fastri undirstöðu
8426.1201	Klofberar
8426.1209	Aðrar hreyfanlegar lyftigrindur á hjólum með hjólbörðum
8426.1900	Aðrir brautarkranar í loft, flutningakranar, gálgakranar, brúarkranar og hreyfanlegir lyftikranar

8426.2000	Turnkranar
8426.3000	Bómukranar á súluhjólum
8426.4101	Sjálfkúnir vinnuvagnar búnir krana, á hjólum með hjólbörðum
8426.4109	Annar sjálfknúinn vélbúnaður á hjólum með hjólbörðum
8426.4900	Annar sjálfknúinn vélbúnaður
8426.9900	Annar vélbúnaður
8427.1000	Sjálfkúnir gaffallyftarar og vinnuvagnar með búnaði til lyftingar eða meðhöndlunar, knúnir rafhreyfli
8427.2000	Aðrir sjálfkúnir gaffallyftarar og vinnuvagnar með búnaði til lyftingar eða meðhöndlunar
8427.9000	Aðrir vagnar með búnaði til lyftingar eða meðhöndlunar
8428.1001	Lyftur til vöru- og mannflutninga
8428.2000	Loftknúnar lyftur og færibrautir
8429.1100 –	Jarðýtur, vegheflar, jöfnunarvélar, skafarar, vélskóflur, gröfur,
8429.5900	ámokstursvélar, vélþjöppur og valtarar, sjálfknúið
8430.1000 –	Annar vélbúnaður til að færa, hefna, jafna, skafa, grafa, þjappa, binda,
8430.6909	vinna eða bora í mold, steinefni eða málmgrýti; fallhamrar og stauratogarar; snjóplógar og snjóblásarar
8432.2100	Diskaherfi
8433.1100	Vélknúnar garðsláttuvélar, með sláttubúnaði sem snýst á lóðréttum fleti
8433.1900	Aðrar garðsláttuvélar
8433.2000	Aðrar sláttuvélar, þ.m.t. sláttugreiður á dráttarvélar
8433.3001	Rakstrar- og snúningsvélar
8433.5300	Rótar- eða hnýðisuppskeruvélar
8433.6000	Flokkunarvélar
8437.1000	–, –
8447.1100 –	Prjónavélar
8447.2000	
8450.1100	Pvottavélar
8450.1200	–, –
8450.1900	–, –
8451.2100	Þurrkarar
8451.3001	Strauvélar
8452.1000	Saumavélar til heimilisnota
8452.2100	Aðrar saumavélar
8452.2900	–, –
8465.1001	Trésmíðavélar
8465.9101	–, –
8465.9201	–, –
8465.9301	–, –
8465.9401	–, –
8465.9501	–, –
8465.9601	–, –
8465.9901	–, –
8469.1000 –	Ritvélar og ritvinnslutæki
8469.3900	
8470.1000	Reiknivélar
8470.2100	–, –
8470.2900	–, –
8470.3000	–, –

8470.4000	Bókhaldsvélar
8470.5000	Stimpilpeningakassar
8471.1000 –	Gagnavinnsluvélar
8471.9900	
8472.1000	Fjölritunarávélar
8472.2000	Áritunarávélar
8472.3000	Póstflokkunar- og frímerkjavélar
8509.1000	Ryksugur
8509.4001	Hrærivélar
8510.1000	Rafmagnsrakvélar
8516.4001	Rafmagnsstraujárn til iðnaðarnota
8516.4009	Önnur rafmagnsstraujárn
8516.5000	Örbylgjuofnar
8516.6001	Rafmagnseldunarávélar og eldunarhellur
8516.6002	Aðrir ofnar
8516.7100	Kaffi- og tevélar
8516.7200	Brauðristar
8519.2100 –	Plötuspilarar og plötusnúðar
8519.3900	
8519.9902	Geislaspilarar
8521.1021	Myndbandsupptökutæki og myndbandsflutningstæki, þó ekki fyrir sjónvarpsstarfsemi
8521.1029	–,–
8521.9021	–,–
8521.9029	–,–
8523.1102	Myndbönd ekki meira en 4 mm að breidd
8523.1109	Segulbönd ekki meira en 4 mm að breidd
8523.1202	Myndbönd meira en 4 mm til og með 6,5 mm að breidd
8523.1209	Segulbönd meira en 4 mm til og með 6,5 mm að breidd
8523.1302	Myndbönd meira en 6,5 mm að breidd
8523.1309	Segulbönd meira en 6,5 mm að breidd
8526.1000	Ratsjár- og loftskýtamiðunartæki
8226.9100	–,–
8227.1101 –	Útvarpsviðtæki
8527.3900	
8528.1003	Sjónvarpsviðtæki fyrir lit, með sambyggðum myndbandsupptökubúnaði
8528.1009	Sjónvarpsviðtæki fyrir lit
8528.2003	Sjónvarpsviðtæki fyrir svart og hvítt eða einlitt, með sambyggðum myndbandsupptökubúnaði
8528.2009	Sjónvarpsviðtæki fyrir svart og hvítt eða einlitt
8701.1000 –	Dráttarávélar
8701.9009	
8702.1001 –	Bifreiðar og önnur tæki
8706.0009	
8711.1000 –	Bífhjól og reiðhjól með hjálparvél og hliðarvagnar
8711.9009	
8712.0000	Reiðhjól
8716.1000	Tengivagnar og festivagnar, til íbúðar eða ferðalaga
8716.2000	Tengivagnar og festivagnar, til landbúnaðarnota

8801.1000	Svifflugur og svifdrekar
8802.1100 –	Önnur loftför
8802.5000	
8901.1001 –	Skip og bátar
8903.9909	
8904.0000	Dráttarbátar
8905.1000 –	Dýpkunar- og dæluskip, flotkranar o.fl.
8905.9009	
8906.0000	Skip og bátar
8907.1001	Björgunarflekar
9005.1000	Sjónaukar
9006.4000	Skyndiljósmyndavélar
9006.5100	Myndavélar með linsmyndleitara, fyrir filmur í rúllum sem ekki eru meira en 35 mm að breidd
9006.5200	Aðrar myndavélar, fyrir filmur í rúllum sem eru minna en 35 mm að breidd
9006.5300	Aðrar myndavélar, fyrir filmur í rúllum sem eru 35 mm að breidd
9006.5900	Aðrar myndavélar
9007.1100	Kvikmyndatökuvélar
9007.1900	
9022.1100 –	Geislatæki
9022.9000	
9101.1100 –	Vasa- og armbandsúr o.þ.h.
9102.9900	
9201.1000	Píanó
9201.2000	Flyglar
9203.0000	Orgel
9207.1001	Píanó
9207.1002	Orgel
9303.2000	Haglabyssur
9303.3000	Rifflar

Útflutningur.

2. gr.

Í útflutningsskýrslu skal tilgreina einingartölu (stykkiatölu, rúmmetratölu, lítratölu eða paratölu eftir því sem við á) eftirfarandi vörutegunda, ásamt tollskrárnúmerum þeirra:

Tollskrárnúmer	Vörutegund
0101.1100 –	Lifandi hross
0101.1909	
0104.1000	Sauðfé, lifandi
0106.0001	Minkar, lifandi
0106.0002	Refir, lifandi
0106.0003	Kanínur, lifandi
4101.1000	Kálfhúðir, saltaðar
4101.2109	Aðrar nautgripahúðir, saltaðar
4101.4001	Hrosshúðir, saltaðar
4102.1001	Gærur, saltaðar

4102.2901	Gærur, afullaðar og saltaðar
4103.1001	Geitaskinn, söltuð
4103.1002	Geitaskinn, hert
4103.9001	Úrgangsgærur
4103.9002	Hreindýrahúðir, saltaðar
4103.9003	Hreindýraskinn, hert
4103.9004	Selskinn, söltuð
4103.9005	Selskinn, hert
4105.1900	Sauðskinn, afulluð og sýtuð (leður)
4301.1000	Minkaskinn
4301.6000	Refaskinn
4302.1901	Gærur, forsútaðar
4302.1902	Gærur, fullsútaðar
4302.1903	Pelsgærur (mökkaskinn)
4302.1904	Kálfskinn, sýtuð
4302.1905	Nautgripahúðir, sýtaðar
4302.1906	Hrosshúðir, sýtaðar
4302.1907	Geitaskinn, sýtað
4302.1908	Hreindýraskinn, sýtað

3. gr.

Auglýsing þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 15. gr. tollalaga nr. 55/1987, skal öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 112/1988 um tilgreiningu einingartölu í aðflutningsskýrslu og auglýsing nr. 194/1988 um breytingu á henni.

Fjármálaráðuneytið, 14. maí 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

REGLUGERÐ

um innskatt.

I. KAFLI

Almenn ákvæði um innskatt.

1. gr.

Aðili sem skráður hefur verið skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, má telja til innskatts þann virðisaukaskatt sem frá og með skráningardegi fellur á kaup hans á skattskyldum vörum og þjónustu til nota í rekstrinum, enda byggist innskattskrafa hans gagnvart ríkissjóði á skjölum og bókhaldi sem fullnægjandi er samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum sem keypt eru fyrir skráningardag. Sama gildir ef gögn og bókhald, sbr. 1. mgr., er ófullnægjandi.

2. gr.

Eigi er heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum er varða eftirfarandi:

1. Kaffistofu eða mötuneyti skattaðila og hvers konar fæðisauk hans. Þó er heimilt, að teknu tilliti til annarra ákvæða reglugerðar þessarar, að telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim hluta byggingar sem nýttur er undir kaffistofu eða mötuneyti, svo og af múr- og naglföstum innréttingum í þeim hluta byggingar. Hins vegar er ekki heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt af lausum innréttingum, húsgögnum, tækjum og áhöldum til nota í kaffistofu eða mötuneyti.
Selji skattaðili starfsmönnum fæði telst virðisaukaskattur af hráefni, orku og aðkeyptri þjónustu í því sambandi til innskatts eftir almennum reglum.
2. Öflun eða rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn. Skiptir ekki máli í þessu sambandi þótt aðili noti húsnæðið einnig vegna atvinnu sinnar. Til íbúðarhúsnæðis teljast einnig geymsluherbergi og bifreiðageymsla sem byggð er í venjulegum tengslum við íbúð.
3. Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna.
4. Öflun og rekstur orlofsheimila, sumarbústaða, barnaheimila og þess háttar fyrir eiganda eða starfsmenn.
5. Risnu og gjafir. Til innskatts má þó telja virðisaukaskatt af innkaupum verðlítills smávarnings sem bersýnilega er ætlaður til notkunar í auglýsingaskyni.
6. Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða, þ.m.t. skutbifreiða (station) og jeppabifreiða, fyrir níu menn eða færri, enda hafi aðili ekki með höndum sölu eða leigu þessara bifreiða. Um innskatt vegna annarra ökutækja fer skv. 9. gr.

II. KAFLI

**Innkaup sem ekki varða eingöngu sölu
á skattskyldri vöru eða þjónustu.**

Blönduð starfsemi.

3. gr.

Aðili, sem hefur með höndum blandaða starfsemi, þ.e. starfsemi sem er að hluta virðisaukaskattsskyld en að hluta undanþegin skattskyldu, sbr. 2. gr. laga nr. 50/1988, með síðari breytingum, getur talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem fellur á kaup hans á vörum og þjónustu, eftir því sem nánar er ákveðið í 4.–5. gr. reglugerðar þessarar, sbr. þó sérreglur um ýmis innkaup í 7.–9. gr.

4. gr.

Að teknu tilliti til annarra ákvæða reglugerðar þessarar er aðila með blandaða starfsemi heimilt að telja að fullu til innskatts virðisaukaskatt af vörum og þjónustu sem eingöngu er keypt til nota við hinn skattskylda hluta starfseminnar.

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af vörum og þjónustu sem eingöngu varðar hinn skattfrjálsa hluta starfsemi aðila með blandaða starfsemi.

5. gr.

Virðisaukaskatt af aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum og þjónustu, sem keypt er til nota bæði vegna skattskylds þáttar í starfsemi aðila og skattfrjáls þáttar (blönduð not), er heimilt að telja til innskatts í sama hlutfalli og sala skattskyldrar vöru og þjónustu (án virðisaukaskatts) hvers reikningsárs er af heildarveltu ársins. Við þennan útreikning skal ekki taka tillit til sölu rekstrarfjármuna o.fl., sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988.

Innan hvers reikningsárs má nota hlutfallstölu næstliðins reikningsárs við útreikning innskatts. Við skil vegna síðasta tímabils hvers árs skal fara fram afstemming á innskattsfrádrætti liðins árs. Á fyrsta ári virðisaukaskattsskyldrar starfsemi skal hlutfallstalan reiknuð til

bráðabirgða fyrir hvert einstakt uppgjörstímabil, en endanlegt uppgjör fari fram við skil vegna síðasta tímabils ársins.

Ríkisskattstjóri gefur út sérstök eyðublöð sem nota skal við afstemmingu skv. 2. mgr.

Eigin not.

6. gr.

Nú eru innkaup skattaðila bæði vegna sölu hans á skattskyldum vörum og þjónustu og til einkanota eða annarra nota sem ekki varða rekstur hans, og má þá telja virðisaukaskatt af slíkum innkaupum til innskatts að því leyti sem þau teljast varða virðisaukaskattsskyldan rekstur.

Skattstjóri skal taka mið af þeim reglum og þeirri framkvæmd sem mótask hefur við tekjuskattálagningu þegar hann leggur mat á hvort innkaupum sé réttilega skipt milli skattskylds reksturs og einkanota.

Sérreglur um fasteignir og ökutæki.

7. gr.

Við nýbyggingu húsnæðis, þ.m.t. viðbyggingu, sem að sérgreindum hluta (ákveðin herbergi eða hæð í húsi) er ætlað til nota fyrir skráða starfsemi en að öðru leyti ætlað til nota sem ekki hefur í för með sér rétt til frádráttar innskatts, má skattaðili telja virðisaukaskatt af samtals kostnaði við byggingarframkvæmdir til innskatts í sama hlutfalli og byggingarkostnaður þess hluta sem byggður er til nota fyrir skráða starfsemi er af heildarbyggingarkostnaði. Ef gæði einstakra hluta húsnæðis, sem nýttir eru á mismunandi hátt, eru sambærileg, er heimilt að skipta skattinum í því hlutfalli sem flatarmál þess hluta húsnæðisins sem notað er fyrir skattskyldan rekstur er af heildarflatarmáli húsnæðisins.

Húsnæði, sem leigt er út, telst ekki notað fyrir skattskyldan rekstur nema leigusali hafi skráð sig frjálstri skráningu skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1988. Um íbúðarhúsnæði fer skv. 2. tölul. 2. gr. reglugerðar þessarar.

Virðisaukaskatt vegna endurbóta, viðgerða og viðhalds þess húsnæðis sem um ræðir í 1. mgr. má telja til innskatts að því leyti sem framkvæmdir varða beinlínis þann hluta húsnæðis sem notaður er fyrir skattskyldan rekstur aðila. Skilyrði er að seljandi vinnu eða þjónustu taki fram á söluþingningi sínum við hvaða hluta húsnæðis hafi verið unnið.

Varði framkvæmdir við endurbætur, viðgerðir og viðhald ekki beinlínis ákveðinn hluta húsnæðis, t.d. viðhald utanhúss eða við sameiginlegt lagnakerfi, má skattaðili miða útreikning innskatts við það hlutfall sem flatarmál þess hluta húsnæðis sem notuð er vegna skattskyldrar starfsemi hans er af heildarflatarmáli húsnæðisins.

8. gr.

Nú notar skattaðili sama hluta húsnæðis jöfnum höndum fyrir skattskylda starfsemi og skattfrjálsa og er þá heimilt að miða útreikning innskatts við meginreglur 3.–6. gr. að því leyti sem ekki er unnt að skipta virðisaukaskatti eftir reglum 7. gr. Við útreikning innskatts vegna lagna, viðgerða og viðhalds annarra fasteigna en húsnæðis, þ.m.t. vegna lóðaframkvæmda, skal fara eftir ákvæðum 3.–6. gr.

9. gr.

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna öflunar eða leigu eftirtalinnar ökutækja nema þau séu eingöngu notuð vegna sölu skattaðila á vörum eða skattskyldri þjónustu:

1. Sendi- og vörubifreiða með leyfðri heildarþyngd 5 000 kg eða minna, sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a. Skráð flutningsgeta í fólksrými skal vera minni en helmingur af skráðri burðargetu bifreiðar. Miða skal við að hver maður vegi 75 kg.
- b. Farmrými, opið eða lokað, aftan við öftustu brún sætis eða millipils skal vera a.m.k. 1 700 mm að hleðsludryrum eða hlera. Sé það styttra skal það þó vera lengra en fólksrýmið, mælt frá miðri framrúðu.
- c. Í farmrými mega hvorki vera sæti, né annar búnaður til farþegaflutninga. Sé bifreið breytt úr fólksbifreið í sendi- eða vörubifreið skulu sæti í farmrými fjarlægð með varanlegum hætti, t.d. þannig að sætisfestingar séu einnig fjarlægðar.
2. Hópbifreiða I, þ.e. bifreiða sem aðallega eru ætlaðar til fólksflutninga fyrir 9 farþega eða fleiri, með leyfða heildarþyngd 5 000 kg eða minna.
3. Hópbifreiða II, þ.e. bifreiða sem aðallega eru ætlaðar til fólksflutninga fyrir 9 farþega eða fleiri, með leyfða heildarþyngd yfir 5 000 kg.
4. Bifhjóla.
5. Torfærutækja, þ.e. vélsleða, tví-, þrí- og fjórhjóla.
6. Loftpúdataekja.

Skilyrði þess að telja megi til innskatts virðisaukaskatt af öflun bifreiðar skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. er að hún sé auðkennd skráningarkerkjum af því tagi sem greinir í reglugerð nr. 523/1988, um skráningu ökutækja með síðari breytingum. Þessi regla gildir þó ekki um bifreiðar eignaleigufyrirtækja þegar leigutaki hefur ekki rétt til innskatts af leigugjaldi svo og bifreiðar bílaleigufyrirtækja.

Ökutæki skal ekki talið notað eingöngu vegna sölu á vörum eða skattskyldri þjónustu ef það er notað af eiganda þess eða starfsmanni hans til einkanota þ.m.t. til aksturs milli heimilis og vinnustaðar.

Ákvæði 2.–6. gr. gilda um útreikning innskatts vegna reksturs þeirra ökutækja sem um ræðir í 1. mgr.

Um innskatt ríkisstofnana, sveitarfélaga o.fl.

10. gr.

Prátt fyrir ákvæði þessa kafla mega ríki, bæjar- og sveitarfélög og stofnanir og fyrirtæki þeirra, sem skattskyld eru skv. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988, einungis telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim aðföngum sem eingöngu varða sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu. Hið sama gildir um aðra virðisaukaskattskylda aðila sem undanþegnir eru tekju- og eignarskatti skv. 4. gr. laga nr. 75/1981. Þá á hið sama við um innskatt af skattskyldum eigin notum þeirra aðila er greinir í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988.

III. KAFLI

Sala rekstrarfjármuna.

11. gr.

Sala eða afhending véla, tækja og annarra rekstrarfjármuna telst að fullu til skattskyldrar veltu aðila þótt hann hafi aðeins fengið virðisaukaskatt vegna öflunar þeirra frádreginn sem innskatt að hluta.

Hafi ekki mátt telja virðisaukaskatt vegna kaupa ökutækis til innskatts, sbr. 6. tölul. 2. gr. og 9. gr., telst sala ökutækisins ekki til skattskyldrar veltu.

IV. KAFLI

Leiðrétting innskatts af varanlegum rekstrarfjármunum.

12. gr.

Skattskyldur aðili skal leiðrétta (bakfæra) innskatt vegna skattskyldrar starfsemi sinnar verði breyting á forsendum fyrir frádrætti innskatts vegna öflunar eftirtalinna varanlegra rekstrarfjármuna:

1. Véla, tækja, áhalda, innréttinga og annarra lausafjármuna sem rýrna að verðmæti við edlilega notkun eða aldur, enda nemi kaupverð (stofnverð) einstakrar eignar eða eignasamstæðu a.m.k. 109 500 kr. (án virðisaukaskatts) eftir að það hefur verið framreiknað samkvæmt byggingarvísitölu.
2. Fasteigna. Leiðréttingarskyldan tekur til innskatts af feni, vinnu, tækjanotkun o.fl. vegna nýbyggingar, endurbyggingar og endurbóta, svo og vegna viðgerða og viðhalds, enda sé samtals verðmæti þessara framkvæmda a.m.k. 500 000 kr. (án virðisaukaskatts) eftir að það hefur verið framreiknað samkvæmt byggingarvísitölu.

Fjárhæðir skv. 1. mgr. skulu 1. janúar ár hvert taka breytingu samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Við framreikning fjárhæða skv. 1. mgr. skal miða við byggingarvísitölu þess mánaðar þegar rekstrarfjármuna skv. 1. og 2. tölul. er aflað og byggingarvísitölu þess mánaðar þegar leiðrétting innskatts á sér stað.

13. gr.

Það telst breyting á forsendum fyrir frádrætti á innskatti þegar skattaðili naut fulls frádráttarréttar eða frádráttar að hluta þegar eign var keypt eða þegar verk var unnið, en eignin er síðar seld, leigð eða tekin til annarrar notkunar þar sem skattaðila ber enginn frádráttarréttur eða minni frádráttarréttur. Það telst einnig breyting á forsendum fyrir frádrætti á innskatti þegar ökutæki skv. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. er breytt þannig að ökutækið uppfylli ekki skilyrði þau sem tilgreind eru skv. 1. tölul. 1. mgr. Þótt ekki sé um breytta notkun ökutækis að ræða. Jafnframt skal leiðrétta innskatt vegna öflunar eigna, sem falla undir 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. og notaðar eru við blandaða starfsemi, ef hlutfallstala skv. 5. gr. lækkar um 10 prósentur eða meira frá því ári þegar eignar var aflað.

Leiðréttingarskylda fellur niður í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar sala eða afhending rekstrarfjármuna telst til skattskyldrar veltu skattaðila, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988 og 11. gr. reglugerðar þessarar.
2. Þegar eign er seld nauðungarsölu.
3. Þegar fasteign er leigð út og leigusali er skráður frjálsri skráningu, sbr. reglugerð nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign.

Heimilt er skattaðila að leiðrétta til hækkunar innskatt vegna öflunar eigna skv. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr., sem notaðar eru við blandaða starfsemi, ef hlutfallstala skv. 5. gr. hækkar um 10 prósentur eða meira frá því ári þegar eignar var aflað.

14. gr.

Leiðrétta skal innskatt vegna öflunar lausafjármuna, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr., verði breyting á forsendum frádráttar á næstu fimm árum talið frá og með þeim mánuði þegar eignanna var aflað. Leiðrétta skal innskatt vegna framkvæmda sem um ræðir í 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. verði breyting á forsendum frádráttar á næstu tíu árum talið frá og með þeim mánuði þegar framkvæmd fór fram. Heimild til leiðréttingar skv. 3. mgr. 13. gr. fellur niður eftir fimm ár talið frá og með kaupmánuði.

Breytist notkun eignar í sama mánuði og frádráttur innskatts fer fram nær leiðréttingarskylda til allrar þeirrar fjárhæðar sem dregin hefur verið frá sem innskattur. Breytist notkun síðar skal framreikna frádreginn innskatt samkvæmt byggingarvísitölu. Þannig framreiknaðan innskatt skal leiðrétta á eftirfarandi hátt:

1. Vegna lausafjármuna, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr., er leiðréttingarskyldan 80% á næsta ári eftir því ári þegar innskattsfrádráttur fór fram, 60% á þarnaesta ári og lækkar síðan um 20 prósentur árlega. Fyrir hvert tímabil sem er skemmra en eitt ár (12 mánuðir) er leiðréttingarskyldan 1,67% á mánuði.
2. Vegna fasteigna, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 12. gr., er leiðréttingarskyldan 90% á næsta ári eftir því ári þegar innskattsfrádráttur fór fram, 80% á þarnaesta ári og lækkar síðan um 10

prósentur árlega. Fyrir hvert tímabil sem er skemmra en eitt ár (12 mánuðir) er leiðréttingarskyldan 0,83% á mánuði.

Við breytingu á hlutfallstölu skv. 5. gr. skal leiðrétting vegna hvers einstaks reikningsárs nema $\frac{1}{8}$ að því er varðar eignir sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. en $\frac{1}{10}$ að því er varðar fasteignir, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 12. gr., af þeirri innskattsfjárhæð sem dregin hefur verið frá sem innskattur.

Leiðréttingarfjárhæðina skal leiðrétta á innskattsreikningi á því tímabili þegar leiðrétting skal eiga sér stað.

Við leiðréttingu innskatts skal fylla út sérstaka leiðréttingarskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

15. gr.

Við kaup fasteignar getur kaupandi yfirtekið leiðréttingarskyldu vegna eftirstöðva tímabils skv. 14. gr. að því leyti sem hann hefur frádráttarrétt vegna eignarinnar. Seljandi skal leiðrétta innskatt að því leyti sem frádráttarréttur kaupanda kann að vera minni en seljanda. Að öðru leyti fellur leiðréttingarskylda seljanda samkvæmt reglugerð þessari niður.

Þegar eignaryfirlæsing á fasteign, vélum eða öðrum rekstrarfjárumunum á sér stað í sambandi við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess skv. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, á leiðréttingartímabilinu, getur kaupandi, sem hefur minnst sama frádráttarrétt vegna rekstrarfjármuna og seljandi hafði við öflun, yfirtekið alla leiðréttingarskylduna vegna eftirstöðva tímabilsins. Sé frádráttarréttur kaupanda minni en seljanda, getur kaupandi yfirtekið þann hluta leiðréttingarskyldunnar sem hann á rétt á og skal seljandi þá standa skil á þeirri leiðréttingarskyldu sem eftir er.

Tilkynna skal skattstjóra um yfirtöku leiðréttingarskyldu samkvæmt þessari grein. Tilkynning skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

16. gr.

Um bókhald og varðveislu gagna vegna breytingar á forsendum fyrir frádrætti innskatts fer samkvæmt reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 2. mgr. 16. gr., sbr. 49. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi nú þegar. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 81/1991, um innskatt, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bífreiðar sem skulu auðkenndar skráningarmerkjum skv. 2. mgr. 9. gr. og skráðar hafa verið fyrir gildistöku reglugerðar þessarar hafa frest til að skipta um skráningarmerki til 30. júní 1993, sbr. 63. gr., ákvæði til bráðabirgða III, laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.

Fjármálaráðuneytið, 18. maí 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

SAMÞYKKT

um stjórn Sauðárkrókskaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Sauðárkrókskaupstaðar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Sauðárkrókskaupstaðar eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Enn fremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða helstu starfsmenn hans.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar. Áætlun þessa skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja hana um eitt ár.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert, að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytis og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga.

Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun eða útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingar eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiddir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi annan hvern þriðjudag, kl. 17.00, ef mál eru fyrir hendi.

Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði ekki standa lengur en þrjár klukkustundir.

Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Skal bæjarráð hafa heimild til fullnaðarafgreiðslu mála í sumarleyfi bæjarstjórnar, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða bæjarstjóra um slíka afgreiðslu.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra eða forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður hana saman til fyrsta fundar að loknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunnbert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar, og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, sbr. 60. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri eða forseti bæjarstjórnar ákveða að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Óski bæjarfulltrúi eftir slíku, skal hann tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund verði því við komið.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs í senn.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær, þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils hans.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundunum og er bæjarfulltrúum því skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Forseti skal kveðja til varaforseta, vilji hann taka þátt í almennum umræðum.

Raski áheyrandi fundarfríði, getur forseti vísað honum úr fundarsal.

Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum. Skjóta má ákvörðun forseta til úrlausnar bæjarstjórnar.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreidir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir og reglugerðir, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri.

Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala.

Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

27. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu eru fundargerðir bæjarráðs, annarrar nefndar, ráða eða stjórna, skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftast til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala þrisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

28. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

29. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

30. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu og frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar.

Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

31. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

32. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti móttakvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef bæjarfulltrúi óskar. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af údrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei, eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

33. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

34. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, meginefni þeirra og dagsetningu, aðila máls og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Umræður á bæjarstjórnarfundum skulu hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti og skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

35. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. - Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

38. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samvisskusemi og gæta hagsmuna bjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bjarins og á einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

41. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

42. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

43. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

44. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

46. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundum.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráði.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

Heimila skal framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki hefur náð kjöri í bæjarráð, að tilnefna fulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs þann tíma sem bæjarstjórn fellir niður fundi vegna sumarleyfis.

Bæjarstjórn getur heimilað framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna aðalfulltrúa úr bæjarstjórn til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

49. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku, á hverjum fimmtudegi. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

50. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund.

Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann láta boða varamann hans á fund.

51. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af þessum fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður eða bæjarstjóri óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn.

Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

Heimilt er að bóka afgreiðslu viðkvæmra mála í sérstaka trúnaðarbók.

52. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Í sumarleyfi bæjarstjórnar er bæjarráði þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sbr. 12. gr., sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu.

Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

53. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

54. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar, eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara. Heimilt er þó að boða nefnd til fundar með styttri fyrirvara, ef brýna nauðsyn ber til. Fundir skulu að jafnaði boðaðir með dagskrá.

55. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

56. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

57. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins, eftir því sem við á.

58. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

59. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Skrá skal í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlök skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

60. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

61. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. Forseti bæjarstjórnar skv. 46. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. Fyrsti varaforseti bæjarstjórnar.
3. Annar varaforseti bæjarstjórnar.
4. Tveir skrifarar bæjarstjórnar og jafnmargir til vara, úr hópi bæjarfulltrúa.
5. Bæjarráð. Þrjú aðalfulltrúar úr bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, sbr. 2. gr. laga nr. 49/1990.
6. Skoðunarmenn. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
7. Veitustjórn. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Skulu þeir allir vera aðalmenn eða varamenn í bæjarstjórn.
Veitustjórn fer með málefni rafveitu, hitaveitu og vatnsveitu samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 og reglugerðum um þær veitur og lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991 og reglugerð nr. 421/1992.
8. Hafnarstjórn. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984. Skulu tveir aðalmenn vera aðalfulltrúar í bæjarstjórn.
9. Kjörstjórn við alþingiskosningar. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
Kjörstjórn sjái einnig um sveitarstjórnarkosningar skv. 4. mgr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
10. Undirkjörstjórn á sjúkrahús. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. Félagsmálaráð. Fimm aðalfulltrúar og jafnmargir til vara, sbr. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og samþykkt um skipan félagsmála á Sauðárkróki dags. 15. des. 1992. Tveir fulltrúar skulu vera aðalfulltrúar í bæjarstjórn.
Félagsmálaráð annast störf barnaverndarnefndar, sbr. lög nr. 58/1992.
Félagsmálaráð sinnir þeim verkefnum sem áfengisvararnefnd er ætlað skv. lögum nr. 82/1969.
Félagsmálaráð annast störf húsaleigunefndar skv. lögum nr. 44/1979.
Félagsmálaráð annast verkefni stjórnarnefndar vinnumiðlunar skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
Félagsmálaráð fer með stjórn og rekstur leikskóla, sbr. 5. gr. laga um leikskóla nr. 48/1991.
Félagsmálaráð fer með verkefni jafnréttisnefndar samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991.
2. Atvinnumálanefnd. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Atvinnumálanefnd starfar skv. erindisbréfi frá 11. nóv. 1986.
3. Íþrótt- og æskulýðsráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Skulu tveir ráðsmenn vera aðalfulltrúar í bæjarstjórn. Íþrótt- og æskulýðsráð starfar skv. samþykktum frá 15. des. 1992.
4. Byggingarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Byggingarnefnd fer einnig með skipulagsmál.
5. Skólanefnd grunnskóla. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
6. Muna- og minjanefnd. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Muna- og minjanefnd starfar skv. samþykkt frá 12. maí 1970.

7. Skólanefnd tónlistarskóla. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Skólanefnd starfar samkvæmt lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og skv. reglugerð fyrir Tónlistarskólann á Sauðárkróki dags. 3. mars 1993.
8. Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. samþykktu sambandsins.
9. Ársþing SSNV. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. samþykktum SSNV, dags. 28. ágúst 1992.
10. Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands, sbr. lög nr. 108/1988.
11. Jarðeigna- og búfjárfélag. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. reglugerð nr. 581/1981.
12. Eigendafundur Bifrastar. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. samþykktum fyrir Félagsheimilið Bifröst, dags. 17. september 1992.
13. Bifrastarstjórn. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. samþykktum fyrir Félagsheimilið Bifröst, dags. 17. september 1992.
14. Húsnæðisnefnd. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. 3. gr. laga nr. 70/1990.
15. Ferðamálanefnd. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. samþykkt dags. 20. febrúar 1979.
16. Umhverfis- og gróðurverndarnefnd. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu og 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971, sbr. 62. gr. laga nr. 108/1988.
17. Samstarfsnefnd þéttbýlisstaða á Norðurlandi vestra. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. samþykktum, dags. 10. apríl 1984.
18. Starfskjaranefnd. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. gildandi kjarasamningi frá 1. maí 1992.
19. Starfsmenntunarsjóður. Einn aðalmaður og annar til vara, skv. gildandi kjarasamningi frá 1. maí 1992.
20. Umferðarnefnd. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
21. Starfsmatsnefnd. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. gildandi kjarasamningi frá 1. maí 1992.
22. Héraðsnefnd Skagfirðinga. Átta aðalmenn og jafnmargir til vara. Aðalmenn skulu vera úr hópi aðalmanna í bæjarstjórn og varamanna þeirra, eða samkvæmt samþykktum héraðsnefndar Skagfirðinga. Bæjarstjóri og staðgengill hans skulu einnig vera kjörgengir í héraðsnefnd. Nefndin starfar samkvæmt samþykktum sem tóku gildi 1. janúar 1989.

62. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils og fyrr ef verkefni þeirra er lokið.

Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

63. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

64. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar, enda hafi bæjarstjórn samþykkt slíkt.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs bæjarins, fyrirtækja hans og stofnana.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn ákveði annað.

65. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum, að fengnum tillögum frá viðkomandi nefnd.

66. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 65. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

67. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma, sbr. 1. mgr., svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

68. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

69. gr.

Afbrigði frá samþykkt þessari getur bæjarstjórn gert í einstökum tilfellum þegar nauðsyn ber til, ef meirihluti mætra bæjarstjórnarmanna samþykkir það.

70. gr.

Til að gera breytingar á samþykkt þessari, þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, að undanskildum ákvæðum 1. gr. og 2. og 3. tölul. B. í 61. gr. sem öðlast gildi við bæjarstjórnarkosningar 1994, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um stjórn Sauðárkrókskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 465/1988.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990 með síðari breytingum.

1. gr.

6. málsg. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- 3.6 Nefndin hefur eftirlit með vatnsveitum, sjóveitum, vatnsbólum og verndarsvæðum þeirra, auk einstakra brunna, sem nýttir eru til vatnstöku, sömuleiðis með hitaveitum og vatni á sjó-, sund- og baðstöðum og lætur taka sýni til rannsóknar samkvæmt reglum þar að lútandi og þegar ástæða þykir til.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á III. kafla reglugerðarinnar:

- a. Heiti III. kafla verður: Um vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunna, sjó og hitaveitur.
- b. Á eftir 29. gr. kemur ný grein, 29. gr. A svohljóðandi:
- 29.A.1.1. Hitaveituvatn er hvorki ætlað til drykkjar né í matargerð en er leitt í hús til upphitunar, baða og þvotta. Telji heilbrigðisnefnd ástæðu til að upplýsa neytendur sérstaklega um að neyta ekki hitaveituvatns eða að varað skuli sérstaklega við annarri notkun þess getur hún skyldað hitaveitur til að tilkynna það notendum, t.d. með auglýsingu, bréflaga eða með prentaðri aðvörun á reikningum, allt eftir tilefni.
- 29.A.1.2. Áður en ný hitaveita tekur til starfa skal framkvæmd greining á efnainnihaldi vatnsins og þær upplýsingar sendar til heilbrigðisnefndar. Óski heilbrigðisnefnd eftir frekari gögnum skulu henni látin þau í té. Einnig getur heilbrigðisnefnd óskað eftir gögnum varðandi efnainnihald hitaveituvatns frá starfandi hitaveitum. Verði vart við, að grunur um, að hitaveituvatn sem leitt er í hús hafi mengast, t.d. vegna sjóblöndunar eða af öðrum orsökum og ef nýtt vinnslusvæði er tekið í notkun ber hitaveitustjóra viðkomandi hitaveitu að tilkynna það til heilbrigðisnefndar.
- 29.A.1.3. Leyfi Hollustuverndar ríkisins þarf fyrir efnun sem ætluð eru til íblöndunar í heita vatnið, á stöðum þar sem það er talið nauðsynlegt vegna tæringarhættu, úrfellingarhættu eða af öðrum orsökum. Hitaveitur sækja um leyfi ef efnin eru notuð í dreifikerfi en innflytjandi eða framleiðandi efnanna ef um íblöndun hjá einkaaðilum er að ræða. Hitaveitum er skylt að fylgjast með magni íblöndunarefna í dreifikerfum og skulu heilbrigðisnefndir hafa fullan aðgang að gögnum hitaveitna er varðar eftirlit með þeim.

3. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist 9. tölul. er hljóði svo:

9. Starfandi hitaveitum, sem þegar nota íblöndunarefni ber að sækja um leyfi til Hollustuverndar ríkisins fyrir 1. júní 1994.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. maí 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfisgjöld á varnarsvæðum.

1. gr.

Byggingarleyfisgjöld, þ.e. gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirkjum, skulu innheimt af byggingum í eigu íslenskra aðila á varnarsvæðum.

2. gr.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins annast innheimtu byggingargjalda á varnarsvæðum.

Gjaldið skal vera kr. 2 076,00. Fyrir nýbyggingar skal að auki greiða allt að kr. 20,76 fyrir hvern teningsmetra af rúmmáli byggingarinnar. Botnplata skal ekki reiknuð með rúmmálinu sbr. ÍST. 50.

Fyrir leyfi til að breyta húsi eða notkun þess, rífa hús eða önnur mannvirki, gera bifreiðastæði eða önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins skal greiða varnarmálaskrifstofu kr. 2 076,00.

Varnarmálaskrifstofu er heimilt að taka gjöld fyrir úttektir og vottorð sem skipulags- og byggingarnefnd varnarsvæða lætur í té, sbr. reglugerð nr. 75/1982 um skipulagsmál á varnarsvæðum.

3. gr.

Byggingarleyfisgjöld verða ekki endurgreidd þótt leyfi falli úr gildi vegna þess að það hefur ekki verið notað innan árs, eða hefur verið fellt úr gildi. Fyrir endurnýjun leyfis óbreytt skal greiða kr. 2 076,00.

4. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1993, sem þá var 189,6 stig, og skulu breytast í samræmi við breytingar á henni. Ber í því efni að miða við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.

5. gr.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins innheimtir öll gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá.

Byggingarleyfi skulu eigi veitt fyrr en tilskilin gjöld hafa verið greidd.

Öll gjöld skv. þessari gjaldskrá má innheimta með lögtaki.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 106 17. desember 1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., sbr. 10. tl. 14. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um stjórnarráð Íslands nr. 96 31. desember 1969, sbr. VII. kafla byggingarlaga nr. 54 16. maí 1978 og kafla 9.2. í byggingarreglugerð nr. 177 6. maí 1992.

Gjaldskrá þessi gildir frá 7. maí 1993.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Róbert Trausti Árnason.

REIKNINGUR**Þjóðhátíðarsjóðs 1992.****Eignir:**

Spariskírteini 2. fl. 1984	kr. 54 835 040,00
Innstæða á hlr. 40091	kr. 1 153 665,08
	<hr/>
	kr. 55 988 705,08

Skuldir

Ósóttir styrkir, úthl. 1990-1992	kr. 330 000,00
Höfuðstóll 31. desember 1991	kr. 54 520 436,20
Ósóttir styrkir fyrri úthl. færast á höfuðstól	kr. 415 000,00
Tekjur umfram gjöld	kr. 723 268,88
	<hr/>
	kr. 55 658 705,08
	<hr/>
	kr. 55 988 705,08

Tekjur:

Vextir af hlr. 40091	kr. 264 241,88
Verðhækkun spariskírt.	kr. 4 845 380,00
	<hr/>
	kr. 5 109 621,88

Gjöld:

Styrkveitingar 1992	kr. 4 160 000,00
Ýmiss kostnaður	kr. 226 353,00
	<hr/>
	kr. 4 386 353,00
Tekjur umfram gjöld	kr. 723 268,88
	<hr/>
	kr. 5 109 621,88

Reikningskil þessi hafa verið endurskoðuð og ekkert fundist athugavert.

Ríkisendurskoðun, Reykjavík, 2. apríl 1993.

Sigurður Þórðarson.

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs.

Magnús T. Ólafsson.

Jóhannes Nordal. Björn Bjarnason.

Gunnlaugur Haraldsson. Björn Teitsson.

Sveinbjörn Hafliðason.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

1. gr.

Prátt fyrir ákvæði 12. gr. er heimilt við veiðar á úthafskarfa að klæða bæði efra og neðra byrði flotvörpu í 25 öftustu metrum vörpunnar, með styrktarneti með sömu möskvastærð og heimilt er að nota í poka.

Ákvæði 1. mgr. tekur aðeins til veiða á úthafskarfa með flotvörpu á svæði utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20'N - 29°45'V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands)
 2. 63°N - 26°V
 3. 62°N - 26°30'V
- og vestan línu, sem dregin er 180° réttvísandi frá 62°N- 26°30'N.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfær- endur fatlaðra og sjúkra barna nr. 150/1992.

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsg. sem verður 2. málsg.:

Prátt fyrir ákvæði 1. málsg. um dvöl í heimahúsi er heimilt að greiða framfærendum barna, sem þurfa á langvarandi vistun á sjúkrahúsi og yfirsetu foreldris/franfæranda að halda vegna lífshættulegs sjúkdóms, bætur samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 79/1991 um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. maí 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 290 28. júlí 1992, um veiðar í atvinnu-
skyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993, sbr. reglugerð
nr. 119, 17. mars 1993.

1. gr.

Í stað „þ.a. Eldey ... 800 lestir“, í 1. mgr. 4. tl. 3. gr. sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 119/1993
komi: þ.a. Eldey ... 500 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða
til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bátaábyrgðarfélög nr. 367/1976 með
síðari breytingum.

1. gr.

4. málsgr. 31. gr. orðist svo:

Nú verður skip fyrir algeru tjóni á váttryggingartímabilinu og fellur þá niður réttur til
endurgreiðslu iðgjalds.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 18/1976 um bátaábyrgðarfélög og öðlast
þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. maí 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um niðurfærslu loðdýralána.

1. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er heimilt að fella niður allt að 50% af heildarskuldbindingum sem stofnað hefur verið til hjá deildinni vegna loðdýraræktar.

2. gr.

Allir þeir bændur sem tekið hafa lán til loðdýraræktar hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins eða yfirtekið slík lán til að stunda loðdýrabúskap og eru enn ábyrgir fyrir þeim lánum, eiga rétt á niðurfærslu þeirra skulda hjá deildinni skv. reglugerð þessari.

Niðurfærslan skal ná til allra lána, sem skilgreind eru í bókhaldi deildarinnar sem loðdýralán, þ.m.t. lán vegna loðkanínuræktar, og skal fjárhæð niðurfærslunnar miðast við höfuðstól þeirra 31. desember 1992, að viðlögðu vísitöluálagi.

3. gr.

Réttur til niðurfærslu skal þannig fundinn, að fyrst sé dregin 1,0 m.kr. frá heildarskuld hvers og eins skv. 2. gr., en síðan falli niður 45% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur, þó í eftirfarandi röð:

1. Til greiðslu vaxta á áhvílandi loðdýralánum frá 15. júní 1992 til 15. júní 1994.
2. Vanskil á afborgunum og vöxtum af loðdýralánum fram til 15. júní 1993.
3. Lán veitt til bústofnskaupa.
4. Lán veitt til búrakaupa.
5. Önnur loðdýralán.

Þá er heimilt að nýta niðurfærsluréttinn til að greiða vanskil af öðrum lánum viðkomandi aðila hjá Stofnlánadeild, enda sé um það samkomulag við lántaka.

4. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins skal kynna viðkomandi skuldunautum bréflega þá niðurfærslu skulda sem hverjum og einum stendur til boða skv. reglugerð þessari og skýra forsendur hennar.

Lántakandi skal staðfesta skriflega, að hann óski eftir niðurfærslu. Að þeirri staðfestingu fenginni skal niðurfærsla fara fram og Stofnlánadeild landbúnaðarins lækka veðkröfur sínar í samræmi við það.

5. gr.

Veiti skuldunautur samþykki sitt, getur Stofnlánadeild landbúnaðarins skilyrt niðurfærslu lána því að samkomulag náist við þá veðhafa sem eftir henni koma um skuldbreytingu niðurfellingu skulda.

6. gr.

Stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins er heimilt að fella niður skuldir umfram það sem kveðið er á um í 3. gr. að því marki sem heimild deildarinnar til niðurfellingar skv. 1. gr. nægir til.

7. gr.

Stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins er heimilt að fella niður allt að helmingi heildarskulda hjá þeim fóðurstöðvum sem tekið hafa lán hjá deildinni til fjárfestinga vegna framleiðslu á loðdýrafóðri.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 108 28. desember 1992 um breytingu á lögum nr. 112/1989 um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. maí 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

26. maí 1993

Nr. 202

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl., nr.
787 13. desember 1983.**

1. gr.

Í stað „vörubifreiða fyrir 5 smálesta farm eða meira“ í 1. mgr. 13. gr., sbr. reglugerð nr. 361/1992, komi: vörubifreiða sem eru meira en 3 500 kg að leyfðri heildarþyngd.

2. gr.

Í stað „vörubifreið fyrir 5 smálesta farm eða meira“ í 4. mgr. 42. gr., sbr. reglugerð nr. 116/1988, komi: vörubifreið sem er meira en 3 500 kg að leyfðri heildarþyngd.

3. gr.

Á eftir 2. mgr. 45. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Eigi má veita þeim sem er yngri en 20 ára réttindi til að stjórna vörubifreið sem er meira en 3 500 kg að leyfðri heildarþyngd, hópþifreið eða bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

4. gr.

Á eftir 52. gr. komi tvær nýjar greinar, 52. gr. a og b, með fyrirsögninni: **G. Eldri ökuréttindi.**

5. gr.

Ný grein, 52. gr. a, orðist svo:

Fullnaðarskírteini sem gefin höfðu verið út til 10 ára fyrir 1. mars 1988 og voru þá í gildi skulu gilda áfram án áritunar þar til hlutaðeigandi er fullra 70 ára.

6. gr.

Ný grein, 52. gr. b, orðist svo:

Þeir, sem fyrir 1. júní 1993 hafa öðlast réttindi sem nú er krafist sérstakrar löggildingar til, halda þeim rétti, enda fullnægi þeir almennum skilyrðum til þess, þannig:

- Þeir sem fyrir 1. júlí 1958 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið mega stjórna bifhjóli, svo og vörubifreið sem er meira en 3 500 kg að leyfðri heildarþyngd.
- Þeir sem fyrir 12. apríl 1960 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið mega stjórna hópþifreið fyrir fleiri en 16 farþega, þó ekki bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- Þeir sem fyrir 1. mars 1988 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið mega stjórna hópþifreið fyrir allt að 16 farþega, þó ekki bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- Þeir sem fyrir 1. mars 1988 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna leigubifreið til mannflutninga mega stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

- e. Þeir sem fyrir 1. júní 1993 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið mega stjórna vörubifreið fyrir allt að 5 smálesta farm.
- f. Þeir sem fyrir 1. janúar 1951 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna leigubifreið til mannflutninga eiga rétt á að fá ótímabundin ökuréttindi.

7. gr.

Á eftir 56. gr. komi svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

- a. Ákvæði 2., 19., 40. og 44. gr. um æfingaakstur og próf í akstri dráttarvéla gilda eftir því sem við á um æfingaakstur og próf í akstri torfærutækja.
- b. Þar til fram hefur farið heildarendurskoðun reglugerðarinnar gilda ákvæði hennar áfram með þeim breytingum sem leiða af breyttum ákvæðum umferðarlaganna.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/30. mars 1987, öðlast gildi 1. júní 1993.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 116/29. febrúar 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í júnímánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í júnímánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

- 1. Skreið Útborgun 5,1%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í júnímánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUR

um undanþágu frá notkun öryggisbeltis.

1. gr.

Ekki er þeim skylt að nota öryggisbelti sem hefur meðferðis læknisvottorð er undanþiggur hann notkun þess af heilsufars- eða læknisfræðilegum ástæðum.

2. gr.

Enn fremur er ekki skylt að nota öryggisbelti:

- a. Við akstur í atvinnuskyni þar sem hraði er jafnan lítill og hlutaðeigandi þarf að fara úr og í bifreiðina með stuttu millibili.
- b. Við akstur lögreglubifreiðar við flutning handtekinna manna eða annarra, sem hætta kann að stafa af, og við sérstaka öryggisgæslu.
- c. Við akstur leigubifreiðastjóra við flutning farþega í atvinnuskyni.
- d. Við akstur við erfiðar eða hættulegar aðstæður utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hætta getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 71. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast gildi 1. júní 1993.

Jafnframt falla úr gildi reglur um notkun öryggisbeltis í bifreið, nr. 105 26. febrúar 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. maí 1993.

Dorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR

um undanþágu frá notkun hlífðarhjálms.

1. gr.

Ekki er þeim skylt að nota hlífðarhjálms sem hefur meðferðis læknisvottorð sem undanþiggur hann notkun hans af heilsufars- eða læknisfræðilegum ástæðum.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 72. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast gildi 1. júní 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. maí 1993.

Dorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 523 15.
desember 1988.

1. gr.

- e-liður 1. mgr. 1. gr. orðist svo:
e. eftirvagnar bifreiða og dráttarvéla sem gerðir eru fyrir a.m.k. 750 kg heildarþyngd, þó ekki eftirvagnar bifreiða á beltum eða dráttarvéla sem nær eingöngu eru notaðir utan opinberra vegna.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. júní 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 207

24. maí 1993

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Landmanna-
hrepps og Holtahrepps í Rangárvallasýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 24. maí 1993 staðfest sameiningu Landmannahrepps og Holtahrepps í Rangárvallasýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram laugardaginn 26. júní 1993, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 1. júlí 1993.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 – 1993

25. maí 1993

397

Nr. 208

AUGLÝSING

**um staðfestingu á aðalskipulagi í Reykjahreppi
við Skarðaháls 1992-2012.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. maí 1993 staðfest aðalskipulag að Skarðahálsi í Reykjahreppi.

Uppdráttur ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem mælt er fyrir um í skipulagslögum nr. 19/1964. Sveitarstjórn Reykjahrepps hefur samþykkt aðalskipulagið og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt það til staðfestingar ráðherra.

Umhverfisaráðuneytið, 25. maí 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

25. maí 1993

Nr. 209

AUGLÝSING

**um staðfestingu á legu tveggja 220 kv háspennulína frá Hamranesi
í Hafnarfirði að Keilisnesi í Vatnsleysustrandarhreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðuneytið þann 25. maí 1993 staðfest legu tveggja 220 kv háspennulína, Keilislínu 1 og 2, frá Hamranesi sunnan Hafnarfjarðar að Keilisnesi í Vatnsleysustrandarhreppi.

Uppdráttur fyrir legu háspennulínanna hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19, 21. maí 1964 mæla fyrir um. Uppdrátturinn er samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Umhverfisaráðuneytið, 25. maí 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

B 28

Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

I. KAFLI

Hlutverk sjóðsins og lánsréttur manna.

1. gr.

Meginhlutverk sjóðsins.

Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum lán til þess að þeir geti lagt stund á háskólanám og sérnám án tillits til efnahags.

Sjóðurinn lánar hvorki til undirbúningsnáms né náms að loknu doktorsprófi.

2. gr.

Námsframvinda.

Forsenda þess að námsmaður geti fengið lán úr sjóðnum er að námsframvinda hans hafi verið með eðlilegum hætti miðað við skipulag skóla og samræmt mat á kröfum hinna ýmsu skóla og námsbrauta. Námsmanni ber að leggja fram staðfest gögn frá skóla í þessum efnum.

3. gr.

Hámarkstími aðstoðar.

Námsmenn í grunnháskólanámi eða sérnámi eiga rétt á almennum námslánum í samtals fimm ár að hámarki, sbr. nánari ákvæði í úthlutunarreglum sjóðsins. Leggi námsmaður stund á framhaldsháskólanám að loknu grunnháskólaprófi er heimilt að veita honum lán í allt að 10 ár samtals.

4. gr.

Hámarkslán.

Stjórn sjóðsins er heimilt að setja reglur um hámark lána, t.d. vegna skólagjalda og að miða upphæð lána við námsárangur lánþega á hverri önn, misseri eða skólaári.

5. gr.

Um sérnám.

Stjórn sjóðsins er ennfremur heimilt að setja þau skilyrði vegna sérnáms að lánþegi sé tvítugur á því almannaksári sem nám er stundað.

6. gr.

Réttur erlendra námsmanna.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða að námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám hérlandis, hafi rétt til námslána samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenskir námsmenn enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu, sbr. samkomulag milli Norðurlandanna um þessi efni eins og það er á hverjum tíma.

Einnig er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

7. gr.

Reglur um úthlutun námslána o.fl.

Til þess að tryggja samræmi í meðferð einstakra umsókna og sem besta nýtingu á ráðstöfunarfé sjóðsins setur sjóðsstjórn reglur um það hvernig upphæð einstakra lána ákvarðast með hliðsjón af högum námsmanns, búsetu, tekjum o.s.frv.

Reglur sjóðsins um úthlutun o.fl. skulu gefnar út fyrir 1. júní ár hvert og birtar í Stjórnartíðindum að fenginni staðfestingu ráðherra.

8. gr.

Útborgun námslána.

Lán til námsmanna eru greidd úr sjóðnum að loknu hverju misseri eftir að námsárangur og aðrar upplýsingar sem krafist er skv. reglum sjóðsins liggja fyrir. Stjórn sjóðsins er heimilt að líta svo á að ástundunarvottorð frá skóla sé metið til bráðabirgða sem námsárangur og setur nánari reglur um mat á slíkum vottorðum.

II. KAFLI

Áætlanagerð.

9. gr.

Fjárlagatillögur.

Við fjárlagaundirbúning gerir sjóðstjórn árlega fjárhagsáætlun fyrir næsta almanaksár með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir. Sé þess þörf endurskoðar stjórnin þessa áætlun undir lok ársins á grundvelli nýjustu upplýsinga um verðlag og gengi í hinum ýmsu námslöndum, um fjölda lánþega og fleira sem kann að hafa breyst frá því að upphafleg áætlun var gerð.

10. gr.

Fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.

Í upphafi hvers almanaksárs gerir sjóðstjórn fjárhags- og greiðsluáætlun með hliðsjón af fjárlögum.

III. KAFLI

Umsóknir um námslán.

11. gr.

Auglýsingar.

Auglýsa skal með tryggilegum hætti eftir umsóknum um námslán frá sjóðnum. Í auglýsingu skal taka fram um hvaða lán sé að ræða, hvar umsóknareyðublöð og önnur umsóknargögn séu fáanleg, hvenær umsóknarfrestur renni út, sem og annað sem máli skiptir.

12. gr.

Dreifing umsóknargagna.

Eyðublöð fyrir umsóknir og fylgiskjöl þeirra, svo og upplýsingar um námsaðstoð sjóðsins, skulu jafnan vera fáanleg í íslenskum skólum þar sem láns hæft nám fer fram, sem og í sendiráðum Íslands.

13. gr.

Efni umsókna.

Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hvert aðstoðarár, sem miðast yfirleitt við 1. júní ár hvert. Umsóknir um námslán skulu vera á eyðublöðum sjóðsins og skal þeim skilað til hans eða þau pósthöfð áður en umsóknarfresti lýkur, ásamt tilskildum fylgiskjölum. Eigi er veitt lán til framfæris á tímanum áður en útfylltri umsókn er skilað. Verði breytingar á höfum umsækjanda eftir að umsókn var lögð fram, ber honum þegar í stað að skýra sjóðnum frá þeim ef ætla má að þær hafi áhrif á ákvörðun um námslán. Lán skal fellt niður ef í ljós kemur að umsækjandi hefur vísitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar.

14. gr.

Synjun umsókna.

Sé umsækjanda synjað um lán frá sjóðnum skal honum skýrt frá því og ástæður tilgreindar.

IV. KAFLI Endurgreiðslur og kjör námslána.

15. gr.

Skuldabréf.

Námsmenn sem fá lán úr sjóðnum undirrita skuldabréf til viðurkenningar á teknum lánnum. Á skuldabréfi, sem gefið verður út skv. ákvæðum þessarar reglugerðar, skal ekki tilfærð upphæð fyrr en að námi loknu. Námsmenn skulu leggja fram viðurkenningu eins til tíu manna sem taka að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt verðtryggingu þess og rita nöfn sín á skuldabréfið því til staðfestingar eða á þar til gerðar yfirlýsingar í viðurvist votta. Hver árbyrgðarmaður getur takmarkað ábyrgð sína við ákveðna fjárhæð á skuldabréfinu. Miða skal við að samtala sjálfskuldarábyrgða sé sem næst þeirri upphæð sem námsmaður hyggst taka að láni til þess að ljúka þeim námsferli sem hann er í.

16. gr.

Reikningar á nafni námsmanns.

Reiknuð fjárhæð láns eftir hvert misseri greiðist á bankareikning, sem er skráður á nafn námsmannsins og telst greidd inn á áður nefnt skuldabréf. Námsmanni eða umboðsmanni hans skal tilkynnt um hverja slíka greiðslu. Við námslok skal samtala áður nefndra greiðslna miðuð við þágildandi vísitölu færð á skuldabréfið.

17. gr.

Ábyrgðarmenn.

Sjóðstjórn ákveður í reglum sjóðsins hvaða skilyrðum ábyrgðarmenn skuli fullnægja. Ábyrgð þeirra getur fallið niður eftir að fyrsta greiðsla hefur verið innt af hendi, enda setji lánþegi þá aðra tryggingu fyrir lánnum, sem sjóðstjórn metur fullnægjandi.

18. gr.

Verðtrygging og vaxtakjör.

Námslán skulu þar til öðruvísi verður ákveðið bera auk verðtryggingar 1% ársvexti, sem leggjast á verðtryggðan höfuðstól og reiknast frá námslokum. Vextir greiðast á sömu gjalddögum og afborganir. Lán úr sjóðnum eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu Seðlabankans, sbr. lög nr. 13/1979. Verðtryggingin reiknast annars vegar út frá vísitölu næsta mánaðar eftir að námsmaður tekur við greiðslu og hins vegar út frá vísitölu þess mánaðar er endurgreiðsla fer fram. Ef endurgreiðsla dregst fram yfir gjalddaga er heimilt að reikna með dráttarvöxtum eða vanskilavöxtum innan hvers mánaðar skv. almennum venjum þar um.

19. gr.

Lántökugjald.

Innheimta skal í hvert sinn sem námslán er greitt út 1.2% lántökugjald af lánsfjárhæðinni. Lántökugjaldið rennur til þess að standa straum af rekstri sjóðsins og einnig til þess að mæta afföllum af útstandandi námslánum að svo miklu leyti sem það hrekkur til.

20. gr.

Námslok.

Endurgreiðsla námslána hefst tveimur árum eftir námslok. Sjóðstjórn skilgreinir nánar í reglum sjóðsins hvað telja beri námslok í þessu sambandi. Þegar vafi leikur á því skal m.a. tekið tillit til þess hvort viðkomandi námsmaður stundar fullt starf að mati sjóðsstjórnar. Eftir námslok skal námsmanni tilkynnt upphæð heildarskuldar miðað við tiltekna lánskjaravísitölu, og ber honum þá að gera athugasemdir ef einhverjar eru, t.d. vegna skilgreiningar á námslokum.

21. gr.

Föst ársgreiðsla.

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar föst ársgreiðsla og er gjalddagi hennar 1. mars ár hvert. Upphæð hennar er kr. 48 000 miðað við lánskjaravísitölu 3198 nema eftirstöðvar lánsins ásamt verðbótum séu lægri en því nemur, en þá ber lánþega að greiða lán sitt að fullu á fyrrnefndum gjalddaga. Krónutala fastrar ársgreiðslu breytist á hverju ári miðað við lánskjaravísitölu í janúar.

22. gr.

Viðbótargreiðsla.

Viðbótargreiðsla miðast við ákveðinn hundradshluta af útsvarstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hundradshluti þessi er 5% fyrstu fimm ár endurgreiðslutímans en síðan 7% margfaldaður samkvæmt hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Frá þessum hundradshluta af útsvarstofni dregst fasta greiðslan sem lýst er hér að framan. Gjaldagi viðbótargreiðslu er 1. september ár hvert.

23. gr.

Nám hafið að nýju.

Nú byrjar lánþegi lánshæft nám að nýju eftir að fyrra námi telst lokið skv. 20. gr. um námslok. Er þá heimilt að veita honum undanþágu frá endurgreiðslum af fyrri skuld meðan síðara námið stendur yfir, sbr. 27. gr. Námsmanni reiknast síðan önnur heildarskuld vegna síðara námsins og fer um greiðslur af henni eins og um sjálfstætt lán væri að ræða nema hvað heildargreiðslur á hverju ári skulu aldrei vera meiri en kveðið er á um í 21. og 22. gr. og vikur greiðsla af síðari skuld þá fyrir greiðslu af fyrri skuld þar til hún er að fullu greidd. Vextir reiknast af fyrri skuld meðan á síðara námi stendur en þeir greiðast á sama hátt og höfuðstóll fyrra lánsins.

24. gr.

Lok endurgreiðslna.

Ef lán, sem tekið var skv. lögum nr. 72/1982 eða fyrri lögum er ekki að fullu greitt á 40 árum eftir að endurgreiðslur hófust af viðkomandi heildarskuld vegna þeirra lána, eru eftirstöðvar lánsins óafturkræfar nema til komi vanskil eða vantaling tekna.

25. gr.

Endurgreiðslur eftir fyrri og gildandi lögum.

Nú á lánþegi sem tekið hefur lán samkvæmt þessari reglugerð jafnframt að inna af hendi greiðslur skv. eldri lögum og reglugerðum og skal hann þá endurgreiða fyrst það lán, sem tekið var skv. þessari reglugerð. Frestast þá endurgreiðslur af eldri lánum þar til nýja lánið er að fullu greitt. Um endurgreiðslur af lánum sem veitt hafa verið skv. fyrri lögum og reglugerðum fer skv. ákvæðum skuldabréfa svo langt sem þau ná en að öðru leyti er heimilt að beita ákvæðum þessarar reglugerðar, og reglum sem settar verða samkvæmt henni t.d. um undanþágur.

26. gr.

Undanþága vegna breytinga á högum.

Nú gefur útsvarstofn vegna tekna á fyrra ári ekki rétta mynd af fjárhag lánþega á endurgreiðsluári, vegna skyndilegra og verulegra breytinga sem hafa orðið á högum hans milli ára, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Ef lánþegi gerir skriflega grein fyrir þessum breyttu högum sínum og styður hana tilskildum gögnum, er sjóðstjórn heimilt að veita undanþágu frá árlegum endurgreiðslum skv. 21. og 22. gr., ýmist til lækkunar eða niðurfellingar á greiðslum, eftir atvikum.

27. gr.

Undanþága vegna varanlegra fjárhagsörðugleika.

Námsmaður sem hefur haft svo lágar tekjur á fyrra ári að honum reiknast ekki viðbótargreiðsla skv. 22. gr., og fjárhagur hans hefur ekki batnað á endurgreiðsluárinu, getur sótt um undanþágu frá fastri árgreiðslu skv. 21. gr., ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda þessum örðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans. Skal hann þá leggja fyrir sjóðstjórn upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og annað það sem stjórnin telur máli skipta. Stjórninni er þá heimilt að veita undanþágu að hluta eða öllu leyti eftir atvikum. Sjóðstjórn setur nánari almennar reglur um framkvæmd þessa heimildarákvæðis.

28. gr.

Örari endurgreiðslur.

Lánþega er heimilt að endurgreiða lán örari en fyrir er mælt í 21. og 22. gr. og reiknast þá raungildi umframgreiðslunnar í samræmi við lánskjaravísitölu þegar greiðslan fer fram.

29. gr.

Dánarbú.

Afborganir sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast falla sjálfkrafa niður. Hugsanlegar kröfur sjóðsins í dánarbú geta því eingöngu snúist um áður gjaldfallnar afborganir og vexti.

30. gr.

Aðfararhæfi vegna vanskila.

Endurgreiðslur af námslánnum eru aðfararhæfar án undangengins dóms eða sáttar ef um vanskil er að ræða. Sama gildir um eftirstöðvar sem felldar eru í gjalddaga vegna vanskila.

31. gr.

Áætlaður útsvarstofn.

Sé lánþega áætlaður útsvarstofn skal miða árlegar endurgreiðslur við hann. Komi í ljós innan þeirra tímamarka er getur í lögum nr. 75/1981 að útsvarstofn hafi verið of hátt áætlaður eða oftalinn og lánþegi því innt af hendi of háa greiðslu skal honum endurgreitt það sem ofgreitt er með þeim vöxtum sem á hverjum tíma eru reiknaðir af venjulegum sparisjóðsinnstæðum.

32. gr.

Lánþegi skattskyldur erlendis.

Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að telja fram tekjur sínar til Lánsjóðs íslenskra námsmanna og styðja það framtal viðeigandi gögnum um skattamál sín erlendis. Er þá endurgreiðslum hagað í samræmi við það. Geri hann þetta ekki eða telja verði framtal hans ósennilegt og ekki nægilega staðfest, skal áætla honum ríflegan útsvarstofn til útreiknings á árlegri viðbótargreiðslu.

33. gr.

Vanskil.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námslána er sjóðstjórn heimilt að fella allt lánið í gjalddaga. Sama gildir ef tekjur hafa verið vantaldar til skatts og viðbótargreiðsla skv. 22. gr. orðið lægri af þeim sökum en vera bar. Hækkun á viðbótargreiðslu vegna leiðréttingar á framtali er gjaldkræf þegar í stað ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá réttum gjalddaga.

34. gr.

Ofgreidd lán.

Nú fær lánþegi ofgreitt lán skv. reglum sjóðsins vegna rangra upplýsinga eða af öðrum ástæðum og er þá sjóðsstjórn heimilt að innheimta ofgreidda upphæð með venjulegum vöxtum banka eða sparisjóðs frá þeim degi sem greiðslan fór fram.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

35. gr.

Upplýsingaskylda sjóðsins.

Almennar upplýsingar, sem tengjast ekki einstökum lánþegum eða umsækjendum, eru öllum opnar eftir því sem tók eru á að afla þeirra hverju sinni. Einnig er framkvæmdastjóra sjóðsins heimilt að veita upplýsingar um nöfn og heimili umsækjenda og lánþega á hverjum tíma, skráða námsgrein þeirra og skóla. Aðrar upplýsingar sem sjóðurinn býr yfir teljast einstaklingsbundnar og eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál sem eru eingöngu aðgengileg starfsfólki sjóðsins og stjórn, svo og námsmanni sjálfum og umboðsmanni hans, að því er hann sjálfan varðar. Skal stjórn og starfsfólki á hverjum tíma kynnt hvað í þessu felst. Námsmaður fellst með umsókn sinni á ofangreinda meðferð upplýsinga er hann varða.

36. gr.

Upplýsingaskylda annarra stofnana.

Innlendum námsstofnunarinnar þar sem lánshæft nám er stundað er skylt að láta Lánasjóði í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd þessarar reglugerðar, þar á meðal upplýsingar um námsframvindu umsækjenda. Skattstjórum er skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga um námslán.

37. gr.

Ársreikningar.

Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðstjórn og endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

38. gr.

Félagsgjöld SÍNE OG BÍSN.

Óski námsmenn erlendis eftir því, skal Lánasjóðurinn draga félagsgjald til Samtaka íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) af útborguðu láni til þeirra. Á sama hátt skal sjóðurinn innheimta félagsgjald til Bandalags íslenskra sérskólanema (BÍSN) af lánum til sérskólanema á Íslandi, óski námsmenn eftir því.

39. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. 16. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 578/1982 með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytið, 21. maí 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1993–1994.

Menntamálaráðherra hefur hinn 21. maí 1993 staðfest eftirfarandi úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1993–1994, sem samþykktar voru á fundum stjórnar sjóðsins 8. og 14. maí 1993, sbr. 16. gr. laga nr. 21/1992.

ÚTHLUTUNARREGLUR 1993–94

I. KAFLI

Lánshæft nám

1.1. Almenn.

Sjóðurinn veitir námslán til framhaldsnáms við skóla, sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Sjóðnum er heimilt að veita öðrum námsmönnum lán enda stundi þeir sérnám.

Lán er að öllu jöfnu ekki veitt til náms eða starfsþjálfunar þegar um launað starf eða annað endurgjald er að ræða meðan á námi stendur, þ.e.a.s. ef umsamin mánaðarlaun samkvæmt náms- eða starfssamningi eru hærri en grunnframfærsla, sbr. 3.1.1.

Lán er ekki veitt til undirbúningsnáms né heldur til náms að loknu doktorsprófi eða sambærilegu prófi.

1.2. Lánshæft nám á Íslandi.

1.2.1. Á háskólastigi.

Nám á háskólastigi er lánshæft og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Nám í eftirtöldum skólum á háskólastigi er lánshæft:

- Bændaskólinn á Hvanneyri, búvísindadeild.
- Háskóli Íslands.
- Háskólinn á Akureyri.
- Kennaraháskóli Íslands.
- Ljósmeðraskóli Íslands.
- Samvinnuháskólinn, rekstrarfræðideild.
- Tónlistarskólinn í Reykjavík, tónmennta- og tónfræðideild.
- Tækniskóli Íslands, tæknifræði- og heilbrigðisdeild.
- Tölvuháskóli Verzlunarskóla Íslands.

1.2.2. Sérnám.

Nám í eftirtöldum sérskólum er lánshæft. Nám í fjölbrautaskólum og öðrum skólum, sem er að meginstofni liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs er að jafnaði ekki lánshæft skv. þessari grein.

- ATS skóli flugmálastjórnar.
- Fiskvinnsluskólinn, fisktækninám.
- Fósturskóli Íslands.
- Iðnskólar, réttindánám 3 ár.
- Íþróttakennaraskóli Íslands.
- Leiklistarskóli Íslands.
- Myndlista- og handíðaskóli Íslands að undanskildu fornámi.
- Myndlistaskólinn á Akureyri að undanskildu fornámi.

Stýrimannaskólar.

Tannsmíðaskóli Íslands.

Tónlistarskólar, kennaradeildir og tónlistarnám á 7. stigi og ofar skv. námsskrá menntamálaráðuneytis.

Tækniskóli Íslands, iðnfræði eitt og hálf t. ár, iðnrekstrarfræði tvö ár.

Vélskólar.

Proskapjálfskóli Íslands.

1.2.3. Annað sérnám.

Heimilt er að veita lán til annars sérnáms, enda hafi námsmaður náð 20 ára aldri á því almanaksári sem lán er veitt og námið að meginstofni ekki liður í undirbúningi undir stúdentspróf eða sambærilegt próf. Nám í eftirtöldum skólum er lánshæft samkvæmt þessari reglu:

Bændaskólar, bændadeildir.

Fiskvinnsluskólinn, fiskiðnnám.

Garðyrkjuskóli ríkisins.

Hótel- og veitingaskóli Íslands.

Kirkjubæjarskóli, fiskeldi.

Lyfjatæknaskóli Íslands.

Meistaraskóli iðnaðarins.

1.2.4. Réttindi erlendra námsmanna.

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda lánshæft nám hérlandis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn enda hljóti þeir ekki námsaðstoð frá heimalandi sínu sbr. samkomulag milli Norðurlanda um þessi efni eins og það er á hverjum tíma. Heimilt er að láta þetta ákvæði taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

Erlendir ríkisborgarar teljast fá lánsrétt á þeirri önn sem Alþingi samþykkir að veita þeim ríkisborgararétt.

1.3. Lánshæft nám í útlöndum.

1.3.1. Háskólanám.

Lánað er til framhaldsnáms við viðurkenndar stofnanir erlendis, sem gera sambærilegar kröfur til nemenda og gerðar eru í háskólanámi hérlandis, sjá þó ákvæði gr. 4.6 og 4.8. um lán vegna skólagjalda.

1.3.2. Sérnám.

Heimilt er að veita lán til sérnáms erlendis enda hafi námsmaður náð 20 ára aldri á því almanaksári, sem lánið er veitt. Lánshæfi er ennfremur háð því að um sé að ræða a. m. k. eins árs skipulagt nám sem alls ekki verði stundað á Íslandi og jafnframt nægilega veigamikil að því er varðar eðli þess, uppbyggingu og starfsréttindi.

Heimilt er að veita námsmönnum, sem hafa lokið fyrrihluta náms á Íslandi en þurfa síðan að fara utan til þess að ljúka námi, undanþágu frá tuttugu ára reglunni.

1.3.3. Einkanám í tónlist.

Skilyrði fyrir veitingu láns til einkanáms í tónlist er að umsækjandi hafi lokið burtfararprófi á Íslandi eða viðurkenndu háskólaprófi í tónlist erlendis, t. d. BA prófi í Bandaríkjunum eða sambærilegu prófi.

Hámarksnámstími sem lánað er til einkanáms er allt að 3 námsár eða 27 mánuðir. Umsækjandi þarf að leggja fram upplýsingar um nafn og stöðu kennara, viðfangsefni, námsfyrirkomulag, tónleika ásamt efnisskrám og staðfestingu kennara.

1.3.4. Tungumálanám sem undirbúningsnám.

Sjóðurinn lánar að jafnaði í eitt misseri til tungumálanáms ef það er undirbúningur undir nám erlendis sem fer fram á öðrum tungumálum en ensku og Norðurlandamálum öðrum en finnsku. Ekki er lánað fyrir skólagjöldum.

Hámarksnámstími sem veitt er lán til er eitt misseri í eftirtöldum tungumálum: Þýsku, frönsku, spænsku, ítölsku og hollensku. Ekki er veitt lán til undirbúningsmálanáms ef námsmaðurinn hefur fengið lán til að stunda nám í viðkomandi tungumáli. Í námi sem skipulagt er sem ársfjórðungsnám jafngilda tveir fjórðungar einu misseri.

Hámarksnámstími sem veitt er lán til eru tvö misseri *eða þrjú fjórðungar* í eftirtöldum tungumálum: Kínversku, japönsku, finnsku, grísku, tékknesku, ungversku o.s.frv.

Tungumálanám skal að jafnaði stunda við útlendingadeildir háskóla, nema námsmaður sé að hefja framhaldsháskólanám.

Ef lánþegi að loknu málanáminu skiptir um námsland er honum synjað um aðstoð jafn lengi og hann naut aðstoðar í málanáminu.

Einungis er veitt lán einu sinni til undirbúningsnáms í tungumálum.

II. KAFLI Námsframvinda.

2.1. Námsstími.

2.1.1. Almenn.

Sjóðurinn veitir aðstoð þann tíma ársins sem eiginlegt skólalald eða skyldunámskeið standa yfir. Að jafnaði er aðstoð ekki veitt lengur en í níu og hálfan mánuð á almanaksári, sbr.

2.1.2. Ef námsmanni er veitt aðstoð hluta úr námsári er heimilt að veita lán í fjóra og hálfan mánuð fyrir hvert misseri og þrjú mánuði fyrir hverja önn eða fjórðung.

2.1.2. Sumartími.

Ef námi lýkur á almanaksárinu 1994 veitir sjóðurinn aðstoð, þar sem haldið er uppi skipulögðu og fullu námi yfir sumartímann. Eftirfarandi aðrar reglur gilda um veitingu sumarlána 1994, enda hafi menn ekki fullnýtt svigrúm sitt áður til aðstoðar sjóðsins:

1. Þeir námsmenn, sem ljúka námi á sumrinu í byrjun haustmisseris eiga rétt á að fá afgreitt sumarlán eftir að þeir hafa skilað lokaprófskríteini til sjóðsins.
2. Áformi námsmaður að ljúka námi sínu á almanaksárinu 1994 og stunda nám að sumrinu í því skyni er heimilt að veita honum sumarlán, enda greiðast honum þá sumar- og haustlán, þegar vottorð um lokapróf liggur fyrir. Ljúki viðkomandi ekki námi á almanaksárinu fellur niður réttur hans til sumarláns.
3. Námsmaður sem lýkur námi á sumarönn sem nemur 75% árangri á venjulegri önn getur fengið lán vegna sumarannar 1994, sem greiðist eftir að árangur á sumarönn liggur fyrir.
4. Sama gildir um þá sem þurfa að sækja skyldunámskeið að sumrinu enda leggi þeir fram gögn um að þeir hafi tekið þátt í slíku námskeiði áður en lánið er greitt til þeirra.
5. Geri skóli kröfu um að doktorsnemar stundi nám yfir sumartímann er heimilt að veita lán til þess.
6. Stundi námsmenn launað starfsnám á sumrinu er ekki heimilt að veita þeim lán.
7. Aðstoð á sumarönn reiknast sem eitt misseri í heildarsvigrúmi námsmanns.
8. Lán á sumarmisseri eru reiknuð frá fyrsta degi til síðasta dags misserisins.

2.2. Framvinda náms.

2.2.1. Fullnægjandi námsframvinda.

Námsframvinda er metin í aðstoðarmisserum eða aðstoðarárum. Skal námsmaður að jafnaði ljúka 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla. Námsmaður verður að fullnægja kröfum um afköst og lágmarkseinkunnir. Tekið er tillit til skipulags náms og nánari reglur settar um

framvindu á einstökum námsbrautum. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaprófs. Fáí námsmaður lán út á misseri eða hluta þess þarf hann að uppfylla kröfur um námsafköst á því misseri.

2.2.2. Ófullnægjandi námsframvinda.

Námsmaður þarf að ljúka í það minnsta 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla til þess að hljóta námslán.

Geri skóli kröfur um meira en 75% árangur í námi, t.d. 100%, þá telst lágmarksárangur til þess að fá veitt lán hjá LÍN sá sami og kröfur skólans eru. Námsfirtirlit er framkvæmt eftir hvert misseri. Uppfylli námsmaður ekki kröfur um námsframvindu skv. gr. 2.2.1., skulu námslán til hans skerðast hlutfallslega. Lán til námsmanns sem til dæmis lýkur 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla skal þannig skerðast um 25%. Þetta á þó ekki við um lán vegna skólagjalda og ferðalán.

Nú skuldar námsmaður árangur frá fyrri misserum eða námsferlum og er skuld hans þá dregin frá þeim einungum sem hann lýkur áður en námsframvinda er metin í prósentum.

Missi námsmaður rétt til eininga sem hann hafði áður unnið sér og fengið lán til að ljúka er lán á fyrri námsárum ekki tekið til endurskoðunar. Námsmaðurinn telst hins vegar skulda þann einingafjölda sem hann missti rétt til.

Óheimilt er að veita námsmanni lán sem hefur nýtt sér svigrúm í einum ferli en ekki lokið námi fyrr en hann hefur unnið upp tafir eða lokið fyrrgreindu námi.

2.3. Aukið svigrúm í námi.

2.3.1. Almennt.

Námsmaður sem lýkur yfir 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla á þar með rétt á auknu svigrúmi í námi síðar á námsferli sínum. Ljúki hann t.d. 110% af fullu námi á einu misseri nægir honum 90% árangur á síðara misseri til þess að eiga rétt á óskertu námsláni.

Ef námsmaður lýkur meira en 75% árangri á seinni hluta námsárs er einnig heimilt að flytja einingar umfram 75% á fyrra misseri og er þá námsárið í heild gert upp.

Reglur þessarar greinar gilda frá og með skólaárinu 1992-93.

2.3.2. Veikindi og barnsburður.

Heimilt er að víkja frá reglu 2.2.2. um að námsframvinda á hverju misseri skuli að lágmarki vera 75% af fullu námi, ef námsmaður, maki hans eða börn veikjast eða námsmaður eignast barn. Heildarsvigrúm til að ljúka hverjum námsferli skal þó að jafnaði ekki aukið í þessum tilfellum.

Ef um veruleg veikindi námsmanns, maka hans eða barna er að ræða á námstíma er heimilt að bæta allt að 25% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Skilyrði fyrir þessu er að námsmaður framvísi læknisvottorði þar sem greinilega komi fram á hvaða tíma hann vitjaði læknis eða lækni vitjaði hans.

Nú verður námsmaður veikur seinni hluta annar eða í prófum og er þá heimilt að veita honum 75% lán fyrir önnina. Í því tilviki er námsmanni veitt 75% lán á næstu önnum þar til hann hefur unnið upp það sem á vantaði að hann næði 50% árangri á þeirri önn sem undanþágan var veitt. Skilyrði er að fyrir liggja læknisvottorð þar sem greinilega kemur fram á hvaða tíma námsmaður vitjaði læknis eða lækni vitjaði hans. Ennfremur þarf að liggja fyrir að viðkomandi námsmanni hafi verið synjað um að taka upptökupróf og ástæður skóla fyrir þeirri synjun. Þessi regla gildir einungis innan sama námsferils.

Eignist námsmaður barn á námstíma er heimilt að bæta allt að 50% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Fæðingarvottorð liggja fyrir í þessu tilviki.

2.3.3 Fyrsta árs nemi erlendis.

Á fyrsta misseri í nýju námi erlendis er gefið aukið svigrúm frá 75% reglunni. Þannig er heimilt að veita mönnum lán sem nemur að lágmarki 60% á því misseri. Heildarsvigrúm í náminu eykst þó ekki vegna þessa.

2.3.4 Einingaskil við sérstakar aðstæður.

Ef námsmaður á eftir minna en sem nemur 75% af einu misseri í lok náms, þá fær hann lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem ólokið er.

Námsmaður sem ekki getur lokið 75% árangri á misseri vegna skipulags skóla eða vegna mats á fyrra námi, getur fengið lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem hann lýkur, enda ljúki hann öllum einingum sem í boði eru og einingaskil séu ekki undir 50% af fullu námi.

2.3.5. Mat á ástundun.

Heimilt er að veita lán að fengnu ástundunarvottorði ef námsmenn taka einungis próf einu sinni á ári eða eftir lengri tíma. Lán er þá veitt í samræmi við árangur ef námsframvinda er metin í vottorðinu. Að öðrum kosti er heimilt að veita 75% lán ef árangur telst viðunandi skv. vottorði. Þegar vorpróf liggja fyrir hjá námsmönnum í heilsársnámskeiðum er lánveiting, sem veitt hefur verið eftir haustmisseri skv. vottorði endurmetin. Komi þá í ljós að einingar sem tilheyra haustönn duga ekki fyrir láni á önninni, þ.e. námsmaður nær ekki 75% árangri þá ber honum að endurgreiða ofgreitt lán.

2.3.6 Ástundun í framhaldsháskólanámi.

Ástundunarvottorð manna í framhaldsháskólanámi eða námi sem próf eru tekin sjaldnar en einu sinni á ári er einungis tekið til greina ef í því kemur fram áætlun skóla og námsmanns um námslok.

Heimilt er í þeim tilvikum að veita allt að 100% lán fyrir hvert misseri eða önn.

2.3.7 Lágmarkseinkunn.

Ljúki námsmaður tilskildum einingafjölda en aðaleinkunn hans er ekki fullnægjandi skv. reglum skóla, er heimilt að veita honum lán vegna þess misseris, ef hann skilar þeirri einkunn, sem skóli gerir kröfur til eftir næstu önn. Ef honum tekst það ekki fellur réttur hans til láns niður vegna þeirrar annar sem hann náði ekki tilskildri einkunn.

2.4. Námslengd.

2.4.1. Hvað telst aðstoðarár?

Námsmaður telst hafa fengið lán í eitt aðstoðarár hafi hann fengið lán fyrir venjulegt skólaár, sbr. gr. 2.1.1., enda þótt lán hafi skerst vegna reglna um viðmiðun við námsárangur. Venjulegt skólaár er að jafnaði tvö misseri.

2.4.2. Fimm ára reglan.

Að uppfylltum skilyrðum um námsframvindu getur námsmaður fengið lán í allt að 5 ár samanlagt til að stunda grunnháskólanám, sérnám og stutt starfstengt viðbótarháskólanám, sem ekki lýkur með æðri prófgráðu, t.d. uppeldis- og kennslufræði, félagsráðgjöf og námsráðgjöf.

2.4.3. Tíu ára reglan.

Leggi námsmaður stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi er heimilt að veita honum lán í allt að 10 ár samtals frá sjóðnum. Með framhaldsnámi er átt við meistara-, doktors- eða licentiatnám eða sambærilegt nám. Auk þess er átt við háskólanám eftir 4 ár, skv. skipulagi skóla, t.d. lögfræði, guðfræði, lyfjafræði og almenna læknisfræði.

2.4.4. Einkánám.

Einkánám, t.d. í söng eða tónlist telst til náms á grunnskólaskólastigi.

2.5. Námslok.

2.5.1. Almennt.

Námslok teljast þegar námsmaður hættir að sækja um lán, nema sýnt sé fram á annað. Umsóknarfrestur síðustu gildu umsóknar ákvarðar þannig námslok sbr. grein 5.1.2. Námslok teljast vera hálfum mánuði eftir að námsmaður fær lán greitt vegna síðasta aðstoðartímabils, ef lán er veitt til námsloka enda líði ekki meira en mánuður frá lokum annar þar til lán er greitt út.

2.5.2. Skilyrðum lokið til að útskrifast.

Ef ekki er veitt lán til námsloka en námsmaður stundar fullt nám án þess að gera lengra hlé á námi sínu en sem nemur einu skólaári, skulu námslok teljast á síðasta degi þess misseris sem námsmaður lýkur öllum skilyrðum til að útskrifast.

2.5.3. Síðasta aðstoðartímabil.

Nú á námsmaður ekki rétt á lánnum til námsloka þar sem hann hefur fullnýtt svigrúm og skulu námslok teljast hálfum mánuði eftir að námsmaður fær greitt út lán vegna síðasta aðstoðartímabils enda líði minna en einn mánuður frá lokum annar þar til lán er greitt út.

2.5.4. Námshlé að hámarki eitt ár.

Ef námsmaður gerir lengra hlé á námi sínu en eitt ár, skulu námslok teljast vera hálfum mánuði eftir að námsmaður fær lán greitt út vegna síðasta aðstoðartímabils enda líði minna en mánuður frá lokum annar þar til lán er greitt út.

2.5.5. Námshlé lengra en eitt ár.

Nú hefur námsmaður nám aftur að loknu námshléi, sem er lengra en eitt ár og skal þá líta á seinni hlutann sem nýtt nám. Þá skal gefið út sjálfstætt skuldabréf sem ber vexti á öðrum tíma en fyrra skuldabréf vegna sama náms.

2.5.6. Skilgreining á námshléi.

Námshlé telst þau misseri sem námsmaður stundar ekki fullt nám eða sækir ekki um námslán. Þetta gildir þó ekki um menn sem eru að ljúka námi og ljúka þeim prófum sem þeir eiga eftir.

2.5.7. Fullt nám.

Námsmaður telst í fullu námi þegar hann skilar að lágmarki 75% árangri á önn eða árangri sem talinn er lánsþæfur skv. reglum sjóðsins.

2.5.8. Vafi um námslok.

Sjóðsstjórn ákveður námslok í vafatilfellum.

III. KAFLI

Framfærsla, leyfi og tekjur.

3.1. Grunnframfærsla.

3.1.1. Grunnframfærsla á Íslandi.

Öll aðstoð til framfærslu á námstíma frá 1.6. 93 - 31.5. 94 miðast við grunnframfærslu á Íslandi, sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð er 1. júní 1993 kr. 50 600. Fjárhæðinni er breytt mánaðarlega með hliðsjón af breytingum á framfærsluvísitölu Hagstofu Íslands.

3.1.2. Grunnframfærsla í útlöndum.

Grunnframfærsla í útlöndum, sem getur verið mismunandi eftir löndum og borgum, er ákveðið hlutfall af grunnframfærslu á Íslandi. Hlutfallið er endurskodað með hliðsjón af þróun verðlags og gengis.

3.2. Framfærsla námsmanns.

Auk búsetu hafa þær aðstæður sem tilgreindar eru undir greinum 4.1. - 4.5. áhrif á framfærslu námsmanns. Framfærsla námsmanns hækkar vegna barna sem eru 18 ára eða yngri og á framfæri hans.

Til viðbótar venjulegri framfærslu hækkar framfærsla námsmanna í leyfi um 15% af framfærslu einstaklings og framfærsla einstæðs foreldris um 20%.

3.3. Leyfi.

3.3.1. Leyfi frá námi.

Að öllu jöfnu telst námsmaður sem fékk lán á síðasta skólaári í leyfi þann tíma á árinu 1993 sem hann fær ekki aðstoð.

3.3.2. Leyfi þrír mánuðir.

Námsmaður sem verið hefur í fullri vinnu lengur en 6 mánuði á árinu telst í leyfi þrjá síðustu mánuðina áður en láns hæft nám hefst. Heimilt er að leggja þriggja mánaða jafnaðartekjur, að frádregnum sköttum, til grundvallar við útreikning á lánsupphæð, ef námsmaður staðfestir lengd tekjuöflunartímabils á árinu.

3.4. Tekjur samkvæmt reglum þessum.

3.4.1. Tekjur námsmanns og maka á árinu 1993 eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins, geta haft áhrif á veitta aðstoð á námstíma. Áhrifum tekna skal dreift yfir námstíma á hverju skólaári. Gert er ráð fyrir að námsmaður afli tekna til framfærslu í leyfi eða þann tíma sem hann stundar ekki nám á aðstoðarárinu.

3.4.2. Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á haustmisseri skal námsmaður gera grein fyrir áætluðum tekjum á árinu 1993.

3.4.3. Endanlegt tekjutillit á sér stað 1. júní 1994 og er þá lánsfjárhæð leiðrétt með tilliti til mögulegs fráviks á raunverulegum og áætluðum tekjum. Við tekjutillitið er fráviksfjárhæðin fyrst uppfærð um 5% og síðan til samræmis við breytingar á framfærsluvísitölu frá 1. febrúar 1994 til 1. júní 1994.

3.4.4. Sjóðstjórn getur breytt ófullnægjandi tekjuáætlun.

3.5. Hvað telst til tekna samkvæmt þessum reglum?

3.5.1. Laun og endurgjöld fyrir hvers konar störf og þjónustu á árinu 1993 svo og aðrar skattskyldar tekjur.

3.5.2. Eftirtaldar bætur fengnar árið 1993:

- mæðra- og fedralaun;
- barnabætur og barnabótaauki;
- atvinnuleysisbætur;
- tekjutrygging;
- sjúkra- og slysadagpeningar;
- fæðingarstyrkur.

3.5.3. Arður, aðrar skattskyldar eignatekjur, náms- og rannsóknarstyrkir og kennslulaun, t.d. „teaching assistantship“ og „utbildningsbidrag“.

3.5.4. Til frádráttar koma staðgreiddir skattar á árinu 1993; skólagjöld umfram þá upphæð sem námsmaður fær lánað fyrir að frádregnum kr. 15 000; meðlagsgreiðslur, önnur

skólagjöld og rannsóknarkostnaður, sem námsmaður greiðir með andvirði styrkja (sbr. gr. 3.5.3.).

3.6. Hvað telst ekki til tekna?

- húsaleigustyrkur frá hinu opinbera;
- örorkulífeyrir og örorkubætur;
- lyfjaaðstoð;
- dánarbætur;
- barnalífeyrir;
- meðlag.

3.7. Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna.

Með undirritun umsóknar veita námsmaður og maki sjóðnum heimild til að kanna skattframtöl þeirra á þeim tíma sem lán eru veitt eða endurgreiðsla lána stendur yfir. Tekjuupplýsingar skulu gefnar upp skv. beiðni sjóðsins.

IV. KAFLI

Lánaflokkar.

4.1. Lán til námsmanna sem búa í leiguhúsnæði.

Framfærsla einhleyps námsmanns er grunnframfærsla. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram framfærslu í leyfi koma til frádráttar, sbr. grein 3.2.

Einhleypur námsmaður sem býr í leiguhúsnæði, barnlaus hjón eða sambýlissólk, sanni eðlilegar leigugreiðslur með því að leggja fram afrit greiðsluseðils til skattfyrvalda.

4.2. Lán til einstaklings í foreldrahúsum.

4.2.1 Framfærsla námsmanns sem býr hjá foreldrum er 70% af grunnframfærslu. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram framfærslu í leyfi koma til frádráttar.

4.2.2. Heimilt er að hækka framfærslu hjá námsmönnum, sem búa hjá einstæðu foreldri upp í 100% ef tekjur foreldris eru undir viðmiðunarmörkum hverju sinni. Viðmiðunarmörk í þessu sambandi svara til einfaldrar framfærslu einstæðs foreldris. Framfærsla einstæðs foreldris miðast við barnafjölda á framfæri þess undir 21 árs aldri að meðtöldum námsmanni.

4.3. Lán til einstæðs foreldris.

Framfærsla er grunnframfærsla sem hækkar um 50% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram framfærslu í leyfi koma til frádráttar.

Helmingur meðlags dregst frá þeirri fjárhæð sem þannig er fengin.

4.4. Lán til námsmanns í hjónabandi (sambúð).

Framfærsla námsmanns í hjónabandi eða sambúð er grunnframfærsla sem hækkar um 25% fyrir hvert barn. Helmingur meðlags dregst frá þeirri fjárhæð sem þannig er fengin. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram framfærslu í leyfi koma til frádráttar. Til frádráttar á láni námsmanns koma 50% af tekjum maka umfram framfærslu. Framfærsla maka reiknast á sama hátt og námsmanns. Lán vegna maka er aðeins veitt í vissum undantekningartilvikum. (Sjá gr. 4.5.).

Séu hjón bæði í lánshæfu námi ákvarðast lán til hvors um sig sérstaklega, enda reiknist báðum framfærslulán. Hafi þau barn á framfæri geta þau farið fram á að samanlagðar tekjur þeirra skiptist jafnt á milli þeirra við ákvörðun námsláns.

Óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap.

4.5. Lán vegna maka.

4.5.1. Eftirfarandi aðstæður geta leitt til þess að framfærsla námsmanns (skv. gr. 4.4.) á misseri hækkar um 50% vegna maka:

- a) Veikindi eða örorka skv. læknisvottorði.
- b) Atvinnuleysi skv. vottorði viðeigandi yfirvalda vegna þess að atvinnuleyfi fæst ekki.
- c) Námsmaður og maki hafa 2 börn eða fleiri á framfæri sínu og maki kys að vinna heimilisstörf að mestu eða öllu leyti.
- d) Námsmaður og maki hafa barn á forskólaaldrí á framfæri sínu og fyrir liggja gögn um að dagvistun fái ekki eða barnið hafi sérstaklega þörf fyrir umönnun foreldris.

4.5.2 Óheimilt er að veita makalán vegna námsmanns sem synjað hefur verið um námslán vegna ófullnægjandi námsframvindu. Hafi námsmaður notað hámarkskvæði til náms en ekki lokið námi þá telst hann með ófullnægjandi námsframvindu (sbr. 2.2.2).

50% tekna námsmanns og maka umfram framfærslu námsmanns í leyfi koma til frádráttar á láni til námsmanns.

4.6. Lán á markaðskjörum vegna skólagjalda.

Stjórn LÍN er heimilt að veita námslán til allt að 10 ára með venjulegum meðalvöxtum banka. Lánið endurgreiðist með jöfnum afborgunum óháð öðrum námslánum, enda sé endurgreiðsla þeirra lána sérstaklega tryggð. Endurgreiðsla hefjist tveimur árum eftir námslok. Lán þessi er heimilt að veita vegna skólagjalda í grunnháskólanámi og sérnámi erlendis, sem ekki verður stundað á Íslandi.

4.7. Lán til bóka-, tækja- og efniskaupa.

Heimilt er að veita mönnum lán vegna bókakaupa. Lán þessi skulu að jafnaði nema 30% af grunnframfærslu í einn mánuð á hverju skólaári.

4.8. Almenn lán vegna skólagjalda.

4.8.1. Lán vegna skólagjalda erlendis umfram fenginn styrk eru aðeins veitt til framhaldsháskólanáms. Ef árleg skólagjöld við viðurkennda skóla á Íslandi eru hærri en kr. 15 000 er veitt lán fyrir umframfjárhæðinni. Samanlögð lán til námsmanns vegna skólagjalda skulu aldrei verða hærri en USD 27 000 eða jafngildi í annarri mynt. Þeir sem fyrir útgáfu úthlutunarreglna 1991 fengu hærri skólagjaldalán, munu fá skólagjaldalán afgreidd eftir fyrri reglu til að ljúka núverandi námi.

4.8.2. Þeir námsmenn sem nutu lána vegna skólagjalda á námsárinu 1991-92 eða fyrr eiga rétt á lánum skv. fyrri reglum þar til þeir ljúka námi. Um þá gilda hámarksákvæði í úthlutunarreglum frá og með námsárinu 1991-92. Geri námsmaður lengra hlé á námi sínu en 1 ár missir hann þennan rétt.

4.8.3. Við ákvörðun hámarksupphæðar skólagjalda (USD 5 000 og USD 27 000) í einstökum gjaldmiðlum öðrum en Bandaríkjadöllum er reiknað eftir gengi í upphafi hvers skólaárs.

4.8.4. Skipti námsmenn um skóla á miðju ári sem eiga rétt á lánum vegna skólagjalda í grunnháskólanámi eða sérnámi erlendis miðast hámark skólagjalda við USD 2 500 á hvoru misseri.

4.9. Lán vegna ýmissa atvika og röskunar á stöðu og högum námsmanns.

4.9.1. Nú verður ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högum námsmanns og reglur þessar ná ekki til hennar að öðru leyti, t.d. verður námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að stunda nám sitt þannig að lánaheimild sé fullnýtt. Má þá veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingarlöggjöf.

Heimilt er skv. þessari grein að veita námsmanni sérstakt lán vegna aukaferðar ef hann þarf skýndilega að fara heim vegna alvarlegra veikinda eða andláts í nánustu fjölskyldu. Nauðsynlegt er að leggja fram nákvæmar upplýsingar um ástæður ferðar ásamt videigandi læknisvottorði eða dánarvottorði. Til nánustu fjölskyldu skv. þessari reglu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini og börn.

4.9.2. Hámarkslán á misseri skv. þessari grein er mánaðarframfærsla námsmanns, sem miðast við fjölskyldustærð.

4.10. Lán vegna sjúkratrygginga.

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um að þeim kostnaði sé mætt. Við mat á hæfilegum kostnaði vegna sjúkratrygginga er höfð hliðsjón af upplýsingum frá íslensku tryggingarfélagunum. Heimilt er að veita lán til greiðslu hæfilegs kostnaðar vegna mæðra-skodunar og ungbarnaeftirlits erlendis ef ljóst er að hvorki tryggingaraðili námsmannsins né viðkomandi sveitarfélag á Íslandi taka þátt í greiðslu kostnaðar. Einnig er heimilt á námstíma að veita lán til greiðslu ferðakostnaðar ef barnshafandi námsmaður eða maki námsmanns erlendis kys, vegna óhóflegs kostnaðar erlendis, að fæða barn á Íslandi. Óheimilt er að taka tillit til sjúkrakostnaðar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur synjað um að greiða.

4.11. Lán vegna vaxtakostnaðar.

Fyrir útborgun námslána, sem greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, skal reikna hlutfallslega vaxtaábót sem skal miða við að tekið sé fullt tillit til vaxtakostnaðar vegna mismunar á útborgunartíma á skólaárinu 1993-94 og þeim sem gildi á skólaárinu 1991-92. Þessi hlutfallslega ábót bætist við útreiknuð námslán viðkomandi námsmanns og nefnist vaxtaábót.

4.12. Lán vegna ferðakostnaðar.

1. Ferðakostnaður námsmanns, maka og barna.

Námsmanni er heimilt að sækja um lán til þess að greiða hluta eigin ferðakostnaðar, maka og barna. Umsóknarfrestur til að sækja um þessi lán er hinn sami og almenn námslán. Lánin miðast við ákveðna upphæð á hverri önn, sem er mismunandi eftir námslandi og námssvæði. Þau greiðast þegar viðkomandi námsmaður hefur skilað afriti af farseðli sem sýni að ferð hafi verið farin.

2. Lán vegna ferða til námsstaðar erlendis.

Ferðalán vegna allt að tveggja ferða skólaárið 1993-94, sem námsmenn erlendis eiga kost á skulu ákvarðast þannig: Vegna hvers einstaklings er ferðalán til námsmanna og maka í Evrópu 26 000 krónur á mann, en vegna barna 100%, 50% eða 10% af þeirri upphæð eftir aldri barns, sbr. reglur flugfélaga. Vegna námsmanna og maka annars staðar í útlöndum er ferðalán 40 000 krónur á einstakling og 100%, 50% eða 10% af þeirri upphæð vegna barna.

3. Lán vegna ferða til námsstaðar á Íslandi.

Ferðalán vegna allt að tveggja ferða sem námsmenn á Íslandi eiga kost á að fá skólaárið 1993-94 skulu ákvarðast þannig: Vegna einstaklings og maka 10 000 krónur, en vegna barna 100%, 50% og 10% af þeirri upphæð eftir aldri barna sbr. reglur flugfélaga. Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá höfuðborgarsvæðinu eða öðru skólasvæði. Vegna ferða innanlands er ekki skilyrði að menn framvísi gögnum vegna ferðar.

4. Hvenær þarf ferð að eiga sér stað?

Heimilt er að taka tillit til ferðar, sem farin er til námsstaðar allt að einu misseri fyrir upphaf námstímabils og heim allt að einu misseri eftir lok skólaárs.

5. Greiðslutími ferðalána.

Ferðalán greiðast þegar sótt hefur verið um þau og afriti af farseðli framvísað sem sýni að ferð hefur verið farin. Lánin greiðast strax að hausti fyrir bæði misseri skólaársins ef námsmaður leggur fram afrit af farmiða fram og til baka frá námsstað. Ferðalán vegna námsmanna á Íslandi greiðast með framfærslulánum vegna haust- og vorannar.

4.13. Lán vegna meðlagsgreiðslna.

Námsmaður getur sótt sérstaklega um lán vegna meðlags, sem hann greiðir svo sannanlegt sé. Aðeins er veitt lán vegna helmings meðlaga á námstíma. Þegar veitt er lán vegna meðlagsskuldar, greiðir sjóðurinn meðlag beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

V. KAFLI

Umsóknir og útborgun lána.

5.1. Umsóknir um námslán.

5.1.1. *Umsóknareyðublöð.* Sótt er um námslán á sérstökum eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té. Umsóknareyðublöðin fást einnig alla jafnan í skólum og sendiráðum Íslands erlendis.

5.1.2. *Umsóknir og gildistími.* Hver umsókn gildir til loka skólaárs. Umsókn verður að hafa borist fyrir:

1. ágúst vegna aðstoðar á haustmisseri;
1. desember vegna aðstoðar á vormisseri;
1. mars ef nám hefst eftir 1. apríl;
15. maí 1994 vegna sumarlána.

Umsókn verður að hafa borist fjórum vikum áður en lánshæfur námstími hefst. Hafi námsmaður ekki átt gilda umsókn hjá sjóðnum á vormisseri 1994 er umsóknarfrestur um sumarlán í því tilviki 1. mars.

5.1.3. *Fylgiskjöl og skilafrestur.* Tilkynna ber námsmanni tímanlega um gögn, sem honum ber að skila, þannig að honum gefist nægur tími til að senda þau til sjóðsins. Fylgiskjöl vegna umsóknar eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þeirra var óskað. Að öðrum kosti er lítið svo á að námsmaður sé fallinn frá umsókn.

5.1.4. *Synjun um námslán.* Nú er umsækjanda synjað um námslán og skal synjunin þá rökstudd.

5.1.5. *Náms- og lánsfjáráætlun.* Á grundvelli upplýsinga námsmanns m.a. um tekjur og fjölskylduhagi getur hann fengið útfyllta náms- og lánsfjáráætlun frá sjóðnum. Hún gefur kost á tímabundinni fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka sbr. reglu 5.2.1.

5.2. Útborgun námslána.

5.2.1. Lán greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, þegar námsmaður hefur lagt fram gögn um námsárangur sinn, lokatekjuáætlun og aðrar upplýsingar sem máli skipta. Lán greiðast inn á reikning í viðskiptabanka eða sparisjóði sem skal vera á nafni námsmanns. Skal við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 15. janúar og 15. júní. Heimilt er að greiða út lán á öðrum tímum enda liggi fyrir að námsmaður hafi uppfyllt kröfur sjóðsins um afköst og árangur í námi áður en sjóðurinn innir af hendi greiðslu láns vegna viðkomandi annar, misseris eða skyldunámskeiða.

5.2.2. Námsmenn skulu skila staðfestingu eða breytingu á fyrri áætlun vegna tekna á árinu 1993 áður en lán er greitt út. Ef verulegur munur reynist vera á þeirri áætlun og tekjum námsmanns og maka er heimilt að gjaldfella lánið.

5.2.3. Stjórn sjóðsins hefur gert samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um að þeir veiti námsmönnum tímabundna fyrirgreiðslu innan misseris eða skólaárs, ef þess er óskað, að

uppfylltum venjulegum skilyrðum viðkomandi peningastofnunar og að fenginni náms- og lánsfjáráætlun viðkomandi námsmanns.

5.2.4. Bóka- og aukalán greiðast í einu lagi þegar framfærslulán viðkomandi kemur til útborgunar.

5.2.5. Nú óskar námsmaður eftir því að fá einungis greiddan hluta af því láni sem honum reiknast og skal honum það þá heimilt.

5.2.6. Útborgun lána er háð því skilyrði að lánþegi hafi undirritað skuldabréf og tryggt lánið með sjálfskuldarábyrgðarmönnum eða veði. Lánið greiðist inn á reikning viðkomandi lánþega sem skal vera á hans eigin nafni í banka eða sparisjóði.

5.3. *Umboðsmaður, ábyrgðarmaður og skilyrði sem námsmenn þurfa að uppfylla.*

5.3.1. *Umboðsmaður.* Námsmaður erlendis verður að hafa umboðsmann á Íslandi sem m.a. skrifar undir skuldabréf fyrir hans hönd.

5.3.2. *Ábyrgðarmenn.*

1. Einn ábyrgðarmaður skal að lágmarki ganga í sjálfskuldarábyrgð fyrir lánþega, en flestir geta ábyrgðamenn orðið 10. Þeir skulu vera fjárráða og að jafnaði íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi. Ábyrgðarmenn þurfa að fullnægja sömu skilyrðum og lánþegar sjóðsins, sbr. 5.3.3. Hámarksábyrgð einstaks ábyrgðarmanns skal vera 5 milljónir króna en lágmarksábyrgð 100 000 kr.

2. Óheimilt er að samþykkja þá menn sem ábyrgðarmenn fyrir námsláni, sem eru á dómaskrá vegna gjaldþrots eða annarra fjárhagslegra ástæðna.

3. Óski námsmaður að setja veð til tryggingar námsláni þarf hann að leggja fram veðbókarvottorð, þar sem fram komi uppreiknuð lán, ef þau eru veðtryggð, sem hvíla á viðkomandi eign. Fram þarf að koma að hann sé eigandi eignarinnar eða hann hafi heimild frá eiganda svo og frá maka ef einhver er til þess að veðsetja hana. Þá þarf hann að leggja fram fasteigna- og brunabótamat og staðfestingu á eftirstöðvum lána sem hvíla á eigninni.

5.3.3. *Skilyrði sem lánþegar þurfa að uppfylla.*

Skilyrði, sem lánþegar þurfa m.a. að uppfylla, eru að þeir séu ekki í vanskilum við sjóðinn, þegar sótt er um nýtt lán og bú þeirra sé ekki til gjaldþrotameðferðar eða að þeir teljist af bersýnilegum ástæðum ótryggir lántakendur.

5.4. *Greiðsla félagsgjalda.*

Óski námsmaður þess annast sjóðurinn greiðslu félagsgjalda til Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) og Bandalags íslenskra sérskólanema (BÍSN). Sjóðurinn dregur félagsgjöldin af námslánum og greiðir til réttra aðila. Umsókn um námslán skal jafnframt vera umsókn um félagsaðild nema námsmaður óski eftir öðru á umsókn eða bréflega.

Upphæð félagsgjalda skal koma fram á útreikningi námslána.

5.5. *Breytingar á aðstoð.*

5.5.1. Tilkynningaskylda námsmanna. Umsækjanda ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum er haft geta áhrif á veitingu námsaðstoðar, svo sem breyttar fjölskylduáðstæður, breytingar á fjárhag, heimilisfangi og námsáætlun, eða veikindi er valdið geta töfum í námi. M.a. ber að tilkynna sjóðnum þegar námsmaður stofnar til hjúskapar eða sambúðar. Námsmanni ber auk þess að senda sjóðnum öll þau gögn sem hann kann að verða beðinn um.

5.5.2. Leiðrétting á útreikningi. Ef í ljós kemur að sjóðurinn hefur veitt námsaðstoð eða reiknað út upphæð láns á röngum forsendum er það leiðrétt við fyrsta hentugleika, skv. nánari ákvæðum í þessum kafla. Er þá tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur vísitandi gefið villandi eða rangar upplýsingar eða hvort um vanrækslu hefur verið að ræða af hans hálfu ellegar um mistök frá hendi sjóðsins. Að jafnaði er mögulegt að semja um fyrirkomulag endurgreiðslna.

5.6. *Vísitandi villandi upplýsingar.*

Ef námsmaður hefur vísitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga verður þegar í stað endurkræf með áfallinni verðtryggingu og kostnaði sem af hlýst.

5.7. *Ofgreidd lán.*

5.7.1. Ef námsmaður fær ofgreitt lán, t.d. vegna vanáætlaðra tekna, vanskila á námsárangri eða öðrum ástæðum, skal gefa honum kost á að greiða lánið á sérstöku skuldabréfi og skal greiðslutíminn að jafnaði ekki vera lengri en 10 mánuðir.

5.7.2. Ofgreiðsluskuldabréf bera almenna meðalvexti banka og sparisjóða og leggjast vextirnar á þá upphæð sem námsmanni ber að endurgreiða frá útborgunardegi hins ofgreidda láns.

5.7.3. Fyrsti vaxtadagur er skilgreindur í skuldabréfi.

5.7.4. Ofgreitt lán kemur til innheimtu við lok námsárs. Lok námsárs í þessum skilningi eru þegar námsárangur og önnur þau gögn hafa borist vegna allra anna sem sótt er um aðstoð vegna á námsárinu.

5.8. *Breyttar tekjur.*

Ef uppgefnar tekjur námsmanns á liðnu ári reynast of lágar, þegar skattframtal hans er athugað og haustlán til hans hefur því verið ofreiknað er heimilt að skerða lán til námsmannsins um 5% vegna minniháttar fráviks. Auk þess áskilur sjóðurinn sér rétt til að beita ákvæðum greinar 5.6. ef tekjur hafa verið stórlega vanáætlaðar. Séu tekjur á hinn bóginn ofáætlaðar er námsmanni reiknaður „bónus“ á námslánið. Hafi námsmaður fengið herra lán vegna haustmisseris en honum ber í heildarlán fyrir skólaárið, skal hann endurgreiða mismuninn sbr. grein 5.7.

5.9. *Eftirlit með tekjum vegna síðasta láns.*

5.9.1. *Námsmenn á Íslandi.* Sjóðurinn fær upplýsingar frá ríkisskattstjóra um tekjur skv. skattframtali þess tekjuárs sem lagt var til grundvallar síðustu lánveitingu.

5.9.2. *Námsmenn á Norðurlöndum.* Námsmenn annars staðar á Norðurlöndum þurfa að skila vottorði um tekjur s.l. árs. Í Danmörku „ársopgörelse“, í Noregi „bruttoinntekt“ og í Svíþjóð „terminalbild 44“.

5.9.3. *Námsmenn í öðrum löndum.* Sjóðurinn getur krafist skattavottorðs frá námsmönnum í öðrum löndum.

5.9.4. *Endurgreiðsla.* Komi í ljós að tekjur skv. vottorði skattstjóra eru hærri en gefið var upp af námsmanni, ber honum að endurgreiða of hátt veitt lán með verðtryggingu.

5.10. *Mistök sjóðsins.*

Verði mistök við veitingu námsláns, námsmanni í óhag, ber að leiðrétta það strax og upp kemst. Námsmönnum er eindregið bent á að kynna sér vandlega þau ákvæði í þessum úthlutunarreglum sem eiga við hverju sinni og stuðla að því að slík mistök leiðréttest sem fyrst. Ef veruleg mistök verða námsmanni í hag, er honum tilkynnt það og síðan ákveðið í hverju einstöku tilviki hvernig endurgreiðslu skuli hagað.

VI. KAFLI

Samnorrænar reglur um lán á Norðurlöndum.

Umsækjandi við nám á Norðurlöndum utan heimalandsins getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum fengið námslán frá námslandinu. Skilyrði fyrir námsaðstoð er að umsækjandi fái ekki námsaðstoð frá öðru landi. Hér á eftir fara tvö dæmi um þetta:

- A. Umsækjandi hefur verið búsettur og unnið samfelldu tvö ár í námslandinu. Umsjón með eigin barni undir 16 ára aldri jafngildir vinnu. Tekið er tillit til vinnuhlés ef um herskyldu eða veikindi hefur verið að ræða.
- B. Umsækjandi er undir 20 ára aldri og hefur fylgt foreldrum sínum sem eru heimilisföst í námslandinu og hafa þar fasta vinnu.
- Nánari upplýsingar fást hjá lánasjóðum í hverju landi.

DANMÖRK

Styrelsen for Statens Udd.støtte
Danasvej 30
DK-1910 Fredriksberg C
Sími: 90-45-31214666

NOREGUR

Statens lånekasse for utdanning
P. boks 195
Økernveien 145
N-0510 Oslo 5
Sími: 90-47-2-726700

FINNLAND

Statens studiestödcentral
Valtion Opintotukikeskus
P.O. Box 228
SF-40 101 Jyvaskyla 10
Sími: 90-358-41-698611

SVÍPJÓÐ

Centrala studiestöðsnämnden
S-851 82 Sundsvall
Sími: 90-46-60-186000

VII. KAFLI**Lánskjör.***7.1. Vextir R-lána og verðtrygging.*

7.1.1. Lán skv. lögum nr. 21/1992 eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá námslokum. Verðtryggingin miðast við breytingar á lánsklaravísitölu Seðlabanka Íslands.

7.1.2. Þegar skírteini um lokapróf berst sjóðnum er hafinn undirbúningur að því að ganga frá skuldabréfi námsmanns. Lántaka skal þá sent bréf með sundurliðuðum upplýsingum um greiðslur sem tilheyrja skuldabréfinu. Honum er jafnframt tilkynnt um hvenær hann er talinn hafa lokið námi og vextir fara að reiknast af skuldabréfinu. Honum skal gefinn hálf mánaðar frestur til að gera athugasemdir. Að þeim tíma liðnum er skuldabréfið fyllt út.

7.1.3. Nú hefur námsmaður fullnýtt svigrúm sitt og skal þá líta svo á að námi hans sé lokið og fylla út skuldabréf eftir aðgerðir sbr. 7.1.2.

7.1.4. Þegar gengið er frá skuldabréfi er öllum ábyrgðarmönnum send tilkynning um upphæð bréfsins og þá fjárhæð sem hver og einn telst ábyrgur fyrir.

7.1.5. Nú sækir lántaki ekki um lán á nýju námsári fyrir tilskilinn umsóknarfrest en hefur þó ekki lokið námi og skal þá tilkynna honum að gengið verði frá skuldabréfi hans innan hálf mánaðar og hvenær sjóðurinn telur námslok hans hafa verið. Honum skal jafnframt sent yfirlit um greiðslur til hans sem verða færðar uppreiknaðar á skuldabréfið. Í slíkum tilfellum er ekki veittur frestur á því að ganga frá skuldabréfinu. Tilkynni námsmaður að hann hafi tekið sér námshlé sem er ekki lengra en eitt ár er frágangi á skuldabréfi frestað í samræmi við reglur um skilgreiningu á námslokum.

7.2. Endurgreiðslutími.

7.2.1. Lán er afborgunarlaust í tvö ár.

Endurgreiðsla hefst aldrei fyrr en tveimur árum eftir námslok sbr. gr. 2.6.

7.2.2. Gjald dagar.

Ef námslok eru á fyrri hluta árs, þ.e. fyrir 1. júlí er gjalddagi fyrstu föstu greiðslu tveimur árum eftir námslok. Séu námslok á síðari hluta árs, 1. júlí eða síðar, er gjalddagi fyrstu föstu

greiðslu 1. mars á þriðja ári frá námslokum. Seinni árgreiðslan er í öllum tilfellum 1. september.

7.2.3. Hvernig vextir reiknast af lánum.

Vextir reiknast alltaf frá námslokum sbr. 2.6. Ef námsmaður hefur lánshæft nám að nýju getur stjórnin fallist á að veita honum frest á endurgreiðslu.

7.3. Árleg endurgreiðsla.

Árleg endurgreiðsla er í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimtist 1. mars og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist 1. sept. og er háð tekjum fyrra árs. Föst árgreiðsla er 48 000 kr. og miðast við lánskjaravísitölu 3.198. Þessi upphæð breytist á hverju ári til samræmis við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs. Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundradshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hundradshluti þessi er 5% við afborganir af láninu fyrstu fimm árin. Eftir það skal hundradshlutinn vera 7%. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal margfölduð skv. hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Frá viðbótargreiðslunni samkvæmt framansögðu dregst áðurnefnd föst árgreiðsla.

Lánþega ber að greiða lántökugjald 1,2% í hvert sinn sem lán er tekið og kostnað af innheimtu á hverjum gjalddaga.

7.4. Undanþágur.

7.4.1 Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu verði skyndilegar breytingar á högum lánþega, t.d. vegna veikinda eða slyss, sem skerða ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn er enn fremur heimilt að veita undanþágu frá fastri árgreiðslu ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum og ófyrirséðum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

7.4.2. Lánþegar sem óska eftir frestun eða niðurfellingu á endurgreiðslu námsláns skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum og láta fylgja umsókn nákvæmar upplýsingar á fylgiskjölum sem þar er óskað eftir.

7.4.3. Nú hefur lánþegi sem hefur nám að nýju svo háar tekjur að honum reiknast tekjutengd afborgun af fyrri lánnum og er þá að jafnaði ekki heimilt að veita viðkomandi frest á afborgun.

7.5. Lán sem sjóðurinn hefur veitt.

Lán sem sjóðurinn hefur veitt eru:

Heiti	Veitt	Vextir	Endurgr. hefst námslok	Endurgr.- tími	Gjalddagar
M	1952-61	3,5%	3 ár	10 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1952-61	3,5%	3 ár	10 ár	1. feb. og 1. júní
M	1961-67	3,5%	3 ár	15 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1961-67	3,5%	3 ár	15 ár	1. feb. og 1. júní
L	1967-75	5%	5 ár	15 ár	1. júní
K	1975	13%	1 ár	4 ár	1. apr. og 1. nóv.
X *	1976-82	verðtryggt	3 ár	20 ár	1. júlí og 1. nóv.
T **	1982-92	verðtryggt	3 ár	40 ár	1. mars og 1. sept.
R	1992	allt að 3% + verðtr.	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.

* nefnast V-lán eftir sameiningu

** nefnast S-lán þegar endurgreiðsla hefst.

Sé greitt eftir fleiri kerfum.

Peir námsmenn, sem taka lán skv. lögum nr. 21 frá 1992 (R-lán) greiða fyrst afborganir og vexti af þeim lánum, en skuldi þeir eldri lán frestast afborganir þeirra þar til fyrrnefnd R-lán eru að fullu greidd. Eldri lán greiðast síðan eftir reglum sem áður giltu. Hlutfallsstuðull fyrir aukaafborgun T-láns hjá þeim sem hafa fengið meira en helming raunvirðis námslána sinna árin 1976-85 er 3,5% í stað 3,75%. Ef lánþegi greiðir bæði af lánum sem tekin voru á árunum 1976-82 og af lánum sem tekin voru 1982-92, þá dragast afborganir eldri lána frá afborgunum hinna nýju. Enginn afsláttur er veittur af afborgunum lána, sem tekin voru 1982-92, þótt einnig sé verið að greiða af L-lánum.

Vanskil.

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, sendir sjóðurinn hana til lögfræðings í innheimtu. Ef lánþegi gerir enn ekki skil, er sjóðnum heimilt að gjaldfella alla skuldina og innheimta hana með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

Menntamálaráðuneytið, 21. maí 1993.

F. h. r.

Guðriður Sigurðardóttir.

Porsteinn Gunnarsson.

AUGLÝSING**um skráningu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.**

Með heimild í 18. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands um markaðssetningu íslensku krónunnar og erlends gjaldeyris staðfestist að núgildandi gengisvog krónunnar er óbreytt í þessum hlutföllum: Evrópska mynteiningin (ECU) 76%, Bandaríkjadollar 18% og japönsk yen 6%.

Viðskiptaráðuneytið, 25. maí 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Finnur Sveinbjörnsson.

REGLUGERÐ**um bókhaldslega aðgreiningu efnivara vegna upprunaréttinda samkvæmt fríverslunarsamningum.**

1. gr.

Ríkistollstjóri getur heimilað framleiðanda vöru, sem notið getur tollfríðinda samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamnings EFTA, samnings Íslands og EB eða annarra fríverslunarsamninga, að nota svonefnda bókhaldslega aðgreiningu (segregation by accounting) vegna

notkunar efnivöru til þeirrar framleiðslu, enda sé slík aðgreining ekki bönnuð eða takmörkuð með lögum eða reglum og sýnt sé fram á að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

1. Framleiðanda sé nauðsynlegt að geta beitt bókhaldslegri aðgreiningu vegna kostnaðar eða óhagkvæmni við hlutlæga aðgreiningu.
2. Að um eins efnivöru sé að ræða og nota megi á víxl efnivöru sem er upprunavara og efnivöru sem ekki er upprunavara. Í því tilliti verða efnivörurnar að vera sams konar, hafa sama viðskiptagildi og sömu tæknileg og hlutlæg einkenni, og ekki sé hægt að aðgreina þær að því er uppruna varðar í fullunninni vöru vegna einhvers konar merkingar á þeim, auðkennis eða þess háttar.

2. gr.

Framleiðandi skal senda ríkistollstjóra skriflega umsókn um heimild til bókhaldslegrar aðgreiningar þar sem eftirfarandi skal koma fram:

1. Nafn framleiðanda og aðsetur.
2. Hvaða tegundir efnivöru umsóknin taki til.
3. Áætlað magn framleiðsluvara á leyfistímanum, sem almennt verður ekki veittur nema til 24 mánaða, hlutfall erlendra efnivöru og innlendra og hversu mikið áætlað er að flytja út og til hvaða landa.
4. Staða birgða hráefna miðað við uppruna og fullbúinnar framleiðslu á umsóknardegi.
5. Yfirlýsing umsækjanda um að:
 - a) skilyrðum 1. gr. reglugerðarinnar sé fullnægt og
 - b) bókhald hans sé með þeim hætti að ljós greinarmunur sé gerður á upprunavörum og öðrum vörum, þannig að með skoðun bókhaldsins sé hægt að ganga úr skugga um, að ekki hafi meira magn af vöru öðlast upprunaréttindi, en verið hefði ef efnivörurnar hefðu verið hlutlægt aðgreindar.

3. gr.

Heimild til bókhaldslegrar aðgreiningar verður ekki veitt nema nægilega tryggt sé að mati ríkistollstjóra að með henni öðlist ekki meira magn vöru upprunaréttindi en verið hefði ef efnivörurnar væru hlutlægt aðgreindar. Í því sambandi verður bókhald framleiðanda að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Með færslum í bókhaldi skal gerður skýr greinarmunur eftir uppruna á efnivörum sem notaðar hafa verið eða eru til í birgðum, þ.e. upprunavara sem:
 - a) að öllu leyti eru upprunnar á Íslandi;
 - b) af öðrum EFTA-uppruna;
 - c) af EB-uppruna; og
 - d) öðrum uppruna og þá hverjum.

Bókhaldsgögn sem verða efnivörur og framleiðsluvörur skulu vera aðgengileg til að auðvelda eftirlit tollyfirvalda. Þá skal vera tryggt samkvæmt bókhaldinu að farið sé að skilmálum skv. 1. gr.

2. Bókhald vegna þess sem hér um ræðir skal ekki taka til lengra tímabils en 24 mánaða. Þegar um er að ræða efnivörur í 50. til 63. kafla tollskrárinnar, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, skal þetta tímabil þó ekki vera lengra en 12 mánuðir.

Heimila má þó lengri tíma þegar halda verður efnivörum lengur í birgðum en þessum tíma nemur áður en þær eru teknar í notkun. Að því er varðar efnivörur í nefndum 50. til 63. kafla verður beiðni þar að lútandi að vera rökstudd, og skal heimild ekki veitt til lengri tíma en 24 mánaða og því aðeins að birgðir hafi áður verið skoðaðar.

4. gr.

Ríkistollstjóri getur bundið heimild til bókhaldslegrar aðgreiningar því skilyrði að umsækjandi leggi fram staðfestingu löggilts endurskoðanda um bókhald umsækjanda sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

5. gr.

Ríkistollstjóri getur afturkallað leyfi til bókhaldslegrar aðgreiningar án fyrirvara, m.a. ef framleiðandi uppfyllir ekki lengur sett skilyrði eða getur ekki tryggt framkvæmd nefnds fyrirkomulags á fullnægjandi hátt.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. tölul. 6. gr. og 31. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 560/1983 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 21. maí 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1993.

1. gr.

Lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum, læknum, dýralæknum og sveitarfélögum með lyfjasölu og öðrum lyfjaeftirlitsþegum ber að greiða eftirlitsgjald fyrir árið 1993 vegna lyfjaeftirlits, sbr. 52. og 53. gr. lyfjalaga, nr. 108/1984. Gjaldið er sem hér segir:

	Kr.		Kr.
I. flokkur	204 000	VI. flokkur	396 000
II. flokkur	180 000	VII. flokkur	283 000
III. flokkur	156 000	VIII. flokkur	204 000
IV. flokkur	121 200	IX. flokkur	51 600
V. flokkur	85 200		

2. gr.

Lyfjabúðum og lyfjasölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:

Apótek Austurbæjar
Breiðholts Apótek
Ingólfs Apótek
Kópavogs Apótek
Reykjavíkur Apótek
Stjörnu Apótek

II. flokkur:

Borgar Apótek
Garðs Apótek
Háaleitis Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Laugavegs Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Keflavíkur Apótek
Vesturbæjar Apótek

III. flokkur:

Akureyrar Apótek
 Apótek Garðabæjar
 Apótek Vestmannaeyja
 Árbæjar Apótek
 Hraunbergs Apótek
 Laugarnes Apótek
 Nesapótek, Seltjarnarnesi
 Selfoss Apótek

IV. flokkur

Akraness Apótek
 Borgarness Apótek
 Dalvíkur Apótek
 Húsavíkur Apótek
 Ísafjarðar Apótek
 Mosfells Apótek
 Norðurbæjar Apótek

V. flokkur

Apótek Austurlands
 Apótek Blönduóss
 Apótek Ólafsvíkur
 Egilsstaða Apótek
 Grindavíkur Apótek
 Hafnar Apótek
 Nes Apótek, Neskaupstað

Patreks Apótek
 Rangár Apótek
 Sauðárkróks Apótek
 Siglufjarðar Apótek
 Stykkishólms Apótek
 Ölfus Apótek

Lyfjasala lækis Búðardal
 Lyfjasala lækis Hvammstanga
 Lyfjasala lækis Laugarási
 Lyfjasala lækis Vík

Lyfjasala sveitarstjórnar Fáskrúðsfirði
 Lyfjasala sveitarstjórnar Hólmavík
 Lyfjasala sveitarstjórnar Vopnafirði

3. gr.

Lyfjagerðum og -heildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

VI. flokkur:

Delta hf.
 Lyfjaverslun ríkisins
 Pharmaco hf.
 Stefán Thorarensen hf.

VII. flokkur:

Farmasía hf.
 Lyf hf.
 Ómega Farma hf.

VIII. flokkur:

Austurbakki hf.
 Ásgeir Sigurðsson hf.
 Ísteika hf.
 Medico hf.

4. gr.

Dýralæknar, sem annast lyfjasölu, sbr. 58. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, læknar og sveitarfélög, sem annast lyfjasölu, sbr. 4. gr. reglugerðar um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa nr. 27/1983, aðrir en þeir sem taldir eru í 2. gr. V. flokki, skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt IX. flokki.

5. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem hafa lyf undir höndum. Skulu þá deilarskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkvæmt II. flokki, en önnur sjúkrahús og stofnanir samkvæmt IX. flokki.

6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjaldsins er 1. júlí 1993. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, ef eigi hefur verið greitt á eindaga. Gjaldið er aðfararhæft.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. maí 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1987-2007.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. maí 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1987-2007, er staðfest var 29. ágúst 1988.

Breytingin felst í því að ekki er lengur gert ráð fyrir tengibraut ármegin byggðar norðan Eyrarveggar. Árbakkasvæðið milli kirkju og vöruhúss K.Á., norðan Hótels Selfoss, verður útvistar­svæði án vegstæðis undir Ölfusárbrú. Þá verður gert umferðarhringtorg á mótum Eyrarveggar og Austurvegar.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Selfoss hefur samþykkt breytinguna og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hana til staðfestingar ráðherra.

Umhverfissráðuneytið, 25. maí 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Dalvíkur 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. maí 1993 staðfest aðalskipulag Dalvíkur 1992-2012.

Uppdráttur ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem mælt er fyrir um í skipulagslögum nr. 19/1964. Bæjarstjórn Dalvíkur hefur samþykkt aðalskipulagið og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt það til staðfestingar ráðherra.

Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Dalvíkur sem staðfest var 3. maí 1982, ásamt síðari breytingum.

Umhverfissráðuneytið, 25. maí 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, staðgreinireitur 1.193.

Samkvæmt ósk borgarráðs Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 24. mars 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er á reit 1.193, sem markast af Snorrabraut, Egilsgötu, Barónsstíg og Bergþórugötu og er fólgin í því að almennt útvistar- og stofnanasvæði verður stofnanasvæði, athafnasvæði verður íbúðar- og athafnasvæði og verslunar- og þjónustusvæði verður íbúðar- og athafnasvæði.

Borgarsjóður Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 25. maí 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 304, 14. ágúst 1992, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

1. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. gr. er ekki skylt til 1. júní 1994 að nýta um borð í skipum, er ekki teljast til eldri fullvinnsluskipa, sbr. 10. gr., eftirfarandi fiskúrgang: Innyfli að hrognum undanskildum, roð og úrgang, sem fellur til við vinnslu á karfa og grálúðu.

2. gr.

Viðauki þessi er settur samkvæmt ákvæðum laga nr. 54, 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júní 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að

dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur heitt vatn í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Orka og vatnsmagn H490.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	12 470,00 kr/á ári
Orkugjald	2,63 kr/kWst
Rúmmetragjald	23,41 kr/m ³

Orkugjald vegna hitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla IV um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt í gjaldskrá orkubúsins fyrir raforku.

Orka og vatnsmagn H499.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	12 470,00 kr/á ári
Orkugjald	2,63 kr/kWst
Rúmmetragjald	23,41 kr/m ³

Vatnsmagn I480.

Orkubúinu er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Fastagjald	12 470,00 kr/á ári
Rúmmetragjald	122,00 kr/m ³

Orka H498.

Orkubú Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn um varmaskipti af viðurkenndri gerð til þeirra er nota meira en 400.000 kWst/á ári.

Fastagjald	12 470,00 kr/á ári
Orkugjald	1,70 kr/kWst
Rúmmetragjald	15,24 kr/m ³

Hemill I489.

Orkubú Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla. Orkubúið stillir hemil að ósk notanda og gildir hæsta stilling í eitt ár frá 1. september til 31. ágúst.

Fastagjald	22 849,00 kr/á ári
Mínútlítrajald	2 416,00 kr/mán

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem orkubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá heimaugargjald í þéttbýli í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku (heimaugargjöld í þéttbýli).

6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 806,00.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 613,00.

7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

10. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. janúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 508, 23. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1993.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

I. SMÁSALA

Gjaldskrárlíðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	5,83 kr/kWst
Fastagjald F1	3 311,00 kr/ári

A.2 Skammtímanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	8,74 kr/kWst
Fastagjald F1	3 311,00 kr/ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll notkun og viðhald úti- og götulýsingar.

Aflgjald	11 852,00 kr/kw/ári
Viðhaldsgjald	17 609,00 kr/kw/ári

A.4 Sumarbústaðanotkun.

Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A1 ef hagkvæmara þykir. Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	3,23 kr/kWst
Fastagjald F2	15 614,00 kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald (lágmark 4 kW)	5 708,00 kr/kw/ári
Fastagjald F3	12 470,00 kr/ári
Orkugjald af allri notkun	2,37 kr/kWst
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	5,83 kr/kWst

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksfé 4 kW, hámarksafli 50 kW.

B.1 Aflmæling.

Öll meiri háttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmark 15 kW.

Aflgjald	9 299,00 kr/kw/ári
Orkugjald	2,05 kr/kWst

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júlí til 31. október.

Aflgjald	2 688,00 kr/kW/ári
Orkugjald	1,60 kr/kWst

C.1/D.1 Hitun.

Orkugjald	3,23 kr/kWst
Fastagjald F3	12 470,00 kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Roftími er allt að 3 klst. á sólarhring.

C.2/D.2 Næturhitun.

Orkugjald	2,18 kr/kWst
---------------------	--------------

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Roftími allt að 15 klst. á sólarhring.

D.3 Varmadælu.

Til notkunar á varmadælum.

Orkugjald	4,50 kr/kWst
Fastagjald F3	12 470,00 kr/ári

Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

Mælaleiga.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

Einfasa mæla	710,00 kr/ári
Þrífasa mæla	2 800,00 kr/ári
Þrífasa mæla með straumspennum	4 740,00 kr/ári

Gjald fyrir önnur mælitæki, en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmætum þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

Innheimta og lokun.

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er kr. 806,00.

Opnunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila, er kr. 1 613,00.

*Skilgreiningar og ýmis ákvæði.***1. Utanhússlýsing.**

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun. Breyting á aflstillingu er aðeins gerð samkvæmt skriflegri beiðni notanda, hvort sem hún er til hækkunar eða lækkunar.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskvæði afls hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumarafi.

Á tímabilinu 1. maí til og með 30. september ár hvert geta notendur á afltaxta, B.1, fengið heimild til að hækka afltopp sinn, án þess að sú hækkun hafi áhrif á reiknaðan ársmeðaltopp.

Skilyrði fyrir slíkri heimild eru:

1. Lágmarksheimild er 30 kW.
2. Gjald fyrir heimild er 10% af ársaflgjaldi skv. gjaldskrárlið B.1, ár hvert.

Heimildin tekur gildi 1. maí eða á greiðsludegi ef hann er síðar og gildir til loka septembermánaðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mestu útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Orkubú Vestfjarða getur krafist notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (fasviksstuðull undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall skal nema hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja er valda tilfínanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eda spennaafl er takmarkað, áskilur Orkubúið sér rétt til þess að takmarka val gjaldskrárliða.

7. Annað.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

II. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI

Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubú Vestfjarða ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu. Með heimtaug er átt við hvort heldur tengingu við rafveitu og/eða hitveitu.
 - 1.1. Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri heildarafþörf næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis, tilgreina skal sérstaklega aflþörf vegna hitunar. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:
 - 2.1. Heimtaug.

Aflþörf veitu kW	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd kr/m
Allt að 40	65 100,00	1 310,00
40 – 65	96 495,00	1 570,00
65 – 130	202 965,00	1 970,00
130 – 200	318 675,00	2 370,00

Aukamælagrind fyrir hitaveitur kr. 26 355,00. Ofangreind heimtaugargjöld eru bæði vegna raforkunotkunar til hitunar og til annarra nota og skiptist þannig að 75% eru vegna hitunar og 25% vegna annarra nota.

- 2.2. Yfirlengd reiknast af jarðstrengsheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 130-200 kW greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.
- 2.3. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o.s.frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstæðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið -uppsteypt hús- er lagt Orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.
- 2.4. Telji Orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða 40% kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o.þ.h.
3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:
 - 3.1. Grunnjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 6 321,00.
 - 3.2. Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Orkubúsins hverju sinni.
Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts en hann leggst á öll heimtaugargjöld skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

III. HEIMTAUGARGJALD Í DREIFBÝLI

1. Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá Orkubúi Vestfjarða utan þéttbýlis, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.
2. Heimtaugargjald fyrir eina heimtaug á hvert lögbýli, fyrir eina heimtaug til annarra en bænda sem stunda sambærilega atvinnustarfsemi og þeir, enda eigi þeir lögheimili og hafi fasta búsetu í sveit, og fyrir eina heimtaug í þjónustufyrirtæki í sveitum sem þjóna fyrst og fremst þessum aðilum skal vera kr. 100 000,00. Framangreint grunngjald miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 189,2 stig og að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram úr kostnaði við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVa spennistöð. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar.
3. Aðrar heimtaugar:

Heimtaugargjald fyrir annað en að framan greinir, svo sem heimtaugar á lögbýlum umfram eina, heimtaugar umfram eina í tengslum við aðra atvinnu- og þjónustustarfsemi sem um ræðir í 2. lið, heimtaugar í tengslum við aðra starfsemi en þar greinir, heimtaugar í einstök sumarhús, veiðihús, sumardvalar- og orlofshús hverskonar og aðrar ótaldar byggingar í sveitum, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubús Vestfjarða, þó aldrei lægri en heimtaugargjald skv. grein 2 hér að framan.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts, en hann leggst á öll heimtaugargjöld skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

IV. NIÐURGREIÐSLUR

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Orkubúi Vestfjarða og Landsvirkjun veita ennfremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til sömu aðila og njóta niðurgreiðslna. Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWst) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30 000 kWst á ári samkvæmt lið C1 og H490 og 42 000 kWst samkvæmt lið A5, en er skipt eftir vægi veturs og sumars í hitaþörf. Vetrartímabilið er frá og með 16. október til og með 15. apríl. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 105 kWst á dag að jafnaði á vetrartíma en 60 kWst á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur kr. 1,12 kWst og að auki sérstakur afsláttur 0,34 kr. á kWst, eða samtals 1,46 kr/kWst.

Liður A5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 146 kWst á dag að jafnaði á vetrartíma en 85 kWst á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,80 á kWst og að auki sérstakur afsláttur 0,244 kr. á kWst, eða samtals 1,044 kr/kWst.

Liður C2 næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,64 á kWst og að auki sérstakur afsláttur 0,40 kr á kWst, eða samtals 1,04 kr/kwh.

Liður H490 Orka og vatnsmagn:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 105 kWst á dag að jafnaði á vetrartíma en 60 kWst á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur 1,04 kr. á kWst og sérstakur afsláttur að auki, 0,29 kr. á kWst eða samtals 1,33 kr. á kWst.

V. SKILMÁLAR UM SÖLU VÍKJANDI ORKU

1. Almenn skilyrði.

Víkjandi orka er rjúfanleg forgangsorka. Hana má selja í stað annarra orkugjafa þegar um er að ræða framleiðslu eða starfsemi sem lagst getur niður tímabundið meðan rofið er. Víkjandi orku er ætluð:

- Þeim sem kost eiga á ótryggðri orku en treysta sér ekki til að undirgangast þau skilyrði um langtímarof sem henni fylgja.
- Þeim sem kost eiga á kaupum samkvæmt smásölugjaldskrá, sbr. þær takmarkanir sem þar koma fram, til nota hvar rof á hæstu álagstímum getur talist eðlilegur viðskiptamáti; hér er einkum átt við ýmis konar hitun og lýsingu í gróðurhúsum.

Sala á víkjandi orku er háð samþykki Orkubús Vestfjarða í hverju tilviki.

Uppsett afl þess búnaðar, sem nýtir víkjandi orku, skal að lágmarki vera 100 kW eða áætluð ársnotkun að lágmarki 500 MWst.

2. Afhending víkjandi orku.

Stýritími er sá tími þegar stýring aflkaupatopps frá Landsvirkjun er virk. Framkvæmd er í höndum stjórnstöðvar Orkubús Vestfjarða sem kemur boðum um stýritímann til viðskiptavina.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að skerða afhendingu:

- Á stýritíma Orkubús Vestfjarða.
- Vegna afltakmarkana, truflana eða bilana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða til að koma í veg fyrir yfirálag. Enginn fyrirvari er á rofi vegna tilviks a), en eigi skemmri en ein klukkustund vegna b) ef mögulegt er.

Heimilt er Orkubúi Vestfjarða að leyfa afhendingu orku á stýritíma gegn gjaldi sem nemi 110% af refsigjaldi (umframflgjaldi) Landsvirkjunar eða 110% af áætluðum framleiðslukostnaði með dieselvélum vegna álagsstýringar á hverjum tíma.

3. Mæling og rofabúnaður.

3.1 Mælabúnaður.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp mælabúnað sem við á og orkubúið samþykkir til mælingar á orku.

Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal mæld á einum stað og á einum mæli.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að ákveða að búnaður, hjá öllum notendum, skuli þannig gerður, að hægt sé á sjálfvirkan hátt um símakerfið eða á annan sambærilegan hátt að lesa mælingar á 60 mínútna meðalálagi.

3.2 Rofabúnaður.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu, rofabúnað sem orkubúið samþykkir til rofs á afhendingu orkunnar.

Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal vera rjúfanleg á einum rofa.

3.3 Fjarstýring rofabúnaðar.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu, búnað sem tengist fjarstýrikerfi orkubúsins og getur:

- a) Rofið afhendingu.
- b) Gefið til kynna hvort rof heppnast eða ekki.
- c) Gefið til kynna stöðu rofa á hverjum tíma.

Fjarstýring Orkubús Vestfjarða skal virka á einn rofa, sbr. grein 3.2, en kaupandi skal setja upp búnað til insetningar í áföngum ef þurfa þykir.

Sé heimildin til afhendingar orku á stýritíma nýtt, sbr. 2. grein, skuldbindur kaupandi sig til að setja upp, Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu, þann viðbótarbúnað sem til þarf.

4. Gildistími.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. janúar 1993 og gilda þar til annað verður ákveðið.

GJALDSKRÁ FYRIR VÍKJANDI ORKU

1. Almenn.

Um viðskipti þessi gilda almennir skilmálar Orkubús Vestfjarða um sölu víkjandi orku frá 1. janúar 1993.

2. Rafmagnsgjald.

Fast gjald	115 760 kr/ár
Vetrargjald orku	2,580 kr/kWst
Sumargjald orku	1,670 kr/kWst

Um gjald fyrir orku sem afhent er á stýritíma vísast í framangreinda skilmála. Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts, en hann leggst á þessi gjöld skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

3. Tímabil orkugjalda.

Vetrargjald gildir tímabilin:	1. janúar – 30. apríl
	1. október – 31. desember.
Sumargjald gildir tímabilið:	1. maí - 30. september.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. janúar 1993, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 509, 23. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarmann.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Hafnarfirði
nr. 40/1984.**

1. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Heimilt er að hafa sölustaði opna á helgidögum og hátíðisdögum nema á föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag og eftir kl. 6 á aðfangadagskvöld jóla.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur gert með heimild í 1. gr. laga nr. 17, 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast gildi þegar í stað, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45, 15. júní 1926, um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Félagsmálaráðuneytið, 3. júní 1993.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í
togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.**

1. gr.

2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Við veiðar á úthafs-rækju, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 351, 24. september 1992 um veiðisvæði við úthafs-rækjuveiðar, er heimilt að binda fyrir hlífðarpoka að aftan, sbr. 1. mgr. Sama gildir þegar veiðar eru stundaðar á rækju á Breiðafirði samkvæmt sérstökum veiðileyfum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júní 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING**um staðfestingum á breytingum á aðalskipulagi Akraness og deiliskipulagi í Arnardal.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið, hinn 28. maí 1993, staðfest uppdrætti um breytingar á áður staðfestu aðalskipulagi Akraness 3. maí 1982 og áður staðfestu deiliskipulagi í Arnardal.

Aðalskipulagsbreytingin er fólgin í því að landnotkun á lóðinni 18 við Stillholt breytist úr svæði fyrir iðnað í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Deiliskipulagsbreytingin er fólgin í því að heimilit verður að byggja 3ja hæða tengibyggingu á milli húsanna nr. 16 og 18 við Stillholt.

Uppdrættir þessir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og verið samþykktir af bæjarstjórn Akraness og skipulagsstjórn ríkisins.

Umhverfissráðuneytið, 28. maí 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ**um afnám banns við línuveiðum á Flákanum.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 359, 6. október 1992, um bann við línuveiðum á Flákanum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júní 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

Tvístefnuakstur verður á Hafnarstræti milli Aðalstrætis og nýrrar tengingar þess við Drottningarbraut. Jafnframt verða bifreiðastöður heimilar við vesturbrún götunnar frá húsi nr. 25 að húsi nr. 41 og við austurbrún götunnar frá lóð nr. 24 að húsi nr. 34. Annars staðar á þessum götukafli eru bifreiðastöður bannaðar.

Ákvæði þessarar auglýsingar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 7. júní 1993.

Elías I. Eliasson.

Nr. 226

2. júní 1993

REGLUGERÐ

um greiðslu uppbótar á atvinnuleysisbætur.

1. gr.

Á árinu 1993 skal Atvinnuleysisstryggingasjóður geiða uppbót á atvinnuleysisbætur samkvæmt því sem segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Uppbótin reiknast þannig að fundið er meðaltal dagpeninga á mánuði á tímabilunum 1. febrúar til 30. apríl 1993 og 1. september til 30. nóvember 1993. Barnadagpeningar reiknast ekki með. Sú upphæð, sem þannig fæst er dregin frá kr. 80 000 miðað við fullar bætur allan viðmiðunartímenn. Viðmiðunarypphæðin lækkar í hlutfalli við bótahlutfall og fjölda bótdaga á tímabilinu. Uppbótin verður helmingur þannig fenginnar niðurstöðu.

Uppbótin greiðist aðeins þeim sem við lok viðmiðunartímabils hafa notið bóta í 87 bótdaga eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

Uppbótin greiðist í júní og desember 1993.

3. gr.

Atvinnuleysisstryggingasjóður leggur úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta til skrá um uppbót fyrir hvern bótdag samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 1. gr. laga nr. 50/1992 um breytingar á lögum nr. 96/1990, um atvinnuleysisstryggingar, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júní 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 1993

7. júní 1993

437

Nr. 227

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra,
nr. 341 5. júlí 1989.



1. gr.

25. gr. orðist svo:

Glitmerki á stikum sem notaðar eru til þess að marka vegarbrún skulu sýna hvítt endurskin. Nota skal eitt merki við hægri brún akbrautar miðað við akstursstefnu. Við vinstri brún akbrautar á vegi með umferð í báðar áttir skal nota tvö aðskilin merki. Glitmerkin skulu skásett þannig að þau vísi að vegi.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 94. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. júní 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

4. júní 1993

Nr. 228

REGLUGERÐ

um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra.

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra sem afhenda ber tollstjórum vegna tollmeðferðar vara við innflutning, umflutning og útflutning. Ennfremur gildir reglugerðin, eftir því sem við á, um tollafgreiðslu samkvæmt reglugerð nr. 310/1992, um tollmeðferð póstsendinga, og reglugerð nr. 64/1991, um bráðabirgðatollafgreiðslur.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. gildir þessi reglugerð hvorki um tollafgreiðslur vara, sem ekki er skylt að færa á farmskrá og ekki eru háðar neins konar innflutnings- eða útflutningsbanni eða takmörkunum, enda sé um að ræða vörur sem undanþegnar eru öllum opinberum gjöldum við tollafgreiðslu, né heldur um SMT- tollafgreiðslur, sbr. reglugerð nr. 309/1992. Um tollskýrslugerð vegna vara á farmskrá sem njóta sérstakra tollfríðinda við innflutning gilda reglur nr. 479/1988.

Tollskýrslueyðublöð.

2. gr.

Við tollskýrslugerð á að nota eyðublöð sem skulu, eftir því sem við á, vera að formi til í samræmi við sýnishorn í fylgiskjölum I-III með þessari reglugerð, enda leiði ekki annað af alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og notkun eyðublaða við tollskýrslugerð samkvæmt þeim.

Tollskýrslueyðublöð skal prenta á skrifpappír sem vegur að minnsta kosti 40 gr. hver fermetri. Pappírinn skal vera nægilega ógagnsær til að áritun á aðra hlið hans hafi ekki áhrif á læsileika hinnar hliðarinnar og svo sterkur að hann rifni ekki eða krumpist auðveldlega við notkun. Pappírinn skal vera hvítur en texti, línur og annað áprentað með ljósgrænum prentlit. Stærð eyðublaða skal vera 210x297 mm (A4) en að öðru leyti skulu þau vera í samræmi við fyrirmyndir í fylgiskjölum I- III.

Pegar tollskýrslur eru fylltar út í tölvukerfi er skýrslugjafa heimilt að nota óáprentaðan hvítan pappír af þeirri gerð sem um ræðir í 2. mgr. og prenta á hann í tölvuprentara texta, línur og annað, sem fyrirmyndir í fylgiskjölum sýna, auk upplýsinga sem veita ber í tollskýrslum.

3. gr.

Ríkistollstjóri sér um prentun tollskýrslueyðublaða.

Peir sem þurfa að afhenda tollskýrslur geta sjálfir lagt sér til eyðublöð í stað þess að nota eyðublöð tollyfirvalda, enda séu þau eyðublöð eins að formi og eyðublöð tollyfirvalda, sbr. þó 3. mgr.

Tollskýrslueyðublöð sem tollyfirvöld leggja til skulu auðkennd með merki tollstjórnarinnar, sem er bókstafurinn T með skjaldarmerki ríkisins á legg stafsins. Eyðublöð sem aðilar leggja sér sjálfir til mega vera merkt framleiðanda og/eða notanda.

Aðflutningsskjöl.

4. gr.

Innflytjandi skal afhenda tollstjóra aðflutningsskýrslu og önnur tollskjöl um aðflutta vöru áður en hún er tekin úr vörslu farmflytjanda, sett í tollvörugæmslu eða tekin úr tollvörugæmslu eða af frísvæði til ráðstöfunar innanlands. Aðflutningsskjöl skulu þó afhent tollstjóra eigi síðar en 3 mánuðum frá komudegi flutningsfars vöru til landsins.

Aðflutningsskjöl skal afhenda tollstjóra í því tollumdæmi þar sem er greiðslustaður aðflutningsgjalda, sbr. reglugerð nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum.

5. gr.

Eftirtalin skjöl skulu fylgja aðflutningsskýrslu, eftir því sem við á:

1. vörureikningur, sbr. 6. gr.,
2. farmbréf eða flutningsskjal sem gefið er út í tengslum við flutning vörunnar, sbr. þó 2. mgr.,
3. flutningsgjaldsreikningur,
4. vottorð um uppruna vöru ef óskað er fríðindameðferðar samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, nema upprunayfirlýsing sé á vörureikningi,
5. önnur skjöl er varða hina innfluttu vöru og skipta máli vegna tollmeðferðar, t.d. vottorð um innflutningsleyfi ef því er að skipta, staðfesting á heimild til sérstakrar tollafgreiðslu ef við á eða önnur vottorð af sérstöku tilefni.

Ef á framlögðum flutningsgjaldsreikningi eða tilkynningu farmflytjanda til viðtakanda um vörusendingu er gerð grein fyrir sömu atriðum og gert er í hefðbundnum farmbréfum, auk sendingarnúmers, er ekki þörf á að leggja fram farmbréf nema tollstjóri krefjist þess sérstaklega.

6. gr.

Á vörureikningi eiga upplýsingar um eftirtalin atriði að koma fram:

1. nafn og heimili seljanda (sendanda),
2. nafn og heimili kaupanda (viðtakanda),
3. útgáfustað og -dag,
4. hvenær sala fór fram,
5. fjölda stykkja, tegundir umbúða, þunga, merki og númer,
6. þær vörur sem eru í sendingu, tegundir, gerðir og magn (fjöldi, þyngd eða mál, eftir atvikum),
7. söluverð einstakra vörutegunda og í hvaða mynt verð er tilgreint,
8. greiðsluskilmála, greiðsluskilyrði og afhendingarskilyrði, afslátt og annan frádrátt og ástæður fyrir því að afsláttur er veittur eða frádráttur er gerður.

Innflytjandi vöru skal, áður en aðflutningsskjöl eru afhent tollstjóra, færa tollskrárnúmer samkvæmt íslensku tollskránni (átta stafa númer) inn á viðkomandi vörureikning, fyrir framan eða aftan heiti vörunnar. Í stað þess að færa tollskrárnúmer inn á vörureikning er innflytjanda heimilt að láta fylgja samantekt um vörutegundir miðað við tollflokka og verðmæti.

7. gr.

Heimilt er að leggja fram frumrit eða samrit skjala samkvæmt 5. gr., enda leiði ekki annað af alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Með sama hætti er heimilt að leggja fram slík skjöl sem innflytjandi hefur fengið með gagnaflutningstækni.

Ef tollstjóri telur ástæðu til, getur hann jafnan áskilið að innflytjandi framvísi frumriti umræddra skjala.

Umflutningsskjöl.

8. gr.

Leiði ekki annað af 9. gr. skal afhenda tollstjóra, í því tollumdæmi þar sem umflutningsvöru er skipað á land úr flutningsfari, umflutningsskýrslu um hana.

Umflutningsskýrsla skal afhent tollstjóra áður en vara er flutt í vörslu þess farmflytjanda sem annast mun útflutning hennar.

Umflutningsskýrslu skulu fylgja gögn samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 5. gr., sbr. 2. mgr. þeirrar greinar eftir því sem við á.

Ef umflutningsvöru er skipað í útflutningsfar í öðru tollumdæmi, skal tollstjóri á uppskipunarstað þegar tilkynna tollstjóra á útflutningsstað um umflutning.

9. gr.

Ekki ber nauðsyn til að afhenda umflutningsskýrslu og önnur tollskjöl vegna umflutningsvöru í eftirtöldum tilvikum:

1. sami farmflytjandi annast flutning vöru til og frá landinu,
2. farmflytjendur til og frá landinu hafa millilandafor í reglubundnum förum á milli landa,
3. flutningsmiðlarar hafa umsjón með umflutningi.

Þegar ákvæði 1. mgr. eiga við skulu viðkomandi farmflytjendur eða flutningsmiðlarar senda viðkomandi tollstjóra eða tollstjórum sérstakar umflutningstilkynningar samkvæmt nánari reglum sem ríkistollstjóri setur.

Farmflytjendur og flutningsmiðlarar skulu varðveita í bókhaldi sínu öll skjöl og skilríki sem gefin hafa verið út vegna umflutnings samkvæmt þessari grein.

10. gr.

Ákvæði 2. mgr. 11. gr. skulu gilda um umflutningsskýrslur og umflutningstilkynningar. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. getur tollstjóri jafnan krafist umflutningsskýrslu og fylgigagna eða annarra gagna, sbr. 18. gr., ef nauðsyn ber til að hans mati. Með sama hætti getur tollstjóri áskilið að sett sé hæfileg trygging til greiðslu aðflutningsgjalda bregðist útflutningur umflutningsvöru.

Útflutningsskjöl.

11. gr.

Útflytjandi skal afhenda tollstjóra útflutningsskýrslu um vöru í því tollumdæmi þar sem útflutningsvara er flutt í far.

Útflutningsskýrsla skal afhent tollstjóra áður en vara er flutt í útflutningsfar og það tímanlega að tollskoðun verði komið við.

12. gr.

Skipstjórar íslenskra veiðiskipa, sem flytja sjálf út eigin veiði til sölu erlendis, skulu gefa útflutningsskýrslu um afla við komu til fyrstu tollhafnar sem skipið kemur til hér á landi á leið sinni frá útlöndum eða, ef skipið kemur ekki til hafnar áður en það flytur aftur afla til sölu erlendis, þegar það næst kemur til tollhafnar hér á landi. Komi veiðiskipið ekki fyrst til þeirrar tollhafnar þar sem það er skrásett og útgerð skips er, skal senda útflutningsskýrsluna til tollstjóra þar.

13. gr.

Ákvæði 5.-7. gr. skulu gilda um fylgiskjöl útflutningsskýrslu eftir því sem við getur átt.

Almenn ákvæði.

14. gr.

Sá sem ráðstafar vöru til tollmeðferðar skal undirrita með eigin hendi það eintak tollskýrslu sem hann afhendir tollstjóra.

15. gr.

Tollskýrslur og önnur tollskjöl skal afhenda tollstjóra í einriti. Tollstjóri skal halda þeim skjölum eftir, en sá sem ráðstafar vöru til tollmeðferðar skal varðveita afrit eða samrit þeirra.

Ef þörf er á að leiðrétta tollskjöl, sem afhent hafa verið tollstjóra, skal leggja fram nýja tollskýrslu eða fylgiskjal sem leiðrétta þarf.

16. gr.

Tollyfirvöld skulu veita almennar upplýsingar og leiðbeiningar um skýrslugerð og tollskjöl sem krafist er vegna tollmeðferðar vara.

Ríkistollstjóri skal annast útgáfu leiðbeininga um tollskýrslugerð.

17. gr.

Tollstjóri getur neitað að taka við skjölum vegna tollmeðferðar vöru ef tollskýrsla er ekki rétt og nákvæmlega útfyllt, tilskilin gögn eru ekki afhent eða öðrum skilyrðum um tollmeðferð vöru er ekki fullnægt.

18. gr.

Tollyfirvöld geta áskilið að lögð séu fram skjöl og skilríki er varða vörusendingu ef það er nauðsynlegt til að staðreyna að atriði sem skipta máli varðandi tollmeðferðina hafi verið rétt tilgreind í tollskjölum eða ef það af öðrum ástæðum þykir nauðsynlegt vegna tollmeðferðar vörusendingarinnar.

Ef tollskjöllum er ekki skilað innan þess frests sem ákveðinn er í þessari reglugerð eða ef ekki eru gefnar fullnægjandi upplýsingar eða lögð fram skjöl sem skylt er að leggja fram er heimilt að stöðva tollafgreiðslu til viðkomandi aðila.

19. gr.

Sá sem ráðstafar vöru til tollmeðferðar ber ábyrgð á því að þær upplýsingar séu réttar sem veittar eru í tollskýrslu og fylgiskjöllum hennar.

20. gr.

Ríkistollstjóri getur sett nánari reglur um framkvæmd samkvæmt reglugerð þessari.

Gildistaka o.fl.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimildum í 14., 15., 18., 20., 23., 121. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, skal öðlast gildi 1. júlí 1993. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerð nr. 38/1969, um afhendingu aðflutningsskjala til tollmeðferðar, reglugerð nr. 257/1970, um gerð og afhendingu aðflutningsskýrslu til tollmeðferðar, auglýsing nr. 92/1972, um notkun heimildar í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 1/1970, um tollskrá o.fl. og 1.-3. gr. auglýsingar nr. 401/1987, um tollamál.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal auglýsing nr. 64/1992, um gjaldskrá fyrir tollskýrslueyðublöð, sbr. reglugerð nr. 288/1992, um breyting á henni, falla úr gildi þegar í stað.

Við gildistöku reglugerðar þessarar skal nota eyðublöð samkvæmt henni í stað þeirra eyðublaða sem um ræðir í reglugerð nr. 41/1957, um tollheimtu og tolleftirlit, og reglugerð nr. 56/1961, um tollvörugæmslur, með síðari breytingum, þar sem fjallað er um framlagningu tollskjala í þeim tilvikum sem reglugerð þessi fjallar um.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til tölvuvinnsla upplýsinga úr útflutningsskýrslum verður tekin upp skulu útflytjendur afhenda tollstjórum útflutningsskýrslur í þríriti í samræmi við fyrirmynd í fylgiskjali IV, ásamt tilheyrandi tollskjöllum í einriti. Ríkistollstjóri skal auglýsa þegar tölvuvinnsla upplýsinga úr útflutningsskýrslum verður tekin upp og frá þeim tíma skulu útflytjendur nota útflutningsskýrslueyðublöð í samræmi við 2. gr. reglugerðar þessarar.

Fjármálaráðuneytið, 4. júní 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Fylgiskjöl með reglugerð um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra:

Fylgiskjal I: tollskýrslueyðublað merkt E-1.1.

Fylgiskjal II: tollskýrslueyðublað merkt E-1.2.

Fylgiskjal III: tollskýrslueyðublað merkt E-1.3.

Fylgiskjal IV: tollskýrslueyðublað merkt E-6.



TOLLSTJÓRN

2 Áritun prókúruhafa (ábyrgðaryfirlýsing)										1 SKYRSLA			A ÁKVÖÐUNARTOLLSTÓÐ/ÚTLUTNINGSTOLLSTÓÐ						
3 Dágsetning skýrslu										4 Tilvísun innflytjanda/útflytjanda							5 Vy-lykill		
6 Innflytjandi/útflytjandi (ef umboðsaðili er skráður í 10)				7 Kennitala			8 Viðsk. land		9 Send- ingar-/ komunúmer	Tám	Far	Dag	Mán	Ár	Land	Staður	Farmskrnr.		
10 Innflytjandi/útflytjandi eða umboðsaðili						Virðisaukaskattsnúmer						11 Farnskrannúmer/viðtökunúmer			12 Þyngd brúttó (kg)		13 Vörugæmsla		
						Kennitala						14 Skirteini, leyfi og vottorð (teg. og nr.)			15 Fast skráningarnr.				
						Sími						16 Tala fytjiskjala	Fytjibréf	Vörureikn	Flutgjfr.	Pakklisti	Önnur		
17 Mynt		18 Gengi		19 Afhendingarskilmálar				20 Heildarfjárhæð reiknings					21 Tollverðsgengi						
22 Fob-verð í erl. mynt			23 Fob-verð í lsi. kr.			24 Flutningsgjald		25 Annar kostnaður		26 Vátrygging		27 Tollverð							
28 Tollskrárnúmer		29 Vörutegund			30 Einingar- tala	31 Nettóþyngd í heilum kg	32 Fob-verð í erl. mynt		33 Tegund gjalda	34 Upp- runa- land	35 Tollverð	36 Tollur taxti	37 fjárhæð						
														39 Tollur alls					
B Athugasemdir tollstarfsmanna										C Kvittun			40 Gjald		40 Gjald				
													40 Gjald		40 Gjald				
													40 Gjald		40 Gjald				
													41 Virðisaukaskattur		42 Gjöld alls				

HTC/21 - Símskráningarskipting



TOLLSTJÓRN

2 Áritun prókúrhafa (ábyrgðaryfirlýsing) <input type="checkbox"/>		1 SKÝRSLA			A AKVÖRÐUNARTOLLSTÓÐ/ÚTFLUTNINGSTOLLSTÓÐ					
		3 Dagsetning skýrslu			4 Tilvisun innflyjanda/útflyjanda			5 Vy-lykill		
6 Innflyjandi/útflyjandi (ef umboðsaðili er skráður í 10)		7 Kennitala		8 Viðsk. land	9 Send- ingar- komiunúmer	Tákni Far	Dag Mán Ár Land Staður	Farnskmr.		
10 Innflyjandi/útflyjandi eða umboðsaðili		Virðisaukaskattsnúmer Kennitala Sími		11 Farnskrárnúmer/viðtökunúmer		12 Þyngd brúttó (kg)		13 Vörugeymsla		
				14 Skírteini, leyfi og vottorð (teg. og nr.)			15 Fast skráningarnr.			
				16 Tala fylgiskjala	Fylgibréf	Vörureikn	Flutngjr.	Pakklisti	Önnur	
17 Mynt	18 Gengi	19 Afhendingarskilmálar		20 Heildarfjárhæð reiknings				21 Tollverðsgengi		
22 Fob-verð í eri. mynt		23 Fob-verð í ísl. kr.		24 Flutningsgjald		25 Annar kostnaður		26 Vátrygging		27 Tollverð

RTOL22 Staendfangnet-DuRenberg



TOLLSTJÓRN

2 Áritun prókúrhafa (ábyrgðaryfirlýsing)										1 SKÝRSLA			A ÁKVÖRDUNARTOLLSTÖÐ/FLUTNINGSTOLLSTÖÐ								
3 Dagsetning skýrslu										4 Tilvísun innflytjanda/útflytjanda				5 Vy-lykill							
6 Innflytjandi/útflytjandi (ef umboðsaðili er skráður í 10)					7 Kennitala					8 Viðsk. land		9 Send. ingar-/komanúmer	Tákn	Far	Dag	Mán	Ár	Land	Staður	Farmskrn.	
10 Innflytjandi/útflytjandi eða umboðsaðili										Virðisaukaskattsnúmer					11 Farnskrárnúmer/viðtökunúmer		12 Þyngd bruttó (kg)		13 Vörugeymsla		
										Kennitala					14 Skirteini, leyfi og vottorð (teg. og nr.)				15 Fast skráningarnr.		
										Sími					16 Tala fylgiskjala	Fylgibréf	Vörureikn	Flutngjr.	Pakklisti	Önnur	
17 Mynt		18 Gengi		19 Afhendingarskilmálar						20 Heildarfjárhæð reiknings				21 Tollverðsgengi							
22 Fob-verð í erl. mynt			23 Fob-verð í ísl. kr.			24 Flutningsgjald			25 Annar kostnaður		26 Vátrygging		27 Tollverð								
Linu-nr.	28 Tollskrárnúmer	29 Nettþyngd í heilum kg	30 Einingartala	31 Einingarverð í erlendiri mynt	32 Fob-verð í erlendiri mynt	33 Tollverð	34 Auka-gjöld	35 Taxi	36 Tollur fjárhæð	37 Eftirst. ein.											
38 Samtals																					
Sundurliðun úttektar úr tollvörugeymslu			Einingartala	Vörureikningsverð í erlendiri mynt				39 Tollur alls													
43. Upphaflegt magn								C Kvittun		40 Gjald	40 Gjald										
44. Úttekt hingað til										40 Gjald	40 Gjald										
45. Úttekt samkvæmt þessari skýrslu										40 Gjald	40 Gjald										
46. Samtals 44 og 45										41 Virðisaukaskattur	42 Gjöld alls										
47. Eftirstöðvar																					

RTOL23 Skráningartollur Útflutningur



TOLLSTJÓRN

Útflutningskýrsla

A. Innförshöfundur

1 Útfluttandi (nafn, heimili, sími) <input type="checkbox"/>		2 Dagsetning skýrslu		A. Innförshöfundur Afgreiðshöfundur			
		3 Kennitala					
		4 Útflutningsdagur (brottfarardagur fars)				5 Tollafgreiðslustaður (greiðslustaður gjalda)	
6 Viðtakandi							
						7 Útflutningsleyfi nr.	
				9 Upprunaland		10 Neysland	
11 Sendigarmáti <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Flugfrakt <input type="checkbox"/> Póstur		12 Upprunavottorð/-yfirlýsing					
13 Flutningsfar, þjóðerni og farmskránnr.		14 Útskipunarstaður					
		15 Söluskilmálar (FOB, CF, CIF o.þ.h.)					
16 Uppskeyparstaður		17 Ákvörðunarstaður					
				18 Brúttóþyngd (kg) eða rúmmál (m ³)			
19 Sundurlitbun vörutegunda (tegund og tala stykkja)		20 Tollskrárnúmer	21 Einingartala	22 Nettóþyngd kg	23 Útflutningsverð FOB ISK		
24 Útflutningsverð FOB (gjaldstofn) ISK		26 Útflutningsgjald af FOB		C. Kvittun		27 Útflutningsverð alls FOB ISK	
						28 Flutningsgjald	
						Vátrygging	
				Erl. umboðslaun			
25 Útflutningsgjöld alls				29 Söluverð alls CIF ISK			
B. Athugasemdir tollstarfsmanna		30 Mynt og kaupgengi á brottfarardegi		31 Söluverð alls í erl. mynt			
		32 Undirskrift útfluttjanda (ábyrgðaryfirlýsing)					

RITJÓRN Stjórnunartollstjórnaðs

REGLUGERÐ

um Náttúrufræðistofnun Íslands.

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi fjallar um Náttúrufræðistofnun Íslands, hlutverk hennar og verkefni, skipulag setra, hlutverk og verksvið stjórnar, forstjóra, forstöðumanna og annarra starfsmanna. Ráðherra umhverfismála fer með þau málefni sem reglugerðin tekur til.

Hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands.

2. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands stundar undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands. Hún varðveitir niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum er veiti sem best yfirlit um náttúru landsins.

Aðalverkefni Náttúrufræðistofnunar eru:

- Að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands.
- Að varðveita náttúrugripí, ritsmíðar og önnur gögn í vísindalegum heimildasöfnum og byggja upp aðgengilegt gagnasafn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru.
- Að skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru og sjá um gerð og útgáfu korta, m. a. um jarðfræði og útbreiðslu tegunda.
- Að styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings.
- Að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna.
- Að vinna að rannsóknum á villtum stofnum spendýra og fugla í samvinnu við embætti veiðistjóra.
- Að sjá um fuglamerkingar og hefur Náttúrufræðistofnun ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi.
- Að greina frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum og lýsa meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu.

Stofnunin getur tekið að sér tímabundin umhverfisverkefni fyrir sveitarstjórnir, stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga, sbr. e-lið, gegn sérstakri greiðslu enda verði þess gætt að slík starfsemi raski ekki um of meginstarfi hennar samkvæmt. 1. mgr.

Skipulag setra.

3. gr.

Setur Náttúrufræðistofnunar skulu ekki vera deildaskipt, en stuðlað skal að eðlilegri fagskiptingu innan hvers seturs í dýrafræði-, grasafræði- og jarðfræðisvið, m.a. með starfslýsingum.

Í starfslýsingum skal m. a. kveða á um ábyrgð einstakra starfsmanna, verkefni þeirra og umsjónarskyldu.

Jafnframt skal þess þó gætt að verkaskipting sé milli setra og skal skilgreina hana í skipuriti stofnunarinnar.

Hlutverk stjórnar.

4. gr.

Umhverfisráðherra skipar Náttúrufræðistofnun Íslands stjórn til fjögurra ára í senn og fer hún með yfirstjórn stofnunarinnar.

Stjórnin fer yfir fjárlagatillögur ásamt forstjóra, að fengnum tillögum forstöðumanna setra, og gerir tillögur til ráðherra um fjárveitingar og skiptingu fjár.

Stjórnin fjallar um og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir til eins árs og til næstu þriggja ára í upphafi hvers árs og fylgist með að þeim sé framfylgt.

Stjórnin markar almenna rannsóknarstefnu til lengri tíma, fer yfir verkefnaáætlanir og samræmir rannsóknir innan stofnunarinnar.

Stjórnin tryggir tengsl við náttúrustofur, gætir samráðs við stofnanir og stuðlar að sem bestu samstarfi við aðrar rannsóknarstofnanir innanlands sem utan.

5. gr.

Stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands heldur að jafnaði 4-6 fundi á ári. Stjórnin boðar árlega til fundar með starfsmönnum stofnunarinnar og forstöðumönnum náttúrustofa, þar sem starfsemin er samræmd og greint frá niðurstöðum rannsókna. Greina skal frá starfsemi einstakra fagsviða á þessum fundum, kynna niðurstöður rannsókna, leggja drög að rannsóknarstefnu til framtíðar og samræma rannsóknarstarfsemi setra. Samráðsfundi þessa skal einnig nota til að koma á framfæri tillögum til úrbóta er varða starfsemi stofnunarinnar og einstakra setra.

6. gr.

Áætla skal sérstaklega kostnað fyrir ár hvert vegna starfa stjórnar og forstjóra og skal sá kostnaður borinn af skrifstofu forstjóra.

Hlutverk og starfsskyldur forstjóra.

7. gr.

Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar.

Forstjóri situr stjórnarfundi án atkvæðisréttar. Hann starfar í umboði stjórnar og er í senn framkvæmdastjóri hennar og Náttúrufræðistofnunar í heild. Forstjóri kemur fram út á við fyrir hönd stofnunarinnar í heild, annast samhæfingu milli setra og léttir stjórnunarstörfum af forstöðumönnum þeirra.

Forstjóri hefur eftirlit með fjárhagi setra og ráðstöfun fjár fyrir hönd stjórnar. Hann sér um fjármálaleg samskipti við ráðuneyti, hefur umsjón með ráðningarsamningum og gerir rekstraráætlanir í samráði við forstöðumenn og fylgist með að eftir þeim sé farið. Forstjóri hefur einnig umsjón með samningagerð vegna stærri umhverfisverkefna sem stofnunin tekur að sér gegn sérstakri greiðslu.

8. gr.

Forstjóri vinnur ársskýrslu Náttúrufræðistofnunar í samráði við stjórn og starfsmenn stofnunarinnar.

Forstjóri skal samræma sýningar- og kynningarstarfsemi stofnunarinnar í samráði við forstöðumenn setra.

9. gr.

Aðsetur forstjóra skal fyrst um sinn vera í Reykjavík. Starf hans tengist ekki einu setri öðru fremur.

Hlutverk og starfsskyldur forstöðumanna.

10. gr.

Ráðherra skipar forstöðumenn setra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar.

Forstöðumenn skulu vera náttúrufræðingar á einhverju því sviði sem samræmist rannsóknarstefnu stofnunarinnar. Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi eða vera að öðru leyti viðurkenndir fræðimenn á sínu sérsviði.

11. gr.

Forstöðumenn annast daglegan rekstur setra, hafa með höndum faglegra yfirstjórn þeirra og vinna að gerð starfs- og fjárlagaáætlana með forstjóra. Forstöðumenn skipuleggja og samræma störf innan setra og gera tillögur að starfslýsingu fyrir starfsmenn þeirra.

Forstöðumenn bera ábyrgð á rekstri og fjárreiðum setra gagnvart forstjóra, gera rekstraráætlun fyrir hvert ár í samráði við forstjóra, árita reikninga setra, árita vinnuskýrslur starfsmanna og sjá um að samþykktum starfs- og rekstraráætlunum sé framfylgt.

Forstöðumaður boðar reglulega og eigi sjaldnar en árlega til funda með starfsmönnum seturs þar sem rætt er um verkefnaval, stöðu rannsókna og áfallinn og áætlaðan kostnað við einstök verkefni. Á slíkum fundum skal einnig fjalla um tillögur forstöðumanns og forstjóra að starfs- og fjárlagaáætlun áður en þær eru lagðar fyrir stjórn.

Forstöðumaður skal stunda rannsóknir að svo miklu leyti sem starf hans leyfir það.

Starfsskyldur sérfræðinga.

12. gr.

Sérfræðingar eru fastráðnir af ráðherra að lengnum tillögum stjórnar.

Sérfræðingar skulu hafa lokið háskólaprófi eða vera að öðru leyti viðurkenndir fræðimenn á sínu sérsviði.

Umsækjendur um starf sérfræðings skulu láta fylgja umsókn sinni ítarlega skýrslu um vísindastörf þau sem þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil og störf.

Stjórn skal láta fylgja tillögu sinni til ráðherra rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita umsækjenda og rannsóknum svo og námsferli þeirra og störfum megi ráða að þeir séu hæfir til að gegna starfinu. Stjórn hefur heimild til að fela öðrum aðila að dæma um hæfi umsækjanda enda hafi viðkomandi lokið háskólaprófi á hlutaðeigandi fræðasviði eða vera að öðru leyti viðurkenndur sérfræðingur á því sviði.

Sérfræðingar sem ráðnir eru til stofnunarinnar til skamms tíma og eru ekki fastráðnir í stöðu af ráðherra skulu undanþegnir ákvæðum þessarar greinar.

13. gr.

Sérfræðingar vinna að rannsóknum á sínu sérsviði og öðrum verkefnum í samræmi við starfslýsingu og þá forgangsröðun verkefna sem ákveðin er.

Stefnt skal að því að til lengri tíma litið verji sérfræðingar ekki minna en helmingi starfstíma síns til grunnrannsókna nema annað sé tekið fram í starfslýsingu.

Sérfræðingur ber ábyrgð á skilum vinnu sinnar, niðurstöðum rannsókna, skýrslum og greinum gagnvart forstöðumanni seturs.

Gildistaka o. fl.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3., 7., 12. og 16. gr. laga nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Um atriði sem varða skipulag og starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands og ekki er fjallað um í reglugerð þessari vísast til I. kafla laganna.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 7. júní 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

SAMPYKKT

um stjórn Eyrarsveitar og fundarsköp hreppsnefndar.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar er skipuð 7 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Eyrarsveitar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Eyrarsveitar eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, hreppsráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Enn fremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða helstu starfsmenn hans.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig aflu skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkan annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, annan fimmtudag hvers mánaðar.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundir og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna, svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir hreppsráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti og sveitarstjóri ákveða að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn á hreppsnefndarfund og boðsent þeim fundarboð ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Oddviti eða sveitarstjóri skalboða hreppsnefndarmenn símleidis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum. Úrskurði oddvita má skjóta til ákvörðunar hreppsnefndar án umræðna.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykkir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.

4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita eða sveitarstjóra. Hreppsnefndarmanni, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftár til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri, framsögumaður eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftár en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskráartillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar, oddvita eða sveitarstjóra. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a. m. k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita eða sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. - Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvita-störf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óháfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundum.

V. KAFLI

Hreppsráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í hreppsráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Hreppsnefnd skal á fyrsta fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum kjósa þrjá hreppsnefndarmenn í hreppsráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í hreppsnefnd eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í hreppsráð.

Sveitarstjóri á sæti í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé hreppsnefndarmaður og kjörinn í hreppsráð.

Hreppsnefnd getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í hreppsnefnd en ekki hefur fengið kjörinn hreppsráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er hreppsnefnd að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma, sem fundir hreppsnefndar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

50. gr.

Hreppsráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku samkvæmt nánari ákvörðun hreppsráðs. Aukafundi skal halda, ef sveitarstjóri, formaður hreppsráðs eða a.m.k. tveir hreppsráðsmenn óska þess.

51. gr.

Sveitarstjóri undirbýr hreppsráðsfundi. Hann sér um, að hreppsráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti hreppsráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi sveitarstjóri fengið vitneskju um forföll hreppsráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins hreppsráðs skal kjósa formann og varaformann hreppsráðs. Kjósa má sveitarstjóra formann hreppsráðs. Formaður hreppsráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í hreppsráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver hreppsráðsmaður óskar þess.

Hreppsráð getur ráðið sér fundarritara utan hreppsráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

53. gr.

Hreppsráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn hreppsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Hreppsráð hefur umsjón með stjórnsýslu hreppsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs

og fyrirtækja/stofnana hreppsins að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórnna og leggur þau fyrir hreppsnefnd í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér hreppsráð um, að ársreikningar hreppssjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum fyrirtækja/stofnana hreppsins lagðir fyrir hreppsnefnd til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Hreppsráð gerir tillögur til hreppsnefndar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Hreppsráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag hreppssjóðs eða fyrirtækja/stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli hreppsnefndarmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu. Þá tekur hreppsráð fullnaðarákvarðanir í málum, sem hreppsnefnd hefur falið því að afgreiða. Hreppsráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur hreppsnefnd falið hreppsráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum hreppsins að sitja fundi hreppsráðs, ef þess er óskað.

55. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefndir saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

56. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðru vísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

58. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins, eftir því sem við á.

59. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórnna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

60. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

61. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsráðs og/eða hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs og stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsráð og/eða hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. Hreppsráð. Þrjú hreppsnefndarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. og 1. og 2. gr. laga nr. 49/1990.
2. Skoðunarmenn. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. Undirkjörstjórn við alþingiskosningar. Tveir aðalmenn (hrepstjóri sjálfkjörinn formaður) og þrjú til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. Almannaþingarnefnd. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannaþingir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. Atvinnuálagarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis í atvinnumálum.
3. Áfengisvarnarnefnd. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengis laga nr. 82/1969.
4. Barnaverndarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.
5. Bókasafnsnefnd. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
6. Byggingarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
7. Félagsmálanefnd. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 5. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.
8. Búfjárfélagarnefnd. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
9. Hafnarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
10. Heilbrigðisnefnd. Einn fulltrúi í heilbrigðisnefnd Stykkishólmslæknishéraðs skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
11. Húsnæðisnefnd. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990 og reglugerð nr. 46/1991.
12. Íþrótt- og æskulýðisnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar að íþrótt- og æskulýðismálum í Eyrarsveit, samkvæmt erindisbréfi samþ. af hreppsnefnd Eyrarsveitar dags. 11. maí 1988.

13. Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
 14. Landbúnaðarnefnd. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um landbúnaðarmál, ákveður fjallskil o.þ.h.
 15. Leikskólanefnd. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. 5. gr. laga nr. 48/1991 um leikskóla og erindisbréfi samþykktu af hreppsnefnd 8. nóvember 1990.
 16. Skólanefnd Grunnskóla Eyrarsveitar. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
 17. Skólanefnd Tónlistarskóla Eyrarsveitar. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
 18. Stjórnarnefnd vinnumiðlunar. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985, um vinnumiðlun. Samtök verkafólks og atvinnurekenda tilnefna að auki hvor sinn fulltrúa.
 19. Stjórn heilsugæslustöðvar. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
 20. Umferðarnefnd. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 50/1987.
 21. Umhverfismálanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er náttúruverndarnefnd Eyrarsveitar og starfar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 47/1971, 3. gr. reglugerðar nr. 205/1973 um náttúruvernd og erindisbréfi samþ. af hreppsnefnd Eyrarsveitar, dags. 11. október 1990.
 22. Þjónustuhópur aldraðra. Þrír aðalmenn skv. 2. mgr. 6. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra.
 23. Öldrunarnefnd. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara, skv. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra. Nefndin skal skipuð 5 aðalmönnum og jafnmörgum til vara, stjórn heilsugæslustöðvar tilnefnir tvo fulltrúa og jafnmarga til vara. Hreppsnefnd velur nefndinni formann.
- C. Til sex ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum.
1. Úttektarmaður. Einn aðalmaður og tveir til vara, skv. 39. gr. laga nr. 64/1976. Þessir fulltrúar eru skipaðir af sýslumanni að fenginni tillögu frá hreppsnefnd.

63. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið Eyrarsveitar.

64. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

65. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsráðs og hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 13. og 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti

á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

66. gr.

Sveitarstjóri ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum með fyrirvara um samþykkt hreppsnefndar. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

67. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest, sbr. 1. mgr., svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum. Fastar stöður skulu auglýstar til umsóknar á opinberum vettvangi, nema hreppsnefnd heimili annað.

68. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

VII. KAFLI Gildistökuákvæði.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema að undangenginni umræðu á tveimur fundum í hreppsnefnd Eyrarsveitar, samþykkis einfalds meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytis.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, að undanskildum ákvæðum 1. gr. svo og ákvæðum samþykktarinnar um hreppsráð sem taka skulu gildi við næstu sveitarstjórnarkosningar vorið 1994.

Félagsmálaráðuneytið, 3. júní 1993.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUR

um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar og lyfja.

1. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt, í samræmi við reglur þessar, að endurgreiða sjúkratryggðum, að hluta eða að fullu, útgjöld vegna læknishjálpar og lyfja, enda teljast þau umtalsverð miðað við tekjur sjúkratryggðs eða fjölskyldu hans.

2. gr.

Endurgreiðslur samkvæmt reglum þessum taka til eftirfarandi læknis- og lyfjakostnaðar sjúkratryggðs, sem stofnast hefur hérlandis:

- a. Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við heimsóknir á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjanir lækna, sérfræðilæknishjálpar, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, rannsóknir og röntgengreiningu, sbr. 2.–8. gr. rg. nr. 14/1993 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.
- b. Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við nauðsynleg lyf, sbr. 3.–4. gr. og 6.–8. gr. rg. nr. 515/1992 um greiðslur almannatryggingar á lyfjakostnaði.
- c. Kostnaður sjúkratryggðs vegna annarra lyfseðilsskyldra lyfja, sbr. b-lið, sem sjúkratryggður þarf að neyta. Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar getur krafist læknisvottorðs um þörf sjúkratryggðs á þessum lyfjum.

3. gr.

Sjúkratryggður skal sanna útgjöld sín vegna læknis- og lyfjakostnaðar með framlögðum kvittunum, sem bera með sér nafn útgefanda, tegund þjónustu, fjárhæð, greiðsludag ásamt nafni og kennitölu hins sjúkratryggða.

4. gr.

Við mat á því hvort endurgreiða skuli sjúkratryggðum útgjöld vegna læknishjálpar og lyfja skal leggja til grundvallar útgjöld sjúkratryggðs eða fjölskyldu að teknu tilliti til vergra heimilistekna.

5. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að endurgreiða að hluta eða að fullu útgjöld sem sjúkratryggður hefur sannanlega haft vegna læknis- og lyfjakostnaðar á hálfu almanaksári í senn.

Umsóknum vegna endurgreiðslna samkvæmt reglum þessum skal skilað til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboða hennar eigi síðar en 1. september fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní og 1. mars fyrir tímabilið 1. júlí – 31. desember.

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, eins og ákvæðinu var breytt með 1. gr. laga nr. 74/1993, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. júní 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um hækkun frítekjumarks skv. 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 67/1971
um almannatryggingar með síðari breytingum.**

1. gr.

Frítekjumark skv. 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum skal vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1993:

1. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga aðrar tekjur (þó ekki úr lífeyrissjóði) má hafa kr. 217 319 á ári (kr. 18 110 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum verða þessar fjárhæðir kr. 304 246 á ári (kr. 25 354 á mánuði).
2. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga eingöngu tekjur úr lífeyrissjóði má hafa kr. 315 699 á ári (kr. 26 308 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum eru þessar fjárhæðir kr. 441 979 á ári (kr. 36 832 á mánuði).
3. Hafi elli- og örorkulífeyrisþegi til viðbótar lífeyri almannatryggingar bæði lífeyrissjóðstekjur og aðrar tekjur skal frítekjumark vera hið sama og í 1. tl. Áður en til útreiknings tekjutryggingar kemur skal þó draga frá lífeyrissjóðstekjum viðkomandi kr. 98 376 á ári (kr. 8 198 á mánuði, þ.e. kr. 26 308 - 18 110) hjá einstaklingi og kr. 137 736 á ári (kr. 11 478 á mánuði, þ.e. kr. 36 832 - 25 354) hjá hjónum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lokamálsgrein 20. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júní 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

14. júní 1993

Nr. 233

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 67, 18. febrúar 1993,
um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi.**

1. gr.

Í stað orðanna „austur frá Stokksnesvita“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi orðin: suður frá Stokksnesvita.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. júní 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um (2.) hækkun gjaldskrár nr. 166/1992 fyrir skólatannlækningar.

1. gr.

Fjárhæðir í gjaldskrá nr. 166/1992 fyrir skólatannlækningar skulu hækka um 4,01% frá 15. júní nk.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 44. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júní 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um framkvæmd greiðslna sjúkratrygginga í tannlæknaþjónustu.

1. gr.

Sjúkratryggð börn og unglingar 16 ára og yngri skulu hafa einn ábyrgðartannlækni, sem annast allar almennar tannlækningar viðkomandi barns eða unglings. Ábyrgðartannlæknir getur ýmist verið skólatannlæknir eða einkatannlæknir. Greiðslur sjúkratrygginga fyrir almennar tannlækningar skulu takmarkast við að ábyrgðartannlæknir viðkomandi barns eða unglings hafi unnið tannlæknisverkið nema ófyrirsjáanleg atvik hafi gert annað nauðsynlegt.

2. gr.

Sjúkratryggður getur fengið þátttöku sjúkratrygginga skv. 44. gr. almannatryggingalaga í kostnaði við gervigóma á fimm ára fresti og fóðrun gervigóma á þriggja ára fresti.

3. gr.

Um nauðsynleg frávik frá reglum þessum má sækja til Tryggingastofnunar ríkisins.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 81. gr., sbr. 44. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. júní 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanapjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

Í 5. gr. komi kr. 26 308 í stað kr. 25 542.

Í 6. gr. komi kr. 26 308 í stað kr. 25 542.

Í 10. gr. komi kr. 21 136 í stað kr. 20 520.

Í 14. gr. komi kr. 21 136 í stað kr. 20 520.

2. gr.

1. málsg. 10. gr. hljóði svo:

Nú hefur langlegusjúklingur eigin tekjur sem að frádregnum staðgreiðsluskatti eru hærri en kr. 21 136 á mánuði skal hann þá með þeim tekjum sem umfram eru taka þátt í dvalarkostnaði frá þeim tíma sem bætur almannatrygginga falla niður. Þó skal hann í hverjum mánuði aldrei greiða hærri fjárhæð en sem nemur dvalarkostnaði í þjónustuhúsnæði aldraðra eins og hann er ákveðinn af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 3. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30. sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 með síðari breytingu, öðlast gildi 1. júlí 1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. júní 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um (2.) hækkun gjaldskrár nr. 283/1992 fyrir tannréttingar.

1. gr.

Fjárhæðir í gjaldskrá nr. 283/1992 fyrir tannréttingar skulu hækka um 4,01% frá 15. júní nk.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 44. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júní 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skal greiða tekjutryggingarauka sem hér segir á árinu 1993:

- a) Í júlí 1993 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær verða í júní 1993 sérstaka 28% uppbót vegna láglau nabóta.
- b) Í ágúst 1993 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær verða í júní 1993 sérstaka 20% uppbót vegna orlofsuppbótar.
- c) Í desember 1993 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær verða í nóvember 1993 sérstaka 30% uppbót vegna desemberuppbótar.
- d) Í desember 1993 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær verða í nóvember 1993 sérstaka 28% uppbót vegna láglau nabóta.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júní 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um hækkun tekjumarks skv. 11. og 12. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

1. gr.

Ellilífeyri (grunnlífeyri) skal skerða í samræmi við ákvæði 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 868 729 eða kr. 72 394 á mánuði.

2. gr.

Örorkulífeyri (grunnlífeyri) skal skerða í samræmi við ákvæði 12., sbr. 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 887 058 eða kr. 73 921 á mánuði.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 79. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum eins og henni var breytt með 24. gr. laga nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, öðlast gildi 1. júlí 1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. júní 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 102/1990 um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi.

1. gr.

2. grein reglugerðar nr. 102/1990 um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi skal vera þannig:

Löggiltum iðngreinum er skipað í iðngreinaflokka eins og hér greinir:

<i>Bíliðngreinar:</i>	<i>Matvælaiðngreinar:</i>	<i>Snyrtigreinar:</i>
bifreiðasmíði	bakaraiðn	hársnyrting
bifvélavirkjun	framreiðsluiðn	snyrtifræði
bílamálun	kjötiðn	
	kökugerð	<i>Fámennar iðngreinar:*</i>
<i>Bókiðngreinar (grafísk fög):</i>	matreiðsla	a) listgreinar:
bókband		glerslípun og speglagerð ¹⁾
prentsmíð	<i>Málmiðngreinar:</i>	gull- og silfursmíði
prentun	blikksmíði	leirkerasmíði ¹⁾
	flugvélavirkjun ¹⁾	leturgroftur ¹⁾
<i>Bygginga- og tréiðngreinar:</i>	járnsmíði	myndskurður ¹⁾
húsmíði	málmsteypa ²⁾	steinsmíði ¹⁾
húsgagnabólstrun	rennismíði	tágariðun ¹⁾
húsgagnasmíði	skipa- og bátasmíði	b) aðrar iðngreinar:
málaraiðn	stálsmíði:	beykisiðn ¹⁾
múraraíðn	stálskipasmíði	eirsmíði ¹⁾
pípulagnir	stálvirkjasmíði	hattasaumur ¹⁾
skrudgarðyrkja	rafsuða, sérgrein	hljóðfærasmíði ¹⁾
veggfóðrun	vélsmíði:	mótasmíði ²⁾
	iðnvélavirkjun	reiða- og seglasaumur ¹⁾
<i>Fata-, skinna- og leðuriðngreinar:</i>	aflvélar	sútaraiðn ¹⁾
feldskurður	frystivélar	vagnasmíði ¹⁾
kjólasmíði	loft- og vökvastýringar	
klæðskurður karla	<i>Rafiðngreinar:</i>	<i>Iðngreinar sem ekki er skipað í framangreinda flokka eru:</i>
klæðskurður kvenna	rafeindavirkjun	mjólkuriðn ²⁾
reiðtygja- og aktygjasmíði	rafveituvirkjun	netagerð
skósmíðaiðn:	rafvélavirkjun	ljósmyndun:
skósmíði	rafvirkjun	almenn ljósmyndun
skóviðgerð	símsmíði	persónuljósmyndun
	úrsmíði ²⁾	tannsmíði

* Menntamálaráðuneytinu er ekki skylt að halda uppi stöðugri kennslu í iðngreinum sem falla undir þennan flokk.

1) Því aðeins er heimilt að taka nema til náms í greininni að menntamálaráðuneytið leyfi að gerður sé námssamningur og ákveði námstíma hverju sinni.

2) Í gildi eru sérreglur um námsfyrirkomulag sem geta skal um í námssamningi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 57/1988 um framhaldsskóla samanber breytingar með lögum nr. 107/1988, lögum nr. 72/1989 og lögum nr. 81/1993. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. júní 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Sólrún Jensdóttir.

Nr. 241

10. júní 1993

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs., er taki gildi 1. júní 1993:

Gjaldskrá Selfossveitna bs., nr. 389, 30. október 1992:

Liðurinn HE.1 Heitt vatn um rennismæli, lækki úr 64,47 kr/m³ verði 58,02 kr/m³.

Liðurinn H.2 Heitt vatn til almenningssundlauga í eigu sveitarfélaga:

Sumar: 01.05. – 30.09., lækki úr 20,45 kr/m³ verði 16,34 kr/m³.

Vetur: 01.10. – 20.04., lækki úr 24,51 kr/m³ verði 18,38 kr/m³.

Mælagjald á veitusvæði Hitaveitu Eyra:

Fyrir mæla allt að ¾" lækki úr 7 973,28 kr/ár verði 7 176,00 kr/ár.

Fyrir mæla frá 1" að 2", lækki úr 15 926,40 kr/ár verði 14 334,00 kr/ár.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júní 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

STJÓRNARTÍÐINDI B 38 – 1993

24. júní 1993

469

Nr. 242

AUGLÝSING

um jöfnunartoll á smjörlíki.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð jöfnunartoll af innfluttu smjörlíki. Jöfnunartollurinn leggst á hvert kíló smjörlíkis eins og greinir í eftirfarandi gjaldskrá:

Tollskrárnúmer	kr/kg
1517.1011	120
1517.1019	40
1517.1021	120
1517.1029	30

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu jöfnunartolls skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á, svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á honum í ríkissjóð eftir fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 og öðlast gildi þegar í stað. Auglýsingin tekur til allra vara sem eru ótollaafgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytið, 24. júní 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um jöfnunartoll á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á miðað við kr/kg. Þó skal samanlagður tollur, jöfnunargjald og jöfnunartollur aldrei vera hærri en 46 % af tollverði vara í vörulið 1806 og aldrei hærri en 37 % af tollverði vara í vörulið 1905.

Tollskrárn.	kr/kg	Tollskrárn.	kr/kg
1806.2009	51	1905.3011	29
1806.3101	53	1905.3019	16
1806.3109	53	1905.3021	49
1806.3202	51	1905.3029	38
1806.3203	20	1905.3030	11
1806.3209	20	1905.4000	27
1806.9002	17	1905.9011	68
1806.9003	50	1905.9019	9
1806.9005	56	1905.9020	4
1806.9006	50	1905.9040	77
1806.9007	51	1905.9051	99
1806.9009	51	1905.9059	63
1905.2000	59	1905.9090	86

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu jöfnunartolls skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á honum í ríkissjóð eftir fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987, öðlast gildi 25. júní 1993 og gildir til 31. júlí 1993. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 117/1993.

Fjármálaráðuneytið, 23. júní 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

REGLUGERÐ

um fylgiréttargjald og Myndlistarsjóð Íslands.

1. gr.

Við sölu myndlistarverka og listmuna á listmunauppboðum og við endursölu þeirra í atvinnuskyni ber að greiða 10% fylgiréttargjald af andvirði hins selda er falli í hlut höfundar viðkomandi listaverks eða erfingja hans að honum látnum. Réttindi þessi eru ekki framseljanleg.

Myndlistarsjóður Íslands annast innheimtu fylgiréttargjalds og skil þess til höfundar eða erfingja hans eftir þeim reglum sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Ef höfundaréttur að listaverki, sem selt er á listmunauppboði er fallinn niður sbr. 43. gr. höfundalaga nr. 73/1972, íslenska ríkið á höfundarétt að listaverki, sem selt er á listmunauppboðum eða í atvinnuskyni eða þegar fylgiréttargjaldinu verður ekki ráðstafað til höfundar eða erfingja hans sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar, rennur fylgiréttargjaldið til Myndlistarsjóðs Íslands.

2. gr.

Listaverk sem falla undir gjaldskyldu skv. 3. gr. laga um listmunauppboð nr. 36/1987 eða 25. gr. b. höfundalaga nr. 73/1972 sbr. lög nr. 57/1992 eru:

- a) Öll málverk, þ.e. frumverk, sem gerð eru með olíulitum, akryllitum, tempera, vatnslitum, gouache og pastellitum svo og myndverk, sem gerð eru með annarri tækni.
- b) Höggmyndir, ef um er að ræða frummynd eða merкта afsteypu í bronze, gips, terrakotta, leir, stein, marmara, tré, járn eða sérhvert annað efni.
- c) Merktar og ómerktar teikningar listamanna, þ.e. blýants-, blek-, tusch-, krítar- og kolateikningar svo og annars konar teikningar og hvers konar grafísk listaverk, svo sem lithograffur, koparstungur, ætingar, raderingar, tréþrykk, svo og hvers konar önnur grafíkverk, enda séu verkin merkt af viðkomandi listamanni.
- d) Myndvefnaður, textilverk, gler- og mósaikmyndir svo og leir, keramik, postulíns-, silfur- og gullverk sem teljast til listiðnaðar, enda sé um frumverk að ræða og það merkt af viðkomandi listamanni.

3. gr.

Fylgiréttargjald ber að greiða af sölu allra listaverka sem getið er um í 2. gr. hafi listaverkið verið selt á listmunauppboði eða það endurselt í atvinnuskyni með öðrum hætti, enda sé höfundur þess íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari eins af aðildarríkjum alþjóðlegra sáttmála um höfundarétt sem Ísland er jafnframt aðili að og sem veitir íslenskum höfundum sams konar réttindi í því ríki.

4. gr.

Uppboðshaldarar listmunauppboða þ.e. þeir sem að lögum hafa fengið leyfi til að halda listmunauppboð og þeir sem annast endursölu listaverka í atvinnuskyni skulu inná greiðslu fylgiréttargjalds til Myndlistarsjóðs Íslands og eru þeir ábyrgir fyrir greiðslu fylgiréttargjaldsins.

Ásamt greiðslu fylgiréttargjalds skulu þeir jafnframt skila Myndlistarsjóði Íslands skilagrein um alla sölu listaverka ásamt nafni og auðkennum verks, stærð þess ásamt öðrum upplýsingum úr uppboðsskrá svo og um höfund verksins og söluverð þess.

Fylgiréttargjaldi og skilagrein skal skila í síðasta lagi 30 dögum eftir að listamunauppboð fór fram, ef um sölu á listmunauppboði er að ræða en ársfjórðungslega ef um endursölu í atvinnuskyni er að ræða.

5. gr.

Myndlistarsjóður Íslands annast innheimtu fylgiréttargjalds og skil þess til viðkomandi listamanns. Stjórn Myndlistarsjóðs Íslands er heimilt að ákveða hæfilegt endurgjald vegna innheimtu og skila á fylgiréttargjaldi, en sé þó aldrei hærra en 25% af því fylgiréttargjaldi sem innheimt er.

Nú er ekki unnt að hafa upp á viðkomandi listamanni þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir þ.m.t. auglýsingu í dagblöðum og Lögbirtingablaði og skal þá fylgiréttargjaldið renna til Myndlistarsjóðs Íslands, enda séu liðin tvö ár frá greiðslu viðkomandi fylgiréttargjalds til sjóðsins.

Séu erfingjar látins höfundar, sem njóta skulu fylgiréttargjalds fleiri en einn, skulu þeir koma sér saman um að veita einum þeirra umboð til þess að taka við greiðslu úr sjóðnum.

Menntamálaráðherra getur ákveðið að fengnum tillögum sjóðsstjórnar að sjóðurinn taki að sér innheimtu annars konar endurgjalds fyrir höfundarétt.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn Myndlistarsjóðs Íslands til tveggja ára í senn. Skal stjórnin þannig skipuð: Tveir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra myndlistarmanna og einn án tilnefningar. Menntamálaráðherra skipar formann stjórnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Fundur stjórnar Myndlistarsjóðs Íslands er lögmætur ef löglega er til hans boðað og allir stjórnarmenn eða varamenn þeirra sitja fundinn. Afl atkvæða ræður úrslitum mála hjá sjóðsstjórn. Halda skal gerðarbók um stjórnarfund. Stjórninni er heimilt að leita sérfræðialíts við úthlutun úr sjóðnum.

Stjórninni er heimilt að ráða starfsmann gegn hæfilegri þóknun til þess að annast framkvæmd á innheimtu fylgiréttargjaldsins og skilum á því til viðkomandi listamanna eða fela samtökum myndhöfunda slíka umsýslu.

7. gr.

Eigið fé sjóðsins skal nýta til reksturs sjóðsins og til annarra málefna, sem að mati sjóðsstjórnar stuðla að framgangi hagsmunamála myndlistarmanna, svo sem með styrkjum og/eða starfslaunum til einstakra listamanna eða styrkjum til samtaka þeirra.

Stjórnin skal árlega taka saman skýrslu um starfsemi sjóðsins, sem skal geyma endurskoðaðan ársreikning og skrá um úthlutanir úr sjóðnum. Skýrslan skal send menntamálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra myndlistarmanna.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu að lögum.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. og 7. gr. laga nr. 36/1987 um listmunauppboð og 25. gr. b. höfundalaga nr. 73/1972 sbr. lög nr. 57/1992 um breytingu á þeim lögum og öðlast þegar gildi. Felld er úr gildi reglugerð nr. 97/1988 um fylgiráttargjald og Starfslaunasjóð myndlistarmanna.

Menntamálaráðuneytið, 7. júní 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

15. júní 1993

Nr. 245

REGLUGERÐ

**um (15.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávisun lyfja,
afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.**

1. gr.

Við b-staflíð 15. gr. reglugerðarinnar bætist:
Cetobemidonum INN (t.d. Ketogan).

2. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á lyfseðli, sem afhenda skal með lyfinu
Ketoconazolum	Lyfjaform til útvortis notkunar. Mest 20 mg/ml. Mest 60 ml.	FUNGORAL, sápa.	Til meðferðar á flösu. <i>Notkun.</i> Bleytið hárið og hársvörðinn og berið sápu vel í. Látið sápu verka í 3-5 mínútur áður en hún er skoluð úr. Notið sápu tvisvar sinnum í viku fyrsta mánuðinn, en síðan einu sinni í viku eða eftir þörfum. Notið aðra sápu til hárvotta þess á milli. Hafi flasa ekki horfið eftir mánuð skal leita læknis. <i>Varúð:</i> Ef steralyf hefur verið borið í hársvörð skulu líða 2 vikur frá því notkun þess er hætt þar til sápan er notuð. <i>Athugið:</i> Getur valdið ertingu í hársverði og kláða. Hár getur orðið þurr og stökkt og lítilsháttar hárlos getur komið fyrir.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. júlí 1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júní 1993.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Einar Magnússon.

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar 1993/1994.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða á tímabilinu frá og með 1. júlí 1993 til 1. maí 1994.

2. gr.

Aðeins skipum, sem aflamark hafa í loðnu, er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Veiðar eru heimilaðar á eftirgreindum svæðum með þessum takmörkunum:

1. Loðnuveiðar eru bannaðar sunnan $67^{\circ}45'N$, vestan $19^{\circ}V$, tímabilið 1. júlí til 1. nóvember 1993.
2. Í lögsögu Grænlands eru loðnuveiðar bannaðar sunnan $64^{\circ}30'N$.
3. Í lögsögu Jan Mayen eru loðnuveiðar heimilar þar til samanlagður afli íslensku loðnuveiðiskipanna nemur 245.700 lestum og sjávarútvegsráðuneytið hefur tilkynnt stöðvun veiðanna í lögsögu Jan Mayen.

4. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal, þegar skipið siglir inn í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og Grænlands tilkynna staðsetningu skipsins hlutaðeigandi aðilum, samkvæmt leiðbeiningum ráðuneytisins þar að lútandi. Ennfremur um loðnuaflla, sem veiddur er í lögsögu Grænlands og Jan Mayen.

5. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuaflla til veiðieftirlits Fiskistofu strax þegar skip heldur til lands til löndunar aflla. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reiti.

6. gr.

Rangar upplýsingar um aflamagn varða tafarlausri sviptingu veiðileyfis.

7. gr.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið, að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

8. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 sm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuaflla fiskiskips. Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjúnuoddi að sporðenda.

9. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smáloðnu í kasti, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nótinni að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla

100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 sm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

10. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm blandaðan smáloðnu til hafnar og er þá kaupanda aflans skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 8. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal kaupandi aflans gera veiðieftirliti Fiskistofu aðvart.

11. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot á viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á loðnuvertíðinni 1993/1994, sbr. 1. gr., er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða 702 þúsund lestir af loðnu.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. júní 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ**um greiðslu atvinnuleysisbóta.**

I. KAFLI

Biðtími eftir atvinnuleysisbótum.

1. gr.

Atvinnuleysisbætur greiðast þeim sem verið hefur atvinnulaus í þrjá daga samfellt.

Atvinnuleysisbætur greiðast frá og með 1. skráningardegi enda hafi tekjur hlutadeigandi síðustu sex mánuði fyrir skráningu eigi verið hærrí að meðaltali en sem nemur kr. 92.776 á mánuði (tvöföldum atvinnuleysisbótum).

2. gr.

Nú voru heildartekjur hlutadeigandi fyrir skatt síðustu sex mánuði fyrir skráningu hærrí að meðaltali en sem nemur kr. 92.776 á mánuði og frestast þá réttur til atvinnuleysisbóta í samræmi við eftirfarandi töflu:

Meðalmánaðartekjur síðustu sex mánuði	Biðtími í virkum dögum	Meðalmánaðartekjur síðustu sex mánuði	Biðtími í virkum dögum
Lægri en 92.776	0	141.882 – 152.654	8
92.776 – 99.675	1	152.655 – 165.197	9
99.676 – 104.875	2	165.198 – 179.987	10
104.876 – 110.646	3	179.988 – 197.684	11
110.647 – 117.091	4	197.685 – 219.242	12
117.092 – 124.332	5	219.243 – 246.077	13
124.333 – 132.528	6	246.078 – 280.398	14
132.529 – 141.881	7	280.399 – 325.843	15

Nú eru meðalmánaðartekjur síðustu sex mánuði áður en til atvinnuleysis kom hærri en kr. 325.843 og skal úthlutunarnefnd þá leita úrskurðar stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs um lengd biðtíma.

II. KAFLI

Skerðing biðtíma milli atvinnuleysistímabila.

3. gr.

Atvinnuleysisbætur greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju bótatímabili sem skal vera 260 virkir dagar.

4. gr.

Að loknu hverju bótatímabili fellur hinn atvinnulausi af bótum í 16 vikur, þ.e. 80 virka daga, nema hann hafi sótt og lokið endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeiðum eða tekið þátt í átaksverkefnum sveitarfélaga, sbr. reglur nr. 31/1993, í samtals a.m.k. 8 vikur á bótatímabilinu eða 40 virka daga. Önnur vinna á bótatímabili en í átaksverkefnum skerðir ekki 16 vikna biðtímann.

Ljúki hinn atvinnulausi ekki námskeiði, t.d. af þeirri ástæðu að hann fór í vinnu, er stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs heimilt að meta til skerðingar biðtíma þann hluta námskeiðs sem sannanlega var lokið.

5. gr.

Með endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeiði er átt við námskeið þar sem kennt er námsefni sem nýst getur hinum atvinnulausa við atvinnuleit. Til námskeiða í þessu sambandi teljast ekki tómstundanámskeið. Ekki skiptir máli á hvers vegum námskeið er haldið ef námsefni uppfyllir framangreind skilyrði, en þau skulu að jafnaði haldin á dagvinnutíma.

Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs skal útbúa skrá yfir þau námskeið sem skert geta biðtíma milli atvinnuleysistímabila og senda úthlutunarnefndum.

Nú hefur hinn atvinnulausi sótt námskeið sem ekki er á skrá stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs og er þá heimilt að óska ákvörðunar stjórnar sjóðsins um hvort námskeiðið skuli skerða biðtíma.

6. gr.

Við mat á lengd námskeiða skal miða við að hverjar fjórar kennslustundir að viðbættu heimanámi teljist einn virkur dagur.

7. gr.

Þátttaka í endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeiðum skerðir biðtíma þannig að hver virkur dagur skv. 6. gr. skerðir biðtíma um tvo virka daga.

Þátttöku í námskeiðum skal sanna með vottorði þess sem staðið hefur fyrir námskeiðinu. Námskeið má ekki telja með til skerðingar á biðtíma nema vottorð beri með sér að hlutaðeigandi hafi sótt og lokið námskeiðinu, sbr. þó lokamálsgr. 4. gr.

8. gr.

Úthlutunarnefndum og vinnumiðlunum sveitarfélaga ber að kynna atvinnulausum möguleika á skerðingu 16 vikna biðtíma með þátttöku í endurmenntunar- og starfsþjálfunar-námskeiðum svo og átaksverkefnum.

9. gr.

Þátttaka í átaksverkefnum skerðir biðtíma þannig að hver átta stunda vinnudagur telst einn virkur dagur og skerðir biðtíma um tvo virka daga.

Þátttöku í átaksverkefnum skal sanna með vottorði atvinnurekanda.

10. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs getur í samvinnu við líknarfélög eða aðra sambærilega aðila hrundið af stað samvinnuverkefnum þar sem hinum atvinnulausu gefst kostur á að sinna verkefnum fyrir samvinnuaðilann án frekara endurgjalds en atvinnuleysisbótanna.

Þátttaka í þessum samvinnuverkefnum skerðir biðtíma með sama hætti og þátttaka í átaksverkefnum, sbr. 9. gr.

11. gr.

Nú hefur atvinnulaus sannanlega ekki átt kost á þátttöku í námskeiði og skal biðtími þá engu að síður falla niður.

Úthlutunarnefnd skal tilkynna stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs í hvert sinn sem biðtími fellur niður af ástæðum sem tilgreindar eru í 1. málsgr.

12. gr.

Nú fellur biðtími niður vegna atvika skv. 11. gr. og skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs þá leita skýringa úthlutunarnefndar.

III. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

13. gr.

Atvinnulausir sem eru á 16 vikna biðtíma milli bótatímabíla við gildistöku reglugerðar þessarar geta stýtt þann biðtíma sem eftir er hafi þeir tekið þátt í námskeiðum sem uppfylla skilyrði 5. gr. eða tekið þátt í átaksverkefnum, sbr. 4. gr., á tímabilinu 1. júlí 1992 - 30. júní 1993. Við útreikning á styttingu biðtíma skal fylgja ákvæðum reglugerðar þessarar. Þó getur biðtími aldrei styst lengur en frá og með 1. júlí 1993.

14. gr.

Atvinnulausir sem hefja 16 vikna biðtíma skömmu eftir gildistöku reglugerðar þessarar geta stýtt þann biðtíma hafi þeir tekið þátt í námskeiðum, sem uppfylla skilyrði 5. gr. eða tekið þátt í átaksverkefnum, sbr. 4. gr., á tímabilinu 1. júlí 1992 og fram að þeim tíma að biðtími skal hefjast.

Við útreikning á styttingu biðtíma skal fylgja ákvæðum reglugerðar þessarar. Uppfylli hlutaðeigandi skilyrði reglugerðarinnar um þátttöku í námskeiði og/eða átaksverkefni í a.m.k. átta vikur, fellur biðtíminn niður.

15. gr.

Atvinnulausir sem lokið hafa 16 vikna biðtíma við gildistöku reglugerðarinnar eiga ekki rétt á styttingu þess biðtíma þó svo að hlutaðeigandi hefðu átt rétt á slíkri styttingu samkvæmt ákvæðum 13. eða 14. gr.

IV. KAFLI

Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 22. gr. laga nr. 96/1990 um atvinnuleysistryggingar eins og henni var breytt með 10. gr. laga nr. 54/1993 og öðlast gildi 1. júlí 1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júní 1993.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um endurgreiðslu tryggingagjalds.**

1. gr.

Tryggingagjald sem lagt er á aðila, sem stunda útflutning, vegna launa á tímabilinu 1. júní 1993 til og með 31. desember 1993 samkvæmt lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, skal endurgreitt eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Rétt til endurgreiðslu skv. 1. gr. eiga:

1. Aðilar sem stunda fiskveiðar, fiskeldi eða fiskvinnslu.
2. Aðilar sem leggja stund á atvinnugreinar skv. 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

3. gr.

Endurgreiða skal aðilum skv. 1. tölul. 2. gr. allt greitt tryggingagjald vegna launa á tímabilinu 1. júní 1993 til og með 31. desember 1993.

Endurgreiða skal aðilum skv. 2. tölul. 2. gr. þann hluta greidds tryggingagjalds vegna sama tímabils sem tengist þeim hluta framleiðslu á framangreindu tímabili sem fluttur er úr landi eða ætlaður er til útflutnings.

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi sem ýmist fellur undir atvinnugreinar skv. 2. gr. eða aðrar atvinnugreinar skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyrir hvorum þætti. Greiðslum fyrir yfirstjórn og öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal skipt upp í sömu hlutföllum og eru á milli heildargreiðslu á hvorum þætti áður en umræddar yfirstjórnargreiðslur eru meðtaldar og reikna tryggingagjald af þeim í samræmi við það. Ef slík aðgreining er ekki fyrir hendi í bókhaldi eða ef hún er í verulegum atriðum röng eða ófullnægjandi að mati skattstjóra skal hann áætla skiptinguna.

4. gr.

Þeir sem eiga rétt á endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari skulu senda skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili beiðni um endurgreiðslu á sérstöku eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur gera.

5. gr.

Hvert endurgreiðslutímabil er einn mánuður, þ.e. júní, júlí, ágúst, september, október, nóvember og desember 1993.

Sækja skal um endurgreiðslu vegna hvers endurgreiðslutímabils. Umsóknarfrestur vegna hvers endurgreiðslutímabils er til 5. dags næsta mánaðar eftir lok tímabilsins.

6. gr.

Skattstjóri skal yfirfara umsókn um endurgreiðslu og getur hann í því sambandi krafist þeirra skýringa sem hann telur þörf á að fá.

Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni ríkissjóðs um heimild til endurgreiðslu. Innheimtumaður ríkissjóðs annast endurgreiðslur samkvæmt reglugerð þessari.

Hafi beiðni um endurgreiðslu verið skilað á tilskildum tíma, skal endurgreiðsla fara fram eigi síðar en 10 dögum eftir skiladag. Beri endurgreiðsludag upp á helgidag eða almennan frídag færist fresturinn til næsta virka dags á eftir. Frestur framlengist ef skattstjóri getur vegna aðstæðna aðila ekki gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim sem umsókn byggist á.

Réttthafi endurgreiðslu getur vitjað hennar hjá innheimtumanni ríkissjóðs á gjalddaga tryggingagjalds vegna endurgreiðslutímabilsins enda hafi hann skilað tryggingagjaldsskýrslu sem felur í sér skil á hærrí fjárhæð en sem nemur endurgreiðslufjárhæðinni.

Endurgreiðslubeiðnir sem berast eftir lok umsóknarfrests skulu afgreiddar með umsókn-um næsta endurgreiðslutímabils. Endurgreiðslubeiðnir sem berast eftir 1. mars 1994 verða eigi teknar til greina.

7. gr.

Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt reglugerð þessari hefur verið of há, skal skattstjóri þegar í stað tilkynna aðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um, og ber móttakanda endurgreiðslu eigi síðar en 7 dögum eftir dagsetningu tilkynningar skattstjóra að endurgreiða innheimtumanni það sem ofgreitt var. Sama gildir ef móttakandi endurgreiðslu sinnir ekki skyldu samkvæmt 12. gr. laga nr. 113/1991, um tryggingagjald, til að senda launaframtöl innan tilskilins frests. Innheimtumaður skal í þessum tilvikum endurkrefja aðila um þá fjárhæð sem hann hefur fengið greidda. Um dráttarvexti vegna of hárrar endurgreiðslu og annarra atvika sem um ræðir í 1. mgr. fer samkvæmt ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og reiknast frá þeim tíma þegar ofgreiðsla átti sér stað.

8. gr.

Innan 15 daga frá dagsetningu ákvörðunar skattstjóra er heimilt að kæra ákvörðun hans til ríkisskattstjóra sem kveður upp endanlegan úrskurð. Úrskurður ríkisskattstjóra skal liggja fyrir innan 15 daga frá því að honum berst beiðni um endurskoðun á ákvörðun skattstjóra.

9. gr.

Skýri aðili sem endurgreiðslu beiðist vísvitandi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um endurgreiðslubeiðni skal hann greiða sekt er nemi tífaldrí þeirri fjárhæð sem beiðist er endurgreiðslu á eða allt að þeirri fjárhæð ef háttsemi má rekja til stórkostlegs gáleysis, enda liggja ekki við brotinu þyngri refsing.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 86/1993, um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. júní 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

*Snorri Olsen.***AUGLÝSING****um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í júlímánuði 1993.**

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í júlímánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið Útborgun 5,6%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í júlímánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. júní 1993.

Þorsteinn Pálsson.

*Gylfi Gautur Pétursson.***AUGLÝSING****umferð í Bolungarvík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, tillögu umferðarnefndar Bolungarvíkur og samþykki bæjarstjórnar Bolungarvíkur er eftirfarandi hér með ákveðið varðandi umferð í Bolungarvík:

1. Stöðvunarskyldumerki á gatnamótum Traðarlands og Stigahlíðar verði breytt í biðskyldumerki.
2. Stöðvunarskyldumerki á gatnamótum Ljósaland og Þjóðólfsvegur verð breytt í biðskyldumerki.

Lögreglustjórinn í Bolungarvík, 14. júní 1993.

Ásta Valdimarsdóttir, sett.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 6, 12. janúar 1993, um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr., skv. 1. gr. reglugerðar nr. 130, 24. mars 1993, er heimilt á árinu 1993 að stunda grásleppuveiðar:

1. Fyrir Vesturlandi, í Breiðafirði og fyrir Vestfjörðum til 20. ágúst.
2. Í Húnaflóa til 1. ágúst.
3. Fyrir Norðurlandi og Austurlandi til 20. júlí.
4. Fyrir Suðurlandi til 1. ágúst.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. júní 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Við leiguaksturinn ber leyfishafa að nota fólksbifreið samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

2. gr.

Við 3. mgr. 20. gr. bætist nýr málslíður er verði svohljóðandi:

Bifreiðastöðvum er óheimilt að taka aðrar bifreiðar í afgreiðslu en fólksbifreiðar samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 23. júní 1993.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi miðbæjar Stykkishólms.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 14. júní 1993 staðfest deiliskipulag miðbæjarsvæðis í Stykkishólmi.

Uppdráttur ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem mælt er fyrir um í skipulagslögum nr. 19/1964. Bæjarstjórn Stykkishólms hefur samþykkt deiliskipulagið og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt það til staðfestingar ráðherra.

Umhverfissráðuneytið, 14. júní 1993.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um vörugjald af ökutækjum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

Upphafsaákvæði.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af ökutækjum, sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, ökutækjahlutum og öðrum vörum, eftir því sem kveðið er á um í reglugerð þessari, sbr. 87. kafla viðauka við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Gjaldskyldar vörur og framleiðsla.

2. gr.

Gjaldskylda skv. 1. gr. nær til allra vara, sbr. II. kafla, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins, framleiddar eru eða unnið er að hér á landi. Vörur sem seldar eru úr landi eru þó ekki gjaldskyldar.

Gjaldskylda vegna aðvinnslu að ökutækjum, sem leiðir til hækkunar á gjaldflokki sbr. 3. og 4. gr., varir í fimm ár frá nýskráningardegi.

Við flokkun vara til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum tollalaga, nr. 55/1987. Ákvæði tollalaga gilda jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun vara.

II. KAFLI

Gjaldflokkar og gjaldtegundir.

Gjaldflokkar ökutækja.

3. gr.

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. grein, skal lagt vörugjald í eftirfarandi fjórum gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0 – 1400	30
II	1401 – 2000	45
III	2001 – 2500	60
IV	yfir 2500	75

4. gr.

Vörugjald af eftirtöldum vörum skal vera sem hér segir:

1. 10% vörugjald:
 - Dráttarvélar.
2. 15% vörugjald:
 - a. Tengivagnar og festivagnar, til vöruflutninga, íbúðar eða ferðalaga, sem ekki eru vélknúinir, og yfirbyggingar á þá.
 - b. Kranabifreiðar og borkranabifreiðar.
 - c. Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki.
 - d. Yfirbyggingar, þ.m.t. öikumannshús fyrir vélknúin ökutæki.
 - e. Hópfærðabifreiðar fyrir 18 farþega eða fleiri að meðtöldum öikumanni.
3. 30% vörugjald:
 - a. Dráttarabifreiðar, þ.e. bifreiðar sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki.
 - b. Hópfærðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga og skráð eru fyrir 10 til 17 farþega að meðtöldum öikumanni.
 - c. Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga.
 - d. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl. sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein.
 - e. Ökutæki sem knúin eru rafhreyfli.
4. 70% vörugjald:
 - a. Bifhjól (þ.m.t. stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél.
 - b. Beltabifhjól (vélsleðar).
 - c. Fjórhjól.
 - d. Önnur vélknúin ökutæki sem ekki eru sérstaklega talin upp í þessum kafla.

5. gr.

Við álagningu og innheimtu vörugjalds samkvæmt þessari reglugerð flokkast það í innflutningsvörugjald, aðvinnsluvörugjald og viðbótarvörugjald.

1. Innflutningsvörugjald er lagt á innflutt ökutæki og ökutækjahluti samkvæmt gjaldflokki við tollafgreiðslu.
2. Aðvinnsluvörugjald er lagt á framleiðslu eða breytingu á ökutækjum eða ökutækjahlutum samkvæmt gjaldflokki ökutækja eftir aðvinnslu.
Fyrstu stjórn sjóðsins skipa þrír menn til þriggja ára. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir tvo fulltrúa og félagsmálaráðherra einn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Að þeim tíma loknum skipar stjórn Öryrkjabandalags Íslands stjórn sjóðsins til jafnlangs tíma.

6. gr.

Stjórnin fer með málefni sjóðsins og tekur ákvarðanir um úthlutanir úr honum. Stjórnin skal halda gerðabók um alla starfsemi sjóðsins.

7. gr.

Úthluta skal úr sjóðnum einu sinni á ári. Miða skal við að úthlutun fari fram 11. júní, sem er fæðingardagur Sigríðar Jónsdóttur. Í fyrsta skipti skal úthlutað 1995 og er þá heimilt að úthluta öllum eignfærðum vöxtum.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir með reikningum Öryrkjabandalags Íslands og stofnana þess. Endurskoðendur Öryrkjabandalags Íslands skulu yfirfara og árita reikninga sjóðsins ásamt stjórn og löggiltum endurskoðanda.

9. gr.

Stjórn sjóðsins má einungis breyta skipulagsskrá þessari að fengnu samþykki stjórnar Öryrkjabandalags Íslands.

Verði sjóðurinn lagður niður renna fjármunir hans til Öryrkjabandalags Íslands.

10. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal staðfesta skipulagsskrá þessa.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. júní 1993.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Margrét Hauksdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verzlunarskóla Íslands.

1. gr.

Verzlunarskóli Íslands er sjálfseignarstofnun, sem starfar undir vernd Verslunarráðs Íslands. Heimili og varnarþing skólans er í Reykjavík.

Stofnfé skólans er eigið fé hans þann 31. desember 1992, kr. 268 313 608 í fasteignum, kennslutækjum, verðbréfum og bankainnstæðum.

2. gr.

Markmið skólans er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis sem og gagnvart öðrum þjóðum með því að efla og veita almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhalds- og háskólastigi.

3. gr.

Stjórn Verslunarráðs myndar fulltrúaráð skólans og fer með æðsta vald í málefnum hans. Stjórnin skipar að loknum aðalfundi 5 menn í skólanefnd og setur henni erindisbréf. Kjörtímabil skólanefndar er hið sama og stjórnar Verslunarráðs. Stjórn Verslunarráðs er heimilt að leita eftir tilnefningum aðila utan Verslunarráðs um tvo skólanefndarmenn.

4. gr.

Skólanefnd kýs sér formann og varaformann. Formaður boðar fundi skólanefndar og er fundur lögmætur ef meirihluti skólanefndarmanna situr hann. Formanni er skylt að boða fund ef einn skólanefndarmanna, skólastjóri eða endurskoðandi skólans krefjast þess. Á fundum skólanefndar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Það sem gerist á fundum skólanefndar skal bókað í gerðarbók.

5. gr.

Skólanefnd markar stefnu skólans í samræmi við markmið hans skv. 2. gr., ákveður námsframboð, inntökuskilyrði og meginstarfstillhögun skólans.

Skólanefnd skal hafa stöðugt eftirlit með rekstri skólans, bókhaldi og meðferð á fjármunum hans, þ.m.t. sjóðum þeim, er skólanum tilheyra. Skólanefnd afgreiðir rekstrar-áætlun fyrir skólann og ársreikning.

Stjórn Verslunarráðsins, eða skólanefnd í umboði hennar eftir erindisbréfi skv. 3. gr., ræður skólastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og leysir hann frá störfum ef ástæða þykir til. Skólanefnd veitir skólastjóra, svo og öðrum starfsmönnum, ef henta þykir, prókúruumboð.

6. gr.

Skólastjóri kemur fram fyrir hönd skólans og annast daglegan rekstur hans. Skólastjóri er framkvæmdastjóri skólanefndar og situr fundi hennar.

Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur skólastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá skólanefnd, nema ekki sé unnt að biða ákvarðana skólanefndar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi skólans. Í slíkum tilvikum skal skólanefnd tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Skólastjóri skal sjá um að bókhald skólans sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna skólans sé með tryggilegum hætti.

Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn, og víkur þeim frá, hvort tveggja í samræmi við skólanefnd. Hann semur skýrslu um starfsemi skólans í lok hvers skólaárs.

7. gr.

Verzlunarskóli Íslands ábyrgist skuldbindingar sínar með eignum skólans. Skólanum er heimilt að stofna og starfrækja Húsbyggingarsjóð, sem verði fjárhagslega aðgreindur frá skólarekstrinum. Verzlunarskóli Íslands ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum Húsbyggingarsjóðs.

8. gr.

Reikningsár skólans telst frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Skólanefnd skal senda Verslunarráði Íslands ársreikning skólans, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda, og ársskýrslu eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert.

9. gr.

Verði Verzlunarskóli Íslands lagður niður sem sjálfseignarstofnun skal Verslunarráð Íslands ráðstafa hreinni eign skólans með tilliti til markmiða hans.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari getur stjórn Verslunarráðs Íslands gert með samþykki $\frac{2}{3}$ stjórnarmanna sem sækja stjórnarfund.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá Verzlunarskóla Íslands og breytingum á henni.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað áður útgefinnar skipulagsskrár frá 3. desember 1962.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. júní 1993.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Margrét Hauksdóttir.

REGLUGERÐ

um svæðisskrifstofur málefna fatlaðra.

I. KAFLI

Stjórnsýsluleg staða svæðisskrifstofa.

1. gr.

Á hverju starfssvæði málefna fatlaðra skal starfrækt svæðisskrifstofa.

Svæðisskrifstofa starfar í umboði félagsmálaráðuneytis. Hún er ábyrg fyrir þeirri framkvæmd sem henni er falin með lögum og ber ábyrgð gagnvart ráðuneytinu á verkum sínum.

2. gr.

Til forsvars á hverri svæðisskrifstofu ræður félagsmálaráðherra framkvæmdastjóra. Hann er fulltrúi félagsmálaráðuneytis um málefni fatlaðra á svæðinu og starfar samkvæmt þeim fyrirmælum sem fram koma í erindisbréfi.

II. KAFLI

Verkefni svæðisskrifstofa.

Stofnkostnaður. Tillögur og áætlanir.

3. gr.

Svæðisskrifstofa safnar upplýsingum um þörf fatlaðra fyrir þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992, svo og almenna þjónustu ríkis og sveitarfélaga samkvæmt öðrum lögum. Á grundvelli þeirra upplýsinga annast svæðisskrifstofa gerð svæðisáætlana til þriggja ára og skulu þær endurskoðaðar árlega. Hafa skal samráð við sveitarfélög, landshlutasamtök eða héraðsnefndir við gerð áætlana á svæðinu eftir því sem við á. Svæðisáætlanir skulu sendar félagsmálaráðuneyti. Einnig skulu þær sendar svæðisráðum til umsagnar.

Feli áætlanir svæðisskrifstofu í sér tillögur um sérhæfða þjónustu á landsvísu skulu þær tillögur sendar stjórnarnefnd um málefni fatlaðra.

Svæðisskrifstofur skulu kalla eftir upplýsingum frá sveitarfélögum, félagasamtökum fatlaðra og sjálfseignarstofnunum um fyrirhugaðar framkvæmdir og taka afstöðu til þeirra við gerð svæðisáætlana.

Svæðisskrifstofur geta sótt um fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til kannana og áætlana.

Stofnkostnaður. Framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

4. gr.

Á grundvelli svæðisáætlana sendir svæðisskrifstofa árlega umsóknir til stjórnarnefndar málefna fatlaðra vegna eftirtalinna verkefna á vegum ríkisins:

1. Stofnkostnaðar heimila fatlaðra og þjónustustofnana fatlaðra á svæðinu á vegum ríkisins. Umsóknum svæðisskrifstofa skal fylgja greinargerð um sundurliðaðan rekstrarkostnað.
2. Lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga á svæðinu.
3. Meiri háttar viðhaldsframkvæmda á heimilum og stofnunum, sbr. 1. tölul.
4. Kannana og áætlana, annarra en svæðisáætlana, sbr. 3. gr.

Félagsmálaráðuneyti tilkynnir svæðisskrifstofum hver sé skilafrestur umsókna, svo og umsagna skv. 5. gr. reglugerðar þessarar, og skulu þær auglýsa skilafrestinn hver á sínu svæði.

5. gr.

Svæðisskrifstofur skulu veita stjórnarnefnd málefna fatlaðra umsögn um umsóknir sveitarfélaga og félagasamtaka fatlaðra eða sjálfseignarstofnana um framlög úr sjóðnum.

6. gr.

Svæðisskrifstofa ber ábyrgð á þeim framkvæmdum á sínu svæði sem veitt er fé til úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til verkefna skv. 1.–3. tölul. 4. gr., að því leyti sem framkvæmdin fellur ekki undir lög um opinberar framkvæmdir nr. 63/1970, með síðari breytingum, svo sem vegna ákvæða þeirra laga um lágmarkskostnað.

7. gr.

Svæðisskrifstofur skulu, við undirbúning framkvæmda, senda tillögur til félagsmálaráðuneytis og framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar um þau atriði sem taka þarf tillit til við hönnun viðkomandi húss þannig að tekið sé mið af þörfum þeirra sem þar eiga að búa eða að fá þjónustu.

Rekstur og starfsmannahald.

8. gr.

Svæðisskrifstofur skulu árlega gera fjárlagatillögur og senda þær félagsmálaráðuneyti. Áætlanir þessar skulu unnar í samvinnu við forstöðumenn þeirra heimila fatlaðra og stofnana sem eru á vegum ríkisins.

9. gr.

Svæðisskrifstofur bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri heimila og stofnana fatlaðra á svæðinu sem eru á vegum ríkisins.

Svæðisskrifstofur skulu í upphafi hvers árs skila til félagsmálaráðuneytis rekstrar- og greiðsluáætlunum þar sem útgjöld þjónustustofnana og heimila fatlaðra á vegum ríkisins eru ákvörðuð innan heimilda fjárlaga.

Heimilt er svæðisskrifstofum við gerð rekstraráætlana að flytja heimiluð stöðugildi á tiltekinni stofnun eða heimili á aðra stofnun eða heimili ef mat á þjónustuþörf beggja stofnana leiðir í ljós að það er félagslega og fjárhagslega hagkvæmt.

Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu hefur umsjón með eignum og rekstri heimila fatlaðra og stofnana á sínu svæði sem eru á vegum ríkisins.

10. gr.

Svæðisskrifstofa skal árlega í fjárlagatillögum sínum áætla kostnað vegna stoðþjónustu skv. 8. gr. laga um málefni fatlaðra.

11. gr.

Félagsmálaráðuneytið getur falið viðkomandi svæðisskrifstofu að reka sérhæfða þjónustu eða sérhæft búsetuform, sem ætlað er fyrir landið allt, enda sé þjónustan staðsett á svæðinu.

12. gr.

Fjárgæsla heimila fatlaðra og stofnana, sem eru á vegum ríkisins, skal vera hjá ríkisféhirði nema annað kunni að vera ákveðið.

Bókhald heimila fatlaðra og stofnana á vegum ríkisins skal vera hjá Ríkisbókhaldi nema annað kunni að vera ákveðið.

Ákvæði greinar þessarar eiga ekki við um heimilissjóð sambýla.

13. gr.

Framkvæmdastjórar svæðisskrifstofa gera tillögur um ráðningu starfsfólks svæðisskrifstofu, forstöðumanna og annars starfsfólks sambýla og annarra heimila á vegum ríkisins, svo og þjónustustofnana fatlaðra. Ráðning hljóti staðfestingu félagsmálaráðuneytis.

Starfsfólk sem ráðið er til starfa skv. 1. mgr. hafi menntun, t.d. á sviði þroska- eða iðjuþjálfunar, eða reynslu sem nýtist við störf að málefnum fatlaðra.

14. gr.

Fjöldi starfsmanna á heimilum fatlaðra og þjónustustofnunar skv. lögum um málefni fatlaðra skal miðast við mat á þjónustupörf íbúa eða þeirra sem njóta eiga þjónustu á þjónustustofnunum. Slíkt mat skal fara fram við upphaf starfsemi heimilis eða stofnunar og síðan árlega.

15. gr.

Heimilt er svæðisskrifstofu að sameina viðfangsefni fjárlaga undir eitt eða fleiri yfirviðfangsefni, í skilningi fjárlaga, ef það er fjárhagslega eða félagslega hagkvæmt.

Fagleg þjónusta og skipulagning hennar á hverju svæði.

16. gr.

Fatlaðir skulu eiga rétt á almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga, svo sem til menntunar og heilbrigðisþjónustu, og skal svæðisskrifstofa ávallt leitast við að fatlaðir fái notið þess réttar, sbr. 7. gr. laga um málefni fatlaðra.

17. gr.

Svæðisskrifstofa ber faglega ábyrgð á allri þeirri þjónustu við fatlaða sem er á vegum ríkisins skv. lögum um málefni fatlaðra, bæði þjónustu á heimilum og þjónustustofnunum fatlaðra, svo og stoðþjónustu.

18. gr.

Umsóknir um þjónustu á þjónustustofnunum fatlaðra, sbr. 1.–3. tölul. 9. gr. laga um málefni fatlaðra og um búsetu, sbr. 2.–6. tölul. 10. gr. sömu laga, berist svæðisskrifstofu skriflega.

19. gr.

Svæðisskrifstofa annast mat á þörf hins fatlaða fyrir þjónustu í samráði við greiningaraðila, svo og óskir hins fatlaða sjálfs og aðstandenda hans.

Um er að ræða ákvörðun eða mat á eftirfarandi:

1. Mat á þörf umsækjanda fyrir þjónustu og stuðning, sbr. 2. gr. og 6. tölul. 12. gr. laga um málefni fatlaðra.
2. Ákvörðun um þjónustu og stuðning, sbr. 1. tölul. Óheimilt er að ákveða búsetuform án þess að þörf hins fatlaða fyrir þjónustu hafi verið metin og skal höfð samvinna við hinn fatlaða og samráð við væntanlegt sambýlisfólk áður en ákvörðun um búsetu er tekin. Samráð við sambýlisfólk getur falist í kynningu og upplýsingum og að íbúunum sé gefinn kostur á að tjá sig.

Sætti hinn fatlaði, eða aðstandendur hans, sig ekki við mat svæðisskrifstofu á þjónustupörf skv. 1.–2. tölul. getur hann sent málið til svæðisráðs.

Ákvæði þessarar greinar eiga jöfnum höndum við um heimili og stofnanir á vegum ríkisins, sveitarfélaga, félagasamtaka eða sjálfseignarstofnana.

20. gr.

Við mat á þjónustupörf skv. 19. gr. verði farið eftir samræmdum þjónustulykli sem félagsmálaráðuneytið lætur í té.

21. gr.

Svæðisskrifstofa annast mat á umönnunarþörf fatlaðra barna skv. reglugerð nr. 150/1992 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og sjúkra barna.

22. gr.

Svæðisskrifstofa annast mat á þörf fyrir fjárhagsaðstoð skv. lögum um málefni fatlaðra. Um er að ræða styrk til verkfæra- og tækjakaupa o. fl. skv. 1. tölul. 27. gr. laganna og styrk til greiðslu námskostnaðar, sbr. 2. tölul. 27. gr. sömu laga.

23. gr.

Svæðisskrifstofa hlutast til um að stuðningur og ráðgjöf sé veitt fötluðum og aðstandend-um þeirra annaðhvort á hennar vegum eða annarra aðila. Sama gildir um stuðning og ráðgjöf til starfsfólks sem veitir fötluðum þjónustu. Þjónusta þessi skal skipulögð á hverju svæði fyrir sig miðað við aðstæður.

Svæðisskrifstofa beitir sér fyrir sem viðtækastri samvinnu og samráði við fagaðila við framkvæmd verkefna samkvæmt grein þessari.

Samstarf við svæðisráð.

24. gr.

Svæðisskrifstofa veitir svæðisráði aðstoð og þjónustu, t.d. við öflun gagna og upplýsinga, eftir beiðni svæðisráða hverju sinni, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 142/1993 um svæðisráð.

25. gr.

Svæðisskrifstofa hefur í vörslu sinni þá fjárhæð sem ákveðin er í fjárlögum hvers árs til útgjalda vegna starfa svæðisráðs, sbr. 11. gr. reglugerðar um svæðisráð.

26. gr.

Svæðisskrifstofa skal veita atbeina og liðsinni sitt við það að sveitarfélög taki á sig aukna ábyrgð á málefnum fatlaðra, sbr. 8. gr. reglugerðar um svæðisráð.

Samstarf við sveitarfélög.

27. gr.

Svæðisskrifstofa skal koma á föstu samstarfi við sveitarfélög, og/eða samtök þeirra, vegna framkvæmda á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, svo og við framkvæmd liðveislu, ferlimála og ferðaþjónustu skv. lögum um málefni fatlaðra. Með samstarfinu skal unnið að því að efla skipulega og samræmda þjónustu við fatlaða á svæðinu milli sveitarfélaga, t.d. vegna ferðaþjónustu fatlaðra.

Svæðisskrifstofa skal hafa frumkvæði að því að samstarfi skv. 1. mgr. sé komið á laggirnar t.d. með því að koma á reglulegum fundum eða öðrum föstum samskiptum milli aðila, einkum við félagsmálanefndir sveitarfélaga vegna heimþjónustu og húsnæðismála.

Ársskýrsla og aðrar upplýsingar fyrir stjórnvöld.

28. gr.

Svæðisskrifstofur skulu gera ársskýrslur og senda þær félagsmálaráðuneyti. Félagsmálaráðuneyti lætur í té eyðublöð til notkunar við undirbúning ársskýrslu. Jafnframt skulu svæðisskrifstofur safna upplýsingum saman þannig að þær séu aðgengi-legar fyrir stjórnvöld sé þeirra óskað.

29. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. júní 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðirárið
1. september 1993 til 31. ágúst 1994.

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Við veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni á fiskveiðirárinu 1. september 1993 til 31. ágúst 1994 koma aðeins til greina þau skip sem veiðileyfi fengu samkvæmt 5. gr. l. nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða.

Hverfi skip, sem veiðileyfi hefur fengið samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1990, varanlega úr rekstri má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað.

Heildarafli.

2. gr.

Fyrir fiskveiðirárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994 skal heildarafli og úthlutað aflamark að teknu tilliti til áætlaðs línuaflla í nóvember, desember, janúar og febrúar úr botnfisktegundum vera sem hér segir:

	Leyfilegur heildarafli lestir	Utan aflamarks		Úthlutað aflamark lestir
		Línuafli lestir	Hagræðingar- sjóður lestir	
1. Þorskur	155 000	12 500	6 400	136 100
2. Ýsa	65 000	1 500	2 700	60 800
3. Ufsi	85 000		3 500	81 500
4. Karfi	90 000		3 700	86 300
5. Grálúða	30 000		1 200	28 800
6. Skarkoli	13 000		500	12 500

Afli samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

Aflamark einstakra skipa skal miðað við slægðan fisk með haus í öðrum tegundum en karfa.

Vegna ákvæða um veiðar báta minni en 6 brl. með línu og handfærum auk dagatakmarkana, ákvæða um undirmálsafla utan aflamarks og álag við útlutning á önnurum afla gæti þorskaflinn á árinu orðið um það bil 165 þúsund lestir.

3. gr.

Á tímabilinu 1. september 1993 til 31. ágúst 1994 skal heildaraflí fyrir neðangreindar tegundir vera sem hér segir:

		Heildaraflí lestir
1. Sild		100 000
2. Úthafsækja		45 000
3. Humar		2 400
4. Hörpudiskur samtals:		9 800
þ.a. Breiðafjörður	8 000 lestir	
þ.a. Arnarfjörður	300 lestir	
þ.a. Ísafjarðardjúp	500 lestir	
þ.a. Húnaflói	1 000 lestir	
5. Innfjarðarrækja samtals:		5 000
þ.a. Eldey	500 lestir	
þ.a. Arnarfjörður	500 lestir	
þ.a. Ísafjarðardjúp	2 000 lestir	
þ.a. Húnaflói	1 000 lestir	
þ.a. Skagafjörður	300 lestir	
þ.a. Skjálfandafló	300 lestir	
þ.a. Öxarfjörður	400 lestir	

Leyfilegur heildaraflí af innfjarðarrækju skv. tl. 5 á öðrum svæðum en við Eldey, er miðaður við tillögur Hafrannsóknastofnunar um upphafsaflla. Endanleg ákvörðun um heildarafla verður tekin að loknum haustkönnunum.

Veiditímabil sildar er frá og með 1. september 1993 til og með 1. maí 1994. Veiditímabil úthafsækju er fiskveiðirárið. Veiditímabil humars er frá og með 14. maí 1994 til og með 15. ágúst 1994. Veiditímabil innfjarðarrækju er frá og með 1. október 1993 til og með 1. maí 1994 á öllum svæðum öðrum en við Eldey. Á Eldeyarsvæðinu lýkur yfirstandandi veiditímabili, sem heildaraflaákvörðun þessarar reglugerðar nær til, þann 1. desember 1993. Nýtt veiditímabil hefst 1. maí 1994 og stendur út fiskveiðirárið. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að seinka upphafi vertíðar á tilgreindum veiðisvæðum innfjarðarrækju liggja fyrir tillögur um það frá Hafrannsóknastofnun.

Veiditímabil annarra tegunda verður ákveðið sérstaklega með reglugerð, ennfremur heildaraflí af loðnu.

4. gr.

Til úthafsækju telst veiði á rækju sem veidd er utan viðmiðunarlínu, sbr. l. nr. 81/1976, að undanskildu svæði við Eldey, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40'V og að norðan af 64°05'N. Þá telst til úthafsækju veiði á rækju í Héraðsflóa utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, milli lína, sem dregnar eru réttvísandi austnorðaustur frá Bjarnareyjarvita og Ósfles. Ennfremur telst til úthafsækju veiði á rækju sem stunduð er með sérstökum leyfum í Breiðafirði.

Veiðar á úthafsækju á Dohrnbanka vestan 26°V teljast ekki til heildarafla eða aflamarks af úthafsækju enda staðfesti skipstjóri nákvæmlega í afladagbók og aflaskýrslu hversu mikill aflí sé fenginn vestan 26°V. Rangar eða villandi upplýsingar leiða til þess að allur rækjuafllí skipsins reiknast til aflamarks í úthafsækju.

5. gr.

Veiðiheimildum á þeim tegundum sem heildaraflí er takmarkaður af skv. 2. og 3. gr. skal skipt milli einstakra skipa.

Aflamark hvers skips af hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild skipsins af viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutaðu heildaraflamarki tegundarinnar skv. 2. og 3. gr.

Aflahlutdeild hvers skips skal vera sú sama, sem úthlutað var fyrir fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993, að teknu tilliti til breytinga er leiða af flutningi á aflahlutdeild milli einstakra skipa.

6. gr.

Bátum, sem valið hafa leyfi til línu- og handfæraveiða, er óheimilt að stunda veiðar frá 1. desember 1993 til 31. janúar 1994, frá 26. mars til 4. apríl 1994 og frá 27. júlí til 5. ágúst 1994, að báðum dögum meðtöldum.

Hafi bátur fengið leyfi með aflahlutdeild er óheimilt að úthluta slíkum bát síðar leyfi til línu- og handfæraveiða. Jafnframt er óheimilt að flytja til slíks báts veiðileyfi til línu- og handfæraveiða frá öðrum báti, jafnvel þótt sá bátur hafi verið tekinn úr rekstri og teljist sambærilegur að öðru leyti. Aðeins er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. ml. þessarar mgr. vegna báta, sem fengið hafa leyfi til línu- og handfæraveiða, í þeim tilvikum að bátur hafi verið dæmdur óbætandi vegna sjóttjóns og tekinn af skipaskrá eða bátur sé settur á minjasafn, enda liggja fyrir umsögn Þjóðminjasafns Íslands um að báturinn hafi verulegt minjagildi og rík ástæða sé til varðveislu hans. Einungis er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. ml. þessarar mgr. að veiðileyfið til línu- og handfæraveiða sé flutt á jafnstóran eða minni bát, sem áður hafði leyfi með aflahlutdeild.

Ekki er heimilt að veita nýjum eða nýkeyptum báti er kemur í stað báts, sem fengið hefur leyfi til línu- og handfæraveiða, veiðileyfi í atvinnuskyni sé nýi báturinn 6 brúttótonn eða stærri.

7. gr.

Reynist heildaraflahlutdeild báta, sem veiðileyfi hafa samkvæmt 6. gr., hafa vaxið meira en sem nemur 25% að meðaltali á árunum 1991-1993, miðað við þá hlutdeild sem þeir áttu kost á árið 1991, skal þeim ákvörðuð aflahlutdeild frá og með upphafi þess fiskveiðiárs er hefst 1. september 1994. Aflahlutdeild einstakra báta skal ákvarðast miðað við aflareynslu þeirra á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. desember 1993. Heildaraflahlutdeild þessara báta í upphafi fiskveiðiárs 1. september 1994 skal þó aldrei vera hærri en samanlögð hlutdeild, sem þessir bátar áttu kost á 1. janúar 1991, miðað við heilt ár.

8. gr.

Þegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,8, en grálúðu og skarkola með 0,92.

Þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 1,25, en grálúðu og skarkola með 1,09.

Ráðuneytið skal ákveða reiknistuðla til útreikninga á afla skipa sem vinna eigin afla um borð. Má við þá ákvörðun miða við aflanýtingu hvers einstaks skips og meðal aflanýtingu ákveðins flokks skipa.

Við línuveiðar í nóvember, desember, janúar og febrúar reiknast 50% aflans ekki til aflamarks fiskiskipa. Þegar meta skal hvort línuafli telst veiddur í framangreindum mánuðum skal miða við að veiðiferð hefjist 1. nóvember eða síðar og að afla sé landað fyrir 1. mars.

Þorskur og ufsi styttri en 50 sm að lengd, ýsa styttri en 45 sm og karfi innan við 500 grömm að þyngd telst ekki að tveimur þriðju hlutum með til aflamarks fiskiskips, enda fari fiskur undir þessum lágmarksmörkum ekki yfir 10% af afla þessara fisktegunda í

veiðiferð og fyrir liggja staðfesting frá matsmönnum eða vigtarmönnum um magn einstakra tegunda samkvæmt reglum er ráðuneytið setur. Þetta gildir ekki um afla sem frystur er um borð í veiðskipi nema um heilfrystan fisk sé að ræða. Allur fiskur sem veiddur er á handfæri telst þó til aflamarks.

Allan afla af botnfisktegundum sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, sbr. 2. gr., og fluttur er óunninn á erlendan markað skal reikna með álagi til aflamarks. Skal álagið vera 20% á þorsk og ýsu, 15% á ufsa, karfa og grálúðu en 10% á skarkola.

9. gr.

Pegar meta skal til hvaða fiskveiðitímabils tiltekinn afli telst skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli sem landað er 1. september 1993 eða síðar til fiskveiðiársins 1. september 1993 til 31. ágúst 1994, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðiárs. Á sama hátt telst afli sem landað er 1. september 1994 eða síðar til fiskveiðiárs er hefst þann dag, enda þótt veiðiferð hefjist fyrr.

Sigli skip með eigin afla á erlendan markað, skal afli teljast til þess fiskveiðárs, þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

Framsal og sameining veiðiheimilda.

10. gr.

Flutning á aflaheimildum samkvæmt 11. og 12. gr. laga nr. 38/1990 skal tilkynna Fiskistofu skriflega fyrirfram. Eigandi þess skips, sem aflaheimildir eru fluttar frá, skal undirrita beiðni um flutning. Við varanlegan flutning á aflahlutdeild samkvæmt 11. gr. laga nr. 38/1990 skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá, ásamt samþykki þeirra aðila, sem veð áttu í skipinu 1. janúar 1991. Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir.

Óheimilt er að framselja þann hluta aflahlutdeildar skips, sem rekja má til uppbóta samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða í l. nr. 38/1990. Sama á við um meðal aflahlutdeild samkvæmt 5. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í l. nr. 38/1990.

Séu veiðiheimildir skips, sem uppbætur hafa fengið, sameinaðar varanlega aflahlutdeild annars skips falla uppbætur niður nema fyrir liggja yfirlýsing eigenda um að skipið verði tekið af skipaskrá og réttur til endurnýjunar þess falli niður. Sama á við um meðal aflahlutdeild.

Veiði fiskiskip minna en 25% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður.

Við mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar, sbr. 4. mgr. 12. gr. 1. nr. 38/1990, skulu verðmætastuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994 vera eftirfarandi: Þorskur 1.00, ýsa 1.18, ufsi 0.50, karfi 0.43, grálúða 0.75, skarkoli 0.87, loðna 0.05, síld 0.08, humar (slitinn) 9.81, rækja 0.91 og hörpuðiskur 0.39. Ofangreindir verðmætastuðlar gilda einnig varðandi færslu milli tegunda, sbr. 10. gr. laga nr. 38/1990, eftir því sem við á. Jafnframt skulu þeir hafðir til hliðsjónar við mat á því hvort um jöfn skipti sé að ræða, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990.

Endurnýjun fiskiskipa.

11. gr.

Fyrir þilfarsskip úrskurðar Fiskistofa hvort um sambærileg skip sé að ræða, samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar. Við mat á því skal leggja til grundvallar rúmtölu skipa sem er margfeldi eftirgreindra hönnunarmála:

1. Lóðlínulengdar, sem er lárétt fjarlægð milli aftari lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum stýrisás og fremri lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum skurðpunkt stefnis og hönnunarvatnslínu.

2. Mótaðrar breiddar, sem er mesta breidd á miðbandi. Þversnið skipsgrindar, sem tekið er mitt á milli lóðlína, nefnist miðband.
3. Mótaðrar dýptar, að neðra þilfari, sem er lóðrétt fjarlægð frá neðra punkti miðbands við kjöl að efri brún þilfarsbita við byrðing.

Fyrir opna vélbáta ákvarðast rúmtala sem 4,3 x brúttótonn, þar sem brúttótonnatala er fundin samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 433, 17. ágúst 1990, um mælingar skipa undir 24 metrum að lengd.

12. gr.

Rúmtala nýs skips má ekki vera hærri en rúmtala þess skips sem hverfur úr rekstri.

13. gr.

Við útreikning samkvæmt 11. gr. skal byggt á gögnum tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands.

Heimilt er að meta það sérstaklega, ef lögun skipsins er ekki hefðbundin. Sama gildir þegar það er miklum vandkvæðum bundið að finna hönnunarmál samkvæmt 11. gr.

14. gr.

Heimilt er með samþykki Fiskistofu að taka allt að þrjú skip úr rekstri fyrir eitt nýtt. Leyfileg rúmtala nýja skipsins skal þá miðast við samtölu rúmtalna þeirra skipa er hverfa úr rekstri.

Heimild 1. mgr. skal því aðeins beitt að eitt hinna úreltu skipa sé uppistaða úreldingarinnar þannig að rúmtala þess sé a.m.k. 70% af rúmtölu nýja skipsins. Frá þessu má þó víkja, ef úr rekstri eru tekin tvö eða þrjú skip, enda megi ætla að sóknargeta aukist ekki við skiptin.

15. gr.

Séu heimildir 12.–14. gr. til stækkunar vegna endurnýjunar skips ekki fullnýttar fellur það sem umfram er niður.

16. gr.

Aðeins er heimilt að veita nýju eða nýkeyptu skipi veiðiheimildir, samkvæmt 1. gr. í stað skips er hverfur úr rekstri, að skip það sem hverfur úr rekstri hafi verið strikað af skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins. Fiskistofu er þó heimilt að veita allt að þriggja mánaða frest til þess að taka skip af skipaskrá, enda verði skipið tekið úr notkun eigi síðar en hið nýja skip hefur veiðar.

17. gr.

Við yfirfærslu veiðiréttinda milli skipa skal nýju skipi í eigu sama aðila úthlutað sömu veiðiréttindum, sem eldra skipið hefði fengið, enda fullnægi skipið þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir úthlutun þeirra veiðiréttinda.

18. gr.

Óheimilt er án sérstaks leyfis Fiskistofu að breyta nýjum og nýkeyptum skipum, sem veiðileyfi hafa fengið í fyrsta sinn eftir 1. janúar 1986, þannig að rúmmál þeirra vaxi sbr. 11. gr.

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla, sem markaður er fyrir. Þó skal sleppa lifandi þorski og ufsa styttri en 50 sm að lengd og ýsu styttri en 45 sm sem fæst á handfæri.

20. gr.

Skylt er að hirða alla rækju, sem fæst í rækjuvörpu. Skipstjóra er óheimilt að stunda rækjuveiðar á veiðisvæði þar sem rækja er það smá að fleiri en 300 stykki eru í hverju kg.

21. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíkri aðgreiningu ekki komið við vegna smæðar fiskiskips skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum reglugerðar um vigtun sjávarafla.

Skipstjórum fiskiskipa, sem fara til veiða á tegundum, sem reiknast ekki til aflamarks fiskiskips, skulu tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær veiðar á þessum tegundum hefjast og hvenær þeim lýkur. Gildir þetta um veiðar á úthafskarfa, rækjuveiðar vestan 26°V og veiðar á botnfiski og rækju utan fiskveiðilögsögu Íslands.

22. gr.

Útgerðum skipa er skylt að senda Fiskistofu skriflegar upplýsingar fyrir hverja þrjá mánuði um afla á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til. Þá er skipstjórum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til samkvæmt nánari reglum þar um og skal upplýsingum skilað mánaðarlega til Fiskistofu. Vanskil á skýrslum samkvæmt þessari málsgrein varða leyfissviptingu án frekari viðvörunar. Sama gildir verði aðili uppvís að undanskoti afla.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskistofu skýrslum um mótttekinn afla í því formi sem Fiskistofa ákveður.

23. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla skal beita ákvæðum l. nr. 37, 27. maí 1992.

24. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 1993. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 290, 28. júlí 1992, um veiðar í atvinnuskyni, fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993 ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. júní 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING**um staðfestingu á deiliskipulagi þorpsins í Flatey.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 29. júní 1993 staðfest deiliskipulag fyrir þorpið í Flatey á Breiðafirði.

Uppdráttur deiliskipulags og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Reykhólahrepps hefur samþykkt deiliskipulagið og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 29. júní 1993.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

2. júlí 1993

Nr. 276

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 407, 24. ágúst 1989,
um vörugjald, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi tollskrárnúmer í viðauka I falla niður: 8706.0009, 8707.1000, 8707.9000 og 8716.9002.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, og tekur gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 2. júlí 1993.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

29. júní 1993

Nr. 277

AUGLÝSING**um staðfestingu á legu Norðurlandsvegur um Bólstaðarhlíðarbrekku,
Bólstaðarhlíðarhreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra þann 28. júní 1993 staðfest legu Norðurlandsvegur um Bólstaðarhlíðarbrekku, í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 29. júní 1993.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Heiðar Baldursdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Heiðar Baldursdóttur og er stofnaður af fjölskyldu Heiðar Baldursdóttur, sérkennara og rithöfundar, til minningar um hana.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500 000,00, auk framlaga, gjafa og tekna af sölu minningarkorta á fyrsta starfsári sjóðsins, og skal það haldast óskert. Sjóðinn skal ávaxta hjá verðbréfafyrirtæki sem skráð er á Verðbréfafingri Íslands. Á minnst þriggja ára fresti skal sjóðsstjórn endurskoða hvernig ávöxtun sjóðsins er borgið á sem öruggastan og hagkvæmastan hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- a. Vextir og arður af eignum sjóðsins.
- b. Minningargjafir með útgáfu minningarkorta.
- c. Framlög og gjafir sem sjóðnum berast.
- d. Aðrar tekjur.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja rannsóknir á sviði sérkennslu, blöndunar fatlaðra og ófatlaðra barna, og boðskipta.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Einn stjórnarmaður er tilnefndur af Kennaraháskóla Íslands, ásamt einum til vara. Einn stjórnarmaður er tilnefndur af Kennarasambandi Íslands, ásamt einum til vara. Einn stjórnarmaður er tilnefndur af Landssamtökunum Þroskahjálpi, ásamt einum til vara. Tilnefningar gilda til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Gjaldkeri sjóðsins hefur á hendi umsjón með vörslu sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um framlög úr sjóðnum á hverju vori. Hún metur framlag til umsækjenda, eins eða fleiri, í samræmi við markmið sjóðsins. Úthlutun skal fara fram 31. maí ár hvert.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá sjóðsins má gera sé einfaldur meirihluti sjóðsstjórnar því fylgjandi.

9. gr.

Berist engin umsókn í sjóðinn í þrjú ár í röð, þrátt fyrir að auglýst hafi verið eftir þeim, eða að sjóðsstjórn er einróma samþykkt því að leggja sjóðinn niður, skal sjóðurinn lagður niður og eignir hans afhentar Bókasafni Kennaraháskóla Íslands til kaupa á rannsóknarritum sem tengjast markmiðum sjóðsins. Rit sem keypt eru með framlagi úr sjóðnum skulu merkt svo:

Gjöf úr Minningarsjóði Heiðar Baldursdóttur.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. júlí 1993.

F. h. r.

Jón Thors.

Margrét Hauksdóttir.

AUGLÝSING**um umferð í Vestmannaeyjabæ.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, eru hér með settar eftirfarandi reglur um bifreiðastöður í Vestmannaeyjabæ:

Í íbúðarhverfum og við fjölfarnar umferðargötur er bannað að leggja stórum vinnuvélum, vörubifreiðum, sendiferðabifreiðum og fólksflutningabifreiðum sem eru 3,5 tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara ökutækja ber að nota sérstaklega merkt stæði, sem ætluð eru þessum ökutækjum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra. Óheimilt er að geyma fylgihluti ökutækja á þessum sérstaklega afmörkuðu svæðum.

Ákvæði þessarar auglýsingar taka gildi 1. ágúst 1993.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 5. júlí 1993.

Georg Kr. Lárusson.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjabæ.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, er hér með ákveðið að hámarkshraði á Ásavegi vestan Helgafellsbrautar breytist úr 45 km/klst í 30 km/klst.

Ákvæði þessarar auglýsingar taka gildi 1. ágúst 1993.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 5. júlí 1993.

Georg Kr. Lárusson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Aðalbrautarréttur verður á Merkgigli og Kiðagili, þó svo að umferð á Merkgigli vikur fyrir umferð á Hlíðarbraut og Borgarbraut og umferð á Kiðagili vikur fyrir umferð á Borgarbraut og Merkgili.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 5. júlí 1993.

Elías I. Elíasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 – 1993

9. júlí 1993

525

Nr. 282

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 153, 5. apríl 1993,
um bann við togveiðum á Kópanesgrunni.

1. gr.

Frá kl. 16 9. júlí 1993 er felld úr gildi reglugerð nr. 153, 5. apríl 1993, um bann við togveiðum á Kópanesgrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. júlí 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 – 1993

Nr. 283

526

20. júlí 1993

REGLUGERÐ um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Veiðar með fiskibotnvörpu- og flotvörpu eru bannaðar fyrir Vesturlandi á svæði er markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°16'00 N – 27°03'72 V
2. 65°16'00 N – 26°48'00 V
3. 64°28'00 N – 26°41'00 V
4. 64°25'00 N – 26°58'00 V
5. 65°03'00 N – 27°09'00 V

2. gr.

Veiðar með fiskibotn- og flotvörpu og línuveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Norðaustur af Horni á svæði er markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°29'20 N – 21°45'00 V
2. 67°02'95 N – 21°45'00 V
3. 67°06'50 N – 20°48'50 V
4. 67°04'00 N – 20°42'00 V
5. 66°34'50 N – 21°11'72 V
6. 66°36'43 N – 20°45'30 V
7. 66°19'80 N – 20°45'15 V

Að sunnan afmarkast svæðið af línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. Á Spordagranni á svæði er markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°34'42 N – 20°20'50 V
2. 66°38'44 N – 20°16'67 V
3. 66°47'37 N – 19°52'94 V
4. 66°51'60 N – 19°21'89 V
5. 66°38'32 N – 19°24'68 V

3. Norðan Haganesvíkur á svæði er markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°22'10 N – 19°32'30 V
2. 66°26'99 N – 19°32'94 V
3. 66°29'48 N – 18°58'76 V
4. 66°23'98 N – 18°53'78 V

Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. Fyrir Norðausturlandi á svæði sem að vestan markast af línu sem dregin er 10° réttvísandi frá Hraunhafnartanga (viðmiðunarstaður 9) og að austan af línu, sem dregin er 45° réttvísandi frá Langanesi (viðmiðunarstaður 10). Að utan markast svæðið af línu sem dregin er 20 sjómílnur utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, en að sunnan af línu sem dregin er 12 sjómílnur utan við viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
5. Á Langanessgrunni á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°36'39 N – 13°57'27 V
2. 66°40'53 N – 13°47'16 V
3. 66°37'72 N – 13°37'58 V
4. 66°31'81 N – 13°42'41 V
5. 66°29'29 N – 13°39'41 V
6. 66°38'28 N – 13°10'60 V
7. 66°48'28 N – 13°28'79 V
8. 66°48'29 N – 13°47'64 V
9. 66°55'07 N – 14°01'34 V
10. 66°40'00 N – 14°15'00 V

6. Á Digranesflaki á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°12'00 N – 13°48'00 V
2. 66°23'00 N – 12°51'00 V
3. 66°14'00 N – 12°40'00 V
4. 66°03'00 N – 12°40'00 V
5. 65°56'00 N – 13°31'00 V

7. Á Glettinganessgrunni á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°33'64 N – 12°51'07 V
2. 65°23'99 N – 12°49'52 V
3. 65°32'33 N – 12°26'34 V
4. 65°26'46 N – 12°11'41 V

8. Á Breiðdalsgrunni á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°04'80 N – 13°19'50 V
2. 64°33'00 N – 13°23'00 V
3. 64°33'00 N – 12°40'00 V
4. 64°25'00 N – 12°34'00 V
5. 64°16'00 N – 12°46'80 V
6. 64°08'00 N – 13°02'55 V

9. Við Hrollaugseyjar á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°11'00 N – 15°42'50 V
2. 63°58'50 N – 15°24'50 V
3. 63°54'20 N – 15°46'50 V
4. 63°54'00 N – 15°59'00 V
5. 64°02'00 N – 16°11'20 V

Að norðan markast svæðið af stórstraumsfjöruborði.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands öðlast gildi frá og með 23. júlí 1993.

Frá sama tíma eru felldar úr gildi eftirgreindar reglugerðir:

1. Reglugerð nr. 394, 17. ágúst 1989 um fríðunarsvæði við Ísland með áorðnum breytingum.
2. Reglugerð nr. 174, 25. apríl 1990 um bann við togveiðum við Hrollaugseyjar.
3. Reglugerð nr. 65, 25. febrúar 1992 um bann við veiðum út af Breiðafirði.
4. Reglugerð nr. 111, 15. mars 1993 um bann við togveiðum í Reykjafjarðarál og á Kolkugrunni.
5. Reglugerð nr. 348, 24. september 1992 um bann við togveiðum á Strandagrunni.
6. Reglugerð nr. 88, 8. mars 1993 um bann við togveiðum á Sporðagrunni.
7. Reglugerð nr. 365, 9. október 1992 um bann við togveiðum á Langanesgrunni.
8. Reglugerð nr. 366, 12. október 1992 um bann við togveiðum á Digranesflaki.
9. Reglugerð nr. 266, 6. júlí 1993 um bann við togveiðum vestan Hvalbakshalla.
10. Reglugerð nr. 51, 3. febrúar 1993 um bann við togveiðum fyrir Austurlandi.
11. Reglugerð nr. 263, 5. júlí 1993 um bann við togveiðum á Breiðdalsgrunni.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Pórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um bann við tog- og línuveiðum norður af Horni.

1. gr.

Frá og með 23. júlí 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu ásamt línuveiðum bannaðar á svæði norður af Horni, sem markast af línu sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 66°33'00 N – 23°31'50 V
2. 66°39'50 N – 23°47'00 V
3. 66°42'50 N – 23°42'50 V
4. 66°57'50 N – 22°00'00 V
5. 67°02'00 N – 22°00'00 V
6. 67°02'94 N – 21°45'00 V
7. 66°29'20 N – 21°45'00 V

Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands öðlast gildi frá og með 23. júlí 1993.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Pórdur Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um bann við tog- og línuveiðum á Halamiðum.

1. gr.

Frá og með 23. júlí 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu ásamt línuveiðum bannaðar á svæði fyrir Vestfjörðum, sem markast af línu, sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 66°44'00 N – 24°39'00 V
2. 66°52'00 N – 24°35'00 V
3. 66°52'50 N – 24°13'00 V
4. 66°56'00 N – 23°59'00 V
5. 66°56'00 N – 23°41'00 V
6. 66°49'00 N – 23°30'00 V
7. 66°44'00 N – 24°10'00 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands öðlast gildi frá og með 23. júlí 1993. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 54 15. febrúar 1993 um bann við togveiðum á Halamiðum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Pórdur Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 – 1993

Nr. 286

530

26. júlí 1993

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 246 14. júní 1993 um loðnuveiðar 1993/1994.

1. gr.

1. tl. 3. gr. reglugerðarinnar, orðist svo: Loðnuveiðar eru bannaðar vestan 19°00 V. sunnan línu, sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 67°45'0 N – 19°00'0 V
2. 67°45'0 N – 22°00'0 V
3. 66°00'0 N – 27°00'0 V

Syðri mörk svæðisins út af Vestfjörðum markast af 66°00 N.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands öðlast gildi frá og með 28. júlí 1993.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júlí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 287

26. júlí 1993

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 346, 7. september 1992 um þorskfisknet.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allar veiðar í þorskfisknet í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar frá og með 1. júlí til og með 31. júlí ár hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júlí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 1993

7. júlí 1993

531

Nr. 288

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku
fóðurgjaldi vegna afurða alifugla og svína,
sbr. breytingu með reglugerð nr. 497/1992.

1. gr.

1. mgr. 15. gr. rg. nr. 32/1990, sbr. 5. gr. rg. nr. 497/1992 orðist svo:

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds skal reiknuð eftir seldum afurðum þannig að endurgreitt verði:

Fyrir hvert kg svínakjöts	4.9 kg fóðurs
Fyrir hvert kg eggja	3.2 kg fóðurs
Fyrir hvert kg kjúklinga- og alifuglakjöts	3.7 kg fóðurs
Fyrir hvert kg kjöts af öðrum alifuglum	3.7 kg fóðurs

2. gr.

4. mgr. 15. gr. rg. nr. 32/1990, sbr. rg. nr. 497/1992, orðist svo:

Egg sem fara til útungunar reiknast þannig, að fyrir hvert kg eggja til framleiðslu holdakjúklinga reiknist 8,1 kg fóðurs og fyrir framleiðslu eggja til eldis varpflugla, reiknist 4,5 kg fóðurs á kg eggja. Þeir framleiðendur sem fá endurgreitt skv. þessari málsgrein, skulu mánaðarlega skila skýrslum um útungun og ráðstöfun framleiðslunnar til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. ágúst 1993.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. júlí 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

7. júlí 1993

Nr. 289

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 118 11. maí 1993, um humarveiðar 1993.

1. gr.

Við 10. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að framselja minna aflamark í humri til báta, sem stunda rækjuveiðar á Eldeyjarsvæði og ekki hafa humaraflahlutdeild fyrir. Aflamark það sem framselt er má þó aldrei vera hærra en nemur eðlilegum humaraukaaflla við rækjuveiðarnar að mati Fiskistofu.

Steindórsprent Gutenberg hf.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 290

12. júlí 1993

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin

1. stöðvunarskylda á Bólstaðarhlíð við Lönguhlíð.
 2. stöðvunarskylda á Porragötu við Suðurgötu.
 3. stöðvunarskylda á Laugarásvegi við Sundlaugaveg.
 4. stöðvunarskylda á Fálkabakka við Arnarbakka.
 5. biðskylda á Bragagötu við Bergstaðastræti.
 6. stöðvunarskylda á Hvera- og Frostafold við Fjallkonuveg.
- Ennfremur hefur verið ákveðið
1. að biðskylda verði á húsagötu frá húsum nr. 17–23 við Sólheima.
 2. að biðskylda verði á húsagötu frá húsum nr. 23A–27 við Sólheima.
 3. að biðskylda verði á Gladhheimum við Sólheima.
 4. að biðskylda verði á húsagötu, botngötu, frá nr. 10–24 við Gladhheima.
 5. að biðskylda verði á Godheimum við Gladhheima.
 6. að biðskylda verði á Godheimum við Sólheima.

Ákvörðun þessi tekur gildi 28. júlí 1993.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. júlí 1993.

Böðvar Bragason.

Nr. 291

16. júlí 1993

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu skyldusparnaðar til námsmanna.

1. gr.

Sá sem stundað hefur eða mun fyrirjáanlega stunda nám í sex mánuði samfelld samkvæmt vottorði skóla, á rétt á endurgreiðslu skyldusparnaðar út árið 1993.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 61/1993 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988 með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júlí 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um Flugmálastjórn, skipulag, starfshætti og verkefni.

1. gr.

Hutverk Flugmálastjórnar er að:

- a) framfylgja lögum, reglugerðum og fyrirmælum um flugmál,
- b) rækja alþjóðleg eða fjölþjóðleg samskipti á sviði flugmála,
- c) fylgjast náið með þróun og viðgangi flugmála innanlands og utan,
- d) styðja og veita aðhald innlendum flugrekstri,
- e) gera heildaráætlanir um flugsamgöngur á landinu, með hliðsjón af líklegri þróun í flugmálum og hagkvæmni í samgöngum,
- f) gera tölulegt yfirlit yfir þróun flugsamgangna hverju sinni,
- g) rannsaka flugslys og óhöpp, og önnur þau atvik, þar sem ástæða er til að ætla að loftfari, flugmannvirkjum á jörðu eða rekstri þeirra sé eða hafi verið áfátt til muna, svo og að vinna fyrirbyggjandi starf.

2. gr.

Flugmálastjórn greinist í eftirtaldar aðaldeildir:

- a) alþjóðamál,
- b) fjármálastjórn,
- c) flugleiðsöguþjónustu,
- d) flugslysarannsóknir,
- e) flugumferðarþjónustu,
- f) flugvallarþjónustu,
- g) loftferðaeftirlit.

Aðaldeildir skiptast í undirdeildir í samræmi við verkefni og skipurit Flugmálastjórnar, sem samgönguráðherra staðfestir hverju sinni.

3. gr.

Flugmálastjóri er stjórnandi Flugmálastjórnar. Hann stjórnar stofnuninni í samræmi við stefnumörkun, sem felst í lögum, reglum og fyrirmælum ráðherra. Hann skal fylgjast náið með þróun flugmála og hafa frumkvæði um allt, sem til betri vegar horfir.

Forstöðumaður hvernar aðaldeildar gegnir stöðu framkvæmdastjóra, forstöðumenn undirdeilda gegna stöðu deildarstjóra.

4. gr.

Framkvæmdastjórar stýra störfum deilda sinna og deila niður verkefnum. Þeir skulu vera sjálfstæðir í starfi, en bera ábyrgð gagnvart flugmálastjóra á verksviði deilda sinna. Þeir skulu gæta fyllstu hagkvæmni í rekstri og framkvæmdum. Staðgenglar skulu gegna störfum framkvæmdastjóra í forföllum þeirra.

5. gr.

Deildarstjórar skulu starfa sjálfstætt að verkefnum deilda sinna og bera ábyrgð gagnvart framkvæmdastjórum.

6. gr.

Umdæmisstjórar Flugmálastjórnar skulu vera: Einn í Vestfjarðakjördæmi, einn í Norðurlandskjördæmum eystra og vestra, einn í Austurlandskjördæmi og einn í Suðurlands- og Vesturlandskjördæmum. Þeir heyra undir framkvæmdastjóra flugvallarþjónustu.

7. gr.

Framkvæmdastjórum, deildarstjórum og umdæmisstjórum skulu sett erindisbréf um verksvið þeirra.

8. gr.

Flugmálastjóri skal halda a.m.k. mánaðarlega fundi með framkvæmdastjórum aðaldeilda, þar sem rædd eru verkefni síðastliðins mánaðar og verkefni þess næsta skipulögð. Skal þar sérstaklega fylgst með þróun framkvæmda- og rekstraráætlana. Í fjarveru framkvæmdastjóra mæta staðgenglar. Haldin skal fundargerðarbók.

9. gr.

Framkvæmdastjórar skulu halda fundi með deildarstjórum eigi sjaldnar en á fimmtán daga fresti, þar sem verk eru skipulögð og fylgt eftir. Á þeim fundum skal rita fundargerð.

10. gr.

Verksvið aðaldeilda eru í höfuðatriðum sem hér segir:

Alþjóðamál:

- Samskipti við alþjóðastofnanir.
- Samstarf við útlönd.
- Alþjóðaflugþjónustan.
- Heimildir til flugs um íslenska lofthelgi.
- Flugréttarleg málefni vegna loftflutninga.

Fjármálastjórn:

- Gerð tillögu að flugmálaáætlun í samráði við aðrar aðaldeildir.
- Gerð fjárlagatillagna.
- Yfirstjórn fjármála.
- Eftirlit með því að framkvæmdir og rekstur séu innan fjárlaga.
- Færsla bókhalds.
- Starfsmannahald.
- Gerð almennra starfsreglna.
- Almennt skrifstofuhald og skjalavarsla.
- Tölfræðileg gagnaöflun og úrvinnsla.
- Útgáfa árbókar flugmálastjórnar.
- Útboð verkefna í samráði við aðrar aðaldeildir.

Flugleiðsöguþjónusta:

- Rekstur og viðhald allra flugleiðsögu- og fjarskiptatækja, ljósabúnaðar flugvalla og búnaðar upplýsingadeildar, flugstjórnarstöðva og flugradíóstöðva.
- Hönnun og nýframkvæmdir við flugleiðsögutæki og ljósabúnað flugvalla.
- Rekstur upplýsingadeildar, útgáfa og hönnun flugkorta, ásamt tilkynningarskyldu (NOTAM) fyrir flug.
- Stjórn starfsmanna flugleiðsöguþjónustu.
- Gerð rekstrar- og viðhaldsáætlunar vegna flugleiðsögu.
- Nýframkvæmdir og eftirlit með fjarskipta- og flugleiðsögutækjum og ljósabúnaði flugvalla.
- Flugprófanir flugleiðsögustöðva.
- Gerð útboðsgagna og kostnaðaráætlana vegna nýframkvæmda.

Menntunar- og þjálfunarmál rafeindavirkja.
Fylgjast grannt með öllum nýjum lausnum við flugleiðsögu.

Flugslýsarannsóknir:

Rannsaka slyss og óhöpp, sem verða við notkun loftfara, svo og önnur atvik, þar sem legið hefur við flugslýsi, eða ástæða er til þess að ætla, að loftfari, flugmannvirkjum á jörðu eða rekstri þeirra sé eða hafi verið áfátt til muna.

Semja skýrslu að lokinni rannsókn um niðurstöður hennar og gera tillögur í öryggisátt. Aðstoða og hafa samvinnu við flugslýsanefnd.
Hafa samvinnu við rétt yfirvöld um rannsóknir á brotum gegn loftferðalögum.
Halda uppi fyrirbyggjandi starfi á sviði flugöryggis.

Flugumferðarþjónusta:

Rekstrar- og skipulagsmál flugumferðarþjónustu.
Gerð rekstrar- og viðhaldsáætlunar vegna flugumferðarstjórnar.
Menntunar- og þjálfunarmál flugumferðarstjóra.
Gerð áætlana um þróun flugumferðar í millilandaflugi og innanlandsflugi.
Leitar- og björgunarþjónusta.
Útgáfa tæknilegra starfsreglna vegna flugumferðarþjónustu.

Flugvallarþjónusta:

Rekstur og viðhald flugvalla landsins.
Stjórn starfsmanna flugvallarþjónustu.
Gerð rekstrar- og viðhaldsáætlunar fyrir flugvelli.
Gerð áætlana um skipulag flugsamgangna.
Hönnun flugvalla og mannvirkja á þeim.
Nýframkvæmdir við gerð flugvalla, og mannvirkja á þeim, eða umsjón með framkvæmdum.
Gerð útboðsgagna og kostnaðaráætlana vegna nýframkvæmda.
Fylgjast náið með öllum nýjum lausnum við gerð flugvalla og mannvirkja á þeim.

Loftferðaeftirlit:

Umsjón með flugkennslu, flugnámi og útgáfu skírteina flugliða, flugvéltækna, flugumferðarstjóra, flugumsjónarmanna og flugradíómanna.
Eftirlit með flugliðum.
Skráning loftfara og eftirlit með lofthæfi.
Eftirlit með flugrekstri, þ.m.t. sérleyfum og áætlunarleyfum.
Aðstoð við flugslýsanefnd.
Samvinna við rétt yfirvöld um rannsóknir á brotum gegn loftferðalögum.
Skráning kærumála sem tekin hafa verið fyrir og birting úrdráttar úr henni árlega.

11. gr.

Í skipuriti má færa verkefni milli aðaldeilda, ef þurfa þykir og það horfir til sparnaðar eða hagræðingar.

12. gr.

Öllum stjórnendum Flugmálastjórnar ber hverjum á sínu sviði að vinna að góðu skipulagi og hagkvæmum rekstri og fylgjast vel með nýjungum, sem til framfara horfa. Þeim ber að leggja fyrir flugmálastjóra tillögur sínar og ábendingar um endurbætur á sínu verksviði og hafa nána samvinnu um sameiginleg mál.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 276/1983 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 12. júlí 1993.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóð Richard Serra.

1. gr.

Sjóður Richard Serra er stofnaður í tilefni af gjöf listamannsins, myndverkinu Áfangar, sem reist var í Viðey í tengslum við Listahátíð í Reykjavík 1990. Vísast hér með til samkomulags þar um, sem lögformlega er undirritað af gefanda listaverksins og viðtakendum. Viðtakendur gjafarinnar voru Listahátíð í Reykjavík, Listasafn Íslands og Reykjavíkurborg.

2. gr.

Markmið sjóðs Richard Serra er að efla höggmyndalist á Íslandi með því að veita ungum myndhöggvurum sérstök framlög til viðurkenningar á listsköpun þeirra.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, skv. ofangreindu samkomulagi, er eitt hundrað þúsund þýsk mörk – 100.000,00 DM. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en gjafafé sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggjast við hann og ávaxtast með sama hætti (sbr. 4. gr.).

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Tekjur sjóðsins eru raunvextir af stofnfé og öðrum framlögum til sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Einn skipaður af Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík, einn skipaður af Sambandi íslenskra myndlistarmanna og einn af Listasafni Íslands. Þessir aðilar skipa einnig varamenn. Fulltrúi Listasafns Íslands er formaður stjórnar. Stjórnin er skipuð til tveggja ára í senn. Stjórnin skipti að öðru leyti með sér verkum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum annað hvert ár, í fyrsta skipti árið 1992. Stjórnin ákvarðar hvernig staðið skuli að úthlutun hverju sinni.

7. gr.

Gera skal ársreikninga fyrir hvert almanaksár. Ársreikningur, endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, skal fullgerður og undirritaður af stjórn sjóðsins í lok janúar næsta almanaksárs.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting fær þó gildi, nema stjórn sjóðsins sé einhuga um hana.

9. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður nema með samþykki Richard Serra og erfingja hans og einhuga samþykki stjórnar. Ef sjóðurinn er lagður niður renna eigur hans til Myndhöggvarafélagsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum er verða kunna á henni, sbr. 8. gr.

Reykjavík, 30. apríl 1992.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. júlí 1993.

F. h. r.

Jón Thors.

Margrét Hauksdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum nr. 244 24. maí 1987 um mælingar skipa.

1. gr.

4. tl. 1. gr. orðist svo:

Öll önnur gömul skip frá og með 18. júlí 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um skipamælingar nr. 50/1970, sbr. lög nr. 34/1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 6. júlí 1993.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í ágúst mánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í ágúst mánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið Útborgun 7,1%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í ágúst mánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. júlí 1993.

F. h. r.

Arndís Steinþórsdóttir.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um jöfnunartoll á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á miðað við kr./kg. Þó skal samanlagður tollur, jöfnunargjald og jöfnunartollur aldrei vera hærri en 46 % af tollverði vara í vörulið 1806 og aldrei hærri en 37% af tollverði vara í vörulið 1905.

Tollskrárn.	kr./kg	Tollskrárn.	kr./kg
1806.2009	49	1905.3011	28
1806.3101	51	1905.3019	16
1806.3109	51	1905.3021	49
1806.3202	49	1905.3029	37
1806.3203	20	1905.3030	11
1806.3209	19	1905.4000	27
1806.9002	17	1905.9011	68
1806.9003	48	1905.9019	9
1806.9005	54	1905.9020	4
1806.9006	48	1905.9040	74
1806.9007	49	1905.9051	93
1806.9009	41	1905.9059	61
1905.2000	59	1905.9090	86

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu jöfnunartolls skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á honum í ríkissjóð eftir fyriræmum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987, öðlast gildi 1. ágúst 1993 og gildir til 31. október 1993. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 243/1992.

Fjármálaráðuneytið, 22. júlí 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

REGLUGERÐ

**um rannsóknastöðu í fornleifafraeði við Þjóðminjasafn Íslands
í minningu dr. Kristjáns Eldjárns.**

1. gr.

Við Þjóðminjasafn Íslands skal vera sérstök rannsóknastaða, tengd nafni dr. Kristjáns Eldjárns fyrrum þjóðminjavarðar og forseta Íslands, og er hún stofnuð 6. desember 1986, þegar liðin eru 70 ár frá fæðingu hans.

2. gr.

Staðan er ætluð fræðimönnum er sinna rannsóknum á íslenskum fornminjum eða öðrum þáttum íslenskrar menningarsögu sem falla undir verksvið Þjóðminjasafnsins.

Þeir sem stöðunni gegna taka laun sem lausráðnir sérfræðingar eftir sérstöku samkomu-
lagi við Þjóðminjasafn Íslands eftir því sem fjárveitingar til stofnunarinnar leyfa.

3. gr.

Ráðið skal í stöðuna til eins árs að jafnaði, og má framlengja ráðningu um allt að eitt ár í senn. Þó verði ráðningartími aldrei lengri en þrjú ár samfellt. Staðan skal auglýst, og ræður menntamálaráðherra í hana að fenginni tillögu þjóðminjavarðar.

4. gr.

Að ráðningartímabili loknu skal sérfræðingurinn birta fræðilega skýrslu eða vísindalega ritgerð um rannsóknir sínar.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt þjóðminjalögum, nr. 88/1989, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 491/1986.

Menntamálaráðuneytið, 1. júlí 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja, er taki gildi 1. ágúst 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 458, 27. september 1991, ásamt br. nr. 468, 23. desember 1992:

Líðirnir C.2 Daghitun, húshitun rofin og C.3 Næturhitun, húshitun, hækki um 6%. Aðrir líðir gjaldskrárinnar verði óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 27. júlí 1993.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

Hitaveitu Seyluhrepps.

I. KAFLI

Rekstrarform.

1. gr.

Hitaveita Seyluhrepps er sjálfstætt fyrirtæki sem Seyluhreppur starfrækir.

2. gr.

Tilgangur hitaveitunnar er að afla, selja og veita varmaorku um orkuveitusvæði sitt og reka aðra þá starfsemi sem því tengist.

3. gr.

Orkuveitusvæði hitaveitunnar er Seyluhreppur.

Hitaveitan hefur einkarétt til dreifingar og sölu varmaorku á orkuveitusvæði sínu.

4. gr.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum sveitarstjórnar og er henni heimilt að skipa þrjá menn í veitustjórn og ráða framkvæmdastjóra.

5. gr.

Veitustjórn skipa þrír menn og þrír til vara sem kosnir eru af sveitarstjórn. Kjörtímabil hennar skal vera hið sama og sveitarstjórnar. Veitustjórn skiptir með sér verkum.

6. gr.

Veitustjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti hennar sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum. Ákvörðun sem hefur meiriháttar áhrif á rekstur eða eignarstöðu hitaveitunnar má þó ekki taka án þess að allir veitustjórnarmenn hafi átt þess kost að fjalla um málið.

7. gr.

Verkefni veitustjórnar er:

- 1) að hafa eftirlit með því að skipulag hitaveitunnar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi;

- 2) að ákveða framkvæmdir varmaorkumála á orkuveitusvæði hitaveitunnar í samræmi við samþykki sveitarstjórnar og ákvæði sveitarstjórnarlaga;
- 3) að semja gjaldskrá fyrir veituna og leggja hana fyrir sveitarstjórn;
- 4) að undirbúa samninga um orkukaup og orkusölu;
- 5) að semja fjárhagsáætlanir og leggja fyrir sveitarstjórn;
- 6) að gera tillögur um ráðningu fastra starfsmanna hitaveitunnar til sveitarstjórnar;
- 7) að gefa sveitarstjórn þær skýrslur sem óskað er eftir;
- 8) að semja nánari reglur um einstök framkvæmdaatriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist og leggja þær fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

8. gr.

Sveitarstjórn ræður framkvæmdastjóra hitaveitunnar að fengnum tillögum veitustjórnar. Framkvæmdastjóri annast allan daglegan rekstur veitunnar og skal í þeim efnum fara eftir ákvörðun veitustjórnar.

Framkvæmdastjóri situr fundi veitustjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

9. gr.

Hitaveitan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og sjálfstætt reikningshald. Reikningsár hitaveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar fylgja reikningum sveitarsjóðs og vera endurskoðaðir af endurskodendum hans.

Tekjum hitaveitunnar skal fyrst og fremst varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði þannig að tryggður sé öruggur rekstur veitunnar svö og til greiðslu afborgana og vaxta af skuldum hennar. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af sveitarstjórn að fengnum tillögum veitustjórnar.

Við gerð gjaldskrár skal þess gætt að orkuverð sé við það miðað að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins.

Að því skal unnið að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi og geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga orku á hagkvæmu verði.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

10. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu sem tengist veitukerfi hitaveitunnar nefnist húseigandi.

Kaupandi varmaorku eða sá, sem ber ábyrgð á greiðslu hennar, nefnist notandi.

11. gr.

Varmaorkan er afhent um veitukerfi hitaveitunnar samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá.

Hitaveitunni er heimilt að semja sérstaklega um sölu varmaorku utan almennra söluskilmála enda sé fulls jafnræðis gætt milli samskonar notenda. Slíkir samningar skulu háðir samþykki sveitarstjórnar.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign hitaveitunnar. Hitaveitan getur heimilað notkun þess til upphitunar í gróðurhúsum, bílastæðum og öðrum stöðum. Frágangur lagna og búnaðar vegna slíkrar notkunar skal vera samkvæmt fyrirmælum hitaveitunnar. Hitaveitan getur afturkallað slíkt leyfi án bóta, ef nauðsynlegt er vegna almennra orkusparnaðarsjónarmiða.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og/eða annan slíkan búnað við bakrennslið nema að fengnu samþykki hitaveitunnar.

Óheimilt er að tengja kranavatn við hitaveitukerfi.

12. gr.

Varmaorkan er afhent í formi heits vatns. Hitaveitan skal gefa kaupendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting og hitastig í stofnlögnum sé þess óskað.

13. gr.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni heita vatnsins eru án ábyrgðar hitaveitunnar. Um breytingar sem stafa af óviðráðanlegum ástæðum skal hitaveitan tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara, svo fremi að það sé unnt.

14. gr.

Endursala varmaorku er óheimil án samþykkis hitaveitunnar.

III. KAFLI

Veitukerfið.

15. gr.

Hitaveitan leggur, kostar og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss að og með mælagrindum ásamt tilheyrandi búnaði. Hún annast rekstur og viðhald eigin veitukerfis.

16. gr.

Húseiganda innan orkuveitusvæðis hitaveitunnar, þar sem veitukerfi hitaveitunnar liggur, er skylt að láta tengja hús sitt við hitaveituna. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

17. gr.

Hitaveitan annast tengingu eigin veitukerfis við húsveitu kaupanda. Við slíka framkvæmd skal hitaveitan halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skal hitaveitan færa allt rask til fyrra horfs eins og við verður komið. Hitaveitan ákveður staðsetningu mælagrinda og inntaks í samræði við húseiganda. Húseigandi á ekki kröfu um sérstaka greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar veitukerfisins.

18. gr.

Húseigandi greiðir stofn heimæðar og mælagrindargjald samkvæmt gjaldskrá.

19. gr.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi/kaupandi annast og kosta. Húseigandi/kaupandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans. Húseigandi skal fyrirfram afla samþykkis hitaveitu fyrir öllum framkvæmdum, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi hennar.

20. gr.

Hitaveitan hefur rétt til aðgangs að húsnæði því sem veitukerfi hennar liggur um til viðhalds, eftirlits og breytinga.

Ef inntak hitaveitu og mælagrind eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stökk sem auðvelt er að opna.

IV. KAFLI

Húsveitur og tenging þeirra við hitaveituna.

21. gr.

Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytinga á eldri kerfum, skal sækja um orkukaupin eða breytinguna til hitaveitunnar á þar til gerðum eyðublöðum sem

skrifstofa hennar lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar.

Áhleypingu (tengingu) skal sækja um til hitaveitunnar með minnst fjögurra daga fyrirvara.

Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

Hitaveitunni er heimilt að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar ef húsið er kjallaraalaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrindur og/eða annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfalið í gólfi og það húsrými skal vera aðgengilegt starfsmönnum hitaveitu.

22. gr.

Teikningar skulu uppfylla almennar reglur um hönnun heitavatnslagna, lofthitunar-kerfa og loftræstikerfa, reglur byggingasamþykktar og byggingarskilmála.

Samþykki hitaveitunnar á tengingu húsveitu við veitukerfi sitt og/eða úttekt felur ekki í sér ábyrgð á hugsanlegum ágöllum við hönnun, gerð eða frágang húsveitunnar.

23. gr.

Starfsmenn hitaveitunnar eiga ætíð rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er til athugunar á öryggi þeirra þ.m.t. tækja, til athugunar á mælitækjum og hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá, til álestrar á mælitæki, til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru skv. réttindum og skyldum hitaveitunnar.

Húseiganda og/eða notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt kranavatn sé þess óskað.

Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, eða öðrum reglum sem í gildi eru eða settar kunna að verða, getur hitaveitan stöðvað verkið þar til úr því verður bætt.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleyppt á hitakerfið.

24. gr.

Sé húsveita tengd veitukerfi hitaveitunnar án heimildar getur hitaveitan aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

25. gr.

Húseigandi og/eða notandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu hitaveitunnar.

Húseiganda og/eða notanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum hennar.

Húseigandi og/eða notandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar sem verður fyrir skemmdum af þeirra völdum.

V. KAFLI

Skilmálar fyrir orkusölu.

26. gr.

Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynningar hjá hitaveitunni þess efnis.

27. gr.

Skilyrði varmaorkusölnunnar er að í gildi sé samþykkt umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Purfi að takmarka notkun varmaorku um lengri eða skemmri tíma ákveður hitaveitan hvornig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalda (fasts aflgjalds eða mæligjalds).

Hitaveitunni er ekki skylt að greiða bætur eða veita afslátt vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku.

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri svo fljótt sem verða má.

28. gr.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð orkumæla.

Starfsmenn hitaveitunnar mega innsigla orkumæla.

Ef rofið er innsigli á búnaði hitaveitunnar varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Ef notandi óskar að mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna er heimilt að gera kaupanda að greiða mælaálestursgjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða hitaveitan, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

Notendur sem hafa hemil eiga ekki rétt á endurgreiðslu á föstu aflgjaldi þótt þeir hafi ekki getað náð því afli sem fasta greiðslan er miðuð við, en hitaveitunni er skylt að leiðréttá skekkju hemilsins svo fljótt sem audið er.

29. gr.

Notandi skal greiða hitaveitunni gjald fyrir varmaorkuna samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Við breytingar á gjaldskrá skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hvernar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til. Hitaveitan má byggja orkureikning á áætlun um varmaorkunotkun kaupanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun.

Reikningar sem byggjast á staðreyndri varmaorkunotkun nefnast álestrarreikningar, en reikningar sem byggjast á áætlaðri orkunotkun nefnast áætlunarreikningar. Raunverulega varmaorkunotkun skal staðreyna eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar varmaorkunotkun hefur verið staðreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Kaupandi getur þó jafnan gegn greiðslu mælaálestursgjalds krafist aukaálestrar og uppgjörðs miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um varmaorkunotkun vegna nýrra forsendna.

Ef mælir bilar eða orkukaup eru leyfð tímabundið án mælis áætla hitaveitan selda varmaorku með hliðsjón af hitaþörf hússins. Reikninga skal senda kaupanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur.

Gjalddagi reikninga er útgáfudagur. Eindagi er 15 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað. Útsending varmaorkureikninga skal fara fram eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Heimilt er að skipta reikningi vegna varmaorkukaupa um einn mæli, enda komi fram um það skrifleg ósk frá öllum notendum mælisins, sé það gert bera kaupendur um þann mæli allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á greiðslu hvers reiknings.

Verði vanskil á greiðslu eins eða fleiri reikninga er hitaveitunni heimilt að stöðva orkuafhendingu um hinn sameiginlega mæli samanber 1. mgr. 30. gr. Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunar- eða álestursreikning, má hitaveitan reikna dráttarvexti frá eindaga reiknings hverju sinni.

30. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að stöðva afhendingu varmaorku til húsveitu (mælis) kaupanda sem greiðir ekki áætlunar- eða álestrarreikning eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undangenginni skriflegri aðvörun sem sendist kaupanda með 5 daga fyrirvara. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar. Hitaveitan hefur rétt til að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar, framkvæmd stöðvunarinnar, svo og opnun veitunnar á ný.

Enginn má af/eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem hitaveitan hefur veitt umboð til þess. Sé brotið gegn þessu skal farið með það sem óleyfilega orkunotkun. Verði uppvíst að varmaorka hafi verið notuð á annan hátt, en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun skal hitaveitan áætla þá varmaorku sem notuð var óleyfilega.

31. gr.

Nú vanrækir húseigandi/kaupandi að vinna verk sem honum ber samkvæt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er hitaveitunni þá heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað hans.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

32. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má innheimta með fjárnámi.

33. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggir við að lögum.

34. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

35. gr.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Seyluhrepps staðfestist hér með samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Íðnaðarráðuneytið, 27. júlí 1993.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 277, 14. júní 1991,
fyrir Fiskveiðasjóð Íslands.**

1. gr.

2. mgr. 3. gr. fellur niður.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. júlí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 301

26. júlí 1993

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 264, 31. desember 1971
um raforkuvirki, með áorðnum breytingum.**

1. gr.

I. kafli hljóði svo:

Verksvið og tilhögun rafmagnseftirlits.**1.1 Skilgreiningar.**

Ábyrgðaraðili: Sá aðili sem ber ábyrgð á markaðssetningu raffangs hér á landi. Ábyrgðaraðili getur verið framleiðandi, umboðsmaður framleiðanda eða innflytjandi. Á ábyrgðaraðila hvíla ákveðnar skyldur umfram aðra seljendur.

CCA (CENELEC CERTIFICATION AGREEMENT): Samkomulag evrópska raftækni-
staðlasambandsins (CENELEC) um vottanir.

*CEE (INTERNATIONAL COMMISSION ON RULES FOR THE APPROVAL OF
ELECTRICAL EQUIPMENT):* Alþjóðanefndin um reglur um samþykki raffanga.

CENELEC (COMITÉ EUROPÉEN DE NORMALISATION ELECTROTECHNIQUE):
Evrópska raftækniastaðlasambandið.

Faggilding: Aðferð sem þar til bær aðili beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni.

Gerðarmerki (type identification): Nafn eða númer sem aðgreinir rafföng sama framleiðanda.

Heildarskoðun: Skoðun á öllum raforkuvirkjum/neysluveitum.

Iðnaðarveita: Veita, sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum:

- Aðflutt raforka kemur með háspennu inn í virki veitunnar, eða er framleidd í eigin aflstöð á veitusvæðinu eða hvort tveggja.
- Veitan skal vera óháð öðrum rafveitum um val á varnarráðstöfunum gegn of hárrí snertispennu.
- Dagleg varsla og viðhald raforkuvirkjana skal vera falin rafvirkjum fyrirtækisins eða rafvirkjum í þjónustu rafverktaka, sem samkvæmt sérstökum samningi er skyldur til að hafa ætíð næga starfskrafta á staðnum.

IEC (INTERNATIONAL ELECTROTECHNICAL COMMISSION): Alþjóðaraftækni-
nefndin.

Innra eftirlit: Skilgreint eftirlitskerfi, sem rafveitum ber að koma sér upp til að tryggja öryggi eigin raforkuvirkja.

Landsskrá yfir rafverktaka: Upplýsingar um alla löggilta rafverktaka, sem RER skráir.

LÍR: Landssamband íslenskra rafverktaka.

Lokayfirferð rafverktaka: Yfirferð allra raforkuvirkja með samanburði við teikningar og verklýsingar þ.m.t. verklagsreglur RER og skráning á reyndarteikningar og í yfirferðarskýrslur eins og við á.

Löggilding til rafvirkjunarstarfa: Leyfi sem RER veitir aðilum til rafvirkjunarstarfa, á eigin ábyrgð, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Löggiltur rafverktaki: Aðili sem hlotið hefur löggildingu RER til rafvirkjunarstarfa.

Markaðseftirlit: Markvisst og skipulegt eftirlit með rafföngum á markaði.

Markaðsgæsla: Skipulögð og skilgreind starfsemi til að tryggja að rafföng á markaði uppfylli ákvæði um öryggi og séu ekki hættuleg.

Miðlæg skrá: Upplýsingar um neysluveitur á öllu landinu, í umsjá RER.

Neysluveita: Raflögn innan við stofnkassa (eða búnað, sem gegnir hlutverki stofnkassa), ásamt neyslutækjum, sem tengd eru við dreifikerfi rafveitu. Á einni heimtaug geta verið fleiri en ein neysluveita.

Raffang: Hvers konar hlutur sem að einhverju leyti kemur að gagni við nýtingu raforku, þ.e. til vinnslu, flutnings, dreifingar, geymslu, mælinga, breytinga og notkunar raforku, svo sem spennar, hreyflar, mælitæki, neyslutæki, varnarbúnaður og búnaður til raflagna og ætlaður er til notkunar við málspennu allt að 1000 V riðspennu og 1500 V jafnspennu.

Raforkuvirki: Mannvirki til vinnslu, dreifingar eða notkunar raforku.

Rafveita: Auk hinnar hefðbundnu skilgreiningar, að rafveita sé fyrirtæki sem miðlar og/eða selur raforku, er heitið hér einnig notað yfir fyrirtæki sem framleiðir raforku.

RER: Rafmagnseftirlit ríkisins.

Reyndarteikning: Teikning er sýnir endanlegan frágang verks, t.d. endanlegt samhengi og tengingar raflagnar.

RSÍ: Rafiðnaðarsamband Íslands.

Seljandi: Framleiðandi raffangs, umboðsmaður framleiðanda, innflytjandi, milliliður á síðari stigum, dreifingaraðili eða smásali, þ.m.t. rafverktaki sem selur raflagnaefni.

SÍR: Samband íslenskra rafveitna.

Sköðun: Faglegt mat á hönnun raforkuvirkja, frágangi þeirra og samsetningu eða þjónustu við þau, til að ákvarða samræmi þeirra við kröfur gildandi reglugerðar.

Sköðunarstofa: Óháður faggiltur aðili sem annast sköðun.

Staðlað raforkuvirki: Fleiri en eitt raforkuvirki sem gerð eru eftir sömu teikningu, t.d. dreifistöðvar.

Úrtakssköðun: Sköðun á ákveðnum hundradshluta raforkuvirkja/neysluveitna sem valinn er með slembiúrtaki.

Úttekt: Sköðun verks og staðfesting á að það uppfylli í einu og öllu tilskilin ákvæði í gildandi lögum, reglum og öðrum fyrirmælum.

Verklagsreglur RER: Reglur RER til frekari fyllingar á ákvæðum reglugerðar þessarar og stöðlum sem vísað er til í reglugerðinni og hlutaðeigandi aðilum er skylt að fara eftir.

Vottun: Aðferð sem þriðji aðili beitir til að veita formlega staðfestingu á því að vara, ferli eða þjónusta sé í samræmi við tilgreindar kröfur.

Vottunarstofa: Faggiltur aðili sem annast vottun.

Vörumerki (trade mark): Einkennismerki framleiðanda.

1.2 Almenn ákvæði.

1.2.1 Gildissvið.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að draga sem mest úr hættu og tjóni af öllum raforkuvirkjum og truflunum á og af völdum starfrækslu þeirra.

Reglugerðin nær einnig m.a. til hreyfilhitara og hitara fyrir farrými bifreiða sem tengjast veitukerfi, búnaðar á farartækjum sem ýmist má tengja veitukerfi eða sérstökum rafala svo sem jarðbora eða verkstæðisbúnaðar, rafstöðva sem eru á farartækjum, raflagna í hjólhýsum, bílhýsum, vinnuskýlum á bifreiðum o.fl.

Ákvæði reglugerðarinnar ná ekki til eigin raflagna eða eigin búnaðar farartækja svo sem skipa, flugvéla og bifreiða, enda falli þau undir eftirlit annarra en Rafmagnseftirlits ríkisins. Til eigin raflagna eða búnaðar farartækja telst í þessu sambandi sá búnaður sem venjulega fær orku frá rafgeymum eða rafala farartækis, en ekki búnaður sem tengdur er almennu dreifikerfi eða sérstökum rafala í stað hins almenna dreifikerfis.

1.2.2 *Rekstrarfyrirkomulag og eftirlit.*

Eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum þessarar reglugerðar og laga, sem hún er byggð á, hefur stofnun sem nefnist Rafmagnseftirlit ríkisins, í reglugerð þessari einnig nefnt Rafmagnseftirlitið, skammstafað RER. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra þess og nefnist hann rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins.

Rafmagnseftirlit ríkisins skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Rafmagnseftirlitinu má skipta í sérstakar deildir og skrifstofur. Jafnframt er heimilt að fela aðilum utan stofnunar að sinna ákveðnum þáttum á verksviði hennar, í umboði Rafmagnseftirlitsins og undir þess eftirliti.

1.2.3 *Gerð raforkuvirkja.*

Raforkuvirki til vinnslu, umbreytingar, flutnings eða nýtingar raforku, með svo hárrí spennu, þeim straumstyrk eða þeirri tíðni að valdið geti lífshættu, heilsu- eða eignatjóni, skulu vera þannig gerð, notuð, haldið við og eftir þeim litið að hætta eða truflanir af þeim verði eins litlar og við verður komið.

1.2.4 *Réttur til eftirlits og rannsóknna.*

Rafmagnseftirlit ríkisins og skoðunarstofa á þess vegum skulu ætíð hafa óhindraðan aðgang að þeim raforkuvirkjum sem það hefur eftirlit með og rétt til að gera þær athuganir og rannsóknir er það telur nauðsynlegar. Eigendum og umráðamönnum raforkuvirkja er skylt að veita Rafmagnseftirlitinu þá aðstoð er þörf krefur og það kann að óska eftir.

Rafmagnseftirliti ríkisins ber að koma á og viðhalda eftirlitskerfi sem nær til aðila sem starfa á þess vegum, raforkuvirkja, rafverktaka, söluaðila raffanga og allra annarra, sem undir reglugerð þessa falla. Rafmagnseftirlitið stýrir á þann hátt eftirliti til að tryggja að gerð, frágangur og meðferð raforkuvirkja sé í öllu samkvæmt gildandi lögum og reglum, og að fullnægjandi öryggi sé gegn hættu og tjóni af þeirra völdum.

Rafmagnseftirlitið getur þar til úrskurður eða dómur gengur í máli tekið í sína vörslu eða innsiglað rafföng eða hvers konar hluta raforkuvirkja sem teljast varhugaverðir að þess mati og sem ekki fullnægja skilyrðum reglugerðar þessarar.

1.2.5 *Fagleg gerð, viðhald, útlit, náttúruvernd.*

Sérhvert raforkuvirki skal vera faglega gert og þannig frá því gengið að það verði ekki að þarflausu til lýta í umhverfi sínu. Setning, breytingar og viðgerðir tilkynningarskyldra raforkuvirkja skulu framkvæmdar af sérhæfðum mönnum er hafa þá kunnáttu til að bera sem krafist er í þessari reglugerð.

Eigendum og umráðamönnum raforkuvirkja er skylt að sjá um að raforkuvirkjum sé vel við haldið og eftirlit með þeim sé þannig að þau séu ávallt í samræmi við þær öryggiskröfur sem reglugerðin mælir fyrir um.

Framkvæmdum við raforkuvirki skal haga þannig að sem minnst mengun, tjón, röskun á náttúru og umhverfi eða lýti hljótist af. Ef deilumál rísa um mat á mengunarhættu, náttúruspjöllum eða lýtum skal haft samráð við umhverfisráðuneytið.

1.2.6 *Upplýsingaskylda.*

Eigendum og umráðamönnum raforkuvirkja er ávallt skylt að láta Rafmagnseftirlitinu eða aðila á þess vegum í té allar upplýsingar er það kann að óska eftir um gerð, tilhögun og rekstur raforkuvirkja þeirra, svo og upplýsingar vegna almennrar skýrslugerðar um raforkuvirki.

Eigendum og umráðamönnum raforkuvirkja er skylt að tilkynna Rafmagnseftirlitinu tafarlaust um hvert það slys eða tjón (svo sem bruna) er kann að verða af völdum raforkuvirkja eða raflagna og tækja sem notuð eru í sambandi við þau. Gerð skal full grein fyrir öllum atriðum sem kunn eru og geta skýrt orsök og upptök slyss eða tjóns.

1.2.7 *Umbætur á raforkuvirkjum.*

Rafmagnseftirlitið getur ef það telur nauðsynlegt, fyrirskipað umbætur og breytingar á raforkuvirkjum til varnar gegn hættu, tjóni og truflunum skv. gr. 1.2.3. Slíkar umbætur eða breytingar ber að framkvæma tafarlaust að fyrirsögn þess. Það getur bannað notkun virkjanna og aftengt þau ef þörf krefur þar til fullnægjandi umbótum er lokið.

1.2.8 *Kostnaður af öryggisráðstöfunum.*

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sér hættu á tjóni á lífi, heilsu eða eignum manna eða hættu á truflunum á starfrækslu virkja sem fyrir eru. Sé unnt að afstýra því með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja. Þó má skylda eiganda hinna eldri virkja að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana er til verulegra hagsbóta fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða að eigandi hinna eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður trygg en venja er til eða krafist er um ný virki á þeim tíma þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

1.2.9 *Frekari reglur og undanþágur.*

- (1) Rafmagnseftirliti ríkisins er heimilt að setja reglur í formi verklagsreglna, orðsendinga eða á annan skriflegan hátt um gerð, tilhögun og starfrækslu raforkuvirkja og eftirlit með þeim til frekari fyllingar reglugerð þessari eða staðla sem vísað er til. Tilkynna skal iðnaðarráðuneytinu slíkt, sem auglýsir í Stjórnartíðindum að þess háttar reglur eða orðsendingar hafi verið settar og hvar afla megi frekari upplýsinga um þær.
- (2) Rafmagnseftirliti ríkisins er heimilt að veita leyfi til að víkja frá reglum um gerð, tilhögun og starfrækslu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og á annan fullnægjandi hátt er tryggt öryggi gegn hættu og tjóni að dómi þess.

1.2.10 *Ágreiningur og úrskurður.*

- (1) Reglum og fyrirmælum sem Rafmagnseftirlitið setur samkvæmt gr. 1.2.9 er öllum hlutaðeigandi skylt að hlíta.
- (2) Rafmagnseftirlitsstjóri sker úr ágreiningi um:
 - a) hvort raforkuvirki hafi í för með sér hættu á tjóni á lífi, heilsu og eignum manna, eða hættu á truflunum við starfrækslu eldri virkja;
 - b) hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra hættum og truflunum;

- c) hver eigi að koma ráðstöfunum skv. b-lið í verk;
 - d) hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.
- (3) Fyrirmælum Rafmagnseftirlits ríkisins getur hlutaðeigandi skotið til úrskurðar iðnaðarráðherra innan fjögurra vikna frá því aðila var kunnugt um fyrirmælin eða mátti vera um þau kunnugt. Aðila er þó skylt að hlíta fyrirmælum Rafmagnseftirlitsins til bráðabirgða þar til úrskurður ráðherra liggur fyrir.

1.2.11 Eldri raforkuvirki.

Auk nýrra raforkuvirkja taka ákvæði þessarar reglugerðar til stækkana og breytinga á eldri raforkuvirkjum. Reglur um rekstur raforkuvirkja skulu þó gilda um bæði gömul og ný virki. Rafmagnseftirlit ríkisins getur jafnframt ákveðið að einstök ákvæði reglugerðarinnar taki einnig til raforkuvirkja sem tekin voru í notkun fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, sé það talið nauðsynlegt af öryggisástæðum.

1.3 Skoðunarstofur.

1.3.1 Hlutverk.

Rafmagnseftirliti ríkisins er heimilt að fela skoðunarstofu eða skoðunarstofum hér á landi að annast skoðanir og eftirlit í umboði og á vegum Rafmagnseftirlits ríkisins.

Hlutverk skoðunarstofu er að skoða og að hafa eftirlit með rafveitum og iðnaðarveitum, skoða og framkvæma úttektir á neysluveitum, annast framkvæmd markaðseftirlits raffanga og annast skoðun á aðstöðu og búnaði rafverktaka.

Skoðunarstofu skal heimill aðgangur að þeim raforkuvirkjum sem hún á að hafa eftirlit með og til að gera þær athuganir og rannsóknir, er hún telur nauðsynlegar til að annast það verkefni sem henni hefur verið falið skv. starfsleyfi hennar. Á sama hátt er skoðunarstofu með tilskilið starfsleyfi heimilt að kanna rafföng hjá ábyrgðaraðilum og öðrum seljendum svo og aðstöðu og búnað rafverktaka.

1.3.2 Almenn um starfsleyfi.

Rafmagnseftirlit ríkisins veitir starfsleyfi til reksturs skoðunarstofa á rafmagnssviði í umboði RER.

Starfsleyfi er skilgreint og bundið við eitt eða fleiri eftirfarandi starfssvið:

- Eftirlit með raforkuvirkjum með málspennu yfir 1000 V riðspennu eða 1500 V jafnspennu.
- Eftirlit með raforkuvirkjum með málspennu til og með 1000 V riðspennu eða 1500 V jafnspennu.
- Eftirlit með rafföngum á markaði.
- Skoðun á aðstöðu og búnaði rafverktaka.

Landið allt er eitt starfssvæði og er skoðunarstofan skuldbundin til að sinna öllum skoðunarbeiðnum sem henni berast, hvaðan sem þær berast, og skal gilda sama grunngjald fyrir sömu þjónustu hvar sem er á landinu. Um útboð skoðunarverkefna gilda almennar samkeppnisreglur og staðallinn ÍST 30, eins og við á.

Starfsleyfi skoðunarstofa er veitt til fimm ára í senn. Starfsleyfi fellur niður ef skoðunarstofa gerist brotleg við eithvert þeirra skilyrða sem sett eru við veitingu starfsleyfisins. Starfsleyfi fellur einnig niður ef skoðunarstofa hættir starfsemi af einhverjum ástæðum. Framsal starfsleyfis er óheimilt.

Rafmagnseftirliti ríkisins er heimilt að kanna starfsemi skoðunarstofa eins og þurfa þykir. Slík könnun er óháð reglulegu eftirliti faggildingaraðila.

Um starfsleyfi skoðunarstofa, skilyrði, búnað, aðstöðu o.fl. er heimilt að setja nánari ákvæði í verklagsreglur RER um starfsemi skoðunarstofa og rafveitna.

1.3.3 Skilyrði fyrir starfsleyfi.

Aðili sem hyggst stofna til reksturs skoðunarstofu á rafmagnssviði skal sækja um starfsleyfi til Rafmagnseftirlits ríkisins. Til að öðlast slíkt leyfi skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- (1) Skoðunarstofa skal vera faggilt í samræmi við reglugerð um starfssemi faggiltra skoðunarstofa.
- (2) Skoðunarstofa skal hafa í föstu starfi tæknilegan stjórnanda með menntun og reynslu á því sviði sem hún starfar á og sem ber ábyrgð á skoðuninni. Hæfniskröfur skulu vera eins og skilgreindar eru í grein 1.4.2.
- (3) Skoðunarstofa skal hafa nægilegan fjölda fastra starfsmanna með fullnægjandi þekkingu og reynslu til að annast þá þjónustu sem veita skal. Hæfniskröfur skoðunarmanna skulu vera eins og skilgreindar eru í grein 1.4.3.
- (4) Skoðunarstofa skal hafa yfir að ráða hentugum mælum og öðrum tækjabúnaði til að geta fullnægt kröfum reglugerðar um raforkuvirki og verklagsreglum Rafmagnseftirlits ríkisins. Nákvæmnisvið mælitækja skal fullnægja verklagsreglum Rafmagnseftirlits ríkisins.
- (5) Skoðunarstofa skal vera tengd miðlægri skrá RER og færa upplýsingar í hana í samræmi við verklagsreglur RER.
- (6) Skoðunarstofa skal fullnægja kröfum um hlutleysi þriðja aðila. Til þess að svo megi verða skal enginn einn aðili eða hópur aðila sem hefur hagsmuni af niðurstöðum skoðana eða prófana eiga stærri hlut í skoðunarstofu en nemur 40% af heild eða hafa ráðandi atkvæðaafl í stjórn stofunnar.

1.3.4 Leyfissviptingar.

RER getur svipt skoðunarstofu starfsleyfi, ef leyfisskiyrði eru ekki lengur uppfyllt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og mati RER. Sama á við ef skoðunarstofa hlítir ekki fyrir mælum RER, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða óvarkárni í starfi. Sviptingu starfsleyfis má skjóta til úrskurðar iðnaðarráðherra innan fjögurra vikna frá því svipting kom til.

1.3.5 Starfsleyfi til bráðabirgða.

Við útgáfu starfsleyfis til skoðunarstofu í fyrsta sinn er Rafmagnseftirliti ríkisins heimilt að veita bráðabirgðastarfsleyfi án þess að skoðunarstofan hafi hlotið faggildinguna, enda hafi hún sent inn fullnægjandi umsókn um faggildinguna til Löggildingarstofunnar og hún verið samþykkt. Bráðabirgðastarfsleyfi getur aldrei gilt lengur en í eitt ár.

Skoðunarstofa sem æskir slíks starfsleyfis til bráðabirgða, skal í umsókn þar að lútandi gera grein fyrir á hvern hátt hún hyggst á aðlögunartímanum byggja upp starfsemi sína til að uppfylla öll þau ákvæði er liggja til grundvallar fullu starfsleyfi.

1.3.6 Ákvæði til bráðabirgða.

- (1) Vegna aðlögunar að nýju eftirlitskerfi er rafveitum, með samkomulagi við RER, veitt heimild til 1. ágúst 1995, að annast skoðun og úttektir nýrra neysluveitna, sem falla undir 1. áhættuflokk (gr. 1.6.2) og eldri neysluveitna. Slíkt samkomulag skal frágengið fyrir 1. nóvember 1993. Eftirlitsmenn rafveitna starfa á ábyrgð þeirra og skulu uppfylla skilyrði um starfsleyfi skoðunarmanna (gr. 1.4.3).
- (2) Neysluveitur sem ekki eru fullgerðar við gildistöku þessarar reglugerðar, og því ekki úttektarhæfar á þeim tíma, skulu falla undir ákvæði hennar verði þeim lokið eftir 1. janúar 1994.

1.4 Hæfniskröfur.*1.4.1 Aþbyrgðarmaður raforkuvirkja rafveitna og iðnaðarveitna.*

Aþbyrgðarmaður raforkuvirkja rafveitna og iðnaðarveitna skal:

- (1) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild vidualkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennuvirki, eða
- (2) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild vidualkennds tæknifræðiskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennuvirki.

1.4.2 Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu.

Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu skal:

- (1) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild vidualkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði), eða
- (2) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild vidualkennds tæknifræðiskóla (sterkstraumssviði).

Að auki skal hann hafa reynslu af rafmagnseftirlitsstörfum.

*1.4.3 Skoðunarmaður.***1.4.3.1 Lágspenna.**

Skoðunarmaður lágspennuvirkja skal:

- (1) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild vidualkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við lágspennuvirki, eða
- (2) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild vidualkennds tæknifræðiskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við lágspennuvirki, eða
- (3) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Tækniskóla Íslands eða öðrum vidualkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við lágspennuvirki.

1.4.3.2 Háspenna.

Skoðunarmaður háspennuvirkja skal:

- (1) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild vidualkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennuvirki, eða
- (2) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild vidualkennds tæknifræðiskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennuvirki, eða
- (3) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Tækniskóla Íslands eða öðrum vidualkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennuvirki.

1.4.4 A-löggilding.

Sá sem vill öðlast A-löggildingu, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki, verður að:

- (1) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild vidualkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennuvirki, eða
- (2) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild vidualkennds tæknifræðiskóla (sterk-

straumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennuvirki, eða

Ef handhafi atvinnuskírteinis verður fyrir slysi eða sjúkdómi, sem skerðir sjón, heyrn eða heilbrigði hans, er honum skylt að gangast undir læknisskoðun til að ganga úr skugga um, að hann uppfylli kröfur reglugerðar þessarar. Uppfylli hann ekki kröfurnar skal fella skírteinið úr gildi. Að lokinni læknismedferð eða endurhæfingu getur hann sótt um atvinnuskírteini að nýju.

14. gr.

Vilji vottorðspiggjandi ekki una úrskurði læknis um hæfni til starfa samkvæmt reglugerð þessari hefur hann rétt á að gangast undir læknisskoðun á ný. Skal nefnd er ráðherra skipar og í eru tveir siglingafróðir menn og einn læknir skera úr um hæfni umsækjanda. Gert er ráð fyrir að læknirinn sé sérfróður á því sviði er við á í hverju tilviki. Nefndin sker úr um vafaatriði. Hún getur ekki veitt undanþágu frá ákvæðum 2. til 11. gr. þegar um vottorð í fyrsta eða annað sinn er að ræða, þ.e. við inngöngu í skóla og útgáfu atvinnuréttinda í fyrsta sinn. Ef um vottorð vegna endurnýjunar atvinnuréttinda er að ræða fara heimildir til að veita undanþágu eftir ákvæðum 16. gr. Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til ráðherra.

15. gr.

Missi skipstjórnarmaður eða vélstjórnarmaður atvinnuréttindi sín vegna ákvæða í reglugerð þessari í kjölfar slyss eða sjúkdóms, getur ráðherra veitt undanþágu frá henni, enda mæli nefnd sú sem um getur í 14. gr. með henni. Undanþágu má fyrst veita 6 mánuðum eftir slys eða sjúkdóm þann er réttindamissinum olli. Aldrei má veita slíka undanþágu sé sjónstyrkur með gleraugum eða augnlinsum undir 6/9 eða 0,67 á betra auga eða því auga sem eftir er hafi annað augað ónýst að fullu. Einnig skal sjónsvið vera óskert á auganu. Ennfremur má aldrei veita undanþágu sé lágmarksheyrn (heyrnarþröskuldur) yfir 35 dB við 0,5 til 2 kílórið og yfir 45 dB við 3 til 4 kílórið á betra eyra eða því eyra sem eftir er hafi annað eyrað ónýst að fullu. Undanþágu samkvæmt þessari grein má einungis veita vönnum skipstjórnarmönnum eða vélstjórum.

16. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 12. gr. laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, 10. gr. laga nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavaraða á íslenskum skipum og 8. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 staðfestist hér með til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 379/1991 ásamt breytingu nr. 159/1992.

Samgönguráðuneytið, 15. júlí 1993.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um bann við öllum togveiðum við Suðausturströndina.

1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 20.00 29. júlí til og með 31. ágúst 1993 eru allar togveiðar þar með taldar rækju- og humarveiðar bannaðar við Suðausturströndina á eftirgreindum svæðum:

1. Á Papagrunni og Lónsdjúpi á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°33'0 N – 13°23'0 V	7. 64°05'0 N – 14°42'0 V
2. 64°23'0 N – 13°21'0 V	8. 64°16'0 N – 14°42'0 V
3. 64°23'0 N – 13°40'0 V	9. 64°20'0 N – 14°25'0 V
4. 64°12'0 N – 13°40'0 V	10. 64°25'0 N – 14°15'0 V
5. 64°12'0 N – 14°13'0 V	11. 64°25'0 N – 13°54'0 V
6. 64°05'0 N – 14°13'0 V	12. 64°35'0 N – 13°38'0 V

2. Á Stokksnesgrunni á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°00'0 N – 14°25'0 V	3. 63°50'0 N – 14°45'0 V
2. 63°50'0 N – 14°25'0 V	4. 64°00'0 N – 14°50'0 V

3. Á Síðugrunni á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63°26'0 N – 17°12'0 V	3. 63°15'0 N – 17°35'0 V
2. 63°20'0 N – 17°12'0 V	4. 63°21'0 N – 17°35'0 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands öðlast gildi kl. 20.00 29. júlí 1993. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 258, 1. júlí 1993 um bann við togveiðum í Lónsdjúpi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. júlí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 1993

29. júlí 1993

573

Nr. 306

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA.

Gjaldskrárlíðir.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	6,56 kr/kWh
Fastagjald F.1	3 660,00 kr/ári

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð.

Orkugjald	6,56 kr/kWh
Fastagjald 3xF.1	10 980,00 kr/ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald	7,18 kr/kWh
Fastagjald F.1	3 660,00 kr/ári

A.4 Blönduð notkun.

Öll notkun í sumarþústöðum og sumarþúðum með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

Orkugjald	4,44 kr/kWh
Fastagjald 4xF.1	14 640,00 kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til búreksturs skv. öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafli 4 kW, hámarksafli 50 kW.

Orkugjald af allri notkun	2,64 kr/kWh
Aflgjald (lágmark 4 kW)	6 320,00 kr/kWh/ári
Fastagjald 3xF.1	10 980,00 kr/ári
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	6,56 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

B.1 Afmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun. Lágmarksafl 15 kW.

Orkugjald sumar (1. maí til 30. sept.)	1,96 kr/kWh
Orkugjald vetur (1. okt. til 30. apríl)	3,08 kr/kWh
Aflgjald sumar (1. apríl til 31. okt.)	592,00 kr/kWh/mán
Aflgjald vetur (1. nóv. til 31. mars)	1 184,00 kr/kWh/mán
Fast gjald	33 200,00 kr/ári

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Orkugjald	1,77 kr/kWh
Aflgjald	2 980,00 kr/kWh/ári

C.1/D.1 Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2x1,5 klukkustund á dag.

Orkugjald	3,57 kr/kWh
Fastagjald F.3	13 800,00 kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðu-
neytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

C.2/D.2 Næturhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 7.00 til 23.00.

Orkugjald	2,42 kr/kWh
-----------	-------------

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðu-
neytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

D.3 Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadælar o.fl. Hámark uppsetts afls er 200 kW.

Orkugjald 1. maí til og með 30. sept.	3,57 kr/kWh
Orkugjald 1. okt. til og með 30. apríl	4,98 kr/kWh
Fastagjald F.3	13 800,00 kr/ári

H1/H2 Hitaveita R/O.

Orkugjald	2,53 kr/kWh
Sérstakur afsláttur til íbúðarhúsa	0,12 kr/kWh
Vatnsgjald	33,30 kr/tonn
Fast gjald	12 000,00 kr/ári

Sjá kafla um niðurgreiðslur.

H.3/H.31/H.4 Hitaveita Siglufirði.

H.3 Hitun um rennismæli.

Vatnsgjald	121,00 kr/m ³
Fast gjald	1 940,00 kr/ári

H.31 Hitun um hemil.

Fast gjald skv. stillingu hemils	31 900,00 kr/mín/ári
----------------------------------	----------------------

H.4 Hitun húsnæðis um rennslismæli.

Vatnsgjald	81,00 kr/m ³
Fast gjald	12 000,00 kr/ári

Sala um hemil (H.31) var lögð af í febrúar 1992 og við tók taxti H.4. Viðskipti um H.31 eru aðeins í undantekningartilfellum þar til breytingu á sölukerfi er að fullu lokið.

S.1 Sumartaxti.

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lágmarksafli 75 kW á mánuði.

Orkugjald	1,96 kr/kWh
Aflgjald	370,00 kr/kW/mán

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

Mælaleiga.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

Einfasa mæla	700,00 kr/ári
Prífasa mæla	2 750,00 kr/ári

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun RARIK hverju sinni.

Innheimta og lokun.

Innheimtugjald.	
Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu	900,00 kr
Opnunargjald.	
Gjald fyrir aðgerðir vegna lokunar og/eda opunar veitu vegna vanskila er	3 600,00 kr

Gjald vegna varatengingar.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.

- 1.1 Í hverju tilviki fyrir sig, skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst, greiðir notandinn að fullu.
- 1.2 Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi Rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað, greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ.e. af línulögn, spennu, strengjum o.s.frv.
- 1.3 Notandi greiðir fyrir varatenginguna, óháð orkunotkun, fast gjald á ári, sem samsvarar aflgjaldi á marktaxta fyrir 4 kW að viðbættu föstu gjaldi marktaxtans. Fyrir hverja kWh sem notuð er, skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

Niðurgreiðslur og afsláttur.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Rafmagnsveitur ríkisins veita ennfremur fyrst um sinn, sérstakan afslátt til þeirra sem nota raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30.000 kWh/ári samkvæmt lið C.1 og H.1 og 42.000 kWh/ári samkvæmt lið A.5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið.

Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C.1 Rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 83 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,12 kr/kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,26 kr/kWh.

Liður A.5 Markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 115 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,80 kr/kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,185 kr/kWh.

Liður H.1 Hitaveita:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 83 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,04 kr/kWh. Sérstakur afsláttur Rafmagnsveitnanna er 0,12 kr/kWh.

Liður C.2 Næturhitun:

EKKI er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C.2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,64 kr/kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,26 kr/kWh.

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Utanhússlýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað. Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla með rafhitun samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir sérmældir gjaldskrárlíðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 (*breyttur frá 1. janúar 1993*) er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir líðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskytt afl hvers almanaksmánaðar er hæsta gildi afls viðkomandi reikningstímabils milli reglulegra álestra. Álestur er mánaðarlega, að jafnaði sem næst mánaðamótum. Vetrargjald afls er á tímabilinu 1. nóvember til 31. mars. Á öðrum tíma gildir sumarverð afls. Vetrarverð orku gildir á tímabilinu 1. október til 30. apríl. Á öðrum tíma gildir sumarverð orku.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1.

apríl til 31. október, og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárlíðum utan þess tímabils. Aflgjald er samkvæmt mælingu við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fer fram að jafnaði sem næst mánaðamótum. (*Taxti þessi fellur niður á árinu 1993*).

5. Véla- og tækjanotkun.

Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafist notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (fasviksstuðull undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall nemur hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárlíða o.fl.

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárlíði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárlíðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

Heimilt er að takmarka veitingu gjaldskrárlíða við aflmælingu, ef orkunotkun fer yfir 200.000 kWh/ári á töxtum A.1 til A.4.

II. HEILDSALA TIL ALMENNINGSVEITNA.

1. Skilgreining.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til eftirtalinnna aðila:

Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Hveragerðis, Selfossveitna, Hitaveitu Eyra og Bæjarveitna Vestmannaeyja.

2. Rafmagnsgjald.

Aflgjald	9 911,60	kr/kW/ári
Vetrargjald orku	2,184	kr/kWh
Sumargjald orku	1,092	kr/kWh
Tengigjald	334 690,00	kr/ári

3. Söluskilmálar.

3.1 Aflsala.

Við útreikning á sölutoppi til uppgjör á ári hverju skal fyrst fundinn hæsti álagstoppur hvers almanaksmánaðar, mældur sem 60 mínútna sammælt meðalálág á afhendingarstað/stöðum. Fjórir hæstu fyrrgreindra tólf álagstoppa koma til uppgjör. Sölutoppur ársins telst útreiknað meðaltal þessara fjögurra toppa. Þessi grein gjaldskrár gildir ekki ef heimild til sérsamnings, sbr. 4. grein, er nýtt.

3.2 Tímabil orkugjalda.

Vetrargjald gildir tímabilin:	1. janúar til 30. apríl
	1. október til 31. desember
Sumargjald gildir tímabilið:	1. maí til 30. september

4. Sér samningar um aflsölu.

Rafmagnsveitunum og hverri einstakri veitu fyrir sig er heimilt að gera með sér sérstakan samrekstrarsamning. Í samningi þessum komi fram á hvern hátt sölutoppur skuli ákveðinn ásamt öðrum þeim atriðum sem aðilar koma sér saman um og varða samrekstur. Ákvæði samnings þessa mega þó í engu breyta þeim ákvæðum sem fram koma í gjaldskrá þessari að undanskilinni grein 3.1.

5. Mánaðargreiðslur.

5.1 Aflsala og tengigjald.

Í upphafi árs áætla Rafmagnsveiturnar, í samráði við kaupanda, sölutopp komandi árs. Áætluð árgreiðsla fyrir afl- og tengigjald skal síðan reiknuð út frá gildandi gjaldskrá. Mánaðargreiðsla telst 1/12 hluti árgreiðslunnar nema desembergreiðslan sem er útreiknuð lokagreiðsla ársins. Mánaðargreiðslurnar teljast innborganir.

Við gjaldskrárbreytingar skulu þær mánaðargreiðslur sem ekki eru fallnar í gjalddaga taka sömu hlutfallslegu breytingum og gjaldskráin. Við lokauppgjör í árslok skal reikna með einingarverðum í réttu hlutfalli við dagafjölda verðtímabíla. Frá þannig reiknaðri árgreiðslu dragast gjaldfallnar innborganir og mismunurinn telst mánaðargreiðsla desember.

5.2 Orkusala.

Mánaðargreiðsla fyrir orku miðast við mælda orkunotkun í mánuðinum og gildandi einingarverð. Séu fleiri en eitt einingarverð í gildi innan mánaðarins skal reikna í réttu hlutfalli við dagafjölda.

6. Greiðsluskilmálar.

Mánaðargreiðslur fyrir janúar falla í gjalddaga síðasta dag febrúar og þannig koll af kalli fyrir aðra mánuði. Ef ekki er greitt á gjalddaga, reiknast fullir vanskilavextir frá honum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni.

GJALDSKRÁ FYRIR ÓTRYGGÐA ORKU.

1. Almenn.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og Almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins um sölu ótryggðrar orku frá 1. janúar 1991.

2. Rafmagnsgjald.

Fast gjald	127 610.00	kr/ári
1. verðþrep	1.085	kr/kWh
2. verðþrep	1.405	kr/kWh
3. verðþrep	2.020	kr/kWh

3. Samningur.

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Rafmagnsveitna ríkisins og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsamin afslátt, ef um endursölu er að ræða.

*ALMENNIR SKILMÁLAR RAFMAGNSVEITNA RÍKISINS
UM SÖLU VÍKJANDI ORKU.*

1. Almenn skilyrði.

Víkjandi orka er rjúfanleg forgangsorka. Hana má selja í stað annarra orkugjafa eða þegar um er að ræða framleiðslu eða starfsemi sem lagst getur niður tímabundið meðan rofið er. Víkjandi orka er ætluð:

- a) Þeim sem kost eiga á ótryggðri orku en treysta sér ekki til að undirgangast þau skilyrði um langtímarof sem henni fylgja.
- b) Þeim sem kost eiga á kaupum samkvæmt smásölugjaldskrá, sbr. þær takmarkanir sem þar koma fram, til nota hvar rof á hæstu álagstímum getur talist eðlilegur viðskiptamáti; hér er einkum átt við ýmis konar hitun og lýsingu í gróðurhúsum.

Sala á víkjandi orku er háð samþykki Rafmagnsveitna ríkisins í hverju tilviki. Uppsett afl þess búnaðar, sem nýtir víkjandi orku, skal að lágmarki vera 100 kW eða áætluð ársnotkun að lágmarki 500 MWh.

2. Afhending víkjandi orku.

Stýritími er sá tími þegar stýring aflkaupatopps frá Landsvirkjun er virk. Framkvæmd er í höndum stjórnstöðvar Rafmagnsveitna ríkisins sem kemur boðum um stýritímann til viðskiptavina.

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að skerða afhendingu:

- a) Á stýritíma Rafmagnsveitna ríkisins.
- b) Vegna afltakmarkana, truflana eða bilana í veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins til að koma í veg fyrir yfirálag.

Enginn fyrirvari er á rofi vegna tilviks a) en eigi skemmri en ein klukkustund vegna b) ef mögulegt er. Heimilt er Rafmagnsveitum ríkisins að leyfa afhendingu orku á stýritíma gegn gjaldi sem nemi 110% af refsigjaldi (umframflgjaldi) Landsvirkjunar eða 110% af áætluðum framleiðslukostnaði með dísilvélum vegna álagsstýringar á hverjum tíma.

3. Mæling og rofabúnaður.

3.1 Mælabúnaður.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp mælabúnað sem við á og Rafmagnsveitur ríkisins samþykkja til mælingar á orku. Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal mæld á einum stað og á einum mæli. Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að ákveða að búnaður, hjá öllum notendum, skuli þannig gerður, að hægt sé á sjálfvirkan hátt um símakerfið eða á annan sambærilegan hátt að lesa mælingar á 60 mínútna meðalálagi.

3.2 Rofabúnaður.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, rofabúnað sem þær samþykkja til rofs á afhendingu orkunnar.

Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal vera rjúfanleg á einum rofa.

3.3 Fjarstýring rofabúnaðar.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, búnað sem tengist fjarstýrikerfi þeirra og getur:

- a) Rofið afhendingu.
- b) Gefið til kynna hvort rof heppnast eða ekki.
- c) Gefið til kynna stöðu rofa á hverjum tíma.

Fjarstýring Rafmagnsveitna ríkisins skal virka á einn rofa, sbr. grein 3.2, en kaupandi skal setja upp búnað til innsetningar í áföngum ef þurfa þykir. Sé heimildin til afhendingar

orku á stýritíma nýtt, sbr. 2. grein, skuldbindur kaupandi sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, þann viðbótarbúnað sem til þarf.

4. Gildistími.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. janúar 1993 og gilda þar til annað verður ákveðið.

GJALDSKRÁ FYRIR VÍKJANDI ORKU.

1. Almenn.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins um sölu víkjandi orku frá 1. janúar 1993.

2. Rafmagnsgjald.

Fast gjald	127 610,00	kr/ári
Vetrargjald orku	2.844	kr/kWh
Sumargjald orku	1.841	kr/kWh

Um gjald fyrir orku sem afhent er á stýritíma vísast í framangreinda skilmála.

3. Tímabil orkugjalda.

Vetrargjald gildir tímabilin:	1. janúar til 30. apríl
	1. október til 31. desember
Sumargjald gildir tímabilið:	1. maí til 30. september

III. TENGIGJÖLD.

1. Þéttbýli.

Tengigjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengdum veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

- 1.1 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.
- 1.2 Aðalheimtaugar. Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur/gerð	kr
63 A einfasa	71 800,00
63 A þrífasa	79 000,00
100 A þrífasa	124 800,00
200 A þrífasa	249 600,00
315 A þrífasa	393 100,00
400 A þrífasa	499 200,00
630 A þrífasa	786 200,00
710 A þrífasa	886 100,00
1200 A þrífasa	1 498 000,00

- 1.3 *Staðsetning.* Leitað skal samþykkis Rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.
- 1.4 *Aukakostnaður.* Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.
- 1.5 *Spennistöð.* Purfi að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi

Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið – uppsteypt – er lagt til Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

- 1.6 *Breyting á heimtaug.* Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð eða færð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram. Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati Rafmagnsveitnanna.
- 1.7 *Bráðabirgðaheimtaugar.* Grunn gjald er eftirfarandi:

Málstraumur/gerð	kr
63 A einfasa	11 200,00
63 A þrífasa	15 700,00
100 A þrífasa	17 200,00

Auk grunn gjalds skal greiða kostnað við framkvæmd verks og leigu efnis samkvæmt kostnaðaráætlun, sem miðast við aðstæður hverju sinni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu. Fyrir orkunotkun skal greiða samkvæmt taxta A2 eða A4, eftir því hvort um rafhitun er að ræða eða ekki.

- 1.8 *Frávik.* Kafli þessi gildir um skipulögð hverfi í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða tengigjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugarbreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðarreikningi eða eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

2. Dreifbýli.

- 2.1 Tengigjald fyrir íbúðarhús, kirkjur, skóla, atvinnuhúsnæði og þ.h., skal vera:

Fyrir hverja heimtaug	130 000,00 kr
---------------------------------	---------------

Tengigjaldið er miðað við, að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar.

- 2.2 Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 2.1, skulu tengigjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af áætludum umframkostnaði.

3. Sumarbústaðahverfi.

- 3.1 *Tengigjald í skipulögðu sumarhúsahverfi* skal vera sem hér segir:

Fyrir hverja heimtaug	162 000,00 kr
---------------------------------	---------------

Tengigjaldið miðast við 5 kVA afl í spennistöð fyrir hvert hús. Sé um meira afl að ræða bætist við gjald samkvæmt kostnaði. Þetta tengigjald gildir innan hverfisins, sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

- 3.2 Um sé að ræða skipulögð hverfi. Með skipulögðu hverfi er átt við afmarkað svæði, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:2000, staðfestur af skipulagi ríkisins. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

- 3.3 *Eftirlit.* Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeygenda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis, uppsetningar nauðsynlegs búnaðar og allan eðlilegan umgengnisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.
- 3.4 *Fjöldi.* Í upphafi þurfa a.m.k. 5 bústaðir að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp. Meðallengd heimitauga frá stofndreifikerfi fari ekki yfir 120 m. Umframlengd greiðist samkvæmt kostnaði.
- 3.5 *Lega heimitaugar* frá lágspennudreifikerfi að bústað skal ákveðin í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimitaug innan sinna lóðamarka og annast frágang í samræmi við teikningu frá Rafmagnsveitum ríkisins nr. 4.3207.46.
- 3.6 *Lengd háspennulínu* sem leggja þarf að sumarhúshverfi, má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð.
- 3.7 *Uppbygging.* Sé fyrirsjáanlegt, að mati Rafmagnsveitna ríkisins, að hverfi sem skipulagt hefur verið, komi til með að byggjast seint upp, þá geta Rafmagnsveiturnar krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda hverfisins verði greitt tengigjald, áður en ráðist er í framkvæmdir.

4. Hitaveitur.

Eftirfarandi gildir um R/O hitaveitur Rafmagnsveitna ríkisins og hitaveitu á Siglufirði:

- 4.1 *Tengigjöld* fyrir hverja heimæð skulu vera háð rúmmáli þess húsnæðis sem hita skal (utanmáli) og eru sem hér segir:

	kr
Fyrir hús allt að 400 rúmmetrum	71 800,00
Fyrir hverja 10 rúmmetra umfram 400	1 040,00
Hver mælagrind umfram eina	5 600,00

- 4.2 *Rúmmál.* Við ákvörðun á rúmmálsstærð skal miða við fasteignaskrá. Fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati skal miðað við byggingarteikningar húsa.
- 4.3 *Takmörkun.* Rafmagnsveitunum er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til. Tengigjöld hitaveitu miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.
- 4.4 *Mælagrind.* Hverri heimitaug fylgir ein mælagrind. Greiða skal aukagjald fyrir hverja mælagrind umfram þá fyrstu.
- 4.5 Að öðru leyti en að ofan er greint, gilda sömu skilmálar um orkuviðskipti og í gildi eru fyrir raforkumásölu Rafmagnsveitna ríkisins.

5. Annað.

- 5.1 Tengigjöld fyrir annað, en að framan greinir, svo sem fyrir heimitaugar í einstök sumarhús, veiðihús, ofl., eru ávallt samkvæmt kostnaði, þó að lágmarki kr. 162 000,00. Um bráðabirgðaheimitaugar í strjálbýli gilda sömu reglur og í þéttbýli (kafla 1.7).
- 5.2 *Endurtenging.* Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimitaugar. Falli notkun um heimitaug niður í a.m.k. 5 ár, telst heimitaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald, hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald F.1, auk kostnaðar við endurtengingu.
- 5.3 *Aukaheimitaug.* Að jafnaði er aðeins gert ráð fyrir einni heimitaug fyrir hvern notanda. Sé hinsvegar þörf á aukaheimitaug, skal greiða fyrir hana samkvæmt kostnaði hverju sinni, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.
- 5.4 Aðrar breytingar á heimitaugum en þær sem tilgreindar eru í kafla um tengigjöld skulu vera samkvæmt kostnaði hverju sinni.

Öll gjöld sem tilgreind eru í kafla III miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1993, sem er 189,6 stig og breytast í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar gjöldum almanaksársins.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts nema annars sé getið. Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58/29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis nr. 164, 31. mars 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1993.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

29. júlí 1993

AUGLÝSING

Nr. 307

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, er taki gildi 1. ágúst 1993:

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 502, 30. desember 1992.

Allir verðskrárlíðir hækka um 3,3% frá og með 1. ágúst 1993, nema verðskrárlíður C2, sem verður óbreyttur.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1993.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

29. júlí 1993

AUGLÝSING

Nr. 308

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er taki gildi 1. ágúst 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 176, 26. apríl 1993.

Í samræmi við hækkun byggingarvísitölu úr 189,8 í 192,5 stig í ágúst 1993 hækka allir líðir gjaldskrár Hitaveitu Akureyrar um 1,42% frá 1. ágúst 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1993.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám Bæjarveitna Vestmannaeyja.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Bæjarveitna Vestmannaeyja, er taki gildi 1. ágúst 1993:

Gjaldskrár Bæjarveitna Vestmannaeyja, nr. 58 og nr. 59, 1. apríl 1993.

Í samræmi við hækkun byggingarvísitölu janúar – ágúst 1993 hækkar gjaldskrá fyrir heitt vatn um 1,53% og rafhitataxtar einnig um 1,53%.

Gjaldskrárliðir fyrir raforku hækka um 3,79% vegna hækkunar á heildsöluverði RARIK um 5,3%.

Gildistími hækkanna er frá 1. ágúst 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1993.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám Orkubús Vestfjarða og Hitaveitu Suðureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Orkubús Vestfjarða og gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrar, er taki gildi 1. ágúst 1993:

Gjaldskrár Orkubús Vestfjarða nr. 219 og 220 28. maí 1993 svo og gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrar nr. 21, 17. janúar 1991.

Allar gjaldskrár fyrirtækisins hækka um 3,5% frá og með 1. ágúst nk. Um er að ræða flata hækkun á alla liði í raforkugjaldskrá, hitaveitugjaldskrá svo og alla liði gjaldskrár Hitaveitu Suðureyrar.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1993.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, er taki gildi 1. ágúst 1993:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 466, 22. desember 1992.

Gjaldskrá fyrirtækisins hækkar um 3,8% frá og með 1. ágúst nk. Hækkunin verður jöfn á alla taxa.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júlí 1993.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarmann.

14. júlí 1993

Nr. 312

GJALDSKRÁ

yfir þjónusturannsóknir og aðra útselda vinnu er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	Kr./klst.
1. Sérfræðingur	3 020
2. Rannsóknamaður	2 505

2. gr.

Gjöld fyrir reglubundnar efna- og örverurannsóknir er stofnunin annast skulu vera sem hér segir:

Efna- og örverurannsóknir:

Fiskimjöl:

Vatn	530
Salt	850
Prótein (Kjeldahl)	2 970
Prótein (Kjeltec)	1 850
Fita	1 590
Aska	950
Ammoníak	795
Sandur	1 060
Fosfór	2 120
DMNA gasgreining	4 240
Óbundnar fitusýrur í mjöflitu	1 700
Nítít í fõðri og fõðurvõrum	2 915
Sýrustig pH	500

Lýsi og harðfeiti:

Vítamín A	3 180
Óbundnar fitusýrur	580
Sýrutala	580

	Kr./klst.
Joðtala	2 650
Sáputala	1 590
Eðlisþyngd (pyknometer)	1 000
Slip-point	1 860
Ósápanlegt	2 760
Peroxyðtala	1 000
Anisidín	3 070
Litarmæling (Lovibond)	630
Ljósbrott við 20°C	580
Natríumsápa	840
Fitusýrugreining	8 480
Vantsmæling með toluol	950
<i>Salt:</i>	
Klóríð (titer)	1 100
Kalíum	2 700
Kalsíum	2 700
Natríum	2 700
Magnesium	2 700
Súlfat	3 360
Óleysanlegt í vatni	1 700
Raki og bundið vatn	1 170
Járn	2 640
Kopar	4 240
Kornastærð	1 590
pH	500

Ýmsar mælingar:

Sérstakur undirbúningur sýnis (hökkun eða mölun á miklu magni vegna þess hve misleitt sýnið er)	690
Trimethylamin (TMA)	1 480
TVN	1 480
C-vítamín í matvælum	6 890
Sýrustig pH	500
Histamín	5 830
Súlfít	6 360
Ediksýra	660
Joð (í fódurmjöli, þara- og þangmjöli >20ppm)	3 040
Joð (kínétísk mæling >0.01ppm)	3 710
Undirbúningur sýna fyrir þungmálmamælingar, kvikasílfur, arsen og selen undanskilin	
Grunngjald á hvert sýni	1 060
Ákvörðun á málmum með atomgleypnimælingu	1 700
Kvikasílfur í matvælum	3 230
Arsen	3 230
Selen	3 230
PCB	35 000
Mæling á sykrum í síld	6 085
Drip (vatnstap við þiðnun)	2 015
Drip (3 sýni eða fleiri)	1 410
Íshúð	2 010
Íshúð (3 sýni eða fleiri)	1 410
Vigtun og talning á rækju o. fl.	1 560
<i>Síld:</i>	
Stærðarflokkun og efnagreiningar (salt, fita)	23 000
Síld lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin og hökkuð. Einstakir stærðarflokkar efnagreindir.	

Framangreint gjald gildir fyrir allt að 100 síldarsýni.

Ef færri en 10 eru í sýni, greiðast 3/4 gjalds.

Salt og fita mæld í einstökum sýnum af síld án stærðarflokkunar, vigtunar og efnagreiningar einstakra hluta hennar

Kr./klst.

3 130

Örverurannsóknir:

Undirbúningur sýnis (grunngjald á öll sýni)	910
Örverutalning	870
Kólfígerlar, MPN	1 270
Staphylococcus aureus	1 010
Salmonella	2 330
Listeria	2 330
Listeria, greining	1 875
Clostridium perfringens	1 270
Súlfít-afoxandi clostridia/hitað	1 010
Bacillus/hitað	1 010
Enterococci	870
Ger- og myglusveppir	870
Röðagerlar	870
Loftfirrð ræktun	1 010
Ræktun fyrir niðursuðuvörur	1 010
Sterilitetsprófanir á lyfjum	3 095
RODAC-skálar með æti, stk.	100

Útflutningseftirlit á lagmeti:

Hexametylentetramín í lagmeti	2 730
Kavíar – ógerilsneyddur	5 770
Kavíar – gerilsneyddur	2 600
Niðurlögð vara (önnur en kavíar)	7 650
Niðursoðin vara	3 690
Útflutningsvottorð/gæðavottorð	1 170
Endursýni	3 340

Rannsóknir með vökvagreiði:

Mæling á A, D eða E vítamíni eða kolesteroli í lýsi eða hreinni fitu	9 450
Mæling á A, D eða E vítamíni eða kolesteroli í öðru en lýsi eða hreinni fitu	10 920
Hver viðbótarþáttur í sama sýni	2 625
Squalene í lýsi	3 150
Aminósýrur (fríar eða hydrolysöt)	5 300
Antaxanthín og/eða Cantaxanthín (í sama sýni)	5 300
Rotvarnarefni	8 480
Hydroxyprolín (cis og trans) og/eða prolín (í sama sýni)	5 300
Þrávarnarefni í matarolíum	5 300
Þrávarnarefni í öðru en matarolíum og hreinni fitu	6 780

Frárennsli og vatn:

Heildarmagn þurrefnis (TS)	1 180
Grugg (suspendible solids)	1 760
Uppleyst föst efni	1 760
Grugg og uppleyst föst efni í sama sýni	2 340
Undirbúningur sýnis fyrir ákvörðun á uppleystu magni neðangreindra þátta, grunngjald á hvert sýni	580
Lífrænt köfnunarefni	2 970
Ammoníak	2 330
Fosfat (>2ppb)	2 540
COD	5 200
Olía og fita	1 770
Olía	2 350
Olía og fita aðgreind í sama sýni	3 240

	Kr./klst.
Pungmálmar (aðrir en kvikasilfur og arsen)	2 860
Hver þungamálmur umfram 1 í sama sýni	1 800
Kvikasilfur	3 340
Arsen	3 340
Klóríð (ljósmæling, >0.5ppm)	2 330
Fritt klór í vatni	325
Yfirborðsvirk efni (tensíðar)	
anjónískir	2 100
ójónískir	3 200

3. gr.

Innifalið í gjaldi fyrir rannsóknir sem getið er í 2. grein, er skjalfest yfirlýsing um niðurstöður mælinga. Þetta gildir þó ekki um lagmetisathuganir.

4. gr.

Sé um að ræða sérstaka framsetningu á niðurstöðum, greinargerð eða þ.h., er tekið gjald samkvæmt tímamælingu. Ennfremur kemur sérstakt gjald kr. 1 170 fyrir vottorð.

5. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að yfirvinna sé nauðsynleg vegna mælinganna.

6. gr.

Gjald fyrir rannsóknir sem ekki eru taldar upp í 2. grein, skal ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald sbr. 1. grein.

7. gr.

Stofnunin tekur ekki gjald fyrir samningagerð, almenna upplýsingamiðlun, aðstoð við minniháttar upplýsingaleit o.s.frv.

8. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir föstum verktilboðum eða verksamningum og þá er stuðst við taxa sbr. 1. grein gjaldskrárinnar.

9. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins nr. 300/1992.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. júlí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Arndís Steinþórsdóttir.

REGLUGERÐ

um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1993-1994.

I. KAFLI

Um greiðslumark.

1. gr.

Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla.

Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1993-1994 er 100 milljónir lítra mjólkur og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítrum mjólkur.

2. gr.

Niðurfærsla greiðslumarks.

Þann 1. september 1993 verður heildargreiðslumark að frátöldu því greiðslumarki sem bundið er í leigusamningum við Framleiðnisjóð landbúnaðarins eða lagt hefur verið inn til geymslu, fært niður í 100 milljónir lítra. Greiðslumark sem áfram verður bundið í leigusamningum við Framleiðnisjóð skal taka sömu breytingum og annað greiðslumark.

Greiðslumark hvers lögbýlis verðlagsárið 1992-1993 verður fært niður um sama hlutfall og heildargreiðslumark.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal tilkynna Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 10. ágúst 1993 um greiðslumark sem tekið verður í notkun á ný verðlagsárið 1993-1994 að liðnum leigutíma og þá leigusamninga sem breytast munu í kaupsamninga og falla þannig út af sérstakri fullvirðisréttarskrá.

3. gr.

Fullvirðisréttur í leigusamningum við Framleiðnisjóð.

Handhafa leigusamnings við Framleiðnisjóð landbúnaðarins er heimilt að hefja framleiðslu við lok leigutíma og nýta rétt lögbýlis til greiðslumarks að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Tilkynna skal Framleiðnisjóði landbúnaðarins með tilskildum fyrirvara hvort hefja á framleiðslu.
- b) Starfsleyfi og fullgild framleiðsluaðstaða skal vera fyrir hendi á lögbýlinu.

4. gr.

Aðilaskipti að greiðslumarki.

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla, með eftirfarandi takmörkunum:

- a) Greiðslumark byggt á fullvirðisrétti sem leigður var Framleiðnisjóði landbúnaðarins eða öðrum framleiðendum fyrir gildistöku reglugerðar nr. 527/1988, þ.e. 22. desember 1988, má því aðeins selja að það hafi verið í framleiðslu hjá leigusala sbr. 2. gr., næstliðin tvö ár fyrir sölu. Framleiðendum sem gerðu leigusamning sín á milli er þó heimilt að breyta þeim í kaupsamninga. Heimilt er að selja allt greiðslumarkið þegar framleiðsla á lögbýlinu hefur náð 70% greiðslumarksins að meðaltali í tvö ár, að öðrum kosti í hlutfalli við nýtingu þess.

b) Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir því að afsala greiðslumarki frá lögbýli.

Nú á framleiðandi fleiri en eitt lögbýli eða flytur af einu lögbýli á annað og er þá heimilt að sameina greiðslumark beggja lögbýlanna án takmarkana. Á sama hátt er landbúnaðarráðherra heimilt að flytja greiðslumark milli lögbýla í eigu ríkisins.

Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýli. Tilkynningar um aðilaskipti fyrir verðlagsárið 1993-1994 skulu hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins í síðasta lagi 31. ágúst 1993 til að þau taki gildi á næsta verðlagsári. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir. Um forkaupsrétt vísast til d-líðar 1. mgr. 5. gr. rg. nr. 324/1992.

5. gr.

Nýting greiðslumarks lögbýla.

Afurðastöð skal greiða framleiðanda fullt verð innan greiðslumarks skv. gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi sbr. þó rg. nr. 604/1989.

Greiðslutilhögun vegna framleiðslu umfram greiðslumark skal vera með eftirfarandi hætti:

- a) Fyrstu 4% sem framleiðandi framleiðir umfram greiðslumark sitt hefur forgang að greiðslum frá afurðastöð sé ónotað greiðslumark þá fyrir hendi á viðkomandi mjólkur-samlagssvæði.
- b) Verði enn ónotað greiðslumark á samlagssvæði gengur það til annarra svæða til nýtingar allt að 104% greiðslumarks.
- c) Verði enn ónotað greiðslumark, greiðist hlutfallslega á það sem er umfram 104% greiðslumarks á landinu öllu, enda liggja fyrir heimild Framleiðsluráðs, sbr. 3. mgr.

Framleiðsla, umfram það magn sem unnt er að greiða fyrir skv. staflíðum a-c að ofan, skal markaðsfært erlendis, þó getur Framleiðsluráð landbúnaðarins heimilað sölu hennar innanlands ef gengið hefur á birgðir þannig að fyrirsjáanlegur sé skortur á mjólk.

Áður en afurðastöð kaupir eða tekur til sölumeðferðar mjólk umfram greiðslumark framleiðanda skal gert sérstakt samkomulag (umsýslusamning) milli afurðastöðvar og framleiðanda um afurðaverð og greiðslu þess.

6. gr.

Brottfall og geymsla greiðslumarks.

Greiðslumark sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár er landbúnaðarráðherra heimilt að fella niður að fengnu samþykki handhafa greiðslumarks.

Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu til 31. ágúst 1998 og sætir það þá sömu breytingum og annað greiðslumark.

II. KAFLI

Um beinar greiðslur.

7. gr.

Beinar greiðslur.

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda mjólkur og skal svara til 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Dreifing beinna greiðslna og fráviksmörk skulu vera með eftirfarandi hætti:

- A: 57,54% skal greiða óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 80% greiðslumarks á tímabilinu. Greiða skal 1. hvers mánaðar, 1/12 hluta, í fyrsta sinn 1. september 1993.
- B: 25,48% skal greiða eftir framleiðslu. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. nóvember 1993.
- C: 16,98% skal greiða með jöfnum hlutfallslegum fjárhæðum fyrir innlegg í mánuðunum nóvember til febrúar. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. janúar 1994.

Að því marki sem beinar greiðslur ganga ekki út eftir uppgjör innan greiðslumarks skal greitt út á framleiðslu umfram greiðslumark þó þannig að fyrstu 4% njóti forgangs.

8. gr.

Viðtakandi beinna greiðslna.

Beinar greiðslur greiðast ábúanda á lögbýlinu. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Til kynna skal Framleiðsluráði landbúnaðarins allar breytingar á hver eigi að vera handhafi beinna greiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beinna greiðslna. Jafnframt skulu viðtakendur beinna greiðslna tilgreina sérstakan reikning í banka eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

9. gr.

Uppgjör beinna greiðslna.

Sjái framleiðandi fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til a.m.k. 80% af beinum greiðslum verðlagsársins, ber honum að tilkynna það Framleiðsluráði landbúnaðarins, sem þá skal haga beinum greiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok verðlagsárs, að ofgreitt hafi verið, ber viðtakanda beinna greiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út greiðslumark til framleiðslu mjólkur og heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna og lætur afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði viðkomandi afurðastöðvar og búnaðarsambands.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur.

Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

11. gr.

Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýlisins. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við það og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár.

Úni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar.

12. gr.

Úrskurðarnefnd.

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbylis, skráningu á greiðslumarki, rétt til beinna greiðslna og framkvæmd verðskerðingar, er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, sem starfar skv. 52. gr., sbr. 45. gr. laga nr. 46/1985. Úrskurði nefndarinnar, sem skal liggja fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

13. gr.

Viðurlög og gildistaka.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. júlí 1993.

Halldór Blöndal.

Guðmundur Sigþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 – 1993

16. júlí 1993

593

Nr. 314

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hofsósi.

1. gr.

Leyfisgjald vegna hundahalds, sbr. b-staflíð 2. gr. samþykktar um hundahald á Hofsósi nr. 144 1993 skal vera kr. 5 000 á ári.

Sé hundur skráður aðeins hluta úr ári skal það vera kr. 500 pr. mánuð.

Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir upphafstímabilið til reglulegs gjalddaga næsta árs sem er 1. mars og skal það vera fullt gjald.

Árgjöld greiðast einnig fyrirfram fyrir tímabilið 1. mars til jafnlengdar næsta árs.

2. gr.

Tökugjald skal vera kr. 2 000 í fyrsta skipti, kr. 4 000 í annað skipti og kr. 6 500 í þriðja skipti.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Hofshrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari beytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júlí 1993.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Ingibjörg R. Magnúsdóttir.

9. ágúst 1993

Nr. 315

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 483, 10. október 1991, ásamt breytingu nr. 87, 1. mars 1993.

Gjaldskrá fyrirtækisins hækkar um 3,2%.

Iðnaðarráðuneytið, 9. ágúst 1993.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

Steindórsprent Gutenberg hf.

AUGLÝSING

um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota.

Samkvæmt heimild í 108. gr. umferðarlaga, nr. 50/30. mars 1987, hefur verið ákveðið að á Akureyri fari álagning og innheimta gjalds vegna stöðvunarbrota einnig fram á vegum Akureyrarbæjar.

Ákvörðun þessi tekur gildi 11. ágúst 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. ágúst 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 317

3. ágúst 1993

AUGLÝSING

um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota.

Ákveðið hefur verið að gjald vegna stöðvunarbrota samkvæmt 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga, nr. 50/30. mars 1987, sbr. 3. gr. reglna um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota, nr. 104/26. febrúar 1988, skuli vera 1 000 krónur. Í Reykjavík og á Akureyri skal gjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita þó vera 700 krónur.

Ákvörðun þessi tekur gildi 11. ágúst 1993.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota, nr. 66/24. febrúar 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. ágúst 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 318

30. júlí 1993

AUGLÝSING

um umferð á Grenivík í Grýtubakkahreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Grýtubakkahrepps og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Grenivík.

Aðalbrautarréttur verður á eftirtöldum götum:

1. Miðgörðum að Ægissíðu.
2. Ægissíðu að Hafnargötu og
3. Hafnargötu og Lundsbraut að Miðgörðum.

Biðskyldumerki verða sett upp í samræmi við þessar reglur.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri. 30. júlí 1993.

Eliás I. Eliásson.

STARFSREGLUR

fyrir Staðlaráð Íslands.

Aðilar, sem greindir eru í viðauka I, hafa komið sér saman um eftirfarandi starfsreglur Staðlaráðs Íslands og að leita staðfestingar iðnaðarráðherra á þeim.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lagagrundvöllur.

Staðlaráð Íslands starfar á grundvelli laga um staðla, nr. 97/1992, og ákvæða þessara starfsreglna. Heiti þess er skammstafað STRÍ.

2. gr.

Aðild.

Aðild að Staðlaráði geta þeir átt sem áhuga hafa á og telja sig eiga hagsmuna að gæta af starfi þess.

Almennt er miðað við að þeir séu aðilar að Staðlaráði sem hafa almennra hagsmuna að gæta af stöðlun en aðrir starfi fremur í einstökum fagráðum eða fagstjórnnum á vegum þess.

Ósk um aðild að Staðlaráði skal senda stjórn þess og fjallar hún um umsóknina. Samþykki stjórnin umsóknina telst hún afgreidd. Hafni stjórn aðildarumsókn er umsækjanda heimilt að leggja hana fyrir Staðlaráð til endanlegrar afgreiðslu.

Aðild tekur gildi frá og með samþykkt umsóknar.

Aðild að Staðlaráði er ekki skilyrði fyrir þátttöku í starfi á vegum ráðsins.

3. gr.

Um skilgreiningar.

Í starfsemi ráðsins er fylgt þeim skilgreiningum sem er að finna í íslenskum staðli, ÍST EN 45020, „Almenn orð og skilgreiningar þeirra í stöðlun og starfsemi sem henni tengist.“

4. gr.

Hlutverk Staðlaráðs og verkefni.

Hlutverk Staðlaráðs Íslands er að vera samstarfsráð þeirra sem áhuga hafa á og hagsmuna hafa að gæta af gerð og notkun staðla hérlendis og vettvangur hagsmunaaðila til að hafa áhrif á gerð og notkun staðla hérlendis.

Í starfi sínu skal Staðlaráð hafa að leiðarljósi að meta jafnan gagnsemi starfsins, jafnframt því sem tekið er tillit til hagsmuna neytenda og umhverfissjónarmiða.

Verkefni Staðlaráðs eru m.a. að:

- hafa umsjón með staðlagerð á Íslandi með það að meginmarkmiði að vandaðir íslenskir staðlar verði til;
- vera fulltrúi fyrir Íslands hönd á erlendum vettvangi á sviði stöðlunar;
- aðhæfa og staðfesta sem íslenska þá staðla sem leiðir af aðild Staðlaráðs að erlendu staðlasamstarfi;
- greiða fyrir því að íslenskum stöðlum verði beitt í opinberri stjórnsýslu og hjá einka- aðilum;
- stuðla að því að erlendir staðlar, sem teljast gagna íslensku athafnalífi, verði staðfestir sem íslenskir staðlar;
- starfrækja miðstöð stöðlunarstarfs hérlendis þar sem veitt er þjónusta stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og samtökum sem vilja nýta sér staðla í starfi sínu;

- g. gefa út Staðlatíðindi og staðlaskrá og sjá til þess að á hverjum tíma séu til eintök af öllum gildandi íslenskum stöðlum;
- h. stuðla að framgangi stöðlunar á Íslandi á þann hátt sem gagnlegt þykir, m.a. með fræðslu og upplýsingum og aðild að starfsemi sem tengist stöðlun;
- i. veita þjónustu á sviðum sem tengjast stöðlun eftir því sem óskað kann að verða eftir og stjórn ráðsins samþykkir.

Í starfi á vegum Staðlaráðs skal þess gætt að unnið sé í samræmi við gildandi verklagsreglur Alþjóðastaðlasamtakanna ISO og alþjóðaraftækninefndarinnar IEC um stöðlun. Þessar verklagsreglur er að finna í viðauka II við starfsreglurnar. Einnig skal gæta samræmis við sameiginlegar reglur evrópsku staðlasamtakanna CEN og CENELEC um staðlagerð.

5. gr.

Aðildargjöld.

Heimilt er að aðalfundur Staðlaráðs ákveði árleg aðildargjöld. Þess skal gætt við ákvörðun aðildargjalda að þau hindri ekki að mikilvægir hagsmunaaðilar geti átt aðild að ráðinu.

Stjórn Staðlaráðs er heimilt að fella niður aðildargjöld einstakra aðila að ráðinu að hluta eða að öllu leyti ef hún telur það nauðsynlegt til að tryggja þátttöku mikilvægra aðila að ráðinu.

6. gr.

Tekjur.

Staðlaráð Íslands hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjur þess eru m.a.:

- a. framlög og greiðslur hagsmunaaðila fyrir stöðlunarstörf sem þeir óska eftir,
- b. af sölu staðla, útgáfu rita sem verða til á vegum ráðsins og annarri þjónustu,
- c. árleg aðildargjöld,
- d. framlag á fjárlögum.

II. KAFLI

Stjórnskipulag.

7. gr.

Stofnanir Staðlaráðs.

Æðsta ákvörðunarvald Staðlaráðs Íslands er í höndum aðalfundar.

Stofnanir Staðlaráðs eru stjórn (sbr. 15.-17. gr.), staðfestingarnefnd (sbr. 21.-22. gr.), fagráð (sbr. 23.-24. gr.), fagstjórnir (sbr. 25. gr.) og tækninefndir (sbr. 26.-29. gr.), auk starfshópa og nefnda um afmörkuð verkefni.

8. gr.

Skipan Staðlaráðs.

Aðilar að Staðlaráði skipa hver einn fulltrúa til setu í ráðinu og annan til vara. Fulltrúar skulu skipaðir til tveggja ára í senn. Aðilar að ráðinu geta þó hvenær sem er skipt um fulltrúa sinn með skriflegri tilkynningu þess efnis til formanns ráðsins. Endurskipa má fulltrúa.

9. gr.

Skyldur fulltrúa.

Fulltrúarnir eru ábyrgir fyrir því að kynna umbjóðendum sínum ákvarðanir sem teknar eru í Staðlaráði og skulu, þegar það á við, leita eftir afstöðu þeirra til mála sem á dagskrá ráðsins eru hverju sinni.

10. gr.

Atkvæðagreiðslur í Staðlaráði.

Almennt er leitast við að ná sammæli við afgreiðslu mála í Staðlaráði. Sé fullreynt að ekki náist slík samstaða um lausn máls skal gengið til atkvæða um það.

Ef ekki er kveðið sérstaklega á um annað tekur Staðlaráð ákvarðanir með einföldum meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem eru á fundi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði.

11. gr.

Fundir Staðlaráðs.

Staðlaráð skal koma saman til fundar eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári, á fyrsta ársfjórðungi og á síðari helmingi ársins, og skal fyrsti fundur hvers árs vera aðalfundur ráðsins.

Stjórn Staðlaráðs boðar til fundar í ráðinu með bréfi póstlögðu til hvers fulltrúa með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Um boðun aðalfundar sjá þó 12. gr. Í bréfinu eða í fylgiskjali með því skulu koma fram upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að taka afstöðu til mála sem eru til afgreiðslu á fundinum.

Aukafund skal halda þegar þurfa þykir. Boða skal til aukafundar ef a.m.k. fjórðungur fulltrúa óskar þess. Fundur er lögmætur ef rétt er til hans boðað og meiri hluti fulltrúa situr hann. Nú er meiri hluti fulltrúa fjarverandi á fundi og skal þá boða að nýju til fundar innan viku og telst hann lögmætur óháð mætingu.

Færa skal fundargerð fyrir hvern fund í Staðlaráði og senda fulltrúum afrit innan tveggja vikna frá fundardegi. Hafi fulltrúar ekki gert skriflegar athugasemdir við fundargerð þremur vikum eftir að hún var send út skoðast hún samþykkt.

12. gr.

Fundarboð til aðalfundar.

Til aðalfundar skal boðað með bréfi póstlögðu til hvers fulltrúa með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara.

Tillögur um mál, sem óskað er að komi til afgreiðslu á aðalfundi, skulu hafa borist skrifstofu ráðsins eigi síðar en þremur vikum fyrir boðaðan fund.

Tveimur vikum fyrir fund skal senda út dagskrá fundarins ásamt upplýsingum sem teljast nauðsynlegar til að taka afstöðu til mála sem eru til afgreiðslu á fundinum.

Nú er meiri hluti fulltrúa fjarverandi á fundi, sbr. 4. mgr. 11. gr., og skal þá boða að nýju til fundar samkvæmt ákvæðum 1. mgr. innan viku og telst hann lögmætur, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 11. gr.

13. gr.

Fulltrúar á aðalfundi.

Rétt til setu á aðalfundi eiga:

- a. fulltrúar aðila að Staðlaráði,
- b. fráfarandi stjórnarmenn Staðlaráðs, þeir sem ekki eru lengur fulltrúar í ráðinu, með málfrelsi og tillögurétt,
- c. formenn fagráða, fagstjórna og framkvæmdastjóri ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Auk þess getur stjórn ráðsins boðið öðrum aðilum að sitja einstaka aðalfundi sem áheyrnarfulltrúar eftir því sem henni þykir ástæða til.

14. gr.

Dagskrá aðalfundar.

Á aðalfundi skal eftirfarandi tekið fyrir:

- a. kosning fundarstjóra og fundarritara,
- b. starfsskýrslur undanfarins árs, þ.m.t. skýrslur einstakra fagráða og fagstjórna,
- c. endurskoðaðir reikningar,
- d. tillögur að breytingum á starfsreglum,
- e. tillögur um að stofna fagråd, ákvarða starfssvið þess og staðfesta starfsreglur þess og ákvarða hvort leggja skuli starfandi fagråd niður,

- f. stjórnarkjör (annað hvert ár),
- g. ákvörðun aðildargjalda,
- h. ákvörðun þóknunar stjórnarmanna,
- i. mótun stefnu,
- j. afgreiðsla starfs- og fjárhagsáætlunar,
- k. kosning skoðunarmanna reikninga,
- l. önnur mál.

15. gr.

Stjórn Staðlaráðs.

Stjórn Staðlaráðs er skipuð fimm mönnum sem eru kosnir á aðalfundi annað hvert ár. Formaður skal kosinn sérstakri kosningu. Hann telst einnig vera formaður Staðlaráðs Íslands. Að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.

Kjörgengi til stjórnarkjörs hafa allir fulltrúar í ráðinu.

Ný stjórn Staðlaráðs tekur til starfa strax að loknum aðalfundi annað hvert ár, í fyrsta sinn að loknum stofnfundi ráðsins.

16. gr.

Fundir stjórnar Staðlaráðs.

Stjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður óskar þess.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Til fundar skal boðað skriflega. Í fundarboði eða fylgiskjali með því skulu koma fram allar þær upplýsingar sem teljast nauðsynlegar til að taka afstöðu til mála sem eru til afgreiðslu á fundinum.

Stjórn skal halda gerðabók.

Stjórn er heimilt að bjóða formönnum fagráða og fagstjórna að sitja fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt um mál sem varða starfsemi þeirra.

17. gr.

Hlutverk og verkefni stjórnar Staðlaráðs.

Stjórn Staðlaráðs ber ábyrgð á framkvæmd stefnu og ákvarðana ráðsins og fylgist með fjárreiðum þess. Hún markar stefnu ráðsins að því leyti sem aðalfundur gerir það ekki og sinnir þeim verkefnum Staðlaráðs, sbr. 4. gr., sem öðrum hefur ekki verið falið að sinna.

Stjórnin sér um heildarsamræmingu vinnu á vegum ráðsins.

Stjórnin gætir þess að starfsemi á vegum ráðsins fari fram í samræmi við almennar reglur um stöðlun og leitast við að tryggja að eðlilegs jafnvægis hagsmuna, sem tengjast stöðlun, gæti í allri starfsemi.

Stjórninni er heimilt að kalla eftir upplýsingum frá fagráði um atriði er varða þau verkefni sem Staðlaráð hefur falið því.

Stjórnin skipuleggur þátttöku Staðlaráðs og fagráða og fagstjórna á vegum þess í staðlasamstarfi þjóða. Hún skipar fulltrúa ráðsins til þátttöku í nefndum og vinnuhópum að fenginni tilnefningu frá hlutaðeigandi fagráði eða fagstjórn. Ef vafi leikur á hver annast á um tiltekið verkefni hefur stjórnin forgöngu um að ná samkomulagi um það.

18. gr.

Skyldur fulltrúa í staðlasamstarfi þjóða.

Þess skal jafnan gætt að þeir sem taka þátt í staðlasamstarfi þjóða á vegum ráðsins leitist við að tryggja að fullnægjandi sammæli sé innanlands um afstöðu til mála á dagskrá. Þeir skulu einnig sjá til þess að stjórn Staðlaráðs og stjórn hlutaðeigandi fagráðs eða fagstjórn berist upplýsingar um mál á dagskrá og fullnægjandi skýrslur um fundastörf.

19. gr.

Hlutverk formanns Staðlaráðs og annarra stjórnarmanna.

Formaður Staðlaráðs kemur auk framkvæmdastjóra fram út á við fyrir hönd ráðsins. Mikilvægar fjárskuldbindingar skulu undirritaðar af formanni og varaformanni.

Varaformaður stjórnar Staðlaráðs er staðgengill formanns í forföllum hans. Forfallist einnig varaformaður skipar stjórnin einn úr sínum hópi til þess að koma fram fyrir hönd ráðsins.

Auk almennra stjórnarstarfa fara stjórnarmenn með einstök verkefni skv. ákvörðun stjórnar hverju sinni.

20. gr.

Dagleg starfsemi

Stjórn Staðlaráðs ákveður með hvaða hætti daglegri starfsemi á vegum ráðsins skuli fyrir komið. Í því sambandi er henni m.a. heimilt að semja við utanaðkomandi aðila um skrifstofuhald og framkvæmd annarra verkefna á vegum ráðsins.

Stjórninni er heimilt að ráða sérstakan framkvæmdastjóra Staðlaráðs. Verksvið hans skal skilgreint í ráðningarsamningi.

Framkvæmdastjóri situr fundi Staðlaráðs og stjórnar þess með málfrelsi og tillögurétt. Hann skal þó víkja af fundi ef stjórn óskar þess.

21. gr.

Staðfestingarnefnd.

Á vegum stjórnar Staðlaráðs skal starfa tveggja manna nefnd sem gengur úr skugga um að vinna við staðla, sem staðfesta skal, hafi farið fram í samræmi við gildandi reglur og staðfestir gildi og gildistöku staðla sem unnið hefur verið að og nemur staðla úr gildi í samræmi við ákvæði 41. gr.

Stjórn ráðsins skipar einn mann úr hópi ráðsmanna og annan til vara til að skipa ásamt einum stjórnarmanna nefndina til eins árs í senn. Fulltrúi stjórnar er formaður nefndarinnar.

Staðfestingarnefnd fundar svo oft sem þurfa þykir. Skrá skal fundargerð og leita samþykkis nefndarmanna á henni áður en samþykktum er framfylgt.

Fyrir hvern fund nefndarinnar kveður formaður nefndarinnar til formann fagráðs eða fagstjórnar eða annan sem talinn er hafa sérþekkingu á því ferli sem fjallað skal um.

22. gr.

Verkefni staðfestingarnefndar.

Nefndin skal ganga úr skugga um að unnið hafi verið að þeim frumvörpum, sem leitað er staðfestingar á, í samræmi við gildandi starfsreglur ráðsins.

Nefndin skal einkum:

- a. kanna hvort frumvarpið stenst þær kröfur sem eru gerðar til íslenskra staðla,
- b. skera úr um val á orðum til þýðingar á stöðlum ef ekki ríkir einhugur um það efni.

23. gr.

Hlutverk og verkefni fagráðs.

Hlutverk fagráðs er að samræma og hafa frumkvæði að stöðlunarvinnu á sínu sviði.

Hópur hagsmunaaðila getur gert tillögu til Staðlaráðs um stofnun fagráðs á tilgreindu sviði.

Aðalfundur Staðlaráðs tekur ákvörðun um hvort stofna skuli fagrád.

Pegar fagrád er stofnað felur Staðlarád því verkefni vegna stöðlunar á því sérsviði sem undir það heyrir.

Aðild að fagráði er frjáls. Heimilt er fagráði að ákvarða aðildargjöld að ráðinu. Við

ákvörðun aðildargjalda skal þess gætt að þau hindri ekki að mikilvægir hagsmunaaðilar geti tekið þátt í starfi þess.

Fagråd leitar samvinnu við þá sem hagsmuna eiga að gæta. Það skipar tækninefndir í samræmi við ákvæði 26.-29. gr. og setur verkefni af stað að fenginni staðfestingu stjórnar Staðlaráðs.

Fagråd fylgist með og stýrir framvindu innlendrar stöðlunarvinnu á sérsviði sínu og tryggir eðlilega framvindu verkefna.

Fagråd hefur umsjón með þátttöku Íslendinga í staðlasamstarfi þjóða á sérsviði sínu. Það tilnefnir fulltrúa í alþjóðlegar nefndir og hópa á sérsviði sínu.

Fagråd fjallar um þær tillögur að nýjum verkefnum á tæknisviði sínu sem berast frá norrænum, evrópskum eða alþjóðlegum staðlasamtökum sem Staðlaráð á aðild að.

Fagråd tekur að sér önnur verkefni sem stjórn Staðlaráðs kann að óska eftir, sbr. þó 1. mgr. 24. gr.

Fagråd fylgir reglum Staðlaráðs en setur sér sjálft stjórn og nánari reglur eftir því sem þurfa þykir.

Reglur fagráðs skulu staðfestar af aðalfundi Staðlaráðs áður en þær taka gildi.

24. gr.

Samskipti og verkaskipting á milli stjórnar Staðlaráðs og fagráðs.

Fagråd hefur aðskilinn fjárhag og er hvorki stjórn Staðlaráðs heimilt að skuldbinda það fjárhagslega né fagráði að skuldbinda ráðið í heild eða stjórn þess fjárhagslega.

Að öðru jöfnu annast stjórn Staðlaráðs skrifstofuhald og aðra þjónustu við fagråd. Skriflegur samningur skal gerður um umfang og fyrirkomulag þjónustunnar.

25. gr.

Fagstjórnir.

Til undirbúnings stofnunar fagráðs leitar Staðlaráð til hagsmunaaðila og sérfræðinga á afmörkuðu sviði um setu í fagstjórn sem stýrir vinnu á sviði sínu. Meginhlutverk fagstjórnar er að vinna að því að komið verði á stofn fagráði í samræmi við ákvæði 23. gr. en einnig að hafa umsjón með vinnu á sviði sínu.

Ákvæði 23. gr. gilda um fagstjórnir eftir því sem við getur átt.

Stjórn Staðlaráðs skipar fagstjórnir, skipar þeim formenn að fengnum tillögum fagstjórnar og setur þeim erindisbréf.

Nú reynist ekki grundvöllur fyrir stofnun fagráðs og ákveður þá stjórn Staðlaráðs hvort fagstjórnin skuli starfa áfram eða starfsemi hennar hætt.

26. gr.

Stofnun tækninefnda.

Fagråd og fagstjórnir skipa tækninefndir á starfssviði sínu. Á þeim sviðum, þar sem ekki starfar fagråd eða fagstjórn, skipar stjórn Staðlaráðs tækninefndir.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að stofna tækninefnd er henni sett erindisbréf og ákveðið hverjir skuli tilnefna fulltrúa í nefndina. Viðkomandi fagråd eða fagstjórn velur nefndinni formann að fengnum tillögum nefndarmanna.

Stjórn Staðlaráðs staðfestir skipun tækninefnda og starfssvið þeirra.

27. gr.

Hlutverk tækninefnda.

Tækninefndir eru skipaðar til þess að annast stöðlun á tilgreindum, afmörkuðum verkefnasviðum.

Við skipan nefnda skal þess gætt að í þeim sitji fulltrúar sem víðtækastra hagsmuna á sviðinu. Eftir atvikum skal leitast við að í þeim sitji fulltrúar fyrir framleiðendur, seljendur, neytendur, rannsóknaraðila og stjórnvöld sem annast gerð fyrir mæla á sviðinu, auk þeirra fulltrúa erlendra staðlastofnana sem kunna að vilja beita rétti sínum til þátttöku í nefndavinnu samkvæmt skuldbindingum Staðlaráðs í staðlasamstarfi þjóða.

28. gr.

Verkefni tækninefnda.

Tækninefnd skal, í samræmi við erindisbréf, starfa að eftirtöldum þáttum, einum eða fleiri:

- faglegri vinnu sem tengist þátttöku Íslendinga í staðlasamstarfi þjóða,
- vinna úr niðurstöðum verkefna í staðlasamstarfi þjóða sem Staðlaráð er aðili að,
- annast séríslensk verkefni, þ.m.t. endurskoðun gildandi íslenskra staðla,
- bera ábyrgð á viðhaldi gildandi íslensks staðals.

Hafi tækninefnd lokið verkefni sínu skal hún lögð niður.

29. gr.

Ágreiningur í tækninefnd.

Nú næst ekki sammæli í tækninefnd um mál sem varða staðlavinnuna og skal þá skjóta málinu til hlutadeigandi fagráðs eða fagstjórnar til úrskurðar. Í úrskurðinum skal koma fram hvort stöðva skuli vinnu við þann staðal sem ágreiningur er um, ganga til atkvæða um lausnir eða leita áfram sammælis um hann.

Um málskot vegna annars ágreinings og málsmeðferð skv. fyrri mgr. fer eftir almennum venjum, sbr. þó 3. mgr. 34. gr.

30. gr.

Samning staðla á vegum annarra aðila.

Stjórn Staðlaráðs getur falið aðilum utan ráðsins að semja drög að íslenskum stöðlum á tilteknu sviði, innanlands eða í erlendu staðlasamstarfi, enda starfi ekki fagráð eða fagstjórn á sviðinu.

Skilyrði þessa er að:

- fulltrúar sem víðtækastra hagsmuna stýri vinnunni, sbr. 27. gr.,
- fyrir liggja samþykki þeirra við að starfa í samræmi við reglur Staðlaráðs,
- drögin verði send til umsagnar sem frumvarp í samræmi við 36.- 38. gr.,
- tryggt sé að Staðlaráð verði ekki fyrir óumsömdum kostnaði af vinnunni, þ.m.t. kostnaði við útgáfuvinnu.

III. KAFLI

Útgáfa staðla.

31. gr.

Íslenskur staðall.

Íslenskur staðall (skammstafað ÍST) er staðall sem hefur verið staðfestur af Staðlaráði Íslands. Staðlar, sem voru staðfestir á grundvelli laga um Iðntæknistofnun Íslands, nr. 41/1978, og þeirra laga sem áður giltu um stöðlun, teljast einnig íslenskir staðlar.

32. gr.

Kröfur til íslenskra staðla.

Staðfesta má skjal sem íslenskan staðal ef:

- efni þess telst henta til útgáfu sem staðall,

- b. skjalið hefur verið sent sem frumvarp á vegum Staðlaráðs til umsagnar þannig að þeir sem telja sig hafa hagsmuna að gæta af efni skjalsins hafi fengið tækifæri til að hafa áhrif á gerð staðalsins,
- c. skjalið, efni þess eða efnismeðferð, kemur ekki í bága við skuldbindingar Staðlaráðs í staðlasamstarfi þjóða.

33. gr.

*Endurskoðun íslenskra staðla sem tengjast ekki
erlendri samvinnu ráðsins.*

Nú er frumvarp að endurskoðuðum íslenskum staðli sent til umsagnar og endurskoðunin tengist ekki vinnu sem fer fram í staðlasamstarfi þjóða og skal þá tilgreina í sérstakri greinargerð þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á eldri útgáfu staðalsins ásamt rökstuðningi fyrir þeim.

34. gr.

Staðfesting íslensks staðals.

Við staðfestingu á íslenskum staðli skal einkum miðað við að:

- a. frumvarpið og fram komnar umsagnir um það hafi hlotið eðlilega og rétta afgreiðslu, sbr. 32. og 37. gr.,
- b. framsetning væntanlegs staðals sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til íslenskra staðla,
- c. að staðallinn verði tilbúinn til dreifingar með hæfilegum fresti fyrir áætlaðan gildistöku-dag.

Ef ákvæðum 1. mgr. er fullnægt er staðfestingarnefnd skylt að staðfesta staðalinn.

Verði ágreiningur um gildi staðals eða staðfestingu hans úrskurðar stjórn Staðlaráðs í málinu.

35. gr.

Íslenskur staðall á erlendu tungumáli.

Heimilt er að gefa út íslenskan staðal á erlendu tungumáli ef sýnt þykir að það hindri ekki eðlileg not staðalsins.

36. gr.

Formleg umsögn.

Frumvarp telst hafa verið sent formlega til umsagnar ef það hefur verið auglýst með tilgreindum umsagnartíma í Staðlatíðindum, sbr. 37.-38. gr.

37. gr.

Umsagnartími og afgreiðsla umsagna.

Þess skal gætt við vinnu við stöðlun, útgáfu auglýsinga og ákvörðun tímafrests að hagsmunaaðilar fái tækifæri til að hafa áhrif á gerð staðalsins. Þetta skal m.a. gert með því að:

- a. tilkynna í Staðlatíðindum, sbr. 38. gr., um sérhvert verkefni sem byrjað er á,
- b. auglýsa hvert frumvarp í Staðlatíðindum til almennrar umsagnar í a.m.k. einn mánuð frá birtingu auglýsingarinnar,
- c. svara bréfluga öllum efnislegum athugasemdum sem eru gerðar,
- d. gefa þeim sem umsagnir senda kost á að rökstyðja skoðun sína á fundi,
- e. semja skýrslu um fram komnar umsagnir og svör við þeim,
- f. senda frumvörp, sem veigamiklar breytingar hafa orðið á, aftur til umsagnar áður en þau hljóta staðfestingu sem íslenskur staðall,
- g. auglýsa í Staðlatíðindum gildistöku nýs staðals.

38. gr.

Staðlatíðindi.

Staðlatíðindi eru gefin út svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Í þeim skal m.a.:

- a. tilkynna um ný stöðlunarverkefni,
- b. auglýsa frumvörp að stöðlum til umsagnar og kalla eftir umsögnum innan tiltekins tíma, og
- c. tilkynna staðfestingu Staðlaráðs á nýjum stöðlum.

39. gr.

Staðlaskrá.

Staðlaráð skal halda skrá yfir alla gilda íslenska staðla og skal hún birt eigi sjaldnar en árlega.

40. gr.

Gildistími staðals.

Gildistími staðals er ótakmarkaður nema annað sé sérstaklega tekið fram á forsiðu staðalsins sjálfs.

Nú er íslenskur staðall gefinn út í nýrri útgáfu og fellur þá eldri útgáfan sjálfkrafa úr gildi á gildistökuþegi nýju útgáfunnar.

41. gr.

Afnám íslensks staðals.

Nú hentar íslenskur staðall ekki lengur til þess sem honum var ætlað og getur staðfestingarnefnd þá ákveðið að nema hann úr gildi að fenginni tillögu þess efnis frá hlutaðeigandi fagráði eða fagstjórn.

Ákvörðun þessa efnis skal birt í Staðlatíðindum.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

42. gr.

Reikningar og reikningsár Staðlaráðs.

Reikningsár Staðlaráðs er almanaksárið og skulu reikningar, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og þar til kjörnum skoðunarmönnum, lagðir fram á aðalfundi til umræðu og úrskurðar.

Reikningar ráðsins eru öllum opnir.

43. gr.

Ráðstöfun hagnaðar.

Hagnaði, sem verða kann af starfsemi Staðlaráðs Íslands, má einvörðungu verja í samræmi við hlutverk ráðsins og verkefni.

44. gr.

Breytingar á starfsreglum.

Ákvæðum starfsreglna þessara má breyta á aðalfundi og þarf tvo þriðju hluta atkvæða allra aðila að Staðlaráði Íslands til að breyta þeim. Heimilt er að ákveða á aðalfundi að aðilar greiði skriflega atkvæði um breytingartillögur innan frests sem ákveðinn er á fundinum.

Leita skal staðfestingar iðnaðarráðherra á breytingum og taka breytingarnar gildi að fenginni þeirri staðfestingu.

45. gr.

Slit Staðlaráðs.

Nú samþykkja tveir þriðju hlutar aðila að Staðlaráði Íslands að leggja ráðið niður og skal það þá gert að fengnu samþykki iðnaðarráðherra. Stjórn Staðlaráðs gerir þá tillögu til iðnaðarráðherra um ráðstöfun eigna ráðsins.

46. gr.

Gildistaka.

Starfsreglur þessar eru settar skv. ákvæðum laga um staðla, nr. 97/1992, og öðlast gildi að fenginni staðfestingu iðnaðarráðherra.

Reykjavík, 16. apríl 1993.

Reglur þessar eru hér með staðfestar.

Iðnaðarráðuneytið, 20. apríl 1993.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.

Viðauki I.

Stofnaðilar að Staðlaráði Íslands.

Alþýðusamband Íslands
Félag íslenskra iðnrekenda
Félag íslenskra stórkaupmanna
Félagsmálaráðuneytið
Háskóli Íslands
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytin
Iðntæknistofnun Íslands
Innkaupastofnun ríkisins
Landssamband iðnaðarmanna
Neytendasamtökin
Samband íslenskra tryggingarfélaga
Samgönguráðuneytið
Samkeppnisstofnun
Samtök fiskvinnslustöðva
Sjávarútvegsráðuneytið
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna
Tæknifræðingafélag Íslands
Umhverfisráðuneytið
Útflutningsráð Íslands
Verkfræðingafélag Íslands
Vinnuveitendasamband Íslands

Viðauki II.**Verklagsreglur ISO og IEC um stöðlun.**

1. gr.

Almenn ákvæði.

- A. Í reglum þessum gilda þær skilgreiningar sem eru settar fram í viðauka við reglurnar.
- B. Allir stöðlunaraðilar geta lýst yfir að þeir muni fylgja reglum þessum, hvort heldur þeir starfa á vegum stjórnvalda eða ekki og hvort sem þeir starfa á alþjóðavettvangi eða í afmörkuðum heimshlutum, löndum eða héruðum. Stöðlunaraðilar, sem hafa samþykkt þessar reglur eða dregið samþykkt sína til baka, skulu tilkynna það þeim sem fer með aðild að ISO eða IEC í landi sínu og skal hann koma þeim boðum áfram til upplýsingamiðstöðvar ISO/IEC í Genf. Stöðlunaraðilar, sem starfa á sviði fjarskipta, geta einnig komið tilkynningum sínum til skila fyrir milligöngu aðalskrifstofu ITU. Í tilkynningunum skal koma fram heiti og aðsetur viðkomandi aðila svo og umfang stöðlunarstarfsemi hans eða fyrirhugað umfang. Svæðisbundnir og alþjóðlegir stöðlunaraðilar og stöðlunaraðilar í löndum þar sem enginn fer með aðild að ISO eða IEC geta tilkynnt um að þeir hyggist fylgja þessum reglum beint til upplýsingamiðstöðvar ISO/IEC.
- C. Aðilar að ISO skulu gera það sem í þeirra valdi stendur til að gerast aðilar að ISONET eða tilnefna annan aðila til aðildar og afla honum aðildar að því marki sem mögulegt er. Aðrir stöðlunaraðilar skulu gera það sem í þeirra valdi stendur til að tengjast ISONET.
- D. Stöðlunaraðilinn skal gefa fullnægjandi kost á samráði um athugasemdir er berast um beitingu þessara reglna frá öðrum stöðlunaraðilum, sem hafa tekið þær upp, og leitast við að taka tillit til slíkra athugasemda. Stöðlunaraðilinn skal leitast við að leysa úr öllum kvörtunarefnum á óhlutdrægan hátt.

2. gr.

Verklagsreglur um gerð staðla.

- A. Skriflegar verklagsreglur, sem byggjast á grundvallarreglunni um sammæli, skulu gilda um aðferðir þær sem beitt er við gerð staðla. Hagsmunaaðilar, sem þess óska, skulu eiga þess kost að fá eintök af verklagsreglum stöðlunaraðilans tímanlega og á sanngjörnum kjörum.
- B. Í slíkum verklagsreglum skulu vera sérstök ákvæði um raunhæft og aðgengilegt málsskotskerfi til að bregðast með óhlutdrægum hætti við efnislegum kvörtunum og kvörtunum um starfsaðferðir.
- C. Tilkynnt skal um stöðlunarstarfsemi í videigandi miðlum og eftir því sem þörf krefur til að hagsmunaaðilar eða stofnanir hafi tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og hafa áhrif á framgang mála. Þetta krefst þess að tímanlega sé tilkynnt í videigandi miðlum um nýja starfsemi við gerð staðla, yfirstandandi vinnu og vinnu sem lokið er, svo og að skýrt sé frá breytingum á stöðu mála eftir því sem þörf krefur.
- D. Stöðlunarstofnunin skal tafarlaust láta í té eða gera ráðstafanir til að útvega eintak af staðlafrumvörpum sem eru til umsagnar ef um það berst ósk frá einhverjum hagsmunaaðila. Gjöld fyrir slíka þjónustu, að undanskildum raunverulegum sendingarkostnaði, skulu vera þau sömu fyrir innlenda og erlenda aðila. Hagsmunaaðilar, hvar sem þeir hafa aðsetur, skulu fá sanngjarnt tækifæri til að fara yfir staðlafrumvörp og gera við þau athugasemdir. Ef þess er óskað skulu öll sjónarmið og athugasemdir tekin til tafalausrar athugunar og þeim svarað. Til dæmis skulu gefnar á því skýringar ef nauðsynlegt er að vika frá videigandi alþjóðastöðlum.
- E. Formleg samþykkt staðla skal byggjast á upplýsingum um að sammæli sé um það skjal sem leitað er samþykkis á.

- F. Allir staðlar skulu yfirfarnir og endurskoðaðir reglulega og þeim breytt tímanlega. Tillögur um nýja staðla eða endurskoðun eldri staðla skulu hljóta skjóta umfjöllun ef þær berast eftir viðeigandi leiðum frá einstaklingum eða stofnunum, sem eiga beinna og efnislegra hagsmuna að gæta, hvar sem slíkir einstaklingar eða stofnanir kunna að eiga aðsetur.
- G. Allir samþykktir staðlar skulu gefnir út án ónaúdsynlegra tafa. Afrit skal hver sem er geta útvegað sér með sanngjörnum kjörum og skilmálum án tillits til aðseturs.
- H. Halda skal viðhlítandi skrár um vinnu við staðlagerð.

3. gr.

Efling alþjóðaviðskipta.

- A. Staðlar skulu gerðir til að svara þörfum markaðarins og þeir skulu stuðla að því að efla frjáls viðskipti á svo víðtækum landfræðilegum og efnahagslegum grundvelli sem mögulegt er. Staðlar skulu ekki gerðir með þeim hætti að þeir hindri eða hamli gegn alþjóðaviðskiptum.
- B. Staðlar skulu ekki gerðir í þeim tilgangi að stuðla að verðsamkomulagi eða til að útiloka samkeppni eða hindra á annan hátt viðskipti umfram það sem nauðsynlegt er til að mæta kröfum í viðeigandi tæknireglugerðum eða öðrum kröfum innan tiltekinnar atvinnuvega eða á tilteknum svæðum um samhæfni, umhverfisvernd, heilsuvernd og öryggi.
- C. Þegar alþjóðastaðlar eru tilbúnir eða í þann veginn að verða tilbúnir skulu þeir eða viðeigandi hlutar þeirra lagðir til grundvallar við gerð samsvarandi lands- eða svæðisstaðla nema þar sem slíkir alþjóðastaðlar hentuðu illa, t.d. vegna ófullnægjandi verndarstigs eða afgerandi veðurfræðilegra eða landfræðilegra þátta eða meiri háttar tæknilegra vandkvæða.
- D. Staðlar skulu ekki orðaðir með þeim hætti að þá megi nota til að blekkja neytendur og aðra notendur vöru, ferlis eða þjónustu sem staðallinn fjallar um.
- E. Staðlar skulu hvorki gerðir né samþykktir með þeim hætti að þeir mismuni vörum á grundvelli upprunastaðar.
- F. Til þess að sem mest svigrúm sé til tækniþróunar, skulu kröfur í stöðlum, þar sem því verður við komið, fremur fjalla um skil stöðlunarefnisins á hlutverki sínu en um hönnun þess eða lýsingu á því.
- G. Kröfur er varða umsýslu við samræmismat og veitingu samræmismarkja eða önnur málefni í þessu sambandi, sem ekki eru tæknilegs eðlis, skulu aðgreindar frá tæknilegum kröfum og kröfum um skil stöðlunarefnisins á hlutverki sínu.
- H. Staðlar skulu ekki samdir með þeim hætti að þeir geri ráð fyrir notkun vöruhlyta sem bundinn er einkaleyfi nema notkun hans sé réttlætunleg af tæknilegum ástæðum og réttshafinn sé reidubúinn að semja um notkunaleyfi við umsækjendur, sem hagsmuna eiga að gæta, hvar sem þeir hafa aðsetur, með sanngjörnum skilyrðum og skilmálum.

4. gr.

Þátttaka í stöðlun.

- A. Stofnanir og einstaklingar, sem eiga efnislegra og beinna hagsmuna að gæta, skulu eiga möguleika á þátttöku í stöðlun á öllum stigum innan heildarkerfis svo sem lýst er í þessari grein.
- B. Í því skyni að samhæfa staðla á eins breiðum grundvelli og unnt er skal stöðlunaraðilinn leggja á það höfudáherslu, eftir því sem við á, að taka eftir megni fullan þátt í viðleitni alþjóðlegra stöðlunarstofnana til að setja alþjóðastaðla um þau efni sem fyrrnefndur stöðlunaraðili hefur annaðhvort samið eða samþykkt eða hefur í hyggju að semja eða samþykkja staðla um.
- C. Þáttur einstakra landa í alþjóðastöðlun fer fram á vegum þeirrar staðlastofnunar sem er

aðili að viðkomandi alþjóðastaðlastofnun. Aðilar í hinum ýmsu löndum skulu tryggja að þátttaka þeirra taki mið af hagsmunum sem flestra aðila í landinu í því máli sem hin alþjóðlega stöðlunarstarfsemi varðar.

- D. Í einstökum heimshlutum skal þátttaka í stöðlunarstarfsemi á grundvelli sammælis, sem hefur það markmið að svara tæknilegum sérþörfum og þörfum viðkomandi heimshluta, skipulögð með þeim hætti að tekið sé mið af sem víðtækustum hagsmunum einstakra landa og heimshlutans í heild af stöðlunarstarfinu í viðkomandi heimshluta. Tækifæri til þátttöku og áhrifa af hálfu landa, sem ekki teljast til heimshlutans, skulu skipulögð á vegum landsstaðlaráða í löndunum og í samvinnu við alþjóðastaðlastofnanir sem landsstaðlaráðunum er sameiginlegt að eiga aðild að.
- E. Á landsvísu skal þátttaka skipulögð af stöðlunaraðilum og landsstaðlaráðum samkvæmt eigin verklagsreglum þeirra um sammæli. Slíkar verklagsreglur skulu gera ráð fyrir víðtækri þátttöku hagsmunaaðila, t.d. framleiðenda, kaupenda, neytenda o.s.frv. Tækifæri skulu skipulögð til þátttöku og áhrifa af hálfu annarra landa á vegum landsstaðlaráða í löndunum og í samvinnu við alþjóðastaðlastofnanir sem landsstaðlaráðunum er sameiginlegt að eiga aðild að.

5. gr.

Samræming vinnu og upplýsingar.

- A. Til þess að staðlar séu í samræmi hver við annan og stangist ekki á og til þess að þeir nýtist sem stærstum notendahópum ætti að halda uppi virku samræmingarstarfi í stöðlun á alþjóðavettvangi, í heimshlutasamstarfi og innan einstakra landa. Engum er skylt að taka þátt í slíku samræmingarstarfi.
- B. Samræming vinnu á alþjóðavísu ætti að vera á ábyrgð sérhverrar alþjóðlegrar staðlastofnunar.
- C. Samræming vinnu í einstökum heimshlutum ætti að vera á ábyrgð sérhverrar svæðisbundinnar staðlastofnunar.
- D. Samræming vinnu í einstökum löndum ætti að vera á ábyrgð landsstaðlaráðsins.
- E. Samræming svæðisbundinnar og alþjóðlegrar stöðlunar ætti að vera á ábyrgð þeirra sem annast viðkomandi stöðlun. Einkum skulu svæðisbundnir stöðlunaraðilar gera það sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir tvíverknað eða skörun við vinnu viðkomandi alþjóðlegra stöðlunaraðila.
- F. Samræming stöðlunarstarfsemi milli svæðisbundinna stöðlunarstofnana og stöðlunaraðila í löndun utan viðkomandi heimshluta ætti að vera á ábyrgð beggja í samráði við þá alþjóðlegu stöðlunarstofnun sem allir eiga sameiginlega aðild að.
- G. Öllum upplýsingum, sem getið er um í 2. gr. hér að ofan, ætti að miðla um ISONET. Sá sem fer með aðild að ISO í hverju landi ætti að tilgreina hvert skuli beina fyrirspurnum til hans um stöðlunarmál. Hið sama gildir um þá sem vinna að stöðlun á alþjóðavettvangi eða innan einstakra heimshluta.

Viðauki við verklagsreglur um stöðlun.

Orð og skilgreiningar þeirra í þessum reglum.

[Athugasemd aðalskrifstofu (ekki hluti reglnanna): Að því er varðar GATT samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir, en gert er ráð fyrir að þessi viðauki komi í staðinn fyrir Viðauka 3 við þann samning, verður núverandi Viðauka 1, „Orð og skilgreiningar þeirra í þessum samningi“ haldið eins og hann er fram settur hér að neðan. Þannig skal íðordafordinn, sem gefinn er í ISO/IEC leiðarvísi 2:1991 gilda, að því er varðar þessar reglur eingöngu, en þó með almennari skilgreiningu á orðinu „staðall“ eins og skýrt er í þessum viðauka.]

Orðin sem sett eru fram í sjöttu útgáfu ISO/IEC leiðarvísi 2:1991, Almenn heiti og skilgreiningar þeirra í stöðlun og starfsemi, sem henni tengist, skulu í þessum samningi hafa sömu merkingu og í fyrrnefndum leiðbeiningum, þó þannig að þjónusta fellur ekki undir þennan samning.

Í þessum samningi skulu eftirfarandi skilgreiningar samt gilda:

1. *Tæknireglugerð*: Skjal þar sem settir eru fram eiginleikar vöru eða vinnslu- og framleiðsluadferðir sem þeim tengjast, að meðtöldum videigandi stjórnsýslulegum ákvæðum. Skytt er að fara eftir ákvæðum tæknireglugerða. Tæknireglugerðir geta falið í sér eða fjallað einvörðungu um kröfur varðandi iðorð, tákni, pökkun eða merkingar eftir því sem við á um vöru, vinnslu eða framleiðsluferli.

Athugasemd: *Skilgreiningin í ISO/IEC leiðarvísi 2 er ekki sjálfstæð heldur byggð á hinu svonefnda „grunneiningakerfi“.*

2. *Staðall*: Um orðið „staðal“ gildir eftirfarandi skilgreining: Skjal, samþykkt af viðurkenndum aðila, þar sem settar eru fram til almennrar og endurtekinnar notkunar, reglur, leiðbeiningar eða eiginleikar fyrir vörur eða videigandi vinnslu þeirra eða framleiðsluadferðir sem þeim tengjast. Ekki er skytt að fara eftir ákvæðum staðla. Staðlar geta falið í sér eða fjallað einvörðungu um kröfur varðandi iðorð, tákni, pökkun eða merkingar eftir því sem við á um vöru, vinnslu eða framleiðsluferli.

Athugasemd: *Heitin, samkvæmt skilgreiningu í ISO/IEC leiðarvísi 2, ná yfir vöru, ferli og þjónustu. Þessi samningur fjallar eingöngu um tæknireglugerðir, staðla og aðferðir við mat á samræmi í tengslum við vöru eða skyldar vinnslu- og framleiðsluadferðir. Samkvæmt skilgreiningu í ISO/IEC leiðarvísi 2 geta staðlar verið skyldustaðlar eða staðlar til frjálsra afnota. Í þessum samningi eru staðlar skilgreindir sem skjöl til frjálsra afnota en tæknireglugerðir sem skylduskjöl. Staðlar, sem teknir eru saman af stöðlunaraðilum á alþjóðavettvangi, byggjast á sammæli. Þessi samningur tekur einnig til skjala sem byggjast ekki á sammæli.*

3. *Verklag við mat á samræmi*: Hvers kyns verklag sem notað er, beint eða óbeint, til að ákvarða hvort videigandi kröfum í tæknireglugerð eða staðli er fullnægt.

Athugasemd: *Undir verklag við mat á samræmi heyrja meðal annars aðferðir við sýnatöku, prófun og skoðun; mat, sannprófun, og tryggingu um samræmi; vottun, faggildingu og samþykkt, svo og hvers kyns samsetningar þessara þátta.*

4. *Alþjóðlegur aðili eða kerfi*: Aðili eða kerfi sem hlutaðeigandi stofnanir a.m.k. allra aðildarlanda að þessum samningi geta átt aðild að.
5. *Svæðisbundinn aðili eða kerfi*: Aðili eða kerfi sem einungis hlutaðeigandi stofnanir í sumum aðildarlöndum að þessum samningi geta átt aðild að.
6. *Miðstjórnvald*: Ríkisstjórnin, ráðuneyti hennar og stjórnardeildir eða sérhver aðili sem heyrir undir miðstjórnvaldið að því er varðar þá starfsemi sem hér um ræðir.

Athugasemd: *Í tilviki Evrópubandalagsins eiga ákvæðin um ríkisstjórnarvald við. Hins vegar kunna að verða til svæðisbundnir aðilar eða svæðisbundin kerfi til að meta samræmi innan Evrópubandalagsins og mundu slíkir aðilar eða kerfi í því tilviki heyrja undir ákvæði þessa samnings um svæðisbundna aðila eða kerfi til að meta samræmi.*

7. *Stjórnvöld í héraði*: Stjórnvöld önnur en miðstjórnvöld (t.d. í ríkjum, fylkjum, Länder, kantónum, sveitarfélögum o.s.frv.), ráðuneyti þeirra eða stjórndeildir eða sérhver aðili sem heyrir undir slík stjórnvöld að því er varðar þá starfsemi sem hér um ræðir.
8. *Aðili sem ekki er á vegum ríkisstjórnar*: Aðili sem heyrir hvorki undir miðstjórn né stjórnvöld í héraði, þ.m.t. aðili sem heyrir ekki undir stjórnvöld en hefur lagalega heimild til að framfylgja tæknireglugerð.

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 – 1993

11. ágúst 1993

609

Nr. 320

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum í Berufjarðarál.

1. gr.

Frá kl. 16.00 11. ágúst 1993 til og með 31. ágúst 1993 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði í Berufjarðarál, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°23'N – 13°40'V
2. 64°23'N – 13°20'V
3. 64°12'N – 13°20'V
4. 64°12'N – 13°40'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi kl. 16.00 11. ágúst 1993 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. ágúst 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

10. ágúst 1993

REGLUGERÐ

Nr. 321

um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald – veiðieftirlitsgjald – fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á fiskveiðiárinu 1. september 1993 til 31. ágúst 1994, á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 sbr. lög nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 skal greiða fast gjald 12 000 kr.

B 43

Steindórsprent Gutenberg hf.

3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 96 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni eða er fengið af aflaheimildum Hagræðingarsjóðs skal þó aldrei vera lægra en 2 000 kr.

4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stöð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald 12 000 kr. fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.18, ufsi 0.50, karfi 0.43, grálúða 0.75, skarkoli 0.87, rækja 0.91, humar 9.81, hörpudiskur 0.39, síld 0.08, loðna 0.05.

6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum sbr. lög nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisjármálum á árinu 1992 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi frá 1. september 1993 reglugerð nr. 298, 10. ágúst 1992, um veiðieftirlitsgjald.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. ágúst 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1993

11. júlí 1993

611

Nr. 322

REGLUGERÐ

um útvíkkun á vernd skv. lögum nr. 78/1993 um vernd
svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

1. gr.

Aðilar í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins skulu hafa sama rétt og íslenskir ríkisborgarar samkvæmt lögum nr. 78/1993 um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. og 8. gr. laga nr. 78/1993, öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar sbr. lög nr. 2/1993.

Íðnaðarráðuneytið, 11. júlí 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Baldur Pétursson.

10. ágúst 1993

Nr. 323

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Stykkishólm.

Lögreglusamþykkt fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, nr. 555 3. september 1982, skal gilda í Stykkishólmi með eftirfarandi breytingu:

Í stað 59. greinar komi eftirfarandi grein:

Allir almennir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 23.30 til kl. 06.00 að morgni; þó er heimilt að hafa opið til kl. 03.00 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Heimilt er að selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er.

Lögreglusamþykkt þessi sem bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. ágúst 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um útgáfu verklagsreglna um starfsemi rafverktaka og um starfsemi skoðunarstofa og rafveitna.

Í samræmi við reglugerð um raforkuvirki nr. 264, 31. desember 1971 með síðari breytingum hefur Rafmagnseftirlit ríkisins í dag gefið út verklagsreglur um starfsemi rafverktaka. Það hefur einnig í dag í samræmi við ákvæði sömu reglugerðar gefið út verklagsreglur um starfsemi skoðunarstofa og rafveitna.

Verklagsreglurnar eru fáanlegar hjá Rafmagnseftirliti ríkisins, Síðumúla 13, 108 Reykjavík, sem gefur nánari upplýsingar um þær.

Íðnaðarráðuneytið, 26. júlí 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Sveinn Þorgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Fjarskiptaeftirlitsins nr. 129/1993.

1. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein:

Ofangreind gjöld gilda einnig fyrir útvarpssenda á örbylgjutíðnum, 2,5–2,7 GHz, en greiðast að fullu frá og með útgáfu leyfisbréfs.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984, sbr. lög nr. 32/1993, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 30. júlí 1993.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Siglufjarðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði:

Einstefnuakstur verður á Lækjargötu milli Aðalgötu og Eyrargötu frá suðri til norðurs.

Bifreiðastöður verða aðeins heimilar vinstra megin götunnar miðað við akstursstefnu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Siglufirði, 27. júlí 1993.

Halldór Þ. Jónsson, settur.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989 með síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 16. gr. orðist svo:

Óski leyfishafi eftir lengri undanþágu fjallar umsjónarnefnd um mál hans og getur hún veitt allt að tólf mánaða undanþágu til viðbótar. Umsjónarnefnd er þó heimilt að veita frekari undanþágur þar að auki vegna alvarlegra og langvarandi veikinda leyfishafa samkvæmt læknisvottorði trúnaðarlæknis nefndarinnar, sbr. þó 19. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. ágúst 1993.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.

11. ágúst 1993

Nr. 328

REGLUGERÐ

um almennt útboð verðbréfa.

1. gr.

Almennt útboð telst útboð samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar. Með samkynja verðbréfum er átt við fleiri en eitt bréf í flokki bréfa, þar með talinna hlutabréfa, þar sem öll helstu einkenni flokksins eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir ekki um:

1. Útboð þar sem eitt eða fleiri eftirtalinna tilvika eiga við:
 - a. Hlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru boðin forkaupsréttarhöfum í félagi þar sem félagsmenn eru 200 eða færri og hömlur eru lagðar á viðskipti með bréfin,
 - b. Verðbréf eru boðin takmörkuðum hópi aðila, án auglýsingar eða kynningar sbr. 2. gr., enda sé hópurinn ekki stærri en 25 aðilar,
 - c. Áætlað heildarsöluverð verðbréfaanna nemur ekki meiru en 5 000 000 kr.,
 - d. Hver fjárfestir þarf að reiða af hendi að minnsta kosti 5 000 000 kr. til kaupa á verðbréfunum.
2. Verðbréf af eftirfarandi gerðum:
 - a. Verðbréf sem gefin eru út að áætluðu markaðsverði að minnsta kosti 5 000 000 kr. hvert,
 - b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða með starfsleyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins,

- c. Verðbréf sem gefin eru út af ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða af alþjóðastofnunum sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að,
- d. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við yfirtökutilboð,
- e. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við samruna fyrirtækja,
- f. Jöfnunarhlutabréf og önnur hlutabréf sem hluthafar fá afhent án endurgjalds,
- g. Hlutabréf eða verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa ef þau eru boðin í skiptum fyrir hlutabréf í sama félagi, ef boðið á hinum nýju verðbréfum hefur ekki í för með sér hækkun á hlutafé í félaginu,
- h. Verðbréf sem vinnuveitandi eða fyrirtæki tengt honum býður núverandi eða fyrrverandi starfsmönnum sínum, eða verðbréf sem boðin eru fram í þágu þeirra,
- i. Verðbréf sem til eru komin vegna breytingar á breytilegum skuldabréfum eða vegna þess að neytt er réttinda sem kaupréttur að hlut veitir, svo og hlutabréf sem boðin eru í skiptum fyrir skiptanleg skuldabréf enda hafi útboðs- eða skráningarlýsing á hinum breytilegu eða skiptanlegu skuldabréfum, eða þeim skuldabréfum sem kaupréttur að hlut fylgir, verið gefin út á Íslandi,
- j. Verðbréf sem gefin eru út af lögaðilum sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni í þeim tilgangi að afla fjár til framdráttar markmiðum sínum, sem ekki lúta að hag sjálfra lögaðilanna.

3. gr.

Almennt útboð verðbréfa, annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla, skal fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækis.

4. gr.

Allar upphæðir í reglum þessum breytast í samræmi við breytingu á skráðu opinberu viðmiðunargengi (kaupgengi) Seðlabanka Íslands á evrópskri mynteiningu (ECU) frá því sem var þann 1. júlí 1993, 81,60 kr.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 38. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 9/1993, öðlast þegar gildi. Um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs gilda reglur sem stjórn Verðbréfafings Íslands setur. Um fyrsta söludag einstakra útboða gilda reglur sem Seðlabanki Íslands setur.

Viðskiptaráðuneytið, 11. ágúst 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Páll Ásgrímsson.

AUGLÝSING

um umferð í Stykkishólmi.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Stykkishólmi:

1. Austurgata.

Bifreiðastöður eru bannaðar beggja megin götunnar frá Smiðjustíg að Aðalgötu.

2. Tengibraut frá Hafnargötu að Súgandisey.
Biðskylda við Smiðjustíg og hafskipabryggju fyrir umferð um tengibrautina.
3. Lágholt.
Biðskylda við Sundabakka fyrir umferð um Lágholt.
4. Silfurgata.
Biðskylda við þrengingu á götu á móts við hús nr. 14 fyrir umferð í austur um götuna.
Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. september 1993.

Sýslumaðurinn í Stykkishólmi, 12. ágúst 1993.

Ólafur K. Ólafsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 274/1993, um veiðar í atvinnuskyni
fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994.**

1. gr.

Í stað "þ.a. Eldey 500 lestir" í 1. mgr. 5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar komi: þ.a. Eldey 600 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. ágúst 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við mestu brúttóstærð skipa.

Fyrir íslensk skip skal fara eftir skrá yfir íslensk skip, útgefinni af Siglingamálastofnun ríkisins, en fyrir erlend skip skal miða við viðurkennda skipaskrá, t.d. Lloyds Register of Shipping eða Norsk Veritas.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 6,20 á mælieiningu, skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftast en tvisvar á mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 3,10 á mælieiningu, skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald kr. 42,00 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 1965,00 á mánuði.

Skip þau er getur í síðustu mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunrhöfn.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurlíðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 103,00 pr. tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, sement.
2. fl.: Gjald kr. 199,00 pr. tonn:
Lýsi, mjöl og áburður.
3. fl.: Gjald kr. 215,00 pr. tonn:
Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.
4. fl.: Gjald kr. 593,00 pr. tonn:
 - a) Vélar og tæki hverskonar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mæli-tæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
 - b) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
 - c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

5. fl.: Gjald 1,00%:
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum.
Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.
Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi fob-verðs.
Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverðmæti hvort tveggja miðað við 1. fl. fisk. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflgjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 55,00.

Einstökum hafnarstjórnnum eru þó heimiluð frávik til lækkunar á 12. gr. gjaldskrárinnar vegna umskipunar, lestunar og losunar á sjávarafila.

13. gr.

Hafnarstjórn ákveður gjöld samkvæmt 11. gr. hafnalaga 1. tl. c, d og e og 3., 4. og 5. tl.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

14. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

15. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteininum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

16. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernis-skírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 12. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI

Frávik og gildistaka.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. um vörugjaldskrá 4. fl. skal aflagjald fyrir Bolungarvíkurhöfn vera 1,275%.

19. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórnnum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar frávika frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnaráði rökstudda beiðni þar að lútandi. Hafnaráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

20. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, sbr. 6. gr. bráðabirgðalaga nr. 86/1993, um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. september 1993, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir nr. 462, 22. desember 1992.

Samgönguráðuneytið, 11. ágúst 1993.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

10. ágúst 1993

Nr. 332

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisauka-
skatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns.**

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þeir aðilar geta átt rétt til endurgreiðslu skv. 1. mgr. sem starfa eftir einkaleyfi sem iðnaðarráðuneyti hefur veitt og samkvæmt sérstakri reglugerð, sbr. orkulög, nr. 58/1967. Jafnframt skal liggja fyrir gjaldskrá, staðfest af iðnaðarráðuneyti og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

2. mgr. 2. gr. orðast svo:

Eftirtaldir aðilar, sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr., eiga rétt til endurgreiðslu og skal þeim endurgreiddur tilgreindur hundradshluti af álögðum virðisaukaskatti:

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	61%
Hitaveita Hvammstanga	19%
Hitaveita Blönduóss	35%
Hitaveita Seyluhrepps	19%
Hitaveita Hríseyjar	32%
Hitaveita Akureyrar	60%
Hitaveita Reykjahlíðar	43%
Hitaveita Egilsstaða og Fella	43%
Hitaveita Rangæinga	58%
Selfossveitur vegna Hitaveitu Eyra	58%
Hitaveita Þorlákshafnar	20%
Hitaveita Suðurnesja	27%
Bæjarveitur Vestmannaeyja	55%
Orkubú Vestfjarða	62%
Rafmagnsveitur ríkisins	58%

3. gr.

1. mgr. 5. gr. orðast svo:

Aðilar sem fá endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari skulu færa meðal efnahagsliða í fjárhagsbókhaldi sínu sérstakan biðreikning vegna uppsöfnunar á endurgreiðslum hvers tímabils. Á debet-hlið reikningsins skal færa endurgreiðslur hvers uppgjörstímabils en um

kredit-hlið færist heildarfjárhæð endurgreiðslna á uppgjörstímabili, þegar skattstjóri hefur samþykkt endurgreiðslubeiðni, sbr. 4. gr. Endurgreiðslan skal tilgreind annað hvort sérstaklega í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, gildir frá 1. júlí 1993.

Fjármálaráðuneytið, 10. ágúst 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

SAMÞYKKTIR

fyrir Innheimtustöð gjalda skv. 11. gr. höfundalaga.

1. Nafn og aðsetur.

- 1.1. Samtökin heita Innheimtumiðstöð gjalda skv. 11. gr. höfundalaga, skammstafað IHM. Heimili miðstöðvarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

2. Tilgangur og viðfangsefni.

- 2.1 Innheimtustöðin er hagsmunasamtök höfunda, listflytjenda og framleiðenda til réttargæslu í samræmi við 11. gr. 3. og 4. mgr. höfundalaga. Innheimtumiðstöðin hefur það ekki að markmiði að safna eignum í eigin þágu.
- 2.2 Innheimtustöðin hefur eftirfarandi viðfangsefni í samræmi við tilgang sinn:
 1. Að safna upplýsingum, annast innheimtu gjalda skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. höfundalaganna og skipta þeim milli aðildarfélaganna.
 2. Að annast samskipti við hliðstæð samtök erlendra rétthafa.
 3. Að samhæfa kröfur aðildarfélaganna og annast samningaviðræður og gera samninga á þessu sviði.

3. Aðild.

- 3.1 Aðilar að samtökum þessum eru: STEF, samtök tónskálda og eigenda flutningsréttar, SFH, samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda og Rithöfundasamband Íslands. Önnur félög geta sótt um aðild enda teljast þau hafa verulegra hagsmuna að gæta á þessu sviði. Þó geta og önnur félög, sem minni hagsmuna hafa að gæta, öðlast aukaaðild að samtökunum. Einnig ef verulegur hluti rétthafa á tilteknu sviði nær ekki samstöðu um hagsmunagæslu innan eins og sama félags og fleiri félög á því sviði hafa sótt um aðild að samtökunum. Aðeins einu félagi á sama sviði verður veitt full aðild.

4. Skipulag.

- 4.1 Stjórn samtakanna skipa fimm menn, tveir tilnefndir af STEFi, tveir frá SFH og einn frá Rithöfundasambandinu. Varamenn skulu vera jafnmargir aðalmönnum og tilnefndir á sama hátt. Stjórnin velur sér formann og varaformann. Tilnefning stjórnarmanna gildir í tvö ár.

- 4.2 Stjórnin stýrir starfsemi samtakanna. Fundi skal halda með hæfilegum fyrirvara þegar formaður ákveður eða einn stjórnarmanna óskar þess.
- 4.3 Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði. Stjórnarfundur er lögmætur þegar formaður og tveir meðstjórnendur sækja fund sjálfir eða varamenn þeirra.
- 4.4 Fulltrúaráð samtakanna skipa tveir menn og einn til vara tilnefndir til tveggja ára af hverju aðildarsambandi svo og stjórnarmenn samtakanna. Varamenn taka sæti aðalfulltrúa í ráðinu í forföllum. Einn fulltrúi frá hverju félagi, sem öðlast hefur aukaaðild að samtökunum, hefur rétt til setu á fundum fulltrúaráðsins. Hefur hann þar málfrelsi og tilögurétt. Aukaaðild að samtökunum fylgir og réttargæsluáðild skv. gr. 6. 2.
- 4.5 Aðalviðfangsefni fulltrúaráðsins eru þessi:
1. Að ákveða í aðalatriðum störf og stefnu Innheimtumiðstöðvarinnar.
 2. Að hafa eftirlit með starfsemi hennar.
 3. Að taka afstöðu til aðildar nýrra samtaka.
- Ákvörðun skv. 4.5.1 og 4.5.3 verður því aðeins tekin í fulltrúaráðinu að $\frac{3}{4}$ greiði því atkvæði sitt.
- 4.6 Aðalfund fulltrúaráðsins skal halda í maímánuði ár hvert. Skal til hans boðað með ábyrgðarbréfum með tveggja vikna fyrirvara. Aðra fundi í fulltrúaráðinu skal boða á sama hátt.
- Á aðalfundi skal taka fyrir þessi mál:
1. Skýrslu stjórnar.
 2. Afgreiðslu endurskoðaðra reikninga.
 3. Kosningu formanns fulltrúaráðsins.
 4. Skýrt frá tilnefningu stjórnar og varamanna sbr. 4.1.
 5. Kosningu tveggja endurskoðenda.
 6. Að taka afstöðu til aðildar nýrra samtaka.
 7. Önnur mál.
- Fulltrúaráðið skal einnig koma saman á hausti hverju eigi síðar en 1. desember. Sá fundur skal fjalla um fjárhagsáætlun næsta árs. Fulltrúaráðið kemur annars saman þegar stjórnin, endurskoðendur eða a.m.k. eitt aðildarsamband óskar þess. Geta skal dagskrár í fundarboði. Tillögur til aðalfundar skulu berast eigi síðar en 1. apríl ár hvert.
- 4.7 Fundinum stjórnar formaður fulltrúaráðsins. Ekki verður ályktað um mál, em ekki er getið í fundarboði. Ákvarðanir skulu teknar með meirihluta atkvæða, sé annað ekki sérstaklega ákveðið.

5. Meðferð fjármála.

- 5.1 Til að mæta kröfum aðila sem standa utan IHM og réttmætt tilkall eiga til greiðslu fyrir upptöku verka á auð bönd til einkanota, skal árlega leggja í varasjóð 5% af vergum tekjum samtakanna. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 2 500 000 miðað við núverandi verðlag, falla greiðslur til hans niður. Sé gengið í höfuðstólinn skulu greiðslur til hans hefjast að nýju skv. sömu reglum.
- 5.2 Eftir að greitt hefur verið til varasjóðs skv. 5.1 og fé lagt til hliðar til greiðslu rekstrarkostnaðar skal skipta rekstrarafgangi félagsins, að frádregnu 15% framlagi í menningarsjóð, á milli aðildarfélaganna sbr. 11. gr. höfundalaga 4. mgr. Fénu skal skipt milli félaganna í þessum hlutföllum: STEF 39 hundraðshluta, SFH 54 hundraðshluta og Rithöfundasamband Íslands 7 hundraðshluta. Hvert aðildarsamband ráðstafar sínum hluta samkvæmt reglum, sem í gildi eru í hverju félagi fyrir sig. Úthluta skal einstaklingsbundið til réttthafa þar sem því verður við komið. Endurskoða skal skiptingu milli aðildarféлага þegar aðildarfélögin eru orðin fleiri en þrjú. Einnig þegar eitthvert aðildarsamtakanna krefst þess. Náist ekki samkomulag þeirra allra, skal gerðardómur skv. 6.1 og 6.2 skera úr ágreiningi.

Stjórn IHM fer jafnframt með stjórn menningarsjóds ásamt formanni, skipuðum af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum höfundaréttarnefndar. Sjóðstjórnin tekur ákvarðanir um úthlutanir úr sjóðnum.

- 5.3 Samtökin geta falið annarri innheimtustofnun höfunda innheimtu gjalda skv. 1. gr. þessarar samþykktar, ef slíkt telst hagkvæmt gegn hæfilegum innheimtulaunum sem samkomulag verður um.

6. Gerðardómur.

- 6.1 Fulltrúaráð IHM skal, ef tilefni gefst, koma á fót gerðardómi sem skipaður skal þremur dómurum, sem sérfróðir eru á sviði höfundaréttar.
- 6.2 Gerðardómurinn er eini dómstóllinn með lögsögu í ágreiningsmálum milli aðildarfélaganna um skilning á samþykktum IHM og meðferð á fé og skiptingu fjár. Ágreiningur milli aðildarfélaganna verður því aðeins lagður í gerð, að um hann hafi áður verið fjallað í stjórninni. Stefnu til gerðardóms verður að senda í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að stjórnin hefur ályktað um málið og kynnt ályktunina fyrir aðilum. Að greindu tímamarki liðnu skal vísa málinu frá. Að öðru leyti gilda reglurnar í lögum á meðferð einkamála í héraði.
- Aðildarfélögin tilnefna tvo menn í gerðardóm. Þriðji gerðardómsmaður skal skipaður af menntamálaráðherra skv. tilnefningu höfundaréttarnefndar. Nái aðildarfélögin ekki samkomulagi um skipan gerðardómsmanns eða gerðardómsmanna skal hann eða þeir skipaðir af héraðsdómara í Reykjavík.

7. Breytingar á samþykktum. Félagsslit.

- 7.1 Til breytinga á samþykktum þarf meirihluta, $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða á fundi, þar sem að minnsta kosti $\frac{1}{2}$ hlutar aðildarfélaganna eru mættir.
- 7.2 Fulltrúaráð skal slíta IHM ef þess er krafist af $\frac{3}{4}$ hlutum aðildarfélaganna. Við félagsslit ákveður menntamálaráðuneytið hvernig ráðstafa skal eignum IHM til hagsbóta fyrir réttihafa.

Í samræmi við 4. mgr. 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972 sbr. lög nr. 78/1984 staðfestast ofangreindar samþykktir hér með. Samþykktir þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi skv. 11. gr. höfundalaga samþykktir fyrir Innheimtustöð gjalda nr. 517/1984.

Menntamálaráðuneytið, 6. júlí 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Pórunn J. Hafstein.

SAMÞYKKT

um byggðarmerki Njarðvíkur.

1. gr.

Byggðarmerki Njarðvíkur skal vera hvítur skjöldur með bláu merki (Scotdic nr. 693009). Merkið er víkingaskip með þanin segl, sem vísa til fortíðar, og yfir svífur þota, tákn nútíðar og framtíðar. Þá eru á merkinu tvær öldur yfir drekahöfði og kórónu, og á hvoru tveggja að vísa til sjávargudsins Njarðar úr norrænni goðafræði. Milli drekahöfudsins og seglsins myndast vík, og á þá að vera unnt að lesa nafn bæjarins út úr myndinni.

2. gr.

Bæjarstjórn Njarðvíkur, bæjarstjóri, einstök embætti og stofnanir bæjarins nota byggðarmerkið með embættis- og skrifstofuheitum eða nafni stofnunar á bréfum og í prentuðu máli þar sem það á við, svo og í stimplum. Við gerð stimpla má fella niður útlínur skjaldarins.

3. gr.

Notkun á byggðarmerki Njarðvíkur er óheimil án leyfis bæjarstjórnar Njarðvíkur, sbr. 29. gr. laga nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út af samþykkttri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu, nema með sérstakri háttíðarútgáfu og í svart-hvítri útgáfu. Óheimilt er að hafa merkið í firmamerkjum og vörumerkjum eða nota það til stjórnmálaáróðurs.

4. gr.

Svart-hvíta útgáfu byggðarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðaprent og er hún heimil án sérstaks leyfis. Við útgáfu minjagripa og myntsláttu er heimilt að falla frá litatáknum merkisins og útlínum skjaldarins.

5. gr.

Umsókn um leyfi til þess að nota byggðarmerki bæjarins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn og upprættir af merkinu eins og það á að nota. Bæjarskrifstofan í Njarðvík leiðbeinir um gerð merkisins og varðveitir sýnishorn af því.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Njarðvíkur hefur gert, staðfestist hér með sbr. 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. júlí 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um starfsháttu örorkunefndar.

1. gr.

Örorkunefnd gefur álit um miskastig eða örorkustig eftir 4. og 5. gr. skaðabótalaga. Í álitni nefndarinnar skal að jafnaði koma fram hvenær nefndin telur að tjónþoli hafi ekki getað vænst frekari bata af afleiðingum líkamstjóns, sbr. 2. og 3. gr. laganna.

2. gr.

Auk tjónþola og þess sem krafinn er um greiðslu vegna tjóns geta dómstólar leitað álits nefndarinnar. Vátryggingafélag sem selt hefur bótaskyldum aðila ábyrgðartryggingu getur einnig óskað eftir álitni nefndarinnar um tjón sem vátryggingin tekur til.

3. gr.

Beiðni um álit skal vera skrifleg og rituð á eyðublað sem nefndin lætur í té. Með beiðni skulu fylgja skýrslur um atvik að tjónsatburði og afleiðingar hans. Einnig skulu fylgja ítarleg vottorð lækna sem stundað hafa tjónþola vegna tjóns hans. Þá skulu og fylgja staðfest endurrit

skattframtala tjónþola síðustu tvö almanaksár fyrir tjónsatburð og skattframtala eftir að tjón varð. Nefndin getur að auki lagt fyrir matsbeiðanda að leggja fram viðbótargögn eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Álit nefndarinnar samkvæmt 1. gr. skal vera skriflegt. Þar skal getið þeirra gagna sem liggja til grundvallar niðurstöðu. Niðurstöðu skal fylgja stuttur rökstuðningur.

5. gr.

Örorkunefnd skal halda málaskrá og gerðabók.

Nefndin skal árlega senda dómsmálaráðherra stutta skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Fyrsta skýrsla hennar skal þó taka til starfsemi hennar á árunum 1993 og 1994.

5. gr.

Gjald fyrir álit samkvæmt 1. gr. er 35 000 krónur og greiðist í ríkissjóð. Greiðslu skal fylgja beiðni um álit og er hún óendurkræf þótt nefndin kunni að vísa máli frá sér. Að öðru leyti greiðist kostnaður af starfi nefndarinnar úr ríkissjóði.

Fjárhæð gjalds samkvæmt 1. mgr. breytist árlega frá og með 1. janúar 1995 í hlutfalli við breytingar sem orðið hafa á lánskjaravísitölu næstliðið ár.

7. gr.

Dómsmálaráðherra ræður nefndinni starfslið og getur einnig falið sjálfstætt starfandi aðila að sjá um skrifstofuhald fyrir nefndina.

Nefndinni er heimilt án atbeina ráðuneytisins að kveðja lækna og aðra sérfróða menn til starfa í þágu nefndarinnar, hvort heldur er við meðferð einstaks máls eða um tiltekinn tíma.

Örorkunefnd og starfsmönnum hennar ber að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál sem þeir komast að í starfi eða tengslum við það.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. skaðabótalaga, nr. 50 19. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. ágúst 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

20. ágúst 1993

625

Nr. 336

REGLUGERÐ

um innheimtu virðisaukaskatts af blöðum og tímaritum sem send eru í áskrift erlendis frá í pósti.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 50/1988, með síðari breytingum er er skylt að innheimta virðisaukaskatt af sölu blaða og tímarita, þar með talið blaða og tímarita, sem send eru í áskrift í pósti erlendis frá til viðtakenda hér á landi.

Viðtakendum slíkra blaða og tímarita ber ótilkvöddum að greiða innheimtuaðila, pósthjónninni, 14% virðisaukaskatt í einu lagi af áskriftargjaldi fyrir áskriftartímabil sem greitt hefur verið eða lofað að greiða fyrir. Virðisaukaskattur skal greiddur innan mánaðar frá því að áskriftargjald hefur verið greitt.

Viðtakanda er heimilt að greiða virðisaukaskatt samkvæmt reglugerð þessari, með innborgun á gíróreikning hjá Pósthjónstofunni með gíróseðli á pósthúsi, í banka, eða sparisjóði.

Auk upplýsinga um nafn, kennitölu og heimilisfang viðtakanda skal í gíróseðli veita upplýsingar um áskriftargjald, fjárhæð virðisaukaskatts, heiti viðkomandi blaðs eða tímarits og upphaf og lok áskriftartímabils auk annarra upplýsinga sem gíróseðillinn gefur til kynna.

Pósthjónninni er heimilt að bera nefnd blöð og tímarit út til viðtakanda án þess að krefja þá áður um greiðslu virðisaukaskatts. Greiði viðtakandi ekki virðisaukaskatt af áskriftargjaldi ótilkvaddur skal pósthjónnin synja um afhendingu nefndra tímarita og blaða þar til skil hafa verið gerð. Sama gildir sinni viðtakandi ekki tilmælum pósthjónnarinnar um að framvísa greiðslukvittun eða öðrum staðfestingargögnum um fjárhæð greidds áskriftargjalds.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með vísan til 3. mgr. 34. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og 2. mgr. 14. gr. og 107. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi. Gjaldskyldum aðilum sem ekki hafa þegar greitt virðisaukaskatt vegna áskriftar fyrir tímabil eftir 1. júní 1993 er þó heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr., að fresta greiðslu virðisaukaskatts af áskriftargjaldi til 1. nóvember 1993. Hafi áskriftartímabil hafist fyrir 1. júlí 1993 skal virðisaukaskatturinn miðaður við þann hluta áskriftartímabilsins, sem er eftir 1. júlí 1993.

Fjármálaráðuneytið, 20. ágúst 1993.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 310/1992, um tollmeðferð póstsendinga.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. tölul. 1. gr. reglugerðarinnar:

- a) Í stað fjárhæðarinnar “kr. 10 000“ komi; kr. 25 000.
- b) Í stað orðanna “Fjármálaráðuneytið getur“ í síðasta málslið 1. tölul. komi: Ríkistollstjóri getur.

2. gr.

Við 6. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er póststjórninni heimilt að afhenta póstsendingar án þess að viðtakandi leggi fram aðflutningsskýrslu þegar í póstsendingu eru neðan- greindar vörur:

- a) Sem ekki eru háðar neins konar innflutningstakmörkunum eða -banni og undanþegar eru öllum aðflutningsgjöldum, þ.m.t. virðisaukaskattur, t.d. tollfrjálsar gjafir og sýnishorn og annað sem ekki hefur neitt viðskiptalegt gildi, og
- b) blöð og tímarit sem send eru í áskrift erlendis frá sbr. reglugerð nr. 336/1993, um innheimtu virðisaukaskatts af blöðum og tímaritum sem send eru í áskrift erlendis frá í pósti.

3. gr.

Í dálki auðkenndur “Vörugjald“ í fylgiskjali I við reglugerðina breytist vörugjaldsprósentan “31,25“ við tollskrárnúmerið 98/9901.0002 í : 11,25.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimilt í 14., 107. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 20. ágúst 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 56 – 1993

20. ágúst 1993

627

Nr. 338

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. september 1993.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu kr. 8 550,00
- 1.2. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Búnaður sem tengdur er almenna fjarskiptakerfinu verður að vera samþykktur af Fjarskiptaeftirliti ríkisins. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir notendabúnað í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi – áætlaður helmingur – greiðist fyrirfram, þegar símaþöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar Póst- og símamálastofnunin er tilbúin að tengja símann, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefateljurum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1–2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnótandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reidubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té.

- 2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer og línu er kr. 1 110,00 fyrir heimili og kr. 2 220,00 fyrir verslunar og/eða atvinnusíma að viðbættum kr. 2,67 fyrir hvert teljara-

skref umfram 400 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 200 skref innifalin í fastagjaldinu.

- 2.2. Fyrir búnað í mismót til að senda talningar til notanda kr. 505,00 á ársfjórðungi.
- 2.3. Fyrir notendabúnað, sem Póst- og símamálastofnunin lætur í té, greiðist rekstrargjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, eða afnotagjald skv. I. kafla 3. og 4. Þegar um er að ræða venjulegt símatalfæri fyrir eina línu greiðist ekki rekstrargjald, en í þess stað greiðist fyrir viðgerðir samkvæmt reikningi. Jafnframt er stofnuninni heimilt að fella niður rekstrargjald af öðrum notendabúnaði og greiðist þá fyrir viðhald og viðgerðir á þeim búnaði samkvæmt reikningi.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttar byggðar út frá hlutadeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.

Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

a. Lengd línuleiðar	0.5–1.0 km	kr.	280,00
b. Lengd línuleiðar	1.0–2.0 km	kr.	415,00
c. Lengd línuleiðar	2.0–4.0 km	kr.	695,00
d. Lengd línuleiðar	4.0–8.0 km	kr.	1 675,00
e. Lengd línuleiðar	yfir 8.0 km	kr.	2 230,00

3. Talfæri, talfærakerfi og fleira.

Hér er um að ræða búnað sem látinn var í té á stofngjaldi og ekki er gjaldfærður skv. kostnaðarverði og rekstrargjaldi skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.1. 2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört)	4 060,00 ¹⁾	500,00
3.2. Ritarasímar (sekreter), ATEA 812L, 1 lína, 2 talfæri		580,00 ²⁾³⁾⁴⁾
3.3. Ritarasímar, AVH dialog, 2 línur, 2 til 3 talfæri	7 215,00 ¹⁾²⁾	615,00 ²⁾
3.4. Ritarasímar, Siemens, 2 línur, 2 talfæri	19 645,00 ¹⁾	1 650,00
3.5. Ritarasímar, DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört)	3 455,00 ¹⁾²⁾	365,00 ²⁾
3.6. Raðsímur, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri		605,00 ²⁾³⁾⁴⁾
3.7. Raðsímur, ATEA 822, 2 línur, 1 til 2 talfæri		725,00 ²⁾³⁾⁴⁾
3.8. Raðsímur, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri		950,00 ²⁾³⁾⁴⁾
3.9. Raðsímur, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri		1 165,00 ²⁾³⁾⁴⁾
3.10. Raðsímur, Reipos, 2 línur, 3 til 6 talfæri	9 315,00 ¹⁾²⁾	825,00 ²⁾
3.11. Millisamband á sömu lóð (hámark 50 m) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	4 965,00 ¹⁾	545,00

Skýringar:

- 1) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.
- 2) Á hvert talfæri.
- 3) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.
- 4) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.12. Millisamband á sama svæði DBH4 (magneto), talfæri innifalin	10 325,00 ¹⁾	1 205,00
3.13. Millisamband milli svæða (Rvík) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	10 325,00 ¹⁾	7 120,00
3.14. Millisamband innanhúss DBH4 (magneto), talfæri innifalin	4 035,00 ¹⁾	505,00
3.15. Millisamband milli húsa án tengingar við miðstöð . . .	10 325,00	2 920,00
3.16. Millisamband milli svæða (Reykjavík) án tengingar við miðstöð	10 325,00	8 825,00
3.17. Tengigjald, nýr sími í stað millisambands, talfæri ekki innifalið, kr. 1 440,00.		

4. Einkasímstöðvar.

4.1. Handvirkar einkasímstöðvar (CB).

Uppsetningarkostnað einkasímstöðvar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.1. L.M.E. 1+3	30 970,00	615,00
4.1.2. L.M.E. 2+6	49 750,00	1 230,00
4.1.3. L.M.E. 3+9	73 420,00	1 845,00
4.1.4. L.M.E. 4+16	115 725,00	3 075,00
4.1.5. E.B. 6+30	120 620,00	5 535,00
4.1.6. ADG 101 8+40	282 050,00	7 380,00
4.2. Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX). Viðhald sjálfvirkra einkasímstöðva, sem stofnunin selur er skv. reikningi eða sérstöku rekstrargjaldi. Við sölu einkasímstöðvar skal greiða 1/3 hluta áætlaðs kostnaðargjalds þegar stöðin er pöntuð, 1/3 hluta þegar stöðin kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.		
4.2.1. Fyrir hvern númerabúnað í einkasímstöðvum (ákveðnar eldri stöðvar)		430,00
4.2.2. Fyrir hvern miðstöðvalínubúnað í einkasímstöðvum (ákveðnar eldri stöðvar)		865,00
4.3. Búnaður og línur tengdar handvirkum og sjálfvirkum einkasímstöðvum í 4.1. og 4.2. og öðrum einkasímstöðvum.		
4.3.1. Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið, afnotagjald sjá XI. kafla.	7 170,00	
4.3.2. Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	7 170,00	6 820,00
4.3.3. Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	7 170,00	9 750,00

Skýringar:

- 1) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.3.4. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi	7 170,00	5 920,00
4.3.5. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	7 170,00	7 405,00
4.3.6. Þverlínusamband milli einkasímstöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	7 170,00	8 880,00
4.3.7. Fyrir 2 Mb/s þverlínusamband milli einkasímstöðva greiðist 18 falt gjald sbr. 4.3.4.–4.3.6. Gildir aðeins þegar 2 Mb/s straumur tengist einkasímstöð beint.		
4.3.8. Fyrir beinar innvalslínur í einkasímstöð er tekið gjald skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem gefin er út af póst- og símamálastjóra í samráði við ráðuneytið.		

5. Flutningsgjald.

5.1. Milli húsa á sama símstöðvarsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað (Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).		Kr. 4 275,00
5.2. Milli símstöðvarsvæða		5 290,00
5.3. Til viðbótar 5.1. og 5.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.		
5.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.		

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli símstöðvarsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi. Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, innan sama símstöðvarsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 5.1. niður í allt að kr. 2 195,00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 2 725,00 ef 6–12 mánuðir líða á milli.

6. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símaréttindum eldri réttthafa, sem afsalar sér réttindum til hans eða hættir að vera réttthafi, og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 4 800,00. Viðtökugjald lækkar í kr. 855,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra. Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 710,00.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf tólf flutningsgjald sbr. 5.1. og 5.2. hér að framan.

Aldrei er heimil viðtaka nema ný réttthafinn sækir um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda. Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum.

Stofnunin getur ákveðið við slit símaréttinda að viðkomandi símanúmer séu ekki til ráðstöfunar nema viðtaka símaréttindanna fari fram. Í því tilviki tekur nýi rétthafinn á sig óþægindi, sem kunna að vera því samfara að eldri rétthafinn er skráður í símaskrá.

7. Græn símanúmer.

Rétthafi græns símanúmers greiðir meðallanglínugjald fyrir öll innkomandi langlínusím-
töl, þ.e. 40 sek. skrefagjald á dagtaxta, 60 sek. á kvöldtaxta og 80 sek. á nætur- og
helgartaxta. Fyrir innkomandi staðarsímtöl greiðir rétthafi samkvæmt staðartaxta. Fyrir
símtöl til útlanda greiðir rétthafi samkvæmt gjaldskrá til viðkomandi lands. Sá sem
hringir í grænt símanúmer greiðir alltaf samkvæmt staðartaxta.

	Kr.
7.1. Stofngjald fyrir þjónustuna	27 715,00
7.2. Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi	11 085,00

Upphringingum, sem koma inn á græna númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt
eða fleiri, sem rétthafinn greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá.

8. Sérþjónusta í stafræna símakerfinu.

8.1. Stofngjald.

Skráningargjald kr. 625,00 greiðist í hvert sinn, sem beðið er um þjónustu, eina eða fleiri
í senn. Vakning, liður 8.2.1., er undanskilin og einnig er fyrsta beiðni um læsingu fyrir
hringingar í Símatorg gjaldfrjáls, liður 8.2.4. Gjaldið greiðist einnig í hvert sinn, sem
þjónusta er flutt á milli símanúmera við flutning.

8.2. Afnotagjald.

Fyrir þessa þjónustu er greitt ársfjórðungsgjald og/eða sérstakt notkunargjald þegar
viðskiptavinur gerir viðkomandi þjónustu virka.

- 8.2.1. Vakning. Sjálfvirk upphringing frá símtöð á tilteknum tíma sem notandinn sjálfur
ákveður. Notkunargjald er 5 teljaraskref í hvert sinn.
- 8.2.2. Skammval. Afnotagjald fyrir hver 5 númer er kr. 153,00 á ársfjórðungi.
- 8.2.3. Símtalsflutningur.
 - a) Öll símtöl eru flutt.
 - b) Þegar númerið er upptekið.
 - c) Þegar ekki er svarað.
 Ekki er greitt afnotagjald fyrir þessa þjónustu en sá sem flytur símtalið greiðir fyrir
það teljaraskref samkvæmt 1.1.–1.3. í III. kafla eða 1.5. í IV. kafla.
- 8.2.4. Læsing. Hægt er að velja milli margra mismunandi möguleika. Afnotagjald er kr.
153,00 á ársfjórðungi nema fyrir læsingu í Símatorg sem er gjaldfrjáls. Hægt er, að
vali notanda, að læsa í stöð eða með lykilorði.
- 8.2.5. Endurval. Síðast valda númerið endurvalið. Afnotagjald er kr. 153,00 á ársfjórð-
ungi.
- 8.2.6. Sjálfvirk hringing í fyrirfram ákveðið númer þegar lyft hefur verið af. Afnotagjald
er kr. 153,00 á ársfjórðungi:
 - a) Hringing samstundis.
 - b) Hringing eftir 6 sekúndur.
- 8.2.7. Þriggja manna tal. Þrír geta talast við í einu. Afnotagjald er ekki innheimt.
Teljaraskref reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.

- 8.2.8. Símtal bíður. Tónn gefur til kynna að viðkomandi símtal bíður. Hægt er að geyma fyrra símtal meðan öðru símtali er svarað. Afnotagjald er ekki innheimt.
- 8.2.9. Símtalavíxl. Hægt er að hringja í tvö símanúmer og skipta á milli þeirra. Afnotagjald er ekki innheimt. Teljaraskref reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.

9. Símatorg.

Aðalreglan er að símsvarabúnaður og annar búnaður tengdur upplýsingaveitunni sé í eigu rekstraraðilans (SP).

- 9.1. Greitt er fyrir tengingu við almenna símakerfið á sama hátt og fyrir tengingu einkasímstöðvar þ.e. stofngjald kr. 8 550,00 og ársfjórðungsgjald kr. 2 220,00. Greitt er fyrir hverja línu.
- 9.2. Fyrir hvert uppkallsnúmer er greitt stofngjald kr. 8 550,00 og ársfjórðungsgjald kr. 4 440,00.
- 9.3. Ef rekstraraðili notar símsvara í eigu Pósts og síma er greidd leiga kr. 400 000,00 á ári fyrir hverja klukkustund sem notuð er af minni símsvarans. Minnsta gjald er fyrir 10 mínútur. Leigan er einungis fyrir aðgang að símsvarabúnaði og rekstri hans en innifelur ekki neina þjónustu tengda þeim upplýsingum sem eru á símsvaranum.
- 9.4. Viðskiptagjald er samkvæmt fimm mismunandi flokkum þar sem bil milli skrefatalninga er 16 sek., 12 sek., 8 sek., 5 sek. og 3 sek. Mínútagjald og skipting er eftirfarandi:

Flokkur	Mínútu- gjald kr.	Hlutur P & s kr.	Hlutur SP kr.	Hlutur SP í %
I	10,01	5,00	5,01	50,0
II	13,35	6,68	6,67	50,0
III	20,03	9,01	11,02	55,0
IV	32,04	12,30	19,74	61,6
V	53,40	17,03	36,37	68,1

Auk þessa er tekið fyrir svarskref sem alltaf kemur í hlut Pósts og síma.

10. Sundurliðun símtala í stafræna símakerfinu.

Rétthafa í stafræna símakerfinu er gefinn kostur á að fá sundurliðun yfir símtöl önnur en venjuleg staðarsímtöl. Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, að slepptum tveimur síðustu stöfum, hvenær, hve lengi símtalið stóð og fjöldi teljaraskrefa.

- 10.1. Stofngjald kr. 625,00.
- 10.1.1. Ársfjórðungsgjald kr. 225,00.
- 10.1.2. Gjald pr. símtal kr. 1,30.

11. Uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

12. Lánssímar.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

13. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður notendabúnaðar, sem stofnunin selur greiðist skv. reikningi eða er innifalinn í rekstrargjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða, eða afnotagjaldi skv. I. kafla 3. og 4. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu búnaðar í eigu Póst- og símamálastofnunar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

II. KAFLI

Notendasímar í sveitum.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi reglur:

1. Stofngjald.

Stofngjald fyrir sjálfvirkan síma er sama og í I. kafla.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

- 2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð kr. 555,00.
- 2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.
- 2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.
- 2.4. Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar sem stofnunin selur, greiðist skv. reikningi eða er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

3. Almenn ákvæði.

- 3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.
- 3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.
- 3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutadeigandi oddvita.
- 3.4. Símnótendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.
- 3.5. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga sínum út frá notendasímalínnum eða í framhaldi af þeim.
- 3.6. Stofngjöld greiðast fyrirfram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

- 3.7. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kaupúnum eða í nágrenni þeirra. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

III. KAFLI Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir bæjar- og langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt innanlands: Símtöl eru gjaldfærð samkvæmt tímamælingu sem skráð er í skrefum á teljara hlutaðeigandi síma. Fyrsta talning kemur ætíð við svar. Líkur fyrir fjölda talninga ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$F = 1 + n + \frac{t - ns}{s}$$

F = Fjöldi talninga símtals
s = Skreflengd í viðkomandi gjaldflokk
n = Fjöldi viðtalsbila að tímalengd s.

$$n = \begin{cases} 0, & t < s \\ 1, 2, 3, \dots & t \geq s \end{cases}$$

t = lengd símtalsins.

$$\frac{t - ns}{s} = \text{Líkendi fyrir talningu til viðbótar við svartalninguna og fjölda viðtalsbila, n.}$$

$$0 \leq \frac{t - ns}{s} < 1$$

Mæla skal t og s í sömu einingum, sekúndum eða mínútum.

- 1.1. Dagtaxti er frá kl. 08.00 til kl. 18.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
1 staðarsímtöl	240 sek.
2	48 sek.
3	32 sek.

- 1.2. Kvöldtaxti er frá kl. 18.00 til kl. 23.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
1 staðarsímtöl	480 sek.
2	72 sek.
3	48 sek.

- 1.3. Nætur og helgartaxti er frá kl. 23.00 til kl. 08.00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 23.00 á föstudegi til kl. 08.00 næsta mánudag.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
1 staðarsímtöl	480 sek.
2	96 sek.
3	64 sek.

- 1.4. Sveitabærir með sjálfvirkan síma hafa gjaldflokk 1 við símtöl til annarra notenda sömu símstöðvar.

2. Símtöl afgreidd um handvirkar afgreiðslur.

	Minnsta gjald kr.	Umframtgjald pr. mín. kr.
2.1. Innan sama númerasvæðis	21,00	7,00
Milli númerasvæða	36,00	12,00
2.2. Kvaðning kr. 27,00. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbedinn mann eða ekki.		
2.3. Afgreiðslugjald: kr. 59,00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalinn.		
2.4. Boðun í síma: kr. 83,00 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 42,00 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Símaþóunargjald greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.		
2.5. Handvirk vakning kr. 57,00. Föst vakning, pr. mánuð kr. 960,00.		
2.6. Gjald fyrir hringingar í 03 og 08 er 1 teljaraskref við svar og talning á 12 sek. fresti.		

3. Sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu.

Staðgreidd sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu, viðskiptavinur velur sjálfur, kr. 3,47 fyrir hvert teljaraskref. Afgreiðslugjald er kr. 27,00.

4. Radiósímtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

- 4.1. Línugjald kr. 27,00 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 9,00 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.2. Strandargjald kr. 63,00 fyrir fyrstu 3 mín., ef skipið er ekki meira en 150 sjómílar frá landi, en annars kr. 84,00 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 21,00 eða kr. 28,00 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
- 4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt III. kafla 2.
- 4.5. Fyrir radiósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
 - a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
 - b. Strandargjald.
 - c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 - d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. III., kafla 2.

5. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir símtöl til útlanda er í gildi næturtaxti frá kl. 23.00 til kl. 08.00 alla daga.

IV. KAFLI NMT-farsímakerfið.

1. Farsímaþjónusta.

Í farsímaþjónustunni eru afgreidd sjálfvirk og handvirk símtöl. Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og viðskiptagjald.

- 1.1. Stofngjald er kr. 9 390,00 fyrir hverja stöð og greiðist við úthlutun númers.
- 1.2. Afnotagjald er kr. 1 220,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.
- 1.3. Viðtökugjald án númeraskipta kr. 5 275,00, enda beri nýi símnötandinn ábyrgð á ógreiddum áföllnum skuldum.
- 1.4. Óski handhafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 870,00.
- 1.5. Viðskiptagjald fyrir sjálfvirka þjónustu til og frá farsímakerfinu er skrefagjald, kr. 2,67 fyrir hvert skref, 12 sek. í skrefi innanlands og gjald tekið fyrir hvert byrjað skref.
- 1.6. Viðskiptagjald fyrir handvirka afgreiðslu er afgreiðslugjald og mínútagjald. Afgreiðslugjald er kr. 7,00 fyrir hvert símtal og mínútagjald er kr. 16,00 fyrir hverja byrjaða mínútu innanlands.

2. Sérþjónusta í sjálfvirka farsímakerfinu.

- 2.1. Læsing til útlanda.
 - 2.1.1. Stofngjald kr. 2 745,00.
 - 2.1.2. Ársfjórðungsgjald kr. 67,00.

3. Sundurliðun reikninga í sjálfvirka farsímakerfinu.

Rétthafa er gefinn kostur á að fá sundurliðun símtala. Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, að slepptum tveimur síðustu stöfum, hvenær, hve lengi símtalið stóð og verð símtalsins.

- 3.1. Símtöl til útlanda.
 - 3.1.1. Stofngjald kr. 625,00.
 - 3.1.2. Ársfjórðungsgjald kr. 225,00.
 - 3.1.3. Gjald pr. símtal kr. 1,30.
- 3.2. Öll símtöl.
 - 3.2.1. Stofngjald kr. 625,00.
 - 3.2.2. Ársfjórðungsgjald kr. 225,00.
 - 3.2.3. Gjald pr. símtal kr. 1,30.

4. Talhólf, faxhólf.

Talhólf er geymsla fyrir töluð skilaboð og faxhólf er geymsla fyrir faxsendingar. Hólfinu fylgir sérstakt símanúmer, með því að hringja beint í hólfid er hægt að leggja inn skilaboð eða fax en einnig er hægt að vísa farsíma eða síma í stafræna símakerfinu yfir í hólfid og koma þannig sendingu í hólfid.

Kerfið getur hringt í fyrirfram ákveðið símanúmer eða boðtækisnúmer og látið vita af innkomnum skilaboðum eða faxi.

- 4.1.1. Stofngjald fyrir talhólf kr. 500,00.
- 4.1.2. Stofngjald fyrir faxhólf kr. 2 000,00.
- 4.2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir talhólf hjá notanda í farsímakerfinu kr. 300,00.

- 4.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir talhólf hjá öðrum kr. 750,00.
- 4.2.3. Ársfjórðungsgjald fyrir faxhólf kr. 1 500,00.
- 4.3.1. Fyrir hringingu í hólfið greiðist sama gjald og fyrir hringingu í farsíma úr viðkomandi símanúmeri, hvort heldur sem verið er að lesa inn skilaboð og senda fax eða sækja, skiptir þá ekki máli hvort kerfið hringir í fyrirfram ákveðið símanúmer eða rétthafi hringir í hólfið. Ef rétthafi símanúmers í stafræna símakerfinu vísar yfir í hólf greiðist sama gjald og fyrir hringingu í farsíma fyrir innkomin skilaboð eða fax, en fyrir rétthafa farsímanúmers er það gjaldfrjálst.

V. KAFLI

Boðkerfi.

Í boðkerfinu eru afgreidd sjálfvirk boðköll til tón- og talnaboðtækja, auk þess er í boði ýmis sérþjónusta.

Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og viðskiptagjald.

1. Boðkallsþjónusta.

- 1.1. Stofngjald er greitt fyrir hvert boðkallsnúmer, og greiðist það við úthlutun boðkallsnúmersins.
 - 1.1.1. Stofngjald fyrir tónboðtæki: kr. 4 990,00.
 - 1.1.2. Stofngjald fyrir talnaboðtæki: kr. 4 990,00.
- 1.2. Afnotagjald (ársfjórðungsgjald) greiðist fyrirfram fyrir hvert boðkallsnúmer. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.
 - 1.2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir tónboðtæki: kr. 890,00.
 - 1.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir talnaboðtæki: kr. 1 110,00.
- 1.3. Viðtökugjald er kr. 4 800,00 enda ber nýi boðkerfisnotandinn ábyrgð á ógreiddum áföllnum skuldum. Innifalið í gjaldinu er breytingar á boðkallsnúmeri, sé þess óskað.
- 1.4. Skráningargjald fyrir breytt boðkallsnúmer er kr. 1 110,00.
- 1.5. Skráningargjald fyrir breytingar, kr. 555,00 greiðist í hvert sinn sem beðið er um eina eða fleiri breytingar á boðtækisnúmeri, aðgangsnúmeri og einstökum boðtækisnúmerum í hópalli.
Metið er hverju sinni hvort hægt sé að verða við óskum um breytingar.
- 1.6. Viðskiptagjald fyrir boðkall er skrefagjald, kr. 2,67 fyrir hvert skref. Við svar frá boðstöð reiknast eitt skref, en síðan kemur skref innan næstu 12 sek. og á 12 sek. fresti eftir það.

2. Sérþjónusta í boðkallskerfinu.

- 2.1. Endurtekning boðkalls. Til þess að tryggja enn betur að boðkall greinist í boðtæki er hægt að endurtaka það sjálfvirkt (venjulega innan nokkurra sek.).
 - 2.1.1. Stofngjald: kr. 1 110,00.
 - 2.1.2. Ársfjórðungsgjald: kr. 110,00.
- 2.2. Hópkall: Hægt er að senda boðkall til allt að 10 boðtækja í einu, með því að hringja í svokallað hópkallsnúmer. Þegar hringt er í hópkallsnúmerið eru öll boðtækin í hópnum kölluð upp í röð, á sjálfvirkan hátt. Boðtækin í hópnum hafa einnig eigið boðkallsnúmer, sem notuð eru ef koma á boðum til einstakra tækja í hópnum. Öll boðtæki innan hvers hóps verða að vera eins, þ.e. annað hvort öll tónboðtæki, eða öll talnaboðtæki.
 - 2.2.1. Stofngjald fyrir hópkallsnúmer: kr. 11 085,00.

- 2.2.2. Stofngjald fyrir hópallsnúmer, sé samtímis greitt stofngjald fyrir öll boðtækisnúmerin í hópnum: kr. 5 545,00.
- 2.2.3. Ársfjórðungsgjald fyrir hópall: kr. 1 325,00.
- 2.2.4. Viðskiptagjald fyrir hópall er skrefagjald, kr. 2,67 fyrir hvert skref. Við svar frá boðstöð reiknast eitt skref, en síðan kemur skref innan næstu 12 sek. og á 12 sek. fresti eftir það.
Áskilinn er réttur til þess að hafna ósk um hópall að einhverju eða öllu leyti.

VI. KAFLI

Símskeyta- og símatelexgjöld.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

- 1.1. Venjulegt símskeyti: Grunnjald kr. 66,00 og kr. 3,60 fyrir hvert orð: Lágmarksorða-fjöldi 7 orð.
- 1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald auk hraðboðagjalds kr. 250,00 og gjald fyrir afhendingarkvittun kr. 24,00.
- 1.3. Veðurskeyti: Kr. 29,00 fyrir hvert skeyti.
- 1.4. Heillaskeyti: Venjulegt skeytagjald auk kr. 77,00 fyrir heillaskeytiseyðublaðið og hálf hræðboðagjald kr. 125,00.
- 1.5. Samúðarskeyti: Grunnjald kr. 66,00 og hálf hræðboðagjald kr. 125,00. Sendanda er í sjálfsvald sett hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert í Landspítalaskóð.
- 1.6. Afhending símskeyta.
 - 1.6.1. Venjulegt símskeyti: Hringt er í viðtakanda og texti skeytisins lesinn. Skeytið er síðan póstlagt. Viðtakandi getur sótt skeytið til ákvörðunarsímstöðvar ef hann óskar þess.
 - 1.6.2. Hraðskeyti: Texti skeytis sendur símleiðis til viðtakanda samstundis eða samkvæmt forgangsrétti. Leitast skal við að hafa upp á viðtakanda sem fyrst til afhendingar skeytisins.
 - 1.6.3. Heillaskeyti: Heillaskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
 - 1.6.4. Samúðarskeyti: Samúðarskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
- 1.7. Hraðafhending símskeyta: Óski sendandi eða viðtakandi venjulegs skeytis afhendingar samdægurs, mun það verða sent gegn hraðboðagjaldi, kr. 250,00. Óski sendandi, að skeyti sé afhent gegn kvittun, er gjald fyrir það kr. 24,00 að auki.
- 1.8. Fyrirfram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
- 1.9. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjöld fyrir símskeyti til útlanda eru ákveðin af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

- 3.1. Almenn loftskeyti.
 - 3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:
 - a. Grunnjald fyrir hvert skeyti kr. 66,00.
 - b. Línugjald kr. 3,60 á hvert orð.
 - c. Strandargjald kr. 4,05 hvert orð.

- d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
- e. Gjald fyrir aukabjónustu að beiðni sendanda.
Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
- 3.2. Sérstök loftskeyti.
- 3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 29,00 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 22,00.
- 3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukabjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
- 3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

4. Símatelex.

- 4.1. Gjald fyrir sendingu.
- 4.1.1. Grunn gjald fyrir hvert sent telex kr. 150,00.
- 4.1.2. Afgreiðslugjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex frá kl. 8.00 til kl. 21.00 er kr. 75,00.
- 4.1.3. Mínútgjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.
- 4.2. Gjald fyrir móttöku.
- 4.2.1. Símnafni á ári kr. 660,00.
- 4.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir áskrift að símatelex kr. 635,00.
- 4.2.3. Afgreiðslugjald pr. telex (úthringing skv. reglum og póstsending) kr. 150,00.

5. Stöðvartelex.

- 5.1. Gjald fyrir sendingu.
- 5.1.1. Grunn gjald fyrir hvert sent telex kr. 150,00.
- 5.1.2. Mínútgjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.
- 5.1.3. Aðstoðargjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex kr. 57,00.

VII. KAFLI

Fjarritvélar og gjald fyrir telexritanir.

1. Stofngjald.

	Kr.
1.1. Númer í telexstöð	15 290,00
1.2. Bæjarlína	3 820,00
1.3. Venjuleg fjarritvél af eldri gerð Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.	41 890,00
1.4. Innbyggður endurgati	7 455,00
1.5. Innbyggður vélsendir	7 455,00
1.6. Morsetæki (vélsendir eða vélgitari)	17 190,00
1.7. Afriðill	3 695,00
1.8. Tengipúlt	5 495,00
1.9. Fyrir útskiptingu á fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald, eða kostnaðarverð ásamt uppsetningarkostnaði.	
1.10. Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður	3 695,00
1.11. Breyting á telexheiti	1 965,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1.	Númer í telexstöð	2 125,00
2.2.	Bæjarlína	640,00
2.3.	Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega	16 425,00
	Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.	
2.4.	Innbyggður endurgati	2 410,00
2.5.	Innbyggður vélsendir	2 410,00
2.6.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	8 810,00
2.7.	Afriðill	1 965,00
2.8.	Tengipúlt	2 485,00
2.9.	Fyrir ritsímatæki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leiga um 25%.	
2.10.	Fyrir ICAO ritsímatæki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.3. vegna utanbæjarferða fellur niður.	
2.11.	Fyrir ritsímatæki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.	

3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

3.1.	Milli húsa á svæði sömu sírstöðvar	7 000,00
3.2.	Frá húsi á svæði annarrar sírstöðvar	10 555,00
3.3.	Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiði notandi lagnir og tilheyrandi búnað sem setja þarf upp skv. kostnaðargjaldi á hverjum tíma.	
3.4.	Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.	

4. Gjald fyrir telexritanir.

- Telexritanir innanlands greiðast með kr. 2,59 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 6,48 á mínútu.
- Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

5. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu fjarritabúnaðar í eigu Póst- og símamálastofnunar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

VIII. KAFLI

Almenna gagnaflutningsnetið.

Í almenna gagnaflutningsnetinu eru gögn send í formi pakka, hver með vistfangi viðtakanda. Skiptistöðvar eru víðs vegar um landið og notendur eru ýmist tengdir þeim með beinum línunum eða þeir velja sig inn á netið gegnum sjálfvirka símakerfið. Í flestum tilvikum þarf mótald á báða enda línunnar sem tengir notanda við skiptistöð. Grunnbandsmótöld fyrir hraða allt að 19200 b/s er hægt að nota á notandalínu, sem er stutt frá næstu gagnanetsstöð (um 3 km). Mótaldið í skiptistöð leggur Póst- og símamálastofnunin til og er gjaldið fyrir það innifalið í gjaldskránni. Notandi leggur til mótald á sinn enda, nema fyrir 64000 b/s hraða, en þá er það innifalið í gjaldskránni. Gjaldskráin nær einungis til gjalda fyrir innanlandsnotkun, en gjöld fyrir gagnaflutning milli landa eru ákveðin hverju sinni í samræmi við alþjóðasamninga og gengisskráningu.

1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald fyrir afnot af gagnaflutningsnetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

1.1.1. Fyrir notandalínu samkvæmt staðlinum X.25

Hraði (b/s)	2 400	4 800	9 600	19 200 ¹⁾	64 000 ²⁾
Stofngjald kr.	23 280,00	32 150,00	46 565,00	64 305,00	123 190,00

1.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD)

Hraði (b/s)	300	1 200	2 400	4 800	9 600	19 200 ¹⁾
Stofngjald kr.	13 530,00	16 070,00	18 180,00	21 180,00	24 165,00	28 265,00

1.1.3. Ef breytt er úr X.3/X.28 í X.25 eða hraði aukinn skal greiða mismun á stofngjaldi samkvæmt þessari gjaldskrá.

1.1.4. Fyrir fjölrásanotkun á notandalínu greiðist 775,00 krónur fyrir hverja rás sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25, sbr. 1.1.1.).

1.1.5. Þeir sem tengjast gagnaflutningsnetinu með innhringingu greiði skráningargjald sem er 2 215,00 krónur.

1.1.6. Skráningargjald fyrir úthringigátt er 2 215,00 krónur.

2. Afnotagjald.

2.1. Ársfjórðungsgjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

2.1.1. Fyrir notandalínu samkvæmt staðlinum X.25

Hraði (b/s)	2 400	4 800	9 600	19 200 ¹⁾	64 000 ²⁾
Ársfjórðungsgjald kr.	11 645,00	16 630,00	23 280,00	33 260,00	60 525,00

2.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD)

Hraði (b/s)	300	1 200	2 400	4 800	9 600	19 200 ¹⁾
Ársfjórðungsgjald kr.	4 320,00	5 235,00	5 825,00	6 740,00	7 565,00	8 730,00

1) Gildir einungis þegar hægt er að nota grunnbandsmótald.

2) Á þeim stöðum sem hægt er að veita þjónustu á þessum hraða.

- 2.1.3. Ársfjórðungsgjald fyrir innhringingu í gagnaflutningsnetið er 880,00 krónur.
- 2.1.4. Ársfjórðungsgjald fyrir úthringigátt er 880,00 krónur.
- 2.1.5. Fyrir fjölrásanotkun á einni notandalínu greiðist 145,00 krónur á ársfjórðungi fyrir hverja rás sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25, sbr. 2.1.1.).
- 2.2. Fast gjald er tekið fyrir hvert samband en síðan er greitt fyrir gagnaflutning eftir því hve langan tíma hann tekur og hversu mikið er flutt.
- 2.2.1. Gjald fyrir hvert samband er 57 aurar.
- 2.2.2. Tímagjald er miðað við mínútu. Fyrir hverja byrjaða mínútu er tímagjald:
- a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu 10,4 aurar
 - b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu 15,6 aurar
 - c) Ef hringimótald er notað (sbr. 1.1.5.), skal greiða kr. 1,60 á mínútu til viðbótar.
 - d) Fyrir notkun á úthringigátt í gagnanetinu skal greiða kr. 1,60 á mínútu til viðbótar.
- 2.2.3. Gjalddeining gagnaflutnings heitir gagnasneið og er hver sneið 64 átta bita bæti. Gjald fyrir hverja byrjaða gagnasneið er:
- a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu 1,24 eyrir
 - b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu 2,40 aurar
- Fyrir fyrstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið fullt gjald.
Fyrir næstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið 85% gjald.
Fyrir þar næstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið 70% gjald.
Fyrir gagnasneiðar umfram 1500 þúsund á mánuði er tekið 50% gjald.
- 2.3. Þegar notuð er fasttengd lína í gagnaflutningsnetinu er greitt ársfjórðungsgjald í stað sambandsgjalds og tímagjalds sem hér segir:
- a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu 5 545 krónur
 - b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu 6 320 krónur
- Þar að auki greiðist magngjald samkvæmt 2.2.3. af slíkum netleigulínum.

3. Sérþjónusta.

- 3.1. Lokaður hópur um notandalínu.
- 3.1.1. Stofngjald kr. 6 000,00.
- 3.1.2. Ársfjórðungsgjald kr. 1 275,00.
Skráningargjald er 535,00 krónur og greiðist í hvert sinn sem beðið er um tengingu eða breytingu á tengingu við lokaða hópinn.
- 3.2. Aðrir möguleikar eru:
- Læsing, eftirfarandi kostir bjóðast:
- Lokað á öll innkomin uppköll.
 - Lokað á öll útfarandi uppköll.
 - Lokað til útlanda.
 - Lokað frá útlöndum.

Beint val.
Hópnúmer.
Flutningur á samtali.
Viðtakandi greiðir fyrir samtal.

- 3.2.1. Skráningargjald kr. 625,00 greiðist í hvert sinn sem beðið er um þjónustu, eina eða fleiri í senn.
- 3.2.2. Ársfjórðungsgjald kr. 153,00 fyrir hvern möguleika.

4. Viðtöku- og flutningsgjald.

- 4.1. Viðtökugjald fyrir fasttengda notendur er ½ stofngjald, háð hraða.
- 4.2.1. Flutningsgjald fyrir staðal X.25 er ½ stofngjald samkvæmt hraða 2400 b/s.
- 4.2.2. Flutningsgjald fyrir staðla X.3 og X.28 er ½ stofngjald samkvæmt hraða 300 b/s.

5. Skammtímatengingar.

Eftirfarandi reglur gilda um skammtímatengingu við almenna gagnaflutningsnetið. Stofngjald er ekki tekið, en leigugjald er sem hér segir:

- 5.1. Fyrir X.25-línu. Fundið er notkunargjald á dag með því að deila 65 upp í ársfjórðungsgjald fyrir viðkomandi línu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda, þó aldrei lægra en fyrir 65 daga.
- 5.2. Fyrir X.3/X.28-línu. Fundið er notkunargjald á dag með því að deila 55 upp í ársfjórðungsgjald fyrir viðkomandi línu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda, þó aldrei lægra en fyrir 55 daga.

6. Sundurliðun uppkalla.

Rétthafa í gagnaflutningsnetinu er gefinn kostur á sundurliðun yfir uppköll. Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, hvenær og hve lengi sambandið var og fjöldi sendra og móttækinna gagnasneiða.

- 6.1. Stofngjald kr. 625,00.
- 6.2. Ársfjórðungsgjald kr. 225,00.
- 6.3. Gjald pr. samband kr. 1,30.

IX. KAFLI

Háhraðanet.

Póst- og símamálastofnunin starfrækir almennt háhraðanet innanlands með skipti-stöðvum í Reykjavík, á Akureyri og Hvolsvelli. Utan höfuðborgarsvæðisins er hraðinn í netinu 64 Kb/s og 128 Kb/s en innan höfuðborgarsvæðisins einnig 2 Mb/s. Í umsókn um aðgang að netinu skal tekið fram hvaða hámarkshraða notandi vill. Notendum er óheimilt að veita öðrum aðila aðgang að netgátt sinni.

1. Stofngjald.

- 1.1. Stofngjald fyrir aðgang að háhraðanetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við eina ethernet tengingu (grunntengingu) hjá notanda:

1.1.1. Hraði	64 Kb/s	128 Kb/s	256 Kb/s	512 Kb/s	2 Mb/s
Stofngjald kr.	110 000,00	114 000,00	137 000,00	165 000,00	228 000,00
- 1.1.2. Ef hraði er aukinn skal greiða mismun á stofngjaldi samkvæmt þessari gjaldskrá.
- 1.1.3. Fyrir tókanettengingu í stað ethernet tengingu bætast kr. 15 000,00 við 1.1.1.
- 1.1.4. Fyrir tókanettengingu auk grunntengingar við sömu gátt bætast kr. 70 000,00 við 1.1.1.

2. Afnotagjald.

2.1 Afnotagjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við eina ethernettengingu (grunntengingu) hjá notanda:

2.1.1. Hraði 64 Kb/s 128 Kb/s 256 Kb/s 512 Kb/s 2 Mb/s
 Ársfjórðungsgjald 80 000,00 104 000,00 135 000,00 175 000,00 360 000,00

2.1.2. Fyrir tókanettengingu í stað ethernettengingar bætast kr. 5 000,00 við 2.1.1.

2.1.3. Fyrir tókanettengingu auk grunntengingar við sömu gátt bætast kr. 50 000,00 við 2.1.1.

Notendur greiða stofngjald og afnotagjald fyrir línu til skiptistöðvar skv. XI. kafla og teljast línurnar vera í 2. flokki. Þó skal lágmarksfjarlægð teljast 2 km í þessu tilviki fyrir alla hraðaflokka.

X. KAFLI**Gagnahólf.**

Notendur tengjast kerfinu annað hvort með einkatölvu sem úttöð eða með tölvukerfi sem einkakerfi. Úttöð tengist Gagnahólfskerfinu (X.400) annað hvort með almenna gagnaflutningsnetinu eða sjálfvirka símakerfinu. Einkakerfi tengist gagnahólfskerfinu með almenna gagnaflutningsnetinu. Í þessari gjaldskrá eru einungis gjöld fyrir notkun innanlands. Gjald fyrir flutning milli landa er ákveðið hverju sinni í samræmi við alþjóðasamninga og gengisskráningu.

1. Stofngjald.

	Kr.
1. Stofngjald fyrir afnot af gagnahólfi.	
1.1. Fyrir úttöð	3 330,00
1.2. Fyrir einkakerfi	16 630,00

2. Afnotagjald.

2. Ársfjórðungsgjald fyrir afnot af gagnahólfi.	
2.1.1. Fyrir úttöð	1 110,00
2.1.2. Fyrir einkakerfi	5 545,00
2.2. Magngjald er tekið fyrir hverja byrjaða magneiningu sem er 1024 stafir	
2.2.1. Sending á fyrstu 2048 stöfunum í skeyti, hver eining	5,36
2.2.2. Sending umfram 2048 stafi í skeyti, hver eining	3,75
2.3. Tímagjald er tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.	
2.3.1. Fyrir úttöð	3,22
2.4. Geymslugjald er tekið fyrir hverja 1024 stafi í sólarhring. Þó eru fyrstu 4096 stafirnir án gjalds.	
2.4.1. Fyrir úttöð	0,43
2.5. Grunngjald fyrir hvert sent skeyti.	
2.5.1. Fyrir úttöð	2,14
2.5.2. Fyrir einkakerfi	2,14
2.6. Gjald fyrir þjónustueiningar.	
Kerfið býður upp á ýmsar þjónustueiningar.	
Tekið er gjald fyrir eftirfarandi:	
2.6.1. Tilkynning um afhendingu	6,00

3. Sérþjónusta.

3.1. Sending á telexi.	
3.1.1. Gjald fyrir hvert sent telex	15,60
3.1.2. Gjald fyrir hverja senda 400 stafi	7,30
3.2. Sending á telefaxi.	
3.2.1. Gjald fyrir hvert sent telefax	15,60
3.2.2. Gjald fyrir hverja senda 1000 stafi	11,40

XI. KAFLI

Sambönd.

Póst- og símamálastofnun starfrækir almenna fjarskiptaþjónustu um land allt. Stofnunin leigir út línur til þess að auðvelda notendum aðgang að hinu almenna fjarskiptaneti, en að auki línur til að mæta sérþörfum:

Gerður er greinarmunur á langlínunum og notendalínunum. Langlínur teljast þær línur, sem tengja saman símstöðvar eða notendur, sem venjulega mundu tengjast mismunandi símstöðvum. Notendalínur tengja notendur við næstu símstöð eða við langlínu. Á gjaldsvæði Reykjavíkur og nágrennis eru línur milli stöðva, sem leigðar eru út, gjaldfærðar sem notendalínur. Ef völ er á bæði langlínu og notendalínu fyrir tiltekið leigusamband ákveður Póst- og símamálastofnun hvora tegundina skuli nota.

Hliðrænar leigulínur má ekki nota án sérstakrar heimildar fyrir hærri tíðni en 4 Khz. Undanþeginn þessu ákvæði er gagnaflutningur með grunnbandsmótöldum fyrir hraða allt að 19,2 Kb/s. en slík sambönd skulu takmarkast við svæði einnar sjálfvirkrar símstöðvar.

Gjaldafyrirkomulag fyrir leigulínur.

Gjaldið skiptist í stofngjald og afnotagjald. Það er reiknað milli endapunkta í samræmi við þá leið, sem línan fer um í fjarskiptakerfinu og er heildargjaldið summa langlínugjalds og notendagjalds eftir því sem við á. Skemmstur leigutími er almennt 6 mánuðir, en að öðru leyti gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir talið frá næstu mánaðarmótum eftir uppsögn. Gjald fyrir línu, sem leigð er til skemmri tíma en 6 mánaða, er reiknað samkvæmt 3. grein.

Notkun.

Mismunandi gjald er tekið fyrir leigulínur eftir því hver notkun þeirra er og flutningsgeta. Línur fyrir tal greinast í línur milli einkabúnaðar sama notanda á mismunandi stöðum án tengingar við miðstöð og línur, sem tengja einkabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.

Línur fyrir gagnaflutning greinast sem hér segir:

1. flokkur. Línur sem tengja saman einkabúnað sama notanda á mismunandi stöðum. Orðið notandi táknar hér einstakling, fyrirtæki eða stofnun, sem starfar undir einu heiti. Línur milli fyrirtækja og dótturfyrirtækis eða milli fyrirtækis og sameiginlega fyrirtækis þess og annarra fyrirtækja falla ekki undir þennan flokk.

2. flokkur. Línur, sem tengja saman einkabúnað mismunandi notanda, einn í hvorum enda. Það er sett sem skilyrði fyrir leigumálanum að notandi sýni fram á að samtenging við þriðja aðila sé ekki tæknilega möguleg.

3. flokkur. Línur, sem tengja saman einkabúnað mismunandi notanda og eru notaðar til að veita aðgang að vinnslu í tölvu eða eru notaðar til að auka verðmæti gagna, sem verið er að flytja. Línur í þessum flokki eru einungis leigðar út að gerðum sérstökum

leigusamningi þar sem kveðið er á um notkun línunnar. Ekki er hægt að fá leigðar línur í þeim tilgangi að annast samtengingu mismunandi notenda eins og gert er í skipti-stöðvum.

Línur milli einkasímstöðva, sem tengjast hinu almenna símakerfi, reiknast sem þverlínur.

Dagskrárlínur eru leigðar ýmist sem grunnlínur, þegar um mjög stuttar fjarlægðir er að ræða eða sem stafrænar flutningslínur. Fyrir stafrænar línur í notendakerfum er reiknað fast gjald auk km-gjalds.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir notendalínur greiðist stofngjald, sem er áttfalt ársfjórðungsgjald fyrir línuna samkvæmt þeirri gjaldskrá sem gildir þegar línan er tekin á leigu, að frádrögnum þeim hluta gjaldsins, sem er óháður línulengd í liðum 2.1.3. til 2.1.7., 2.1.10. til 2.1.13., 2.1.15. til 2.1.17. og 2.1.22 (magngjald).
- 1.2. Fyrir langlínur ákveðst stofngjald af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

2. Afnotagjald.

- 2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir notendalínur er sem hér segir. Línulengdir reiknast í hálfis km þrepum, en lágmarksgjald línu eða línuhluta er 2 km, nema annað sé tekið fram.

	Gjald fyrir hvern km	
	2ja víra	4ra víra
	Kr.	Kr.
2.1.1. Tallína.	745,00	1 190,00
2.1.2. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Mesti hraði 19,2 Kb/s	850,00	1 350,00
2.1.3. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Hraði 48–64 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda, mótað innifalið.		8 035,00
		1 505,00
2.1.4. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Hraði 128 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda, mótað innifalið		9 642,00
		1 806,00
2.1.5. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Hraði 256 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda, mótað innifalið		12 053,00
		2 483,00
2.1.6. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Hraði 512 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda, mótað innifalið.		14 463,00
		3 010,00
2.1.7. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki. Hraði 2 Mb/s. Gjald fyrir hvern enda.		28 123,00
		6 020,00
2.1.8. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Mesti hraði 19,2 Kb/s.	935,00	1 500,00

2.1.9.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Hraði 48–64 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda, mótað innifalið. Gjald fyrir hvern km.		8 835,00 1 650,00
2.1.10.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Hraði 128 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda, mótað innifalið Gjald fyrir hvern km.		10 606,00 1 987,00
2.1.11.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Hraði 256 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda, mótað innifalið Gjald fyrir hvern km.		13 253,00 2 723,00
2.1.12.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Hraði 512 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda, mótað innifalið Gjald fyrir hvern km.		15 903,00 3 300,00
2.1.13.	Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Hraði 2 Mb/s. Gjald fyrir hvern enda. Gjald fyrir hvern km.		30 923,00 6 600,00
2.1.14.	Dagskrárlína fyrir hljóðvarp á stuttri grunnlínu.	3 065,00	3 435,00
2.1.15.	Stafræn dagskrárlína fyrir mónó hljóðvarp. Óháð lengd kr. 51 160,00 og að auki fyrir hvern km.		1 025,00
2.1.16.	Stafræn dagskrárlína fyrir stereó hljóðvarp. Óháð lengd kr. 85 260,00 og að auki fyrir hvern km.		1 705,00
2.1.17.	Lína fyrir sjónvarp, (ein mónó hljóðrás innifalin): Gjald fyrir hvern enda, 140 Mb/s Gjald fyrir hvern enda, 70 Mb/s Gjald fyrir hvern km. Viðbótargjald fyrir mónó hljóðvarp: Gjald fyrir hvern enda, sendiendi Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi Gjald fyrir hvern km. Viðbótargjald fyrir stereó hljóðvarp: Gjald fyrir hvern enda, sendiendi Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi Gjald fyrir hvern km.		83 155,00 49 890,00 3 858,00 3 613,00 1 442,00 282,00 4 841,00 2 404,00 329,00

Ofangreind viðbótargjöld fyrir hljóðvarp gilda aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og þantað er á sama tíma af sama aðila.

2.1.18.	Fjarstýringarlína.	745,00	1 190,00
2.1.19.	Ritsímalína í tónritsíma.		385,00
2.1.20.	Gjald fyrir fjarstýringu eða fjarvísun á línu, sem einnig er notuð fyrir tal, skal vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.1.18. Þegar um er að ræða kerfi með mörgum línun innan sama stöðvarsvæðis skal reikna gjaldið eftir meðallínulengd sem telst vera 2 km.		

- 2.1.21. Ritsímalína, sem ekki er flutt á tónritsíma, reiknast sem tallína.
- 2.1.22. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 3. flokki. Gjaldið fer samkvæmt liðum 2.1.8 til 2.1.13. eftir hraða, en að auki greiðist magngjald samsvarandi 8 mínútna notkun á dag á mesta hraða, sem tilgreindur er í liðum 2.1.8. til 2.1.13., eftir því sem við á, og á taxa, sem gildir innan stöðvarsvæðis í gagnaflutningsnetinu.
- 2.2. Langlínukerfi. Ársfjórðungsgjald fyrir langlínur er sem hér segir:
- 2.2.1. Tallína milli einkabúnaðar notanda á milli svæða, án tengingar við miðstöð. Fjarlægðin er reiknuð eins og leið liggur í símakerfinu milli endapunkta á viðkomandi símstöð. Auk þess er tekið gjald fyrir línur í notendakerfi frá endapunktum langlínu, samkvæmt 2.1. Línur samkvæmt þessum lið má ekki nota til að tengja einkasímabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði. Gjald fyrir hvern enda, eða úttak. 22 570,00
Gjald fyrir hvern km. 235,00
- 2.2.2. Gjald fyrir línu, sem tengir einkasímabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði, er reiknað samkvæmt 2.2.1. en að auki reiknast langlínugjald, sem samsvarar 7500 mínútum á ársfjórðungi á því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val að degi til milli viðkomandi gjaldsvæða. Þetta er til viðbótar afnotagjaldi, sem greiða skal fyrir síma skv. I. kafla.
- 2.2.3. Fyrir línur fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. og 2. flokki er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af flokknum og hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (bit/s)	Stuðull	
		1. flokkur	2. flokkur
A1	0 – 4800	1,00	1,10
A2	4801 – 9600	1,10	1,21
A3	9601 – 19200	1,30	1,43
A4	48000 – 64000	1,60	1,76
A5	2 Mb/s	9,60	10,56

- 2.2.4. Fyrir línur fyrir gagnasendingar samkvæmt 3. flokki greiðist eins og fyrir 2. flokk en að auki magngjald, sem samsvarar 8 mínútna notkun á dag á hæsta hraða, sem tilgreindur er í flokki A1 til A5 eftir því sem við á og á taxa, sem gildir milli stöðvarsvæða í almenna gagnaflutningsnetinu.
- 2.2.5. Fyrir ritsímalínur í tónritsímakerfum er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (Baud)	Stuðull
B1	50	0,22
B2	75	0,22
B3	100	0,24
B4	300	0,33

Ef óskað er eftir ritsímalínu á leið þar sem ekki er tónritsímakerfi, fær notandi tallínu til afnota og er þá reiknað með margfeldisstuðli jafnt og 1.

- 2.2.6. Gjald fyrir fjarstýringarlínur er hið sama og fyrir tallínur, ef heil lína er tekin undir fjarstýringuna. Ef fjarstýring getur, án þess að valda truflunum, farið fram á línu, sem notuð er fyrir tal, skal gjaldið vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.2.1.
- 2.2.7. Gjald fyrir dagskrárlínur fyrir hljóðvarp er reiknað eins og í 2.2.1. en með margföldunarstuðli eftir bandbreidd:

Flokkur	Bandbreidd (KHz)	Stuðull
C1	3	1,0
C2	15	1,4
C3	2x15	2,8

2.2.8	Lína fyrir sjónvarp, 70 Mb/s, (ein mónó hljóðrás innifalin):	
	Gjald fyrir hvern enda	49 890,00
	Gjald pr. km.	3 858,00
	Viðbótargjald fyrir mónó hljóðvarp:	
	Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	3 613,00
	Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	1 442,00
	Gjald fyrir hvern km.	282,00
	Viðbótargjald fyrir stereó hljóðvarp:	
	Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	4 841,00
	Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	2 404,00
	Gjald fyrir hvern km.	329,00

Ofangreind viðbótargjöld fyrir hljóðvarp gilda aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og þantað er á sama tíma af sama aðila.

- 2.3. Gjald fyrir línur til annarrar notkunar en getið er hér að framan ákvarðast af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

3. Leigur í stuttan tíma.

- 3.1. Eftirfarandi gjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ.e.a.s. í minna en 6 mánuði. Leigutími skal tilgreindur við pöntun. Stofngjald er ekki tekið fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.
- 3.1.1. Fyrir línur eða línuhluta í notendakerfum er tekið lágmarksgjald, sem er eitt ársfjórðungsgjald skv. 2.1 nema fyrir línur skv. 2.1.15., 2.1.16. og 2.1.17. Fyrir línur skv. 2.1.15. og 2.1.16. greiðist fyrstu fimm sólarhringana 1/10 af ársfjórðungsgjaldinu, þ.m.t. gjald óháð línulengd. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar, í allt að tíu sólarhringum, greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring en 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring umfram 10 sólarhringum.
- Fyrir línur skv. 2.1.17. greiðist eftirfarandi:
- | | |
|--|-----------|
| Tengigjald fyrir sjónvarp, (ein mónó hljóðrás innifalin) | 13 235,00 |
| Gjald pr. mínútu, 140 Mb/s | 218,00 |
| Gjald pr. mínútu, 70 Mb/s | 130,00 |
| Gjald pr. mínútu/10 km. | 23,00 |
| Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur | 11,50 |
| Viðbótargjald fyrir mónó eða stereó hljóðvarp: | |
| Tengigjald fyrir hljóðrás | 2 000,00 |
| Gjald pr. mínútu | 13,00 |
| Gjald pr. mínútu/10 km | 2,30 |
| Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur | 1,15 |

Ofangreint viðbótargjald fyrir hljóðvarp gildir aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og þantað er á sama tíma af sama aðila.

- 3.1.2. Fyrir línur eða línuhluta í langlínukerfum er tekið lágmarksgjald, sem er 1/6 af ársfjórðungsgjaldi skv. 2.2., og innifelur fimm sólarhringum notkun. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar, allt að 10 sólarhringum, greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en umfram 10 sólarhringum greiðist 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring.

Fyrir línur skv. 2.2.8. greiðist eftirfarandi:	
Tengigjald fyrir 70 Mb/s sjónvarp, (ein mónó hljóðrás innifalin)	13 235,00
Gjald pr. mínútu	130,00
Gjald pr. mínútu/10 km	23,00
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	11,50
Viðbótargjald fyrir mónó eða stereó hljóðvarp:	
Tengigjald fyrir hljóðrás	2 000,00
Gjald pr. mínútu	13,00
Gjald pr. mínútu/10 km	2,30
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	1,15

Ofangreint viðbótargjald fyrir hljóðvarp gildir aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

XII. KAFLI

Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

XIII. KAFLI

Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 660,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símsstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 150,00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnar- og frestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

XIV. KAFLI

1. Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símsstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 205,00. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 350,00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur sýnað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

3. Skrásetning í stafrófskrána.

	Kr.
3.1. Breytt letur í skrá, hver lína	350,00
3.2. Aukanafn í skrá	350,00
3.3. Aukalína í skrá, hver lína	205,00
3.4. Aukanafn með breyttu letri (ein lína) kr. 350,00 + 350,00	700,00

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

- 4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.
Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamálastofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.
- 4.2. Skrásetning gegn borgun.
Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 205,00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 350,00. Auglýsingalína kostar kr. 205,00.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XV. KAFLI**Þjónusta um radióstöðvar.****1. Viðskiptagjöld.**

- 1.1. Radiósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla III. 4. hér að framan.
- 1.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla VI. 3. hér að framan.
- 1.3. Viðskiptagjöld vegna radióstöðva í verstöðvum.
Vegna radióstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

	Kr.
Fyrir 1–5 báta	155,00
Fyrir 6–15 báta	285,00
Fyrir 16–30 báta	405,00
Fyrir 31 bát og fleiri	540,00

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

- 1.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 285,00 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.

- 1.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.
- 1.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 540,00.
- 1.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvabjónustunni til annars gjaldsvæðis í síma-kerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 77,00.

2. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

	Kr.
Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	285,00
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	425,00
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	565,00
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	775,00

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrirfram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

XVI. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

- 1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{2}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00–08:00.
Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.
Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. III. kafla).
- 1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símstjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XVII. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

- 1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn.
Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.
- 1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símataekjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

- 1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.
- 1.4. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símataækjum og símalögnum.
- 1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu slitu, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúður o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfstöðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.
- 1.6. Verði bilun í símakerfinu eða í notendabúnaði sem Póst- og símamálastofnunin hefur látið í té ber þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símstöðvar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar á viðgerð síma má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
- 1.7. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.
- 1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímakerfisins nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.
- 1.9. Hægt er að fá símanúmer geymt í umsaminntíma gegn greiðslu afnotagjalds.
- 1.10. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símanúmerum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.
- 1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.
- 1.12. Verðskrá sú er póst- og símamálstjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar miðstöðvar og fjarritvélar, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.
- 1.13. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlögunna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Skráður réttthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.
- 2.2. Gjaldldagi fyrir síma-, radíó- og önnur fjarskiptagjöld er fyrsti hvers mánaðar. Póst- og símamálastofnun skal sjá svo um að reikningar séu sendir notendum með góðum fyrirvara.

- 2.3. Eindagi gjaldanna er 15 dögum eftir gjalddagann. Falli gjöldin í eindaga, ber notanda að greiða dráttarvexti af gjaldskuldinni frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögtaksréttur sbr. 9. gr. fjarskiptalaga nr. 73/1984 og 1. grein 3. töluliðar lögtakslaga nr. 29/1885.
- 2.4. Frá 15. næsta mánaðar eftir gjalddagann, er heimilt að beita útilokun símasambanda gagnvart þeim notendum, sem skulda vangreidd gjöld, krónur 1 000,00 eða meira, þar til þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Innheimt verður gjald, krónur 170,00, fyrir enduroppnun símasambands.
- 2.5. Ef ætla má vegna framkominna atvika að notandi geti ekki greitt gjaldskuldir sínar á gjalddaga þeirra, er heimilt að beita útilokun símasambanda fyrirvaralaust, nema notandi setji fullnægjandi tryggingu fyrir gjaldskuldinni og væntanlegri notkun á yfirstandandi afnotatímabili.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi símstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald.

XVIII. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 1. september 1993. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. september 1993 eða síðar. Jafnframt falla þá úr gildi gjaldskrár og reglur nr. 13 27. janúar 1992.

Samgönguráðuneytið, 20. ágúst 1993.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

**um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu
Landmannahrepps og Holtahrepps í Rangárvallasýslu.**

Nafn hins nýja sveitarfélags (hrepps) skal vera Holta- og Landsveit.

Félagsmálaráðuneytið, 20. ágúst 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988-2008.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. janúar 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988-2008, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felur í sér að í stað opins svæðis til sérstakra nota sunnan Hlíðarvegar frá húsinu nr. 56 til austurs á mótis við Bröttugötu komi fimm íbúðarhúsaloðir með aðkomu frá Hlíðarvegi.

Bæjarstjórn Kópavogs tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 18. ágúst 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

20. ágúst 1993

AUGLÝSING

Nr. 341

um skipulag menntamálaráðuneytisins.

Meginákvæði þau sem menntamálaráðuneytið starfar eftir eru í lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum, og reglugerð samkvæmt þeim, nr. 96 frá 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Skipulag ráðuneytisins er í meginatriðum þannig:

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Með ráðherra starfa aðstoðarmaður og ráðunautar við sérstök verkefni.

Ráðuneytið skiptist í þrjár skrifstofur: skrifstofu ráðherra, með þremur meginstöðsviðum, skrifstofu menntamála og vísinda og skrifstofu menningarmála. Skrifstofustjórar stýra stöðsviðum og skrifstofum. Einn skrifstofustjóra ráðuneytisins er staðgengill ráðuneytisstjóra. Skipting ráðuneytisins í deildir fer eftir ákvörðun ráðherra.

Verkefni skiptast milli skrifstofa á eftirfarandi hátt:

Skrifstofa ráðherra.

Skrifstofa ráðherra skiptist í þrjú meginstöðsvið, þ.e. fjármálasvið, almennt svið og alþjóðasvið. Verkefni skiptast milli stöðsviða á eftirfarandi hátt:

Fjármálasvið.

Á fjármálasviði er m.a. unnið að fjárlagagerð, eftirliti með framkvæmd fjárlaga, áætlanagerð vegna rekstrar og stofnkostnaðar, ýmiss konar samningagerð og umsjón með greiðslum og framkvæmdum á vegum ráðuneytisins. Þar eru einnig starfsmannamál stofnana og skóla eftir því sem við á.

Almennt svið.

Á almennu sviði er umsjón með rekstri ráðuneytisins, afgreiðslu og ýmiss konar sameiginlegri þjónustu svo sem skráningu og vistun skjala og annarra gagna. Þar eru einnig starfsmannamál og fjárreiður ráðuneytisins og lögfræðileg ráðgjöf.

Alþjóðasvið.

Á alþjóðasviði er stjórnun og skipulag alþjóðlegra samskipta sem alþjóðasvið og skrifstofur ráðuneytisins annast.

Skrifstofa menntamála og vísinda.

Á skrifstofu menntamála og vísinda er fjallað um málefni er varða menntun á öllum skólastigum þ.e. á leikskóla-, grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi. Fjallað er um fullorðinsfræðslu, fjarkennslu, vísindarannsóknir, námslán og námsstyrki.

Á verksviði skrifstofunnar eru m.a. leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar og háskólar, vísindastofnanir svo og Lánasjóður ísl. námsmanna.

Skrifstofa menningarmála.

Á skrifstofu menningarmála er fjallað um menningarmál sem heyra undir ráðuneytið svo sem málefni lista og menningararfs, útvarps- og sjónvarpsmál, höfundarréttarmál og mál er varða íprótta- og æskulýðsstarfsemi.

Á verksviði skrifstofunnar eru m.a. opinber söfn, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Ípróttanefnd og Æskulýðsráð ríkisins.

Önnur atriði.

Ráðuneytið er ein heild. Skrifstofur og stoðsvið hafa forræði á sínum málaflokkum eftir því sem efni standa til, en ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofanna og hefur yfirumsjón með þeim.

Skrifstofustjórar sjá um að vinnsla og undirbúningur verkefna og forvinna fyrir ákvarðanir sé fullnægjandi. Þeir sjá um miðlun upplýsinga til ráðherra og ráðuneytisstjóra.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 211 frá 7. maí 1990, um skipulag menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið, 20. ágúst 1993.

Ólafur G. Einarsson

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING**um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í septembermánuði 1993.**

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í septembermánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið Útborgun 8,3%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í septembermánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. ágúst 1993.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er taki gildi 1. september 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 176, 26. apríl 1993, með áorðnum breytingum.

Í samræmi við hækkun byggingarvísitölu hækka allir liðir gjaldskrár Hitaveitu Akureyrar um 1,2% frá 1. september 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 26. ágúst 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

27. ágúst 1993

AUGLÝSING

Nr. 344

um breytingu á gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis, B-hluta.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis, B-hluta, er taki gildi 1. september 1993:

Gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis, B-hluti, nr. 84, 22. febrúar 1993:

Liðirnir 2,3 Notkun til hitunar: C.1, C.2, C.3 og 2.4 Aðrir raforkutaxtar: D.1, D.2, hækka um 5,3% frá 1. september 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

20. ágúst 1993

REGLUGERÐ

Nr. 345

um faggildingu verkstæða til endurskoðunar ökutækja.**Gildissvið og skilgreiningar.**

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um starfsemi verkstæða sem faggilt eru af faggildingardeild Löggildingarstofunnar til endurskoðunar ökutækja og gefa út vottorð um að bæt hafi verið úr frávikum sem fundist hafa við aðalskoðun ökutækis. Reglur þessar byggja á ákvæðum í ÍST EN 45000 staðlaröðinni og reglugerð um starfshætti þeirra er annast lögboðna skoðun ökutækja.

2. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

Endurskoðunarverkstæði: Verkstæði sem hlotið hefur faggildingu til þess að endurskoða að bæt hafi verið úr frávikum sem fram hafa komið við aðalskoðun.

Endurskoðun ökutækis: Athugun til þess að ganga úr skugga um að einstakir hlutar og kerfi ökutækis uppfylli kröfur sem gerðar eru í ákvæðum reglna og reglugerða sem gefnar eru út af dómsmálaráðuneytinu eftir að gert hefur verið við þau frávik sem athugasemdir voru gerðar við í aðalskoðun.

Skoðunarvottorð (ökutækis): Skjal, undirritað af skoðunarmanni, sem staðfestir að skoðað ökutæki standist kröfur sem gerðar eru í ákvæðum reglna og reglugerða sem gefnar eru út af dómsmálaráðuneytinu.

Skoðunarmaður: Fastráðinn starfsmaður endurskoðunarverkstæðis sem uppfyllir kröfur í ákvæðum reglugerðar þessarar og starfar að endurskoðun ökutækja.

Umfang.

3. gr.

Faggildingarsvið til endurskoðunar ökutækja eru eftirfarandi:

1. Skynbúnaður
2. Hreyfill og fylgibúnaður
3. Yfirbygging
4. Stýrisbúnaður
5. Burðarvirki
6. Hjólabúnaður
7. Aflrás
8. Hemlabúnaður
9. Tengibúnaður og merkingar
10. Hjólbarðar

Ofangreind faggildingarsvið skiptast eftir stærð og flokkun ökutækja á eftirfarandi hátt:

- a) Bifreið $\leq 3,5$ tonn að leyfðri heildarþyngd
- b) Bifreið $> 3,5$ tonn að leyfðri heildarþyngd
- c) Eftirvagn $\leq 3,5$ tonn að leyfðri heildarþyngd
- d) Eftirvagn $> 3,5$ tonn að leyfðri heildarþyngd
- e) Bifhjól

Reglur um stjórnun.

4. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal hafa skráð virðisaukaskattsnúmer og hafi verið starfrækt a.m.k. eitt bókhaldsár og hafa gott orð á sér fyrir heildarlega viðskiptahætti og góðan rekstur.

Á endurskoðunarverkstæði skal starfa maður sem er tæknilega ábyrgur fyrir því að skoðun sé gerð samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar og öðrum þeim reglum og reglugerðum sem um starfsemi þessa fjalla. Starfsmaðurinn skal vera fastráðinn, heyra beint undir yfirstjórn verkstæðisins og hafa viðhlítandi starfsréttindi og reynslu.

Endurskoðunarverkstæði skal hafa skjalfesta lýsingu á þeirri starfsemi sinni sem faggilt er.

Sjálfstæði og ráðvendni.

5. gr.

Endurskoðun ökutækis skal ekki gerð af þeim starfsmanni sem vann beint að viðgerð ökutækisins fyrir endurskoðun. Skoðunarmanni sem er eigandi eða tæknilegur ábyrgðarmaður einmenningsverkstæðis er þó heimilt að framkvæma endurskoðun að fenginni undanþágu dómsmálaráðuneytis. Við endurskoðun ökutækja má skoðunarmaður ekki þiggja afkastahvetjandi laun eða hliðstæðar greiðslur eða hafa fjárhagslegan ávinning af niðurstöðum skoðana eða á annan hátt vera háður niðurstöðum skoðana.

Faggilt endurskoðunarverkstæði skal tryggja að utanaðkomandi aðilar hafi engin áhrif á niðurstöður skoðana.

Endurprentað blað.

Gæðakerfi.

6. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal vegna skoðunarstarfsemi sinnar hafa skýra stefnu í gæðamálum og beita virku gæðakerfi sem skjalfest er í gæðahanubók.

Tæknileg hæfni.*Skoðunarmenn.*

7. gr.

Skoðunarmaður skal hafa nægilega tæknikunnáttu í þeim viðgerðum og skoðunum sem endurskoðunarverkstæðið annast. Hann skal auk þess kunna skil á reglum dómsmálaráðuneytisins er varða skoðun ökutækja og uppfylla hæfniskröfur í reglugerð um starfshætti þeirra er annast lögboðna skoðun ökutækja. Fagréttinda er þó ekki krafist þegar um er að ræða endurskoðun hjólbarða á faggiltu hjólbarðaverkstæði.

Endurskoðunarverkstæðið skal halda skrá yfir þá starfsmenn sem á einhvern hátt varða gæði skoðunar. Í skránni skulu vera upplýsingar um grunnmenntun, þjálfun, tæknilega þekkingu og reynslu sérhvers starfsmanns.

Aðstaða og tækjabúnaður.

8. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal vera í húsnæði og hafa aðstöðu sem hentar til þess að endurskoða ökutæki á þeim sviðum sem það hefur hlotið faggildingu á. Húsnæði skal að öðru leyti uppfylla allar reglur og reglugerðir opinberra aðila um heilbrigðis- og öryggismál.

9. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal hafa yfir að ráða tækjakosti í samræmi við ákvæði í reglum sem dómsmálaráðuneytið gefur út um tækjabúnað til þess að skoða ökutæki.

Endurskoðunarverkstæði skal ábyrgjast að búnaður sem notaður er við skoðun, fái viðhald og umhirðu samkvæmt skriflegri áætlun endurskoðunarverkstæðisins.

Endurskoðunarverkstæði skal skrá tæki sem notuð eru við endurskoðun með upplýsingum um kvörðun og viðhald. Tæki sem það tekur í notkun skulu kvörðuð og síðan endurkvörðuð eftir föstu skipulagi.

Endurskoðunarverkstæði skal hafa reglur um kvörðun tækja til skoðunar og skal þeim reglum beitt þannig að mælingar sem gerðar eru megi rekja til mæligrunna ef unnt er og þegar þurfa þykir.

Mælitæki skulu athuguð milli reglubundinna kvarðana skv. skriflegri áætlun endurskoðunarverkstæðisins.

Endurskoðunarverkstæði skal taka biluð tæki úr notkun. Áhrif bilunar á fyrri endurskoðanir skulu athuguð og bætt úr þeim.

Tækjakostur sem notaður er við endurskoðun skal vera greinilega merktur.

Tækjakostur skal að öðru leyti uppfylla allar reglur og reglugerðir opinberra aðila um heilbrigðis- og öryggismál.

Vinnuskipan.*Skoðunarreglur.*

10. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal fylgja ákvæðum í skoðunarreglum sem dómsmálaráðuneytið gefur út.

Ávallt skal sannreyna að rétt ökutæki sé verið að endurskoða með því að bera saman skráningarnúmer á afriti af vottorði um aðalskoðun og skráningarnúmer ökutækisins.

Skoðunarvottorð.

11. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal skrá niðurstöður skoðana í endurskoðunarvottorð. Vottorð um skoðun má fella inn í skjalavistunarkerfi verkstæðisins.

Endurskoðunarvottorð skal geyma upplýsingar um hver skoðaði, niðurstöður skoðunar svo og niðurstöður um mat á samræmi við reglur sem dómsmálaráðuneytið gefur út ásamt öðrum upplýsingum sem þarf, þannig að unnt sé að skilja og túlka niðurstöður. Upplýsingar skulu gefnar villulausar, nákvæmar og skýrar. Ef vottorð hefur að geyma niðurstöður frá undirverktaka skulu þær greinilega merktar.

Endurskoðunarvottorð skal undirritað af þeim skoðunarmanni sem skoðaði ökutækid.

Endurskoðunarverkstæði skal senda afrit af endurskoðunarvottorði samdægurs til ökutækjaskrár.

Í skoðunarvottorði standi: „Endurskoðunin er framkvæmd af endurskoðunarverkstæði með faggildingarnúmer xxx“, þar sem „xxx“ er faggildingarnúmer verkstæðisins.

Skjalavistun.

12. gr.

Afrit af vottorði um endurskoðun ökutækis, afrit af vottorði um aðalskoðun og önnur gögn skulu vistuð á öruggum stað í a.m.k. tvö ár eftir að endurskoðun fór fram. Með þessum gögnum skal einnig vista niðurstöður frá undirverktökum. Endurskoðunarverkstæði sem tekur að sér endurskoðun, en felur undirverktaka hluta skoðunarinnar, ber ábyrgð á skoðunarvottorðinu og skal einungis gefa út eitt vottorð fyrir alla þætti endurskoðunar sérhvers ökutækis.

Skýrslur og vottorð skulu tiltæk og auðfinnanleg þegar Löggildingarstofan eða viðeigandi stjórnvald óskar þess.

Undirverktakar.

13. gr.

Endurskoðunarverkstæðið skal sjálft þær endurskoðanir sem gera skal á ökutækjum. Aðeins faggilt endurskoðunarverkstæði skal fengið sem undirverktaki við endurskoðun.

Ef faggilt endurskoðunarverkstæði felur undirverktaka að annast tiltekna skoðun skal verkstæðið ganga úr skugga um að undirverktaki hafi faggildinguna til skoðunarinnar.

Halda skal skrá yfir undirverktaka.

Kvartanir.

14. gr.

Faggilt endurskoðunarverkstæði skal setja sér skrifleg fyrirmæli um hvernig það fer með kvartanir vegna skoðunar. Verkstæðið skal halda skrá um allar kvartanir sem beinast að skoðunarstarfsemi og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar þeirra vegna.

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Faggilt endurskoðunarverkstæði skal:

- a) á skýran hátt tilgreina á hvaða sviði það er faggilt,
- b) því aðeins vísa til faggildingar sinnar í skoðunarvottorðum að fram komi fyrir hvaða svið það er faggilt,
- c) ekki gefa yfirlýsingu um faggildinguna sem telja má villandi eða sem fer út fyrir heimild þess,
- d) reyna að tryggja að enginn noti endurskoðunarvottorð eða hluta úr þeim á villandi hátt,

- e) fylgja þeim reglum sem Löggingingastofan hefur sett um notkun faggildingarmerkis,
- f) veita það samstarf sem nauðsynlegt telst til þess að gera Löggingingastofunni kleift að annast eftirlit,
- g) þegar í stað hætta að vísa til faggildingar sinnar og skila öllum faggildingargögnum til Löggingingastofunnar ef faggilding er felld úr gildi eða rennur út,
- h) taka þátt í samráðsstarfsemi og samanburðarskoðunum sem faggildingardeild Löggingingastofunnar skipuleggur. Verkstæðið skal greiða allan kostnað sem af slíku hlýst.

16. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal tilkynna faggildingardeild Löggingingastofunnar skriflega og án tafar hverja þá breytingu sem getur haft áhrif á heimild endurskoðunarverkstæðis til þess að starfa samkvæmt fyrirmælum um faggildingingu.

17. gr.

Faggilding gildir til allt að fimm ára og skal í síðasta lagi að þeim tíma liðnum fara fram mat á endurskoðunarverkstæði, eins og um fyrsta mat sé að ræða. Löggingingastofan gerir reglubundið eftirlit á árs fresti.

18. gr.

Ef faggilt endurskoðunarverkstæði uppfyllir ekki almenn skilyrði um faggildingingu, endurskoðun er ófullnægjandi eða að skoðunarmaður vottar að bætt hafi verið úr frávikum þótt svo reynist ekki getur Löggingingastofan þegar í stað krafist tafarlausra úrbóta af hálfu endurskoðunarverkstæðis, ákveðið að breyta umfangi faggildingar eða ákveðið að afturkalla faggildingingu.

Kostnaður sem af slíkri aðgerð hlýst skal greiddur af endurskoðunarverkstæðinu.

19. gr.

Kostnað við faggildingingu, árlegt eftirlit o.fl. sem tilgreindur er í gjaldskrá Löggingingastofunnar skal endurskoðunarverkstæðið greiða á gjalddaga.

20. gr.

Faggilt endurskoðunarverkstæði skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingar.

Gildistaka.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 12. gr. laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingingu, öðlast gildi 1. janúar 1994.

Viðskiptaráðuneytið, 20. ágúst 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnson.

Sveinn Þorgrímsson.

REGLUGERÐ

um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til starfsemi óháðra skoðunarstofa sem faggiltar eru af faggildingardeild Löggildingarstofunnar. Reglugerðinni er ætlað að tryggja að faggilt óháð skoðunarstofa uppfylli hið minnsta ákvæði sem lýst er í staðlaröðinni ÍST EN 45000, prEN45004:apríl 1993 Almennar reglur um rekstur óháðra skoðunarstofa.

Faggiltar óháðar skoðunarstofur eru hér eftir nefndar skoðunarstofur.

2. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

Skoðun: Athugun á vöru, þjónustu, hönnun vöru, ferli eða verksmiðju til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur eða almennar kröfur og skal þá byggt á faglegum úrskurði.

Óháð skoðunarstofa: Aðili sem annast skoðun og uppfyllir hlutleysi þriðja aðila. Þegar um er að ræða skoðunarstofur á sviði lögmælifræði eða annarra skyldubundinna skoðana skal enginn einn aðili eða hópur aðila sem hefur hagsmuni af niðurstöðum skoðana eða prófana eiga meira en 40% af heild eða hafa ráðandi atkvæðaafli í stjórn skoðunarstofunnar, eignarhaldsfélögum eða öðrum tengdum félögum.

Þriðji aðili: Einstaklingur eða aðili sem er viðurkenndur sem óháður málsaðilum að því er varðar viðkomandi viðfangsefni.

Skoðunarskýrsla: Skjal þar sem greint er frá niðurstöðum skoðunar.

Skoðunartvottorð: Skjal þar sem greint er frá niðurstöðum skoðunar og úrskurði um mat á samræmi við settar kröfur.

Samræmismerki: Skrásett merki sem gefur til kynna að nægjanlegt traust megi bera til þess að skilgreind vara, ferli eða þjónusta sé í samræmi við tiltekinn staðal eða annað tiltekið normskjal.

II. KAFLI

Starfsemi skoðunarstofa.

3. gr.

Skoðunarstofa skal uppfylla öll ákvæði í staðlaröðinni ÍST EN 45000, prEN45004:apríl 1993 Almennar reglur um rekstur óháðra skoðunarstofa.

4. gr.

Skoðunarstofa skal að öllu jöfnu framkvæma sjálf þær skoðanir sem hún hefur faggildingingu fyrir. Henni er þó heimilt að leita til undirverktaka sem er faggiltur í samræmi við kröfur reglugerðar þessarar. Að öðrum kosti er skoðunarstofu skylt að leita heimildar hjá faggildingardeild Löggildingarstofunnar.

5. gr.

Ef skoðunarstofa stundar prófunarstarfsemi, skal slík starfsemi vera í samræmi við kröfur í reglugerð um starfsemi faggiltra prófunarstofa.

Ef undirverktaka er falið að annast prófun fyrir skoðunarstofu skal hann starfa í samræmi við kröfur í reglugerð um starfsemi faggiltra prófunarstofa.

6. gr.

Skoðunarstofa skal tilkynna viðskiptamönnum sínum skriflega ef breytingar verða á skoðunarreglum, verklagsreglum eða öðru er lýtur að framkvæmd skoðunar.

Ef við á, skal skoðunarstofa krefja viðskiptamenn sína um að skrásetja og varðveita allar kvartanir sem borist hafa og varða skoðaða einingu og hvaða úrbætur voru gerðar í framhaldi af því.

7. gr.

Skoðunarstofa skal setja sér skriflegar reglur um eftirlit með notkun viðskiptamanna sinna á skoðunarskýrslum, skoðunarvottorðum og samræmismerki og um viðbrögð við misnotkun viðskiptamanna á slíku.

Pá skal skoðunarstofan einnig setja sér skriflegar reglur um innköllun og ógildingu skoðunarskýrslna, skoðunarvottorða og samræmismerkja.

8. gr.

Skoðunarstofa skal hafa skjalavistunarkerfi. Vista skal skjöl sem varða hverja einstaka skoðun og lýsa m.a. framkvæmd skoðunar, mati á samræmi og umsjón, ásamt prófunar- og eftirlitsskýrslum þegar um slíkt er að ræða. Skjölin skulu vistuð á öruggan hátt í hæfilegan tíma og þannig að trúnaður við viðskiptamenn sé haldinn.

9. gr.

Upplýsa skal faggildingardeild Löggildingarstofunnar og viðkomandi stjórnvald um starfsemi skoðunarstofunnar, þegar þess er óskað.

10. gr.

Skoðunarstofa hefur rétt á því að nota faggildingarmerki. Merkið má einungis nota á skjölum sem að öllu leyti eða hluta varða skoðunarstarfsemina.

Skoðunarstofa getur aldrei framselt rétt til notkunar faggildingarmerkis.

11. gr.

Skoðunarstofa skal taka þátt í samráðsstarfsemi og samanburðarathugunum sem faggildingardeild Löggildingarstofunnar skipuleggur. Skoðunarstofan skal greiða allan kostnað sem af slíku hlýst.

12. gr.

Faggilding gildir til allt að fimm ára og skal í síðasta lagi að þeim tíma liðnum fara fram mat á skoðunarstofu, eins og um fyrsta mat sé að ræða. Eftirlit af hálfu faggildingardeildar Löggildingarstofunnar með faggiltri skoðunarstofu skal fara fram a.m.k. einu sinni á ári.

13. gr.

Þegar faggilt skoðunarstofa vísar til faggildingar sinnar skal hún tryggja að enginn vafi sé á umfangi faggildingarinnar né því í hverju hún felst.

Skoðunarstofa skal tilkynna faggildingardeild Löggildingarstofunnar skriflega og án tafar allar þær breytingar og frávik sem geta valdið því að faggildingarkröfur séu ekki uppfylltar. Skoðunarstofan skal tilnefna starfsmann sem annast samskipti við faggildingardeild Löggildingarstofunnar.

Ef faggilt skoðunarstofa uppfyllir ekki gildandi reglur, þá er faggildingardeild Löggildingarstofunnar heimilt að krefja skoðunarstofuna tafarlausra úrbóta, breyta umfangi faggildingar eða afturkalla faggildinguna. Sé faggilding skoðunarstofu afturkölluð, skal hún í framhaldi af því þegar hætta allri tilvísun til áður faggiltrar stöðu sinnar. Kostnaður sem af hlýst greiðist af skoðunarstofunni.

14. gr.

Ef faggilt skoðunarstofa óskar eftir að segja faggildingu sinni upp, þá skal það gert með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Sé uppsögn tilkynnt með skemmri fyrirvara er skoðunarstofu skylt að greiða gjald sem nemur 50% af síðast greiddu eftirlitsgjaldi.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Kostnað við faggildingu, árlegt eftirlit o.fl. sem tilgreindur er í gjaldskrá Löggildingarstofunnar, og viðskiptaráðherra setur, skal skoðunarstofan greiða á gjalddaga.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 12. gr. laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, öðlast gildi þegar við birtingu.

Viðskiptaráðuneytið, 20. ágúst 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnson.

Sveinn Þorgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, er taki gildi 1. september 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 317, 28. ágúst 1992:

Í samræmi við hækkun byggingarvísitölu hækka allir liðir gjaldskrár Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar um 3,34% frá 1. september 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um útgáfu á 2. flokki húsbrefa 1993 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbrefadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið á grundvelli laga nr. 76/1989, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbrefadeild, gefi út 2. flokk húsbrefa 1993. Samanlögð fjárhæð húsbrefa í 2. flokki 1993, skal vera að hámarki 4 000 milljónir. Húsbrefin skulu gefin út í fjórum undirflokkum a, b, c og d. Í undirflokki a skal hvert húsbref vera að fjárhæð kr. 5 000 000,00, í undirflokki b kr. 1 000 000,00, í undirflokki c kr. 100 000,00 og í undirflokki d kr. 10 000,00. Vextir í 2. flokki 1993 eru 6% á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbref eru greiðsla húsbrefadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbrefum.

3. gr.

Húsbref skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbrefs. Við eigendaskipti að húsbrefi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbrefs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbref eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtinga-
blaði nr. 11 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala ágústmánaðar 1993.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbrefa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. ágúst 1993, til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. ágúst 1993.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbref þetta að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. febrúar, 15. maí, 15. ágúst og 15. nóvember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. nóvember 1994. Húsbrefaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. ágúst 1994. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbref fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Númer útdreginna húsbrefa skulu birt í Lögbirtinga-
blaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Pau húsbref þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, þann 15. ágúst 2018. Húsbref verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbrefa-
deildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrrast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbréf eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. ágúst 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir kirkjumiðstöð við Vestmannsvatn í Aðaldal,
Suður-Þingeyjarsýslu.**

1. gr.

Stofnunin heitir Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn. Hún er sjálfseignarstofnun og rekur á eigin ábyrgð kirkjumiðstöð fyrir ýmsa starfsemi á vegum þjóðkirkjunnar svo sem sumarbúdir ungmenna, mót, námskeið og orlofsdvalir. Stofnunin yfirtekur og eignast eignir ÆSK við Vestmannsvatn samkvæmt meðfylgjandi gjafaafsali. Eignir þessar eru afhentar skuldlausar og án allra kvaða. Stofnfé stofnunarinnar er það húsnæði sem eigninni fylgir.

2. gr.

Starfsemi kirkjumiðstöðvarinnar miðar að eflingu kirkjulegs starfs og aukinni samvinnu safnaðanna, þannig að þeir fái betur rækt hlutverk sitt við boðun fagnaðarerindisins og þjónustu við samfélagið. Markmiði þessu hyggst stofnunin ná með því að starfrækja kirkjumiðstöð.

3. gr.

Tekjur kirkjumiðstöðvarinnar eru framlög einstaklinga, héraðssjóða, félaga og stofnana og hugsanlegar tekjur af eigin rekstri og útgáfustarfsemi.

4. gr.

Í stjórn stofnunarinnar eru kjörnir sjö menn. Héraðsfundur Þingeyjarprófastsdæmis, héraðsfundur Eyjafjarðarprófastsdæmis, héraðsfundur Skagafjarðarprófastsdæmis, héraðs-

fundur Húnavatnsprófastsdæmis, aðalfundur Prestafélags Hólastiftis og Kirkjuráð tilnefna hver einn mann í stjórn og einn til vara. Aðalfundur ÆSK tilnefnir einn mann í stjórn og tvo til vara. Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður, gjaldkeri og ritari mynda framkvæmdastjórn sem sér um daglegan rekstur stofnunarinnar.

5. gr.

Fulltrúaráð fer með æðsta vald í öllum málum stofnunarinnar. Fulltrúaráðið er skipað 15 mönnum. Þar sitja stjórnarmenn og varamenn í stjórn. Fulltrúaráðið heldur aðalfund árlega, þar sem reikningar eru samþykktir sem og rekstrar- og framkvæmdaáætlun fyrir stofnunina.

6. gr.

Aldursforseti kallar nýskipaða stjórn saman til fyrsta fundar. Stjórnin annast rekstur Kirkjumiðstöðvarinnar. Hún skilar árlega starfsskýrslu ásamt endurskoðuðum reikningum til þeirra aðila sem kjósa í stjórnina. Stjórnarfundi er skylt að halda ef meirihluti stjórnarinnar æskir þess.

7. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og skulu reikningarnir endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi félagsins og tveir til vara. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á sjóðsvörslu eða framkvæmdastjóri ef ráðinn verður.

8. gr.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður, skal aðalfundur ráðstafa eignunum. Þá skal þess gætt að andvirði eignanna renni til kirkjulegs starfs á Norðurlandi.

9. gr.

Stjórnin skal halda gjörðarbók þar sem allar ákvarðanir hennar eru færðar svo og framlög aðila.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi og með staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júlí 1993.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um starfsemi faggiltra vottunarstofa.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um almenn skilyrði fyrir starfsemi vottunarstofa sem faggiltar eru af faggildingardeild Löggildingarstofunnar.

Notkun þessarra reglna á að tryggja að faggilt vottunarstofa uppfylli hið minnsta ákvæði sem lýst er í viðeigandi staðli:

- ÍST EN 45011:1989 Almennar reglur um aðila sem votta vörugæði
- ÍST EN 45012:1989 Almennar reglur um aðila sem votta gæðakerfi
- ÍST EN 45013:1989 Almennar reglur um aðila sem votta hæfni starfsmanna.

2. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

Vottun: Aðferð sem felst í því að þriðji aðili staðfestir skriflega að vara, ferli eða þjónusta uppfylli tilgreindar kröfur.

Vottunarstofa: Aðili sem framkvæmir vottun.

Þriðji aðili: Einstaklingur eða aðili sem er viðurkenndur sem óháður málsaðilum að því er varðar viðkomandi viðfangsefni.

Vísun í staðla.

3. gr.

Faggilt vottunarstofa sem vottar vörugæði skal uppfylla öll ákvæði í íslenska staðlinum ÍST EN 45011 Almennar reglur um aðila sem votta vörugæði.

4. gr.

Faggilt vottunarstofa sem vottar gæðakerfi skal uppfylla öll ákvæði í íslenska staðlinum ÍST EN 45012 Almennar reglur um aðila sem votta gæðakerfi.

5. gr.

Faggilt vottunarstofa sem vottar hæfni starfsmanna skal uppfylla öll ákvæði í íslenska staðlinum ÍST EN 45013 Almennar reglur um aðila sem votta hæfni starfsmanna.

Ýmis ákvæði.

6. gr.

Ef faggilt prófunar-, vottunar- eða skoðunarstofa er hluti af gæðakerfi sem skal votta, þá skal gæðakerfi þeirrar starfsemi talið uppfylla vottunarkröfur.

7. gr.

Faggiltri vottunarstofu er heimilt að fela undirverktaka prófun, eftirlit og úttektir. Vottunarstofan skal tryggja að undirverktakinn uppfylli sömu kröfur og vottunarstofan skal uppfylla við framkvæmd sömu verkefna. Vottunarstofa og undirverktaki skulu gera skriflegan samning um undirverktöku og skulu í honum einnig vera ákvæði um trúnað undirverktaka.

8. gr.

Upplýsingar um kvartanir sem berast vegna starfsemi faggiltrar vottunarstofu skulu skráðar ásamt úrbótum sem gerðar voru.

9. gr.

Stjórn vottunarstofu skal reglulega ganga úr skugga um að vottunarstofan uppfylli ákvæði reglugerðar þessarar. Slík athugun ásamt úrbótum sem gerðar eru skal vera skjalfest.

10. gr.

Faggilt vottunarstofa hefur rétt á því að nota faggildingarmerki. Merkið má einungis nota á skjölum sem að öllu leyti eða hluta varða vottunarstarfsemina.

Faggilt vottunarstofa getur aldrei framselt rétt til notkunar faggildingarmerkis.

12. gr.

Faggilding gildir til alls að fimm ára og skal í síðasta lagi að þeim tíma liðnum fara fram mat á vottunarstofu, eins og um fyrsta mat sé að ræða. Eftirlit af hálfu faggildingardeildar Löggildingarstofunnar með faggiltri vottunarstofu skal fara fram a.m.k. einu sinni á ári.

13. gr.

Þegar faggilt vottunarstofa vísar til faggildingar sinnar skal hún tryggja að enginn vafi sé á umfangi faggildingarinnar né því í hverju hún felst.

Faggilt vottunarstofa skal tilkynna faggildingardeild Löggildingarstofunnar skriflega og án tafar allar þær breytingar og frávik sem geta valdið því að faggildingarkröfur séu ekki uppfylltar. Vottunarstofan skal tilnefna starfsmann sem annast samskipti við faggildingardeild Löggildingarstofunnar.

Ef faggilt vottunarstofa uppfyllir ekki gildandi reglur, þá er faggildingardeild Löggildingarstofunnar heimilt að krefja vottunarstofuna tafarlausra úrbóta, breyta umfangi faggildingar eða afturkalla faggildinguna. Sé faggilding vottunarstofu afturkölluð, skal hún í framhaldi af því þegar hætta allri tilvísun til áður faggiltrar stöðu sinnar. Kostnaður sem af hlýst greiðist af vottunarstofunni.

14. gr.

Ef faggilt vottunarstofa óskar eftir að segja faggildinguna sinni upp, þá skal það gert með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Sé uppsögn tilkynnt með skemmri fyrirvara er vottunarstofu skylt að greiða gjald sem nemur 50% af síðast greiddu eftirlitsgjaldi.

15. gr.

Kostnað við faggildinguna, árlegt eftirlit o.fl. sem tilgreindur er í gjaldskrá Löggildingarstofunnar, og viðskiptaráðherra setur, skal vottunarstofan greiða á gjalddaga.

16. gr.

Faggilt vottunarstofa skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingar.

Gildistaka.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 12. gr. laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildinguna, öðlast gildi þegar við birtingu.

Viðskiptaráðuneytið, 20. ágúst 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Sveinn Þorgrímsson.

REGLUGERÐ

um starfsemi faggiltra prófunarstofa.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um almenn skilyrði fyrir starfsemi prófunarstofa sem faggiltar eru af faggildingardeild Löggildingarstofunnar.

Notkun þessarra reglna á að tryggja að faggilt prófunarstofa uppfylli hið minnsta ákvæði sem lýst er í staðlinum ÍST EN 45001 Almennar reglur um rekstur prófanastofa ásamt viðeigandi ákvæðum sem lýst er í ÍST EN 45002 Almennar reglur um mat á prófanastofum og ISO/IEC Leiðarvísi 25, Almennar kröfur um hæfni kvörðunar- og prófunarstofa.

2. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

Prófun: Tæknileg framkvæmd sem felur í sér ákvörðun á einu eða fleiri einkennum tiltekinnar vöru, ferlis eða þjónustu samkvæmt fyrir fram tilgreindum verklagsreglum.

Prófunarstofa: Aðili sem framkvæmir prófanir.

Prófunarskýrsla: Skjal þar sem settar eru fram niðurstöður prófunar og aðrar upplýsingar sem tengjast prófun.

Kvörðun: Röð aðgerða sem staðfesta, við tilgreindar aðstæður, sambandið milli gilda sem mælitæki eða mælíbúnaður sýnir eða gilda sem áþreifanlegur mælikvarði táknar og tilsvarandi þekktra gilda þess sem mælt er

Kvörðunarstofa: Prófunarstofa sem framkvæmir kvarðanir.

Vísun í staðla.

3. gr.

Faggilt prófunarstofa skal uppfylla öll ákvæði í íslenska staðlinum ÍST EN 45001, Almennar reglur um rekstur prófanastofa.

4. gr.

Faggilt prófunarstofa skal uppfylla öll ákvæði í eftirtöldum köflum í íslenska staðlinum ÍST EN 45002, Almennar reglur um mat á prófanastofum:

- kafla 4 um umfang faggildingar;
- kafla 10 um hæfnisprófanir;
- kafla 14 um undirverktaka.

Ýmis ákvæði

5. gr.

Faggilt prófunarstofa skal uppfylla eftirfarandi ákvæði í ISO/IEC Leiðarvísi 25, Almennar kröfur um hæfni kvörðunar- og prófunarstofa:

- kafla 4.2 h um staðgengla;
- kafla 5.4 um rýni gæðakerfisins;
- kafla 5.6 um ýmsar athuganir;
- kafla 8.3 um merkingu búnaðar og efna;
- kafla 9.1 um kvörðun;
- kafla 10.2 um aðferðir;
- kafla 10.7 um tölvur og sjálfvirkan búnað;
- kafla 11.2 um móttöku prófhluta;

- kafla 13.2 um auðkenni og ástand prófhluta;
- kafla 13.3 um niðurstöður frá undirverktökum;
- kafla 13.7 um flutning gagna til viðskiptamanna;
- kafla 14 um undirverktaka.

6. gr.

Prófunarstofa skal uppfylla ákvæði 4. kafla staðalsins ÍST EN 45001 um hlutleysi, sjálfstæði og ráðvendni. Þegar um er að ræða prófunarstofur á sviði lögmælifræði eða annarra skyldubundinna prófana skal enginn einn aðili eða hópur aðila sem hefur hagsmuni af niðurstöðum skoðana eða prófana eiga meira en 40% af heild eða hafa ráðandi atkvæðaafli í stjórn prófunarstofunnar, eignarhaldsfélögum eða öðrum tengdum félögum.

7. gr.

Faggilt prófunarstofa hefur rétt á að nota faggildingarmerki. Merkið má einungis nota á skjölum sem að öllu leyti eða hluta varða prófunarstarfsemina.

Faggilt prófunarstofa getur aldrei framselt rétt til notkunar faggildingarmerkis.

8. gr.

Faggilding gildir til alls að fimm ára og skal í síðasta lagi að þeim tíma liðnum fara fram mat á prófunarstofu, eins og um fyrsta mat sé að ræða. Eftirlit af hálfu faggildingardeildar Löggildingarstofunnar með faggiltri prófunarstofu skal fara fram a.m.k. einu sinni á ári.

9. gr.

Þegar faggilt prófunarstofa vísar til faggildingar sinnar skal hún tryggja að enginn vafi sé á umfangi faggildingarinnar né því í hverju hún felst.

Faggilt prófunarstofa skal tilkynna faggildingardeild Löggildingarstofunnar skriflega og án tafar allar þær breytingar og frávik sem geta valdið því að faggildingarkröfur séu ekki uppfylltar. Prófunarstofan skal tilnefna starfsmann sem annast samskipti við faggildingardeild Löggildingarstofunnar.

Ef faggilt prófunarstofa uppfyllir ekki gildandi reglur, þá er faggildingardeild Löggildingarstofunnar heimilt að krefja prófunarstofuna tafarlausra úrbóta, breyta umfangi faggildingar eða afturkalla faggildinguna. Sé faggilding prófunarstofu afturkölluð, skal hún í framhaldi af því þegar hætta allri tilvísun til áður faggiltrar stöðu sinnar. Kostnaður sem af hlýst greiðist af prófunarstofunni.

10. gr.

Ef faggilt prófunarstofa óskar eftir að segja faggildinguna sinni upp, þá skal það gert með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Sé uppsögn tilkynnt með skemmri fyrirvara er prófunarstofu skylt að greiða gjald sem nemur 50% af síðast greiddu eftirlitsgjaldi.

11. gr.

Kostnað við faggildinguna, árlegt eftirlit o.fl. sem tilgreindur er í gjaldskrá Löggildingarstofunnar, og viðskiptaráðherra setur, skal prófunarstofan greiða á gjalddaga.

12. gr.

Faggilt prófunarstofa skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingar.

Gildistaka.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 12. gr. laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, öðlast gildi þegar við birtingu.

Viðskiptaráðuneytið, 20. ágúst 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Sveinn Þorgrímsson.